Hæstaréttardómar 1966

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 233 og 462 á prenteintaki.
Á milli bls. 880 og 881 er uppdráttur á einni bls. sem ekki er hluti af blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1966

Efnisskrá til bráðabirgða

	Bls.
Ábyrgð	100, 921
Aðild	1038, 1051
Aðstöðugjald	931
Áfengislög	2, 63, 134, 201, 364, 685, 894
Áfrýjun	246, 294, 529, 628, 785, 992. 1038
Banaslys	254
Barnsfaðernismál	354
Beitarítak	971
Bifreiðar:	
a) Refsimál	2, 63, 134, 201, 254, 364, 685, 688
b) Skaðabótamál	984, 1010
c) Vátrygging	262, 375, 949, 1055
Björgun	11, 194, 382, 488
Blóðrannsókn:	
a) Bifreiðarstjórn	2, 63, 134, 201, 254, 364, 685, 894
b) Faðerni	354
Botnvörpuveiðar	389, 576, 647, 722, 898
Dánarbætur	949
Dómarar	535
Dómkvaðning	718
Dómstólar	737, 741
Eignarréttarfyrirvari	231
Eignarréttur	614
Endurgreiðsla	128
Endurheimta	1038
Fasteignir	423, 764
Firma	921
Fiskafurðir:	
Brot gegn reglum um útflutning fiskafurða	163

Bls.
Fiskveiðabrot 389, 576, 647, 722, 898
Fjárnám 9, 189, 436
Fjarskipti 837, 1051
Flugfarmbréf 1031
Framkrafa 927
Frávísun:
a) Frá héraðsdómi 112, 388, 465, 468, 568, 737, 741, 750, 783
b) Frá Hæstarétti 189, 246, 419, 529, 758, 1038
c) Frávísunardómar felldir úr gildi 360, 754
Frestir 945
Fyrning 591, 789, 792
Gerðardómsmenn 561
Gerðardómur 561
Gæzluvarðhald 207
Hafnarreglugerð, brot gegn 473
Heimvísun 40, 77, 360, 550, 752, 754, 786, 937
Helgidagalöggjöf 307
Húftrygging 262, 696
Innsetningargerð 231, 1051
Innsigli 704
Ítak 971
Kaupgjald 69, 90, 100, 177, 236, 251, 266, 789, 792, 980, 985
Kaup og sala 19, 128, 423
Kærumál:
a) Dómari 535
b) Dómkvaðning 718
c) Dómstólar 737, 741
d) Frávísun 360, 388, 568, 737, 741, 750
e) Frestir 945
f) Heimvísun 752, 754
g) Ómerking 752
h) Samaðild 360
i) Vanreifun 360
Landamerkjamál 845
Líkamsáverkar 141, 405, 440, 494, 1015
Loftflutningar 1031
Lokunartími sölubúða 704
Lögbann 837
Lögmenn 287
Lögreglumenn 647, 1015
Lögsaga 985

Bls.
Lögtak 47, 339, 462, 591, 795, 801, 808, 907, 931
Manndráp 254
Mat, matsmenn 488, 718
Meiðyrði 628
Nauðungaruppboð 992
Ómaksbætur 368, 824, 998
Ómerking 40, 77, 112, 465, 468, 550, 752, 783, 786, 937
Ómerking ummæla 440, 628, 824, 837
Opinberir starfsmenn 266, 275, 647, 837, 1015
Orlof 921
Riftu löggernings 423
Samaðild 360
Samdómsmenn 77
Sáttaumleitun 783, 786
Sératkvæði 69, 246, 504, 529, 582, 628, 696, 704, 758, 971, 992, 1051
Síldarsöltun:
Brot gegn reglum um síldarsöltun 158
Sjóveð 194, 488, 789, 792, 980, 985
Skaðabótamál 22, 54, 69, 128, 141, 207, 275, 294, 331, 375, 405, 432, 440, 477, 494, 504, 540, 570, 582, 608, 628, 764, 927, 949, 1000, 1015, 1031, 1055
Skattar, skattalög 47, 339, 591, 795, 801, 808, 907, 924, 931
Skilasvik 772
Skilorðsbundnir refsidómar 440
Skip 477, 582, 608
Skipsflak 477
Skjalafals 66, 83, 693
Skuldamál 9, 16, 69, 90, 177, 236, 240, 251, 266, 287, 323, 414, 789, 792, 814, 824, 827, 921, 980, 985
Stefnubirting 465, 568
Stjórnsýsla 275, 313, 837, 907, 1038
Stóreignaskattur 591
Sölubúðir, lokunartími 307, 704
Söluskattur 795, 801, 808
Traustnám 231
Umboðssvik 772
Umferðarlög 2, 63, 134, 201, 254, 364, 375, 685, 688, 894, 949, 1010, 1055
Útflutningur:
Brot gegn reglum um útflutning fiskafurða 163

Bls.
Útivistardómar .. 1, 53, 54, 368, 756, 757, 758, 823, 824, 998, 999
Útsvarsmál 924
Valdstjórnin, brot gegn 647, 704, 1015
Vanreifun 360
Varnarsamningur 100
Vátrygging 182, 217, 262, 313, 375, 696, 1000
Veð. Veðréttindi 369
Verkkaup 177, 814, 824, 827
Vextir 287
Vinnulaun 69, 90, 100, 177, 236, 251, 266, 789, 792, 814, 824, 980, 985
Vinnusamningar 69, 90, 100, 177, 251, 789, 792, 814, 827, 921, 980, 985
Vinnuslys 22, 294, 331, 504, 540, 570
Víxilmál. Víxlar. 240, 323
Vog 473
Þjófnaður 87, 139
Þrotabú 369
Ærumeiðingar 628
Ökuleyfissvipting 2, 63, 134, 201, 254, 364, 685, 894
Örn 54

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLVII. árgangur. 1966.

Föstudaginn 7. janúar 1966.

Nr. 195/1965. **Jóhannes Lárusson**
gegn
Kristjáni Kristjánssyni h/f,
Jóni Arasyni hdl. og Kára B. Helgasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Lárusson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 7. janúar 1966.

Nr. 216/1965. **Jón Árnason**
gegn
Sigurði Árnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Árnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 10. janúar 1966.

Nr. 121/1964. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birnu Björnsdóttur
(Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæruatriði máls þessa eru tvö: 1. Að ákærða hafi ekið bifreið laust eftir kl. 0100 aðfaranótt föstudagsins 13. september 1963, þótt hún væri með áhrifum áfengis, og 2. Að hún hafi ekið bifreið um kl. 0230 aðfaranótt sunnudagsins 19. janúar 1964 undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens „fundust" í blóði ákærðu, sem henni var tekið kl. 0137 aðfaranótt 13. september 1963, „reducerandi efni, er samsvara 0.61‰ af alkóhóli (0.50—0.73‰)".

Samkvæmt vottorði sömu stofnunar „fundust" í blóði ákærðu, sem henni var tekið kl. 0312 aðfaranótt 19. janúar 1964, „reducerandi efni, er samsvara 0.66‰ af alkóhóli (0.59—0.73‰)".

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin, lögreglumennirnir Björn Eysteinn Kristjánsson, Guðmundur Hermannsson, Grétar Sigurðsson Norðfjörð, Jón Þorgrímur Jóhannsson, Sigurjón Pálsson og Ólafur Guðmundsson mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Þá hefur saksóknari ríkisins þann 19. marz 1965 ritað próf. Jóni Steffensen og óskað upplýsinga um eftirgreind atriði:

„1. Hve mörg ‰ vínandamagns í blóði manns þarf að draga frá því vínandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós, til þess að örugglega sé fundið það vínandamagn, sem staf-

ar af áfengisneyzlu og sé þá m. a. tekið tillit til venjulegrar mælingarskekkju?

2. Sé það svo, að vissar ‰ þurfi að draga frá samkvæmt 1. spurningu, frá hvaða tölu rannsóknarúrlausnarinnar á þá að draga til þess að örugg úrlausn fáist, ef rannsökuð hafa verið fleiri en eitt sýnishorn, tekin í sama skipti, eða sýnishorn hefur verið skipt og hlutar þess rannsakaðir hver fyrir sig? Þarf þá að draga frá meðaltalinu eða frá þeirri lægstu ‰, sem fundizt hefur við rannsóknina?

3. Hvað teljið þér, þegar tekið hefur verið tillit til ákærðu í hag þeirra atriða, sem spurningar 1 og 2 fela í sér, að örugglega hafi verið mörg ‰ vínanda í blóði ákærðu í þeim tilvikum, sem málið snýst um?"

Einnig sendi saksóknari ríkisins fyrirspurn til ríkisadvokaten í Osló með bréfi, dags. 22. marz 1965, um hvaða reglur gildi í Noregi um eftirfarandi atriði:

„1. Hve mörg ‰ vínandamagns í blóði manns þarf að draga frá því vínandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós, til þess að örugglega sé fundið það vínandamagn, sem stafar af áfengisneyzlu, og sé þá m. a. tekið tillit til venjulegrar mælingarskekkju?

2. Sé það svo, að vissar ‰ þurfti að draga frá samkvæmt 1. spurningu, frá hvaða tölu rannsóknarúrlausnar á þá að draga, til þess að örugg úrlausn fáist, ef rannsökuð hafa verið fleiri en eitt sýnishorn, tekin í sama skipti, eða sýnishorni hefur verið skipt og hlutar þess rannsakaðir hver fyrir sig. Þarf þá að draga frá meðaltalinu eða frá þeirri lægstu ‰, sem fundizt hefur við rannsóknina?"

Riksadvokaten í Osló lagði fyrirspurn þessa fyrir Lyffræðistofnunina við Oslóarháskóla. Svar stofnunarinnar, dags. 22. marz 1965, er á þessa leið í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„1. Á grundvelli mikilla reynslugagna eru öryggismörk 0.10‰ dregin frá, þegar um tæknilega gott rannsóknarefni er að ræða, þar sem dreifingin milli hinna þriggja samtíma rannsóknarviðfangsefna í hverju hinna tveggja blóðsýnishorna liggur innan takmarka venjulegra dreif-

ingssviða og munurinn milli meðaltals blóðsýnishornanna er í samræmi við áfengisbrunann á þeim tíma, sem liðinn er milli hinna tveggja blóðsýnishorna, það er að segja liggur innan eðlilegs „variationssviðs", þegar um slíkan mismun er að ræða. Þegar um er að ræða miður gott rannsóknarefni frá tæknilegu sjónarmiði, miðast svarið við hvert einstakt tilvik.

2. Öryggismörkin 0.10‰ eru dregin frá hæsta meðaltali fyrir rannsóknarsettin, sem þýðir, að næstum alltaf sé um fyrra rannsóknarsett að ræða (þegar gengið er út frá tæknilega góðu rannsóknarefni. Tæknilega lélegt efni er farið með í hverju einstöku tilviki)."

Prófessor Jón Steffensen svaraði fyrirspurn saksóknara með bréfi, dags. 15. apríl 1965, en þar segir svo:

„Svar við 1. spurningu: Ef um heilbrigðan mann er að ræða, þarf að draga 0.10‰ frá útkomunni, sem rannsóknarstofan lætur í té, og er meðaltal tveggja mælinga á sama blóðsýnishorni til þess að tryggja það, að vínandamagnið í blóðinu hafi ekki verið minna en sem svari þeirri tölu, er þá fæst.

Svar við 2. spurningu: 0.10‰ eiga að dragast frá meðaltalsútkomunni.

Svar við 3. spurningu: Svar við þessari spurningu felst í svörunum við 1. og 2. spurningu, þ.e.a.s. í blóðsýnishorni nr. 389 0.51‰ og í nr. 30 0.56‰ af vínanda, sé um heilbrigða manneskju að ræða.

Að lokum vil ég taka þetta fram: Það er verið að tryggja hag sakbornings með því að draga 0.10‰ frá fundnu magni reducerandi efna í blóðinu, því raunverulega eru jafnmiklar líkur fyrir því, að það gæti verið 0.10‰ hærra. Þegar tvær hliðstæðar mælingar eru gerðar, eru þær báðar jafn réttháar, og það er að brjóta í bág við allar reglur tölfræðinnar að gefa annarri mælingunni fullan rétt, en taka ekkert tillit til hinnar. Með því að miða eingöngu við lægri mælinguna, er ekki verið að tryggja hag sakbornins, heldur er verið að veita honum réttindi, sem honum ekki ber."

Með bréfi, dags. 20. apríl 1965, lagði saksóknari ríkisins

málið fyrir Læknaráð þann veg, að beiðzt var svars við eftirfarandi spurningu: Fellst Læknaráð á svör Jóns Steffensens prófessors í bréfi hans, dagsettu 15. apríl 1965, eða telur það önnur svör réttari og þá hver? Í ályktun Læknaráðs, dags. 5. nóvember 1965, segir:

„Læknaráð fellst á svör prófessors Jóns Steffensen í bréfi hans, dags. 15. apríl 1965, að öðru leyti en því, að erfitt er að setja „örugg" mörk um líffræðilegar mælingar."

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 17. desember 1965 var málið af nýju lagt fyrir Læknaráð þann veg, að óskað var umsagnar, hvort tekið væri tillit til „annarra reducerandi efna í blóðinu", auk hugsanlegrar mælingarskekkju, þegar öryggismörkin 0.10‰ eru ákveðin til frádráttar því vínandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós. Í ályktun Læknaráðs, dags. 27. desember 1965, segir:

„Í bréfi próf. Jóns Steffensen, dags. 15. apríl 1965, og ályktun Læknaráðs frá 5. nóvember 1965 var einungis átt við hugsanlega mælingarskekkju, en ekki tekið tillit til „eðlilegra" reducerandi efna blóðsins, er numið geta 0.03‰, sbr. læknaráðsúrskurð nr. 6/1960."

Þegar litið er til framangreindra læknisfræðilegra gagna, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærðu í framangreint skipti, 13. september 1963, hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Að svo vöxnu máli og þar sem eigi er samkvæmt öðrum gögnum leitt í ljós, að ákærða hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur þann, sem þetta ákæruatriði fjallar um, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu ákærðu af I. ákærulið. Hins vegar þykir fram komin lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærðu þann 19. janúar 1964 hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaganna. Ákærða hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreið í þetta skipti. Með þessu atferli hefur ákærða gerzt brotleg gegn 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954.

Refsing sú, sem ákærða hefur unnið til, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaganna og 45. gr. áfengislaganna hæfilega

ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærðu.

Rétt þykir eftir framangreindum úrslitum að leggja sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að hálfu á ákærðu og að hálfu á ríkissjóð, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1961. Fjárhæð sú, sem ákærðu ber að greiða sem saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, er ákveðin kr. 5000.00. Laun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti eru ákveðin kr. 10.000.00, og ber ákærðu samkvæmt framansögðu að greiða þau að hálfu.

Dómsorð:

Ákærða, Birna Björnsdóttir, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hún er svipt ökuleyfi 2 mánuði.

Ákærða greiði saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkisjóðs, kr. 5000.00. Allan annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiði ákærða að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. marz 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 12. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1667 /1964: Ákæruvaldið gegn Birnu Björnsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. febrúar 1964, höfðað gegn ákærðu, Birnu Björnsdóttur húsfreyju, Kaplaskjólsvegi 37,

Reykjavík, fyrir að hafa tvívegis undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 10290 í Reykjavík:

I. Laust eftir kl. 0100 aðfaranótt föstudagsins 13. september 1963 nokkurn spöl eftir Skipholti áleiðis heim til sín, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærðu.

II. Um kl. 0230 aðfaranótt sunnudagsins 19. janúar 1964 frá húsi við Nóatún, unz akstur ákærðu var stöðvaður í Skipholti.

Brot ákærðu teljast varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða er fædd 30. janúar 1913 í Neskaupstað. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærða hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi:

I.

Aðfaranótt föstudagsins 13. september 1963, klukkan rösklega 0100, stöðvaði lögreglan ákærðu við akstur bifreiðarinnar R 10290 í Skipholti. Virtist lögreglu ákærða bera þess merki, að hún hefði neytt áfengis.

Ákærða hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni R 10290 smáspöl um Skipholt og áleiðis heim til sín greint sinn. Hún kvaðst hafa bragðað áfengi síðdegis deginum fyrr, en játaði ekki að hafa fundið til áhrifa áfengis við nefndan akstur.

Í blóðsýnishorni, sem tekið var úr ákærðu, reyndust vera „reducerandi" efni, sem samsvara 0.61‰ af alkóhóli.

Gegn neitun ákærðu og með hliðsjón af alkóhólrannsókn og skekkju þeirri, sem orðið getur á slíkum mælingum, og eðlilegu magni „reducerandi" efna, annarra en áfengis í blóði manna, verður ekki talið, að ákæruvald hafi fært fram nægar sannanir fyrir því, að ákærða hafi gerzt sek um háttsemi þá, sem hún er sökuð um í ákæru tölulið I, og verður hún því sýknuð af slíku broti.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 19. janúar 1964, klukkan um 0230, stöðvaði lögreglan ákærðu við akstur bifreiðarinnar R 10290 í Skipholti hér í borg. Í öndunarsýni ákærðu var jákvæð samsvörun alkóhóls 2. stigs.

Ákærða hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni R 10290 skamman spöl um Nóatún og Skipholt greint sinn, enda þótt hún hefði áður neytt lítils háttar áfengis. Ekki taldi hún sig hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærðu, sem sýndi „reducerandi" efni, er samsvara 0.66‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin framburði ákærðu um áfengisneyzlu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærða hafi í skilningi umferðarlaga nr. 26/1958 ekki getað stjórnað ökutæki örugglega, þá er hún var stöðvuð við akstur hinn 19. janúar s.l. Varðar þetta brot ákærðu við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og þykir refsing hennar samkvæmt 80. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga þykir rétt að svipta ákærðu ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða helming alls sakarkostnaðar, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærða, Birna Björnsdóttir, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði helming alls sakarkostnaðar, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. janúar 1966.

Nr. 25/1965. **Rafgeislahitun h/f** (Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Wydawnictwa Handlu Zagranicznego og gagnsök (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðalsök felld niður.
Héraðsdómur í skuldamáli og fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Er málið var tekið þar fyrir hinn 7. þ. m., var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. marz 1965, áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu sama dag. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða héraðsdóms ásamt fjárnámsgerð og málskostnaðar af aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Með því að engir annmarkar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, ber að staðfesta þær.

Málskot aðaláfrýjanda, sem eigi sótti þing í héraði, var gersamlega ófyrirsynju og veitti gagnáfrýjanda efni til áfrýjunar málsins einnig af sinni hálfu. Er því rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök eru hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjandi, Rafgeislahitun h/f, greiði gagnáfrýjanda, Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni f. h.

Wydawnictwa Handlu Zagranicznego, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. september 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Wydawnictwa Handlu Zagranicznego, Marszalkowuska 124, Varsjá, Póllandi, höfðað með stefnu, útgefinni 20. júlí 1964, gegn Guðlaugi E. Jónssyni framkvæmdastjóra, Heiðagerði 116, Reykjavík, f. h. Rafgeislahitunar h/f, Grensásvegi 22, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð 210 bandaríkjadollarar ásamt 8% ársvöxtum frá 14. júní 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands svo og til staðfestingar á löghaldsgerð, er fram fór hjá stefnda 14. júlí 1964.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að sumarið 1962 hafi stefndi tekið þátt í alþjóðlegri vörusýningu, sem haldin var í Poznan í Póllandi. Hafi stefndi í sambandi við vörusýningu þessa farið þess á leit við stefnanda, að hann léti prenta á pólsku auglýsingablað í 3000 eintökum til afnota á sýningunni. Hafi stefnandi síðan látið sjá um prentun þessa rits og stefndi átt að greiða reikninginn við afhendingu, en hann sé dags. 14. júní 1962. Kveður stefndi reikningsfjárhæðina vera stefnukröfuna, sem eigi hafi fengizt greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.700.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Árnasyni og Sveini Helgasyni kaupmönnum.

Dómsorð:

Stefndi, Guðlaugur Jónsson f. h. Rafgeislahitunar h/f, greiði stefnanda, Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Wydawnictwa Handlu Zagranicznego, 210 bandaríkja-

dollara með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1962 til greiðsludags og 3.700.00 ísl. krónur í málskostnað.

Framangreint löghald er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1966.

Nr. 104/1965. **Helgi Grétar Helgason vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51,**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Jóhannesi Gunnari Jóhannessyni f. h. stjórnar Eldeyjar h/f
(Magnús Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1965 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.000.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi sjóveðréttar í v/b Eldey, KE 37, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

V/b Eldey, KE 37, var hinn 31. janúar 1964 staddur í neyð þeirri, er greinir í 199. gr. laga nr. 66/1963, og var hjálp Vilborgar, KE 51, honum til handa því björgun. Bjarglaunin eru samkvæmt sjónarmiðum 200. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin kr. 240.000.00.

Með skírskotun til 7. gr. upphafsákvæðis og 6. tl. 205.

gr., 1. tl. 206. gr. og 208. gr. og svo 1. tl. 207. gr. laga nr. 66/1963 ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda nefnda fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 60.000.00.

V/b Eldey fórst hinn 22. október 1965, og er því eigi um sjóveðrétt í því skipi að tefla.

Í beinu framhaldi af björgun sinni á m/s Kötlu lenti v/b Eldey í neyð þeirri, sem v/b Vilborg bjargaði honum úr. Samkvæmt 3. mgr. 217. gr. laga nr. 66/1963 átti því áfrýjandi sjóveðrétt í hluta stefnda af björgunarlaunum þeim, sem stefnda og áhöfn v/b Eldeyjar voru dæmd með dómi Hæstaréttar hinn 21. júní 1965. En eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, verður við það að miða, að stefnda hafi þegar verið greidd björgunarlaunin fyrir björgun m/s Kötlu og að sjóveðrétturinn í þeim sé því fallinn niður samkvæmt 221. gr. laga nr. 66/1963, en í staðinn komin ábyrgð stefnda samkvæmt 222. gr. laganna.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Gunnar Jóhannesson f. h. stjórnar Eldeyjar h/f, greiði áfrýjanda, Helga Grétari Helgasyni vegna sjálfs sín og áhafnar á v/b Vilborgu, KE 51, kr. 240.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 12. apríl 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 30. október 1964 og dómtekið 30. marz s.l., hefur stefnandinn Helgi Grétar Helgason skipstjóri, Kirkjuvegi 13, Keflavík, sem eigandi v/b Vilborgar, KE 51, höfðað fyrir sína hönd og áhafnar v/b Vilborgar fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 26. október 1964 og

birtri sama dag, gegn Jóhannesi Gunnari Jóhannessyni útgerðarmanni, Suðurgötu 41, Keflavík, f. h. eiganda v/b Eldeyjar, KE 37, til greiðslu björgunarlauna kr. 3.000.000.00 auk vaxta og kostnaðar og gegn Vátryggingafélaginu h/f, Reykjavík, til réttargæzlu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51, kr. 3.000.000.00 í björgunarlaun með 8% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og ennfremur, að viðurkenndur verði sjóveðréttur stefnanda í v/b Eldey, KE 37, fyrir öllum tildæmdum kröfum. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, Vátryggingafélaginu h/f, né heldur hann kröfu uppi á hendur stefnanda.

Stefndu mótmæla því, að um björgun hafi verið að ræða og krefjast lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Laust fyrir hádegi hinn 31. janúar 1964, er m/s Katla hafði leyst landfestar frá hafnargarðinum í Keflavík, varð skipið vélarvana og rak að landi. V/b Eldey, KE 37, sem var við bryggju í höfninni og með vél í gangi, kom til aðstoðar Kötlu og dró hana af grunni og út fyrir bryggjuhausinn. Er Eldey hafði byrjað dráttinn, kom v/b Vilborg, KE 51, sem einnig var í höfninni, á vettvang, en aðstoðar hennar virtist ekki þörf, þar eð Eldey var þegar komin af stað með Kötlu, og lagðist Vilborg þá aftur að bryggju. En skömmu síðar kom stefndi Jóhannes niður á bryggjuna og bað stefnanda að fara með v/b Vilborgu til hjálpar Eldey, sem ræki að landi hjálparvana, þar sem hún hefði fengið dráttartaugina frá Kötlu í skrúfuna. Stefnandi brá strax við og fór ásamt stefnda Jóhannesi á v/b Vilborgu til aðstoðar við Eldey. Svo hafði viljað til, að er Eldey hafði dregið Kötlu út úr höfninni og aðstoðað við að snúa henni, var þeim enda dráttartrossunnar, sem fest var í Kötlu, sleppt af skipverjum, og trossan fór í skrúfu Eldeyjar með þeim afleiðingum, að Eldey byrjaði að reka að landi hjálparvana undan sjó og vindi. Katla hélt áfram ferð sinni án þess nokkurn tíma að stoppa frá því Eldey byrjaði að draga hana af grunni, en kallað var frá Kötlu á aðstoð úr landi til handa Eldey, er þeir um borð sáu, hvernig ástatt var, og trossan var komin í skrúfuna, en sjálf hélt Katla áfram ferð sinni, eftir að aðstoðar Eld-

eyjar við hana var lokið, en Eldey sjálf orðin hjálparþurfi.

Í dagbókarútdrætti m/s Kötlu 31. jan. 1964 segir svo: „.... Þá fór vélin í gang á ný, og var hægt að láta ganga aftur á bak út úr höfninni. V/b Eldey togaði um leið, en var síðan gefið merki um að sleppa. En svo illa tókst til, að trossan fór í skrúfuna á Eldey. Var þá endanum sleppt úr Kötlu. Eldley rak að landi, og kl. 12.10 lét skipstjórinn á Kötlu kalla á aðstoð úr landi til handa Eldey. Kom þá v/b Vilborg til aðstoðar og dró Eldey inn í höfnina. Kl. 12.11 full ferð ...."

Í framburði sínum segir Jóhann Sigurjónsson, skipstjóri á m/s Kötlu, að hann hafi kallað til skipverja á v/b Eldey um að sleppa trossunni, en trossan hafi lent í skrúfu Eldeyjar, um leið og þeir slökuðu á bómunni og áður en endanum var sleppt á m/s Kötlu. Kveðst hann hafa gefið fyrirmæli um að sleppa trossunni, eftir að hún hafði lent í skrúfu Eldeyjar.

Stýrimaðurinn á Kötlu, Haraldur Ólafsson, kveðst hafa verið frammi á skipinu og ekki veitt því athygli, að trossan hafi farið í skrúfu Eldeyjar, sér hafi verið sagt frá því, að þegar vinda hafi átt inn trossuna, hafi stríkkað á henni og þeir misst hana út.

Henrý Kristjánsson, stýrimaður á v/b Eldey, sem í þetta sinn fór með skipstjórn vegna fjarveru skipstjórans Péturs Sæmundssonar, segir í framburði sínum, að eftir að Eldey hafi aðstoðað við að snúa afturenda Kötlu til, þannig að framendi hennar sneri í vindinn, svo að hún gæti siglt beint áfram, þá hafi það skeð, að Katla hélt ferð sinni áfram án þess að stöðva eða gefa þeim Eldeyjarmönnum færi á að losa trossuna, sem hafi verið eign Kötlu. Hafi Kötlumenn aðvörunarlaust sleppt trossuendanum sín megin, án þess að þeir á Eldey gætu slakað á eða losað endann sín megin, með þeim afleiðingum, að trossan fór í skrúfuna á Eldey, þar eð þeir voru að reyna að bakka til að fá slaka á trossuna. Við þetta hafi Eldey orðið ósjálfbjarga og rekið að landi. Er svo var komið, segir stýrimaðurinn, að þeir á Eldey hafi heyrt Kötlu tilkynna Keflavíkurradíói í gegnum talstöðina, hvernig komið væri fyrir Eldey, og hafi verið kallað til Eldeyjar yfir talstöðina úr landi, að v/b Vilborg væri lögð af stað til aðstoðar. Stýrimaðurinn segir ennfremur, að þeir hafi haft allt „klárt" til að varpa akkerum, en hafi ekki gert það, þegar þeim var tilkynnt, að Vilborg væri á leiðinni til þeirra, enda hafi Vilborg þegar komið þeim til aðstoðar. Vilborg hafi rennt fram með bakborðssíðu Eldeyjar og tilraunir um köst á línu frá Vilborgu hafi ekki heppnazt,

en línu var kastað frá Eldey yfir í Vilborgu, og var hún sett föst þar, og dró Vilborg Eldey síðan til hafnar, þar sem froskmaður var fenginn til að hreinsa úr skrúfunni, sem við nánari skoðun reyndist mjög biluð. Stýrimaður heldur því fram, að trossan hafi ekki lent í skrúfu Eldeyjar, fyrr en henni var sleppt frá Kötlu. Hafi trossan fyrst lent ofan á stýri Eldeyjar, en síðan í skrúfunni. Segir hann, að strax og þess varð vart, að trossan lenti ofan á stýrið, hafi þá þegar verið „kúplað sundur" og hafi skrúfan stöðvazt um leið. Stýrimaðurinn kveðst aldrei hafa heyrt né séð nein merki frá Kötlu um að losa trossuna, en þeir á Eldey hafi verið að reyna að losa hana og bakkað til að fá slaka á hana, en ekki tekizt, vegna þess að Katla var á ferð, og þó hafi trossan verið fest á Eldey, þannig að auganu á trossunni hafi verið smeygt ofan á pollann. Trossan hafi verið 50—60 faðmar á lengd og hafi miðjan á henni farið í skrúfuna vegna þess, að vindurinn hafi sett sveig á hana og skrúfan gripið sveiginn.

Í dagbókarútdrætti v/b Vilborgar segir stefnandi, að stuttu eftir að báturinn hafi verið lagstur að bryggju eftir að hafa komið frá Kötlu, hafi útgerðarmaður Eldeyjar komið til sín og beðið sig að fara til björgunar Eldey, sem væri komin með trossu í skrúfuna og ræki hjálparlaust að landi. Vindur hafi verið snarpur af austri og útfall og því mikil hætt á, að Eldey strandaði. Hafi því samstundis verið lagt frá bryggju og siglt á fullri ferð í áttina til Eldeyjar og hafi útgerðarmaður hennar, stefndi í máli þessu, verið um borð. Það hafi þá strax sézt, að Eldey var komin það nálægt landi, að hreinn sjór var milli svonefnds Skarfaskers, sem er blindsker nokkuð frá landi, og Eldeyjar, og þegar komið var móts við Eldey, hafi hún virzt vera um það bil 3 bátsbreiddir frá stórgrýttri fjörunni. Hafi Vilborg lagt svo nálægt Eldey sem óhætt var talið og dráttartaug komið milli skipanna og Eldey síðan dregin til hafnar. Skipstjórinn á v/b Vilborgu, stefnandi í máli þessu, segir í framburði sínum, að hann telji, að Eldey hafi ekki getað bargazt af sjálfsdáðum, eins og ástatt var fyrir henni, þegar Vilborg kom á vettvang. Segir hann, að Eldey hafi verið komin það nálægt landi, að vafasamt sé, að það hefði komið að haldi, þótt Eldey hefði þá varpað akkerum. Þá telur skipstjórinn, að ógerningur hefði verið að ná tóginu úr skrúfu Eldeyjar úti á sjó, eins og á stóð.

Jóhannes Gunnar Jóhannesson, framkvæmdastjóri útgerðar

v/b Eldeyjar, hefur borið, að hann hafi fylgzt með drætti Eldeyjar á Kötlu frá aðalbryggjunni í Keflavík, og þegar hann hafi séð, hvernig komið var, eftir að Eldey fékk trossuna í skrúfuna, hafi hann ásamt meðeiganda sínum að v/b Eldey farið um borð í v/b Vilborgu til að hitta skipstjórann, en hann hafi þá verið á bryggjunni. Kveðst Jóhannes hafa farið til hans og beðið hann að fara Eldey til hjálpar. Hafi skipstjórinn brugðizt skjótt við og hafi hann, Jóhannes, farið með á Vilborgu. Telur Jóhannes „að það hafi verið alveg á síðasta snúningi", að akkeri v/b Eldeyjar kæmu að haldi. Þegar þeir komu á vettvang, hefði þeim verið varpað. Þá telur hann, að ef akkerum hefði verið varpað, strax og Eldey fékk trossuna í skrúfuna, hefðu þau komið að haldi. Þá segir hann, að hann telji útilokað, þótt Eldey hefði strax varpað akkerum og getað legið, að skipshöfn hennar hefði getað náð tóginu úr skrúfunni. Hefði slíkt verið ógerningur nema með aðstoð froskmanns úr landi. Eldley hefði að kvöldi þess 31. janúar verið dregin af varðskipi til Reykjavíkur og var sett þar í slipp.

Vitnið Hafliði Kristjánsson, 1. vélstjóri á v/b Eldey, segir í framburði sínum, að hann telji, að v/b Vilborg hafi bjargað v/b Eldey úr yfirvofandi hættu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að v/b Eldey hefði strandað og farizt, ef v/b Vilborg hefði ekki komið svo skjótt á vettvang og bjargað henni í tæka tíð. Stefnandi og áhöfn Vilborgar hafi lagt sig og skipið í mikla hættu við björgunarstarfið. Hér sé því um algera björgun að ræða í skilningi siglingalaganna og beri að ákveða fjárhæð björgunarlauna í samræmi við reglur 1. mgr. 200. gr. laganna.

Stefndu halda því hins vegar fram, að v/b Eldey hafi ekki verið í þeirri hættu, að hún færist, ef aðstoð hefði ekki komið. Skipstjórinn hafi ekki beðið um aðstoð né aðhafzt neitt til að bjarga skipinu. Hann hefði hæglega getað strax varpað akkerum og reynt að losa skrúfuna sjálfur, en tekið þann kostinn, sem þægilegri var, þ. e. að bíða eftir aðstoð. Hafi Eldey þá verið það langt frá landi, að bráð hætta á strandi hafi ekki verið fyrir hendi. Skipstjórinn hefði getað forðað því ástandi, sem Eldey komst í, með því að varpa akkerum strax og vart varð við, að trossan var komin í skrúfuna. V/b Eldey hefði alltaf getað bjargað sér sjálf, hvort sem aðstoð kom eða ekki. Auk þess hafi v/b Vilborg legið við bryggju tilbúin til fararinnar, v/b Eldey verið skammt undan og engin hætta verið

á ferðum, hvorki fyrir Vilborgu né áhöfn hennar samfara aðstoð hennar, því að aðalstarfið hafi verið að taka á móti dráttartaug frá Eldey og draga hana síðan til hafnar. Allt þetta hafi tekið skamman tíma og verið kostnaðarlítið fyrir útgerð Vilborgar. Hér sé því ekki um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna, heldur aðstoð, og er stefnukröfu mótmælt sem allt of hárri, þar sem hún nemi 47% af vátryggingarverði Eldeyjar og verðmæti farms, sem aðiljar hafa komið sér saman um að leggja til grundvallar.

Hinir sérfróðu meðdómendur líta svo á með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málinu og eftir þeirra eigin þekkingu, að eins og ástatt var orðið fyrir v/b Eldey, þegar v/b Vilborg kom á vettvang, hefði verið útilokað, að hún hefði af eigin rammleik getað forðað sér frá strandi. Fjaran er þarna stórgrýtisurð. Vindur var 5—6 stig að austan, útfall og Eldey aðeins ca. 3 bátsbreiddir frá fjörunni. Hefði hjálp v/b Vilborgar ekki mátt seinna koma til að forða skipinu frá strandi undir þessum kringumstæðum. Hins vegar telja hinir sérfróðu meðdómendur, að stýrimaðurinn, Henry Kristjánsson, sem í umrætt sinn fór með skipstjórn v/b Eldeyjar, hefði borið að varpa akkerum, strax og hann varð var við, að trossan var komin í skrúfuna, í stað þess að velja þann kostinn að bíða átekta, því að með því hefði hann getað forðað v/b Eldey frá því hættuástandi, sem hún komst í upp við stórgrýtta fjöruna og gat ekki sloppið frá án utanaðkomandi hjálpar.

Með vísun til þess, sem fram hefur komið í málinu, og þau atvik öll eru virt lítur dómurinn svo á, að v/b Eldey hafi verið í bráðri hættu og hér hafi verið um björgun að ræða, en ekki aðstoð í skilningi VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963, og beri því að dæma stefnanda björgunarlaun.

Ekki verður fallizt á þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi lagt sig, áhöfn sína og v/b Vilborgu í mikla hættu við björgunarstarfið. Umrædd björgun tók skamman tíma og var tiltölulega auðveld. Drátturinn sjálfur tók stuttan tíma og án óhappa á leiðinni til hafnar.

Samkomulag er milli stefnanda annars vegar og stefnda og réttargæzlustefnda hins vegar, að til grundvallar verðmæti v/b Eldeyjar og farms hennar verði lagt vátryggingarverð skipsins, kr. 6.000.000.00, og áætlað verðmæti farms, kr. 400.000.00, eða samtals kr. 6.400.000.00. V/b Eldey er 139 smálesta stálskip, smíðað í Noregi árið 1960, og telur stefnandi, að sannvirði

þess megi áætla allt að kr. 9.000.000.00, en með vísun til ofangreinds samkomulags aðilja nema hinir björguðu hagsmunir samtals kr. 6.400.000.00.

Þegar öll málsatvik eru virt, hætta sú, sem v/b Eldey var í, þegar hjálpin var veitt, svo og önnur atriði, sem máli skipta, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 200.000.00. Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt, en dómurinn telur rétt eftir eðli málsins, að hún verði lækkuð úr 8% í 7% ársvexti.

Ber að dæma stefnda, Jóhannes Gunnar Jóhannesson f. h. eiganda v/b Eldeyjar, KE 37, til að greiða stefnandanum, Helga Grétari Helgasyni fyrir sína hönd og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51, nefnda fjárhæð, kr. 200.000.00, með 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Þorsteinssyni skipstjóra og Höskuldi Þórðarsyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Gunnar Jóhannesson f. h. eigenda v/b Eldeyjar, KE 37, greiði stefnandanum, Helga Grétari Helgasyni fyrir sína hönd og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51, kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað kr. 30.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1966.

Nr. 156/1964. **Helgi Benediktsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Olíuverzlun Íslands h/f
(Magnús Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu sama dag. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að ársvextir ákveðast 7% frá 15. marz 1962 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjanda ber að dæma til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ársvextir verða 7% frá 15. marz 1962 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Olíuverzlun Íslands h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnæggja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., hefur Magnús Árnason hæstaréttarlögmaður, Austurstræti 5, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Olíuverzlunar Íslands h/f, hér í borg, með stefnu, birtri 5. desember 1962, gegn Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 139.708.31 með 8% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að skaðlausu.

Reynt hefur verið að koma á sætt í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Stefnandi kveður skuld þessa stafa aðallega af olíuúttekt stefnda hjá stefnanda á undanförnum árum (árin 1959—1962), svo sem viðskiptareikningurinn á dskj. nr. 2 beri með sér. Samkvæmt viðskiptareikningi þessum hafi skuld stefnda við stefnanda hinn 1. október 1962 numið kr. 304.812.31. Upp í þá skuld hafi stefndi greitt með 5 víxlum, er nemi samtals kr. 165.848.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Þá fjárhæð hefur stefnandi dregið frá kr. 304.812.31 og fengið út kr. 138.964.31. Er það önnur fjárhæð en stefnufjárhæðin, og stafar það af reikningsskekkju hjá stefnanda við útreikning stefnukröfunnar. Hefur stefnandi því undir rekstri málsins breytt dómkröfu sinni til hins rétta og krefst nú kr. 138.964.31, en heldur jafnframt fast við aðrar dómkröfur sínar í málinu.

Stefnandi kveður stefnda hafa verið ófáanlegan til að greiða skuld þessa og hafi hann því verið knúinn til að höfða mál þetta.

Stefndi byggir mótmæli sín gegn dómkröfum stefnanda í fyrsta lagi á því, að hinn 28. desember 1960 hafi hann gert upp öll olíuviðskipti sín við stefnanda og sé því skuld frá árunum 1959 og 1960 röng. Með gagnaöflunarúrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 8. júlí 1963, var stefnda gefinn kostur á að leggja fram endurrit úr bókhaldi sínu varðandi viðskipti sín við stefnanda á því tímabili, sem mál þetta varðar. Það hefur stefndi ekki gert né heldur lagt fram reikninga staðhæfingu sinni til sönnunar. Stefndi hefur við yfirheyrslu viðurkennt, að hann hafi átt veruleg olíuviðskipti við stefnanda, og þar sem stefnandi hefur lagt fram viðskiptareikning stefnda, sem stefndi hefur

ekki hnekkt, verða þessi mótmæli stefnda gegn dómkröfunni að engu höfð.

Í annan stað hefur stefndi andmælt tveim liðum í dómkröfunni sem sér óviðkomandi, öðrum að fjárhæð kr. 3.362.77, sem stefnandi kveður vera yfirtekna skuld frá G. Ólafsson & Co., Vestmannaeyjum, en hinn liðurinn er að fjárhæð kr. 1.892.05, sem er yfirtekin skuld frá Kristni Hjartarsyni, Vestmannaeyjum. Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að menn þessir hafi annazt sölu á benzíni og olíu í Vestmannaeyjum fyrir stefnanda og skuldi stefndi vegna benzínkaupa hjá Kristni kr. 1.892.05 og hafi Kristinn sent stefnanda reikningana. Kvaðst Hreinn Pálsson álíta, að skuldin frá G. Ólafsson & Co. væri tilkomin á sama hátt.

Báðar þessar skuldir eru færðar inn á viðskiptareikning stefnda hinn 1. janúar 1962. Ennfremur hafa verið lagðar fram í málinu nótur yfir úttektina hjá Kristni Hjartarsyni. Verður því að telja sannað, að stefndi skuldi þessa liði, enda hefur hann ekki lagt fram kvittaða reikninga yfir þá eða nokkur önnur gögn, er hnekki þeim.

Þá hefur stefndi að endingu uppi þau andmæli gegn dómkröfu stefnanda, að honum hafi eigi verið færður til tekna umsaminn afsláttur af olíuverði, svo sem honum hafi borið, þar sem hann hafi haft um það samning við stefnanda, að hann (stefndi) nyti sambærilegra kjara um olíuverð hjá stefnanda og annars staðar fengjust, en Olíusamlag Vestmannaeyja hafi greitt sínum viðskiptamönnum 7.5 aura afslátt af hráolíulítra og 5% af öðrum olíum, en umboðsmaður stefnanda í Vestmannaeyjum hafi greitt sínum viðskiptamönnum 8 aura afslátt af hráolíulítranum og 10% af smurolíum.

Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur skýrt svo frá, að stefnandi veiti stundum afslátt, en um það gildi engar fastar reglur og ekki hafi hann gert neina samninga þar að lútandi við stefnda.

Gegn þessum andmælum Hreins Pálssonar er ósannað, að samningur hafi komizt á með málsaðiljum um afslátt á olíuverði til stefnda. Verður þessi málsástæða stefnda því heldur ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 138.964.31 ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Olíuverzlun Íslands h/f, kr. 138.964.31 með 8% ársvöxtum frá 15. marz 1962 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1966.

Nr. 213/1964. **Erlingur Reyndal**
(Gunnar Guðmundsson hrl.)
gegn
Bjarna Kristmundssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1964. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 5. janúar 1965, gerir þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 246.058.40 auk 8% ársvaxta frá 1. október 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Hafa endurrit þeirra ásamt fleiri nýjum gögnum verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal ný áætlun Guðjóns Hansens tryggingafræðings um atvinnutjón gagnáfrýjanda.

Atvikum slyss þess, er mál þetta fjallar um, er rækilega lýst í héraðsdómi.

Verkstjóri aðaláfrýjanda á vinnustaðnum hafði eigi séð um, að fullnægjandi vinnupallur væri gerður til öryggis mönnum þeim, er unnu að smíði turnsins, og lét það viðgangast, að menn þeir, sem þar störfuðu, stóðu á trjám, sem höfðu verið notuð áður og voru svo óhrein, að erfitt var að sjá, hvort þau væru gallalaus. Þessi vangæzla verkstjóra aðaláfrýjanda um eftirlit með smíðinni er meðorsök slyssins og bakar aðaláfrýjanda fébótaábyrgð vegna þess.

Gagnáfrýjandi var 59 ára að aldri, er slys þetta bar að höndum. Hann er lærður trésmiður og hefur um langt árabil starfað að húsbyggingum og stundum veitt byggingaframkvæmdum forstöðu. Mátti honum því vera ljóst, að óvarlegt var að vinna uppi í turninum, án þess að þar væri gerður öruggur vinnupallur. Þá verður að telja sannað, að hann hafi staðið við vinnu sína á einu tré, 2×4 þumlungar að gildleika. Slíkt var mjög óvarlegt, sérstaklega þegar þess er gætt, að gagnáfrýjandi vissi, að tré þau, er þarna voru notuð, voru óhrein, svo að erfitt var að sjá, hvort þau væru gallalaus. Verður því að telja, að gagnáfrýjandi eigi sjálfur verulega sök á því, hvernig fór. Þykir rétt, að hann beri sjálfur helming tjóns þess, er hann varð fyrir vegna slyss þessa, en aðaláfrýjandi bæti honum það að hálfu.

Bótakröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1.	Örorkubætur	kr. 202.997.00
2.	Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	— 75.000.00

3. Kostnað vegna örorkumats og tjónreiknings ..... — 3.750.00

Kr. 281.747.00

Frá dragast: Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins ..... kr. 35.688.60

Kemur þá fram fjárhæðin ..... kr. 246.058.40

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar:

Um 1. kröfulið. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur hinn 15. janúar 1966 reiknað að nýju með líkindatölum fjárhagstjón gagnáfrýjanda vegna slyssins. Er þá gætt þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa frá því að tryggingafræðingurinn gerði sams konar reikning hinn 13. september 1964, svo sem greint er í héraðsdómi. Þá er nú miðað við 7% ársvexti, en í hinum fyrra reikningi var miðað við 6% ársvexti. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins þessar:

1. Ef iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Trésmiðafélags Reykjavíkur eru taldar með launum, nemur heildartjónið:
   a. Vegna tímabundinnar örorku .. kr. 43.385.00
   b. Vegna varanlegrar örorku .... — 159.612.00

   Kr. 202.997.00

2. Ef iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Trésmiðafélags Reykjavíkur eru ekki taldar með launum, nemur heildartjónið:
   a. Vegna tímabundinnar örorku .. kr. 42.692.00
   b. Vegna varanlegrar örorku .... — 157.061.00

   Kr. 199.753.00

Með hliðsjón af líkindareikningi þessum og þegar þess er gætt, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir óbætt heildartjón gagnáfrýjanda sam-

kvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 135.000.00, og hafa þá verið frádregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 35.688.60.

Um 2. kröfulið: Tjón samkvæmt þessum kröfulið er hæfilega ákveðið í héraðsdómi kr. 40.000.00.

Um 3. kröfulið: Kostnað þann, er hér um ræðir, er rétt að taka með við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu telst óbætt heildartjón gagnáfrýjanda kr. 175.000.00. Ber aðaláfrýjanda að bæta honum helming þess, eða kr. 87.500.00, með 8% ársvöxtum frá 1. október 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Erlingur Reyndal, greiði gagnáfrýjanda, Bjarna Kristmundssyni, kr. 87.500.00 með 8% ársvöxtum frá 1. október 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnæggja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. október 1964.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi hinn 25. september s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 18. janúar 1963. Stefnandi málsins er Bjarni Kristmundsson trésmiður, Flókagötu 58, Reykjavík, sem stefnir Erlingi Reyndal húsasmíðameistara, Tómasarhaga 51, og til réttargæzlu Vátryggingafélaginu h/f.

Dómkröfur:

Stefnandi krefst þess, að stefndi, Erlingur Reyndal, verði dæmd-

ur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 256.953.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt með 8% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 1. október 1960 til greiðsludags svo og málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi, Erlingur Reyndal, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar. Til vara krefst hann þess, að fjárhæð stefnukröfunnar verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur Vátryggingafélaginu h/f, og félagið gerir ekki dómkröfur.

Málavextir:

Laugardaginn 1. október 1960 varð stefnandi fyrir slysi, er hann vann við kirkjusmíði að Úlfljótsvatni í Grafningshreppi. Gaf hann skýrslu um atvik hjá rannsóknarlögreglu 19. febrúar 1962, og segir m. a. í skýrslu þessari:

„Það var verið að vinna við endurbætur og viðgerðir á kirkjunni að Úlfljótsvatni á vegum Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og ég var einn af smiðunum, sem við það unnu, er ég varð fyrir slysi því, er hér um ræðir. Við vorum þá að vinna við að smíða nýjan turn á kirkjuna. Turninn var byggður úr timbri, og það var langt komið að slá upp grindinni á honum. Turninn var réttir tveir metrar á breidd, en lítið eitt lengri á hinn veginn. Nokkurs konar vinnupallur hafði verið gerður í um það bil þriggja metra hæð frá grunni, og var hann gerður með þeim hætti, að plankar höfðu verið lagðir þvert yfir á milli þverbitanna í grindinni, þannig að endar plankanna hvíldu á þverbitunum. Þessir plankar, sem þannig voru notaðir sem vinnupallur til að standa á, voru 2"×6", og voru þetta nýlegir plankar og algerlega ófúnir.

Það var svo nokkru eftir hádegi umræddan dag, er ég var staddur uppi á þessum vinnupalli við vinnu mína, að allt í einu brotnaði utasti plankinn öðru megin í vinnupallinum, og brotnaði plankinn alveg í sundur um það bil í miðju. Við þetta féll ég niður af vinnupallinum, um það bil þriggja metra fall, en þó lenti ég að nokkru leyti utan í ståltunnu, sem stóð á grunni turnsins, og veit ég, að meiðsl þau, er ég varð fyrir, orsökuðust aðallega af því, að ég lenti á brúninni á umræddri ståltunnu. Ég fann strax á eftir til mikils sársauka í síðunni og öxlinni, vinstra megin, þótt ég trassaði að fara strax til læknis. Það var á laugardegi, sem þetta skeði, en mig minnir, að það hafi verið næsta mánudag, sem ég svo fór í sjúkrahúsið á Selfossi til að láta þar athuga mig vegna meiðslanna. .... Þegar farið var að at-

huga umræddan planka, sem þarna brotnaði, eftir að slysið var skeð, þá kom það í ljós, að gamall brestur hafði verið í honum á þeim stað, sem hann nú brotnaði í sundur, en því hafði ekki áður verið veitt athygli, eða sennilega ekki verið sjáanlegt, þótt plankinn væri skoðaður ...."

Stefnandi kom fyrir bæjarþingið sama dag og mál þetta var munnlega flutt og dómtekið. Sagðist honum þá svo frá, að hann hefði stigið upp á tunnuna og síðan á plankana, sem þarna hefðu verið, gengið eftir þeim, en yzti plankinn brotnað, um leið og hann steig á hann. Stefnandi kvaðst hafa fallið aftur fyrir sig og því ekki getað fótað sig á hinum plönkunum, enda hafa misst jafnvægið, um leið og plankinn brotnaði og hafa verið með verkfæri í höndum. Stefnandi sagðist ekki muna hversu margir plankarnir hefðu verið, en kvað þá ekki hafa verið negldа niður. Hann sagði Pál Sveinsson hafa valið plankana og komið þeim fyrir milli þverbitanna. Stefnandi tók fram, að enginn stigi hefði verið á vinnustaðnum.

Verkstjóri við kirkjusmíðina var Hermann H. Hermannsson trésmiður, en ásamt stefnanda og Hermanni unnu við kirkjuna smiðirnir Páll Sveinsson og Jón Magnússon svo og, að því er stefnandi hefur skýrt frá, Jakob Jensson smiður. Allir hafa þessir menn gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu nema hinn síðastnefndi. Stefndi í máli þessu hafði yfirstjórn smíðinnar, og er aðild hans að málinu ekki mótmælt.

Páll Sveinsson var eini sjónarvotturinn að slysinu, sem vitað er um. Í skýrslu hans hjá lögreglunni 21. febrúar 1962 segir m. a.:

„Við Bjarni vorum báðir að vinna við smíði í turngrind kirkjunnar, sem þá var búið að reisa. Bjarni var að vinna við grindina á þeim stað, sem átti að verða á annarri hæð í turninum, og stóð þar á einum planka, sem hann hafði lagt þvert yfir á milli þverbitanna í grindinni. Endar plankans lágu sem sagt á þverbitum í grind turnsins, en á milli þeirra var um það bil tveggja metra haf. Þarna var því ekki um neinn eiginlegan vinnupall að ræða, því að það var einungis þessi eini planki, sem Bjarni notaði þarna í þessu tilfelli. Ég hafði verið að vinna þarna í sömu hæð og Bjarni var, en bara hinum megin í turngrindinni, en ég notaði þar tvo sams konar planka og þann, er Bjarni notaði til þess að standa á, enda var nóg af plönkum við hendina, sem við gátum eftir vild notað til þess að standa þarna á. Ég man, að ég var búinn að taka til fjóra svona planka handa okkur til þess að nota í þetta, en hvort ég hafði bein-

línis aðvarað Bjarna um að nota heldur tvo planka en einn, man ég ekki. Umræddir plankar, sem voru 2"×4", voru áreiðanlega ófúnir. En þeir höfðu áður verið notaðir til þess að aka á þeim hjólbörum með steinsteypu og voru því óhreinir og erfitt að sjá á þeim, hvort þeir kynnu að vera kvistóttir eða eitthvað gallaðir, og því vildi ég alls ekki treysta á að hafa aðeins einn planka að standa á.

Ég var svo ekki staddur þarna uppi, þegar slysið skeði. Ég hafði skroppið niður einhverra erinda og var staddur niðri á grunninum þarna í turngrindinni, þegar slysið gerðist með þeim hætti, að umræddur planki, sem Bjarni stóð á, brotnaði undan þunga hans, og Bjarni féll við það niður á grunngólfið. Í fallinu lenti hann með vinstri öxlina á löggum á járntunnu, sem stóð upp á endann á grunninum þarna inni í turngrindinni, og var það strax augljóst, að hann hafði slasazt eitthvað á öxlinni. Ég held, að enginn af starfsfélögum mínum þarna eða neinir aðrir en ég hafi beinlínis séð, hvernig þetta atvikaðist ...."

Hermann H. Hermannsson, sem var verkstjóri á staðnum, eins og áður er ritað, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu sama dag og Páll Sveinsson. Hann kveðst hafa verið að vinna á öðrum stað í kirkjunni, en hafa komið á slysstaðinn, strax eftir að slysið varð. Hann sagði, að stefnandi hefði verið að höggva far eða sæti í þverbita í turngrind og tók fram, að þeir, sem unnu við grindina, hefðu „að mestu ráðið því sjálfir, hvernig þeir höguðu sér við verkið". Hermann sagði, að hann hefði skoðað plankann, sem brotnaði, og að fram hefði komið, að hann brotnaði um gamlan brest, sem þó muni ekki hafa verið sjáanlegur áður. „Mér vitanlega," var bókað eftir Hermanni, „var þarna ekki um neinn vinnupall að ræða, heldur aðeins þennan eina planka, sem brotnaði, enda heyrði ég Pál tala um það strax á eftir, að hann hefði verið búinn að aðvara Bjarna um að vera ekki þarna svona á þessum planka einum, heldur hafa þarna fleiri slíka planka til þess að vera á við verkið, en Bjarni hefði algerlega neitað því og talið plankann, sem hann notaði, algerlega nægilega sterkan."

Jón Magnússon, sem einnig var að vinna við kirkjuna, þegar slysið varð, og sem áður er nefndur, gaf skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu sama dag og þeir Páll og Hermann. Hann kvað planka þann, sem brotnaði, hafa verið 2"×4", og eftir honum var m. a. bókað: „Mér var kunnugt um, að það var aðeins þessi eini planki, sem Bjarni notaði til að standa á þarna við vinnu

sína, því að rétt áður en slysið skeði, hafði ég heyrt Pál Sveinsson, sem einnig var þarna að vinna, biðja Bjarna að standa ekki svona á einum planka þarna, en nota heldur fleiri planka til að standa á, en því neitaði Bjarni og taldi það óþarft."

Í skýrslu þeirri, sem hann gaf rannsóknarlögreglunni, skýrði stefnandi svo frá, að hann hefði strax eftir fallið fundið til mikils sársauka í síðunni og öxlinni, vinstra megin, en þó vanrækt að fara til læknis þá þegar. Kvað hann sig minna, að hann hefði farið næsta mánudag á sjúkrahúsið á Selfossi til að láta athuga sig vegna meiðslanna.

Hermann Hermannsson sagði, að Bjarni hefði orðið óvinnufær við slysið og að ljóst hefði verið, að hann hefði slasazt á vinstri öxl, enda hefði hann kvartað um sársauka í henni. Þó hefði hann í fyrstu ekki viljað láta flytja sig til læknisathugunar. Hermann sagði ennfremur í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar, að stefnandi hefði farið að vinna aftur um það bil viku eftir slysið og að hann hefði síðan unnið við kirkjusmíðina á fjórða mánuð. Kvaðst Hermann ekki hafa orðið þess var, að stefnandi væri bagaður vegna slyssins, fyrr en stefnandi hafði orð á, að svo væri, rétt áður en hann hætti vinnu á Úlfljótsvatni. Hins vegar sagði Páll Sveinsson, að sér hefði verið vel ljóst, að stefnandi hefði alltaf verið eitthvað bagaður og að hann hefði átt örðugt með að vinna vegna slyssins. Hið sama sagði Jón Magnússon.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Kjartani Magnússyni lækni, sem haustið 1960 var sjúkrahúslæknir á Selfossi. Hann kveðst hafa skoðað stefnanda 5. október 1960 og segir, að hann hafi kvartað um sársauka í vinstri öxl og vinstri hluta brjóstkassans við djúpa öndun. Þá segir í vottorðinu:

„Skoðun leiddi í ljós sársauka við hreyfingar í vinstri axlarlið, og var vinstri handleggur máttlítill, þannig að sjúklingur átti erfitt með að framkvæma sjálfur hreyfingar á handleggnum. Gegnlýsing var gerð, þar sem ekki var aðstaða til röntgenmyndatöku, og var ekki hægt að sjá brot í axlarliðnum.

Á útfærðu sjúklingakorti mínu stendur, að líklega sé um að ræða slit í acromio-clavicular liðnum, þ. e. festunni milli viðbeins og axlargrindarinnar."

Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð gefið slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins af dr. Bjarna Jónssyni yfirlækni 9. febrúar 1961. Þar segir, að yfirlæknirinn hafi fyrst séð stefnanda 8. október 1960, að hann hafi slasazt 1. október

og að orsakir slyssins hafi verið taldar bylta. Þar sem tilgreina á nafn sjúkdóms hins slasaða á vottorðseyðublaðinu, hefur yfirlæknirinn ritað: „Fract. costae", þ. e. rifbrot. Í vottorðinu segir ennfremur, að stefnandi sé, þegar vottorðið er gefið, í meðferð hjá Kristjáni lækni Hannessyni og hafi verið undir hans hendi síðan 23. desember 1960.

Vottorð frá Kristjáni Hannessyni liggur frammi í málinu, og er það dagsett 16. febrúar 1963. Er meginmál þess þannig:

„Bjarni Kristmundsson, Flókagötu 58, Reykjavík, kom til mín þ. 23/12 1960 vegna afleiðinga eftir meiðsli þ. 1/10 1960. Sjúkdómsgreining: tognun í hægri (svo) öxl eftir liðhlaup, öxlin mjög sár við hreyfingar, lömun af hreyfivöðvum axlarinnar. Slasaði kom til mín þ. 23/12 1960 og var til athugunar og meðferðar í 5 skipti, síðan hvarf slasaði og sást ekki aftur fyrr en þ. 2/2 1961 og var til æfingameðferðar með nokkrum hléum til 12/10 1961. Var þá ástand slasaða mun betra, en ekki var hann fullbata, er hann hætti meðferð."

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku stefnanda, og segir m. a. á þessa leið í vottorði hans, sem dagsett er 22. janúar 1962:

„Fljótlega fór að bera á miklum óþægindum í vinstri öxl, og var slasaði sendur til meðferðar til Kristjáns Hannessonar, sérfræðings í gigtsjúkdómum, og var þar í meðferð frá 23/12 1960.

Röntgenskoðun virðist fyrst hafa verið gerð 17/3 1961, og segir svo í umsögn röntgenlæknis: „Periarticuler kölkun í vinstri axlarlið, tiltölulega neðarlega. Liðurinn að öðru leyti eðlilegur. R. diagn.: Periarthritis humeroscapularis sin., calcificans."

Slasaði mun fyrst hafa komið til skoðunar hjá tryggingalæknum í sept. 1961. Hafði þá engin óþægindi lengur frá rifbrotinu, en kvartaði um stirðleika og kraftleysi í vinstri handlim og sársauka við allar hreyfingar í axlarlið.

Af viðtali við manninn þá kom í ljós, að hann hafði byrjað vinnu nokkrum tíma eftir slysið, en varð að hætta vegna óþæginda í öxlinni og hafði þá ekkert unnið síðan í janúar 1961.

Á s.l. hausti þá kom slasaði aftur og aftur til eftirlits hjá tryggingalæknum. Hann hætti í meðferð hjá Kristjáni Hannessyni, þar eð það virtist ekki gagna mikið. Fór í geislameðferð á Landspítala og fékk röntgengeisla 4 sinnum á vinstri öxl, og við það minnkuðu verkirnir nokkuð, en stirðleiki og kraftleysi hafa haldizt, og maðurinn hefur ekkert unnið enn.

Ný röntgenskoðun var gerð 17/10 1961, og var skoðun óbreytt frá fyrri myndatöku.

Maðurinn kom síðast til viðtals hinn 5/1 1962.

Hann lýsir óþægindum sínum, eins og fyrr er sagt, hefur stirðleika í vinstri axlarlið og kraftleysi í handleggnum og sársauka við ákveðnar hreyfingar.

Skoðun: Það er nokkur rýrnun á herðablaðsvöðvum vinstra megin. Getur lyft handleggnum í axlarhæð, og passive er hægt að lyfta honum í 150°. Snúningshreyfing að því er virðist eðlileg. Mikil þrýstingseymsli eru framanvert á liðnum yfir bicepssininni. Engin rýrnun er á handleggsvöðvum, og krafturinn í hendinni er eðlilegur. Blinda á vinstra auga, og var augað tekið vegna sjúkdóms.

Ályktun: Hér er um að ræða sextugan trésmið, sem verður fyrir slysi í október 1960 og fær byltu og brotnar á rifjum. Nokkru eftir slysið fer að bera á miklum óþægindum í vinstri axlarlið, og hefur verið litið svo á, að þau óþægindi stöfuðu frá slysinu.

Röntgenskoðun var ekki gerð fyrr en nokkrum mánuðum eftir slysið, og kom þá í ljós periarthritis í vinstri axlarlið.

Þrátt fyrir meðferð þá hafa óþægindi mannsins ekki minnkað. Hann hefur viðloðandi stirðleika í axlarlið og sársauka við ákveðnar hreyfingar og hefur ekki unnið að ráði síðan slysið varð.

Enda þótt sennilegt sé, að maðurinn hafi haft kölkun í axlarliðnum fyrir slysið, þá verða ekki á það færðar sönnur, og þykir því eðlilegt að telja núverandi ástand mannsins afleiðingu slyssins.

Vegna slyssins hefur því maðurinn hlotið varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 3 mánuði ..... 100% örorka
- 3 — ..... 50% —
- 6 — ..... 25% —
og síðan varanleg örorka 15%."

Eins og áður er komið fram, var stefnandi við vinnu eftir slysið í tvo mánuði eða lengur. Hefur Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir skýrt dómsformanni svo frá munnlega, að hann miði upphaf þess tíma, er hann telur stefnanda hafa verið öryrkja, við þann dag, er hann fékk fyrst slysabætur hjá Tryggingastofnun ríkisins, en upplýst er með vottorði frá stofnuninni, að hann fékk þaðan þessar bætur:

Dagpeningar frá 9/2—31/12 1961	kr.	17.717.60
Örorkubætur 15% eingr.	—	17.971.00
	Kr.	35.688.60

Lögð hafa verið fram í málinu tvö bréf frá Guðjóni Hansen tryggingafræðingi til lögmanns stefnanda, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum útreikninga Guðjóns á örorkutjóni stefnanda. Fyrra bréfið er dagsett 18. maí 1962, og segir í því m. a.:

„Bjarni er sagður fæddur 13. apríl 1901 og hefur samkvæmt því verið 59 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Samkvæmt ljósmyndum af skattframtölum fyrir starfsárin 1958—1960 hafa vinnutekjur hans á því tímabili verið sem hér segir:

Árið 1958	kr.	89.582.61
— 1959	—	79.240.00
— 1960	—	95.121.00

Bjarni er félagi í Lífeyrissjóði húsasmiða, en sá sjóður er með þeim hætti, að innlög í hann eru færð á sérreikning viðkomandi manns og eru alger séreign hans. Jafngilda þau því kaupgreiðslum. Á ofangreindum skattframtölum eru taldar til frádráttar samtals kr. 6.185.00 vegna lífeyristryggingar, en samkvæmt upplýsingum, er ég hef fengið hjá Lífeyrissjóði húsasmiða, hafa greiðslur til sjóðsins á þessu tímabili numið samtals kr. 10.524.70. Mismuninn, kr. 4.339.70, virðast vinnuveitendur Bjarna hafa greitt beint til sjóðsins án þess að telja fjárhæðina til launa, og tel ég því rétt að bæta henni við ofangreindar vinnutekjur.

Ég hef umreiknað vinnutekjurnar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á dagvinnutaxta Trésmiðafélags Reykjavíkur, og ennfremur gert ráð fyrir 4% hækkun launa 1. júní n.k. Reiknast mér umreiknaðar meðalárstekjur á framangreindu tímabili vera:

Frá slysdegi til júníloka 1961	kr.	89.360.00
Júlí 1961 til maí 1962	—	100.581.00
Frá 1. júní 1962	—	104.444.00

Tekjurnar verða lítið eitt lægri, ef ekki er tekið tillit til þátttöku í lífeyrissjóðnum (kr. 87.932.00 á slysdegi, kr. 98.974.00 frá júlíbyrjun 1961 og kr. 102.775.00 frá 1. júní 1962). Á það skal bent, að slysið mun hafa haft áhrif til lækkunar á tekjum ársins 1960, þótt tekjurnar séu hæstar það ár.

Miðað við ofangreindan tekjugrundvöll reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

	Tillit tekið til lífeyrissj.	Tillit ekki tekið til lífeyrissj.
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 43.349.00	kr. 42.656.00
Vegna varanlegrar örorku	— 97.960.00	— 96.394.00
Samtals	kr. 141.309.00	kr. 139.050.00

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatölum íslenzkra karla 1941—1950."

Síðara bréf Guðjóns Hansens til lögmanns stefnanda er dagsett 13. september 1964, og er meginmál þess þannig:

„Í bréfi, dags. 18. maí 1962, sendi ég yður útreikning vegna slyss, er Bjarni Kristmundsson trésmiður, Flókagötu 58, Reykjavík, varð fyrir 1. október 1960. Þér hafið nú óskað eftir endurútreikningi með hliðsjón af þeim kaupbreytingum, sem orðið hafa, frá því er fyrri útreikningur fór fram.

Töflur um starfsorkulíkur hafa nú verið samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960 í stað 1940—1950, og veldur sú breyting um 1% hækkun á fyrri niðurstöðu. Við eftirfarandi útreikning eru hinar nýrri töflur notaðar.

Í fyrri útreikningi var gert ráð fyrir 4% hækkun kauptaxta í júní 1962. Síðan hefur taxti Trésmiðafélags Reykjavíkur hækkað þrívegis, og með tilliti til þeirra hækkana reiknast mér umreiknaðar meðalvinnutekjur starfsáranna 1958—1960 verða sem hér segir (tekjugrundvöllur er óbreyttur til 20. ágúst 1962):

	Tillit tekið til lífeyrissj.	Tillit ekki tekið til lífeyrissj.
20/8 1962 til 17/7 1963	kr. 118.554.00	kr. 116.659.00
18/7 1963 til 21/1 1964	— 134.310.00	— 132.163.00
Frá 22/1 1964	— 154.500.00	— 152.031.00

Miðað við þær breytingar á tekjugrundvellinum, sem hér hefur verið lýst, svo og áðurnefnda breytingu á töflum um starfsorkulíkur reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Tillit tekið til lífeyrissj.	Tillit ekki tekið til lífeyrissj
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 43.385.00	kr. 42.692.00
Vegna varanlegrar örorku	— 135.918.00	— 133.746.00
Samtals	kr. 179.303.00	kr. 176.438.00

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem að framan er getið, skírskotast til fyrri útreiknings."

Samkvæmt skattframtölum, sem lögð hafa verið fram í málinu, voru launatekjur stefnanda kr. 15.577.00 á árinu 1961, en engar á árinu 1962.

Með úrskurði, sem kveðinn var upp á bæjarþinginu 14. apríl 1964, var Læknaráði falið að láta uppi álit á þessum atriðum:

„1. Fellst Læknaráð á þá niðurstöðu Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, að kölkun sú í axlarlið stefnanda, sem læknirinn getur um í örorkumati sínu, verði með réttu talin afleiðing af slysinu 1. október 1960?
2. Fellst Læknaráð á örorkumat tryggingayfirlæknisins?
3. Ef ekki, hver er þá örorka Bjarna Kristmundssonar, að mati Læknaráðs, vegna slyssins?"

Umsögn Læknaráðs er dagsett 26. maí 1964. Segir í niðurstöðum hennar:

„Ad 1: Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki úr því skorið, hvort kölkun sú, sem um ræðir, hafi verið til fyrir slysið eða hlotizt af því. Hvort heldur sem er, gætu óþægindi mannsins átt rót sína að rekja til slyssins.

Ad 2: Já."

Málsástæður og lagarök:

Af hálfu stefnanda er byggt á þeirri atvikalýsingu hans, sem áður er rakin. Því er haldið fram, að fleiri en einn planki hafi verið lagðir milli þverbitanna í kirkjuturninum af starfsmanni stefnda, Páli Sveinssyni, og að stefnandi hafi mátt byggja á, að hættulaust væri að stíga á plankana. Þá er því haldið fram, að stefndi hljóti að bera fébótaábyrgð á affleiðingum þess, að ekki hafi verið fullkominn vinnupallur fyrir stefnanda að standa á, — að gallaður planki hafi verið settur milli þverbitanna, — að tunnan hafi verið látin standa á turngólfinu og að stigi hafi ekki verið á staðnum fyrir smiðina til að nota til að komast upp í turninn. Er því haldið fram, að öll þessi atriði hafi verið

orsök þess, að slysið varð og að afleiðingarnar urðu þær, er raun beri vitni.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi á engan hátt hegðað sér með öðrum hætti á vinnustaðnum fyrir slysið en til varð ætlazt af góðum og skynsömum manni, vönum húsasmíðum. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi ekkert það aðhafzt eftir slysið, sem geti að lögum leitt til þess, að hann eigi sjálfur að bera örorkutjón sitt vegna slyssins að öllu eða að hluta. Hann hafi að vísu ekki farið til læknis strax eftir slysið, en hins vegar hafi hann farið að Selfossi og fengið Kjartan Magnússon lækni til að skoða sig, þegar það hafi verið orðið ljóst, að hann hafði orðið fyrir verulegum meiðslum. Þá hafi hann skömmu síðar farið til dr. Bjarna Jónssonar til skoðunar. Ummæli læknanna hefðu ekki gefið tilefni til þess, að stefnandi hætti vinnu og því hafi hann, þótt erfitt væri, unnið fram undir áramót 1960—1961, en þá hafi hann verið orðinn óvinnufær. Því er haldið fram, að fjártjón stefnanda vegna slyssins sé miklum mun meira en sem nemur þeirri upphæð, er fæst með því að leggja til grundvallar örorkumat Páls Sigurðssonar og útreikninga Guðjóns Hansens, enda hafi stefnandi verið óvinnufær með öllu vegna slyssins allt árið 1961 og lengur og sé enn ekki fullbata. Með tilvísun til þessa er því mótmælt, að tillit verði tekið til bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins eða kröfuupphæðir lækkaðar með öðrum hætti.

Dómkrafa stefnanda er sundurliðuð, sem hér segir:

1.	Örorkubætur	kr.	179.303.00
2.	Sársauki, lýti, röskun á stöðu og högum	—	75.000.00
3.	Örorkumat	—	750.00
4.	Útreikningur á tjóni	—	1.900.00
		Alls kr.	256.953.00

Aðalkrafa stefnda um sýknu er á því reist, að honum verði á engan hátt um slysið kennt, heldur sé þar eingöngu við stefnanda sjálfan að sakast, að svo miklu leyti sem slysið hafi ekki orðið vegna óhappatilviljunar. Því er haldið fram, að eiginlegum vinnupöllum hafi ekki orðið við komið við smíði turnsins, a.m.k. ekki við þann hluta verksins, sem fram fór inni í turngrindinni, enda hafi grindin sjálf með uppistöðum sínum og þverbitum gegnt sama hlutverki og vinnupallar. Hafi einungis

þurft að leggja planka á milli þverbitanna svo sem bezt hafi hentað hverju sinni. Nóg hafi verið af slíkum plönkum á staðnum og svo til ætlazt, að smiðirnir notuðu þá eftir þörfum. Þessi umbúnaður hafi verið fulltryggur og engin slysahætta hafi þurft að vera honum samfara, ef smiðirnir hefðu sýnt fulla aðgæzlu og þá m. a. tekið tillit til þeirra alkunnu staðreynda, að um hafi verið að ræða, eins og vanalegt sé, timbur af ódýrri og lélegri tegund, sem brestir geti jafnan leynzt í. Timbrið hafi verið nýlegt og ekki hafi verið vitað um galla í því. Hafi ekki verið neitt óvenjulegt við það eða notkun þess. Því er haldið fram, að stefnandi hafi mjög brugðizt skyldum sínum um að gæta tilhlýðilegrar varúðar, þar sem hann hafi, eins og fram komi í framburðum allra hinna þriggja samstarfsmanna hans, notazt við aðeins einn planka til að standa á. Hafi stefnandi ekki þurft neina forsjá annarra, til að honum væri fullljóst, að þessu fylgdi mikil slysahætta. Hann sé iðnlærður maður, vanur húsasmíði og öllum hnútum kunnugur, enda hafi vinnuveitandi hans mátt treysta því, að stefnandi gætti viðeigandi öryggisráðstafana. Þá hafi hér við bætzt, að Páll Sveinsson hafi varað stefnanda við hættunni af að nota ekki nema einn planka, en stefnandi virt þessa aðvörun að vettugi. Verði slysið rakið til þess gáleysis stefnanda að nota ekki fleiri planka til að standa á við verk sitt. Hafi það verið frumorsök slyssins, en ekki hitt, að dulinn brestur var í plankanum.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að stefnandi hafi í öllu falli sýnt af sér gáleysi, sem leiða eigi til þess, að hann beri hluta tjóns síns sjálfur. Þá er varakrafan einnig studd þeim rökum, að tjón stefnanda af völdum slyssins sé of hátt áætlað í kröfugerð hans.

Mótmælin gegn því, að stefnandi hafi beðið það tjón af örorku vegna slyssins, sem krafizt er bóta fyrir, eru rökstudd með því í fyrsta lagi, að ekki sé sannað, að örorkan sé afleiðing slyssins, en stefnanda beri að sanna, að svo sé. Megi ætla, að hann hafi haft kölkun í axlarlið fyrir slysið og að örorka hans stafi af þessum sjúkdómi, en ekki slysinu. Sjúkdómsgreiningar lækna eftir slysið gefi og ekki til kynna, að það sé orsök þeirrar örorku, sem síðar hafi komið fram. Hins vegar hafi stefnandi ekki hegðað sér eftir slysið, eins og honum bar með tilliti til aldurs hans og allra aðstæðna.

Þá er því haldið fram, að örorkumatið verði að skilja þannig, að læknirinn, sem það framkvæmdi, hafi talið stefnanda 100%

öryrkja í þrjá mánuði strax eftir slysið, en þó sé ágreiningslaust, að stefnandi hafi unnið fulla vinnu þennan tíma. Er því haldið fram, að af þessum sökum verði ekki að fullu á örorkumatinu byggt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að niðurstöður tryggingafræðingsins verði ekki lagðar óbreyttar til grundvallar vegna skattkjara af bótum, hagræðis af því að fá bætur í einu lagi, vaxtafótar þess, sem tryggingafræðingurinn hafi notað, og vegna þess, að frá niðurstöðum hans verði að draga bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt í fyrsta lagi á þeim grundvelli, að hann eigi engan rétt til bóta vegna lýta og í öðru lagi á þeim grundvelli, að krafan sé óhóflega há.

Af hálfu stefnanda er tveim síðustu liðum í sundurliðun á bótakröfu stefnanda ekki mótmælt tölulega, þ. e. kröfu um kr. 750.00 vegna kostnaðar við örorkumat og kr. 1.900.00 vegna kostnaðar við útreikninga á örorkutjóni.

Vaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt.

Álit dómenda:

Þrír menn hafa borið, að stefnandi málsins hafi ætlað að vinna við grind kirkjuturnsins á Úlfljótsvatni í um þriggja metra hæð með því að standa á einum planka, sem mun hafa verið úr venjulegu mótatimbri. Þá benda lýsingar á því, hvernig stefnandi féll, til þess, að aðrir plankar hafi ekki verið við hlið þess, sem brotnaði, þar sem líklegt er, að stefnandi hafi lent á þeim í fallinu, en ekkert er fram komið, sem bendir til, að svo hafi verið. Verður að byggja dóm í málinu á því, að hér hafi einungis verið um einn planka að ræða, en ekki fleiri.

Stefnandi, sem er vanur smiður, mátti gera sér ljóst, að hættulegt var að vera við verk hans með því að standa ekki nema á einum planka. Að vísu er burðarþol planka, þótt hann sé aðeins 2×4 tommur, sem lagður er yfir tveggja metra haf og úr venjulegu mótatimbri, meira en svo, að hann bresti undan einum manni, ef plankinn er ógallaður. Hins vegar er jafnan óvarlegt að treysta því, að svo sé, og er það alkunna. Þá er jafnan óvarlegt að nota jafn mjóan vinnupall og stefnandi gerði, og verður það enn óvarlegra, ef ekki er unnt að styðja sig með höndunum. Þegar þetta er athugað, þykir stefnandi sjálfur eiga nokkra sök á slysinu.

Stefndi, Erlingur Reyndal, þykir hins vegar verða að bera hluta af tjóni stefnanda af þessum ástæðum:

Verkstjórinn á staðnum hafði ekki séð um, að fullnægjandi pallur væri gerður inni í turngrindinni, t. d. með því að leggja nægilega marga planka milli þverbita með tryggilegum hætti. Ljóst er, að brestur hefur verið í plankanum, sem brotnaði. Stefnandi sjálfur segir, að „því hafi ekki áður verið veitt athygli eða sennilega ekki verið sjáanlegt, þótt plankinn væri skoðaður". Páll Sveinsson segir, að plankarnir hafi áreiðanlega verið ófúnir, en þeir hafi „áður verið notaðir til þess að aka á þeim hjólbörum með steinsteypu". Segir Páll, að plankarnir hafi því verið „óhreinir og erfitt að sjá á þeim, hvort þeir kynnu að vera kvistóttir eða eitthvað gallaðir". Ekki er fram komið, að starfsmenn stefnda hafi vitað um brestinn í plankanum. Engu að síður verður lögð fébótaábyrgð á stefnda á afleiðingu þess, að plankinn brotnaði, þegar af þeirri ástæðu að telja verður, að það hafi verið afleiðing þess, að ekki var fullkominn vinnupallur á staðnum.

Stefndi verður og talinn bótaskyldur af þeirri ástæðu, að verkstjórinn lét afskiptalaust, að tunna stæði á turngólfinu þar fyrir neðan, sem unnið var, þó að ljóst mætti vera, að það var hættulegt.

Þegar þau atriði eru virt, sem nú hafa verið rakin, þykir stefnandi eiga rétt á því, að stefndi bæti honum ¾ hluta þess tjóns, sem hann varð fyrir vegna slyssins 1. október 1960.

Eins og áður er fram komið, sást kölkun í vinstri öxl stefnanda á röntgenmyndum, sem teknar voru 17. marz 1961. Verður ekki úr því skorið, hvort kölkunin hefur verið til fyrir slysið, eða hvort hún hefur hlotizt af því. Hvort heldur sem er gætu óþægindi mannsins átt rót sína að rekja til slyssins. Yfirlæknirinn, sem í dómi situr, hefur skoðað röntgenmyndirnar, og telur hann, að sú kalkmyndun, sem á þeim má sjá og er utan við axlarliðinn, hafi auðveldlega getað myndazt á tímanum frá 1. október 1960 til 17. marz 1961. Þykir verða að byggja á því í máli þessu, að meiðslin í öxl stefnanda séu afleiðing slyssins á Úlfljótsvatni.

Eins og áður er tekið fram, var stefnandi við vinnu um nokkurt skeið eftir slysið. Hins vegar þykir nægilega í ljós leitt, að hann hafi síðar orðið að þola 100% örorku um þriggja mánaða skeið og síðan aðra þá örorku, sem greind er í örorkumati Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis. Um heilsufar stefnanda á árinu 1961 og síðar liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar, sem nægi til að leiða í ljós, að örorkan hafi verið meiri en segir

í mati tryggingayfirlæknisins. Verður því ekki talið, að fjártjón stefnanda vegna slyssins hafi verið meira en greinir í útreikningum Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Verða þeir lagðir til grundvallar, en frá niðurstöðunum dregnar þær bætur, sem Tryggingastofnun ríkisins greiddi stefnanda, og tillit tekið til þeirra atriða annarra, sem nefnd hafa verið af hálfu stefnda til rökstuðnings kröfum hans um lækkun bótakröfunnar. Þykir örorkutjón stefnanda hæfilega metið kr. 140.000.00.

Miskabætur stefnda til hans þykja hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00. Um tvo síðustu liðina í sundurliðun á dómkröfu stefnanda er ekki tölulegur ágreiningur. Verða þeir teknir til greina sem hluti af málskostnaði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður tjón stefnanda af slysinu talið hafa numið kr. 180.000.00, og ber stefnda að bæta 75% þess, kr. 135.000.00. Rétt er, að stefndi greiði stefnanda 8% vexti p. a. af þessari fjárhæð frá 1. október 1960 til 29. desember s. á., en 7% vexti p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 20.000.00 í málskostnað.

Það athugast, að ekki er ágreiningur í málinu um aðild stefnda, og er þess áður getið. Ekki hefur þótt tilefni til, að dómendur hefðu frumkvæði að tilraunum til að afla frekari gagna um málavexti.

Dóm þennan kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Haukur Kristjánsson dósent og Pétur Guðmundsson verkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Erlingur Reyndal, greiði stefnanda, Bjarna Kristmundssyni, kr. 135.000.00 auk 8% vaxta p. a. frá 1. október 1960 til 29. desember 1960 og 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 20.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1966.

Nr. 79/1965. **Óskar Jónasson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Dagbjarti Majassyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 31. desember 1948 gerðu þáverandi eigendur húseignarinnar nr. 3A við Brekkustíg í Reykjavík, þeir áfrýjandi og Karl A. Jónasson, með sér skiptasamning um fasteign þessa, er þinglesinn var 15. janúar 1949. Í samningnum segir m. a.:

„1. Eignarhluti hvors okkar er helmingur eignarinnar, þar með talin lóð.

2. Eignarhluti Óskars er neðri hæð hússins (3 herbergi, eldhús og W.C. ásamt 1 herbergi og geymslu í rishæð.

3. Eignarhluti Karls er efri hæð hússins (3 herbergi, eldhús og W.C. ásamt 1 herbergi og geymslu í rishæð).

4. Óskipt er kjallari, miðhluti rishæðar og gangur svo og lóðin ....“

Með afsali 10. desember 1955 og þinglesnu 24. s. m. seldi áfrýjandi stefnda eignarhluta sinn í nefndu húsi. Í afsalinu segir: „Eign þessi er nánar tiltekið 1. hæðin, 3 herbergi, eldhús og salerni með sér hitaveitu og ½ rishæðin, sem er 1 herbergi, bað að hálfu og sérgeymsla. Hinu selda fylgir ½ meðfylgjandi eignarlóð.“

Með afsali 22. maí 1956 og þinglesnu 21. júní s. á. seldi

Karl A. Jónasson Júliusi Þórarinssyni helming nefndrar húseignar, þ. e. „þriggja herbergja íbúð á 2. hæð húseignarinnar .... einu íbúðarherbergi í risi, einu geymsluherbergi þar svo og klósetti og baði þar, helmingi almennings og ganga í risi, helmingi þvottahúss úti, helmingi óinnréttaðs gluggalauss kjallara og helmingi tilheyrandi eignarlóðar og mannvirkja á henni ....“ Síðar segir í afsalinu: „Eigandi neðri hæðar hússins hefur aðgang að baði í risi móti eiganda efri hæðarinnar.“

Þá er þeir stefndi, Dagbjartur Majasson, og Júlíus Þórarinsson höfðu átt hvor sinn hluta nefnds húss um tíma, reis með þeim ágreiningur um það, hvort réttur stefnda til baðherbergisins í risinu væri eignarréttur að helmingi, eins og segir í afsali áfrýjanda til hans, eða einungis afnotaréttur. Í máli Dagbjarts Majassonar á hendur Júlíusi Þórarinssyni, sem dæmt var á bæjarþingi Reykjavík 28. maí 1962, var synjað dómgildingar á því, að Dagbjartur Majasson væri eigandi baðherbergisins að hálfu. Í máli því, sem nú er til meðferðar, krefst stefndi, Dagbjartur Majasson, skaðabóta úr hendi áfrýjanda, réttarleifanda síns, fyrir heimildarlausa sölu á baðherberginu að hálfu í rishæð nefndrar húseignar. Héraðsdómendur hafa lagt til grundvallar dómi sínum um skaðabótaskylduna nefndan dóm í máli Dagbjarts Majassonar gegn Júlíusi Þórarinssyni um eignarrétt til baðherbergisins. En dómur þessi er eigi bindandi úrlausn sakarefnis gegnt áfrýjanda, Óskari Jónassyni, þar sem áfrýjandi Óskar var eigi aðili þess máls. Sá dómur rýrir og í engu réttarstöðu áfrýjanda, Óskars Jónassonar, þar sem honum var eigi stefnt til réttargæzlu í því máli. Þar sem héraðsdómurinn í máli þessu er samkvæmt því, er rakið var, reistur á réttarfarslega röngum forsendum, verður eigi komizt hjá því að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Stefndi, Dagbjartur Majasson, greiði áfrýjanda, Óskari Jónassyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. marz 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. marz s.l., hefur Dagbjartur Majasson pípulagningameistari, Brekkustíg 3 A hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. jan. 1963, gegn Óskari Jónassyni kafara, Granaskjóli 42, einnig hér í borg, til greiðslu skaðabóta kr. 16.550.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 20. júlí 1962 til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talinn matskostnaður, að skaðlausu samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu:

„Með afsali dagsettu 10. des. 1955 keypti stefnandi af stefnda „hálfa fasteignina Brekkustígur 3 A, Reykjavík." Segir í afsalinu svo: „Eign þessi er nánar tiltekið 1. hæðin, 3 herbergi, eldhús og salerni, með sérhitaveitu og ½ rishæðin, sem er 1 herbergi, *það að hálfu* (undirstr. stefn.) og sér-geymsla. Hinu selda fylgir ½ meðfylgjandi eignarlóð."

Hinn 22. maí 1956 selur Karl A. Jónasson Júlíusi Þórarinssyni „þriggja herbergja íbúð á 2. hæð húseignarinnar nr. 3 A við Brekkustíg hér í bæ, einu íbúðarherbergi í risi (sic.), einu geymsluherbergi þar, *svo og klósetti og baði þar* (undirstr. stefnanda), helmingi almennings og ganga í risi, helmingi þvottahúss úti, helmingi óinnréttaðs gluggalauss kjallara og helmingi tilheyrandi eignarlóðar og mannvirkja á henni, en hin selda eign skal teljast helmingur alls hússins og greiðist skattar og skyldur og sameiginlegt viðhald í samræmi við það", en þetta segir í afsali.

Eins og séð verður af framanrituðu stangast afsölin á, þannig að Júlíusi er afsalað klósetti og baði í risi, en stefnandi hafði þegar fengið afsal fyrir hálfu baði.

Er stefnandi varð þess áskynja, höfðaði hann mál á hendur Júlíusi Þórarinssyni til viðurkenningar á eignarrétti sínum að hálfu baðherbergi með öllu tilheyrandi í rishæð umrædds húss.

Máli þessu lauk svo, að Júlíus var með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 26/5 1962, sýknaður af kröfum stefnanda.

Stefnandi telur, að hann eigi þess vegna skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna vanheimildar hans í sambandi við sölu á umræddu baðherbergi.

Hefur stefnandi látið meta til fjár verðrýrnun á eignarhluta sínum, vegna þess að umrætt baðherbergi fylgdi ekki að hálfu.

Telja matsmenn verðrýrnunina nema kr. 13.600.00. Gerir stefnandi kröfu til þess að fá þá fjárhæð dæmda auk þess málskostnaðar, sem hann varð að greiða lögmanni sínum í málinu gegn Júlíusi Þórarinssyni, en sú fjárhæð nam kr. 2.950.00. Samtals er þá stefnukrafan kr. 16.550.00."

Eins og framanrituð málsatvikalýsing í stefnu ber með sér, reisir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi ekki öðlazt eignarrétt yfir öllu því, sem tilgreint var í afsali stefnda, er hann keypti af stefnda hálfa húseignina Brekkustíg 3 A hér í borg með afsali dags. 10. desember 1955, þar sem stefndi hafi ekki reynzt vera eigandi að hálfu baði í risi hússins, sem tilgreint hafi verið í afsali að fylgdi. Telur stefnandi, að stefndi eigi að bera fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna þessa, þar sem verðgildi hinnar keyptu íbúðar sé þeim mun minna sem hálfu baðinu nemi en ella. En samkvæmt mati tveggja dómkvaddra matsmanna nemi verðrýrnun íbúðarinnar af þessum sökum kr. 13.600.00. Þá telur stefnandi einnig, að stefnda beri að endurgreiða sér málskostnað kr. 2.950.00, sem hann hafi orðið að greiða lögmanni sínum í málinu gegn Júlíusi Þórarinssyni, eins og að framan greinir.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi ekki afsalað stefnanda verðminni eða rýrari eign en afsalið hafi gefið tilefni til og eigi stefnandi því ekki neinar bótakröfur á hendur sér. Í skiptasamningi, sem húseigendur hafi gert með sér hinn 31. des. 1948, sé hvor um sig eigandi að hálfri húseigninni. Hvor hæð um sig sé metin að jöfnu og hálft ris fylgi hvorum húshluta. Þar sé einnig sagt, að hvorri hæð fylgi 1 herbergi og geymsla í rishæð, en miðhluti rishæðar og gangur séu óskipt. Í þessum miðhluta sé baðherbergið. Afsölin tvö, sem áður getur, greini því á um það eitt, hvort eigandi 1. hæð-

ar, þ. e. stefnandi, sé skráður „eigandi“ að ½ baðherberginu eða „afnotahafi“ að sama húshluta. Sé hann eigandi, hvíli á honum viðhaldsskylda herbergisins. Eigi hann hins vegar það ítak að mega nota herbergið að hálfu án kvaða um viðhaldsskyldu, sé hann jafnvel betur settur en að vera skráður eigandi.

Þá telur stefndi, að málið sé byggt upp á alröngum forsendum. Matsmenn hafi verið blekktir, þegar þeim var falið að meta verðrýrnun eignarinnar, vegna þess að ½ baðherbergi fylgi ekki, því að afnot þess fylgi samkvæmt þinglýstum afsölum beggja húshluta.

Loks telur stendi, að hafi nokkru sinni verið til bótakröfur á hendur sér af þessu tilefni, þá séu þær nú fallnar niður fyrir vangeymslu af hálfu stefnanda og löngu fyrndar.

Aðiljar máls þessa hafa báðir komið fyrir dóm. Þar hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi í ágúst 1963 selt Haraldi Samsonarsyni eignarhlut sinn í Brekkustíg 3 A hér í borg fyrir kr. 340.000.00. Í kaupsamningnum hafi það verið tekið fram, að með í kaupunum fylgdi herbergi, geysmla og hálft þurrkloft í risi, en ekki verið minnzt á baðið í risinu. Stefnandi kveður þennan eignarhluta hafa í kaupsamningnum verið talinn helming fasteignarinnar Brekkustíg 3 A.

Stefndi hefur haldið því fram fyrir dómi, að hann hafi átt baðkerið í umræddu baðherbergi í rishæðinni að jöfnu á móti eiganda efri hæðar hússins og viðhald baðherbergisins hafi þeir annazt sameiginlega.

Eins og áður er tekið fram, gekk dómur í bæjarþingi Reykjavíkur 26. maí 1962, þar sem viðurkenndur var eignarréttur eiganda efri hæðar hússins að öllu baðinu í risinu. Þessum dómi hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar, og verður hann því lagður til grundvallar um eignarréttinn. Snýst því úrlausn þessa máls aðeins um það, hvort stefnandi eigi rétt til bóta úr hendi stefnda, vegna þess að hann reyndist ekki vera heimildarmaður að hálfu baði í risi, sem hann tilgreindi í afsali til stefnanda, að fylgdi hinni seldu eign, og ef svo verður talið, þá hve háar þær bætur eigi að vera.

Skal fyrst vikið að þeirri varnarástæðu stefnda, að hafi nokkru sinni verið til bótakröfur á hendur sér af þessu tilefni, þá séu þær nú fallnar niður fyrir vangeymslu af hálfu stefnanda og löngu fyrndar.

Eins og fram kemur í gögnum málsins, keypti stefnandi „hálfa fasteignina Brekkustíg 3 A, Reykjavík“ af stefnda með afsali

dags. 10. des. 1955. Hinn 22. maí 1956 seldi eigandi efri hæðar nefnds húss sinn hluta húseignarinnar Júlíusi Þórarinssyni. Júlíus hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi ekki verið fyrr en 6—7 mánuðum, eftir að hann fékk afsal fyrir sínum eignarhluta hússins, að hann varð þess áskynja, að Dagbjartur Majasson, þ. e. stefnandi í máli þessu, hafði fengið afsalað ½ baði í risinu, er hann keypti sinn hluta í húsinu. Fyrr gat stefnanda naumast verið kunnugt um það misræmi, sem um ræðir í máli þessu að því er baðið varðar. Enda kemur fram í aðiljayfirheyrslum, að stefnandi hafi ekki verið viðstaddur eða fylgzt með samningum, er Júlíusi Þórarinssyni var seld efri hæð hússins. Þá kemur og fram, að þinglýsingardómari hafi ekki getið þess, er Júlíus Þórarinsson færði afsal sitt til þinglýsingar, að afsali hans bæri ekki saman við afsal það, er stefnandi fékk um eignarheimild að baðinu.

Samkvæmt þessu bendir allt til, að það hafi ekki verið fyrr en um mánaðamót nóvember—desember 1956, sem stefnandi gat í fyrsta lagi hafizt handa um að leita réttar síns út af margumræddu misræmi því, sem mál þetta er risið af. Í þessu máli liggur fyrir endurrit af dómi í máli því, sem stefnandi höfðaði gegn móteiganda sínum að húseigninni, Júlíusi Þórarinssyni, til viðurkenningar á eignarrétti sínum að hálfu baðinu. Stefna í því máli var birt 20. ágúst 1960. Líða því ekki full 4 ár, frá því að stefnanda mátti vera ljóst misræmi afsalanna um baðið og þar til hann höfðar mál til viðurkenningar rétti sínum.

Að þessu athuguðu þykir ekki unnt að líta svo á, að kröfur stefnanda séu niður fallnar fyrir vangeymslu eða að þær séu fyrndar.

Skal þá vikið að annarri megin röksemdafærslu stefnda, er hann reisir sýknukröfu sína á, þ. e. að eigi stefnandi það ítak að mega nota umrætt baðherbergi að hálfu án kvaða um viðhaldsskyldu, sé hann jafnvel betur settur en að vera skráður eigandi.

Í dómi í áðurgreindu máli stefnanda gegn móteiganda sínum að umræddri húseign, Júlíusi Þórarinssyni, kemur fram, að í afsali því, er Júlíus fékk fyrir efri hæðinni, sé svofellt ákvæði: „Eigandi neðri hæðar hússins hefur aðgang að baði í risi móti eiganda efri hæðarinnar."

Samkvæmt þessu er um að ræða þinglýst ítak eiganda neðri hæðar til handa um afnotarétt af baðinu, sem ekki verður talið bundið við ákveðinn eiganda, heldur hvern þann, sem síðar kann að

eignast neðri hæð hússins. Er því hér um að ræða framseljanlegan afnotarétt, sem ekki fellur úr gildi, fyrr en hann er afnuminn með nýrri yfirlýsingu húseiganda.

Eins og fram kemur í málsatvikalýsingu í stefnu, lét stefnandi meta til fjár verðrýrnun á eignarhluta sínum, er skorið hafði verið úr því með dómi, að umrætt baðherbergi fylgdi ekki að hálfu eignarhluta hans, eins og tilgreint var í afsali. Mátu matsmennirnir verðrýrnunina kr. 13.600.00.

Hins vegar hefur matsmálið ekki verið lagt þannig fyrir matsmennina, að tilgreint væri, að eigandi neðri hæðar hússins ætti afnotarétt af baðherberginu. Þótti því rétt að leggja úrlausn málsins undir fjölskipaðan dóm, er mæti sjálfstætt fjárhæð bótakröfunnar með tilliti til afnotaréttarins, ef hún þætti á rökum reist.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, líta dómendur svo á, að afnotaréttur af umræddu baðherbergi verði ekki metinn til jafns við eignarrétt að því og eigi því stefnandi rétt til bóta úr hendi stefnda, vegna þess að eignarréttur að hálfu baðherbergi, sem tilgreindur var í afsali stefnda til stefnanda, reyndist aðeins vera afnotaréttur.

Hins vegar líta dómendur svo á, að lækka beri bótakröfuna að mun frá því sem stefna hljóðar upp á með tilliti til afnotaréttarins. Þykja bætur til handa stefnanda af þessum sökum hæfilega metnar kr. 12.500.00, þar með talinn málskostnaður í málinu nr. 882/1960, sem stefnandi höfðaði gegn móteiganda sínum að húseigninni, Júlíusi Þórarinssyni, þar sem telja verður, að sú málshöfðun hafi verið nauðsynlegur undanfari þessa máls.

Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.500.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. júlí 1963 til 31. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.700.00, þar með talinn matskostnaður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Skúla H. Norðdahl arkitekt og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Óskar Jónasson, greiði stefnanda, Dagbjarti Majas-

syni kr. 12.500.00 með 7% ársvöxtum frá 20. júlí 1962 til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1966.

Nr. 58/1963. **Íslenzka vöruskiptafélagið**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Siguður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1963. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi, synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðar og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Íslenzka vöruskiptafélagið, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 19. marz 1963.

Gerðarþola, Íslenzka vöruskiptafélaginu hér í borg, var skv. skattreikningi fyrir ár 1960 gert að greiða þinggjöld samtals kr. 31.764.00. Af gjöldum þessum var fellt niður 8. október 1960 kirkjugarðsgjald kr. 49.00, og 17. nóvember sama ár greiddi gerðarþoli upp í framangreind gjöld kr. 1.966.00. Hinar ógreiddu eftirstöðvar voru því kr. 29.749.00. Ennfremur var gerðarþola skv. skattreikningi fyrir ár 1961 gert að greiða þinggjöld samtals kr. 20.948.00. Upp í gjöld þessi greiddi gerðarþoli 30. september 1961 kr. 2.193.00, og eru því ógreiddar eftirstöðvar fyrir það ár kr. 18.755.00.

Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt framangreindar fjárhæðir, hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindum þinggjöldum, samtals kr. 48.504.00, með 12% dráttarvöxtum p. a. af kr. 29.749.00 frá 3. febrúar 1961 til greiðsludags og 12% dráttarvöxtum af kr. 18.775.00 frá 3. apríl 1962 til greiðsludags og að honum verði úrskurðaður úr hendi gerðarbeiðanda hvers konar kostnaður af þessu máli.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framangreindum þinggjaldskröfum og gert þær kröfur í málinu að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður að skaðlausu úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur reisir umboðsmaður gerðarþola meðal annars á því, að eftir að löndunarbann Breta á fiski frá Íslandi skall á á sínum tíma, hafi verið knýjandi nauðsyn að nota alla fiskmarkaði, sem völ hafi verið á, þar á meðal markaðinn í Austur-Þýzkalandi og í öðrum svonefndum „Járntjaldslöndum". Hins vegar hafi íslenzka ríkisstjórnin verið í miklum vanda stödd um þessi mál, þar eð hún hafi eigi viðurkennt lönd þessi og því eigi getað verið beinn aðili að viðskiptasamningnum við þau, en hér hefði þurft flókna viðskiptasamninga, þar eð kaupendur fiskafurða okkar þar eystra krefjist yfirleitt vöruskipta, en greiði eigi í peningum. Þáverandi ríkisstjórn Íslands hefði því horfið að því ráði, að skapaður yrði aðili til þess að hafa með höndum viðskiptasamninga við þessi lönd og greiða fyrir viðskiptum við þau, allt undir yfirstjórn og umsjá viðskiptamálaráðuneytisins. Ráðuneytið hafi því snúið sér til þriggja aðilja, samtaka stórkaupmanna, Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar

hraðfrystihúsanna um lausn á þessu vandamáli á þann hátt, að aðiljar þessir tækju að sér að formi til hlutverk ríkisstjórnarinnar gagnvart þessum óviðurkenndu löndum. Hafi það þó orðið úr, með samþykki viðkomandi stjórnarvalda, að téðir aðiljar stofnuðu árið 1953 „Íslenzka vöruskiptafélagið“ og hafi samþykktir félagsins, eins og allt annað hér að lútandi, verið bornar undir rétt stjórnarvöld og samþykktar af þeim. Eins og lög félagsins beri með sér, gegni það eingöngu fyrirgreiðslu, sem aðallega sé fólgin í samningagerðum við erlenda aðilja, sem falli undir 1. lið 3. gr. félagslaganna, og hafi með höndum vörukaup og vörusölu, en þetta tvennt síðarnefnda hefði þó aðallega verið ætlað einstökum innflytjendum, enda hafi frá öndverðu verið svo ákveðið, að félagið skyldi eigi rekið með hagnað fyrir augum. Hins vegar hefði þó starfsemi félagsins getað haft töluverða áhættu í för með sér og með tilliti til þess hafi ákvæði 5. gr. félagslaganna um áhættusjóð verið sett. Og til þess að standast kostnað af rekstri félagsins, svo sem í sambandi við samningagerðir við erlenda aðilja og skrifstofuhald, hafi ákvæðið um 1% gjaldið í 5. gr. nefndra laga verið sett. Sýni þessi lági hundraðshluti með öðru, að hér hafi eigi verið stofnað til gróðafyrirtækis, enda félagið nánast sem einskonar ríkisstofnun, eins og til þess var stofnað. Hið sama sýni og ákvæði 4. gr. félagslaganna um, að ef um rekstrarafgang verði að ræða, þá skuli honum ráðstafað til almenningsheilla. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola bent á það, að skattayfirvöldin hafi í upphafi sýnt fullan skilning á eðli félagsins og eigi gert því neina skatta. Bæjarsjóður hafi og eigi innheimt útsvar hjá félaginu. En ár 1955 hafi opinber gjöld verið lögð á félagið, en verið felld niður með úrskurði ríkisskattanefndar frá 27. maí 1955. Hið sama hafi gerzt árið eftir. Hins vegar vilji skattayfirvöldin nú skattleggja félagið fyrir árin 1960 og 1961. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola bent á, að skv. 2. gr. félagslaganna in fine sé hér um félag með takmarkaðri ábyrgð að ræða og skv. a-lið 3. gr. l. nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt séu slík félög undanþegin skatti, ef þau verji tekjuafgangi sínum eingöngu til almennra þarfa og það hafi félagið gert, sbr. rjsk. nr. 16, en hafi þó viljað fara varlega í að eyða eignum sínum vegna áhættunnar, sem rekstri þess fylgir. Hins vegar séu líkur til þess, að brátt líði að því, að félagið hætti störfum, þar eð jafnvirðiskaup frá óviðurkenndum löndum hafi mjög dregizt saman, og verði þá öllu, sem það á eftir, varið til almenningsheilla.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við

munnlegan flutning málsins mótmælt sjónarmiði og kröfum gerðarþola og rakið efni málsins frá sjónarmiði umbj. síns. Hefur hann bent á það varðandi skatta álagða 1960, að gerðarþoli hafi eigi skilað skattskýrslu fyrir það ár, eins og honum hafi þó borið skylda til, sbr. 33. gr. l. nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt. Hinsvegar hafi borizt frá gerðarþola til skattstofunnar samlagningarmiði um rekstrarkostnað vegna mannahalds að upphæð kr. 182.231.02 og ennfremur rekstrar- og efnahagsreikningur pr. 31. des. 1959. Þar eð gerðarþoli hafi eigi talið fram, sem honum bar, hafi honum verið áætlaðar tekjur og eignir og einnig skattar (sbr. rjsk. nr. 5A og nr. 6). Gerðarþoli hafi kært þessa skattaálagningu til skattstofunnar, yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, en allir þessir aðiljar hafi úrskurðað, að skattarnir skyldu óbreyttir standa. Varðandi skattaáætlunina fyrir 1960 hefur umboðsmaður gerðarþola ennfremur skírskotað til 35. gr. l. nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt og einnig til 3. sbr. 4. gr. sömu laga. Um skattaálagninguna fyrir ár 1961 hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda tekið það fram, að í janúarmánuði 1961 hafi skattstofunni borizt frá gerðarþola samlagningarmiði um rekstrarkostnað vegna mannahalds, kr. 196.107.00 (rjsk. nr. 14) og að framtal hans hafi borizt 15. apríl 1961 (rjsk. nr. 15) og rekstrar- og efnahagsreikningur pr. 31. des. 1960 (rjsk. nr. 16). Varðandi skattana 1961 hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda skírskotað til 3. sbr. 4. gr. nefndra laga um tekjuskatt og eignarskatt og hefur haldið því fram með tilvísun til framangreinds, að skattskylda gerðarþola varðandi bæði umrædd ár sé ótvíræð svo og greiðsluskylda hans, og hefur nefndur umboðsmaður í því sambandi við munnlegan flutning málsins bent á 2. lið 8. gr. reglugerðar nr. 147/1955 um tekjuskatt og eignarskatt. Þessu síðasta atriði hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt og haldið því fram, að eigi sé nauðsynlegt að ráðstafa öllum tekjuafgangi skv. ákvæði því í nefndri reglugerð, sem hér er um að ræða, til þess að njóta þess skattfrelsis, sem a-liður 3. gr. skattalaganna fjallar um, enda sé ljóst af skjölum málsins (rjsk. nr. 34), að sum ár hafi framlög gerðarþola til almenningsheilla numið meiru fé en tekjurnar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur eftir munnlegan flutning málsins afhent fógeta utan réttar rjsk. nr. 35, sem hér með er lagt fram, svohlj., og er skjal þetta með árituðum mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda, sem telur skjalið engu varðandi um nið-

urstöðu málsins, þar eð gjöfum þeim, sem í skjalinu eru tilgreindar, hafi eigi verið varið til almennra þarfa.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarþola gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, meðal annars af þeim ástæðum, að félag gerðarþola hafi verið stofnað að tilhlutan þáverandi ríkisstjórnar til þess eingöngu að leysa vandamál í sambandi við viðskipti við lönd, sem ríkisstjórnir Íslands höfðu eigi viðurkennt og ríkisstjórnin hafði því eigi aðstöðu til að gera viðskiptasamning við, að gerðarþoli hafi því eingöngu annazt fyrirgreiðslu á þessu sviði, enda félagið skv. lögum sínum eigi verið rekið með hagnað fyrir augum og að það sé félag með takmarkaðri ábyrgð og verji samkvæmt lögum sínum tekjuafgangi, ef einhver kann að verða, til almennra þarfa og sé því skattfrjálst skv. a-lið 3. gr. l. nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, enda hafi gerðarþoli ráðstafað tekjuafgangi sínum í samræmi við ákvæði nefndrar lagagreinar. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að eigi skipti máli, þótt gerðarþoli hafi eigi sent skattstofunni framtöl fyrir þau ár, sem hér ræðir um, enda hafi gerðarþoli talið sig skattfrjálsan og hafi verið það.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar krafizt framgangs hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á þeim forsendum, að gerðarþoli hafi eigi skilað skattskýrslu fyrir ár 1960, sem honum hafi þó borið skylda til, sbr. 33. gr. l. nr. 46/1954, og því hafi honum réttilega verið áætlaðar tekjur og eignir og skattar skv. 35. gr. sömu laga. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að gerðarþoli hafi að því er varðar skattaálagninguna bæði umrædd ár verið skattskyldur skv. a-lið 3. greinar l. nr. 46/1954, þar eð gerðarþoli hafi eigi fullnægt þeim skilyrðum um skattfrelsi, sem sett eru í síðari hluta a-liðs nefndrar lagagreinar, þar eð ekkert af styrkjum þeim, sem gerðarþoli hafi látið af hendi, hafi farið til „almennra þarfa“, eða að minnsta kosti hafi tekjuafgangi félagsins ekki öll árin einungis verið varið til „almennra þarfa“.

Það hefur að vísu eigi verið vefengt í máli þessu, hversu til félags gerðarþola var stofnað, né að tilgangur þess hafi skv. félagslögum (sbr. 3. gr.) verið sá að greiða fyrir þeim viðskiptum, sem í greininni eru tilfærð. Eigi heldur hefur það verið vefengt, að félaginu hafi eigi verið ætlað að afla ágóða eða hagnast á þessum viðskiptum (sbr. 3. gr.), né að félagið hafi eigi greitt arð en

aðeins 6% vexti af stofnfé (4. gr. félagslaganna). Ennfremur er það tekið fram í 2. mgr. 12. gr. félagslaganna, að verði um rekstrarafgang að ræða af starfsemi félagsins, skuli honum ráðstafað til líknarstofnana, sem starfa að almenningsheill. Á öllum þessum atriðum hefur gerðarþoli reist kröfu sína um skattfrelsi skv. a-lið 3. gr. l. nr. 46/1954 og sýknu af kröfum gerðarbeiðanda í máli þessu. Hér kemur því öðru fremur til álita, hvort gerðarþoli hafi fullnægt þeim skilyrðum um skattfrelsi, sem í síðari hluta a-liðs 3. gr. nefndra skattalaga greinir, og enn fremur, hvort gerðarþola hafi verið skylt eða eigi að skila framtali til skattstofunnar. Í 3. gr. l. nr. 46/1954 segir svo: „Tekjuskatt greiða ennfremur: a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa". Og í 2. tölul. 8. gr. reglug. nr. 147/1955 um tekjuskatt og eignarskatt (um félög undanþegin tekjuskatti) segir: „Félög með takmarkaðri ábyrgð, þótt þau reki atvinnu, ef öllum tekjum þeirra er varið til almennra þarfa. Hins vegar verða slík félög skattskyld af öllum tekjum sínum, þótt þau verji einhverjum hluta tekna sinna til menningar og mannúðarmála". Af rjsk. nr. 34, sem umboðsmaður gerðarþola hefur lagt fram í málinu, sést, að á árunum 1957 og 1958 eru nettótekjur gerðarþola samtals kr. 222.528.99, en að hann greiðir á þeim árum ekkert til almennra þarfa. Árið 1959 eru nettótekjurnar kr. 66.379.93 og af því fé ráðstafað til styrktar vandamanna þeirra, er fórust með skipunum „Júlí" og „Hermóði" í febrúar 1959, samtals kr. 10.000.00 og til Finnboga Guðmundssonar til utanfarar til lækninga vegna lömunar kr. 10.000.00 (liðurinn „Gjafir" á rjsk. nr. 34 sbr. og rjsk. nr. 35), eða alls kr. 20.000.00. Árið 1960 eru nettótekjur gerðarþola kr. 16.491.99, og þá gefur gerðarþoli til Rafnkelssöfnunarinnar kr. 10.000.00 og til Styrktarfél. vangefinna kr. 30.000.00, eða samtals kr. 40.000.00. Árið 1961 eru nettótekjurnar kr. 12.852.05, en þá lætur gerðarþoli engar gjafir af hendi rakna. Gerðarþoli hefur þannig á árunum 1957—1961 incl. haft í nettótekjur samtals kr. 334.633.53, en á sama tíma eigi lagt fram til gjafa nema kr. 60.000.00 samtals, og í þeirri fjárhæð eru að minnsta kosti kr. 10.000.00 (til Finnboga Guðmundssonar), sem eigi geta talizt til „almennra þarfa". Af þessu virðist ljóst, að gerðarþoli hefur eigi ráðstafað tekjuafgangi sínum á umræddum tíma þannig, að hann hafi með því fullnægt því skilyrði fyrir skattfrelsi, sem sett er í síðari hluta a-liðs 3. gr. laga nr. 46/1954, sbr. og 2. tölulið 8. gr. reglug. nr. 147/1955 um tekjuskatt og eignarskatt, og að gerðarþoli hafi því

þegar af þeirri ástæðu orðið skattskyldur að því er tekur til skatts tveggja umræddra ára skv. fyrri hluta a-liðs 3. gr. nefndra skattalaga, sbr. og síðari hluta 2. tölul. 8. gr. nefndrar reglug. nr. 147/1955. Þá verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsmanns gerðarbeiðanda, að gerðarþola hafi borið skv. 33. gr. nefndra skattalaga að skila skattskýrslum til skattstofunnar, þar eð skattfrelsi gerðarþola var skilyrðisbundið skv. ákvæðum skattalaganna og því nauðsynlegt, að skattayfirvöldin ættu þess kost að fylgjast með því, hvort þeim skilyrðum væri fullnægt eða ekki frá ári til árs. Skattayfirvöldunum var því heimilt skv. 35. gr. l. nr. 46/1954 að áætla gerðarþola tekjur og eignir og skatt fyrir ár 1960, sbr. og 3. og 4. gr. sömu laga, og einnig samkvæmt áður sögðu að skattleggja gerðarþola fyrir ár 1961 skv. sömu lagagreinum.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður sé látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1966.

Nr. 196/1966. **Centrotex**

gegn

Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Centrotex, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1966.

Nr. 197/1965. **Centrotex**

gegn

Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Centrotex, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1966.

Nr. 198/1965. **Centrotex**

gegn

Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Centrotex, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1966.

Nr. 13/1966. **Jón Daníelsson** (Hjörtur Torfason hdl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Bogi Ingimarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Hann

hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Dómkröfur hans eru, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lög nr. 63/1954 gera eigi ráð fyrir því, að tjónþolendum séu bætt spjöll, sem friðaðir ernir valda. Verða áfrýjanda því eigi dæmdar skaðabætur samkvæmt beinum ákvæðum laga þessara.

Eggver æðarfugla í varplöndum áfrýjanda njóta friðhelgi samkvæmt upphafsákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, 8. gr. og 9. gr. laga nr. 63/1954. Áfrýjanda var því rétt samkvæmt undirstöðurökum 12. gr. laga nr. 19/1940 að verjast árásum þeim, sem örn gerði á æðarfugl í varplöndum hans vorið 1957, með öllum tiltækilegum ráðum, sem sannanlega færu eigi lengra en nauðsyn krafði. Áfrýjandi hlítti banni yfirvalda við því að verjast erninum, svo sem hann taldi duga. Má gera ráð fyrir, að tjón áfrýjanda af völdum arnarins hafi orðið meira fyrir þá sök, að hann af hlýðni við bann yfivalda hélt að sér höndum. Þykir eðlilegt, að ríkissjóður bæti áfrýjanda það tjón af völdum arnarins, sem áfrýjandi beið, vegna þess að hann beitti eigi varnarrétti sínum. Nokkuð er á huldu um þetta tjón áfrýjanda, enda voru eigi dómkvaddir menn til að meta það, þrátt fyrir það að áfrýjandi beiddist slíkrar dómkvaðningar í bréfi til sýslumanns 8. ágúst 1957. Hér er og þess að minnast, að svartbakur herjar mjög á eggver æðarfugla. Að öllu athuguðu, þar á meðal sönnunaraðstöðu í máli þessu, þykir rétt að meta bótaskylt tjón áfrýjanda kr. 15.000.00. Ber að dæma stefnda til að greiða honum þessa fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags.

Kostnaður af máli þessu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda í héraði, kr. 10.000.00, og laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Jóni Daníelssyni, kr. 15.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags.

Kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda í héraði, Jóhannesar Lárussonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, og laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Hjartar Torfasonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur Jón Daníelsson bóndi, Hvallátrum, Flateyjarhreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að fengnu gjafsóknarleyfi, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. apríl 1957 til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, er ákvarðaðar verði að mati dómarans, ásamt 7% ársvöxtum frá 15. apríl 1957 til greiðsludags. Hvernig sem úrslit málsins verða, krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins var vaxtakröfu stefnanda breytt. Var þess nú krafizt, að vextir verði dæmdir frá 1. júlí 1957.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi hefur stefnt menntamálaráðherra til réttargæzlu í málinu. Af hálfu réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Vorið 1957 hélt örn sig í varplandi Hvallátra og gjörspillti því, og var æðarvarp fyrst farið að nálgast eðlilegt horf á árinu 1962. Stefnandi sneri sér til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, strax og örninn hóf spjöllin, og baðst leyfis að mega granda honum. Fulltrúi sýslumannsins kom ósk stefnanda á framfæri við menntamálaráðuneytið, en þar var synjað um leyfið og talið víst, að tjón stefnanda yrði bætt úr ríkissjóði. Þetta kveður stefnandi ekki

hafa verið gert þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Stefnandi telur tjón sitt vegna rýrnunar dúntekju, sem tvímælalaust megi kenna spjöllum arnarins á varplandinu og afleiðingum þess, nema kr. 75.000.00. Telur stefnandi ríkisvaldið bera ábyrgð á tjóni þessu og hefur því höfðað mál þetta.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu. Hann kveður varpland að Hvallátrum vera talið vera í um 200-300 eyjum og hólmum, en misjafnlega mikið á hverjum stað. Mest kveður hann varpið muni vera í eyjum og hólmum næst heimaeyjunni sjálfri, enda sé þar bezt hægt að hlúa að varpinu. Bezta varpið kveður stefnandi vera í Lyngey og hólmum og eyjum í kringum hana. Eyju þessa kveður hann vera í 1—2 km. fjarlægð frá heimaeyjunni og muni taka um stundarfjórðung að fara á milli þeirra um flæði, en þegar lágsjávað er, kveður hann það geta tekið um klukkustund. Í júnímánuði 1957 kveðst stefnandi hafa orðið þess var, að örn var kominn í varpland jarðarinnar og tekinn að spilla hreiðrum og drepa fuglinn. Kveður hann örninn hafa haldið sig mest í Lingey og hafa sézt fljúga þarna yfir í nágrenninu. Strax og vart varð við örninn í varplandinu, kveðst stefnandi hafa farið og athugað aðstæður og hafi þá komið í ljós, að búið hafi verið að vinna spjöll á varplandinu. Strax þennan sama dag kveðst stefnandi svo hafa hringt til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og beðið um leyfi til að mega granda erninum. Fulltrúi sýslumannsins, Svavar Jóhannsson, hafi síðan átt tal við fulltrúa í menntamálaráðuneytinu og komið málaleitaninni á framfæri. Stefnandi kveður málaleitan sinni hafa verið synjað af fulltrúa menntamálaráðuneytisins og sér jafnframt bannað að granda erninum, en fulltrúi menntamálaráðuneytisins hafi talið víst, að tjón það, sem örninn kynni að valda, yrði bætt úr ríkissjóði. Stefnandi kveður örninn hafa haldið sig þarna í varplandinu í um þriggja vikna skeið, en hann kveður ekkert hafa verið gert til að fæla hann í burtu, enda kveðst hann hafa talið, að hann væri að hlýða lögunum og að hann mundi fá tjón sitt bætt samkvæmt upplýsingum sýslumannsins. Stefnandi kveður varpið í Lingey alveg hafa verið eyðilagt, og einnig kveður hann varpinu á eyjunum þar í kring hafa verið spillt mikið. Hann kveður æðarkolluhreiðrum hafa verið spillt í hundraðatali, víða hafi fundizt æðarkolluhræ við hreiðrin, egg hafi verið horfin og dúnn ýmist farinn eða rifinn út um allt, en það, sem tekizt hafi að ná saman af dún, hafi verið léleg vara. Kveður stefnandi spjöllin hafa orðið meiri vegna þess, að

örninn hafi lagzt á varpið, þar sem það var þéttast, þ. e. þar sem mest hafði verið gert til að hæna fuglinn að. Stefnandi kveður heildartölu hreiðra þetta sumar hafa verið 3000—3500, áður en spjöll hafi verið unnin í varpinu, en hann telur, að örninn hafi spillt um 1000 hreiðrum að meira eða minna leyti. Stefnandi kveður hins vegar ekki hægt að einskorða tjónið, sem hann hefur orðið fyrir af völdum arnarins, við þann tíma, sem örninn hélt sig í varplandinu, því að æðarfuglinn hafi orðið skelfdur og forðazt varplandið og hafi það verið fyrst fimm árum síðar, sem dúntekja úr varplandinu hafi farið að nálgast eðlilegt horf. Stefnandi kveður erni hafa verið þarna í eyjunum á hverjum vetri, hafi þeir verið einn til tveir, en mest hafi hann vitað um þrjá erni. Ekki kveður hann þörf hafa verið talda á því að fæla örn burt úr eyjunum, þótt hann hafi sézt þar. Venjulega kveður hann örninn hverfa á brott úr eyjunum, þegar kemur fram á vor og hlýnar. Stefnandi kveðst vera búinn að eiga heima alla æfi á Hvallátrum og kveður þetta vera eina árið, sem örn hafi valdið tjóni í varplandinu, sem vitað er, að sé af hans völdum. Stefnandi kveður mikið af svartbaki fljúga yfir eyjarnar, en kveður hann verpa lítið í eyjunum. Hann kveður svartbakinum haldið í skefjum yfir varptímann og sé bæði eitrað fyrir hann og eins sé hann skotinn. Stefnandi kveður því varplöndin, sem haldið er við, nýtast þrátt fyrir svartbakinn.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að fulltrúi menntamálaráðuneytisins hafi í símtali við fulltrúa sýslumannsins á Patreksfirði bannað, að stefnandi grandaði erninum, sem í varplandinu var, en fulltrúi menntamálaráðuneytisins hafi jafnframt lofað, að bætur yrðu greiddar úr ríkissjóði fyrir tjón það, sem stefnandi yrði fyrir af völdum arnarins. Er því haldið fram í þessu sambandi, að fordæmi sé fyrir því, að slíkar bætur hafi verið greiddar. Þá eru kröfur stefnanda á því reistar, að samkvæmt fuglafriðunarlögum sé örninn friðaður ásamt öðrum fuglum. Friðunarlög sem þessi séu takmörkun á eignarrétti manna og þau séu sjálfsögð, þegar um er að ræða friðun nytjafugla, t. d. æðarfugls. Þessu sé hins vegar ekki til að dreifa með örninn. Hann sé ekki nytjafugl, heldur ránfugl og skaðvaldur. Hann sé friðaður af tilfinningarsjónarmiðum. Því sé augljóst, að þegar löggjafinn takmarki eignarrétt manna á þennan hátt, þ. e. meini mönnum með friðunarlögum að verja eigur sínar fyrir skaðvöldum, sem friðaðir eru, þá sé eðlilegt, að ríkissjóður bæti mönnum tjón, sem þeir verða fyrir af þessum sökum.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að spjöll, sem friðaðir ránfuglar valda á eignum manna, séu almennar takmarkanir á eignarrétti þeirra, sem þeir verði að sætta sig við bótalaust, enda sé með friðun arnarins ekki verið að taka eignarhald af neinum. Er á það bent í þessu sambandi, að friðun arnarins sé ekki runnin af fjáhagslegum rótum, heldur liggi að baki hennar þjóðfélagsleg, líffræðileg sjónarmið og tilfinningarástæður. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að ósannað sé, að örn hafi valdið tjóni því, sem stefnandi varð fyrir. Einnig er fjárhæð bótakröfu stefnanda mótmælt sem ósannaðri.

Það er fram komið, að stefnandi er eigandi jarðarinnar Hvallátra að hluta og að fóstursystir hans, Anna Ólafsdóttir, og stjúpbörn hans, Aðalsteinn Aðalsteinsson og Björg Aðalsteinsdóttir, eiga jörðina á móti honum. Í málinu hefur ekki verið vefengt, að æðarvarp að Hvallátrum teljist hlunnindi jarðarinnar og að arður af því sé eign stefnanda sem ábúanda jarðarinnar.

Með ákvæðum veiðitilskipunarinnar frá 20. júlí 1849 var alfriðun æðarfugls hér á landi staðfest. Hefur æðarfugl síðan verið alfriðaður. — Í fyrstu almennu fuglafriðunarlögunum frá 17. marz 1882 var örninn ekki friðaður. Með lögum nr. 59/1913 mun örninn fyrst hafa verið friðaður hér á landi. Var hann þá friðaður í fimm ár. Með lögum nr. 59/1919 var örninn enn friðaður og nú til ársins 1940. Ekki var í lögum þessum ákvæði um neinar bætur til handa þeim, er kynnu að verða fyrir tjóni af ágangi arnarins, eftir að friðunin gekk í gildi. Með lögum nr. 83/1940 var friðunartími arnarins framlengdur til ársloka 1950, sbr. 1. gr. Í 2. gr. laga þessara var svo ákveðið, að er örn verpi í nánd við friðlýst æðarvarp eða eyði mjög æðarvarpi, þá sé ráðherra heimilt að láta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að verjast tjóni af völdum hans. Ekki kemur þó fram í hverju ráðstafanir þessar skyldu fólgnar. Með lögum nr. 107/1950 um breytingu á síðastgreindum lögum var friðunartími arnarins enn framlengdur til ársloka 1960. Með fuglafriðunarlögum nr. 63/1954 voru viltir fuglar alfriðaðir hér á landi, þó með nokkrum undantekningum. Með lögunum var örninn alfriðaður. Eru lög þessi nú í gildi. Ekki er í lögunum ákvæði um bótaskyldu ríkissjóðs vegna tjóns, sem friðaðir fuglar kunna að valda.

Á árinu 1959 var framkvæmd athugun á útbreiðslu arnarins hér á landi. Fundust þá 19 anarhreiður, en ekki var varp nema í 11 þeirra. Voru þrjú hreiður við Ísafjarðardjúp og orpið í þeim öllum, í Baðastrandarsýslu við Breiðafjörð voru 8 hreiður og orp-

ið í þrem þeirra, í Dalasýslu voru fimm hreiður og orpið í tveim þeirra, og á norðanverðu Snæfellsnesi voru þrjú hreiður og orpið í þeim öllum. Samkvæmt þessu var talið, að að minnsta kosti 38 fullorðnir ernir væru þá á lífi hér á landi á árinu 1959. Var og talið, að þessi fjöldi hefði haldizt svipaður frá því á árinu 1939.

Samkvæmt hlunnindaskýrslum Hagstofu Íslands fyrir árið 1957 var dúntekja í 73 hreppum á landinu. Eru 30 hreppar í þeim sýslum, þar sem arnarhreiður fundust árið 1959 samkvæmt framansögðu. Samkvæmt skýrslunni er dúntekja langmest í Flateyjarhreppi í Barðastrandarsýslu.

Það kemur fram í bréfi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu til menntamálaáðuneytisins, dags. hinn 16. janúar 1958, að er stefnandi fór þess á leit vorið 1957 að mega granda erni þeim, sem þá var í varplandinu, hafi þeirri málaleitan verið synjað af fulltrúa menntamálaráðuneytisins, en fulltrúi þessi hafi talið víst, að tjón stefnanda yrði bætt af ríkissjóði. Í málinu hafa verið lögð fram vottorð, sem hann í framhaldi af þessu aflaði að ábendingu sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um tjón það, sem örninn vann í varplandinu. — Í vottorði Jens E. Nikulássonar, Svefneyjum, kveður hann sér kunnugt um, að örn hafi haldið sig að staðaldri í varplöndum Hvallátra vorið 1957 og gert þar mikinn usla með því að rífa upp æðarhreiður og drepa fullorðna æðarfugla. Jens kveður, að eftir því sem dúntekja hafi orðið í Hvallátrum þetta vor samanborið við dúntekju í öðrum eyjum hljóti skaði af völdum arnarins að hafa orðið mikill, enda kveður hann sér kunnugt um, að dúntekja í Hvallátrum vorið 1957 hafi orðið stórum minni en í meðallagi, en vegna hagstæðs tíðarfars hafi dúntekja í öðrum eyjum orðið meiri en undanfarin ár. — Í vottorði þeirra Gísla E. Jóhannessonar og Guðmundar Guðmundssonar, Skáleyjum, kveða þeir örn hafa haldið sig í varplöndum Hvallátra vorið 1957 og hafa gert mikinn usla í varpinu, svo að sýnt hafi verið, að af hans völdum mundi töluverð rýrnun verða á dúntekju. Þeir kveða veðráttu um varptíman hafa verið með afbrigðum góða og hafi dúnn nýtzt sérstaklega vel og sé því ástæða til að halda, að dúntekja hefði ekki orðið lakari en meðallag síðustu ára sýnir, ef örninn hefði ekki haldið sig í varplöndunum og gert þar usla. Þeir kveða dúntekju annars staðar þarna um slóðir hafa verið svipaða og undanfarin ár, sums staðar meiri, að undanskildu árinu 1956. Þá hafi allir varpeigendur orðið fyrir miklu tjóni af völdum stórflæðar, sem gengið hafi yfir um varptímann. — Í vottorði Guðmundar Guðmundssonar, Skáleyjum, dags. 18. apríl

1958, kveðst hann hafa komið í varpland Hvallátra vorið 1957 og séð örn í landinu. Hann kveður mikið hafa verið af sundurrifnum æðarkolluhræjum við útspænd og eyðilögð hreiður. Einnig kveður hann mikið hafa borið á yfirgefnum hreiðrum. Eftir þeirri reynslu, sem hann kveðst hafa af eyðileggingu arnar í æðarvarpi, kveður hann umrætt tjón af völdum arnarins mjög mikið auk hins stórkostlega tjóns, sem síðar verði vegna fráfælingar fuglsins, sem alltaf taki mörg ár að jafna sig. — Í málinu hafa verið lögð fram vottorð fleiri nágranna stefnanda og einnig heimamanna hans, og hníga þau öll í sömu átt og greind vottorð. Af hálfu stefnda hefur vottorðum þessum verið mótmælt sem röngum og vilhöllum, en ekki hefur þeim verið mótmælt sem óstaðfestum. — Þegar virt er það, sem rakið hefur verið, skýrsla stefnanda, málaleitan hans til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og hliðsjón höfð af vottorðum þeim, sem hér hafa verið rakin, þá þykir verða að telja nægilega fram komið, að örn hafi haldið sig í varplöndum Hvallátra vorið 1957 og valdið þar tjóni. Gegn eindregnum andmælum af hálfu stefnda þykja ekki hafa verið færðar að því sönnur af hálfu stefnanda, að af hálfu ríkisvaldsins hafi verið gefið bindandi loforð um að bæta stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir af völdum arnarins í umrætt sinn. Verður greiðsluskylda stefnda því ekki byggð á þeirri málsástæðu. Í málinu hefur komið fram, að á árinu 1949 eða 1950 greiddi ríkissjóður kr. 1.500.00 í bætur vegna spjalla, sem örn hafði valdið í varplandi Reykhóla í Barðastrandarsýslu. Ekki verður þó talið, að greiðsla þessi skapi fordæmi, svo að bindandi sé fyrir ríkisvaldið um greiðsluskyldu gagnvart stefnanda. Af skýrslu stefnanda kemur fram, að örninn hefur verið búinn að vinna spjöll á varpinu, þegar farið var að huga að honum. —Það er því ekki ótvírætt orsakasamband milli takmörkunar þeirrar, sem friðun arnarins hafði á aðgerðir stefnanda til varnar og tjóns þess, sem hann varð fyrir, enda verður á engan hátt fallizt á það, að ríkisvaldið beri almennt ábyrgð á öllu því tjóni, sem friðaðir fuglar kunna að valda. Þrátt fyrir þetta þykir verða að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnanda, að takmarkanir þær, sem friðun arnarins kann að hafa á hagnýtingu æðarvarps, séu slík skerðing á eignarrétti manna, að ríkisvaldinu beri að bæta tjón, sem af þeim sökum hlýzt. — Í lögum nr. 83/1940 um friðun arnarins var svofellt ákvæði í 2. gr. „Nú verpir örn eða valur í nánd við friðlýst varpland, eða eyða mjög æðarvarpi, og er þá ráðherra heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., að láta gera nauðsynlegar ráðstafanir til að

verjast tjóni af völdum þeirra". Í fuglafriðunarlögum nr. 63/1954 er ekkert samsvarandi ákvæði eða ákvæði, sem leggur ríkisvaldinu á herðar greiðsluskyldu vegna tjóns, sem friðaðir fuglar kunna að valda. Ekki er því ríkissjóði með beinum lagaákvæðum lögð sú skylda á herðar að bæta slíkt tjón, sem stefnandi varð fyrir. Það mun almennt álitið, að örninn lifi að nokkru á æðarfugli, og alkunna er, að æðarfugl hræðist örninn og fælist og flýr varplönd, er örninn heldur sig þar eða jafnvel, er hann flýgur þar yfir. Er hér um að ræða náttúrulögmál, sem friðunaraðgerðir hafa engu um breytt. Áhætta sú, sem varpbændum stafar af þessu, er almenn í þeim landshlutum, þar sem örninn heldur sig. Verður að telja, að takmarkanir, sem friðunarlög leggja varpbændum á herðar um verndun varplanda frá ágangi arnarins, séu almennar takmarkanir eignarréttar, sem ekki brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eða reglur íslenzks réttar að öðru leyti. Verður bótaskylda vegna tjóns þess, sem stefnandi varð fyrir af völdum arnarins, því ekki lögð á ríkissjóð. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóhannesar Lárussonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr. 13.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Daníelssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Málssónarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóhannesar Lárussonar hæstaréttarlögmanns, kr. 13.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Föstudaginn 4. febúar 1966.

Nr. 190/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Pétri Daníelssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg sýslumaður kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Hjálmar Húnfjörð Eyþórsson lögreglumaður gefið skýrslu fyrir dómi og staðfest vætti sitt.

Aðfaranótt sunnudagsins 19. júlí 1964 var ákærði á samkomu að Víðihlíð í Húnavatnssýslu. Neytti hann þar áfengis og gerðist ölvaður. Eftir að samkomunni var lokið klukkan tvö um nóttina, ók ákærði þannig á sig kominn bifreið sinni, H 339, ljóslausri, frá Víðihlíð áleiðis heim til sín, en við Lækjamót í Víðidal stöðvaði Hjálmar Húnfjörð Eyþórsson lögreglumaður frekari akstur ákærða og færði hann til læknis á Blönduósi, þar sem honum var tekið blóð til áfengisrannsóknar. Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 22. júlí 1964, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1,97‰.

Ekki verður séð, að ákærða hafi borið að hafa ljósker bifreiðar sinnar tendruð við framan greindan akstur. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot gegn 1. mgr. 53. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Samkvæmt niðurstöðu áfengisrannsóknar á blóði ákærða, vætti lögreglumanns og eigin játningu ákærða sjálfs þykir hann hins vegar sannur að sök um brot gegn 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 3. mgr. 80. gr. og 2. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þá ber að svipta ákærða leyfi til bifreiðarstjórnar eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Það athugast, að héraðsdómari ákveður ákærða sektarrefsingu, þótt hann heimfæri brot ákærða undir 4. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958. Ennfremur hefur héraðsdómari látið undan fallast að ákveða í hinum áfrýjaða dómi, frá hvaða tíma ákærði skuli sviptur ökuleyfi og fram fylgja því þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958. Þá er höndum mjög kastað að málsatvikalýsingu í héraðsdómi.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Daníelsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 6. marz 1965.

Mál þetta, sem var þingfest 2. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Pétri Daníelssyni bónda, Þórukoti í Þorkelshólshreppi innan Húnavatnssýslu, fyrir að aka sunnudagsnóttina 19. júlí 1964 undir áhrifum áfengis bifreiðinni H 339 frá samkomuhúsinu Víðihlíð áleiðis heim til sín, unz löggæzlumenn stöðvuðu akstur hans í grennd við Lækjamót, en þá var bifreið hans ljóslaus. Var þetta laust eftir kl. 3 um nóttina.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 53. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt í ákæruskjali saksóknara ríkisins, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til ökuleyfissviptingar samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 19. nóvember 1917 á Þorkelshóli í Þorkelshólshreppi, hefur hvorki sætt ákæru né dómi, svo að kunnugt sé.

Málsatvik eru þau, sem að framan eru talin, að því viðbættu, að ákærði hefur viðurkennt brot sitt tregðulaust, en telur sig hafa neytt svo lítils áfengis, að ekki hefði átt að koma að sök.

Samkv. alkóhólrannsókn á blóðprufu, er tekin var af ákærða á Blönduósi og framkvæmd var í rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens, fundust reducerandi efni, er samsvara 1,97‰ af alkóhóli.

Brot ákærða, að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis, ber að heimfæra undir þær greinar umferðarlaga og áfengislaga, sem hér að framan eru tilfærðar úr ákæruskjali saksóknara ríkisins, og þykir refsing sú, er ákærði hefur til unnið, hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan tveggja vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði.

Loks ber og að dæma ákærða til greiðslu alls áfallins og áfallandi málskostnaðar í máli þessu.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Daníelsson bóndi, Þórukoti, Þorkelshólshreppi, sæti 5.000.00 — fimm þúsund — króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan tveggja vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Ennfremur er hann sviptur ökuleyfi í 12 mánuði.

Svo greiði hann og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1966.

Nr. 207/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sólvin Elvari Kristjónssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Einnig ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu ákærða til Landsbanka Íslands á víxilfjárhæðinni, kr. 28.-500.00, ásamt vöxtum, þóknun og afsagnarkostnaði, eins og í héraðsdómi greinir, en innheimtulaun, kr. 4.000.00, verða ekki dæmd, þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar ber ákærða að greiða, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda í Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Sólvins Elvars Kristjónssonar, og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands kr. 28.500.00 ásamt 8,5% ársvöxtum frá 30. desember 1964 til greiðsludags, ⅓% víxilfjárhæðar í þóknun og afsagnarkostnað kr. 121.00.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1965.

Ár 1965, föstudaginn 21. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavikur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2896/1965: Ákæruvaldið gegn Sólvin Elvari Kristjónssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 27. apríl 1965, gegn Sólvin Elvari Kristjónssyni matsveini, Þrastargötu 4 hér í borg, fæddum 3. apríl 1938 í Reykjavík,

„fyrir að falsa nafn móður sinnar, Sólveigar Kristjánsdóttur, sem útgefanda og framseljanda á víxil að upphæð kr. 28.500.00, dagsettan 30. október 1964, með gjalddaga 30. desember 1964 og selja Landsbanka Íslands víxilinn á útgáfudegi hans til framlengingar víxli, sem nafn móður hans var ekki á.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru sem hér greinir:

Ákærði hafði hinn 20. júní 1964 selt í Landsbanka Íslands 28.500 króna víxil til framlengingar hluta af víxilskuld að fjárhæð 30.000 kr. Var hann sjálfur samþykkjandi, en kona hans, Hrönn Jónsdóttir, útgefandi. Hinn 30. október seldi ákærði bankanum nýjan 28.500 króna víxil til framlengingar. Var hann sjálfur samþykkjandi, en ákærði hafði sjálfur í heimildarleysi ritað nafn móður sinnar, Sólveigar Kristjánsson, sem útgefanda að víxlinum. Ákærði kveður bankastjóra ekki hafa talið nægilegt, að kona ákærða væri ein á víxlinum auk ákærða og lagt fyrir hann að fá annan útgefanda. Kveðst ákærði þá hafa gripið til þess að falsa nafn móður sinnar, enda kveðst hann ekki hafa komið sér að því að biðja hana að vera útgefandi að víxlinum.

Ákærði hefur ekkert greitt af víxilskuldinni.

Með framangreindri notkun falsaðs skjals hefur ákærði brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

1956 5/4 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi 6 mán.

1956 21/12 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn áfengis- og bifreiðalögum og 259. gr. hegningarlaga. Sviptur ökuleyfi 1 ár.

1957 18/2 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum. Sviptur ökuleyfi 1 ár.

1957 16/10 15 daga varðhald fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Þá hefur ákærði 7 sinnum sætzt á greiðslu sekta, þar af tvisvar (22. jan. 1963 og 6. marz 1964) fyrir tékkamisferli, en með því mun vera átt við brot gegn 261. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Ákærði hefur að vísu ekki fyrr verið dæmdur fyrir skjalafals né auðgunarbrot, en þegar litið er til fortíðar hans að öðru leyti og þess, að ákærði hefur engan lit sýnt á að greiða bætur fyrir brot sitt, þykja ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Samkvæmt kröfu Landsbanka Íslands, er ákærði hefur samþykkt, verður ákærði dæmdur til að greiða bankanum víxilfjárhæðina með 8,5% ársvöxtum frá 30. desember 1964, en það er gjalddagi víxilsins, svo og 1/3% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, afsagnarkostnað kr. 121.00 og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sólvin Elvar Kristjónsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands kr. 28.500.00 ásamt 8,5% ársvöxtum frá 30. des. 1964 til greiðsludags, 1/3% víxilfjárhæðar í þóknun, afsagnarkostnað kr. 121.00 og kr. 4.000.00 í málskostnað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1966.

Nr. 91/1965. **Sigurður Ögmundsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Von h/f (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir, Angantýr Elíasson skipstjóri og Páll Þorbjörnsson skipstjóri, hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1965. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 29.404.22 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 30. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi og sjóveðréttar í v/b Von II, VE 113, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Áfrýjandi sundurliðar fjárkröfu sína þannig:

I. Vangoldið kaup frá vetrarvertíð 1961 .... kr. 198.82
II. Skaðabætur vegna uppsagnar skipstjórastarfa á v/b Von II, VE 113, 2. maí 1961 .. kr. 29.205.40

Samtals kr. 29.404.22

Um 1. kröfulið.

Kröfuliður þessi, kr. 198.82, var í héraði samþykktur af stefnda og fjárhæðin dæmd áfrýjanda. Samkvæmt kvittun Landsbanka Íslands 17. desember 1965, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur stefndi lagt þar í greiðslugeymslu áfrýjanda til handa fjárhæð þessa ásamt vöxtum, samtals kr. 262.00. Að svo vöxnu kemur krafan eigi frekar til álita hér fyrir dómi.

Um II. kröfulið.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi, verður við það að miða, að áfrýjanda hafi hinn 2. maí 1961 verið vikið úr skipstjórastöðu sinni fyrirvaralaust og án saka. Samkvæmt 3. og 8. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 á áfrýjandi af þessu efni rétt á bótum úr hendi stefnda. Ekki gætir samræmis í þessum ákvæðum um fjárhæð bótanna í vissum tilvikum. Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 3. gr. virðist skipstjóri þurfa að hlíta lækkun bóta vegna atvinnutekna á öðrum vettvangi næstu þrjá mánuði eftir frávikningu. Í 8. gr. er fjallað um aukatekjur skipstjóra þ. á m. aflahlut, þegar hann á rétt á kaupi lengri tíma en hann gegnir starfi sínu. Í máli þessu er aflahlutur meginkrafa áfrýjanda. Hins vegar verður ekki ráðið af orðalagi 8. gr., að skipstjóri þurfi að hlíta frádrætti frá þeim bótum, sem greinin ræðir um, vegna tekna annars staðar frá. Þessi ákvæði 3. og 8. gr. voru upphaflega sett í þágu skipstjóra til þess að tryggja rétt hans vegna fyrirvaralausrar frávikningar, sem heimiluð er í 1. mgr. 3. gr. laganna. Eigi eru efni til, að sá, sem víkur manni úr starfi án saka og er því skaðabótaskyldur, hafi, hvernig sem á stendur, hag af því, þótt þeim, sem ranglega var upp sagt, takist á þeim uppsagnartíma, sem honum bar, að vinna sér nokkrar tekjur. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að leggja aflahlut, sem greinir í kröfugerð, kr. 22.837.10, óskertan til grundvallar bótum áfrýjanda. Ber stefnda að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 13.000.00. Á áfrýjandi sjóveðrétt til tryggingar fjárhæðum þessum í v/b Von II, VE 113, sbr. 2. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914.

Dómsorð:

Stefndi, Von h/f, greiði áfrýjanda, Sigurði Ögmundssyni, kr. 22.837.10 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 30. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Von II, VE 113, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Fyrirsvarsmenn stefnda sáu eigi um, að gerður yrði skriflegur ráðningarsamningur við áfrýjanda, er hann um haustið réðst sem skipstjóri á m/b Von II, VE 113, sbr. 1. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930, er þá giltu um þetta efni, og eigi er sannað, að hann hafi verið ráðinn til ákveðins tíma. Samkvæmt ákvæðum 20. gr. kjarasamnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem á þessum tíma giltu um lögskipti aðilja, ber áfrýjanda þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1930 var fyrirsvarsmönnum stefnda heimilt að víkja áfrýjanda úr stöðu hans hinn 2. maí 1961, svo sem rakið er í héraðsdómi, en þá átti hann rétt á bótum fyrir það tjón, er frávikningin bakaði honum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Því er ómótmælt, að skipstjóri sá, er tók við skipstjórn á m/b Von II eftir áfrýjanda, hafi á tímabilinu fá 3. maí 1961 til 3. ágúst s. á. borið úr býtum kr. 29.205.40 sem kaup og aflahlut, og miðar áfrýjandi köfu sína við þá fjárhæð. Hinsvegar er viðurkennt af áfrýjanda, að hann hafi á sama tíma haft kr. 33.227.30 í vinnutekjur. Þar sem eigi er í ljós leitt, að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni vegna frávikningar á hann samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1930 ekki rétt til bóta úr hendi stefnda vegna þessa.

Í héraðsdómi var stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kr. 198.22, en viðukennt var af hendi stefnda, að félagið skuldaði áfrýjanda þetta fé. Samkvæmt kvittun Landsbanka Íslands, 17. desember 1965, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur stefnda lagt þar í greiðslugeymslu áfrýjanda til handa fé þetta ásamt vöxtum, samtals kr. 262.00. Að svo vöxnu máli kemur þessi krafa eigi frekar til álita hér fyrir dómi.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Von h/f, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar Ögmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. apríl 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Sigurði Ögmundssyni skipstjóra, Hásteinsvegi 3, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 12. okt. 1961 og birtri á hendur stjórnendum Vonar h/f, Vestmannaeyjum, fyrir hönd félagsins, þeim Jóni Vigfússyni stjórnarformanni, Helgafellsbraut 17, Vestmannaeyjum, Guðmundi Vigfússyni, Hringbraut 75, Hafnarfirði, og Guðlaugi Vigfússyni, áður til heimilis að Kirkjubæjarbraut 1, en fluttum til Reykjavíkur, til heimtu vangoldins kaups frá vetrarvertíðinni 1961, kr. 198.82, og greiðslu vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr skipstjórastarfi á m/b Von, VE 113, hinn 2. maí 1961, aðallega kr. 29.205.40, en til vara kr. 23.656.59, eða samtals aðallega kr. 29.404.22, en til vara kr. 23.855.41, hvort tveggja ásamt 8% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærsluþóknun fyrir dóminum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands svo verði og einnig viðurkenndur sjóveðréttur í m/b Voninni II, VE 113, fyrir öllum stefnukröfunum.

Í lok málsins voru kröfur stefnanda á þessa leið:

Aðallega, að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 29. 404.22, til vara kr. 23.855.41 og til þrautvara kr. 4.976.75, allt ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 31. des. 1964 og 6% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 31. des. 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfærsluþóknun fyrir dóminum samkv. taxta Lögmannafélags Íslands, svo verði og viðurkenndur sjóveðréttur í v/b Voninni II, VE 113, fyrir öllum dæmdum kröfum. Stefndu mættu í málinu og gerðu þær réttarkröfur aðallega, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, en til vara, að kröfur

stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi skýrir svo frá, að í september 1960 hafi þeir Guðlaugur Vigfússon og Jón Vigfússon komið að máli við hann og óskað eftir, að hann tæki við skipstjórn á bát þeirra, Voninni II, VE 113, og í október var svo ráðið, að hann tæki boði þeirra. Áður en hann tók við skipstjórn, kveðst hann hafa gert þeim ljóst, að hann mundi ekki fara með bátinn, ef hann færi á síldveiðar fyrir Norðurlandi á komandi sumri, heldur því aðeins, að báturinn yrði gerður út á togveiðar yfir sumartímann. Hafi þetta verið samþykkt af eigendum bátsins. Um mánaðamótin október/nóvember 1960 tók hann síðan við skipstjórn á bátnum og fór á síldveiðar við Vestmannaeyjar og á línu um mánaðartíma. Eftir áramótin hófst svo vetrarvertíðin, og var báturinn gerður út á línu og net. Hinn 2. maí 1961 lauk vetrarvertíðinni, og voru veiðarfærin tekin upp þann dag. Meðan á því stóð þann dag, kom Guðlaugur Vigfússon að máli við hann og sagði honum, að nú væri breytt viðhorf hjá eigendum gagnvart ráðningu hans, væri nú ákveðið að selja bátinn og mundi annar þeirra, sem keypti, verða skipstjóri á bátnum. Daginn eftir var báturinn hreinsaður og gengið frá honum. Nokkrum dögum síðar var gert upp, og annaðist Guðlaugur Vigfússon uppgjörið. Kveðst stefnandi þá hafa farið fram á, að honum yrði greiddur samningsbundinn uppsagnarfrestur eða kaup í 3 mánuði. Spurði Guðlaugur þá, hversu miklu það næmi, og kveðst stefnandi hafa bent honum á að fá upplýsingar hjá formanni Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi. Frétti hann síðan, að Guðlaugur hefði snúið sér þangað. Greiðslan fékkst hins vegar ekki, og höfðaði stefnandi svo mál þetta og gerði þær kröfur, sem áður greinir.

Eftir að stefnandi fór úr þjónustu stefndu, var hann atvinnulaus um tíma, en seinni hluta maímánaðar vann hann í 10 daga á netjaverkstæði Guðbrands Reykdals Jónssonar. 5. júní réðst hann svo stýrimaður á m/b Leó, VE 400, og er á bátnum um sumarið, ýmist stýrimaður eða skipstjóri.

Aðalkrafa stefnanda í málinu er við það miðuð, að stefnandi eigi að bera það sama úr býtum fyrstu 3 mánuðina eftir uppsögnina og skipstjórinn, sem tók við bátnum, fékk í kaup og hlut, og er krafan sundurliðuð á þessa leið:

1. Kaup við standsetningu fyrir veiðitímabil, 40 dagar, 8 tímar á dag, kr. 25/69 með orlofi ..... kr. 8.220.80
2. Aflahlutur frá miðjum júní til 2. ágúst skv. greinargerð ..... — 22.837.10

3. Kaup skv. samningi í 1½ mán. ásamt orlofi	—	397.50
Samtals	kr.	31.455.40
Þar frá dregst áætlaður fæðiskostnaður í 1½ mánuð	—	2.250.00
Samtals	kr.	29.205.40
Þar við bætist:		
Innstæða skv. reikn.	kr.	122.82
Sjúkrasamlagsgjöld	—	76.00
Alls	kr.	29.404.22

Varakrafa stefnanda er kauptrygging í 3 mánuði og kaup skipstjóra samkv. samningum og sundurliðast þannig:

1. Kauptrygging skipstjóra í 3 mánuði samkv. samningi	kr.	22.747.59
2. Kaup skipstjóra skv. samningi í 3 mánuði	—	795.00
3. Sjúkrasamlagsgj. í 3 mánuði	—	114.00
	Kr.	23.656.59
Vangreidd innstæða og sjúkrasamlagsgjöld	—	198.82
Alls	kr.	23.855.41

Þrautavarakrafa stefnanda er miðuð við kauptryggingu þann tíma, sem stefnandi var ekki í neinu föstu starfi, eða þar til hann hóf starf á m/b Leó. Sundurliðast krafan þannig:

Kauptrygging í mánuð	kr.	7.582.53
— í 4 daga	—	1.067.40
Kaup	—	265.00
Sjúkrasamlagsgjöld	—	38.00
	Kr.	8.952.93
Þar frá dragast laun hjá Netjagerð Reykdals Jónssonar	kr.	4.175.00
	Kr.	4.777.93

Við bætist innstæða á reikn., sjúkrasamlagsgjöld .. — 198.82

Alls kr. 4.976.75

Stefndu halda því fram, að stefnandi hafi aðeins verið ráðinn sem skipstjóri á bát þeirra á vetrarvertíðinni 1961. Þeir Guðlaugur Vigfússon og Jón Vigfússon skýra svo frá, að þeir hafi snúið sér til stefnanda og óskað eftir, að hann tæki að sér formennsku á bátnum, en stefnandi hafi sett sem skilyði, að hann færi ekki með bátinn á síldveiðar fyrir Norðurlandi sumarið eftir. Að þessu hafi þeir gengið og ráðið hann á bátinn yfir vetrarvertíðina, eða til vors 1961. Guðmundur Vigfússon hafi síðan samþykkt ráðninguna. Ráðning stefnanda hafi verið með sama móti og áður hafði tíðkazt um ráðningu skipstjóra á bátinn. Báturinn hafði um mörg ár verið látinn fara á sumarsíldveiðar fyrir Norðurlandi, en undanfarandi þrjú sumur hafi sami maðurinn verið með bátinn yfir sumartímann, vegna þess að þeir, sem gegndu formennsku á vetrarvertíðinni, hefðu sett sama skilyrðið og stefnandi og verið ráðnir tímabundið. Með því að ráðning stefnanda var á þann veg, sem nú hefur verið lýst, fóru stefndu þegar í marz um veturinn að leita eftir manni, sem vildi vera með bátinn yfir sumarið, en af ráðningu varð þó ekki. Um vorið stóð til, að báturinn yrði seldur, og kveðst Guðlaugur Vigfússon hafa skýrt stefnanda frá þessu 2. maí 1961, en um uppsögn hafi ekki verið að ræða frá hans hálfu, vegna þess að uppsögn var óþörf, þar eð ráðningartíma stefnanda var lokið samkv. því, sem upphaflega var samið milli þeirra.

Aðiljar eru einir til frásagnar um samkomulag þeirra, og skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður. Samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningi átti skipstjóri rétt á 3ja mánaða uppsagnarfresti, og skyldi uppsögn vera skrifleg. Stefndu hefur ekki tekizt að sanna, að ráðning stefnanda hafi verið tímabundin, og upplýst er, að honum var ekki sagt upp starfinu, meðan vertíð stóð yfir. Af þessu leiðir, að stefnandi átti rétt til bóta, sem svara til kaups og hlunninda í 3 mánuði, eftir að hann fór úr þjónustu stefndu.

Stefnandi vann á Netjaverkstæði Reykdals Jónssonar í 10 daga seinni hluta maímánaðar 1961 og hafði kr. 4.175.00 í kaup fyrir vinnu sína. Hinn 6. júní 1961 hóf hann vinnu á m/b Leó, VE 400, og frá þeim degi til 3. ágúst s. á. nam aflahlutur hans kr.

29.052.30. Samkvæmt þessu námu atvinnutekjur hans fyrstu þrjá mánuðina eftir uppsögnina kr. 33.227.30. Er það hærri fjárhæð en aðalkrafa hans nemur í máli þessu, en þar er miðað við þær tekjur, sem hann mundi hafa haft á m/b Von fyrstu þrjá mánuðina eftir uppsögnina, eins og áður er getið, ef hann hefði haldið áfram starfi sínu. Upplýsingar þessar sýna fram á, að fyrirvaralaus uppsögn stefndu hefur ekki bakað stefnanda fjárhagslegt tjón, og verða stefndu því sýknaðir af bótakröfum hans.

Reikningsinnstæða stefnanda, kr. 122.82, er viðurkennd, og hafa stefndu lýst yfir, að hún hafi jafnan staðið stefnanda til boða, en hann hafi neitað að veita henni viðtöku. Einnig er sjúkrasamlagsgjaldið, kr. 76,00, viðurkennt. Stefndu verða því dæmdir til að greiða þessar fjárhæðir, samtals kr. 198,22, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, enda hafa stefndu ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi neitað að veita móttöku framboðinni greiðslu.

Rétt þykir að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Vigfússon, Guðmundur Vigfússon og Guðlaugur Vigfússon f. h. Vonar h/f, greiði stefnanda, Sigurði Ögmundssyni, kr. 198.22 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. maí 1961 til 31. des. 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1966.

Nr. 207/1964. **Elías Hannesson** (Páll S. Pálsson hrl)
gegn
Loftleiðum h/f og gagnsök
(Guðmundur Vilhjálmsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1964 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 42.950.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 26. febrúar 1965. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um ábyrgð farmflytjanda í loftflutningum á farmi og skilning á ákvæðum flugfarmbréfs. Samkvæmt eðli málsins og lögjöfnun frá 1. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936 átti sjó- og verzlunardómur að fara með mál þetta og dæma það. Héraðsdómara bar þess vegna að kveðja til samdómsmenn samkvæmt 201. gr. sömu laga þegar eftir þingfestingu málsins. Þar sem dómari gerði það ekki, verður að ómerkja héraðsdóminn og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 26. september 1963.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 26. september 1963 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 10. þ. m., hefur Elías Hannesson, Flókagötu 45, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 16. september 1963, á hendur Loftleiðum h/f til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 42.950.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði stórlega lækkuð.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var fenginn til að taka myndir á tízkusýningu, sem haldin var hér í bænum í nóvembermánuði árið 1962, m. a. fyrir milligöngu heildverzlunar Árna Jónssonar. Á tízkusýningu þessari voru einnig kynntar framleiðsluvörur fyrirtækisins Clairol í New York, sem heildverzlun Árna Jónssonar hefur umboð fyrir. Er stefnandi hafði lokið við að vinna myndir þær, sem hann hafði tekið á tízkusýningunni, en þær voru litmyndir, krafði hann heildverzlun Árna Jónssonar um greiðslu fyrir verkið. Er greiðslan fékkst ekki, ákvað stefnandi að senda myndirnar sem loftflutning með flugvél stefnda til fyrirtækisins Clairol í New York. Samkvæmt sérstökum fyrirmælum í flugfarmskírteini því, sem gefið var út í sambandi við sendinguna, skyldi hún ekki afhent viðtakanda nema gegn afhendingu á eintaki flugfarmskírteinisins nr. 2, en það hafði stefnandi sent banka einum í New York fyrir milligöngu Landsbanka Íslands ásamt innheimtu á andvirði sendingarinnar, $ 1.008.47. Það tókst nú svo til, að sendingin var afhent fyrirtækinu Clairol hinn 22. desember 1962, án þess að framvísað væri eintaki af flugfarmskírteininu, eins og áskilið hafði verið. Neitaði fyrirtækið síðan að greiða kröfuna í bankanum í New York og taldi heildverzlun Árna Jónssonar eiga að greiða hana. Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi orðið fyrir, sökum þess að brotið var í bága við fyrirmælin í flugfarmskírteininu, og telur hann tjónið nema hinni umstefndu fjárhæð.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í nóvembermánuði 1962 hafi Sigurður nokkur Jónsson spurzt fyrir um það, hvort hann vildi taka að sér myndatöku á tízkusýningu í veitingahúsinu Lido fyrir Heildverzlun Árna Jónssonar á vegum hárlitunarfyrirtækisins Clairol í New York. Var óskað eftir, að myndirnar væru

litmyndir. Kveður stefnandi Sigurð hafa beðið sig um að hafa samband við starfsstúlku Heildverzlunar Árna Jónssonar varðandi frekari framgang málsins. Þetta kveðst stefnandi hafa gert og þá hafa staðfest, að hann gæti tekið að sér verkið. Er stefnandi kom nú í veitingahúsið, kveðst hann fyrst hafa átt tal við ameríska mann að nafni Hurbeck, sem sér hafi verið vísað til, og spurt hann um tilhögun myndatökunnar. Kveðst stefnandi hafa tekið fram, að betra væri að taka myndirnar í kyrrstöðu en á hreyfingu, ef fram ætti að fá háralit sýningarstúlknanna. Kveður stefnandi Hurbeck hafa óskað eftir því, að hann tæki myndirnar á hreyfingu og eins mikið af þeim og hann gæti. Eftir að tízkusýningin var um garð gengin, kveðst stefnandi hafa snúið sér til Hurbecks og spurzt fyrir um, hvaða stærð af myndum hann vildi fá. Kveðst stefnandi hafa reiknað með um 60 myndum. Hann kveður Hurbeck hafa svarað: „Ég vil fá 1 18×24 af hverri." Stefnandi kveðst einnig hafa spurt Árna Jónsson, hvort hann vildi ekki einnig eitt eintak af hverri mynd og hafi Árni svarað því játandi. Ekki kveður stefnandi hafa verið spurt um verð, enda að sjálfsögðu reiknað með verði samkvæmt gjaldskrá ljósmyndara, en samkvæmt því sé verð á litljósmynd af stærðinni 18×24 cm. kr. 750.00 fyrir fyrstu myndina, en verð á eftirpöntun af fyrstu mynd sé kr. 550.00, og ef pantaðar séu þrjár myndir eða fleiri, sé verðið kr. 450.00. Stefnandi kveðst nú eftir nokkurn tíma hafa farið með 101 mynd af fyrstu mynd til Árna Jónssonar og hafi honum litizt vel á sumar þeirra, en aðrar hafi hann ekki talið eins góðar. Einnig kveður hann Árna hafa fundizt reikningurinn fyrir myndirnar nokkuð hár. Kveður stefnandi Árna hafa sagt, að hann gæti ekki greitt þetta fyrr en nokkrum dögum seinna, en þrátt fyrir endurtekin loforð hafi ekki verið staðið við þetta.

Um miðjan desembermánuð kveðst stefnandi hafa farið á fund Árna til að krefja hann um greiðslu, en þá hafi Árni viljað taka út myndir, sem honum hafi ekki þótt nógu góðar, og hafi hann sagt, að þær ætti fyrirtækið Clairol að greiða. Stefnandi kveðst nú hafa sagt Árna, að hann mundi reyna að senda allar myndirnar í kröfu til fyrirtækisins Clairol, án þess þó að í þessu fælist, að hann undanþægi Árna greiðsluskyldu. Stefnandi sendi nú myndirnar með fluvél stefnda til fyrirtækisins Clairol. Samkvæmt flugfarmskírteini, sem gefið var út af stefnda í þremur tölusettum eintökum, tók hann að sér að flytja myndirnar til New York, og er fyrirtækið Clairol skráð viðtakandi vörunnar.

Samkvæmt fyrirmælum, sem skráð eru á farmskírteinið, skyldu myndirnar aðeins afhentar gegn framvísun eintaks þess, sem merkt var nr. 2, en það hafði stefnandi sent fyrir milligöngu Landsbanka Íslands ásamt innheimtu á kröfunni til banka í New York. Þrátt fyrir fyrirmælin á farmskírteininu voru myndirnar afhentar fyrirtækinu Clairol, án þess að eintaki nr. 2 af farmskírteininu væri framvísað. Samkvæmt upplýsingum banka þess, sem hafði með höndum innheimtu kröfu stefnanda í New York, neitaði fyrirtækið Clairol að greiða kröfuna á þeim grundvelli, að hún ætti að greiðast af fyrrgreindum Árna Jónssyni. Með bréfi, dags. hinn 16. júlí 1963, var stefndi krafinn um verð myndanna, stefnufjárhæðina í máli þessu, en þeirri kröfu var synjað af stefnda. Með bréfi, dags. hinn 13. ágúst 1963, sem birt var stefnanda með stefnuvottum, sendi stefndi stefnanda 56 af myndum þeim, sem félagið hafði tekið til flutnings af stefnanda. Stefnandi neitaði að veita myndunum viðtöku. Hafa myndir þessar síðan verið lagðar fram í málinu. Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnda lagðar fram 44 af myndum þeim, sem hann hafði tekið til flutnings af stefnanda.

Í málinu liggur frammi reikningur á hendur Heildverzlun Árna Jónssonar, og verður að telja, að þar komi fram verðlagning mynda þeirra, sem í sendingunni voru. Er verð 51 myndar kr. 22.950.00, eða kr. 450.00 hver mynd, og verð 50 mynda kr. 20.000.00, eða kr. 400.00 hver mynd.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar, að er stefndi hafi tekið að sér flutning umræddra mynda, hafi hann gengizt undir fyrirmæli, sem skráð voru á farmskírteinið, að myndirnar skyldu aðeins afhentar gegn framvísun samrits farmskírteinisins, sem viðtakandinn hafi fyrst getað fengið í hendur, er hann hefði greitt andvirði sendingarinnar í banka. Þessi fyrirmæli hafi stefndi brotið, þar sem sendingin hafi verið afhent viðtakanda, án þess að þessu eintaki farmskírteinisins væri framvísað og án þess að krafan væri greidd. Er því haldið fram, að vegna þessara mistaka starfsmanna stefnda, sem viðurkennd séu af honum, beri hann gagnvart stefnanda ábyrgð á andvirði sendingarinnar. Er á því byggt, að svo beri að líta á gagnvart stefnanda sem sendingin hafi glatazt alveg, því að fyrirtækið Clairol hafi haft myndirnar í sínum vörzlum í lengri tíma og getað hagnýtt sér þær án þess að greiða nokkuð fyrir. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að framlagning hinna 50 mynda úr sendingunni hafi breytt nokkru um ábyrgð stefnda.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Hann hafi tekið að sér flutning á umræddum myndum frá Reykjavík til New York, en er þangað hafi verið komið, hafi myndirnar ásamt fylgiskjölum verið afhentar amerísku afgreiðslufélagi í New York, Icelandic Airlines inc. Með þessu hafi stefndi innt af hendi skyldur sínar gagnvart stefnanda, en hið ameríska afgreiðslufirma tekið við sendingunni til endanlegrar afgreiðslu og hafi það því borið á henni alla ábyrgð. Er því haldið fram, að af þessum sökum beri stefndi enga ábyrgð á mistökum þeim, sem orðið hafi hjá hinu ameríska félagi, með því að afhenda sendinguna, án þess að fullnægt væri fyrirmælum stefnanda.

Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefndi beri ábyrgð á mistökum starfsmanna hins ameríska afgreiðslufirma, þá sé með öllu ósannað, að stefnandi hafi af þessum sökum orðið fyrir nokkru tjóni. Myndirnar séu fyrir hendi og hafi verið boðnar stefnanda, en hann synjað viðtöku þeirra. Þá sé ósannað, að fyrirtækið Clairol hafi notað myndirnar, á meðan þær voru í vörzlum þess, enda er því haldið fram, að myndirnar séu svo stórgallaðar frá hendi stefnanda, að þær hafi verið óhæfar til notkunar í auglýsingaskyni. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að krafa stefnanda sé allt of há og fari svo, að stefnda verði gert að greiða stefnanda bætur, þá beri að lækka kröfuna. Er bent á, að myndirnar beri það sjálfar með sér, að þær séu ekki fullgild vara og að þær séu alls ekki 50.000.00 króna virði, eins og gefið sé upp á farmskírteini. Er því haldið fram, að bætur geti aldrei orðið hærri en svo sem ákveðið er í 22. gr. Varsjársamningsins, sbr. lög nr. 41/1949.

Í 1. gr. skilmála flugfarmskírteinis þess, sem stefndi gaf út, er hann tók umrædda sendingu til flutnings, segir svo:

„Í samningi þessum merkir orðið „flugfarmskírteini“ skírteini þetta og samning, „sendandi“ merkir mann þann eða persónu (þ. e. félag eða fyrirtæki), sem vörurnar afhendir til flutnings, og orðið „flugfélag“ skal ná til flugfélags þess, er gefur flugfarmskírteini þetta út, svo og til allra flugfélaga, sem vörur flytja í samræmi við það eða inna af hendi önnur störf í sambandi við slíkan loftflutning. Að því er snertir ákvæði þau um undanþágu frá og takmörkun á bótaskyldu, sem sett eru eða vísað er til í samningi þessum, skal orðið „flugfélag“ ná til umboðsmanna, þjóna eða fulltrúa allra slíkra flugfélaga. Annist mörg flugfélög flutning, hvert á fætur öðru, samkvæmt

samninugi þessum, skoðast flutningur einn og óskiptur.“

Á flugfarmskírteininu sjálfu er tekið fram, að sendingin skuli aðeins afhent viðtakanda gegn framvísun eintaks þess, sem merkt er nr. 2. Var þetta ákvæði flugfarmskírteinisins bindandi samningur um þetta efni milli aðiljanna. Samkvæmt þessu verður að telja, að stefndi beri gagnvart stefnanda ábyrgð á því, að starfsmenn fyrirtækisins Icelandic Airlines inc., sem stefndi hafði afhent umrædda sendingu til afgreiðslu í New York og inntu því af hendi störf í sambandi við loftflutninginn, brutu þetta ákvæði, er þeir afhentu sendinguna. Verður því að telja, að máli þessu sé rétt beint gegn stefnda.

Stefnandi krafði í upphafi Árna Jónsson um greiðslu fyrir umræddar myndir, en er Árni hafði uppi mótbárur byggðar á því, að myndirnar væru ekki nægilega góðar og því, að þær væru of dýrar, þá ákvað stefnandi að reyna að senda þær til fyrirtækisins Clairol, eins og áður er lýst. Verður að telja, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að vafi lék á, að fyrirtækið teldi sér skylt að greiða sendinguna og að það kynni að hafa uppi sömu mótbárur og Árni Jónsson, enda fór svo, að fyrirtækið neitaði að greiða sendinguna og taldi, að Árni Jónsson ætti að gera það.

Ábyrgð stefnda sem farmflytjanda er háð reglum þeim, sem ákveðnar eru í alþjóðasamningi um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er gerður var í Varsjá hinn 29. október 1929, hér eftir nefndur Varsjársamningur, en samningur þessi hefur öðlazt lagagildi hér á landi með lögum nr. 41/1949 sbr. og lög nr. 46/1956 og auglýsingu nr. 9/1963. Samkvæmt ákvæði 18. gr. samningsins er ábyrgð farmflytjanda takmörkuð við það, að varan eyðileggist, skemmist eða týnist, en samkvæmt 19. gr. ber farmflytjandi einnig ábyrgð á tjóni, sem verður vegna dráttar á flutningi. Það er fram komið, að áður en mál þetta var höfðað, hafi stefndi boðið stefnanda afhendingu á 56 af myndum þeim, sem í sendingunni voru og hann hafði endurheimt hjá fyrirtækinu Clairol. Stefnandi synjaði um viðtöku myndanna, og hafa þær síðan verið lagðar fram í málinu. Við munnlegan flutning málsins voru enn lagðar fram 44 myndir, sem voru í umræddri sendingu. Ekki er fram komið, að myndir þær, sem lagðar hafa verið fram, séu skemmdar eða ónýtar. Samkvæmt ábyrgðarreglum Varsjársamningsins þykir stefndi eiga að bera ábyrgð á þeim hluta umræddrar sendingar, sem annað hvort er enn í vörzlum fyrirtækisins Clairol eða hef-

ur glatazt, en þar er um að ræða eina mynd. Það er fram komið, að stefnandi reiknar tvenns konar verð á myndum þeim, sem í sendingunni voru, kr. 450.00 og kr. 400.00. Eftir öllum atvikum þykir rétt að reikna verð myndar þeirrar, sem ekki hefur komið fram, á kr. 450.00, og verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð. Þá verður stefnda og gert að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 22. desember 1962 til greiðsludags. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Loftleiðir h/f, greiði stefnanda, Elíasi Hannessyni, kr. 450.00 með 7% ársvöxtum frá 22. desember 1962 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1966.

Nr. 6/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Herði Victorssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraði var mál þetta höfðað gegn ákærða ásamt öðrum manni, en hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar einungis að því er varðar ákærða, Hörð Victorsson.

Atvikum máls þessa er réttilega lýst í héraðsdómi, og er hæfileg refsing sú, fangelsi 4 mánuði, sem ákærða var þar ákveðin.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að ákærði hefur nú um skeið verið til lækninga vegna drykkjuhneigðar sinnar. Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að ákærði viðurkenndi brot sitt þegar og að um lágar fjárhæðir er hér að fjalla, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar ákærða skuli fresta og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málflutningslaun til verjanda, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Victorsson, sæti fangelsi 4 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000,00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 18. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4248—4249/1965: Ákæruvaldið gegn Tryggva Einarssyni og Herði Victorssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 28. f. m., gegn:

1. *Tryggva Einarssyni* sjómanni, Túngötu 29, Reykjavík, fæddum 29. júní 1936, Suðureyri, Súgandafirði,
2. *Herði Victorssyni* sjómanni, Kaplaskjólsvegi 53, fæddum 15. apríl 1938 í Reykjavík,

„fyrir skjalafals samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa:

I. Fimmtudaginn 15. júlí 1965 farið saman og í samráði um eftirtalinn verknað í skrifstofu Bæjarútgerðar Reykjavíkur, þar sem ákærði Hörður kynnti sig sem Árna Jóhannsson, og eftir að hafa í heimildarleysi kvittað með því nafni á greiðslukvittun fengið greiddar eftirstöðvar kaups Árna Péturs Króknes Jóhannssonar sjómanns, Langholtsvegi 4, Reykjavík, að upphæð kr. 827.03.

II. Nokkru síðar farið saman og í samráði um eftirtalinn verknað í skrifstofu útgerðarfélags Einars Sigurðssonar í Reykjavík með umboð, sem ákærði Tryggvi hafði í heimildarleysi ritað undir nafn Árna Jóhannssonar, sem áður er nefndur, og framvísa því þar í því skyni að fá greiddar kr. 1.000.00 af kaupi áðurnefnds Árna, sem ekki tókst.

Til vara er ákært fyrir hlutdeild samkvæmt 22. gr. hegningarlaga þannig: Ákærði Tryggvi fyrir hlutdeild í broti því, sem lýst er undir I, og ákærði Hörður fyrir hlutdeild í brotinu undir lið II.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

I.

Hinn 15. júlí voru ákærðu saman að drykkju og varð féskylft. Ákærðu eru báðir kunnugir Árna Pétri Króknes Jóhannssyni sjómanni, Langholtsvegi 4. Þeir höfðu grun um, að hann kynni að eiga inni kaup hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur. Urðu þeir ásáttir um að reyna að hafa út inneign Árna. Fóru báðir í skrifstofu útgerðarinnar, og hafði ákærði Hörður orð fyrir þeim, kynnti sig sem Árna Jóhannsson og fékk viðstöðulaust út inneign hans, kr. 827.03. Kvittaði ákærði Hörður fyrir greiðslunni með nafninu Árni Jóhannsson. Peningunum eyddu ákærðu síðan saman.

Með ofangreindu verki þykja ákærðu hafa brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga, þ. e. notað falsað skjal til að blekkja með í lögskiptum, og verður að telja báða aðalmenn að brotinu.

Ákærði Tryggvi hefur endurgreitt Bæjarútgerð Reykjavíkur kr. 827.03.

II.

Sama dag og áður greinir, 15. júlí, fóru ákærðu í skrifstofu Einars Sigurðssonar útgerðarmanns, en áðurnefndur Árni Pétur

Króknes Jóhannsson var um þessar mundir skipverji á b/v Sigurði, er Einar Sigurðsson gerir út. Ákærðu höfðu með sér bréfmiða, er á var ritað: „Ég undirritaður gef Tryggva Einarssyni heimild til þess að fá eitt þúsund krónur af kaupi mínu. Árni Jóhannsson." Ávísun þessa hafði ákærði Tryggvi ritað, en það var sameiginlegt ráð ákærðu að ná út af kaupi Árna með þessum hætti. Þeim var sagt, að ekkert fengist borgað út, meðan togarinn væri ekki búinn að selja. Fóru ákærðu burt við svo búið, en ávísunin varð eftir.

Með framangreindri notkun falsaðs skjals hafa ákærðu unnið til refsingar samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga.

III.

Ákærði Tryggvi hefur eigi fyrr verið kærður fyrir auðgunarbrot og ekki sætt öðrum refsingum en 5 sektum fyrir áfengislagabrot. Ákærði Hörður hefur 22 sinnum sætzt á greiðslu sekta fyrir ölvun og að öðru leyti sætt þessum kærum og refsingum:

1955 30/7: Dómur: 4. mán. skilorðsb. fangelsi fyrir þjófnað.
— 12/10: Ákæru fyrir innbrotsþjófnað frestað skilorðsbundið.
— 17/10: Ákæru fyrir þjófnað frestað skilorðsb. 2 ár.
1958 17/5: Sátt: 500 kr. sekt fyrir árás.

Refsing hinna ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Rétt er að frestað verði fullnustu refsingar ákærða Tryggva, þannig að hún falli niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hins vegar þykir með hliðsjón af fortíð Harðar ekki fært að skilorðsbinda refsingu hans.

Dómsorð:

Ákærðu, Tryggvi Einarsson og Hörður Victorsson, sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða Tryggva, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1966.

Nr. 178/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðjóni Gísla Hannessyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Það athugast, að eigi verður séð, að vottur hafi verið við lögreglupróf í málinu á Keflavíkurflugvelli hinn 15. desember 1964, sbr. 37. gr. laga nr. 82/1961, né heldur að dómari hafi leiðbeint ákærða um rétt hans til að fá skipaðan verjanda, sbr. 3. tölulið 2. mgr. 80. gr. sömu laga.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Gísli Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 18. ágúst 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 18. ágúst, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var í dómsal embættisins af Ólafi Í. Hannessyni, fulltrúa lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 782/1964: Ákæruvaldið gegn Guðjóni Gísla Hannessyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni 11. júní 1965, á hendur Guðjóni Gísla Hannessyni tækjastjóra, Hátúni 21 í Reykjavík, fyrir að taka að ófrjálsu í þrjú skipti í desember 1964 og e. t. v. í nóvember sama ár talsvert magn tæmdra skothylkja, þar sem þeim hafði verið hlaðið á Keflavíkurflugvallarsvæðinu, en skothylki þessi seldi hann í desember 1964 fyrir alls kr. 39.950.00.

Telst þetta varða við 244. gr. eða 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. febrúar 1935 í Bolungarvík, og hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1952 26/6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 300.00 kr. sekt fyrir tollalagabrot.

1958 19/4 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100.00 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.

— í Reykjavík: Kærður fyrir þjófnað. Ákæru frestað í 2 ár frá 25/9 1958.

1959 23/1 í Reykjavík: Sátt, 300.00 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1959 14/8 í Reykjavík: Sátt, 150.00 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1961 4/3 í Reykjavík: Sátt, 200.00 kr. sekt fyrir brot á 50. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1962 27/9 í Reykjavík: Sátt, 300.00 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 13/4 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir:

Fimmtudaginn 10. desember 1964 kærði varnarliðið yfir því, að allmiklu magni af tómum skothylkjum hefði verið stolið úr stæðum á svo nefndum Pattersonflugvelli á Keflavíkurflugvallarsvæðinu.

Við rannsókn málsins kom í ljós, að Vélsmiðjan Sindri h/f í Reykjavík hafði keypt skothylkin af ákærða.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi, nokkrum mánuðum áður en mál þetta kom til, tekið eftir stæðum með tæmdum skothylkjum á Pattersonflugvelli. Sagðist hann hafa talið hylkin verðlaus fyrir varnarliðið og haldið, að því væri sama, þótt þau

væru hirt. Ákærði kveðst svo hafa tekið nokkur hylki úr stæðunni og farið með þau í Vélsmiðjuna Sindra h/f og fengið þar upplýst, að vélsmiðjan greiddi kr. 10.00 fyrir hvert kílógramm af hylkjunum.

Ákærði sagðist síðan hafa farið þrisvar, sennilega í byrjun desember, að stæðunum og tekið þaðan hylki og flutt þau í almenningsvagni, er hann hafði til umráða vegna vinnu sinnar, upp í Stapafell og falið hylkin í vinnuskúr.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa tvívegis tekið vörubifreið, sem er eign Íslenzkra aðalverktaka s/f, og hafi hann flutt skothylkin á bifreiðinni frá Stapafelli í Kópavog.

Ákærði sagðist síðan hafa tekið á leigu sendiferðabíl til þess að flytja hylkin úr Kópavogi til Vélsmiðjunnar Sindra h/f, þar sem hann fékk greiddar kr. 39.950.00 fyrir þau. Hann kvaðst hafa sagt starfsmönnum Sindra, að hann hefði fundið hylkin í hraungjótu skammt frá Stapafelli.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi notið aðstoðar Jóhanns Sævars Símonarsonar, Neðri-Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd, við töku hylkjanna af Pattersonflugvelli og hafi Jóhann Sævar einnig verið með sér og aðstoðað sig, er ákærði tók vörubifreiðina og hlóð hylkjunum á hana. — Jóhann Sævar átti að fá helming andvirðisins, en ákærði hefur viðurkennt að hafa notað peningana í sína þágu eingöngu.

Ákærði og Jóhann Sævar hafa báðir haldið því fram, að bjart hafi verið af degi, er þeir tóku hylkin, og að eftirlitsmenn frá varnarliðinu hafi verið þar í nánd, en látið þá afskiptalausa.

Þáttur Jóhanns Sævars að máli þessu hefur þegar verið afgreiddur með ákærufrestun.

Ekki verður fallizt á það sjónarmið ákærða, að geymslustaður hylkjanna gæfi til kynna, að þau væru verðlaus og að varnarliðinu væri sama um þau, þar sem eigandi hafði látið smíða stæður utan um hylkin og raðað þeim þar skipulega, auk þess sem varnarliðið hefur geymt varning á Pattersonflugvelli um ára skeið, og ákærða átti að vera kunnugt um það, þar sem hann hefur starfað hér lengi.

Með viðurkenningu ákærða og stutt öðrum gögnum verður að telja sannað, að hann hafi í auðgunarskyni átt þátt í að taka skothylki þau, er mál þetta fjallar um. Þá kemur til álita, hvort brot hans falli undir 244. gr. eða 245. gr. hegningarlaga.

Ekki hefur verið hrakið, að taka hylkjanna hafi farið fram í björtu og að verðir hafi verið í nánd og látið tökuna afskipta-

lausa. En aðferð sú, er ákærði og félagi hans höfðu á við geymslu hylkjanna og flutning þeirra úr Stapafelli, svo og það, að ákærði sagðist hafa fundið þau í hraungjótu, gefa til kynna, að verknaðurinn hafi verið framkvæmdur með leynd, og ber því að færa hann undir 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur með þessu framferði sínu rofið skilorð það, er honum var sett í dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. apríl 1963, og ber því nú að fella þann dóm inn í þennan.

Með tilvísun til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ekki hafa komið fram bótakröfur vegna verknaðarins, og verður ákærði því eigi dæmdur til skaðabótagreiðslu í máli þessu.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Gísli Hannesson, sæti fangelsi í 6 mánuði.
Hann greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1966.

Nr. 128/1964. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn
Helga Kristjánssyni (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1964, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Á dómþingi í héraði 28. apríl 1964 felldi stefndi niður kröfu um orlofsfé, kr. 5.831.30, en af vangá hefur héraðsdómur eigi að síður dæmt stefnda þá fjárhæð, sbr. kröfulið F í héraðsdómi. Í samræmi við þetta gerir stefndi hér fyrir

dómi þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að dæmd fjárhæð lækki í kr. 25.706.92, en áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Um ráðningarkjör stefnda á skipum áfrýjanda árin 1960 og 1961 skyldi fara „Samkv. samn. viðk. stéttarfél.“, svo sem skráð var á skipshafnarskrá, sbr. 11. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, er þá giltu, en ágreiningslaust er, eins og í héraðsdómi greinir, að átt er við kjarasamning Vélstjórafélags Íslands og útgerðarfyrirtækja, þ. á m. áfrýjanda, frá 1. ágúst 1957.

Stefndi neitar því, að ráðning hans hafi hverju sinni verið miðuð við tiltekna ferð eða ákveðin tímamörk, og er ósannað, að svo hafi verið. Að því er varðaði ráðningarslit giltu því ákvæði 13. gr. sjómannalaga og greinds kjarasamnings vélstjóra um uppsagnarfrest. Í 2. mgr. nefndrar 13. gr. segir m .a.: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi ..... vélstjóra skal vera einn mánuður, ef öðruvísi er ekki um samið ....“ og upphafsákvæði 2. gr. kjarasamningsins er á þessa leið:

„a) Þegar vélstjóri eða aðstoðarvélstjóri hefur unnið eitt ár hjá félaginu, skoðast hann sem fastur starfsmaður þess, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur frá beggja hálfu.“

Samkvæmt 32. gr. sjómannalaga á vélstjóri, sem vikið er úr skiprúmi vegna veikinda, „rétt á fullu kaupi sínu, þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningarslitum ....“ Í 2. gr. kjarasamningsins segir enn fremur: „Veikist vélstjóri, eftir að hann hefur starfað 1 ár hjá félaginu, ber honum auk þess, sem tekið er fram í sjólögum, allt að þriggja mánaða launum.“

Samkvæmt gögnum málsins hélzt réttarsamband aðilja órofið allt það tímabil, sem kröfur stefnda taka til, og gilti um skiprúmssamning stefnda frá upphafi ráðningar hans 14. janúar 1960 eins mánaðar uppsagnarfrestur, þar til að einu ári liðnu frá þeim degi, en síðan þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Við sömu tímamörk miðaðist og réttur hans

til launa, sem áður getur, er ráðningarslit leiddi af veikindum hans.

Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda um vangoldið kaup, er stefndi reiknar sér vegna fyrirvaralausrar uppsagnar á skiprúmssamningi og ráðningarslita vegna veikinda hans. Er einstökum kröfuliðum rækilega lýst í héraðsdómi, og nema þeir alls kr. 25.706.92, eins og áður greinir.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og þess, sem nú var rakið, ber að taka til greina dómkröfu stefnda, sem eigi hefur verið vefengd tölulega. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða stefnda nefnda fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Helga Kristjánssyni, kr. 25.706.92 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. október 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. apríl 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl s.l., hefur Helgi Kristjánsson, Kársnesbraut 85, Kópavogi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. okt. 1961, á hendur Skipaútgerð ríkisins til greiðslu á kr. 39.781.38 með 8% ársvöxtum frá 30. apríl 1961 til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi gerir þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að Skipaútgerð ríkisins verði aðeins gert að greiða stefnanda ógreitt sumarfrí vegna veru hans á m/s Skjaldbreið og m/s Herðubreið, kr. 1.395.60, og vegna fæðispeninga í sumarfríi, kr. 785.30, og orlofsmerki vegna tímavinnu, kr. 251.00, og ógreitt sumarfrí vegna dvalar stefnanda á m/s Óðni hjá Landhelgisgæzlu Íslands, kr. 4.338.90, og ógreiddra fæðispeninga í sumarfríi, kr. 579.60, eða samtals kr. 4.918.50, svo og að vextir

og málskostnaður verði felldir niður. Verði málinu vísað frá dómi, krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Frávísunarkrafa stefnda var tekin sérstaklega til úrskurðar 10. nóv. 1962, og var henni hrundið.

Málavextir eru þeir, að samkvæmt vottorði lögskráningarstjórans í Reykjavík, dagsettu 15. júní 1961, hefur stefnandi máls þessa verið skráður vélstjóri á eitt varðskipa Landhelgisgæzlunnar, m/s Óðin (m/s Gautur), og tvö skip stefnda, m/s Skjaldbreið og m/s Herðubreið, með nokkrum eyðum á tímabilinu 12. febrúar 1959 til 30. apríl 1961.

Samkvæmt vottorði þessu áttu kaup og kjör stefnanda að fara eftir samningi viðkomandi stéttarfélaga, og eru aðiljar sammála um, að þar sé átt við kjarasamning á dskj. nr. 5 milli Vélstjórafélags Íslands og þar greindra skipafélaga og atvinnurekenda, þar á meðal stefnda í máli þessu. Stefnandi er þó ekki félagsmaður í Vélstjórafélagi Íslands, enda hefur hann aðeins mótorvélstjóraréttindi allt að 900 ha. á fiskiskipum og 600 ha. á öðrum skipum.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að honum hafi í hvert sinn, er hlé varð á störfum hjá stefnda á umræddu tímabili, verið sagt upp fyrirvaralaust og án kaupgreiðslu fyrir uppsagnarfrest, sem hann telur sig eiga lögum samkvæmt, sbr. 13. grein sjml. og 32. gr. sömu laga, svo og með tilvísun í áðurnefndan kjarasamning, sbr. 2. gr. hans um sama efni.

Í 13. gr. sjómannalaga segir, að uppsagnarfrestur vélstjóra sé 1 mánuður, ef veikindi ber að höndum, sem leiði til þess, að viðkomandi aðili geti ekki leyst starf sitt af hendi. Í 2. gr. umræddS kjarasamnings skoðast vélstjóri, sem unnið hefur eitt ár hjá útgerðinni, fastur starfsmaður hennar, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu.

Í sömu grein segir enn fremur, að veikist vélstjóri, eftir að hann hafi starfað í eitt ár hjá útgerðinni, beri honum auk þess, sem tekið er fram í sjólögum, allt að þriggja mánaða laun.

Í framangreindum ákvæðum laga og kjarasamnings byggir stefnandi kröfur sínar um greiðslu vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi af hálfu stefnda, en auk þess telur hann sig eiga hjá stefnda ógreitt orlofsfé af kaupi sínu frá 15. maí 1960.

Stefndi bendir á í fyrstu, að honum sé ranglega stefnt að því er varðar þann kröfulið, er tekur til dvalar stefnanda á v/s Óðni,

varðskipi Landhelgisgæzlunnar. Landhelgisgæzlan og Skipaútgerð ríkisins séu tvö fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald og sjálfstæða ársreikninga, þótt sama skrifstofufólkið hafi með höndum skrifstofustörf beggja fyrirtækjanna. Stefndi bendir einnig á, að ráðning yfirmanna á skip Landhelgisgæzlunnar sé í höndum sérstaks skipaeftirlitsmanns í þjónustu Landhelgisgæzlunnar og hafi stefndi verið ráðinn af honum eftir tilvísun Sveins vélstjóra Þorbergssonar, sem var yfirmaður stefnanda í forföllum fyrsta vélstjóra á v/s Óðni. Hins vegar ráði allt annar maður vélsjóra á strandferðaskipin og um það hafi stefnanda verið vel kunnugt. Þarna sé því, eins og áður er sagt, um tvö fyrirtæki að ræða og séu því kröfur á hendur Landhelgisgæzlunni alls óviðkomandi stefnda í málinu og beri því eigi að taka þann lið stefnukröfunnar til greina, er varðar dvöl stefnanda á varðskipinu Óðni.

Að öðru leyti styður stefndi varakröfu sína með því, að stefnandi hafi alla tíð, er hann starfaði hjá stefnda, verið í aflausnarstörfum, þ. e. leyst af aðra starfsmenn stefnda í sömu grein í veikindaforföllum og sumarleyfum, og hafi því starfstími stefnanda verið þeim takmörkum háður, að hann viki úr starfi, þegar þeir kæmu aftur til starfa, sem hann „leysti af" í hvert skipti. Einnig bendir stefndi á, að stefnandi hafi ekki réttindi til að gegna þeim störfum, sem hann vann á skipum stefnda, og þessi undanþága hafi því aðeins fengizt, að hann viki úr störfum fyrir réttindamönnum. Á þeim rökum, sem síðast eru greind, byggir stefndi þá fullyrðingu sína, að stefnandi eigi engan rétt á neinum uppsagnarfresti og vísar því öllum kröfum þar að lútandi á bug sem óréttmætum.

Stefndi segir einnig, að stefnandi hafi aldrei, þrátt fyrir það að hann hafi fengið reikning yfir störf sín mánaðarlega eða jafnskjótt og hann fór úr starfi, gert neina kvörtun út af reikningsskilum. Eigi hafi hann heldur gengið eftir að fá greitt sumarfrí eða orlof, sem honum hafi þó staðið til boða.

Sú upphæð, sem í varakröfunni greini, sé rétt tilgreint sumarfrí og orlof vegna dvalar stefnanda á skipum stefnda og v/s Óðni, skipi Landhelgisgæzlunnar, sú upphæð, sem þar greinir, sé í samræmi við 4. gr. kjarasamnings á dskj. nr. 5 a-lið og með hliðsjón af skráningartíma stefnanda. Þessar fjárhæðir hafi stefnandi getað fengið, hvenær sem honum þóknaðist að sækja þær, sem hann hafi þó látið hjá líða. Öðrum þeim kröfum, sem

að framan greinir, telur stefnandi sér óskylt að sinna, og er málið af þeim sökum komið hér fyrir dóm.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að úrslit málsins hljóta að velta á því, hvort telja beri, að stefnandi eigi í fyrrgreindum tilvikum rétt á uppsagnarfresti eða ekki.

Stefnandi heldur því fram, að hann eigi, stöðu sinnar vegna, rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti, ef honum er sagt upp á fyrsta ári starfstímabils síns, en eftir að hafa starfað í eitt ár hjá útgerðinni eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þessu til stuðnings bendir hann, svo sem áður er rakið, á 13. og 32. gr. sjml. svo og 2 mgr. fyrrgreinds kjarasamnings.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi eingöngu verið ráðinn til að leysa menn af í sumarfríum og veikindaforföllum. Þá ber hann það og fyrir sig, að stefnandi hafi ekki haft réttindi til vélstjórnar á skipum stefnda, en hafi fengið undanþágu til starfans. Hafi ráðning hans ætíð verið bundin því skilyrði, að hann viki úr starfi, þegar réttindamaður vildi komast að. Af þeim sökum hafi hann engan rétt átt á uppsagnarfresti í þau skipti, sem um getur.

Verða þessi atriði nú tekin til nánari athugunar.

Skv. vottorði lögskráningarstjórans í Reykjavík, dags. 15. 6. 1961, var stefnandi lögskráður á umrædd skip, sem hér segir:

1959	II. vélstjóri	12. febr. til 7. nóv.	Óðinn 269 d.
1960	III. —	14. jan. til 25. júní	Skjaldbr. 164 d.
1960	—	27. júní til 30. okt.	Skjaldbr. 126 d.
1960	—	19. des. til 23. des.	Herðubr. 5 d.
1961	—	5. jan. til 18. jan.	Skjaldbr. 14 d.
1961	—	25. jan. til 24 febr.	Herðubr. 31 d.
1961	—	4. apr. til 30. apr.	Skjaldbr. 27 d.

Kjör: „Skv. samn. viðk. stéttarfél.“

Þegar litið er á framangreinda skráningu, kemur í ljós, að stefnandi hefur verið í þjónustu Landhelgisgæzlunnar og stefnda, sem hér segir:

Á árinu 1959 269 daga, á árinu 1960 295 daga og af fjórum mánuðum ársins 1961 72 daga. Auk þess fékk stefnandi fullt kaup vegna veikinda frá 1. nóv. til 30. nóv. 1960. 1. des. til 11. des. 1960 vann hann við vél m/s Skjaldbreiðar, sem var í klössun. 25. febr. til 3. apríl 1961 var stefnandi veikur og fékk kaup í einn mánuð, þ. e. til 26. marz.

Með tilliti til þess langa starfstíma ár hvert verður að telja, að hér hafi verið um að ræða aðalstarf stefnanda, en ekki ígripastarf, eins og stefnandi heldur fram.

Í staðfestu vottorði, dagsettu 27. júní 1963, frá Vélstjórafélagi Íslands segir svo: „Á undanförnum 6 árum hefur það aldrei komið fyrir, að Vélstjórafélag Íslands gerði þá kröfu á hendur útgerð eða skipafélagi, að maður, sem gegndi vélstjórastarfi samkv. undanþágu frá Samgöngumálaráðuneytinu, viki úr starfi fyrir vélstjóra með fullum réttindum. Stafar þetta af vélstjóraeklunni í landinu. Af þeim sökum hafa undanþáguveitingar verið mjög tíðar, en þær hafa ávallt verið gerðar í samráði við Vélstjórafélag Íslands."

Í þessu vottorði kemur skýrt fram, að allar undanþáguheimildir til vélstjórnar eru veittar með vitund og vilja viðkomandi stéttarfélags svo og að þeim, sem slíkrar undanþágu njóta, virðist veitt sambærilegt starfsöryggi og réttindamenn hafa, enda ráðnir upp á sömu starfskjör og þeir, sem full réttindi hafa, eins og skýrt er tekið fram á lögskráningarvottorði, dskj. nr. 6.

Ekki verður annað séð en stefndi hafi í verki virt kaup og kjaraákvæði fyrrgreinds samnings, er hann gerði upp við stefnanda í hvert sinn, er hann fór úr starfi, og verður því ekki á það fallizt, að hann hafi glatað neinum rétti samkv. samningnum, þó að hann hafi ekki hreyft mótmælum við móttöku reikningsskila í hvert sinn.

Að áliti dómsins á stefnandi rétt til uppsagnarfrests samkv. fyrrgreindum kjarasamningi og sjómannalögum, enda er með öllu ósannað, að hann hafi samið við stefnanda á annan veg.

Verða nú kröfur stefnanda teknar til athugunar.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á eftirfarandi hátt:

A. Kaup yfir tímabilið 7. nóv. til 7. des. 1959, 30 dagar:

Mánaðarkaup	kr.	5.604.00
vaktaálag	—	1.470.00
mótortillegg	—	224.16
fæðispeningar	—	945.00
Alls	kr.	8.243.16

B. Kaup yfir tímabilið 23. des. 1960 til 5. jan. 1961, 12 dagar:	Mánaðarkaup	kr.	1.911.00
	vaktaálag	—	294.00
	mótortillegg	—	76.44
	fæðispeningar	—	378.00
	Samt.	kr.	2.659.44
C. Kaup yfir tímabilið 18. jan. til 25. jan. 1961, 6 dagar:	Mánaðarkaup	kr.	995.50
	vatkaálag	—	147.00
	mótortillegg	—	38.22
	fæðispeningar	—	189.00
	Samt.	kr.	1.329.72
D. Kaup yfir tímabilið 26. marz til 4. apríl 1961, 8 dagar:	Mánaðarkaup	kr.	1.274.00
	vaktaálag	—	196.00
	mótortillegg	—	49.96
	fæðispeningar	—	252.00
	Samt.	kr.	1.771.96
E. Kaup fyrir tímabilið 30. apríl til 30. júlí 1961, 90 dagar:	Mánaðarkaup	kr.	14.332.50
	vaktaálag	—	2.205.00
	mótortillegg	—	573.30
	fæðispeningar	—	2.835.00
	Samt.	kr.	19.945.80
F. Orlofsfé, 6% af útborguðu kaupi yfir tímabilið 15. maí 1961, unz starfi lauk, 6% af 71.481.42		kr.	4.288.88
Orlofsfé af vangoldnu kaupi, sbr. liði B, C, D og E.		—	1.542.42
	Samt.	kr.	5.831.30

Eigi er gerð krafa til orlofsfjár af fríu fæði úti á sjó. Heildarkrafa stefnanda, þegar allir liðir eru samanlagðir, nemur kr. 39.781.38.

Verða hinir einstöku kröfuliðir nú teknir til athugunar og úrskurðar.

A liður. Þessi kröfuliður er sprottinn af fyrirvaralausri uppsögn á störfum stefnanda á v/s Óðni, skipi Landhelgisgæzlunnar, og var uppsögnin ákveðin og sett fram af forráðamönnum þeirrar stofnunar.

Enda þótt dómurinn líti svo á, að stefnandi hafi haft rétt til 1 mánaðar uppsagnarfrests, þá verður hann að fallast á það sjónarmið stefnds með tilliti til þess, sem fram er komið í málinu, að Landhelgisgæzlan sé sjálfstæð stofnun með sjálfstætt og aðskilið reikningshald, sem beri ábyrgð á ráðningu og uppsögn sinna starfsmanna, sbr. dskj. nr. 11. Verði því Skipaútgerð ríkisins ekki gerð ábyrg fyrir kröfum, sem kunna að spretta af ráðningu eða uppsögnum starfsmanna Landhelgisgæzlunnar.

Af þessu leiðir, að kröfuliður þessi verður ekki tekinn til greina.

B liður. Þessi kröfuliður tekur til kaups yfir tímabilið 23. des. 1960 til 5. jan. 1961 eða 12 daga, þ. e. frá því að stefnanda var sagt upp störfum á m/s Herðubreið, þar til hann hóf störf á m/s Skjaldbreið, sem hvort tveggja eru skip stefnda. Ber stefnanda kaup fyrir þetta tímabil vegna hinnar fyrirvaralausu uppsagnar.

Mánaðarkaup stefnanda á umræddum skipum var kr. 4.777.50, en stefnandi gegndi stöðu 3. vélstjóra, meðan hann var í þjónustu stefnda.

Vaktaálag var kr. 735.00 á mánuði, mótortillegg 4% af mánaðarkaupi og fæðispeningar kr. 31.50 pr. dag, ef ekki var fæði um borð. Miðað er við 30 daga í mánuði, þegar reiknað er dagkaup, og hliðstætt, þegar vaktaálag á dag er reiknað út.

Sú upphæð, sem kröfuliðurinn hefur að geyma, virðist vera rétt heimfærður miðað við það tímabil, sem hann tekur til, og verður hann því tekinn til greina óskertur.

C liður. Um þennan lið kröfunnar er ekkert, sem gefur tilefni til frekari skýringar en fram kemur í B lið svo og lögskráningarvottorði, og virðist upphæð sú, sem þar er tilgreind, rétt tilfærð, og verður hún því tekin til greina að fullu.

D- liður. Kröfuliður þessi tekur til kaups yfir tímabilið 26. marz til 4. apríl 1961. Stefnandi byggir þennan lið á því, að hann hafi veikzt og verið afskráður af m/s Herðubreið þann 25. febrúar og hafi hann átt í veikindum til 4. apríl. Hann hafi fengið kaup frá 25. febr. til 25. marz, en hann hafi vegna veikinda átt rétt á kaupi samkv. 2. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 5 allt að þrem mánuðum.

Stefnda beri því að greiða sér kaup frá 26. marz til 4. apríl, er hann skráðist aftur á m/s Skjaldbreið.

Stefnandi hóf störf sín hjá stefnda þann 14. jan. 1960 og var samfellt í þjónustu hans með stuttum hléum, sem honum bar kaup fyrir, eins og hér að framan er rakið, þar til hann veiktist 24. febrúar 1961. Hann hefur því verið búinn að vera í þjónustu stefnda á annað ár og á því rétt á launum í allt að þrjá mánuði, er hann veiktist. Með vísan til þessa ber að taka til greina þennan kröfulið að fullu, enda virðist hann tölulega rétt tilfærður.

E liður. Stefnanda var sagt upp að fullu þann 30. apríl 1961. Stefnandi telur, að hann hafi verið orðinn fastráðinn starfsmaður stefnda í skilningi 2. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 5, en þar segir: „Þegar vélstjóri eða aðstoðarvélstjóri hefur unnið eitt ár hjá félaginu, skoðast hann sem fastur starfsmaður þess, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu."

Með tilliti til þess, sem um D lið segir varðandi starfstíma stefnanda, ber að skoða hann sem fastan starfsmann stefnda, og ber honum því þriggja mánaða uppsagnarfrestur skv. fyrrgreindu ákvæði umræddS kjarasamnings. Ágreiningslaust er, að uppsögnin var gerð án fyrirvara, og ber stefnanda því samkvæmt framansögðu kaup í þrjá mánuði frá uppsögn. Verður að taka þennan kröfulið til greina, enda sýnist hann tölulega réttur.

F liður. Þessi liður tekur til orlofsfjár yfir tímabilið 15. maí 1960, þar til starfi stefnanda lauk. Stefndi viðurkennir að stefnandi hafi ekki fengið uppgert orlofsfé eða tekið út samsvarandi sumarfrí. Skv. 4. gr. a-lið fyrrgreinds kjarasamnings ber stefnanda 25 daga sumarleyfi eftir eins árs þjónustu hjá útgerðinni. Með tilvísan til þess, sem um E lið greinir, þá lýkur þjónustutíma stefnanda 30. júlí 1961. Orlofstímabilið, sem liður þessi tekur til, verður frá 15. maí 1960 til 30. júlí 1961 eða 14½ mánuður. Skv. því ber stefnanda 30 daga sumarleyfi. Með tilliti til þessa svo og mánaðarlauna stefnanda ber að taka kröfulið þennan að fullu til greina.

Úrslit málsins skv. framansögðu eru því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda samanlagðar fjárhæðir liðanna B, C, D, E og F eða kr. 2.659.44 plús 1.329.72 plús 1.771.96 plús 19.945.80 plús 5.831.30 eða samtals kr. 31.538.22 ásamt 7% vöxtum frá 10. okt. 1961 til greiðsludags.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilegur kr. 5.650.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Hákoni Guðmundssyni hæstaréttarritara og Halldóri Jónssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Helga Kristjánssyni, kr. 31.538.22 auk 7% ársvaxta frá 10. okt. 1961 til greiðsludags og kr. 5.650.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1966.

Nr. 75/1964. **Utanríkisráðherra og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Níels P. Sigurðsson hdl.) gegn **Þorsteini Brandssyni** (Haukur Jónsson hrl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjald. Ábyrgð ríkissjóðs á kaupgjaldi starfsmanns í þjónustu varnarliðsins.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. marz 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1964. Krefst hann sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem er vélstjóri að mennt, réðst hinn 12. apríl

1957 til starfa hjá varnarliði Bandaríkjanna á Íslandi. Hinn 1. janúar 1958 varð hann fyrir slysi og var af þeim sökum óvinnufær til 15. júní s. á. Hann telur sig eiga á veikindatímanum rétt til þeirra launa, sem mönnum með hans mennt eru greidd í veikindum samkvæmt samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkur frá 7. marz 1957. Er eigi ágreiningur um, að launin, reiknuð samkvæmt launareglum Reykjavíkurborgar, eru þau, sem í héraðsdómi greinir. Varnarliðið hefur neitað að greiða honum þessi veikindalaun, þar sem íslenzk stjórnvöld höfðu eigi tilkynnt varnarliðinu á þeim tíma, er stefndi varð frá vinnu vegna slyssins, að mönnum með hans mennt og í hans starfa bæri slík laun, þá er þeir væru óvinnufærir vegna veikinda. Hefur stefndi því beint kröfu sinni á hendur íslenzka ríkinu, enda verður varnarliðið eigi sótt til greiðslu fyrir íslenzkum dómstólum.

Samkvæmt 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, skal ráðning íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna „framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu skulu fara að íslenzkum lögum og venjum.“ Af þessum reglum og úrlendisrétti varnarliðsins leiðir að leggja verður á áfrýjanda gagnvart stefnda ábyrgð á því, að yfirstjórn varnarliðsins bárust eigi á réttum tíma fullnægjandi skýrslur um ráðningarkjör þeirra manna, er vinna fyrir íslenzka aðilja sams konar störf sem stefndi vann fyrir varnarliðið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstrétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Þorsteini Brandssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóvember 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Þorsteinn Brandsson vélstjóri, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 16. marz 1962, á hendur utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 20.758.36 auk 7% ársvaxta frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavöxtum er lýst svo í stefnu:

Stefnandi, sem hefur full réttindi sem vélstjóri samkvæmt íslenzkum lögum, var fastráðinn hjá varnarliði Bandaríkjanna á Íslandi á árinu 1957. Hinn 1. janúar 1958 veiktist hann og var af þeim sökum óvinnufær til 15. júní s. á., en þá kom hann aftur til vinnu sinnar hjá varnarliðinu og starfaði áfram sem vélstjóri. Eftir að stefnandi kom aftur til vinnu sinnar, reyndi hann að fá greitt kaup fyrir veikindadaga þá, sem hann taldi sig eiga rétt á, en það bar ekki annan árangur en þann, að varnarliðið greiddi honum í desemberlok kr. 2.621.13, sem það taldi sig þó greiða umfram skyldu. Þegar greiðsla fékkst ekki með samkomulagi, höfðaði stefnandi mál fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar gegn yfirmanni varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi fyrir hönd varnarliðsins til greiðslu á framangreindri fjárhæð. Af hálfu varnarliðsins var krafizt frávísunar málsins á þeirri forsendu, að ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku verði ekki sótt til saka fyrir íslenzkum dómstólum. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði aukadómþings Keflavíkurflugvallar, en sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp hinn 4. október 1961, var frávísunarkrafan tekin til greina. Í dómi Hæstaréttar segir m. a., að lög nr. 110/1951 hafi eigi að geyma ákvæði, sem ráða megi af, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi skuli hlíta lögsögu ís-

lenzkra dómstóla um skipti sín við aðilja hér á landi og eigi sé fyrir hendi að alþjóðalögum regla, sem selji herstjórnina undir lögsögu íslenzkra dómstóla um skipti sín við menn, er hún ræður hér til starfa. Stefnandi höfðaði síðan mál það, sem hér er til úrlausnar, á hendur utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að varnarliðið hafi að lögum leyfi til að hafa hér á landi atvinnurekstur og til að ráða íslenzka menn í sína þjónustu, enda hlíti það íslenzkum lögum og reglum um ráðningu manna og gangist undir að greiða það kaup, sem íslenzkir atvinnurekendur greiði, og láta þá að öðru leyti sæta sömu kjörum. Telur stefnandi, að hann eigi rétt á því sem íslenzkur þegn, búsettur hér á landi, að lagður verði efnislega dómur á mál hans af íslenzkum dómstólum og honum verði tryggður sá réttur, sem hann telur sig eiga á hendur varnarliði Bandaríkjanna hér á landi. Telur stefnandi, að réttur hans sem íslenzks þegns sé skertur á ólögmætan hátt með því að ganga svo frá samningi við erlent ríki, að hann geti ekki náð rétti sínum gegn því fyrir íslenzkum dómstólum. Heldur stefnandi fram, að íslenzka ríkið beri ábyrgð á tjóni hans af þessum sökum og sé því bótaskylt um þá fjárhæð, sem hann hefði getað unnið úr hendi hins erlenda aðilja, varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi, með dómi. Þá er því og haldið fram af stefnanda, að ráðningar manna til starfa hjá varnarliðinu hafi farið fram fyrir milligöngu opinberra íslenzkra aðilja og að kjör slíkra manna fari eftir upplýsingum þeim, sem opinberir íslenzkir aðiljar gefi varnarliðinu. Hafi þeir átt að sjá um, að ráðningarkjör færu eftir íslenzkum lögum og reglum. Því hljóti misskilningur fyrirsvarsmanna varnarliðsins, sem leitt hafi til þess, að hann hafi ekki fengið greidd laun fyrir veikindadaga þá, sem hann krefur um í máli þessu, að stafa af mistökum opinberra íslenzkra starfsmanna, en á slíkum mistökum beri stefndu ábyrgð. Byggir stefnandi á því, að kjör hans hafi átt að vera hin sömu og fastir starfsmenn Reykjavíkurbæjar höfðu samkvæmt reglugerð um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, en í 11. gr. hennar séu þau ákvæði um veikindadaga, sem hann byggir kröfur sínar á. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að hann eigi rétt á fullum launum mánuðina janúar, febrúar og marz, kr. 5.174.56 á mánuði eða kr. 15.523.35 í þrjá mánuði. Þá telur stefnandi sig eiga rétt á hálfum launum mánuðina apríl og maí, eða þ. e. kr. 5.174.56 fyrir þá tvo mánuði, og einnig hálfum launum fyrir

hálfan júnímánuð, þ. e. kr. 1.358.29, enda hafi laun hækkað um 5% hinn 1. júní. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 22.056.09. Þá reiknar stefnandi sér 6% orlof af fjárhæð þessari, þ. e. kr. 1.323.40, og nemur heildarkrafa hans fyrir tíma þann, sem hann var frá vinnu, kr. 23.379.49. Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 2.621.13, sem varnarliðið greiddi honum í lok desembermánaðar 1961. Samkvæmt því nemur hin endanlega dómkrafa stefnanda kr. 20.758.36.

Í málinu er fram komið af hálfu stefnanda, að hann hafi afhent yfirmanni sínum læknisvottorð til staðfestu veikindum sínum. Einnig liggur frammi vottorð Bjarna Jónssonar læknis, dags. 19. maí 1958, þess efnis, að stefnandi hafi hlotið brot á vinstri lærleggshálsi og verið heima frá 7. maí, en fram að þeim tíma mun hann hafa verið á sjúkrahúsi.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið ráðinn samkvæmt kjörum þeim, er hann byggir kröfur sínar á, og hafi hann því ekki sýnt fram á, að hann eigi nokkra kröfu á hendur varnarliði Bandaríkjanna hér á landi. Í greinargerð stefndu kemur fram, að varnarliðið sjálft muni aldrei hafa gerzt aðili að samningum íslenzkra verkalýðsfélaga um kaup og kjör. Hins vegar hafi verið sett á fót svonefnd kaupskrárnefnd með frjálsu samkomulagi vinnuveitenda og verkalýðsfélaga og muni sú nefnd hafa gert tillögur til varnarliðsins um kaup og kjör þeirra verkamanna og iðnlærðra verkamanna, sem á Keflavíkurflugvelli hafi unnið. Nefnd þessi hafi því ekki að lögum haft neinn rétt til að ákveða kaup þessara starfsmanna og hafi varnarliðið heldur ekki verið bundið við ákvarðanir þessarar nefndar. Af hálfu stefndu er því mótmælt, að stefnandi geti byggt rétt sinn til greiðslu launa fyrir veikindadaga á ákvæðum reglugerðar um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Sú reglugerð sé ekki samningur um kaup og kjör í skilningi 6. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, heldur einhliða reglugerð, sem gildi aðeins fyrir starfsmenn, er vinni hjá Reykjavíkurborg, og geti varnarliðið ekki verið bundið við hana á nokkurn hátt. Þá er á það bent af hálfu stefndu, að varnarliðinu hafi ekki verið kunnugt um umrædda reglugerð, fyrr en kaupskrárnefnd hafi ritað því bréf hinn 27. maí 1959, löngu eftir að stefnandi hafi orðið fyrir slysi því, sem áður getur. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að það álit kaupskrárnefndar, sem komi fram í bréfi hennar til umboðsmanns stefnanda hinn 21. marz 1961, að ákvæði nefndrar reglugerðar um

veikindadaga og uppsagnarfrest hafi átt að gilda um kjör vélstjóra, sem starfað hafi hjá varnarliðinu, sé ekki bindandi fyrir þá. Af hálfu stefndu er því mótmælt í greinargerð þeirra sem rökstuðningi fyrir kröfum stefnanda á hendur stefndu, að svo hafi verið gengið frá samningum um dvöl varnarliðsins hér á landi, að íslenzkir aðiljar geti ekki náð rétti sínum gegn varnarliðinu fyrir íslenzkum dómstólum. Er því haldið fram, að íslenzka ríkisstjórnin hafi ekki í þessu máli eða öðrum komið í veg fyrir, að þeir, sem telja sig eiga kröfur á hendur varnarliðinu, geti ekki náð rétti sínum. Þvert á móti sé svo fyrir mælt í lögum, að slíkir menn geti höfðað skaðabótamál beint gegn íslenzka ríkinu, eins og stefnandi hafi gert í máli þessu. Við munnlegan flutning málsins var því hins vegar haldið fram af hálfu stefndu, að íslenzka ríkið beri ekki ábyrgð á samningsrofum aðilja, sem eigi lúti lögsögu íslenzkra dómstóla (ex territorial), enda samrýmist annað ekki íslenzkum lögum og alþjóðalögum. Þá sé og á það að líta, að í viðbótarsamningi um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 111/1951, hafi íslenzka ríkið tekið á sig ábyrgð á skaðabótaskyldum verkum liðs Bandaríkjanna utan samninga. Frá ákvæði þessu beri að gagnálykta, að íslenzka ríkið taki ekki á sig ábyrgð á greiðslu skaðabóta vegna vanefnda á samningum, sem þeir geri við íslenzka aðilja. Samkvæmt þessum röksemdum var því hadlið fram af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, að sýkna beri þá vegna aðildarskorts.

Ekki verður fallizt á það með stefndu, að samkvæmt gagnályktun frá 2. tl. 12. gr. viðbætis við varnarsamninginn beri sökum aðildarskorts að sýkna þá af kröfum stefnanda, enda er krafa stefnanda m.a. á því byggð, að það hafi verið vegna mistaka íslenzkra stjórnvalda, að hann hafi ekki náð þeim rétti úr hendi varnarliðsins, sem hann er nú að heimta úr hendi þeirra.

Í 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem hlotið hefur lagagildi með lögum nr. 110/1951, segir svo:

„Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þennan. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að samþykkja ráðningu íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launa-

uppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenzkum lögum og venjum.“ Samkvæmt þessu ákvæði kemur fram, að ráðningum varnarliðsins á íslenzkum starfsmönnum er ekki ætlað að fara fram á frjálsum vinnumarkaði. Hefur og varnarliðið ekki gerzt aðili að samningum íslenzkra verkalýðsfélaga um kaup og kjör. Skömmu eftir komu varnarliðsins hingað til lands var sett á stofn kaupskrárnefnd. Mun tilgangur með stofnun hennar hafa verið sá að láta varnarliðinu í té upplýsingar um, hver ráðningarkjör og vinnuskilyrði íslenzkir starfsmenn, sem varnarliðið kynni að ráða í þjónustu sína, skyldu hafa í samræmi við framangreint ákvæði 4. tl. 5. gr. viðbætisins við varnarsamninginn. Samkvæmt áðurgreindu ákvæði viðbætis við varnarsamninginn verður að telja, að nefnd þessi hafi verið stofnuð að fyrirmælum íslenzkra stjórnvalda og starfað með umboði frá þeim. Ber varnarliðinu að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um kjör starfsmanna, er starfa í þágu þess. Á árinu 1954 var gefin út að tilhlutan kaupskrárnefndar kaupskrá um launakjör íslenzkra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Er kaupskrá þessi miðuð við gildandi kaup og kjarasamninga stéttarfélaga og vinnuveitenda hinn 2. marz 1954 svo og launalög og viðurkenndar starfs- og kjarareglur. Í kaupskrá þessari er ákvæði um tímakaup vélstjóra, og er því skipað í kafla með launum verkamanna við almenna vinnu svo og annarra starfsgreina, þar sem iðnréttinda mun ekki krafizt. Í kafla þessum er svofellt ákvæði: „Slasist verkamaður vegna vinnu eða flutninga til og frá vinnustað, skal hann halda óskertu kaupi eigi skemur en 7 virka daga. Verði ágreiningur um bótaskyldu vinnuveitenda, skal farið eftir því, hvort slysatrygging ríkisins telur skylt að greiða bætur vegna slyssins. ....“

Í sérstökum kafla í kaupskránni eru ákvæði um laun ýmissa iðnlærðra starfsmanna, t. d. flugvélavirkja, vélsmiða og bifvélavirkja. Hafa ákvæðin um ýmsar starfsgreinar þessar að geyma sérákvæði um skyldu vinnuveitenda til að greiða starfsmanni laun í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast við vinnuna eða af henni. Ekki er þar að finna ákvæði um vélstjóra. Í almennum ákvæðum kaupskrárinnar er ekki að finna ákvæði um skyldu vinnuveitenda til að greiða starfsmanni laun, á meðan hann er frá vinnu vegna veikinda.

Í bréfi, sem kaupskrárnefnd ritaði lögmanni hinn 21. marz 1961, segir svo:

„1. Þegar kaupskrárnefnd var í upphafi, í október 1952, beðin að taka saman skrá yfir kaup og kjör íslenzkra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli, var henni send skrá yfir allar starfsstéttir, sem þá unnu hjá Varnarliðinu þar.

Þá var engra upplýsinga æskt um kaup og kjör vélstjóra með vélstjóraskólaprófi, heldur einungis um launakjör vélgæzlumanna (diesel operators).

Í fyrstu kaupskrá kaupskrárnefndar, sem afhent var Varnarmálanefnd til birtingar fyrir Varnarliðinu í nóvember 1952, voru því einungis birt kjör vélgæzlumanna og skýrt fram tekið, að þau væru miðuð við taxta vélgæzlumanna í frystihúsum.

Í fjölrituðu kaupskránni frá 14. febrúar 1953 var þessi taxti tekinn upp og tekið fram, að önnur kjaraákvæði vélgæzlumanna skyldu vera þau sömu og hjá verkamönnum.

Í prentuðu kaupskránni, sem gefin var út í marzmánuði 1954, er enn um engan annan taxta vélgæzlumanna að ræða en þann, sem getið er hér að framan og tekinn er upp úr samningum Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

2. Í ágústmánuði 1955 var kaupskrárnefnd beðin að láta Varnarliðinu í té upplýsingar um kaup vélstjóra, er ætti að annast gæzlu og viðhald á vélum í rafstöð Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Starfslýsing fylgdi, og segir þar m. a. um kröfur þær, sem gerðar eru til umræddra vélstjóra:

„Prerequisites: Knowledge of electric principles and physics is mandatory. Knowledge of internal combustion engines, gasoline and diesel is required. Interpretation of technical orders, blue prints, and schematic drawings is necessity. Experience in functions such as repair or maintenance of electrical power production equipment is mandatory."

Nefndin sneri sér strax til yfirmanns verkfræðideildar Rafmagnsveitu Reykjavíkur, hr. yfirverkfræðings Jakobs Guðjohnsen, og leitaði álits hans um laun slíks vélstjóra. Með bréfi til nefndarinnar, dags. 6. ágúst 1955, gaf hann nefndinni upp laun vélstjóra hjá Sogsvirkjuninni, bæði bein laun og umreiknuð húsnæðishlunnindi. Þessi launakjör voru svo birt í bréfi kaupskrárnefndar til Varnarliðsins, dags. 19. ágúst 1955.

Að sjálfsögðu voru laun þessi samkvæmt launasamþykkt Reykjavíkurbæjar, og giltu því ákvæði hennar um veikindadaga og uppsagnarfrest vélstjóra hér engu síður en sjálf launakjörin,

enda naumast hægt að ætla, að launin ein skyldu fara eftir launasamþykkt Reykjavíkur, en önnur kjör eftir Dagsbrúnarsamningum.

3. Það er á misskilningi byggt, að umræddir vélstjórar hafi fyrst öðlazt rétt til veikindadaga með bréfi kaupskrárnefndar til Varnarliðsins, dags. 27. maí 1959.

Hið rétta er, að það bréf er einungis svarbréf við bréfi Varnarliðsins til Varnarmálanefndar, dags. 14. maí 1959, þar sem beðið var um upplýsingar um kaup vélstjóra við dieselvélar í rafstöð Varnarliðsins og þá sérstaklega um útreikning á álagi á vaktir.

Með bréfi, dags. 23. marz 1959, vakti kaupskrárnefnd, að gefnu tilefni, athygli Varnarliðsins á því, að kaup vélstjóra hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hefði hækkað hinn 1. september 1958, en við það kaup væri kaup vélstjóra við dieselvélar í rafstöð Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli miðað. Í þessu bréfi er engan veginn sagt, að umræddir vélstjórar hafi þá fyrst öðlazt rétt til veikindadaga, heldur aðeins vakin athygli á, að *laun* vélstjóranna hafi átt að hækka 1. september 1958."

Hinn 23. marz 1959 hafði kaupskrárnefnd ritað varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins bréf. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Að gefnu tilefni vill Kaupskrárnefnd geta þess, að hinn 1. september 1958 hækkaði kaup vélstjóra hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en við það kaup er kaup vélstjóra við dieselvélar í rafstöð Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli miðað. Frá þeim tíma er grunnkaup vélstjóranna kr. 3.339.00 á mánuði. Með vísitölu 175 stigum verður mánaðarkaupið kr. 5.843.00. Vinni vélstjórar vaktavinnu á tímabilinu milli kl. 2100—0800, fá þeir hverja klukkustund greidda með 33% álagi á dagvinnukaup, sem er nú $= \frac{5.843.00}{160}$

Kaupskrárnefnd væntir þess, að ofangreind tilkynning verði birt réttum aðiljum svo fljótt sem verða má."

Hinn 26. maí 1959 hafði kaupskrárnefnd ritað varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins bréf, og segir í því svo meðal annars:

„Í framhaldi af bréfi sínu um kaup og kjör ofangreindra starfsmanna, dags. 23. marz s.l., vill Kaupskrárnefnd taka fram eftirfarandi:

1. Mánaðarkaup vélstjóranna, sem birt var í bréfi nefndar-

innar, dags. 23. marz s.l., miðast við 48 klukkustunda vinnuviku.

2. Næturálag, kr. 6.89 í grunn á klst., eða kr. 12.06 á klst. miðað við vísitölu 175 stig, skal greiða fyrir þann tíma vakta, sem staðinn er á tímanum frá kl. 2100—0800. Heildarkaup vélstjóranna pr. klukkustund á tímabilinu frá kl. 2100—0800 miðað við gildandi vísitölu reiknast þannig út: 3339.00 (grunnkaup pr. mánuð) : 160 = 20.87 + 33% (6.89) = 27.76 × 175 (vísit.) = *kr. 48.58.*

3. Aukavinna skal greidd með eftirgreindu tímakaupi. Eftirvinna kr. 54.79 (miðað við vísitölu 175 stig). Nætur- og helgidagavinna kr. 73.05 (miðað við vísitölu 175 stig).

4. Vélstjórum skal gefinn kostur á lífeyristillagi þannig, að vinnuveitandi greiði 6% af hverjum unnum tíma, miðað við dagvinnukaup, og haldi jafnframt eftir 4% af launum hans og greiði hvorutveggja til Vélstjórafélags Íslands. Vélstjórafélag Íslands skal heimta lífeyrirgreiðslur þessar úr hendi vinnuveitanda vegna vélstjóra þeirra, sem hér kunna að eiga hlut að máli.

5. Vélstjórar skulu hafa einn frídag í viku.

6. Helgidagavinna telst frá kl. 1700 á laugardögum til kl. 0800 á mánudögum.

7. Yfirvinna skal því aðeins greidd, að hlutaðeigandi vélstjóri hafi áður skilað fullum mánaðarstundafjölda.

8. Ef vélstjóri veikist og getur ekki af þeim sökum sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna yfirboðara sínum það, en hann ákveður, hvort læknisvottorðs skuli krafizt. Vottorð skal vera frá trúnaðarlækni, ef þess er óskað.

9. Vélstjóri, sem verið hefur skemur en 6 mánuði í starfi, skal eiga rétt til óskertra launa í 30 veikindadaga og hálfra launa í 30 daga.

Hafi vélstjóri verið lengur en 6 mánuði í starfi, skal hann halda fullum launum svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum. Ef þeir hafa verið fleiri, lækka launin um helming þann tíma, sem umfram er. Þegar vélstjóri hefur verið fjarverandi í 180 daga á 12 mánuðum, fellur launagreiðsla niður.

Nú hefur vélstjóri verið frá störfum vegna veikinda tvö ár í röð með fullum launum þá dagatölu, sem hann samkvæmt síðustu málsgrein nýtur óskertra launa, og skerðast þá um helming næstu 4 ár hlunnindi þau, er hann á samkvæmt þeirri málsgrein um greiðslur í veikindaforföllum.

10. Vélstjórar skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum.

11. Uppsagnarfrestur, sem er gagnkvæmur, skal vera 3 mánuðir.

Kaupskrárnefnd væntir þess, að ofangreind tilkynning verði birt réttum aðiljum svo fljótt sem verða má."

Er bréf kaupskrárnefndarinnar var ritað, voru tveir nefndarmanna hinir sömu og tekið höfðu þátt í samningu kaupskrárinnar frá 1954. Það verður því að telja, samkvæmt því sem fram kemur í bréfum þessum, að þegar í ágúst 1955 hafi ætlun nefndarinnar verið sú, að vélstjórar, sem gengdu störfum þeim, er stefnandi hafði með höndum, skyldu hafa kjör, er í verulegum atriðum byggðust á samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, þar á meðal, að vélstjórar þeir, sem hér um ræðir, skyldu hafa rétt til launa í veikindaforföllum, eins og segir í 9. tl. bréfs kaupskrárnefndarinnar frá 26. maí 1959, en sams konar ákvæði var í reglugerð um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, er í gildi gekk 1. janúar 1957. Reglugerðin hefur að geyma önnur ákvæði um starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu Reykjavíkurbæjar í 7 ár eða lengur, en þeirra er ekki getið í greindu bréfi kaupskrárnefndarinnar. Verður því að telja, að kjör þau, sem tilgreind eru í bréfi kaupskrárnefndarinnar frá 26. maí 1959, hafi átt að gilda um vélstjóra, er gengdu sama starfi og stefnandi, frá því er nefndin gaf álit um laun þessara vélstjóra með bréfi sínu hinn 19. ágúst 1955, þótt eigi verði séð, að nefndin hafi tilkynnt varnarliðinu önnur kjaraákvæði en launin. Það þykir því verða að telja, að íslenzk stjórnvöld beri ábyrgð á þeim réttarmissi, er stafar af því, að þau ákvæði um kjör vélstjóra, sem kaupskrárnefndin birti í bréfi sínu hinn 26. maí 1959, voru eigi gerð kunn þegar hinn 19. ágúst 1955, svo að varnarliðið gæti þá þegar beitt þeim, enda verður að telja, að varnarliðinu hafi borið að fara eftir slíkri tilkynningu.

Í bréfi kaupskrárnefndarinnar frá 26. maí 1959 er ekki getið sérstaklega um rétt vélstjóra til launa, á meðan þeir eru fjarverandi frá störfum vegna slysa. Ekki hefur reglugerð um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar að geyma sérstök ákvæði um þetta. Verður að telja, að ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar taki einnig til slíkra forfalla.

Verður stefndu því gert að greiða stefnanda fjárhæð, er nemur launum hans fyrir veikindadaga þá, sem hann krefur um í

máli þessu, þ. e. full laun í þrjá mánuði og hálf laun í tvo og hálfan mánuð.

Af hálfu stefndu hefur fjárhæð stefnukröfunnar ekki verið mótmælt sérstaklega að öðru leyti en því, að mótmælt er, að varnarliðið sé skuldbundið til að greiða verðlagsuppbót á laun. Samkvæmt íslenzkum lögum bar að greiða uppbót á laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu á þeim tíma, sem hér um ræðir. Samkvæmt ákvæði kaupskrárinnar frá 1954 er gert ráð fyrir, að við útreikning launa sé reiknað með réttmætri kaupgjaldsvísitölu á hverjum tíma. Í ársbyrjun 1958 voru laun greidd samkvæmt kaupgjaldsvísitölu 183 og var svo þar til hinn 1. september, að kaupgjaldsvísitalan hækkaði í 185 stig. Hinn 1. júní 1958 hækkuðu grunnlaun um 5%. Í ársbyrjun 1958 voru grunnlaun stefnanda kr. 2.797.00, og hækkuðu þau í kr. 2.936.85 hinn 1. júní. Laun fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz með kaupgjaldsvísitölu 183 nema kr. 15.355.53. Hálf laun fyrir mánuðina apríl og maí með sömu kaupgjaldsvísitölu nema kr. 5.118.51, og hálf laun fyrir hálfan júnímánuð með sömu kaupgjaldsvísitölu nema kr. 1.343.61. Samkvæmt þessu nema laun stefnanda fyrir veikindaforföll hans í 5½ mánuð kr. 21.817.65. Þá þykir stefnandi eiga rétt á 6% í orlofsfé af fjárhæð þessari, þ. e. kr. 1.309.06. Nema þá laun og orlofsfé fyrir umrætt tímabil samtals kr. 23.126.71. Frá þessari fjárhæð ber að draga kr. 2.621.13, sem varnarliðið greiddi stefnanda, að því er það taldi umfram skyldu. Kemur þá fram fjárhæðin kr. 20.505.58, sem stefndu verður gert að greiða stefnanda ásamt vöxtum, er reiknast 6% frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960, 8% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% frá þeim degi til greiðsludags. Þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.400.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Brandssyni, kr. 20.505.58 auk 6% ársvaxta frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.400.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1966.

Nr. 94/1965. **Skiptaráðandinn á Akureyri f. h. þrotabús Brynjólfs Brynjólfssonar**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Félagsgarði h/f og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1965. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 895.549.14 ásamt 8% ársvöxtum frá 22. júní 1964 til 30. desember 1964 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann þess, að dómgiltur verði lögveðréttur í húsinu nr. 98 við Hafnarstræti, Akureyri, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. júlí 1965, áfrýjað málinu með stefnu 3. ágúst 1965. Hann krefst sýknu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Með bráðabirgðasamningi 20. febrúar 1963 tók Brynjólfur Brynjólfsson á leigu af gagnáfrýjanda húseignina nr. 98 við Hafnarstræti á Akureyri til 10 ára frá 1. apríl 1963 að telja fyrir kr. 20.500.00 leigugjald á mánuði, er hækka skyldi eða lækka eftir húsaleiguvísitölu. Með leigumálanum var Brynjólfi Brynjólfssyni veitt heimild til að breyta neðstu hæð hússins að vild sinni, að fengnu samþykki byggingaryfirvalda. Leigusali skyldi að leigutíma loknum eignast breytingarnar án endurgjalds. Brynjólfur Brynjólfsson varði síðan tæpum kr. 1.000.000.00 til breytinga á húsinu og viðbyggingar við það. Brynjólfur Brynjólfsson varð gjaldþrota

hinn 14. apríl 1964. Samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti sagði þrotabúið upp leigumálanum, þótt einungis um einn tíundi leigutímans væri þá liðinn. Þar sem gagnáfrýjandi tekur aftur við húsinu með þeim breytingum og viðaukum, sem Brynjólfur Brynjólfsson hafði gengið frá, telur aðaláfrýjandi, að gagnáfrýjandi eigi að standa honum skil á níu tíundu hlutum þess fjár, sem Brynjólfur Brynjólfsson varði í húsið.

Í máli þessu er á það að líta, að leigumálanum var eigi slitið vegna vanefnda gagnáfrýjanda á honum, heldur samkvæmt þeirri sérstöku heimild, sem 18. gr. laga nr. 25/1929 veitir þrotabúi til að slíta leigumála, þótt leigutími sé eigi liðinn. Er úrlausnarefni í þessum skiptum aðilja því einungis það, hvort gagnáfrýjandi hafi hlotið svo óeðlilegan hagnað af niðurfalli leigumálans að leggja beri á hann einhverja greiðsluskyldu. En í máli þessu hefur engin allsherjarkönnun farið fram á því, hver sé sennilegur skír hagnaður gagnáfrýjanda af því, að hann tók aftur við húsinu breyttu ásamt viðbyggingu tæpum 9 árum fyrr en gert var ráð fyrir í leigumálanum.

Hefur héraðsdómur sýknað gagnáfrýjanda af þessum sökum. En þar sem málið hefur eigi verið reifað svo, að það hafi komizt á dómhæfan grundvöll, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og alla málsmeðferðina og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum ber að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir héraðsdómi eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 5. marz 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 22. júní 1964, af skiptaráðandanum á Akureyri f. h. þrotabús Brynjólfs Brynjólfssonar, veitingamanns

á Akureyri, gegn stjórn Félagsgarðs h/f, Akureyri, þeim Skarphéðni Ásgeirssyni forstjóra, Helgamagrastræti 2, Valgarði Stefánssyni stórkaupmanni, Oddeyrargötu 26, og Stefáni Reykjalín byggingam., Holtagötu 7, öllum á Akureyri. Gerir stefnandi þessar kröfur:

Aðallega, að stefndu verði dæmt til að greiða stefnanda 9/10 hluta útlagðs kostnaðar við breytingar og viðbyggingu á húseign stefndu nr. 98 við Hafnarstræti hér í bæ, kr. 995.054.60 eða kr. 895.549.14 auk 8% ársvaxta af þeirri upphæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Til vara, að stefndu verði dæmdir til greiða aðra lægri upphæð að mati réttarins ásamt kostnaði og vöxtum, eins og að framan greinir. Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnanda kröfu um lögveð í Hafnarstræti 98 fyrir dæmdum kröfum.

Varnaraðiljar hafa krafizt þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Að þingfestingu málsins lokinni, en í sama réttarhaldi, 29. júní s.l., úrskurðaði hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, að hann viki dómarasæti í málinu, þar sem hann sem skiptaráðandi væri stefnandi málsins, og var Sigurður M. Helgason, lögfræðingur á Akureyri, skipaður með umboðsskrá, dags. 15. júlí 1964, til að fara með og dæma málið.

Málið var höfðað með samþykki skiptafundar, sem haldinn var í þrotabúi Brynjólfs Brynjólfssonar veitingamanns 22. maí s.l., en á kostnað Útvegsbanka Íslands.

Stefnandi kveður málið höfðað til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði að 9/10 hlutum við breytingar og viðbyggingu, er Brynjólfur Brynjólfsson veitingamaður hafi látið gera á húsi stefndu nr. 98 við Hafnarstræti hér í bæ. Kveður stefnandi málavexti vera þessa: Nefndur Brynjólfur og stefndu gerðu með sér samning, dags. 20. febr. 1963, um leigu á húsinu Hafnarstræti 98 hér í bæ, eign stefndu, til 10 ára frá 1. apríl 1963 að telja, sbr. dskj. nr. 3. Í samningi þessum er leigutaka heimilað að breyta neðstu hæð hússins að vild sinni, ef styrkleiki þess veikist ekki og samþykki byggingaryfirvalda kæmi til, enda bæri leigutaki allan kostnað o. s. frv. Einnig var sagt þar, að aðiljar gerðu með sér fullgildan samning eigi síðar en 25. apríl n.k., þ. e. 1963, en verði það eigi gert, falli þessi skuldbinding úr gildi á sama tíma.

Verður nánar síðar vikið að efni þessa samnings. Þessi síðari samningur, er ráðgerður var, var aldrei gerður, og telur stefnandi því, að skuldbindingar þær, er nefndur samningur hafi að geyma, séu fallnar niður.

Samkvæmt samningi frá 20. febrúar 1963 hófst Brynjólfur Brynjólfsson handa um breytingar og viðbyggingu fyrir alls um eina milljón króna, og verður nánar vikið að þeim framkvæmdum síðar.

Reikningur yfir framkvæmdir þessar hefur verið lagður fram á dskj. nr. 4 sem ljósrit af reikningshaldi Guðmundar Skaftasonar hdl., sem hafði með bókhaldið fyrir Brynjólf að gera á þeim tíma, en samkvæmt þeim reikningi er niðurstöðutalan kr. 995.054.60, eða eins og greint er í stefnu. Í aprílmánuði 1964 var bú Brynjólfs Brynjólfssonar tekið til gjaldþrotaskipta, en þá var um eitt ár liðið af þeim tíma, er samningurinn átti að gilda. Telur stefnandi, að þar sem breytingar þessar og viðaukar hafi verið gerðir með fullu samkomulagi við stefndu og telja verði, að fjárhæð sú, er til þessa var varið, komi stefndu til góða, þá hljóti stefndu að verða að endurgreiða kostnaðinn, að minnsta kosti að 9/10 hlutum, enda verði að telja, að um mjög óeðlilega auðgun húseigenda sé að ræða, ef verðmæti þessi vinnist á einu ári í stað tíu ára, eins og ráð hafi verið fyrir gert. Misræmið milli þess, sem leigutaki fékk, og þess, sem látið sé í staðinn, sé óhæfilega mikið og hefur vitnað í því sambandi til ákv. 7. gr. laga nr. 33/1933.

Um endurbætur þær og viðbyggingu, er Brynjólfur Brynjólfsson hafi látið gera á greindu húsi stefndu, hefur stefnandi skírskotað til skýrslu Brynjólfs þar um í rannsókn út af gjaldþrotinu og framlagðrar matsgerðar, og verður nánar að því vikið síðar.

Stefnandi telur, að með því að láta undir höfuð leggjast að endurnýja húsaleigusamning þann, þar sem beinlínis var fram tekið, að allar skuldbindingar samkvæmt honum væru brott fallnar, en hann yrði ekki endurnýjaður, eigi stefndu engar kröfur á að fá þessar breytingar og lagfæringar til eignar án endurgjalds. Sérstaklega hefur lögmaður stefnanda lagt áherzlu á, að breytingar á kjallara og viðbyggingu nái ekki heldur undir samninginn frá 20. febr., þar sem þeirra sé ekki getið þar.

Í sambandi við breytingarnar, er gerðar voru 1963, hefur stefnandi bent á, að þegar þær voru ráðnar, hafi meginhluti nefnds húss þegar verið notaður sem veitinga- og gistihús. Þá telur stefnandi matið of lágt og hefur sérstaklega mótmælt frádráttar-

lið kr. 60 þús., er gert var vegna hugsanlegra breytinga í fyrra horf.

Stefndu byggja sýknukröfu sína einkum á eftirfarandi atriðum: Þeir viðurkenna, að aldrei hafi verið formlega gerður samningur sá um leigu húsnæðisins, sem ráðgerður var í samningnum 20. febrúar 1963. En þeir telja það ekki skipta máli, þar sem ætlunin hafi verið einungis að færa samninginn til fyllra forms, en ekki breyta á nokkurn hátt þeim ákvæðum, sem voru í samningnum frá 20. febrúar. Báðir aðiljar hafa talið samninginn í gildi, enda hafi leigutaki setið í húsnæðinu á annað ár eftir þetta án athugasemda af sinni hálfu eða leigusala. Þar með hafi aðiljar staðfest efni samningsins og verði því að telja hann í gildi að efni til áfram. Samkvæmt því telja þeir, að eftir samningnum hafi leigutaka verið heimilt að breyta neðstu hæð hins leigða húss að vild sinni, en þó eigi veikja styrkleika hússins, og einnig verður samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda að koma til, en beri leigutaki allan kostnað af breytingunum. Enn fremur, að leigutímanum loknum skuli leigusali öðlast eignarrétt á nefndum breytingum án endurgjalds.

Samkvæmt framangreindu telja stefndu, að þeim sé óviðkomandi allur sá kostnaður, er leigutaki lagði í breytingar á húsinu. Þeir hafi gefið leigutaka alveg frjálsar hendur með breytingar á húsnæðinu, en sjálfir hafi þeir ekki viljað leggja í frekari breytingar, enda hafi þeir áður verið búnir að endurbæta húsið mjög og gert það í fullforsvaranlegt ástand og sýni öll viðbrögð þeirra, að þeir hafi ekki reiknað með frekari fjárfestingu í húsinu. Þá benda stefndu á, að leigan hafi fallið niður eingöngu vegna gjaldþrots leigutaka, en þeir beri á engan hátt ábyrgð á því eða það hafi á neinn hátt verið þeirra sök og geti þrotabúið ekki öðlazt frekari rétt í þessu efni á hendur stefndu en leigutaki sjálfur. Einnig benda þeir á, að þrotabúinu hafi verið heimil leiga á húsnæðinu áfram eða framselja rétt sinn, en þá heimild hafi þeir eigi notað, heldur sagt upp leigusamningnum án nokkurra aðgerða þar um af hálfu húseigenda. Hins vegar hafi búið ekki haft neina sérstaka riftunarheimild samkvæmt 19. til 28. gr. gjaldþrskl.

Loks skírskotuðu stefndu í greinargerð sinni til þess, að ekkert lægi fyrir um það, að breytingar þær, er leigutaki lét gera á húsnæðinu, hafi verið framkvæmdar af forsjá eða að þær hafi aukið verðgildi hússins.

Þá hefur lögmaður stefndu eindregið mótmælt því, að ákvæði

um eignarrétt húseigenda að breytingunum sé neitt óvenjulegt eða ósanngjarnt, slík ákvæði séu algeng og eðlileg.

Það, sem skera þarf úr í máli þessu, er, hvort stefnandi eigi rétt til greiðslu úr hendi stefndu, ef verðmætisaukning hefur orðið á greindu húsi vegna aðgerða Brynjólfs Brynjólfssonar, leigutaka, og ef svo yrði talið, þá hve mikil verðhækkunin hafi verið og hve mikið stefndu ættu að greiða.

Aðalgögnin, sem fram hafa komið í málinu, eru endurrit af opinberri rannsókn, er fram fór vegna gjaldþrots Brynjólfs Brynjólfssonar veitingamanns, samningurinn frá 20. febrúar 1963, er að framan greinir, matsgerð á verðhækkun Hafnarstrætis 98 auk skýrslna aðilja, nokkurra vitna og matsmanna.

Eins og fram kemur á dskj. nr. 2, var Brynjólfur Brynjólfsson veitingamaður, Hrafnagilsstræti 34 hér í bæ, úrskurðaður gjaldþrota í skiptarétti hér 14. apríl 1964, eftir að hann hafði sjálfur lagt inn beiðni þar um, og er búið enn undir skiptum. Samkvæmt skýrslu Brynjólfs við opinbera rannsókn út af gjaldþrotinu voru aðalatriðin í atvinnurekstri hans eftirfarandi: Á árinu 1957 hóf hann rekstur á veitingastofunni Matur og Kaffi í Hafnarstræti 107 hér í bæ, og árið 1958 byrjaði hann á rekstri matbars í Hafnarstræti 105 og hafði báðar þessar veitingastofur þar til á árinu 1961. Jafnframt byrjaði hann árið 1960 á gistihúsastarfsemi í leiguhúsnæði í Hafnarstræti 98, þar sem Hótel Akureyri hafði verið til húsa, áður en núverandi eigendur eignuðust það, og var þessi rekstur rekinn undir því nafni þá og jafnan síðan. Var þetta fyrst í stað aðeins sala gistinga, enda ekki aðstaða til annars, en síðar hóf hann þar einnig veitingasölu, eins og nánar verður að vikið.

Núverandi eigendur, hlutafélagið Félagsgarður, eignuðust húseignina Hafnarstræti 98 hér í bæ með afsali 2. sept. 1949. Húsið er 3 hæðir og kjallari, byggt úr timbri. Eftir kaupin á húsinu var 1. hæð leigð fyrir tannlæknastofu og veitingastofu, en efri hæðirnar leigðar sem íbúðir. Í kjallara munu aðallega hafa verið geymslur. Á árunum 1955 og 56 gerðu eigendur miklar breytingar á húsinu. 1955 var nyrðri hluta fyrstu hæðar breytt í verzlunarhúsnæði, er verzlunin Vísir tók á leigu. Var þá settur einn stór gluggi yfir þann hluta vesturhliðar, tröppur, er voru að vesturhlið, teknar af, nýjar settar, er voru teknar inn í húsið, og lagðar með terraso. Gólf voru jöfnuð og lögð plötum undir dúk. Allar raflagnir voru endurnýjaðar og frá öllu gengið svo, að sem bezt hæfði nýendurbyggðu húsnæði í miðbænum.

Árið eftir, 1956, var syðsta hluta fyrstu hæðar einnig breytt í verzlunarbúð í samræmi við nyrðri hlutann, þar á meðal gluggum og inngangi. Endurnýjað var: raflögn, miðstöð, gólf, loft og veggir. Einnig var kjallari lagfærður og stigi settur þangað frá verzluninni. Húsnæðið var síðan leigt fyrir verzlunina Vöruhúsið.

1960—61 gerðu eigendur eftirfarandi breytingar og lagfæringar á húsinu: Efri hæðunum, 2. og 3., var breytt í hótelherbergi, og segjast húseigendur hafa gert þetta allt sem nýtt að innan. Nýtt hitakerfi var sett á báðar hæðirnar, raflögn endurnýjuð, nýtt stigahús byggt í norðaustur horni, forstofa og snyrtingar byggðar norðan við gamla húsið og húsnæðinu, þar sem verzlunin Vísir var, breytt í matstofu með eldhúsi inn af. Kjallari að norðan lagfærður, m. a. klætt með plötum neðan á loft og allt málað, þar sem nú átti að geyma matvæli hótelsins þar. Inngangur, sem verið hafði í verzlunina Vísi að vestan, var tekinn af og færður að norður stafni í hina nýbyggðu forstofu, og er það sami inngangur, sem nú er. Einnig var pláss það, sem notað var sem sýningargluggi, beint inn af tröppunum, tekið af, og var það lagt undir veitingastofuna. Hið endurbætta húsnæði var allt leigt Brynjólfi Brynjólfssyni til gistihúss- og veitingareksturs. Er talið, að leigan hafi þá verið gerð til 5 ára og um það gerður skriflegur samningur, en stefndu segjast ekki hafa getað haft upp á þeim samningi, þótt reynt hafi verið.

Eftir að Brynjólfur Brynjólfsson hafði á öndverðu ári 1963 samið um leigu á þeim hluta hússins, sem verzlunin Vöruhúsið var í, hófst hann handa um margvíslegar breytingar á húsinu, en hann hafði það nú allt á leigu, en það er út af þessum aðgerðum hans, sem mál þetta er risið.

Stefnandi hefur lagt fram reikning úr bókhaldi Brynjólfs Brynjólfssonar, sbr. dskj. nr. 4, sem talinn er vera yfir kostnað, er hann hafði af nefndum breytingum, með niðurstöðu að upphæð kr. 995.054.60, eins og í stefnu greinir. Einnig hefur sami aðili lagt fram þrjá uppdrætti, 2 er sýna húseignina Hafnarstræti 98 að utan, eins og hún er nú, og þann 3. af breytingum að kjallara, en hann kvað sér ekki hafa tekizt að afla teikninga af breytingum á fyrstu hæð. Þá hefur stefnandi, á meðan á rekstri þessa máls hefur staðið, látið fram fara mat tveggja óvilhallra manna á verðhækkun nefndrar húseignar vegna aðgerða Brynjólfs á eigninni, sbr. dskj. nr. 10. Verður nú vikið að því, í hverju þessar breytingar voru fólgnar samkv. matsgerðinni og skýrslum matsmanna fyrir dómi, en Brynjólfur hefur einnig gefið

skýrslu fyrir dómi, sbr. dskj. nr. 2, um þetta, og er hún í samræmi við skýrslu matsmannanna, það sem hún nær.

Síðan verður vikið að ályktunum og niðurstöðum matsins og loks að skýrslum annarra vitna um breytingarnar.

Samkvæmt matsgerðinni og dómsskýrslum matsmanna voru eftirfarandi breytingar gerðar: 1. hæð, utan og innan. Litlum veitingasal í norðurhluta og verzlunarhúsnæði í suðurhluta var breytt í einn veitingasal. Fyllt var upp í glugga neðan til, forskalað, en þeir náðu áður niður að gólfi, og hlaðið upp í tröppur við miðja vesturhlið og settur gluggi í stað dyra. Gólf var rétt af og sett á það „vinyl" gólfflísar. Loft var einnig rétt af og það klætt með loftplötum. Á veggi voru settar þilplötur og lagðar harðplasti (formica). Af tröppupalli við innganginn að vestan var brotið upp „terraso" og síðan rennt í og pallurinn settur í sömu hæð og gólfið. Einnig voru flísar teknar af gólfinu, a. m. k. í verzlunarhúsnæðinu. Á einum stað á hæðinni var járnstoð. Þar sem engin járnstoð var undir, var þar sett járnstoð undir og múruð niður í grunninn og stoðin endurnýjuð. Gluggaröð á vesturhlið er tengd saman af blikkslegnum tréramma, og myndar þessi rammi nú eina heild á vesturhliðinni í stað þess, að hann rofnaði áður af inngangínum. Einnig skýrði annar matsmaðurinn, Bjarni Sveinsson, svo frá, að eftir að matið fór fram, hafi hann fengið vitneskju um það, að stálbiti hafi verið settur undir salargólfið við þessar breytingar, þar sem áður var trédregari og stálstoðir undir og steypt undir fundament. Í matsgerðinni höfðu matsmennirnir talið stálbita, er settur var í loft 1. hæðar, hafa verið yfir gluggum og stálstoðir undir, en síðar reynist það á misskilningi byggt. Í matsgerðinni segir ennfremur: „Raflögn á 1. hæð var öll endurnýjuð og flutt úr innveggjum í útveggi. Í stað ofnhitunar var sett upp lofthitunarkerfi, og yfir sjálfsafgreiðsluborð var sett loftræstikerfi og byggt utan um það .... Útveggur á neðstu hæð að vestan múrhúðaður."

Um breytinguna á kjallara hússins segir í matinu: „Fyrir breytinguna mun kjallarinn hafa verið, eins og nú er, í suðurenda hússins, þ. e. lofthæð 1.90—1.95 m. Kjallarinn hefur því verið ónothæfur nema sem geymsla. Nú hefur lofthæð verið aukin í 2.50 m og sett upp eldhús og kjötvinnsluherbergi. Kjallararými þetta er að vísu gluggalaust og nýtist því ekki til allra hluta, en þó fyllilega sem eldhús, eins og nú er." Hið endurbætta kjallararými er talið vera 158 m^3.

Um nýbyggingu segir í matinu: „Við austurhlið hússins var

byggð nýbygging á tveim hæðum, kjallari og jarðhæð. Kjallari er steinsteyptur, og eru þar innréttaðar kæli- og frystigeymslur, gangur og venjuleg geymsla. Jarðhæð er gerð úr hleðslusteini, og þak er járnklætt timburþak. Þarna eru sorpgeymslur, geymsla, gangar, kæligeymsla og herbergi fyrir vararafstöð." Rúmmál viðbyggingarinnar töldu matsmennirnir vera: kjallara 63 m^3, efri hæð 100 m^3. Viðbygging þessi er þannig sett, að veggir voru fyrir á þrjá vegu.

Undir rekstri málsins fór dómurinn ásamt umboðsmönnum aðilja og skoðuðu húsið Hafnarstræti 98, og var sérstaklega athugað um framangreindar breytingar. Eftir þá skoðun var gerð svohljóðandi bókun: „Dómararnir taka fram, að viðbyggingin austan við húsið sé að mestu leyti á einni hæð, þó að miðhluti hennar, þar sem frysti- og kæligeymsla er, sé grafinn niður eins og kjallari. Þar er þykkt einangrunargólf, en yfir frystigeymslunni sé ónotað pláss um 1 m. á hæð. Báðir endar eru óútgrafnir, þannig að vistarverur eru þar eingöngu á jarðhæð."

Niðurstaða matsins var, að húsið hefði aukizt að verðgildi vegna téðra breytinga um kr. 640.000.00. Þá segir þar: „Hvað kostnaðarverði, byggingarreikningi, viðvíkur, er ljóst, að hann er óeðlilega hár, og veldur því, hve mikið var unnið í nætur- og helgidagavinnu."

Fyrir dómi gerðu matsmennirnir nokkra sundurliðun á matinu. Mat á 1. hæð: raflagnir kr. 80 þús., loftræstikerfi kr. 60 þús., aðrar endurbætur kr. 60 þús., samtals kr. 200 þús. Var þá reiknað með, að gluggar og dyr á vesturhlið sé sett í sama horf aftur og hafi það verið reiknað kr. 60 þús.

Heildarmat á kjallara var áætlað kr. 275 þúsund, og mun þar vera átt við hinn endurbyggða hluta hans. Þá frádregið eldra verðið kr. 100 þús. og verð steypu í gólf kr. 5 þús., verðmætisaukning kr. 170 þús.

Mat á viðbyggingu kr. 270 þús. Frystir 30 m^3 á kr. 2.500 m^3, annað 130 m^3 á kr. 1.500 m^3. Segjast matsmenn hafa tekið tillit til veggja, er fyrir voru við útreikning verðsins.

Í skýrslum matsmannanna kom fram, að þeir höfðu reiknað með, að ljósatæki í sal, er tilheyrði þrotabúinu, tilheyrði húsinu og að kostnaður við skemmdir á húsinu af gufu, er greiddar voru af Kaupfélagi Eyfirðinga, er gert var við jafnhliða breytingunum, hafi ekki verið reiknað til frádráttar, en bætur þessar runnu til Brynjólfs Brynjólfssonar. Talið er, að bætur þessar hafi verið um kr. 30.000.00. Einnig upplýstu matsmennirnir, að

endurmat á brunabótaverði hússins hafði ekki farið fram eftir margnefndar breytingar, heldur hafði það aðeins hækkað eftir vísitölu. Þá kemur það og nokkuð fram í skýrslum matsmannanna, að þeir hafa naumast gert sér grein fyrir verðmæti hússins eða vissum hluta þess, eins og það var fyrir breytinguna, eins og æskilegt hefði verið, eða verðmæti þess, er rifið var og fjarlægt, svo og kostnað við rif, en raunar hefur aðstaða til þess, a. m. k. að sumu leyti, verið erfið, þegar matið fór fram.

Lögmaður varnaraðilja mótmælti matsgerðinni sem rangri og þýðingarlausri fyrir málið svo og framburðum matsmanna.

Í sambandi við breytingarnar og matið gáfu 2 vitni skýrslur fyrir dómi, Sigtryggur Þorbjörnsson rafvirkjameistari, er annaðist raflagnirnar, og Þór Steinberg Pálsson, er annaðist tréverk á 1. hæð. Sigtryggur Þorbjörnsson kvað raflagnir hafa að mestu verið endurnýjaðar á 1. hæð, þó hafi eitthvað af leiðslum í útveggjum haldið sér og einnig loftljós í bakherbergjum. Rafleiðslur, sem áður voru í vegg milli búðanna, voru færðar yfir salargólfið og að töflu niðri í kjallara. Raflagnir voru ekki fluttar af innveggjum í útvegg. Aðalleiðslurnar eru í loftunum og millivegg við uppþvottarherbergi. Ný raflögn var lögð í allan endurbyggða hluta kjallarans og viðbyggingu og að öllum raftækjum. Hann sagði, að raflagnir í Vöruhúsinu hefðu verið frá endurbyggingu búðarinnar 1955 til 56 og raflagnir í norður hluta muni hafa verið endurnýjaðar, þegar veitingasalur var gerður þar 1961. Hann sagði, að ef hæðin yrði þiljuð sundur á svipaðan hátt og áður var, mundi þurfa að breyta rafleiðslum í svipað horf og áður. Hann minnti, að heildarreikningur þeirra vegna téðra breytinga hafi verið kr. 150 þús. yfir raflagnaefni, vinnu og ljósatæki o. fl.

Eftir spurningu frá lögmanni sóknaraðilja sagði vitni þetta, að komið hefði til tals, að fyrirtæki hans keypti hluta af húsinu Hafnarstræti 98, þ. e. hluta af 1. hæð og hluta af kjallara. Sami lögmaður spurði vitnið þá, hvort rætt hefði verið um ákveðið verð á téðum húshluta. Lögmaður varnaraðilja og vitnið neituðu spurningunni, og gekk úrskurður um það. Féll dómur þannig, að vitninu væri skylt að svara spurningunni. Svaraði vitnið spurningunni síðan þannig, að rætt hefði verið um verð kr. 3.000.000.00 fyrir allt húsið. En þar sem málið væri allt enn laust í reipum, væri óvíst um, hvort af kaupum yrði. Þá spurði sami lögmaður vitnið, hvort úrslit máls þessa ættu að hafa áhrif á framangreinda söluupphæð, og svaraði vitnið því, að eitthvað

hafi verið rætt um þessi málaferli í því sambandi, en ekkert ákveðið, hvaða áhrif þetta mál ætti að hafa á kaupin. Sami lögmaður mótmælti vitnisburðinum sem óstaðfestum, röngum og vilhöllum, en mótmælti staðfestingu þeirri, þegar þess var krafizt, vegna þess að úrslit þessa máls gætu haft mikil áhrif fyrir hann og fyrirtæki hans. Síðar undir rekstri málsins féll lögmaðurinn frá mótmælum sínum við skýrslu vitnisins sem óstaðfestri, en hélt við þau að öðru leyti.

Þór Steinberg Pálsson bar eftirfarandi að því er skiptir máli: Áður en byrjað var að rífa fyrir breytingarnar voru asbestflísar á gólfi Vöruhússins og asbestplötur undir, en dúkur á skrifstofu og veitingastofu. Hann kvað þetta hafa verið í lagi til síns brúks, en flísar verið farnar að slitna og brotna, þar sem mest var gengið og dúkur á veitingastofu verið farinn að láta á sjá. Gólfið var víða undið og óslétt, og var það rétt af. Spónaplötur voru lagðar yfir allt gólfið, málað yfir með sérstöku gólflakki og síðan flísalagt. Um loftið sagði vitnið, að texplötur hafi verið á búðarloftinu, en minnti, að málað bréfloft hefði verið í veitingastofu, en var þó ekki viss um það. Við breytinguna var sett grind úr tommu þykkum viði neðan á allt loftið og það rétt af sem hægt var og bitar klæddir og texplötur límdar á. Þá sagði vitnið, að fætur á borðum, og líklega bekkjum líka, séu gróp-aðir niður í gólfin og skrúfaðir fastir. Tekkklæðning var sett í anddyri við veitingastofu og á gang niður í snyrtiherbergi, og í snyrtiherbergi voru settar þrjár nýjar hurðir klæddar „virotex" og hefði það einnig verið sett á veggi snyrtiherbergja. Var þetta síðastgreinda gert í sambandi við viðgerð vegna gufuskemmda.

Stefán Reykjalín byggingameistari, meðstefndi, gaf skýrslu fyrir dómi um breytingarnar. Hann sýndi í dóminum reikninga ásamt fylgiskjölum yfir kostnað húseigenda af steypu í kjallaragólfið, og voru þeir að upphæð kr. 13.600.00, og kvað hann það hafa verið kostnaður þeirra við þetta. Hefur þessu ekki verið mótmælt.

Þá sagði Stefán, að hann hefði athugað reikninga yfir breytingakostnaðinn og sagði, að sér virtist matsmenn hafa talið allan loftræstingarkostnað í sambandi við salinn og geti verið um tvítekningu að ræða, þar sem kjallari sé mjög hátt metinn. Einnig taldi hann, að matsmenn hefðu talið rúmmál viðbyggingar of mikið og verð pr. m^3 frystigeymslu og annars rýmis óeðlilega hátt.

Áður en Brynjólfur Brynjólfsson hófst handa um þessar breytingar, hafi hann tryggt sér leigu á öllu húsinu og hafði m. a. í því skyni keypt upp vörubirgðir Vöruhússins, er hafði leigu lengra fram í tímann. Var þá, eða 20. febrúar 1963, gerður skriflegur leigusamningur við húseigendurna, er hljóðar svo:

„Við undirritaðir í stjórn Félagsgarðs h.f., Akureyri, lofumst hér með til að leigja hr. Brynjólfi Brynjólfssyni, veitingamanni, hér í bænum, allt húsið nr. 98 við Hafnarstræti á Akureyri, til 10 — tíu — ára, og skal miða upphaf leigutímans við 1. apríl 1963.

Leigutaki skuldbindur sig til að greiða kr. 20.500.00 — tuttugu þúsund og fimm hundruð — á mánuði í leigu eftir húsnæðið. Verði breyting á húsaleiguvísitölu frá því sem hún var 1. janúar 1963, skal leigan breytast í samræmi við hana bæði til hækkunar og lækkunar.

Leigutaka er heimilt að breyta neðstu hæð hins leigða húss að vild sinni, en þó má eigi veikja styrkleika hússins, og einnig verður samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda að koma til, enda beri leigutaki allan kostnað af breytingunum. Að leigutímanum loknum skal leigusali öðlast eignarrétt á nefndum breytingum, án endurgjalds.

Aðiljar skulu hafa gert með sér fullgildan húsaleigusamning eigi síðar en þ. 25. apríl n.k., en verði það ekki gert, fellur þessi skuldbinding úr gildi á sama tíma."

Samkvæmt leiðréttingu á skjalinu og upplýsingum, er fram hafa komið, ætluðu aðiljar að gera nýjan samning eigi síðar en 15. marz s. á., en síðar var því breytt í 25. apríl s. á. Upplýst er, eins og áður hefur komið fram, að nýr samningur var aldrei gerður, en hins vegar er upplýst, að þrátt fyrir það lét leigutaki gera þær breytingar á húsinu, sem hann ætlaði sér, og hafði húsnæðið síðan á leigu, þar til hann varð gjaldþrota, án þess að frekari samningar væru þar um. Skal nú nánar athugað um gildi þessa samnings, það er hvort hann hafi fallið úr gildi 25. apríl 1963, eins og stefnandi hefur haldið fram, og hvað í honum felist.

Brynjólfur Brynjólfsson hefur skýrt svo frá samningsgerð þessari: Samningurinn var hafður sem bráðabirgðasamningur vegna þess, að hann var gerður í skyndi, en ástæðan til þess var sú, að hann var þá að semja við Ásbjörn Magnússon kaupmann um kaup á vörulager hans tilheyrandi Vöruhúsinu, og gekk Ásbjörn eftir, að þá yrði strax gengið frá samningi. Brynjólfur

vildi hins vegar ekki binda sig gagnvart Ásbirni, nema hafa eitthvað í höndum frá húseigendum. Var þetta að kvöldlagi, og færðust húseigendur heldur undan því að gera þá þegar samning, en þegar Brynjólfur gekk fast eftir því, var samningur þessi gerður þá um kvöldið og undirritaður. Áður kvað Brynjólfur þá hafa verið búna að ræða um samningsgerðina og m. a. um, að hann gengi inn í leigu Ásbjarnar óbreytta, kr. 5.500.00 á mánuði. Ástæðuna fyrir því, að ekki var gengið frá nýjum samningi, telur Brynjólfur hafa verið drátt og trassaskap húseigenda, því að sjálfur hafi hann gengið eftir því, en ekki fengið því framgengt. Varðandi efni samningsins sagði vitnið, að hann áliti, að efni hins endurnýjaða samnings hefði orðið að aðalefni hið sama og bráðabirgðasamningsins svo sem um húsaleigu, leigutímann, heimild hans til breytinganna, og húseigendur eignuðust breytingarnar á húsinu að leigutímanum loknum, það er öll efnisatriði samningsins hafi verið bindandi fyrir báða aðilja og þeir bundnir við að taka það upp í nýja samninginn. Sérstaklega aðspurt sagði vitnið, að það hafi verið fullkomlega samkvæmt hans vilja, að sett var í samninginn ákvæðið um eignarrétt húseigenda að breytingunum að leigutíma loknum. Hann kvað niðurlagsákvæði samningsins hafa verið sett vegna þess, að samningurinn hafi verið gerður með svo stuttum fyrirvara.

Enn fremur hefur nefnt vitni sagt, að þegar umræddur samningur hafi verið gerður, hafi breytingin á fyrstu hæð, veitingahæðinni, verið fyrirhuguð, eins og gert var, og einnig hafi þá verið fyrirhugað að setja eldhúsið niður í kjallara, en síðar hafi komið í ljós, að það hafi ekki fengizt, nema kjallarinn væri grafinn út, svo að hærra yrði undir loft, og þá hafi fyrst komið til með byggginguna austan við húsið. Þá kvað vitnið þessar víðtæku breytingar á kjallaranum og viðbyggingu austan við húsið hafa verið gert í samráði við Skarphéðinn Ásgeirsson og Stefán Reykjalín hafi einnig fylgzt með þeim.

Ekki kvað hann neitt hafa verið talað sérstaklega um eignarákvæði húseigenda á þeim breytingum, en taldi, að sömu ákvæði hefðu átt að gilda um þær og aðrar breytingar. Hann kvað kostnaðaráætlun aldrei hafa verið gerða yfir breytingarnar, en óskað hefði verið eftir þeim við húsameistarann, sem teiknaði þær, en þær hefðu aldrei fengizt og að reikningur hafi ekki heldur legið fyrir, þegar leigusamningurinn var gerður. Ekki kvað vitnið húseigendur hafa látið í ljós neina tregðu á því, að hann fengi að breyta húsinu. Ekki kvað vitnið neitt hafa

verið rætt um, hvernig færi með breytingarnar, ef leigan félli niður fyrr en eftir ákvæðum samningsins, en kvað einhver ákvæði mundu hafa verið sett um vanefndir samningsins, er hann hefði verið endurnýjaður.

Skarphéðinn Ásgeirsson, þáverandi formaður stefndu, hefur borið eftirfarandi um leigusamninginn. Um ástæðuna fyrir því, að samningurinn var gerður til bráðabirgða, hefur honum farizt svipað orð og Brynjólfi. Hann sagði, að aldrei hefði verið gerður nýr leigusamningur, en sagði að gerð hefðu verið drög að samningi, en ágreiningur hafi orðið um vísitölu eða gengisákvæði í samningnum og svo hafi það lent í undandrætti að ganga frá samningnum. Hann kvað öll sömu efnisákvæði hafa átt að vera í nýja samningnum og þeim eldri, nema talað hefði verið um breytingar á ákvæðinu um vísitölu. Um ný ákvæði mundi hann ekki um, en bjóst við, að þar hafi átt að vera eitthvað um vanefndir, eins og venja sé. Ekki kannaðist Skarphéðinn við, að neitt hefði verið rætt um að setja öðruvísi ákvæði um eignarrétt húseigenda að breytingunum í því tilfelli, að leigan félli niður á samningstímanum, enda hefðu þeir ekki gert ráð fyrir þeim möguleika. Um það atriði, hvort húseigendur hefðu gefið samþykki sitt til útgraftrar á kjallara og viðbyggingar við austurhlið, sagði Skarphéðinn, að Brynjólfur hefði haft heimild til þess samkvæmt samningnum og það sama hefði átt að gilda um eignarréttinn á þeim og öðrum breytingum.

Þá hefur Skarphéðinn skýrt svo frá, að sumir húseigendanna hafi verið mikið á móti því, að Brynjólfur fengi að breyta húsinu, og sjálfur kvaðst hann hafa verið búinn að standa á móti því í 2—3 ár, að Brynjólfur fengi allt húsið, því að þeir hafi ekki haft trú á, að fyrirtækið gæti borið sig og þeir hafi verið búnir að standsetja alveg 2 hæðir hússins og auk þess veitingasal á fyrstu hæð, en þegar hér var komið, hafi Brynjólfur sagt, að þetta gæti ekki borið sig, nema hann fengi alla fyrstu hæðina. Einnig kvað Skarphéðinn, að reiknað hefði verið með, að Brynjólfur eignaðist allt húsið með tímanum, og kvað hann þá alla hafa verið fúsa til að selja sína hluti.

Varðandi áhrif breytinganna á verðgildi hússins fullyrti Skarphéðinn, að þær rýrðu leigugildi þess stórkostlega, vegna þess að enginn grundvöllur væri fyrir svo stóran veitingasal og kvað þá hafa reynt bæði sölu og leigu hússins í því ástandi, sem það er nú í, og hafi hvorugt tekizt. Einnig kvað hann kosta stórfé að breyta fyrstu hæð í verzlunarhúsnæði aftur.

Stefán Reykjalín sagði frá tilefni bráðabirgðasamningsins á svipaðan hátt og þeir Brynjólfur og Skarphéðinn að því leyti, að Brynjólfur hefði þá verið að ganga frá kaupum á Vöruhúsinu. En jafnframt sagði hann, að Brynjólfur hefði ekki verið við því búinn að ganga frá fullnaðarsamningi, fyrr en hann væri búinn að gera kaup á vörubirgðum Vöruhússins, og kvaðst hann skoða samninginn fyrst og fremst sem loforð um leigusamning, ef saman gengi milli Brynjólfs og eiganda Vöruhússins að aðalefni samkvæmt bráðabirgðasamningnum. Hann kvað búið hafa verið að gera drög að fullnaðarsamningi, en einhver ágreiningur hefði orðið um, við hvaða vísitölu ætti að miða og hefði því dregizt úr hömlu, að frá honum væri gengið, en öll önnur efnisatriði hefðu átt að vera í nýja samningnum. Ekki kvað Stefán neitt hafa verið um það rætt, hvernig ætti að fara um skipti aðilja leigusamningsins, ef leigan félli niður á samningstímanum, svo sem eignarrétt á breytingunum, en áleit, að allir aðiljar hefðu verið á þeirri skoðun, að engin breyting ætti að verða á eignarréttinum í slíku tilfelli. Stefán kvað sig hafa verið andvígan breytingum Brynjólfs 1963, vegna þess að þær rýrðu verðgildi hússins, en hann féll frá andstöðu sinni gegn þeim með tilliti til þess, að samningurinn hafi átt að vera til 10 ára og að til tals kom, að Brynjólfur eignaðist allt húsið.

Guðmundur Skaftason hdl. hefur borið vitni í málinu. Hann var ekkert við samningsgerðina frá 20. febrúar 1963. Hins vegar sagðist hann hafa gert drög að nýjum samningi og hefðu þeir Brynjólfur Brynjólfsson og Skarphéðinn Ásgeirsson mætt hjá honum út af því, en samningsgerðin hefði strandað á ágreiningi milli þeirra um, við hvað ætti að miða verðlagsbreytinguna eftir dýrtíð. Hann mundi ekki eftir, að þeim bæri neitt annað á milli og aðalefnisákvæðin hefðu átt að vera hin sömu og í fyrri samningnum. Ekki kvaðst Guðmundur muna eftir, að talað væri um ákvæði varðandi vanefndir á samningnum eða ef leigan félli niður á samningstímanum. Hann kvað þetta hafa gerzt í apríl eða maí 1963.

Eins og fram kemur að framan, var leigusamningurinn frá 20. febrúar 1963 talinn vera til bráðabirgða og átti að falla úr gildi á ákveðnum degi, og upplýst er, að aldrei var gengið frá nýjum samningi. Leigutaki gerði hins vegar þær breytingar á húsnæðinu, sem hann ætlaði sér í upphafi, og jafnvel meiri, og hóf síðan rekstur í því og rak hann í nálega ár, eða þar til hann varð gjaldþrota, með samkomulagi beggja og með þeim leigu-

mála, sem gerður hafði verið. Þegar á þetta er litið svo og atvikin að því, að bráðabirgðasamningurinn var gerður, það er, að leigutaki þurfti að tryggja sér leigurétt á þeim hluta hússins, sem hann hafði ekki fyrir, verður að telja, að bæði húseigendur og leigutaki hafi verið orðnir bundnir við efni bráðabirgðasamningsins þrátt fyrir niðurlagsákvæði hans, enda hafa báðir aðiljar samningsins lýst því yfir fyrir dómi í máli þessu, að þeir hafi litið svo á. Telur dómurinn samkvæmt því, að leigumáli hafi verið í gildi með aðiljum samkvæmt efnisákvæðum nefnds samnings, þegar Brynjólfur Brynjólfsson varð gjaldþrota, og þá einnig ákvæðið um eignarrétt húseigenda á breytingunum að leigutíma loknum. Verður því ekki fallizt á þá staðhæfingu stefnanda, að leigumálinn hafi verið fallinn niður samkvæmt efni bráðabirgðasamningsins. Eigi þykir stefnandi heldur hafa fært sönnur að vanefndum af hálfu stefndu á samningnum eða ógildingarástæðum, sem hafi heimilað leigutaka eða nú þrotabúi hans að rifta samningnum.

Skal nú að því vikið, hvort ákvæði samningsins hafi náð til allra breytinganna. Í samningnum er aðeins talað um neðstu hæð hússins. Hins vegar hefur Skarphéðinn Ásgeirsson, formaður félags húseigenda, borið það, að hann hafi talið rétt leigutaka til breytinganna í kjallara og til viðbyggingarinnar samkvæmt samningnum, og aðiljar leigunnar, einnig Brynjólfur Brynjólfsson, hafa eindregið haldið því fram, að það sama hafi átt að gilda um þennan hluta breytinganna og 1. hæðina, og strax í upphafi var ætlunin að flytja eldhúsið í kjallarann. Hins vegar hefur ekkert komið fram, er bendi til, að annað hafi átt að gilda um þennan hluta breytinganna, nema þá ofangreint orðalag samningsins. En þegar á það er litið, er nú var sagt, þykir rétt að líta svo á, að það sama hafi átt að gilda um þennan hluta breytinganna, enda þykir það, að húseigendur kostuðu steypu á gólfi í kjallara, að því er virðist með sérstöku samkomulagi við Brynjólf, styðja þessa niðurstöðu. Jafnframt lítur dómurinn svo á, að þrátt fyrir framlagða matsgerð ríki óvissa um það, hvort um nokkra verðhækkun á greindu húsi sé að ræða, enda virðist verðmæti þess geta farið allmikið eftir því, hvernig hægt verður að hagnýta húsnæðið í framtíðinni, það er, hvort hægt verður að hagnýta það, eins og til var ætlazt með breytingunum eða til annarra ólíkra nota. Samkvæmt því, er nú hefur verið greint, telur rétturinn að taka beri sýknukröfu stefndu til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, setudómari í málinu, og meðdómsmennirnir Guðmundur Gunnarsson byggingameistari og Rúnar H. Sigmundsson viðskiptafræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Skarphéðinn Ásgeirsson, Valgarður Stefánsson og Stefán Reykjalín, eiga f. h. hlutafélagsins Félagsgarðs að vera sýknir af kröfum stefnanda, skiptaráðandans á Akureyri f. h. þrotabús Brynjólfs Brynjólfssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 195/1964. **Bifreiðastöð Keflavíkur h/f**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Hauki Magnússyni og gagnsök
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Endurgreiðsla. Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. nóvember 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1964. Hann krefst þess, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. desember 1964 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 26.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 11. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Loks

krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það er ágreiningslaust, að réttur og skylda Fólksbílastöðvarinnar h/f hafi flutzt yfir á aðaláfrýjanda að því er mál þetta varðar.

Gagnáfrýjandi samdi hinn 10. ágúst 1956 við stjórnarformann og prókúruhafa Fólksbílastöðvarinnar h/f um kaup á einu hlutabréfi í nefndu hlutafélagi fyrir kr. 10.000. Óumdeilt er, að gagnáfrýjandi greiddi fjárhæð þessa á árinu 1956 til nefnds fyrirsvarsmanns og annars fyrirsvarsmanns nefnds hlutafélags. Hugðist gagnáfrýjandi með þessum hlutabréfskaupum ávinna sér rétt til að stunda bifreiðaakstur frá stöðinni. Hann hafði síðan á hendi akstur frá stöðinni til 25. apríl 1957, er honum var vikið þaðan.

Fólksbílastöðin h/f og nú réttartaki hennar, aðaláfrýjandi, ber að lögum ábyrgð á viðtöku fyrirsvarsmannanna á nefndum kr. 10.000.00 úr hendi gagnáfrýjanda. Þar sem gagnáfrýjandi fékk eigi hlutabréf það, sem samið var um, ber að dæma aðaláfrýjanda til að endurgreiða gagnáfrýjanda nefnda fjárhæð.

Gagnáfrýjandi krefst skaðabóta úr hendi aðaláfrýjanda vegna óréttmætrar brottvikningar af bifreiðastöðinni. Aðaláfrýjandi staðhæfir, að gagnáfrýjandi hafi eigi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett séu þeim bílstjórum, er akstur stunda frá stöðinni. M. a. hafi bílar þeir, sem gagnáfrýjandi notaði við akstur frá stöðinni, eigi verið stöðinni samboðnir. Þá hafi gagnáfrýjandi eigi fullnægt því skilyrði að vera félagsmaður í Bifreiðastjórafélaginu Fylki. Gagnáfrýjandi hefur eigi leitt að því nægar sönnur, að hann hafi verið hlutgengur á stöðinni samkvæmt reglum þeim, sem þar giltu. Verður skaðabótakrafa hans því eigi til greina tekin.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að ársvextir af dæmdri fjárhæð verði 6% frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 6% frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966.

Aðaláfrýjandi, Bifreiðastöð Keflavíkur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Hauki Magnússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. júní s.l., hefur Haukur Magnússon, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. október 1962, gegn Bifreiðastöð Keflavíkur h/f, er áður nefndist Fólksbílastöðin h/f, Keflavík, til greiðslu á kr. 26.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 10.000.00 frá 10. ágúst 1956 til 22. febrúar 1960 og sömu vöxtum af kr. 16.000.00 frá 24. ágúst 1957 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum af allri dómkröfunni frá þeim tíma til 28. desember 1960, en 8% ársvöxtum af allri kröfunni þaðan í frá til greiðsludags. Þá er og krafizt fulls málskostnaðar samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Aðalkrafa stefnda er sú, að hann verði sýknaður sakir aðildarskorts og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda, en *varakrafa,* að hann verði sýknaður sakir þess, að stefnukröfurnar séu eigi nægilega rökstuddar eða sannaðar og verði því eigi dómur á þær lagðar. Til *þrautavara* krefst stefndi þess, að allar stefnukröfur verði lækkaðar í það horf, sem sanngjarnt megi telja, þegar öll atvik séu virt. Í sambandi við varakröfuna krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, en í sambandi við þrautavarakröfuna krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo í stefnu, að hinn 10. ágúst 1956 hafi hann keypt 1 hlutabréf í hinu stefnda hlutafélagi að nafnverði kr. 1.000.00 fyrir kr. 10.000.00. Viðsemjandi hans hafi verið þáverandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hlutafélagsins, Agnar Áskelsson, og hafi hann kvittað fyrir greiðslu upp í hlutabréfið á þennan hátt: „Fólksbílastöðin h/f, Keflavík Agnar Áskelsson.“ Ekki kveðst stefnandi hafa fengið afhent hlutabréf, enda muni þau þá enn ekki hafa verið gefin út.

Stefnandi kveðst hafa gengið út frá, að fullnægt væri vanalegum forkaupsréttarákvæðum félagssamþykkta, þar sem bréfið

var keypt af sjálfu félaginu. Hann kveðst og hafa gengið út frá, að hlutabréfinu fylgdi stöðvarpláss á bifreiðastöð félagsins og hafi viðsemjanda hans verið ljóst, að það var ákvörðunarástæða fyrir kaupunum. Stefnandi kveður og svo hafa orðið, að hann hafi fengið stöðvarpláss. En innan stundar hafi félagsstjórnin farið að ýfast við starfi hans á stöðinni og hafi svo komið, að hann hafi hrokkið þaðan. Kveður stefnandi framkvæmdastjóra félagsins, þann er við hafi tekið, hafa neitað því, að félagið hefði selt stefnanda hlut í félaginu og virðist því svo sem forsjármenn félagsins hafi ætlað sér gabbið eitt fyrir fé það, er hann greiddi inn til félagsins. Kveður stefnandi hið stefnda félag ekki hafa fengizt til að endurgreiða kaupverð bréfsins eða aðrar bætur þrátt fyrir ítrekaðar kröfur og samningsumleitanir.

Af þessu atferli forráðamanna hins stefnda hlutafélags kveðst stefnandi að sjálfsögðu hafa beðið töluvert tjón. Meðal annars hafi hann orðið af atvinnutekjum, meðan stóð á þófi því, er varð, er verið var að koma honum af stöðinni. Hafi staðið í því um tveggja mánaða skeið. Kveðst hann hafa horfið frá störfum á stöðinni hinn 24. ágúst 1957. Kaup sitt þar kveður stefnandi hafa numið kr. 8.000.00 á mánuði og nemi því þetta tjón sitt kr. 16.000.00. Fleira tjón kveðst stefnandi hafa hlotið af þessum viðskiptum og kveðst áskilja sér allan rétt til frekari bótakrafna í öðru máli.

Í þinghaldi í málinu 25 apríl 1963 gerði lögmaður stefnanda þá leiðréttingu við málsatvikalýsingu í stefnu, að stefnandi hefði horfið frá störfum á stöðinni 25. apríl 1957 og byrjað að vinna hjá Ísl. aðalverktökum 24. júní sama ár. Í sama þinghaldi kom stefnandi sjálfur fyrir dóm og staðfesti framangreinda málsatvikalýsingu með nefndri leiðréttingu, en bætti við þeirri leiðréttingu, að laun hans hjá Ísl. aðalverktökum hafi ekki numið kr. 8.000.00 á mánuði, heldur um það bil kr. 6.000.00 á mánuði, sbr. dómskj. nr. 14.

Eins og fram kemur í stefnu, reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að hann hafi orðið fyrir gabbi af hálfu stefnda, er hann keypti umræddan hlut í hinu stefnda hlutafélagi, þar sem hann hafi skömmu síðar verið hrakinn af bifreiðastöð félagsins og því neitað af hálfu stefnda, að félagið hefði selt honum hlutinn. Telur stefnandi sig því eiga endurkröfurétt á hendur stefnda á andvirði hlutarins svo og rétt til fébóta vegna vinnutaps, sem hann hafi orðið fyrir vegna þessa.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína *aðallega* á aðildar-

skorti, þar sem ekki verði séð, að máli þessu sé réttilega að honum beint, en *til vara* á því, að stefnukröfurnar séu eigi nægilega rökstuddar eða sannaðar og verði því eigi dómur á þær lagður. Þrautavarakröfu sína reisir stefndi á sanngirnisástæðum miðað við öll málsatvik.

Réttarrannsókn hefur farið fram í máli þessu í sakadómi Keflavíkur og sakadómi Akureyrar, og hafa endurrit þeirrar rannsóknar verið lögð fram í málinu sem dómskj. nr. 4 og nr. 5.

Ekki þykir ástæða til að rekja þá rannsókn efnislega hér. Ekki er vitað, að krafizt hafi verið frekari aðgerða af hálfu ákæruvaldsins vegna umræddrar rannsóknar.

Með símskeyti bæjarfógetans í Keflavík, sem lagt hefur verið fram sem dómsskj. nr. 15 í máli þessu, er upplýst, að Fólksbílastöðin h/f var skrásett 10. febrúar 1954 og að stjórnarformaður og prókúruhafi þá var Agnar Áskelsson og að engin breyting á stjórn eða prókúruhafa hefur verið tilkynnt síðan. Einnig er upplýst í sama símskeyti, að félagið var lagt niður 19. maí 1958 og þá skrásett að nýju undir nafninu Bifreiðastöð Keflavíkur h/f með sömu stofnendum og þá jafnframt skráð ný stjórn og prókúruhafi.

Upplýst er í máli þessu, að stefnandi samdi um kaupin á umræddum hlut sínum og stöðvarplássi við Agnar Áskelsson, þá verandi stjórnarformann og prókúruhafa í Fólksbílastöðinni h/f, sem síðar breytti um nafn og nefndist þá Bifreiðastöð Keflavíkur h/f, og að nefndur stjórnarformaður og prókúruhafi kvittaði fyrir greiðslu upp í hlutinn í nafni félagsins, Fólksbílastöðvarinnar h/f, og að hið sama hefur næsti framkvæmdastjóri, sem ráðinn var, Björn Bjarman, gert að því er varðaði eftirstöðvar andvirðis hlutarins. Enn fremur hefur áðurnefndur Agnar Áskelsson skýrt svo frá við réttarrannsókn þá, er að framan greinir, að greiðsla sú, sem hann veitti móttöku frá stefnanda upp í andvirði hlutarins, kr. 8.000.00, hafi verið lögð í sjóð félagsins, að vísu ekki nema að hluta sem eign þess.

Ekki hefur tekizt að upplýsa frekar, hvort réttur sé framburður Agnars um þetta, né heldur hvort féð hafi endanlega, að einhverju eða öllu leyti lent í annan stað, en sjálfur telur hann, að sú hafi ekki orðið reyndin. Stendur því staðhæfing hans um þetta óhrakin.

Að þessu athuguðu lítur dómurinn svo á, að máli þessu sé réttilega beint gegn stefnda, Bifreiðastöð Keflavíkur h/f, og komi því sýknuástæða vegna aðildarskorts eigi til álita í máli þessu.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að stefnandi hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að stefndi, þ. e. hlutafélagið, væri hinn raunverulegi viðsemjandi hans og að hann mundi því að loknum kaupum á hlut sínum njóta fullra réttinda sem hluthafi í félaginu.

Sú staðreynd, að hann skömmu síðar er hrakinn úr stöðvarplássi sínu hjá félaginu og að neitað er af hálfu þess að viðurkenna hann sem hluthafa, þykir því veita honum skýlausan rétt til endurheimtu á fjárhæð þeirri, sem hann borgaði fyrir margumræddan hlut sinn. Þykir því varasýknuástæða stefnda eigi heldur koma til álita.

Hins vegar þykir bótakrafa stefnanda vegna atvinnutjóns ekki vera nægilega rökstudd, til þess að efni séu til að taka hana til greina.

Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10.000.00 ásamt vöxtum, sem vegna fyrningarákvæða reiknast þó aðeins frá 11. október 1958. Þá ákveðast ársvextir 9%, þar sem krafizt er í stefnu 10%, og 7%, þar sem krafizt er 8%.

Eftir þessum úrslitum bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.700.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bifreiðastöð Keflavíkur h/f, greiði stefnanda, Hauki Magnússyni, kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 11. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 92/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Jóhanni Guðbjörnssyni
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið yfirheyrð fyrir dómi og staðfest vætti sín.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 22. júlí 1964, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1.24‰. Þegar litið er til þeirrar mælingarskekkju, sem orðið getur við rannsókn blóðsýnishorna, og þess eðlilega magns „reducerandi" efna í blóði manna, annarra en áfengis, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærða í því tilviki, sem hér um ræðir, aðfaranótt þriðjudagsins 19. maí 1964, hafi náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Ber því að heimfæra brot hans að því er ölvunarakstur varðar undir 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Eins og sakavottorð ber með sér, var hann með dómi sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 11. marz 1964, sviptur ökuleyfi ævilangt. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. október 1964, var greindur dómur sakadóms Keflavíkur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Áfrýjun dóms þessa frestaði ekki ökuleyfissviptingu ákærða, er honum var þar gert að þola, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Er því brot hans að þessu leyti réttilega heimfært undir 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Með dómi sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 9. nóvember 1962, var ákærði dæmdur í 2.000.00 króna sekt og svipt-

ur ökuleyfi 6 mánuði frá 27. september s. á. fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum. Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er hann fæddur 9. nóvember 1944 og var því eigi orðinn 18 ára, er hann framdi brot þetta 25. ágúst 1962. Greint brot hefur því ekki ítrekunarverkun á brot ákærða gegn 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, er ræðir um hér í þessu máli, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öðru leyti en að framan getur eru brot ákærða réttilega heimfærð til refsiákvæða í héraðsdómi.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að niðurstöðu til.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Jóhann Guðbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 27. febrúar 1966.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað af saksóknara ríkisins með ákæru, útgefinni 9. janúar 1965, gegn Gunnari Jóhanni Guðbjörnssyni rörlagninganema, Austurgötu 22, Keflavík, fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 19. maí 1964 undir áhrifum áfengis og þá sviptur ökuréttindum bifreiðinni Ö 839 tvívegis milli Samkomuhúss Njarðvíkur og Keflavíkur og um götur þar í bæ, unz ákærði ók bifreiðinni á ljósastaur á mótum Hringbrautar og Tjarnar-

götu og yfirgaf bifreiðina án þess að tilkynna slysið lögreglu. Hemlar bifreiðarinnar voru eigi í fullkomnu lagi.

Telst þetta varða við 4. gr. 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, fæddur í Hafnarfirði 9. nóvember 1944, og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1961	13/3	í Keflavík:	Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
—	14/6	- —	Sátt, 290 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
—	9/11	- —	Dómur, 2000 kr. sekt, sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá 27/9 1962 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1964	11/3	- —	Dómur, varðhald í 15 daga, sviptur ævilangt ökuréttindum frá 23/6 1963 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Ómerktur í Hæstarétti þann 21/10 1964.

Málavextir skulu nú raktir:

Þriðjudaginn 19. maí 1964 barst lögreglunni í Keflavík tilkynning um, að bifreiðinni Ö 839 hefði verið ekið á ljósastaur á mótum Hringbrautar og Tjarnargötu og mundi ökumaður, ákærði í máli þessu, hafa verið ölvaður.

Er lögreglan kom á staðinn, var ökumaður Ö 839 farinn þaðan, en bar að von bráðar sem farþegi í bifreið, sem lögreglan stöðvaði vegna bilunar á ökuljósum. Var ákærði þá allmikið ölvaður, en neitaði að hafa ekið bifreiðinni Ö 839. Hann var fluttur til alkóhólrannsóknar, sem síðar sýndi 1,24‰ útfallsefna úr blóði hans.

Við yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa fengið vitnið Björn Aðalsteinsson úr Keflavík til að aka fyrir sig bifreiðinni Ö 839 um kl. 20 kvöldið áður, þar sem ákærði var sviptur ökuréttindum með dómi sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 11. marz 1964. Um svipað leyti hefði hann byrjað áfengisdrykkju. Þeir hefðu síðan farið á dansleik í Samkomuhúsi Njarðvíkur ásamt fleira fólki. Er dansleik lauk, kvaðst ákærði hafa reynt að fá einhvern

til að aka bifreiðinni fyrir sig án árangurs. Hann hefði því ekið bifreiðinni að Bifreiðastöð Keflavíkur og til baka að samkomuhúsinu. Þaðan síðan aftur til Keflavíkur um Hafnargötu, Faxabraut og Hringbraut og hugðist beygja inn á Tjarnargötu, en rakst þar á ljósastaur. Rakti ákærði árekstur inn til þess, að hemlar bifreiðarinnar hefðu ekki verið í fullkomnu lagi. Ákærði kvað Þráin nokkurn Sigurðsson og nefndan Björn hafa verið farþega í bílnum og hefðu þeir allir verið ölvaðir. Ákærði sagði þá hafa ýtt bílnum til á götunni, en síðan gengið að Bifreiðastöð Keflavíkur og farið þar í bifreið Bjarna nokkurs Valtýssonar, Ö 795. Þeir hefðu síðan farið aftur á slysstaðinn, en lögreglan stöðvað þá.

Vitnið Björn Aðalsteinsson kveðst hafa hitt ákærða kvöldið áður á Matstofunni Vík. Hann hefði beðið sig um að aka bifreiðinni Ö 839 fyrir sig og vitnið fallizt á það. Þeir hefðu síðan farið á dansleik ásamt fleira fólki í Samkomuhúsi Njarðvíkur. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um frekari ferðir bifreiðarinnar Ö 839 þetta kvöld.

Vitnið Þráinn Sigurðsson kvaðst hafa verið á nefndum dansleik. Er honum lauk, hafi það farið í bíl ákærða og ákærði síðan ekið til Keflavíkur. Ekki kveðst vitnið muna þetta vel sökum ölvunarástands þess, en þeir hefðu þó lent í árekstri á mótum Tjarnargötu og Hringbrautar.

Vitnið Birgir Sigurjónsson frá Reykjavík kveðst kvöldið áður hafa farið í bifreiðina Ö 839, sem ekið var af vitninu Birni. Ákærði og vitnið Þráinn hefðu verið þar fyrir. Ekki kveðst vitnið hafa merkt, að neinn þeirra hefði neytt áfengis. Þeir hafi síðan allir farið á dansleik í Samkomuhúsi Njarðvíkur. Eftir dansleik sá vitnið ákærða undir stýri bifreiðarinnar Ö 839 og hefði það fengið far með bílnum til Keflavíkur. Aðrir farþegar hafi verið nefndur Þráinn og stúlka nokkur. Vitni þetta kveður sér hafa virzt ákærði með áfengisáhrifum. Ákærði hafi ekið til Keflavíkur, um götur þar, nokkuð hratt. Skyndilega hafi hann misst vald á bílnum og lent á ljósastaur. Kveður vitnið þá hafa ýtt bílnum af stað, en síðan forðað sér. Þeir hafi að undanskildum Þráni farið í annan bíl við Bifreiðastöð Keflavíkur og síðan á slysstað, en þar hafi ákærði verið handtekinn.

Vitnið Friðrik Jensson, leigubifreiðarstjóri úr Njarðvíkurhreppi, kvaðst hafa veitt ákærða í máli þessu athygli á bifreiðinni Ö 839 við Samkomuhús Njarðvíkur umrædda nótt. Síðar hafi hann séð bifreiðinni ekið mjög ógætilega norðan Aðalstöðv-

arinnar og sér þá dottið í hug, að ökumaður væri ölvaður. Kveðst vitnið hafa fylgt Ö 839 eftir um Hafnargötu, Faxabraut og Hringbraut, en er bifreiðin hafi verið að beygja austur Tjarnargötu hafi ökumaður misst vald á henni og hafnað á ljósastaur. Kveðst vitnið hafa séð ákærða fara undan stýri bifreiðarinnar, sýnilega ölvaðan.

Vitnið Niels Jensen frá Keflavík kvaðst hafa verið farþegi í leigubifreið vitnisins Friðriks og studdi framburð hans.

Skaðabótakrafa kom engin fram í máli þessu.

Svo sem nú er rakið, er sannað, að ákærði ók sviptur ökuréttindum og ölvaður hemlabilaðri bifreiðinni Ö 839 aðfaranótt þriðjudagsins 19. maí 1964 tvívegis milli Samkomuhúss Njarðvíkur og Keflavíkur og um götur í Keflavík, unz hann ók bifreiðinni á ljósastaur á mótum Hringbrautar og Tjarnargötu og yfirgaf bifreiðina án þess að tilkynna slysið lögreglu eða bíða hennar.

Telst ákærði með þessari háttsemi hafa brotið 4. gr. 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr. sbr. 80. gr. umfl. nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengisl. nr. 58/1954.

Refsing ákærða þykir hæfileg 20 daga varðhald.

Svo sem fyrr getur, var ákærði sviptur ökuréttindum með dómi, uppkveðnum hér í sakadómi 11. marz s.l. Dómur þessi var ómerktur í Hæstarétti 21. október 1964, og felldi saksóknari ákæru í því máli úr gildi. Svo sem sjá má af sakavottorði ákærða, var hann sviptur ökuréttindum í 6 mánuði á árinu 1962, og ber nú að svipta hann ökuréttindum ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Þá dæmist ákærði og til að greiða allan kostnað sakar þessarar.

Hákon Heimir Kristjónsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jóhann Guðbjörnsson, sæti tuttugu daga varðhaldi.

Hann skal sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu þessa dóms að telja.

Hann greiði allan kostnað sakar þessarar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 208/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnlaugi Gunnlaugssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotum til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns, kr. 5.000..00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. október 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 8. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7046/1964: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Gunnlaugssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 24. júní s.l., gegn Gunnlaugi Gunnlaugssyni verkamanni, töldum til heimilis Barmahlíð 45 hér í borg, fæddum 1. nóvember 1941 á Ólafsfirði, „fyrir að stela, mánudaginn 25. maí 1964, í skrifstofu Georgs Kristjáns-

sonar, Hverfisgötu 46 í Reykjavík, tékkávísun að upphæð kr. 6.100.00, útgefinni af Skipholti h/f til handhafa á hlaupareikning nr. 8044 í Landsbanka Íslands.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum verður að telja sannað, að ákærði hafi, er hann kom í skrifstofu Georgs Kristjánssonar, Hverfisgötu 46, mánudaginn 25. maí s.l., tekið þar að ófrjálsu tékka að fjárhæð 6.100.00 kr., útg. til handhafa á hlaupareikning 8044 við Landsbanka Íslands af Guðm. Pálssyni fyrir Skipholt h/f, en framseldan af Georg Kristjánssyni pr. Georg & Co. h/f. Á tékkanum var áritun þess efnis, að ekki hefði verið til innstæða fyrir tékkanum 7. apríl 1964, en útgáfudagur tékkans er 15. marz. Ákærði kveðst hafa verið mjög ölvaður og lítt muna eftir því, hvað hann aðhafðist á Hverfisgötu 46. Ákærði fór einhvern tíma í sömu vikunni til framreiðslumanns í veitingahúsinu Glaumbæ, Þórarins Friðjónssonar, og fékk hann til að lána sér 1.000 kr. út á tékkann. Lofaði ákærði að leysa tékkann út næsta dag, en hefur ekki gert það.

Ákærði þykir með framanskráðu verki hafa unnið til refsingar skv. 244. gr. laga nr. 19/1940.

Ákæru á hendur ákærða fyrir tékkafölsun var á árinu 1960 frestað skilorðsbundið til 3 ára. Hann hefur tvisvar sætt sektum fyrir ölvun, einu sinni fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952 og einu sinni fyrir umferðarbrot. Hinn 31. okt. 1963 var hann dæmdur í 4.000 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. Loks er þess að geta, að 3. okt. 1961 var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og svik, skilorðsbundið til 3 ára, og er ljóst, að hann hefur nú rofið skilorð þess dóms, og verður honum því refsað fyrir brot þau, sem í þeim dómi greinir, auk þess sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir sú refsing með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði.

Eftir kröfu Þórarins Friðjónssonar verður ákærði dæmdur til að greiða honum kr. 1.000.00.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Gunnlaugsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði Þórarni Friðjónssyni kr. 1.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1966.

Nr. 78/1964. **Ásgeir Eyjólfsson**
(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.)
gegn
Erlendi Jónssyni Erlendssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
og
Erlendur Jónsson Erlendsson
gegn
Ásgeiri Eyjólfssyni
og
Þórarni Gunnari Stefánssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1964 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, Erlends Jónssonar Erlendssonar, og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1964, áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1964 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda og stefnda Þórarni Stefáni Gunnarssyni verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 250.144.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 31. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þórarinn Gunnar Stefánsson hefur krafizt þess,

að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, þar á meðal umsagnar Læknaráðs samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 4. október 1965.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi.

I.

Varhugavert þykir að telja sannað, að stefndi Þórarinn Stefán Gunnarsson hafi átt sök á lemstrum þeim, sem gagnáfrýjandi, Erlendur Jónsson Erlendsson, varð fyrir og um er fjallað í máli þessu. Ber því að fallast á ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður að því er hann varðar.

II.

Fallast má á ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjandi beri fulla fébótaábyrgð á tjóni því, er gagnáfrýjandi varð fyrir af lemstrum þeim, er hann hlaut í ryskingum við aðaláfrýjanda hinn 21. apríl 1959.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms var leitað álits Erlings Þorsteinssonar læknis, sérfræðings í háls- nef- og eyrnalækningum, um heilsu gagnáfrýjanda. Í umsögn sinni, sem dagsett er 10. september 1965, segir læknirinn, að hann álíti, að mögulegt hefði verið að framkvæma hér á landi aðgerð þá, er gerð var á gagnáfrýjanda í maímánuði 1959, en þar sem slíkra aðgerða sé mjög sjaldan þörf hér á landi, hafi íslenzkir læknar litla eða enga æfingu í framkvæmd þeirra. Telur læknirinn því, að rétt hafi verið að senda gagnáfrýjanda „til sérfræðings erlendis, sem vanur var að framkvæma þessar aðgerðir". Þá telur læknirinn rétt, að sami læknir, sem hafði haft gagnáfrýjanda áður til meðferðar, framkvæmdi einnig læknisaðgerð þá, sem gerð var á gagnáfrýjanda í nóvembermánuði 1960. Þá kveðst læknirinn

ekki geta fullyrt um, af hverju þjáningar þær, sem gagnáfrýjandi kvartaði um í enni hægra megin, hafi stafað, en þær geti að sjálfsögðu stafað af bólgu í ennisholu. Slík bólga „gæti verið bein afleiðing af sjálfum áverkanum og eða óbein við að ennisholugöngin lokuðust við áverkann."

Læknirinn kveðst ekki geta um það fullyrt, hvort eða að hve miklu leyti telja mætti það sennilega eða líklega afleiðingu áverka þeirra, sem gagnáfrýjandi hlaut hinn 21. apríl 1959, að hann var óvinnufær um tveggja ára skeið, þar sem ýmsar orsakir gætu verið til þjáninga þeirra, er gagnáfrýjandi leið eftir áverkana.

Að lokum telur læknirinn, að ekki verði um það fullyrt, hvort sjúkdómur sá, sem gagnáfrýjandi þjáðist af fyrir áverkana, hefði tekið sig upp aftur, ef áverkarnir hefðu ekki komið til.

Með úrskurði Hæstaréttar 4. október 1965 var óskað umsagnar Læknaráðs um fyrrgreint álit Erlings Þorsteinssonar læknis. Í umsögn Læknaráðs, dags. 29. desember 1965, segir, að aðgerð þá, er framkvæmd var á gagnáfrýjanda í maímánuði 1959, hafi mátt framkvæma hér á landi, en ekki hafi verið óeðlilegt að vísa honum aftur til þess læknis, sem áður hafði haft hann til meðferðar. Sama gildi um aðgerð þá, sem framkvæmd var á gagnáfrýjanda í nóvembermánuði 1960. Ekkert verði fullyrt um orsakasamband milli áverka þeirra, er gagnáfrýjandi hlaut hinn 21. apríl 1959, og ennisholubólgu þeirrar, er hann þjáðist síðar af. Þá telur Læknaráð ekki ólíklegt, að gagnáfrýjandi „hafi verið óvinnufær þann tíma, sem í málinu greinir, en getur ekki tjáð sig um, að hve miklu leyti óvinnuhæfnin hafi verið afleiðing af áverkum og að hve miklu leyti vegna langvinnrar ennisholubólgu."

Að lokum telur Læknaráð mögulegt, að aðgerð sú, sem framkvæmd var á gagnáfrýjanda í janúarmánuði 1959, hefði reynzt ófullnægjandi og ennisholubólgan tekið sig upp aftur.

Verða nú kröfuliðir gagnáfrýjanda teknir til athugunar í sömu röð og í héraðsdómi.

1. Með skírskotun til þess, sem greinir í héraðsdómi, og þeirra læknisfræðilegu gagna, sem að framan hafa verið rakin, ber að taka þennan lið til greina með .. kr. 75.000.00
2–7. Fallast má á, að hér sé um eðlilegan kostnað að ræða, og verða því þessir kröfuliðir, sem studdir eru fullum gögnum, teknir til greina að öllu leyti með .. — 17.482.89
8. Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um þennan kröfulið ..... — 40.000.00

Samtals kr. 132.482.89

Frá þessu fé ber að draga kr. 5.000.00, sem gagnáfrýjanda voru greiddar upp í tjón hans hinn 5. ágúst 1960.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 127.482.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þórarinn Stefán Gunnarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Erlends Jónssonar Erlendssonar, í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Ásgeir Eyjólfsson, greiði gagnáfrýjanda, Erlendi Jónssyni Erlendssyni, kr. 127.482.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til 1 janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 22. febrúar 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. janúar 1962 og birtri 13. s. m. af Erlendi J. Erlendssyni leigubílstjóra, Snekkjuvogi 31, Reykjavík, gegn þeim Ásgeiri Eyjólfssyni pípulagningamanni, Nýbýlavegi 27 A, og Þórarni Stefáni Gunnarssyni gullsmið, Auðbrekku 23, báðum í Kópavogskaupstað, til greiðslu skaðabóta vegna líkamsmeiðinga að fjárhæð kr. 265.039.77 auk 8% ársvaxta frá 1. maí 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins, allt að frádregnum kr. 5.000.

Við munnlegan flutning málsins hinn 7. þ. m. breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 250.144.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi Ásgeir Eyjólfsson gerir þær dómkröfur *aðallega,* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en *til vara,* að fjárkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi Þórarinn Stefán Gunnarsson gerir þessar dómkröfur: *Aðallega,* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. *Til vara,* að hin umstefnda fjárhæð verði verulega lækkuð og málskostnaður verði þá látinn falla niður. Fari svo, að báðir hinna stefndu verði taldir bótaskyldir in solidum, er þess krafizt af hendi stefnda Þórarins, að í dómnum verði ákveðið, hvernig eða í hvaða hlutfalli þeir eigi að greiða skaðabæturnar.

Stefnandi kveður málavexti vera sem hér segir:

Mánudagskvöldið 20. apríl 1959 hélt Samvinnufélagið Hreyfill félagsfund. Stefnandi gerði sér dagamun og fékk sér í staupinu. Hann kom nokkru eftir miðnætti ásamt þremur félögum sínum til Ólínar Hólmfríðar Kristjánsdóttur, Rauðarárstíg 3, Reykjavík. Þar voru fyrir stefndu og stúlkan Margarethe Hertha Reihs. Stefnandi settist hjá stefndum Þórarni Stefáni, er fljótlega hóf ýfingar við stefnanda, sem hann þekkti þó ekkert. Bar hann upp á stefnanda, að hann hefði borið ljúgvitni í máli manns nokkurs, sem leiddi til þess, að maðurinn var dæmdur fyrir ölvunarakstur, blásaklaus. Stefnandi kveðst að vonum ekkert hafa við þetta kannazt, enda hafi síðar komið í ljós, að stefndi

hafði farið mannavillt. Stefnandi, sem var að vísu við skál, en hinn prúðasti í hvívetna, hafði ekki gefið neitt tilefni til þess, að stefndi Þórarinn Stefán veittist að honum með illmælum. Stoðaði ekkert, þótt stefnandi reyndi að koma stefnda í skilning um, að hann hefði alls ekki borið vitni í umræddu máli og kannaðist ekkert við það. Kveðst stefnanda hafa leiðzt þetta þras og þreif til hálsbindis stefnda Þórarins Stefáns, aðeins til að svipta því upp, og við þetta mun hönd stefnanda sennilega hafa numið við kjálka stefnda. Leiddi þetta orðaskak og fálm stefnanda til þess, að stefndi Þórarinn Stefán og stefnandi stóðu báðir upp, og urðu með þeim nokkrar sviftingar. Í því kom stefndi Ásgeir til skjalanna til aðstoðar stefnda Þórarni Stefáni. Aðrir reyndu að stilla til friðar, bæði kvenfólkið og félagar stefnanda. Einn félagi stefnanda var svo til strax sleginn í rot. Er hér var komið, kveður stefnandi, að svo hafi virzt sem stefndi Ásgeir hafi tekið að sér hlutverk árásarmannsins, því að hann sinnti engum fortölum, heldur trylltist hann, keyrði stefnanda út í horn, náði þar á honum haustaki og lét þar höggin dynja á andliti stefnanda. Stefnandi hné síðan í gólfið. Fannst stefndu ekki nóg að gert, heldur spörkuðu þeir í stefnanda, og hafði stefndi Ásgeir sig öllu meira í frammi. Einn félagi stefnanda hringdi nú á lögregluna, og kom hún á vettvang, en áður höfðu stefndu rokið á dyr. Lögreglan ók stefnanda, sem var meðvitundarlaus, á slysavarðstofuna, þar sem gert var að sárum hans til bráðabirgða.

Í þessum átökum við stefndu hlaut stefnandi allmikil meiðsli á andliti og á hægra hné. Páll Sigurðsson læknir lýsir svo meiðslum stefnanda í vottorði, dags. 7. 5. 1959:

„Hinn 21. 4. 1959, kl. 03, kom ofannefndur maður (þ. e. stefnandi) til Slysavarðstofunnar. Að sögn hafði hann verið sleginn í andlitið og sparkað í það. Við komuna á Slysavarðstofuna var maðurinn mjög ölvaður, en með fullri meðvitund. Ekki var hægt að fá hann til samvinnu við lækni, svo að hægt væri að gera fullkomna skoðun, en eftirfarandi kom í ljós: Mikil bólga á báðum augnalokum og í kringum augu, og augu voru blóðhlaupin. Dálítil skráma í húðinni milli augnabrúna og fleiður þar í kring. Á Slysavarðstofunni voru skrámurnar hreinsaðar og settar umbúðir, en síðan fór maðurinn heim og honum ráðlagt að koma aftur, er hann hefði jafnað sig.

Hann kom að nýju til Slysavarðstofunnar 22. 4. 1959. Hann kvartaði þá einkum um óþægindi í höfði og hægra hné. Hann

skýrði nú frá því, að hann hefði í mörg ár haft slæman höfuðverk og væri nýkominn frá Skotlandi, þar sem gerð var aðgerð af þessum sökum. Var góður eftir heimkomuna, en telur, að við áfallið nú hafi sótt í sama horf með höfuðverkinn.

Skoðun 22. 4. 1959. Getur ekki gengið vegna óþæginda í hægra hné. Mikil bólga og blámi í andliti, mest á augnlokum og kringum bæði augu. Skráma á nefrót og mikil eymsli á nefi og greinilega finnanlegt brot. Einnig veruleg eymsli yfir hægra efrikjálka.

Hné. — Mikill vökvi í hnénu og eymsli yfir öllum liðnum, mest innanfótar.

Gerð var rtg.skoðun á nefbeini, andlitsbeinum og hægra hné og sást brot á nefbeini og grunur um sprungu inn í hægri kjálkaholu. Hins vegar var ekki hægt að greina brot á hægra hnélið.

Á Slysavarðstofunni var stungið á hægra hné og tæmt út 70 cc af blóði. Síðan voru lagðar umbúðir um hnéð.

Nefbrotið var lítillega gengið úr skorðum, en þar eð maðurinn hafði áður brotnað á nefi og það gróið skakkt, að sjálfs hans sögn, var erfitt að dæma um stöðu brotsins ....“

Í ágúst 1950 fór fram réttarrannsókn í sakadómi Reykjavíkur út af atburði þeim, sem mál þetta er risið af, að undangenginni rannsókn rannsóknarlögreglunnar. Verða nú rakin aðalatriði framburða vitna.

Vitnið Gunnar Helgason rafvirkjameistari skýrir svo frá, að hann hafi verið með stefnanda á fundi í Framsóknarhúsinu. Var stefnandi nokkuð mikið undir áfengisáhrifum, og var hann orðinn öllu drukknari, er þeir fóru af fundinum. Er þeir fóru inn á Rauðarárstíg 3, var stefnandi orðinn fullkomlega rólegur, og bar þá ekki mikið á ölvun hans. Hafi síðan ekkert borið til tíðinda, fyrr en stefndi Þórarinn fór að bera stefnanda það á brýn, að hann hefði borið ljúgvitni í máli einu, sem leitt hefði til þess, að kunningi stefnda Þórarins var sakfelldur. Virtist stefnandi ekkert við þetta kannast og neitaði þessum áburði og æstist nokkuð við það. Varð úr þessu allmikið orðaskak, sem endaði með því, að stefnandi þreif til Þórarins og svipti hálsbindi hans upp og sagðist jafna um hann, ef hann hætti ekki þessu röfli. Skipti þá engum togum, að þeir voru báðir staðnir upp, og sló Þórarinn stefnanda í andlitið, og féll hann aftur yfir sig í gólfið. Var þá stefndi Ásgeir þegar kominn við hlið Þórarins. Er stefnandi var að standa upp aftur albúinn þess að ráðast á Þórarin, kveðst vitnið hafa gengið á milli og reynt að sefa stefnanda og aftra honum frá því að lenda í átökum við stefndu. Þá kveðst vitnið

hafa fengið högg í mjöðmina og síðan tvö í höfuðið og rotazt. Voru stefndu farnir burtu, er vitnið rankaði við sér.

Vitnið Anton Guðjónsson bifreiðarstjóri var á fundinum í Framsóknarhúsinu og fór síðan með stefnanda að Rauðarárstíg 3. Vitnið skýrir frá aðdraganda átakanna og upphafi mjög á sömu lund og vitnið Gunnar Helgason. Vitnið kveður, að í upphafi hafi orðið nokkrar sviptingar með stefnanda og stefnda Þórarni, og kom stefndi Ásgeir þegar til aðstoðar Þórarni. Einnig komu að þau Gunnar Helgason og Margarethe Reihs, og stóðu þau öll á miðju gólfi, þannig að vitnið sá ekki vel, með hverjum hætti það varð, að stefnandi féll í gólfið. Vitnið kveðst hafa ætlað að reyna að ganga á milli, en rýmið var svo lítið, að vitnið komst ekki að. Vitnið kveðst hafa séð, að Gunnar reyndi að ganga á milli og sefa mennina. Vissi vitnið ekki fyrr til en Gunnar var sleginn í rot, en sá eigi, hver gerði það. Hringdi vitnið nú í lögregluna. Var stefnandi þá hniginn í gólfið, og trömpuðu stefndu þar á honum báðir.

Vitnið Ingimar Jónsson forstjóri kveðst hafa verið mjög drukkinn, er umræddir atburðir áttu sér stað. Vitnið kveðst hafa heyrt, að stefnandi var farinn að hnakkrífast við annan karlmanninn, sem fyrir var á Rauðarárstíg 3, en vitnið kom þangað ásamt stefnanda og tveimur öðrum félögum. Vitnið kveðst síðan ekki hafa fylgzt neitt með skiptum þeirra, fyrr en hinn maðurinn, sem fyrir var og ekki hafði verið að rífast við stefnanda, stóð upp af stól sínum og rauk á stefnanda og sló hann. Urðu síðan nokkur slagsmál með þeim, og féll stefnandi í gólfið, en maðurinn hélt áfram að berja hann, er hann reyndi að skríða á fætur, og sló hann stefnanda í höfuðið með hnefunum hvað eftir annað. Linnti maðurinn ekki látum, fyrr en stefnandi lá hreyfingarlaus. Staðhæfir vitnið, að maðurinn hafi margsinnis sparkað í stefnanda, eftir að hann var kominn í gólfið.

Vitnið Margarethe Hertha Reihs kveðst hafa verið heima hjá Ólínu Kristjánsdóttur á Rauðarárstíg 3 ásamt stefndum, þegar stefnandi og þrír menn með honum komu í heimsókn. Settist stefnandi í sófann hjá stefnda Þórarni. Fóru þeir brátt að hnakkrífast. Reyndi vitnið að fá þá til að hætta að rífast, en það tókst ekki. Héldu þeir áfram að rífast, þar til stefnandi stóð skyndilega upp, og sló hann Þórarin fyrirvaralaust í andlitið, en hann virtist dasast við höggið, því að hann hreyfði sig ekkert fyrst á eftir. Hljóp nú stefndi Ásgeir til og þreif í öxlina á stefnanda og

sló hann. Tók stefnandi á móti, og urðu nú allsnörp slagsmál með þeim um hríð, og hallaðist ekki á, fyrr en Ásgeiri tókst að koma stefnanda út í horn og gat þar tekið hann haustaki, þannig að hann hélt höfði hans í vinstri handarkrika og sló hann síðan með hægri hendi alloft í andlitið. Stefnandi féll síðan undan höggum Ásgeirs í gólfið, og kveður vitnið, að Ásgeir hafi síðan margsinnis sparkað í andlit hans og skrokk, og virtist hann engu skeyta því, hvar spörkin komu í hann. Vitnið kveður, að Ásgeir hafi verið alveg óður af reiði, en auk þess mjög drukkinn. Vitninu kveðst hafa ofboðið það, hvernig Ásgeir lék stefnanda, eftir að hann var fallinn. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að stefndi Þórarinn tæki neinn þátt í slagsmálunum.

Vitnið Ólína Hólmfríður Kristjánsdóttir skýrir svo frá, að hún hafi verið að laga kaffi í eldhúsi sínu, er umrædd átök hófust. Heyrði vitnið, að stefnandi og stefndi Þórarinn voru farnir að rífast eitthvað, en heyrði ekki, um hvað þeir rifust. Vitnið kveðst þá hafa farið inn í stofuna og hafa séð þá, að stefndi Ásgeir hafði þrifið stefnanda og hrakið hann á undan sér inn í eitt hornið á stofunni, en þar hafi hafizt slagsmál milli þeirra. Vitnið kveðst hafa verið önnum kafið við að bjarga húsmunum úr hættu vegna átakanna og því eigi gefið þeim gaum sem skyldi. Vitnið kveðst hafa séð stefnda Ásgeir slá stefnanda svo í höfuðið, að hann féll í gólfið, en eftir að hann féll, hafi Ásgeir þrifið til hans, reist hann við og slegið hann niður aftur. Vitnið staðhæfir, að síðan hafi Ásgeir sparkað í höfuð stefnanda, þar sem hann lá meðvitundarlaus á gólfinu, en blóð lak úr andliti hans. Vitnið segir, að þeim Margarethe hafi blöskrað, er Ásgeir sparkaði í andlit stefnanda og hafi þær atyrt hann fyrir það, en þá hafi Ásgeir slegið Margarethe högg í maga.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að stefndi Þórarinn Stefán hafi átt upptökin að orðahnippingum þeim, er leiddu til ryskinga þeirra á milli. Hafi þá stefndi Ásgeir blandað sér í málið. Hann hafi orðið alveg trylltur og margbarið stefnanda í andlitið og eftir að hann var hniginn í gólfið hafi hann sparkað margsinnis í hann svo og stefndi Þórarinn. Stefnandi vísar til framburða vitna í málinu og telur það vera mestu mildi, að eigi var gert út af við hann í þessum átökum. Stefnandi telur upplýst, að eigi sé öðrum til að dreifa um áverka þá, er hann hlaut, en stefndu. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi á engan hátt komið þannig fram við stefndu, að það gæfi þeim

tilefni til að ráðast að sér og leika sig jafn hraklega og raun ber vitni. Hafi stefndu verið samtaka um að jafna um sig, þótt segja megi, að þáttur stefnda Ásgeirs sé öllu meiri. Það sé því ekkert áhorfsmál, að þeir félagar, stefndu Ásgeir og Þórarinn Stefán, beri fébótaábyrgð gagnvart sér á tjóni því, er af meiðslum sínum hafi hlotizt. Stefnandi bendir á hinn mikla aldursmun á sér og stefndu, sem voru um þrítugt, er átökin skeðu, ungir menn á bezta aldri og auk þess séu þeir íþróttamenn, en stefnandi er fæddur 1917. Stefnandi bendir og á það, að í þinghaldi hinn 5. ágúst 1960 í sakadómi Reykjavíkur hafi stefndu greitt sér kr. 5.000.00 upp í „væntanlegar bætur", eins og það sé orðað í sakadómsbókinni. Sé þessi greiðsla af hendi stefndu að því leyti athyglisverð, að hún feli vissulega í sér fulla viðurkenningu um fébótaábyrgð stefndu.

Stefndi Þórarinn Stefán styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að ósannað sé, að hann hafi veitt stefnanda lemstur þau, sem mál þetta sé af risið. Hann hefur eindregið neitað því að hafa veitt stefnanda ákomur þær, er hann varð fyrir aðfaranótt þriðjudagsins 21. apríl 1959, er stefnandi var staddur í húsinu nr. 3 við Rauðarárstíg í Reykjavík. Af framburði vitna í málinu verði eigi dregin rökrétt ályktun um það, að hann hafi veitt stefnanda lemstur þau, sem áður getur. Þar af leiðandi sé því algerlega andmælt sem ósönnuðu, að það verði metið honum til sakar, hvernig fór fyrir stefnanda í átökum þeim, er áttu sér stað fyrrgreint sinn.

Stefnandi hefur lagt á það áherzlu í málflutningi sínum, að þar sem stefndi Þórarinn hafi átt upptökin að orðahnippingum þeirra á milli, sem síðan hafi leitt til átaka, beri stefndi Þórarinn fébótaábyrgð gagnvart sér á því tjóni, sem hann varð fyrir í þeim átökum. Eigi verður á það fallizt með stefnanda að leggja fébótaábyrgð á hendur stefnda Þórarni, þótt hann hefði hafið orðahnippingar við stefnanda, er hann settist hjá honum.

Stefndi Þórarinn Stefán hefur eindregið neitað því að hafa slegið stefnanda nokkurt högg, sparkað í hann eða átt nokkurn þátt í því að veita stefnanda lemstur þau, er hann varð fyrir í átökunum á Rauðarárstígnum. Vitnið Gunnar Helgason hefur borið það, að Þórarinn hafi slegið stefnanda eitt högg í andlitið, og vitnið Anton Guðjónsson hefur borið það, að stefndu báðir hafi trampað á stefnanda, eftir að hann var fallinn í gólfið.

Með eindreginni neitun stefnda Þórarins Stefáns, sem studd

er eiðfestum framburði vitnisins Margarethe Hertha Reihs svo og eiðfestum framburði vitnisins Ólínu Hólmfríðar Kristjánsdóttur, verður að telja ósannað, að stefndi Þórarinn Stefán hafi átt nokkurn þátt í að veita stefnanda ákomur þær, sem mál þetta er risið af. Ber því að sýkna stefnda Þórarin Stefán af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefndi Ásgeir Eyjólfsson styður sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að hann hafi átt hendur sínar að verja í átökunum við stefnanda, þar sem stefnandi hafi veitzt að sér með slagsmálum, er hann ætlaði að veita félaga sínum, meðstefnda Þórarni Stefáni, hjálp, en stefnandi hafði þá slegið hann högg á kjálkann. Stefndi Ásgeir hefur í sakadómi Reykjavíkur skýrt þannig frá atburðum, að er hann sá, að stefnandi hafði slegið félaga sinn Þórarin Stefán, þá hafi hann gengið á milli þeirra, lagt hönd á öxl stefnanda og beðið hann um að hætta þessum látum og vera ekkert að slást, en þá hafi stefnandi veitzt að sér og sparkað í hægri fótlegg sinn, svo að hann fékk sár á legginn. Slógust þeir síðan smástund og greiddu hvor öðrum nokkur högg. Kom þá að félagi stefnanda Gunnar Helgason og vildi skipta sér af átökum þeirra. Kveður stefndi Ásgeir, að Gunnar hafi slegið til sín mikið högg, en hann hafi vikið sér undan högginu, sem síðan hafi hafnað á höfði stefnanda. Síðan hafi Þórarinn tekið Gunnar og haldið honum. Átti stefndi Ásgeir síðan í nokkrum átökum við stefnanda og hafi þeim lokið með því, að hann sleppti stefnanda í gólfið, og lá hann þar hreyfingarlaus. Stefndi Ásgeir neitar því, að hann hafi eftir það sparkað í stefnanda. Hins vegar kveðst hann hafa farið inn í stofu til að sækja flösku og kveðst þá hafa hrasað, um leið og hann fór fram hjá stefnanda, þar sem hann lá á gólfinu. Vera megi, að hann hafi þá rekið fótinn í stefnanda.

Stefndi Ásgeir hefur mótmælt sem röngum framburði vitna þess efnis, að hann hafi sparkað í stefnanda, er hann lá hreyfingarlaus á gólfinu. Telur hann slíkan áburð drukkinna vitna einskis nýtan.

Stefndi Ásgeir telur samkvæmt þessu vera augljóst mál, að hann hafi átt hendur sínar að verja og þau högg, sem hann greiðir stefnanda, séu sjálfsvarnarráðstafanir. Sé stefnandi þekktur slagsmálamaður og illvígur og ljóst sé af gögnum málsins, að hann hafi verið í vígahug þetta kvöld.

Í annan stað mótmælir stefndi því sem ósönnuðu, að ákomur þær, sem stefnandi kveðst hafa fengið, séu af sínum völdum.

Í þriðja lagi heldur stefndi því fram, að þótt talið verði, að högg sín hafi valdið ákomum þeim, sem um getur, þá sé algerlega ósannað, að venjulegum fullfrískum manni hefði orðið frekar meint af þeim en að fá glóðaraugu, skrámur á andlit, blóðnasir og e. t. v. brest í kjálka. Um stefnanda gegni alveg sérstöku máli, því að heilsu hans hafi verið þannig háttað, að hann mátti undir engum kringumstæðum hætta sér út í ryskingar, hvað þá heldur stofna til þeirra sjálfur, eins og hann hafi þó gert.

Þegar allt er virt, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja sannað, að stefnandi hafi hlotið lemstur þau, er mál þetta er risið af, af völdum stefnda Ásgeirs. Eigi verður á það fallizt með stefnda Ásgeiri, að hann hafi átt hendur sínar að verja í átökum sínum við stefnanda né á það, að stefnandi verði að bera hallann af því, að hann hafi átt upptökin að slagsmálunum þeirra á milli, þótt heilsu hans hafi verið þannig háttað, að honum hafi verið sérstök hætta búin af öllum ryskingum, þar sem stefnda hefur eigi tekizt að styðja þær málsástæður sínar neinum rökum né sönnunargögnum, en samkvæmt eiðfestum framburði þeirra tveggja vitna, sem áður getur, verður að telja sannað, að stefndi Ásgeir blandaði sér þannig í skipti þeirra stefnanda og meðstefnda Þórarins, að hann hljóp á milli þeirra og sló stefnanda formálalaust högg í andlitið, en síðan upphófust slagsmál með þeim, sem lauk á þann veg, að stefnandi hné meðvitundarlaus í gólfið undan höggum stefnda Ásgeirs, sem síðan margsparkaði í andlit hans og líkama, þar sem hann lá hreyfingarlaus á gólfinu.

Samkvæmt þessu ber því að leggja óskipta fébótaábyrgð á stefnda Ásgeir Eyjólfsson vegna þess tjóns, er stefnandi varð fyrir sökum meiðsla þeirra, sem hann hlaut af hans völdum.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Atvinnutjón frá 22/4 1959—1/5 1961, þ. e. 24 mán. á kr. 6.000.00 pr. mánuð ..... kr. 144.000.00
   Frá dragast sjúkradagpeningar .. — 6.338.00
   ——————— kr. 137.662.00

2. Ferðakostnaður	kr.	3.506.80		
	—	5.593.00		
	kr.	9.099.80		
Frá dregst ferðastyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins	—	6.000.00		
			—	3.099.80
3. Lækniskostnaður til dr. Seex, £ 105.0.0 á kr. 59/41 pr. pund			—	6.238.05
4. Sjúkrahúsvist í Skotlandi í maí—júní 1959, £ 40.16.0 kr. 59/41 pr. pund	kr.	2.423.93		
Frá dragast sjúkrapeningar frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur	—	2.423.93		
5. Læknishjálp í Skotlandi, £ 60.0.0 á kr. 106/70			—	6.402.00
6. Sjúkrahúsvist í Skotlandi, £ 36.8.0 á kr. 106/70	kr.	3.883.92		
Frá dragast dagpeningar frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur	—	3.309.00		
			—	574.92
7. Greiðsla til Hilmars Foss			kr.	1.168.12
8. Bætur fyrir þjáningar og lýti			—	100.000.00
		Samtals	kr.	255.144.89
Frá dragast áður greiddar			—	5.000.00
		Samtals	kr.	250.144.89

Um lið 1:

Stefnandi byggir kröfur sínar samkvæmt þessum lið á því, að hann hafi verið algerlega óvinnufær í tvö ár, þ. e. frá 22/4 1959 til 1/5 1961, vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut í átökum við stefndu aðfaranótt þriðjudagsins 21. apríl 1959.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Eyþórs Gunnarssonar læknis, þar sem rakin er sjúkrasaga stefnanda frá því nokkrum árum fyrir þá atburði, er mál þetta er risið af, og fram til 21. nóvember 1961, en vottorðið er dagsett þann dag. Í niðurlagi vottorðsins segir svo:

„Allan tímann frá 22/4 1959, er Erlendur slasaðist, þar til

1/5 1961, er hann fór að vinna aftur, var hann óvinnufær. Þoldi hann oft á þessu tímabili miklar og óbærilegar kvalir, einkum í höfði, en einnig háðu honum lengi meiðslin í hnénu. Dag og dag reyndi hann að vinna, en var ekki fær til þess. Hann hefur ekki enn náð fullri heilsu, en er þó vinnufær. Oft eru verkir í enni og stirðleiki og þrautir í hnénu."

Vottorð þetta hefur Eyþór Gunnarsson læknir staðfest fyrir rétti, og þá aðspurður segir læknirinn, að veikindi stefnanda frá í apríl 1959 og til 1. maí 1961 megi að mestu leyti rekja til áverka, er hann hlaut í apríl 1959. Enn fremur ber vitni þetta, að stefnandi hafi eigi verið orðinn albata í apríl 1959, er hann varð fyrir áverkum þeim, er mál þetta er risið af. Vitnið segir, að við áverkana í apríl 1959 hafi eyðilagzt læknisaðgerðir, sem gerðar höfðu verið á stefnanda fyrir þann tíma.

Upplýst er, að í nokkur undanfarin ár, áður en atburðirnir á Rauðarárstígnum skeðu, hafði stefnandi átt við að stríða alvarleg veikindi í höfði, aðallega í nefi og ennisholum. Hafði hann í lækningaskyni undirgengizt nokkrar aðgerðir á höfði, bæði hérlendis og erlendis, og var svo til nýkominn frá Skotlandi, þar sem ný aðgerð hafði verið gerð á honum af dr. Ian M. Seex á sjúkrahúsi í Inverness, er hann lenti í átökunum við stefndu.

Í maí 1959 fór stefnandi til Skotlands og gekkst þar undir allmikla aðgerð, sem framkvæmd var af dr. Ian M. Seex. Í fyrstu eftir heimkomuna virtist svo sem um bata væri að ræða, en fljótlega sótti í sama horfið aftur. Í júlí s. á. var dr. Seex á ferð hér á landi, og fór stefnandi til hans í skoðun. Stefnandi fór svo enn til Skotlands í nóvember 1960 til dr. Seex, sem gerði enn eina aðgerð á nefi hans og ennisholum. Eftir heimkomuna var ekki um bata að ræða. Stefnandi gekk síðan vikum saman til meðferðar hjá Eyþóri Gunnarssyni lækni, og eftir endurteknar læknisaðgerðir af hans hendi fór svo að lokum, að sæmilegur bati fékkst, og fór stefnandi síðan að vinna aftur hinn 1/5 1961.

Fjárhæð þessa kröfuliðs miðar stefnandi við fjárhæð þá, er tryggingafélög hafi greitt leigubílstjórum vegna atvinnutjóns, er bifreiðar þeirra væru ónothæfar til aksturs vegna atvika, sem tryggingafélög báru ábyrgð á.

Í aðiljaskýrslu stefnanda, dags. 30. apríl 1962, sem staðfest er fyrir dómi, segir svo um þetta atriði:

„Mörg undanfarin ár hef ég verið heilsulítill og því hvergi nærri getað unnið fulla vinnu, enda tekjur mínar verið eftir

því, sjá skattframtöl mín frá árunum 1957—1959. Þó var þannig komið með heilsu mína eftir læknisaðgerð í Skotlandi í janúar 1959, að ég var farinn að geta unnið fulla vinnu, er stefndu veittu mér áverkana í apríl 1959.

Þegar sýnt var, að áverkar þeir, sem stefndu veittu mér, voru þess eðlis, að ég mundi ekki ná fullum bata í bráð, þrátt fyrir meðferð hjá færustu sérfræðingum, brá ég á það ráð að fá menn til að aka bifreið minni, R 1603. Menn þessir voru duglegir við aksturinn og öfluðu mér talsverðra tekna, svo sem fram kemur á skattframtölum mínum fyrir árin 1960—1962. Hins vegar byggi ég skaðabótakröfu mína um vinnutap í máli þessu á því, að ég hefði aflað umfram það, sem þessir menn óku inn fyrir mig, kr. 6.000.00 á mánuði.

Ef við tökum árið 1960 t. d., hefði ég auðveldlega samkvæmt þessu átt að hafa í tekjur kr. 6.000.00 × 12 = 72.000.00 + kr. 39.985.00 eða samtals kr. 111.985.00. Þetta eru nettó-tekjur. Vil ég meina, að þetta séu ekki neinar ofsatekjur fyrir fullfríska menn innan leigubílstjórastéttarinnar."

Af hálfu stefnda Ásgeirs er því haldið fram, að þótt talið yrði, að stefnandi hefði hlotið högg í ryskingum við hann, sem aflagað hefðu andlit stefnanda, er því algerlega andmælt sem ósönnuðu, að umræddar ryskingar hafi átt þá orsök í veikindum stefnanda, sem hann vill vera láta. Hafi stefnandi árum saman verið sjúklingur og hafi hann átt að fara til framhaldsaðgerðar til Skotlands vegna þeirra veikinda, sem hann hafi átt við að stríða mörg undanfarin ár. Þá er því mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi verið frá vinnu eins lengi og hann vill vera láta og það dregið í efa, að stefnandi hafi ekki fengið meira en kr. 6.838.00 greiddar í sjúkradagpeninga. Annars er fjárhæð kröfuliðs þessa mótmælt sem allt of hárri og krafizt stórfelldrar lækkunar.

Stefnandi hefur lagt fram skattframtöl sín fyrir árin 1957—1962 að báðum meðtöldum. Samkvæmt framtölum eru hreinar tekjur hans þessi ár af leigubílsakstri eins og hér segir:

Árið 1956	kr.	52.690.34
Árið 1957	—	62.491.62
Árið 1958	—	73.436.52
Árið 1959	—	75.157.00
Árið 1960	—	39.985.00
Árið 1961	—	28.373.00

Að þessu athuguðu og þegar allt er virt, sem fram hefur komið

og upplýst er varðandi þetta atriði, verður að telja sannað, að stefnandi hafi verið algerlega óvinnufær frá 22/7 1959—1/5 1961 og að meginorsök þess og sú, sem úrslitum ræður, hafi verið lemstur þau, er stefnandi hlaut af völdum stefnda Ásgeirs hinn 21. apríl 1959, þótt hins vegar beri að taka tillit til þess við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið, að aflahæfi stefnanda var töluvert skert vegna langvarandi veikinda hans undanfarin ár, er hann varð fyrir margnefndum áföllum af hendi stefnda Ásgeirs.

Þegar þetta er virt og tillit tekið til þess, að stefnandi hafði allverulegar tekjur, meðan hann var óvinnufær sjálfur, af því að leigja öðrum leigubílstjórum bifreið sína til leiguaksturs og höfð er hliðsjón af tekjum hans árin 1956—1958, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 70.000.00.

Um liði 2, 3, 5, 6 og 7:

Kröfur stefnanda samkvæmt öllum þessum kröfuliðum eiga rætur sínar að rekja til tveggja ferða stefnanda til Skotlands sér til lækninga á meiðslum þeim, sem hann hlaut af völdum stefnda Ásgeirs. Samanlögð fjárhæð þessara liða er kr. 17.482.89. Er það sú fjárhæð, sem stefnandi kveðst hafa orðið að greiða úr eigin vasa, en hluti þessa kostnaðar var greiddur af Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og Tryggingastofnun ríkisins.

Af hálfu stefnda Ásgeirs hefur kröfum stefnanda samkvæmt ofangreindum kröfuliðum verið mótmælt sem honum algerlega óviðkomandi, þar sem ósannað sé, að margnefnd átök þeirra stefnanda hafi orsakað það, að stefnandi varð að leita sér lækninga erlendis og eins sé upplýst, að stefnandi hafi átt að fara aftur til Skotlands til framhaldsaðgerðar eftir aðgerðina þar í janúar 1959.

Í bréfi dr. Ian M. Seex til Eyþórs Gunnarssonar læknis, dags. 2. febrúar 1959, varðandi aðgerðina á stefnanda í janúar 1959 víkur dr. Seex sérstaklega að þessu atriði í niðurlagi bréfsins. Segist hann vona, að aðgerðin beri árangur, en verið geti, að stefnandi verði að koma aftur til aðgerðar, ef viss skilyrði koma fram. Eigi hafði á það reynt, er stefnandi varð fyrir höggum stefnda Ásgeirs á Rauðarárstígnum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað, að ferðir stefnanda til Skotlands sér til lækninga í maí 1959 og í nóvember 1960 og kostnaður hans við þessar ferðir séu í beinu orsakasambandi við meiðsli þau, sem hann hlaut af völdum stefnda Ásgeirs.

Þar sem stefnandi hefur gert fullkomna grein fyrir fjárhæð

hvers einstaks kröfuliðs og stutt viðeigandi gögnum, verða kröfur hans eftir þessum liðum teknar til greina að öllu leyti.

Um lið 8:

Kröfur stefnanda samkvæmt þessum lið eru vegna þjáninga og lýta, og hefur þeim af hálfu stefnda Ásgeirs verið mótmælt sem allt of háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar það er virt, sem þar greinir, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi Ásgeir Eyjólfsson verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 127.482.89 auk vaxta, eins og krafizt hefur verið, en stefndi Þórarinn Stefán Gunnarsson verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessum málalyktum falli málskostnaður niður að því er varðar stefnda Þórarin Stefán, en stefnda Ásgeiri ber að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 19.600.00.

Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Þórarinn Stefán Gunnarsson, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Erlends J. Erlendssonar, í máli þessu, og falli málskostnaður niður.

Stefndi, Ásgeir Eyjólfsson, greiði stefnanda, Erlendi J. Erlendssyni, kr. 127.482.89 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til greiðsludags og kr. 19.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1966.

Nr. 175/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Árna Jóhanni Friðjónssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Brot gegn reglum um síldarsöltun.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi Síldarútvegsnefndar til síldarsaltenda, og þ. á m. hlutafélagsins Íslenzkur fiskur, dags. 24. júní 1964, var félaginu veitt löggilding til síldarsöltunar á síldarvertíð norðanlands og austan 1964. Í bréfi þessu eru saltendur „alvarlega varaðir við að salta sykur- og kryddsíld fyrir sænska kaupendur að beiðni umboðsmanna þeirra hér, ef ekki liggur fyrir staðfesting um það frá skrifstofu nefndarinnar." Í lok þessa bréfs er tekið fram, að „um söltunarbyrjun ... mun verða tilkynnt síðar." Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um brot ákærða gegn 1. mgr. 3. gr. og 7. gr. laga nr. 62/1962. Þykir refsing ákærða samkvæmt 2. mgr. 11. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, laun verjanda í héraði, kr. 3500.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Jóhann Friðjónsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sekt-

arinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, laun verjanda síns í héraði, Ármanns Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.500.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 12. júlí 1965.

Ár 1965, mánudaginn 12. júlí, var í sakadómi Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 45/1965: Ákæruvaldið gegn Árna Jóhanni Friðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða Árna Jóhanni Friðjónssyni framkvæmdastjóra, Túngötu 3, Siglufirði, fyrir að láta á vegum fyrirtækisins Íslenzkur fiskur h/f þann 25. júní 1964 salta 176 tunnur af síld á söltunarstöð þeirri á Siglufirði, sem hann veitti forstöðu, án þess að Síldarútvegsnefnd hefði þá leyft söltun síldar. — Er þetta talið varða við 1. mgr. 3. gr. og 7. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 62/1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. ágúst 1927 í Langhúsum í Haganeshreppi, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1947	28/3	í Reykjavík:	Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1961	11/7	á Siglufirði:	Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. reglna nr. 116/1957 um stöðumæla í Rvík.
—	27/10	á Siglufirði:	Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur og 1. mgr. 27. gr., 49., 50. og 66. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Með bréfi til bæjarfógetans á Siglufirði, dags. 1. júlí 1964, skýrði Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, frá því, að samkvæmt fréttum í dagblöðunum í Reykjavík hefði fyrirtækið Íslenzkur fiskur h/f á Siglufirði hafið söltun síldar þann 25. júní 1964. Hefði fyrirtæki þetta ekki fengið leyfi til söltunar á síld á þessum tíma, enda hefðu engir síldarsaltendur á Norður- og Austurlandi fengið slíkt leyfi. Leyfi til síldarsöltunar hefði hins vegar verið veitt þann 30. júní s. á. kl. 12. Sagði einnig í bréfi þessu, að Síldarútvegsnefnd teldi þetta athæfi vera brýnt brot á lögum um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar og krafðist þess, að málið yrði tekið til rannsóknar og sérstaklega yrði upplýst, hverjir bæru ábyrgð á síldarsöltun þessari, hve mikið magn hér væri um að ræða og hvernig síldin hefði verið verkuð.

Ákærði, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Íslenzkur fiskur h/f á Siglufirði, en fyrirtækið rekur hér síldarsöltunarstöð, hefur skýrt svo frá við rannsókn málsins, að saltaðar hafi verið 176 tunnur síldar úr v/s Bergi, VE 44, á söltunarstöð áðurnefnds fyrirtækis að kvöldi 25. júní 1964. Hafi síld þessi verið veidd norðaustur af Langanesi, hafi hún verið um 15 klst. gömul, þegar hingað kom, en geymd í kælilest frá veiðistað. Síld þá, sem hér um ræðir, segir ákærði hafa verið sykursaltaða fyrir Svíþjóðarmarkað — fyrir fyrirtækið Gust. Richter A/B í Lysekil, en fyrir þetta fyrirtæki séu þeir bræður, Vigfús Friðjónsson og ákærði, umboðsmenn hér á staðnum. Ákærði segir ekki hafa legið fyrir leyfi Síldarútvegsnefndar til þessarar síldarsöltunar, en hann kveðst hafa talið, að heimilt væri að salta þá síld, sem fullnægði þeim skilyrðum, sem áðurnefndur kaupandi hafði fyrirfram sett fyrir gæðum og verkun þeirrar síldar, sem hann hugðist kaupa, en fyrirtækið Gust. Richter hafi samið um kaup á 6.500 tunnum síldar við Síldarútvegsnefnd, þegar hér var komið á árinu 1964, en hluta af þessu umsamda magni hafi átt, samkvæmt samningum, að verka á þann hátt sem gert var við áðurnefndar 176 tunnur að tilskyldu samþykki umboðsmanna fyrirtækisins fyrir gæðum vörunnar, en slíkt samþykki hafi í þessu tilviki legið fyrir. Ákærði kveðst sjálfur hafa ákveðið þá síldarsöltun, sem hér ræðir um. — Til áréttingar því, sem hér að framan er sagt, hefur ákærði tekið fram, að hann viti ekki til, að það sé tekið sérstaklega fram í samningum Síldarútvegsnefndar við sænska síldarkaupendur, að síldarsöltun upp í þá

samninga (þ. e. til Svía) sé háð leyfi nefndarinnar til söltunar, heldur telji hann, að söltun upp í samninga til sænskra síldarkaupenda fari aðeins eftir ákvörðun umboðsmanna hinna sænsku kaupenda, sem á staðnum séu, þegar viðkomandi söltun fer fram í hvert einstakt skipti. Í því tilviki, sem hér ræðir um, hafi slíkt samþykki verið fyrir hendi frá Vigfúsi Friðjónssyni og ákærða sem umboðsmönnum Gust. Richter A/B í Lysekil.

Við rannsókn málsins hefur Jón Stefánsson, framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, tekið fram, að honum sé ókunnugt um, að sú söltun síldar, sem fram fór á síldarsöltunarstöð Íslenzks Fisks h/f að kvöldi 25. júní 1964, hafi verið rædd við Síldarútvegsnefnd né sótt hafi verið um leyfi fyrir henni til nefndarinnar, hvorki áður en hún fór fram né eftir það, og hafi hún því farið fram í algeru óleyfi nefndarinnar. Þá hefur áðurnefndur framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar tekið fram, að hann telji það engu breyta um margnefnda söltun, þótt umboðsmenn síldarkaupandans hér á staðnum hafi tekið vöruna gilda sem söltunarhæfa, því að lögum samkvæmt sé sú söltun, sem framkvæmd er, áður en Síldarútvegsnefnd leyfir söltun almennt, óleyfileg. Ekki hafi heldur komið fram nein beiðni frá fyrirtækinu Gust. Richter um að hefja söltun síldar fyrir það á neinum ákveðnum tíma né af neinu sérstöku skipi.

Í 3. gr. laga nr. 62/1962 um Síldarútvegsnefnd o. fl. segir, að Síldarútvegsnefnd veiti leyfi til söltunar á síld fyrir erlendan og innlendan markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar.

Verður þetta lagaákvæði með engu móti skilið á annan veg en þann, að öll síldarsöltun hér á landi sé skilyrðislaust háð leyfi Síldarútvegsnefndar, almennu eða sérstöku.

Er enginn ágreiningur um, að samþykki eða leyfi Síldarútvegsnefndar hafi ekki verið fyrir hendi til þeirrar söltunar á vegum ákærða, sem hér ræðir um. Teljast allar sannanir bresta fyrir því, að aðrar reglur hafi verið í gildi eða átt að gilda um söltun síldar, sem ætluð var fyrirtækinu Gust. Richter í Svíþjóð, en um aðra síldarkaupendur, þ. e. að síldarsöltun handa því fyrirtæki væri aðeins háð samþykki eða ákvörðun umboðsmanna þess hér á landi, en ekki leyfi eða samþykki Síldarútvegsnefndar, svo sem lög nr. 62/1962 gera skýlaust ráð fyrir. Verður ekki annað séð en að hefði svo verið væru ákvæði nefndra laga um leyfi, sem Síldarútvegsnefnd skal veita til síldarsöltunar samkvæmt 3. gr.

laganna, óvirk og tilgangslaus. — Samþykki umboðsmanna síldarkaupenda fyrir söltun síldar, sem þeim er ætluð, verður samkvæmt áðurnefndum lögum aðeins að telja ná til ákveðins magns eða einstakra farma af síld á þeim tíma og á þeim stað, sem Síldarútvegsnefnd hefur leyft síldarsöltun á, sbr. 3. og 7. gr. nefndra laga.

Samkvæmt framansögðu telst því ákærði með ákvörðun sinni um að láta salta þá síld, sem hér ræðir um, hafa brotið 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. laga nr. 62/1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Þykir refsing hans samkvæmt 2. mgr. 11. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.500.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið talsverður dráttur. Stafar hann sumpart af framhaldsgagnaöflun í málinu, sem verjandi ákærða óskaði eftir eftir þingfestingu málsins, en sumpart stafar dráttur þessi af fjarveru dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Jóhann Friðjónsson, greiði 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1966.

Nr. 205/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jósafat Arngrímssyni (Áki Jakobsson hrl.)
Albert Karli Sanders (Páll S. Pálsson hrl.)
Áka Guðna Gränz
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og
Pétri Einarssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Brot gegn reglum um útflutning fiskafurða.

Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti í Keflavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Hinn 6. janúar 1964 var undirritaður samningur, sem getið er í héraðsdómi, um kaup Brekkes Ltd., Hull, á framleiðslu Ísfélags Keflavíkur h/f „árið 1964, sem nemur (a) minnst 700 (sjö hundruð) smálestum (2240 pund netto) í hlutföllum nálægt ⅔ (tveim þriðju) þorskur og ⅓ (einum þriðja) ýsa eftir þunga, að minnsta kosti 450 smál. þorskur og a. m. k. 250 smál. ýsa. Fellst seljandi á, að þorskur fari í engu tilfelli fram úr ⅔ (tveim þriðju). (b) Sólkoli, skarkoli, lúða, langlúra, stórkjafta, smáhumarbúkar (með og án skeljar), skötubörð, háfur, hrogn o. fl. Pökkun, stærðir, merki og verð eftir samkomulagi."

Er greint hefur verið í samningnum verð á þorski og ýsu, segir m. a. svo:

„Enn fremur er svo um samið, að samningsverð sé eigi hærra en Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna selur aðalkaupendum sínum í Bretlandi, nefnilega Associated Fisheries, Ross

Group, Mac Fisheries og Brekkes Ltd. eða hverjum einstökum þessara kaupenda, og verði samningsverð S. H. lækkað, meðan á samningstíma stendur, skuli hér um samið verð lækka tilsvarandi.

Allt verð er auk þess háð lokasamþykki hins íslenzka eftirlits."

Hinn 8. janúar 1964 gaf fyrirtækið Antony Gibbs & Sons Ltd,. London, út til handa Ísfélagi Keflavíkur h/f lántökuheimild (Letter of Credit), þar sem segir m. a. svo:

„Að því tilskildu, að samningur sé gerður milli yðar og Brekkes Ltd. í aðalatriðum í sama formi og sá, sem lagður hefur verið fyrir oss í uppkasti, er oss ánægja að veita yður loforð um kaup á víxlum (Acceptance Credit), að upphæð £ 18.000, til að kosta útflutning yðar á frosnum fiski til firmans Brekkes Ltd., Hull, með eftirtöldum ákvæðum og skilmálum:

1. Lánið verður látið í té gegn víxlum yðar á hendur oss, sem gefnir eru út með gjalddögum 29. febrúar, 31. marz og ef nauðsyn krefur 30. apríl 1964 eða öðrum þeim gjalddögum, sem um semst, og fylgi þeim ljósrit af samningi yðar við Brekkes Ltd. á ensku. Upphæð hvers þessara víxla skal nokkurn veginn koma heim við verðmæti væntanlegra sendinga til Brekkes Ltd. í janúarlok, febrúarlok og ef nauðsyn krefur í marzlok 1964.
3. Þegar þar að kemur, ber yður að senda oss öll frumskjöl ásamt sýningarvíxlum yðar á hendur Bekkes Ltd., og nái þau yfir verðmæti allra sendinga á frosnum fiski samkvæmt áðurnefndum samningi, að heildarverðmæti ekki undir £ 18.000.
4. Þessi skjöl munum vér afhenda firmanu Brekkes Ltd. gegn greiðslu á sýningarvíxlum yðar á firmað, og munum vér halda nettoandvirðinu eftir til greiðslu á víxlunum, sem nefndir eru í 1. gr. að ofan, og ef einhver afgangur verður, eftir að allir víxlarnir hafa verið greiddir, verður hann sendur yður til ráðstöfunar og á yðar reikning ...."

Hinn 16. janúar tilkynnti Útvegsbanki Íslands, Reykja-

vík, Ísfélagi Keflavíkur h/f, að bankinn hefði fært félaginu til tekna greiðslu til bankans að „tilhlutan Hambros Bank Ltd. v/Antony Gibbs & Sons Ltd., London, á £ 17.746:17:11 á 120/16 ..... kr. 2.132.406.90
85.296.25

2.047.110.65“

en fjárhæðin, sem frá er dregin, kr. 85.296.25, mun hafa verið ætluð til greiðslu væntanlegs útflutningsgjalds af fiskafurðum samkvæmt sölusamningi þeim, er áður getur.

Í bréfi til Seðlabanka Íslands 28. febrúar 1964 frá Antony Gibbs Ltd. segir m. a.: „.... þetta var greiðsla til Ísfélags Keflavíkur upp í víxillán (Acceptance Credit), sem vér veittum félaginu til þess að kosta útflutning þess á freðfiski til firmans Brekkes Ltd. í Hull.“

Framkvæmdastjóri Ísfélags Keflavíkur h/f, ákærði Albert Karl Sanders, kveður fé því, sem félagið samkvæmt framangreindu fékk til ráðstöfunar, hafa verið varið þannig, „að ein 36 þús. kr. hafi farið í að greiða toll af frystitækjum, 840 þús. kr. hafi verið lagðar á reikning Ísfélagsins, nr. 40 við Sparisjóðinn í Keflavík, kr. 50 þús. hafi verið greiddar Ólafi Gíslasyni & Co., 100 þús. kr. til Hamars h/f og hitt greitt í skuldir til iðnaðarmanna og fyrirtækja, sem unnu að breytingum frystihússins“, en „strax og lánsféð var komið, hafi verið byrjað á framkvæmdum við“ frystihús félagsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, urðu engar efndir af hendi Ísfélags Keflavíkur h/f á fisksölusamningi þess og Brekkes Ltd.

Í greinargerð frá skrifstofu hæstaréttarlögmanns í Reykjavík til saksóknara ríkisins, dags. 16. febrúar 1966, um kröfu Antony Gibbs & Sons Ltd. á hendur Ísfélagi Keflavíkur h/f vegna lánveitingarinnar segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari, skal upplýst, að greiðslur þær, er skrifstofa okkar veitti viðtöku upp í framangreinda kröfu, námu samtals kr. 707.610.10. Sundurliðast fjárhæðin, svo sem hér segir:

1. Hinn 23. apríl 1965: Endurgreiðsla á útflutningsgjöldum frá Útvegsbanka Íslands ..... kr. 85.296.25
að viðbættum vöxtum ..... — 1.263.75

Kr. 86.560.00

2. Hinn 15. maí 1965: Greiðsla frá hrl. Áka Jakobssyni, samtals ..... — 621.050.10

Kr. 707.610.10

Með samþykki hins brezka bankafirma var gefin fullnaðarkvittun fyrir kröfunni, en þó með þeim fyrirvara, að ef riftunarmál leiddu til þess, að meira greiddist af kröfunni en kr. 621.050.10, skyldi það, sem umfram greiddist, falla til Antony Gibbs & Sons Ltd.“

Í bréfi viðskiptamálaráðuneytisins 12. marz 1964 segir m. a.:

„Ísfélag Keflavíkur hefur hvorki fengið útflutningsleyfi fyrir freðfiski né leyfi til að bjóða freðfisk til sölu á erlendum markaði.“

Samkvæmt ákæru saksóknara ríkisins 13. október 1964 eru ákærðu í máli þessu sóttir um brot gegn „1. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. auglýsingu nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.“.

Þátttöku hvers hinna ákærðu og horfi til sakarefnis er samkvæmt gögnum málsins skilmerkilega lýst í héraðsdómi, og ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að háttsemi sú, sem þeim er sök á gefin, varði við greind ákvæði.

Refsing hvers hinna ákærðu þykir hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Hver hinna ákærðu greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar

greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Jósafat Arngrímsson, Albert Karl Sanders, Áki Guðni Gräns og Pétur Einarsson, greiði hver um sig kr. 25.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Hver hinna ákærðu greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, ákærði Jósafat Arngrímsson, Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00, ákærði Albert Karl Sanders, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00, ákærði Áki Guðni Gräns, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00, og ákærði Pétur Einarsson, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlömanni, kr. 15.000.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 12. júní 1965.

Mál þetta var þingfest hér í sakadóminum 25. nóvember 1964, en þá óskuðu tveir verjenda eftir framhaldsfresti til að skila vörnum sínum.

Næst var málið tekið fyrir 9. desember 1964, en þá hafði dóminum borizt beiðni frá verjanda Péturs Einarssonar um framhaldsrannsókn. Eftir að þeirri rannsókn var lokið, var lögmönnum gert aðvart um að skila vörnum sínum 28. apríl s.l., en þá skyldi málið dómtekið. Skiluðu þeir allir vörnum sínum nema verjandi Péturs Einarssonar, sem var sjúkur og sendi vörn sína síðar. Var hún lögð fram 18. f. m. og málið þá dómtekið. Mál þetta er skriflega flutt eftir ákvörðun dómarans.

Með ákæruskjali, útgefnu 13. okt. 1964, hefur saksóknari ríkis-

ins höfðað mál þetta gegn Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Albert Karli Sanders, Holtsgötu 27, Áka Guðna Gränz, Norðurstíg 5, öllum í Ytri-Njarðvík, og Pétri Einarssyni, Brúarenda við Þormóðsstaði í Reykjavík, en hinn fyrstnefndi var á þeim tíma, er ákæran tekur til, stjórnarformaður Ísfélags Keflavíkur h/f, tveir þeir næstnefndu stjórnarmenn sama félags og hinn síðastnefndi umboðsmaður félagsins við sjávarafurðasölu til Bretlands, — fyrir að bjóða fyrirtækinu Brekkes Ltd. í Hull á síðasta ársfjórðungi ársins 1963 og í byrjun 1964 til kaups fiskafurðir nefnds félags án þess að hafa til þess leyfi íslenzkra stjórnarvalda, en þetta tilboð leiddi til samningsgerðar milli nefndra fyrirtækja hinn 6. janúar 1964 um sölu og útflutning ýmissa fiskafurða, einnig án leyfis íslenzkra stjórnarvalda.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 1. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum sbr. auglýsingu nr. 96/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. Er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru allir á sakhæfisaldri, Jósafat Arngrímsson fæddur 12. maí 1933, Albert Karl Sanders fæddur 20. marz 1929, Áki Guðni Gränz fæddur 26. júní 1925 og Pétur Einarsson fæddur 11. janúar 1929.

Jósafat Arngrímsson hefur áður hlotið refsingar, sem hér segir:

1953 20/2 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1957 21/6 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

Albert Karl Sanders hefur ekki sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Áki Guðni Gränz hefur sætt þessum refsingum:

1961 20/7 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir brot á 26. gr. umferðarlaga.

Pétur Einarsson hefur hlotið refsingar, sem hér segir:

1945 28/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
1950 30/7 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.
1951 14/12 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1953	30/1	í Reykjavík:	Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. og 28. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
1955	20/5	í Reykjavík:	Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1955	15/8	í Reykjavík:	Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 15. og 35. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
1956	12/10	í Reykjavík:	Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.
1959	2/2	í Reykjavík:	Sátt, 250 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1959	29/4	í Reykjavík:	Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1962	21/9	í Reykjavík:	Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1964	22/7	í Reykjavík:	Dómur: 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Á aðalfundi Ísfélags Keflavíkur h/f hinn 12. sept. 1963 var ákærða Albert K. Sanders falið „að leita eftir sölutilboði á fiski í Englandi, og var honum veitt fullt og óskorað umboð til að skuldbinda félagið fyrir hönd stjórnarinnar í því sambandi." Stjórn félagsins skipuðu þá Jósafat Arngrímsson, formaður, Guðrún Valgeirsdóttir, Áki Gränz og Haukur Ingason. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár 31. okt. 1963 skipa sömu aðiljar stjórnina að því breyttu, að Haukur Ingason hverfur úr stjórn, en Albert K. Sanders kemur í hans stað. Í sömu tilkynningu er sagt, að Jósafat, Áki og Albert Sanders hafi prókúru fyrir félagið, en þessi hluti tilkynningarinnar hefur fallið úr vottorði á dskj. 8, framl. 9. apríl 1964. Um svipað leyti var Albert Sanders ráðinn framkvæmdastjóri félagsins að eigin sögn. Á árinu 1963 voru miklar breytingar gerðar á húsakynnum Ísfélags Keflavíkur h/f, til þess að félagið gæti byrjað starfsemi sína sem frystihús, og stóðu vonir til, að starfræksla þess gæti byrjað fyrir vetrarvertíð 1964. Í októbermánuði mun ákærði Pétur Einarsson hafa í viðtali við ákærða Jósafat hreyft því, að firmað Brekkes Ltd. í Hull mundi sennilega vilja kaupa væntanlegar afurðir frystihússins fyrir hærra verð en fengist annars staðar fyrir milligöngu

Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna og jafnvel að Brekkes greiddi hluta andvirðisins fyrirfram. Árangur af viðræðum þessum varð sá, að ákærðu Albert og Pétur fóru til Englands í byrjun desember til að kanna sölumöguleika til Brekkes Ltd. Brekkes Ltd. vildi kaupa framleiðslu Ísfélags Keflavíkur h/f árið 1964, sem næmi minnst 700 tonnum af fiski og fyrir hærra verð en hægt var að fá fyrir milligöngu Sölumiðstöðvarinnar. Hins vegar vildi Brekkes Ltd. ekki greiða neitt af andvirðinu fyrirfram. Albert Sanders hringdi þá strax heim til Jósafats og tjáði honum, hvernig sakir stæðu og hafi þá verið um talað að hætta við frekari sölutilraunir, þar sem fyrirframgreiðsla hefði verið aðalforsenda fyrir sölunni. Pétur Einarsson hafði þá einnig símasamband við Jósafat og taldi, að hann hefði möguleika á fjárútvegun hjá firma í London, Anthony Gibbs & Sons Ltd. Varð það úr, að uppkast að sölusamningi var gert við Brekkes Ltd., og fóru þeir Pétur og Sanders með það til London, þar sem það var lagt fyrir Anthony Gibbs & Sons Ltd. og leitað eftir láni út á afurðirnar. Samningsuppkastið við Brekkes Ltd. var gert um miðjan desember 1963, og þar sem ekki var að vænta svars um lánsbeiðnina fyrir jól, fór Albert Sanders heim til Íslands, en Pétur Einarsson varð eftir í Englandi.

Er heim kom, skýrði Albert Sanders þeim Jósafat og Áka Gränz frá gangi mála og tjáði þeim, að A. Gibbs & Sons Ltd. hefðu til athugunar fjárbeiðnina.

Um eða eftir áramótin fór Albert Sanders aftur til Englands. Hinn 6. janúar 1964 undirritaði hann sölusamninginn f. h. Ísfélags Keflavíkur h/f við Brekkes Ltd., og með bréfi, dags. 8. jan. 1964, lofar A. Gibbs & Sons Ltd. að kaupa víxla af Ísfélagi Keflavíkur að fjárhæð £ 18.000-0-0 að því tilskyldu, að samningur sé gerður við Brekkes Ltd. í sama formi og samningsuppkastið, allt gegn skilyrðum, sem nánar eru tiltekin í bréfum. Staðfesti Albert Sanders samþykki sitt f. h. Ísfélags Keflavíkur með undirskrift sinni á bréf þetta og átti þá símtal við Jósafat Arngrímsson og tjáði honum, að hann væri að ganga frá samningum við Anthony Gibbs & Sons Ltd. Litlu síðar fór Albert til Íslands og hafði víxlana með sér, en þeir Jósafat og Áki Gränz tóku á móti honum á flugvellinum. Þarna á flugvellinum samþykkti Albert Sanders víxlana f. h. Ísfélagsins, og stimpill félagsins, sem Jósafat hafði með sér, var settur á þá, síðan voru þeir stimplaðir í Verzlunarbanka Íslands. Að þessu loknu var farið með þá aftur á flugvöllinn, þar sem flugmaður var beðinn

að leggja þá inn á skrifstofu Anthony Gibbs & Sons í London. Litlu síðar var fjárhæðin yfirfærð á reikning Ísfélags Keflavíkur við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík. Er Albert Sanders fór heim frá Englandi, eftir að viðskiptum þessum var lokið, varð Pétur Einarsson eftir þar og kom ekki til Íslands fyrr en í janúarlok.

Hinn 6. janúar 1964 undirritaði Albert Sanders f. h. Ísfélagsins samning, þar sem Pétur Einarsson er gerður að umboðsmanni Ísfélagsins í sambandi við framkvæmd á skyldum félagsins samkvæmt sölusamningnum við Brekkes Ltd., eftir að afurðirnar væru komnar á útflutningshöfn hér á landi. Umboðslaun Péturs skyldu vera samkvæmt samningi þessum 2% af söluverði hinna útfluttu fiskafurða.

Á meðan á þessum samningagerðum þeirra Alberts og Péturs stóð í Englandi, áttu þeir símtöl við Jósafat Arngrímsson, sem fylgdist þannig með gangi mála í Englandi og lét Áka Gränz í té vitneskju um þau.

Ekki kom til efnda Ísfélagsins á sölusamningum við Brekkes Ltd., því að rétt áður en frystihúsið var tilbúið að hefja starfrækslu sína, var stjórnarformaður þess, ákærði Jósafat Arngrímsson, hnepptur í gæzluvarðhald vegna meintra fjársvika, og fór þá öll starfsemi félagsins út um þúfur. Ekki er kunnugt um, að Brekkes Ltd. hafi krafizt bóta úr hendi félagsins fyrir samningsrof.

Ákærði Jósafat Arngrímsson heldur því fram, að ákærði Pétur Einarsson hafi tjáð sér haustið 1963, að firmað Brekkes Ltd. mundi vilja kaupa væntanlegar fiskafurðir Ísfélags Keflavíkur h/f fyrir 10% hærra verð en fengist fyrir milligöngu S. H. og að Brekkes Ltd. mundi fáanlegt til að greiða andvirðið fyrirfram, annað hvort allt eða að hluta, í gegnum viðskiptabanka sinn í Englandi. Stjórn félagsins hafi rætt þetta tilboð með þeim árangri, að ákærði Albert Sanders færi til Englands með ákærða Pétri og hafi Albert verið gefið fullt umboð til samninga við Brekkes Ltd. fyrir félagsins hönd. Jósafat heldur því fram, að hann hafi verið í þeirri staðföstu trú, að Pétur Einarsson hefði haft leyfi stjórnarvalda til að bjóða og selja fiskafurðir á erlendum markaði, enda segir hann, að Pétur hafi tjáð sér, að hann hefði leyfi sjávarútvegsmálaráðherra til sölu á íslenzkum sjávarafurðum erlendis. Kveðst hann vita til, að Pétur hafi annazt sölu slíkra afurða fyrir aðra aðilja áður. Þá staðhæfir Jósafat, að hann hafi verið í þeirri trú, að Pétur væri umboðsmaður Brekkes Ltd., þar sem hann ella hefði ekki getað gert slíkt til-

boð. Telur hann, að Albert Sanders hafi gert umboðssamninginn við Pétur hinn 6. janúar 1964 í algeru heimildarleysi stjórnar Ísfélags Keflavíkur h/f.

Ákærði Albert K. Sanders hefur haldið því fram, að Pétur Einarsson hafi farið þessa söluferð til Englands með það fyrir augum að vera umboðsmaður Ísfélags Keflavíkur h/f í Englandi gagnvart væntanlegum kaupanda, en að hann sjálfur hafi farið með Pétri í sambandi við ákvörðun um fisktegundir við væntanlegan sölusamning.

Hinn 8. janúar 1964 hafi hann gert samning við Pétur Einarsson í Englandi, þar sem Pétur var gerður umboðsmaður Ísfélagsins gagnvart Brekkes Ltd. í sambandi við þessi viðskipti. Hafi ætlunin í fyrstu verið sú, að Pétur undirritaði sölusamninginn, en frá því hafi verið horfið og samningurinn gerður beint við Ísfélag Keflavíkur h/f og hann undirritað samninginn samkvæmt umboði stjórnar félagsins. Heldur Albert Sanders því fram, að hann hafi litið svo á, að Pétur Einarsson hefði gengið frá því, að söluleyfi væri fyrir hendi, enda hafi hann tjáð sér, að slík leyfi lægju alltaf fyrir og væri það aðeins formsatriði. Hafi hann því verið í þeirri trú, að Pétur hefði sótt um söluleyfi, annað hvort í sínu eigin nafni eða nafni Ísfélagsins, enda hann verið umboðsmaður Ísfélagsins í sambandi við þessi viðskipti öll.

Ákærði Áki G. Gränz hefur haldið því fram, að hann hafi persónulega lítið haft með þessi viðskipti að gera, en hafi þó vitað í aðalatriðum, hvað var að ske. Hann hafi lítið fylgzt með þessum málum, eftir að Sanders og Pétur fóru til Englands, en Jósafat hafi átt mörg símtöl, a. m. k. við Sanders, frá Englandi og hafi hann tjáð sér gang málanna þar í stórum dráttum. Kveðst Áki ekki hafa skipt sér af þessum viðskiptum né hugsað sérstaklega um þau, af því að það hafi verið Jósafat, Sanders og Pétur, sem hafi gengizt fyrir þessum viðskiptum, og sé honum því ókunnugt um, hvernig þau hafi í raun og veru farið fram. Hann hafi aðeins fylgzt með þessum viðskiptum í gegnum Jósafat.

Ákærði Pétur Einarsson mótmælir því, að hann hafi verið umboðsmaður Brekkes Ltd. í þessum viðskiptum og hafi þeir enga umboðsmenn hér á landi. Honum hafi verið falið af forráðamönnum Ísfélags Keflavíkur h/f að selja afurðir félagsins í Bretlandi og hafi hann í því skyni snúið sér til Brekkes Ltd., sem hafi tjáð sig fúsa til að kaupa afurðir félagsins á hærra verði

en almennt gerist. Hafi sér verið lofað 2% af söluandvirði afurða, sem sendar yrðu til Brekkes Ltd., áður en farið var til Englands. Hafi þetta loforð verið staðfest með samningi þeim, sem Albert Sanders undirritaði 8. janúar 1964. Á fundi þeirra Sanders með Brekkes Ltd. í desember 1963 hafi verið gengið frá öllum grundvallaratriðum í samningsgerðinni um afurðasöluna. Segir hann, að það hafi aldrei verið ætlunin, að hann undirritaði sjálfur nokkra samninga í sambandi við þessi viðskipti, enda hafi hann ekki haft neitt umboð til slíks, en hins vegar hefði Sanders farið með sér til Englands með umboð, einmitt til að undirrita væntanlega samninga. Hann segir, að Sanders hafi á fundi með Jósafat og Áka Gränz gefið þeim skýrslu um allt, sem fram hafi farið í Englandi varðandi samninga við Brekkes Ltd. og Anthony Gibbs & Sons Ltd., og hafi þeir allir samþykkt samningsuppköstin. Heldur Pétur því fram, að er Sanders kom aftur til Englands, hafi hann tjáð sér, að til tals hafi komið á fundi þeirra Jósafats, Áka og Sanders hér heima, að ef samningar yrðu gerðir beint við Ísfélagið, þyrfti ekki að greiða sér 2% í umboðslaun. Hafi hann því óskað þess af Sanders, að hann gerði við sig skriflegan samning, sem og Sanders gerði hinn 8. janúar, svo sem áður er sagt. Heldur Pétur Einarsson því fram, að hann hafi aldrei litið svo á, að honum hafi á nokkurn hátt borið að afla sölu- eða útflutningsleyfa, heldur hafi Ísfélagið sem seljandi og útflytjandi átt að gera það. Mótmælir hann, að hann hafi nokkru sinni sagt Jósafat, að hann hefði leyfi sjávarútvegsmálaráðherra eða ráðuneytis hans til sölu íslenzkra fiskafurða til útlanda. Hann hafi aðeins komið fram sem milligöngumaður og komið tillögum og tilboðum varðandi söluna milli aðilja og haft hönd í bagga um form og frágang samninga. Hafi allt verið gert í nánu samráði við Jósafat Arngrímsson. Hann hafi ekki verið aðili að samningum þessum og ekki undirritað neina samninga. Hann beri því hvorki ábyrgð á þeim né því, að þeir hafi verið undirritaðir og gerðir, áður en lögboðin sölu- og útflutningsleyfi voru fyrir hendi. Heldur hann því fram, að síðasta setningin í 6. lið sölusamningsins, um að allt verði háð lokasamþykkt hins íslenzka eftirlits, hafi verið sett í samninginn að sinni ósk og hafi hann á þann hátt sem milligöngumaður gert aðiljum ljóst, að sölu- og útflutningsleyfi væru nauðsynleg.

Hins vegar segir hann, að þegar hann kom til landsins í janúarlok, hafi verið meiningin, að hann og Jósafat Arngrímsson færu saman og öfluðu tilskilinna leyfa. En úr því hafi aldrei orð-

ið, vegna þess að Jósafat var um það leyti settur í gæzluvarðhald og öll starfsemi Ísfélags Keflavíkur h/f hafi lamazt við fjarveru hans, og var framleiðsla aldrei hafin.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum segir, að „þeir, sem vilja bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja þær úr landi, skulu afla sér leyfis ríkisstjórnarinnar til þess", og í 2. mgr. auglýsingar nr. 96/1960 segir, „að leyfi útflutningsdeildar viðskiptamálaráðuneytisins þurfi til að bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja úr landi."

Upplýst er í málinu, að engir hinna ákærðu höfðu sótt um eða aflað lögboðinna leyfa, hvorki áður né eftir að afurðirnar voru boðnar til sölu eða samningar undirritaðir. Ákærðu stjórnarmenn Ísfélags Keflavíkur h/f bera fyrir sig, að þeir hafi verið í góðri trú um, að ákærði Pétur Einarsson hefði aflað tilskilinna leyfa, en hann staðhæfir, að sú hlið málsins hafi sér verið með öllu óviðkomandi og það hafi verið seljenda afurðanna að sjá um, að leyfin væru fyrir hendi.

Í varnarskjali talsmanns ákærða Jósafats Arngrímssonar er haft eftir fulltrúa í útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins, að leyfi til að bjóða vörur til sölu, eins og það er orðað í reglugerðinni, séu aldrei gefin út, heldur færi það fram á þann hátt, að menn öfluðu sér upplýsinga hjá ráðuneytinu um lágmarksverð og væri þá talið, að þeir hefðu öðlazt leyfi til að bjóða til sölu. Síðan yrðu þeir að leggja samning eða kauptilboð fyrir ráðuneytið og þá yrði endanlega tekin ákvörðun um, hvort veitt yrði útflutningsleyfi. Hafi sami fulltrúi tjáð talsmanninum, að ákærði Pétur Einarsson hafi oft fengið upplýsingar hjá sér um lágmarksverð, en Pétri hafi um leið verið bent á, að nauðsynlegt væri fyrir hann að tala við ráðherra, þar sem hann hefði ekki flutt út áður.

Ákærði Pétur Einarsson hefur upplýst fyrir dómi 13. janúar 1965, að hann hafi enga söluheimild haft frá ráðherra eða ráðuneyti hans, og hefur hann haldið því fram, eins og að framan greinir, að útvegun leyfa í þessu sambandi hafi sér verið óviðkomandi og hafi hann þar af leiðandi ekki aflað þeirra.

Það hefur að vísu ekki verið rannsakað sérstaklega, hvort viðkomandi ráðuneyti hefur aðra háttu á veitingu leyfa til að bjóða eða selja íslenzkar afurðir á erlendum markaði en reglugerð nr. 95/1960 mælir fyrir, en jafnvel þótt það kunni að vera rétt, að nægilegt sé að spyrjast fyrir um lágmarksverð vöru til að

mega „bjóða“ hana til sölu á erlendum markaði, þá lítur dómarinn svo á, að hinir ákærðu hafi gerzt brotlegir við hin tilvitnuðu lagaákvæði í ákæruskjalinu, þar sem endanlega var gengið frá sölusamningi og hann undirritaður, án þess að lögákveðin leyfi væru fyrir hendi. Í þessu sambandi ber að hafa það í huga, sem öllum framleiðendum sjávarafurða og öðrum, sem verzla með þær afurðir, er kunnugt, að sölu- og útflutningsleyfi á sjávarafurðum hafa ekki verið veitt hverjum sem er, heldur hefur veiting þeirra að mestu verið takmörkuð við tvo stærstu útflytjendur sjávarafurða, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenzkra samvinnufélaga.

Að áliti dómarans skiptir það ekki höfuðmáli, hverjum hefði borið að afla tilskilinna leyfa, stjórn Ísfélagsins eða ákærða Pétri Einarssyni. Öllum ákærðu var kunnugt um, að leyfi ráðuneytisins þurfti til þessara viðskipta, og bar þeim að ganga úr skugga um, að þau væru fyrir hendi, áður en í viðskiptin var ráðizt. Trú ákærða Jósafats og Alberts Sanders á, að ákærði Pétur hefði aflað tilskilinna leyfa, skiptir því ekki máli. Hins vegar hefur það komið fram, m. a. í framburði ákærða Péturs, að honum var kunnugt um, er sölusamningurinn var undirritaður, að leyfi var ekki fyrir hendi, því að ætlunin hafi verið, að hann og Jósafat öfluðu leyfisins, er Pétur kæmi heim frá Enlandi, en það hafi farizt fyrir vegna fangelsunar Jósafats.

Fyrirvarinn í 6. lið sölusamningsins um, að allt verð skuli háð lokasamþykkt hins íslenzka eftirlits skiptir, að áliti dómsins, ekki höfuðmáli um sekt hinna ákærðu, enda þótt telja megi, að hann bendi til þess, að ætlunin hafi ekki verið sú að sniðganga íslenzk stjórnarvöld með öllu í sambandi við þessi viðskipti.

Dómurinn lítur svo á, að afskipti ákærða Péturs Einarssonar í viðskiptum þessum hafi verið afskipti umboðsmanns Ísfélags Keflavíkur h/f, enda hefur hann haldið því fram, að honum hafi verið lofað 2% af söluverði afurðanna í umboðslaun og hafi það loforð verið staðfest með skriflegum umboðssamningi gerðum í Englandi 8. janúar 1964 og undirrituðum af Albert Sanders f. h. Ísfélags Keflavíkur h/f. Verður að telja, að hann sem slíkur beri einnig ábyrgð á, að til samninga var gengið án tilskilinna leyfa íslenzkra stjórnarvalda.

Verður að telja, eins og fyrr segir, að hinir ákærðu hafi gerzt brotlegir við hin tilvitnuðu ákvæði í ákæruskjali í reglugerð nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum sbr. auglýsingu nr. 96 /1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, og þykir refsing þeirra eftir atvikum hæfilega ákveðin sem hér segir:

Ákærðu Jósafat Arngrímsson og Albert Karl Sanders greiði hvor um sig 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þeir greiði og málsvarnarlaun til skipaðra verjenda sinna, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns og Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000 krónur hvorum.

Ákærðu Áki Guðni Gränz og Pétur Einarsson greiði hvor um sig 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þeir greiði málsvarnarlaun til skipaðra verjenda sinna, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns og Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000 hvorum.

Annan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnað vegna skjalaþýðingar, kr. 2.667.00, greiði ákærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dómsorð:

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Ákærði Albert Karl Sanders greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Ákærði Áki Guðni Gränz greiði 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ásmundssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 7.000.00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Pétur Einarsson greiði 12.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá greiði hann og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Annan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaður við

skjalaþýðingar, kr. 2.667.00, greiði ákærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1966.

Nr. 68/1963. **Björgvin Frederiksen**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Valdimar Magnússyni og gagnsök
(Guðlaugur Einarsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Verkkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1963 og krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. september 1963, gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. september 1963 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 10.398.56 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Björgvin Frederiksen, greiði gagnáfrýjanda, Valdimar Magnússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. marz 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Valdimar Magnússon, Heiðargerði 63 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 24. júní 1958, á hendur Björgvin Frederiksen, Lækjarteigi 7 í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 10.398.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en *til vara* verulegrar lækkunar á stefnukröfunum og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að hann hafi ásamt Hauki Pálssyni og Eysteini Einarssyni tekið að sér að slá upp mótum 3. hæðar húss stefnda að Lækjarteigi 2 hér í bæ. Áður en verkið var hafið, var gerð verkáætlun með því að fá bráðabirgða uppmælingu, sem reyndist nema kr. 51.804.57. Endanleg uppmæling reyndist hins vegar vera kr. 50.116.12. Þá hafi stefnandi aðstoðað við steypuvinnu og framkvæmt breytingu á veggjamótum, sem ekki er tekið með í uppmælingunni. Stefndi hefur samtals greitt fyrir verkið kr. 41.500.00 til þeirra félaga. Með yfirlýsingu, dags. 11. júní 1958, framseldu Haukur og Eysteinn stefnanda kröfur sínar á hendur stefnda vegna margnefnds verks. Er krafa stefnanda því eftirstöðvar samkvæmt uppmælingunni svo og framangreind vinnulaun vegna aðstoðarinnar við steypuvinnuna og breytinguna.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið meistari við verkið og áritað teikningar að því. Haukur og Eysteinn hafi hins vegar unnið undir hans stjórn. Hann kvað stefnda hafa óskað eftir því, að áætlun yrði gerð um kostnað verksins, en samkomulag hafi þó orðið um það að byrja á verkinu, þó að áætlunin hafi ekki legið fyrir, en hún hafi verið tilbúin einum eða tveim dögum síðar. Kvaðst stefnandi hafa gert ráð fyrir, að áætlunin hafi ekki átt að gilda fyrir verkið, heldur sú uppmæl-

ing, er síðar yrði gerð. Hafi strax verið um það samið, að fyrir verkið yrði greitt samkvæmt uppmælingu. Maður sá, er framkvæmdi uppmælinguna, hafi verið uppmælingafulltrúi Trésmiðafélags Reykjavíkur, enda kvaðst stefnandi ekki vita af neinum öðrum, sem mældi upp trésmíðavinnu. Kvaðst stefnandi hafa getið þess við stefnda, er þeir ræddust við í upphafi, að uppmælingafulltrúi Trésmiðafélagsins gæti gert áætlunina, en síðan mundi hann framkvæma hina endanlegu uppmælingu. Stefndi kvað aðstoð sína við steypuvinnuna hafa verið í því fólgna að rjúfa göt á loftklæðningu til að koma steypu undir glugga og koma klæðningunni fyrir á ný. Hann kvað breytinguna hafa verið í því fólgna að breyta halla á þaki, en hann kvaðst ekki muna, hvort veggurinn hafi verið hækkaður eða lækkaður, en talsverð vinna hafi af þessu hlotizt. Stefnandi kvaðst hafa tekið það strax fram við stefnda, að hann tæki ekki að sér verkið, nema hann fengi meistaraþóknun. Hann kvað einnig hafa verið um það samið, að unnir yrðu 2 eftirvinnutímar á dag, en hann kvaðst ekki muna, hvort rætt hafi verið um hundraðstölu í sambandi við eftirvinnuálag. Þá kvaðst stefnandi ekki muna, hvort sérstaklega hafi verið samið um greiðslu sjúkrasjóðsgjalds.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að fyrirtæki það, er annazt hafði mótauppslátt áður við hús hans, hafi hætt störfum. Hafi honum þá verið bent á, að trésmiðir þeir, er hafi unnið hjá fyrirtækinu, mundu geta tekið að sér verkið með þeim uppmælingarkjörum, sem þeir hafi unnið fyrir hjá fyrirtækinu. Hafi hann síðan rætt við stefnanda og hafi orðið að samkomulagi, að þeir félagar tækju að sér verkið. Kvaðst stefndi hafa rætt um það við stefnanda, að hann vildi vita, hvað líklegt væri, að verkið mundi kosta. Hafi stefnandi þá stungið upp á því, að gerð yrði bráðabirgðauppmæling eftir teikningu, en getið þess til marks um áætlunarverð, að ef stefndi greiddi þeim félögum sem svaraði kr. 2..000.00 á viku, þá mætti reikna með því, að reikningar yrðu mikið til sléttir, þegar mælt yrði upp að verki loknu. Hafi verið áætlað, að verkið tæki um tvo mánuði. Verkið hafi hins vegar tekið sex vikur, enda hafi trésmiðunum verið látin í té aðstaða á neðri hæð hússins til að vinna svo og vélsög, er húsið hafi átt. Hafi allt verið gert til að skapa þeim sem bezta aðstöðu. Hafi þeir ekkert þurft að annast um útvegun efnis og öll vinnulaun og útreikningar hafi verið unnin af stefnda. Kvað stefndi ekkert hafa verið rætt um meistaraþóknun og heldur ekki um eftirvinnu. Hann kvað engin nöfn hafa verið nefnd í sambandi við

það, hver gera ætti uppmælingar, en stefndi kvaðst hafa ætlazt til, að trésmiðirnir sæju um að fá uppmælinguna. Stefndi kvaðst hafa fengið bráðabirgðauppmælinguna um tveim dögum, eftir að verkið hófst, en hann kvaðst ekki hafa kynnt sér hana sérstaklega, fyrr en deilur aðilja byrjuðu. Hafi hann ætlað sér að greiða fyrir verkið eftir réttri uppmælingu, en talið sér þó rétt að koma að gagnrýni við væntanlega uppmælingu. Stefndi kvaðst ekki hafa verið krafinn um greiðslu reikningsins fyrir aðstoðina við steypuvinnuna, fyrr en í stefnu máls þessa. Daginn, sem steypt var, hafi komið í ljós, að smiðirnir höfðu ekki neglt fyrir hreinsiop á mótunum. Hafi hann því beðið stefnanda að loka þeim og jafnframt að vera viðstaddan, meðan steypt væri, ef mót kynnu að bila. Sé því enginn ágreiningur um greiðslu fyrir verk þetta. Krafan um greiðslu fyrir breytingar á veggjamótum komi og einnig fyrst fram í stefnu. Geti vart verið um svo miklar breytingar að ræða, sem reikningsfjárhæðin gefi tilefni til að álíta.

Stefndi fékk Þórð Jasonarson húsasmíðameistara til þess að endurskoða uppmælingu þá, sem stefnandi krefur greiðslu eftir. Í þeirri endurskoðun er talið, að uppmæling fulltrúa Trésmiðafélagsins sé of há, þannig að í stað heildarfjárhæðarinnar kr. 50.116.12 eigi hún að vera kr. 42.618.91. Er þá í þeirri athugun eigi gert ráð fyrir meistaraþóknun, en hún nemur kr. 5.324.89 í uppmælingu fulltrúa Trésmiðafélagsins.

Stefndi byggir því kröfur sínar í málinu á því, að uppmæling sú, sem stefnandi krefur eftir, sé of há. Einnig er krafan á því byggð, að stefnanda beri ekki meistaraþóknun og heldur ekki sérstakt álag fyrir eftirvinnu.

Svo sem að framan getur, fékk stefnandi mælingafulltrúa Trésmiðafélags Reykjavíkur til að gera uppmælinguna, enda hafi hann átt að sjá um að láta framkvæma uppmælingu. Hinir sérfróðu meðdómendur kveða undantekningarlaust eða lítið þann aðilja framkvæma uppmælingu á trésmíðavinnu. Og þar sem stefndi þykir eigi hafa fært sönnur að óréttmæti uppmælingar þessarar, þá þykir bera að leggja hana til grundvallar dómi í málinu. Gegn eindregnum mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur að því, að samið hafi verið um sérstaka þóknun fyrir eftirvinnu né heldur um sérstaka greiðslu til sjúkrasjóðs. Verða þeir liðir því ekki teknir til greina í málinu, og ber að lækka fjárhæð uppmælingarinnar, sem þeim liðum nemur. Hins vegar þykir stefnandi eiga rétt á meistaraþóknun, enda áritaði hann teikningar að verkinu og hafði eftirlit með því sem

slíkur. Að þessu athuguðu verður uppmælingarfjárhæðin tekin til greina með kr. 45.557.44. Stefndi hefur þegar greitt kr. 41.500.00 upp í verkið. Nemur mismunur því samtals kr. 4.057.44

Samkvæmt reikningum stefnanda nema vinnulaun hans vegna aðstoðarinnar við steypuvinnuna kr. 320.00 og vegna breytinganna á veggjamótum kr. 1.242.44. Fyrri reikningurinn er viðurkenndur af stefnda. Og þar sem stefndi hefur engin rök fært að andmælum sínum gegn fjárhæð síðari reikningsins, ber að taka báðar reikningsfjárhæðirnar til greina.

Þá hefur stefnandi krafið greiðslu á kr. 220.00 vegna kostnaðar við uppmælinguna. Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum. Og þar sem eigi liggja fyrir nein gögn fyrir kostnaði þessum af hálfu stefnanda, þykir eigi unnt að taka hann til greina.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða máls þessa sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 5.619.88 (4.057.44 + 320.00 + 1.242.44) með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.550.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Magnúsi Vigfússyni og Indriða Níelssyni húsasmíðameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Björgvin Frederiksen, greiði stefnanda, Valdimar Magnússyni, kr. 5.619.88 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1957 til greiðsludags og kr. 1.550.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1966.

Nr. 64/1965. **Samvinnutryggingar**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. marz 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. marz 1965. Hann krefst þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hafa eigi verið leidd í ljós tilvik, sem skuldbundið hafi Þórólf Mostrarskegg h/f gegnt áfrýjanda til að tryggja sjómenn á b/v Þorsteini Þorskabít á þeim tíma, er hér skiptir máli, gegn slysum fyrir kr. 200.000.00, þannig að ábyrgðartrygging áfrýjanda yrði þá einungis virk, er nefnd slysatrygging hrykki að tiltölu eigi til að bæta tjón af slysi. Það leiðir því eigi til lækkunar á ábyrgðartryggingu áfrýjanda í máli þessu, þótt Þórólfur Mostrarskegg h/f hafi eigi efnt af sinni hálfu samning þann, sem gerður var 17. apríl 1959 milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annars vegar og níu stéttarfélaga sjómanna hins vegar um kaup á slíkri slysatryggingu. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnutryggingar, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. október 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 8. þ. m. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 31. ágúst 1962, af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Samvinnutryggingum, Reykjavík.

Dómkröfur:

Stefnandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krefst þess, að stefndu verði dæmdar til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 77.350.22 auk 7% ársvaxta frá 10. júlí 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu Samvinnutryggingar krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málsatvik:

Hinn 16. febrúar 1960 varð slys um borð í b/v *Þorsteini Þorskabít*, er skipið var að veiðum fyrir Vestfjörðum. Slasaðist *Bergsteinn T. Þórarinsson*, sjómaður frá Vestmannaeyjum. Hann höfðaði síðar bótamál, sem dæmt var í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 17. maí 1962 (mál nr. 5/1961). Sjó- og verzlunardómurinn komst að þeirri niðurstöðu, að örorka Bergsteins af völdum slyssins væri 75%, en tjón hans kr. 480.000.00. Var útgerðarfélaginu *Þórólfi Mostrarskegg* h/f, Stykkishólmi, talið skylt að greiða hinum slasaða þessa fjárhæð alla í bætur. Hins vegar hafði komið fram í skaðabótamálinu, að *Samvinnutryggingar* höfðu, áður en dómur gekk, greitt vegna slyssins kr. 130.000.00. Af þessari fjárhæð voru lögmanni Bergsteins taldar kr. 8.000.00 í innheimtulaun, en kr. 122.000.00 voru dregnar frá áðurnefndum kr. 480.000.00. Einnig kom til frádráttar kaup til Bergsteins eftir slysið, kr. 5.929.00. Samkvæmt þessu sagði í dómsorði sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur m. a.:

„Stefndi, Þórólfur Mostrarskegg h/f, greiði stefnanda, Bergsteini T. Þórarinssyni, kr. 352.071.00 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1960 til 22. febrúar s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 26.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í uppboðsandvirði togarans Þorsteins Þorskabíts til tryggingar dæmdum fjárhæðum ...“

Þegar dómur þessi var kveðinn upp, var Þórólfur Mostrarskegg h/f ekki lengur eigandi togarans, þar sem hann hafði verið lagður *ríkissjóði* út á uppboði 1. september 1961. Í bótamálinu var fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs meðalgönguaðili. Samvinnutryggingar voru réttargæzluaðili.

Það er upplýst í máli þessu, að 18. apríl 1958 höfðu stefndu Samvinnutryggingar tryggt Þórólf Mostrarskegg h/f „gegn þeirri einkaréttarábyrgð, er hvílir á tryggingartaka vegna b/v „ÞORSTEINN ÞORRSKABÍTUR“.“ Í tryggingarskírteininu segir m. a.: „Þegar um meiðsli eða líftjón á mönnum er að ræða, nemur tryggingin fyrir hvern einstakling ekki yfir kr. 400.000.00.“ Á skírteinið eru prentaðir almennir skilmálar, og segir m. a. í þeim:

„2. gr.

Undanskildar áhœttur. Félagið bætir ekki:

.....

k) Kaup, sem tryggðum ber samkvæmt lögum eða samningum að greiða manni, sem orðið hefur fyrir slysi.“

Lögð hefur verið fram í málinu endurnýjunarkvittun frá Samvinnutryggingum, þar sem fram kemur, að trygging þessi var í gildi, þegar slysið varð. Er tekið fram í kvittuninni, að eigin áhætta vátryggingartaka sé 10%, en þó skuli hámark hennar vera kr. 10.000.00.

Fram er komið, að Samvinnutryggingar hafa greitt vegna slyssins 16. febrúar 1960, auk áðurgreindra kr. 130.000.00, kr. 260.000.00. Alls hefur tryggingafélagið þá greitt vegna slyssins kr. 390.000.00.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu félagsins, að upphæð þessa beri að sundurliða þannig:

Bætur til Bergsteins T. Þórarinssonar:

Tjón	kr. 480.000.00	
÷ 75% slysatryggingarfjárhæðar	— 150.000.00	
	Kr. 330.000.00	
÷ kaup	— 5.929.00	
		kr. 324.071.00
Innheimtulaun		— 8.000.00
Vextir pr. 10. júlí 1962		— 37.929.00
Málskostnaður		— 20.000.00
	Alls	kr. 390.000.00

Hinn 17. apríl 1959 var gerður samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annars vegar og níu stéttarfélaga sjómanna hins vegar um breytingu á kjarasamningi, sem þá var í gildi og gerður hafði verið 1. nóvember 1958. Breytingin var í því fólgin, að eftirfarandi ákvæði var bætt við 22. grein samningsins frá 1. nóvember 1958:

„Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, gegn öllum slysum, hvort heldur þau verða um borð eða í landi, fyrir kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku. Gildir trygging þessi, meðan viðkomandi er skráður á skipið. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis.

Trygging þessi skerðir ekki rétt skipverja til greiðslu úr lífeyrissjóði togarasjómanna.

Trygging þessi kemur til frádráttar slysa og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni með sama hætti og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins."

Fram er komið í málinu, að Þórólfur Mostrarskegg h/f keypti ekki sérstaka slysatryggingu vegna þessa samningsákvæðis, og er því, eins og síðar segir, haldið fram af hálfu stefnanda í máli þessu, að svo hafi verið litið á af hálfu útgerðarfélagsins, að ábyrgðartrygging sú, sem félagið hafði hjá Samvinnutryggingum, væri með þeim hætti, að félagið hefði uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu Samvinnutryggingar eigi að greiða bætur vegna slyssins 16. janúar 1960 eftir svofelldu uppgjöri:

Hámarksfjárhæð að frádreginni eigin áhættu ..	kr.	390.000.00
Vextir pr. 10. júlí 1962	—	49.550.22
Málskostnaður	—	19.800.00
Innheimtulaun	—	8.000.00
	Kr.	467.350.22
÷ áður greitt	—	390.000.00
	Kr.	77.350.22

Niðurstöðutalan, kr. 77.350.22, er hin sama og stefnandi krefst í máli þessu úr hendi stefndu. Er óumdeilt í málinu, að ríkissjóð-

ur hefur orðið að greiða þessa upphæð og meira vegna slyssins 16. febrúar 1960 af uppboðsandvirði b/v Þorsteins Þorskabíts.

Málsástæður og lagarök:

Í þeim tveim yfirlitum um uppgjör, sem tekin eru upp hér að framan, ber ekki saman þeim fjárhæðum, sem reiknaðar eru sem vextir og málskostnaður. Um þessar fjárhæðir er þó ekki deilt í málinu, og eru aðiljar sammála um, að það leiði til sýknu, ef sá 150.000.00 kr. frádráttur verður talinn réttmætur, sem reiknað er með í uppgjöri stefndu Samvinnutrygginga.

Það er áður fram komið, hvernig krafa stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er fundin. Óumdeilt er, sem fyrr segir, að ríkissjóður hafi orðið að greiða þessa fjárhæð vegna sjóveðréttar þess, sem Bergsteinn T. Þórarinsson átti í b/v Þorsteini Þorskabít. Óumdeilt er einnig, að Samvinnutryggingum beri að greiða ríkissjóði kröfuna, ef uppgjör ríkissjóðs verður talið rétt.

Af hálfu stefndu Samvinnutrygginga er því haldið fram, að með samningi útvegsmanna og sjómanna frá 17. apríl 1959 hafi sjómönnum þeim, er hlut áttu að máli, verið veitt réttindi, sem séu *kaup* í skilningi k-liðar 2. greinar hinna almennu tryggingarskilmála, sem áður eru raktir. Frá sjónarmiði beggja aðilja samningsins hafi hér verið um að ræða kjarabót til sjómanna, sem hafi haft í för með sér kostnað fyrir útvegsmenn með sama hætti og um væri að ræða kaupgreiðslur í peningum beint til sjómanna. Þessar greiðslur hafi og komið sjómönnum til góða með sama hætti og svo væri. — Á það er bent, að samkvæmt beinu ákvæði í fyrrnefndum lið tryggingarskilmálanna bæti Samvinnutryggingar ekki kaup, sem útgerðarfélaginu hafi borið að greiða hinum slasaða. Það kaup, sem hér um ræði, nemi kr. 150.000.00, þ. e. 75% af slysatryggingarupphæðinni, og beri því að draga þessa fjárhæð frá tjóninu. Samvinnutryggingar hafi gert það og greitt að fullu þær bætur, er þeim hafi borið að greiða að því loknu. Skuldi þær því ekkert vegna slyssins í febrúar 1960 og beri að sýkna í málinu.

Sýknukrafa Samvinnutrygginga er einnig studd öðrum rökum. Því er haldið fram, að Þórólfi Mostrarskegg h/f hafi borið að kaupa slysatryggingu samkvæmt samningnum frá 17. apríl 1959. Þessari skyldu hafi hlutafélagið ekki fullnægt með því að kaupa og viðhalda *ábyrgðartryggingu*, en hins vegar hafi Samvinnutryggingar mátt byggja á því, að þessari skyldu væri fullnægt. Það hafi tryggingafélagið gert og miðað iðgjaldið, sem

útgerðarfélaginu var gert að greiða fyrir ábyrgðartrygginguna, við, að slysatrygging væri keypt. Til staðfestingar hefur verið lagt fram bréf þessa efnis frá K. G. Guðmundssyni f. h. Tryggingasamsteypu frjálsra ábyrgðartrygginga. Í samræmi við þetta er því haldið fram í málinu af hálfu stefndu Samvinnutryggingum, að vátryggingarsamningur þeirra og Þórólfs Mostrarskeggs h/f hafi verið byggður á þeirri forsendu, að útgerðarfélagið keypti slysatryggingu að fjárhæð kr. 200.000.00 fyrir hvern starfsmann og að félagið bæri sjálft ábyrgð á vanrækslu um þetta. Þessu til frekari staðfestingar er bent á síðustu málsgrein í samningnum frá 17. apríl 1959.

Þess er að geta, að í greinargerð lögmanns stefndu Samvinnutrygginga var gerð varakrafa, byggð á sjónarmiðum varðandi skyldur félagsins til að greiða málskostnað, sem dæmdur var í skaðabótamálinu. Varakrafan var ekki höfð uppi við munnlegan flutning málsins, og verður hún því ekki athuguð nánar. Hins vegar var því haldið fram, er málið var flutt, að Samvinnutryggingum gæti aldrei orðið gert að greiða hærri vexti í þessu máli en 7% p. a. af kr. 8.000.00 frá 10. júlí 1962. Var það byggt á því, að félagið hefði greitt vegna slyssins kr. 390.000.00 og af því hefðu kr. 382.000.00 farið til Bergsteins T. Þórarinssonar. Það, sem tryggingafélagið kynni að verða dæmt til að greiða umfram kr. 8.000.00, mundu vera vextir og málskostnaður úr fyrra málinu, og af slíkum greiðslum ber ekki að greiða vexti samkvæmt íslenzkri dómhefð, að því er haldið er fram.

Af hálfu stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er því mótmælt, að ákvæði k-liðs 2. greinar hinna almennu vátryggingarskilmála leysi Samvinnutryggingar undan greiðsluskyldu, enda jafngildi það, að sjómenn eigi rétt á, að útvegsmenn kaupi slysatryggingu fyrir þá eftir kaupi. Þá er því haldið fram, að Þórólfur Mostrarskegg h/f hafi fullnægt ákvæði samningsins frá 19. apríl 1959 með því að hafa og halda við ábyrgðartryggingu, þar sem sú trygging hafi veitt þeim starfsmönnum útgerðarfélagsins, sem höfðu hagsmuna að gæta í þessu sambandi, jafn verðmæt réttindi og þeim voru áskilin í samningnum frá 19. apríl 1959.

Álit dómara:

Ágreiningur aðilja í máli þessu er um tvö atriði:

1) Hvort Samvinnutryggingum sé heimilt að neita að greiða bætur vegna tjóns Bergsteins T. Þórarinssonar að því leyti, sem tjónið mundi hafa verið bætt á grundvelli sérstakrar slysa-

tryggingar eftir samningi útvegsmanna og sjómanna frá 17. apríl 1959.

2) Hvaða vexti Samvinnutryggingum beri að greiða, ef tryggingafélaginu verður talið skylt að greiða hinar umdeildu bætur.

Um fyrra atriðið er álit dómara þetta:

Orðið *kaup* í k-lið 2. greinar hinna almennu skilmála, sem áður eru nefndir, verður ekki talið ná til réttar sjómanna til þess, að slysatrygging sé keypt í þeirra þágu eða til vátryggingarfjár, sem greiða ber á grundvelli slíkrar slysatryggingar. Orðið *kaup* nær ekki til þessa í mæltu máli, og ekki er fram komið, að það hafi í skilmálunum slíka sérstaka tæknilega merkingu. Ef vátryggingafélagið vildi undanskilja sig áhættu að þessu leyti, bar að geta þess sérstaklega í skilmálunum, sem skýra verður þröngt og á grundvelli almennrar málvenju, nema sérstök rök séu til annars. Sýknukrafa Samvinnutrygginga verður því ekki tekin til greina á grundvelli fyrri málsástæðu félagsins.

Á það verður að fallast með stefndu Samvinnutryggingum, að ábyrgðartrygging sú, sem útgerðarfélagið Þórólfur Mostrarskegg h/f hafði keypt, hafi ekki falið í sér efndir á ákvæðinu, sem sett var í 22. grein áðurnefnds kjarasamnings 17. apríl 1959. Hins vegar hefði verið eðlilegt og í samræmi við venjur varðandi vátryggingasamninga að geta þess í hinum skriflegu skilmálum, ef Samvinnutryggingar vildu undanskilja sig áhættu í sambandi við slysatrygginguna. Verður ekki talið, að svo víðtækt og mikilvægt atriði, sem að auki er nýlega til komið, geti verið óorðað skilyrði í samningi sem þessum. Verður því ekki fallizt á síðari málsástæðuna, sem fram hefur verið borin til stuðnings sýknukröfunni í málinu.

Eftir framanskráðu verður Samvinnutryggingum gert að borga fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs kr. 77.350.22.

Um síðara ágreiningsatriði aðilja, vaxtakröfu stefnanda, er þessa að geta:

Krafa sú, sem stefnandi gerir í máli þessu, er framkrafa, sem hann hefur leyst til sín vegna sérstakra atvika, þ. e. sjóveðréttarins í b/v Þorsteini Þorskabít. Þar sem svo er, á hann samkvæmt fordæmum rétt á vöxtum frá þeim degi, er hann leysti kröfuna til sín. Ekki er upplýst, hvenær það var, og þess vegna verða 7% ársvextir aðeins dæmdir frá birtingardegi stefnu, 31. ágúst 1962, með tilliti til sýknukröfu stefndu.

Eftir þessu er rétt, að stefndu Samvinnutryggingar greiði

stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.000.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Samvinnutryggingar, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 77.350.22 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. ágúst 1962 til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1966.

Nr. 16/1965. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Guðlaugur Einarsson hrl)
gegn
Þorvaldi Lúðvíkssyni (sjálfur),
Ragnari Þórðarsyni (Magnús Thorlacius hrl.)
og
Magnúsi Thorlacius (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Fjárnám. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 20. október 1964, var Ragnari Þórðarsyni forstjóra, Öldugötu 2, Reykjavík, dæmt að greiða Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni kr. 80.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 25. ágúst 1964 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 192.00 í stimpilkostnað og kr. 10.250.00 í málskostnað. Dómhafinn, Þorvaldur Lúðvíksson, krafðist í bréfi 23. nóvember

1964, að borgarfógetinn í Reykjavík framkvæmdi fjárnám í eigum dómþolandans, Ragnars Þórðarsonar, til tryggingar á dómskuldinni, kr. 15.00 fyrir endurrit og kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kæmi. Þórhallur Pálsson borgarfógeti tók fjárnámsbeiðnina til meðferðar í fógetadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu embættisins að Skólavörðustíg 12 hinn 8. janúar 1965. Fyrir fógetadóminn kom gerðarbeiðandi sjálfur og Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður af hendi gerðarþolandans. Hann kvaðst ekki greiða fyrir gerðarþolanda, en vísaði á eftirtaldar eignir til fjárnáms: „Ísvél stór (í Næturklúbb), 130 franskir stólar (í Næturklúbb) og kæliskápur (í káetu). Munirnir eru geymdir í Framsóknarhúsinu við Fríkirkjuveg hér í borg. Fógeti lýsti fjárnámi í framangreindum munum til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu."

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson veitingamaður, Skálholtsstíg 2 A, Reykjavík, hefur skotið ofangreindri fjárnámsgerð til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1965 og stefnir þeim Þorvaldi Lúðvíkssyni, Ragnari Þórðarsyni og Magnúsi Thorlacius. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að hinum stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt allan kostnað málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa, hver um sig, krafizt þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda verði dæmt að greiða hverjum þeirra málskostnað.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að hann sé eigandi muna þeirra, sem fjárnámi voru teknir. Hann kveðst eigi hafa vitað um fjárnámið, fyrr en hann hafi verið krafinn um að afhenda munina til uppboðs.

Hinir fjárnumdu munir voru í veitingahúsinu Glaumbæ, sem stefndi Ragnar Þórðarson hóf að reka á sínum tíma. Samkvæmt tilboðum og gagntilboðum milli hans og áfrýjanda í maí 1963 tók áfrýjandi við rekstri veitingahússins Glaumbæjar og vörzlum innanstokksmuna þar. Í bréfi til áfrýjanda 25. október 1963 lýsti stefndi Ragnar Þórðarson

því, að hann rifti vegna vanefnda „kaupsamningi um Glaumbæ og Næturklúbbinn frá 15. maí 1963“ og áskildi sér rétt til skaðabóta. Bréf þetta var birt áfrýjanda af stefnuvottum 14. desember 1963. Af hendi áfrýjanda var vanefndum og riftun mótmælt með bréfi 3. janúar 1964.

Hér fyrir dómi hefur umboðsmaður stefnda Ragnars Þórðarsonar lýst því, að Ragnar Þórðarson hafi með stefnu 10. marz 1965 höfðað mál gegn Sigurbirni Eiríkssyni fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og krafizt þess, að viðurkenndur verði eignarréttur sinn, þ. e. Ragnars, „að Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbær, Næturklubburinn og Káetan, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá, unz fjárkröfur“ sínar „eru greiddar að fullu og að stefndum verði dæmt að greiða“ honum „samtals kr. 1.800.000.00 með 9½% ársvöxtum frá 15. maí 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt gegn afhendingu afsals fyrir Veitingahúsinu Glaumbæ, þ. e. firmunum Glaumbær, Næturklúbburinn og Káetan, ásamt öllu, er téðu veitingahúsi fylgir, s. s. innanbúnaði og munum samkvæmt skrá. Til vara er krafizt greiðslu á andvirði vörulagers og á eftirstöðvum af útborgun og á tveim afborgunum auk áfallinna vaxta og málskostnaðar svo og útgáfu skuldabréfs með fullnægjandi tryggingu fyrir eftirstöðvum kaupverðs.“

Hinn 20. desember 1965 tók Þorsteinn S. Thorarensen borgarfógeti til meðferðar af nýju áðurgreint fjárnám, sem framkvæmt hafði verið 8. janúar 1965. Var nú gerð svohljóðandi bókun af Þorsteini borgarfógeta: „Mættur er í réttinum Þorvaldur Lúðvíksson hrl. og fyrir Ragnar Þórðarson mætir Magnús Thorlacius hrl. Þeir eru sammála um að óska lausnargerðar, enda fjárnámskröfurnar gerðar upp. Fógeti lýsti því yfir, að hann létti af fjárnámi því, sem hinn 8. janúar 1965 var lagt á muni þá, sem að framan eru bókaðir“, þ. e. ísvél stór í Næturklúbb, 130 franskir stólar í Næturklúbb og kæliskápur í káetu, allt í Veitingahúsinu Glaumbæ, Fríkirkjuvegi 7.

Þar sem fjárnámi því, sem lagt var hinn 8. janúar 1965

á framangreinda muni, er nú aflétt, og mál er rekið fyrir sjó- og verzlunardómi milli stefnda Ragnars Þórðarsonar og áfrýjanda um réttinn til munanna, á mál þetta eigi lengur heima fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa því frá dómi.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda Magnúsi Thorlacius málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði stefnda, Magnúsi Thorlacius, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur að öðru niður.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 8. janúar 1965.

Ár 1965, föstudaginn 8. janúar, setti Þórhallur Pálsson borgarfógeti fógetarétt Reykjavíkur í skrifstofu embættisins að skólavörðustíg 12 og hélt hann við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:
Málið A-1637/1964
Þorvaldur Lúðvíksson
gegn
Ragnari Þórðarsyni.

Fógeti leggur fram sem rskj. nr. 1 beiðni um fjárnám og nr. 2 endurrit af dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 729/1964, uppkveðnum 20. október 1964. ....

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 80.000.00 með 9% ársvöxtum frá 25. ágúst 1964 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 192.00 í stimpilkostnað, kr. 10.250.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður. Hann kveðst ekki greiða fyrir gerðarþola, en vísar á eftirtaldar eignir til fjárnáms:

Ísvél stór (í Næturklúbb), 130 franskir stólar (í Næturklúbb) og kæliskápur (í káetu).

Munirnir eru geymdir í Framsóknarhúsinu við Fríkirkjuveg hér í borg.

Fógeti lýsti fjárnámi í framangreindum munum til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda.

Fallið var frá virðingu.

Umboðsmanni gerðarþola er kunn þýðing fjárnámsins.

Uppl. játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Lausnargerð fógetadóms Reykjavíkur 20. desember 1965.

Ár 1965, mánudaginn 20. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Málið A-1637/1964

Þorvaldur Lúðvíksson

gegn

Ragnari Þórðarsyni.

Hinn 8. janúar 1965 fór fram fjárnám til tryggingar kröfu samkvæmt dómi bæjarþings Rvíkur nr. 729/1964, kr. 80.000.00 með 9% ársvöxtum frá 25/8 '64 til greiðsludags, ⅓% í þóknun, kr. 192.00 í stimpilkostnað, kr. 10.250.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnámið.

Var gert fjárnám í ísvél (stór) í Næturklúbb, 130 frönskum stólum í Næturklúbb og kæliskáp í káetu, allt í Veitingahúsinu Glaumbæ, Fríkirkjuvegi 7.

Mættur er í réttinum Þorvaldur Lúðvíksson hrl., og fyrir Ragnar Þórðarson mætir Magnús Thorlacius hrl.

Þeir eru sammála um að óska lausnargerðar, enda fjárnámskröfurnar gerðar upp.

Fógeti lýsti því yfir, að hann létti af fjárnámi því, sem hinn 8. janúar 1965 var lagt á muni þá, sem að framan eru bókaðir.

Mánudaginn 28. febrúar 1966.

Nr. 118/1965. **Árni h/f** (Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
Hafsteini Jóhannssyni vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Eldingar og gagnsök
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1965 og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 250.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst þess, að málskostnaður í héraði falli niður, en gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júlí 1965 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3.500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst gagnáfrýjandi sjóveðréttar í v/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Laun fyrir björgun þá, sem í málinu greinir, þykja hæfilega ákveðin kr. 500.000.00. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 70.000.00.

Gagnáfrýjandi á samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 sjóveðrétt í v/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Árni h/f, greiði gagnáfrýjanda, Hafsteini Jóhannssyni vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Eldingar, kr. 500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. maí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Hafsteinn Jóhannsson, Narfastöðum í Melasveit, höfðað fyrir sína hönd og áhafnar v/b Eldingar fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. apríl 1964, gegn eiganda m/b Árna Þorkelssonar, KE 46, Árna h/f, Keflavík, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 3.500.000.00 með 8% ársvöxtum frá 19. janúar 1963 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins. Þá er þess krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur stefnanda í m/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 250.000.00 án vaxta og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Hinn 18. desember 1963 hélt m/b Árni Þorkelsson, KE 46, sem er eign stefnda, út frá Keflavík til síldveiða með hringnót. Var haldið af stað um kl. 1730 og stýrt í NV af V frá Skaga, ca. 20 sjómílur út. Var síðan látið reka um nóttina vegna veðurs, en um kl. 0600 að morgni hins 19. desember var kastað, og fékk báturinn gott kast, á að gizka 1500—2000 tunnur. Er teknir höfðu verið nokkrir háfar úr nótinni, sprakk slanga við svonefndan „bómusvingara", sem er vökvaknúnar hliðarvindur. Varð

af nokkur töf við lagfæringu á þessari bilun. Festu skipverjar síðan bómuna út í stjórnborða og tóku að háfa inn á stjórnborðssíðu. Er háfaðar höfðu verið inn ca. 400—450 tunnur, tók síldin að leggjast í nótina. Gaf skipstjórinn, Sæmundur Pálsson, þá skipun um að skera nótina frá, þ. e. skera sundur síðuböndin. Skáru skipverjar böndin af síðunni, en báturinn hallaðist þá orðið mjög. Skipstjóri reyndi sjálfur að skera böndin af bómunni, og var honum þar til aðstoðar einn af skipverjum, sem lagðist út á bómuna, en þar eð báturinn hallaðist mjög mikið, fór svo, að skipverji þessi lenti í sjóinn, en náðist samt fljótlega aftur. Er hér var komið, hallaðist báturinn svo, að sjór tók að renna í lestina, en skipstjóri segir, að þeir hafi lokað lúkarnum, svo að ekki rynni inn í hann. Enn fremur hefur stýrimaðurinn, Jón Sigurðsson Jóhannessen, tekið sérstaklega fram, að þess hafi verið gætt „að hafa lokað fram í lúkar og aftur í". Skipstjóri gerði nú tilraun til „að bakka bátnum upp" og kallaði jafnframt upp í talstöð bátsins, hvernig komið væri. Eigi mun framangreind tilraun skipstjóra til „að bakka bátnum upp" hafa neinn árangur borið, og fóru skipverjar skömmu eftir þetta um borð í gúmmíbjörgunarbát, en báturinn hallaðist þá 60°—70°.

Ýmsir munu hafa heyrt kallað frá m/b Árna Þorkelssyni, og dreif báta að. Fyrstur á vettvang varð m/b Mummi II, og fóru skipstjóri og skipverjar af m/b Árna Þorkelssyni um borð í hann. Er þeir voru komnir þar um borð, bar að stefnanda á báti sínum, Eldingunni, en hann hafði verið staddur á þessum slóðum síldarbátum til aðstoðar, þegar hann heyrði kallið frá m/b Árna Þorkelssyni. Kom hann að m/b Árna Þorkelssyni um kl. 0900. Með stefnanda á báti hans var 17 ára gamall piltur, Grétar Bjarnason að nafni. Lónuðu þeir fyrst í kringum m/b Árna Þorkelsson, en héldu síðan að m/b Mumma II og spurðu, hvort þeir ættu ekki að skera nótina frá. Segist stefnandi í fyrstu ekkert svar hafa fengið, en er spurningin hafi verið endurtekin, hafi henni verið svarað játandi. Fór stefnandi síðan á báti sínum aftur að m/b Árna Þorkelssyni, og segir stefnandi, að hallinn hafi þá verið orðinn enn meiri en þegar fyrst var komið að honum. Hafi lunningin öll verið í kafi og sjór runnið ofan í lúkar. Lestarkarmurinn hafi verið í kafi og lestin orðin full af sjó. Auk þess hafi sjór runnið inn í stýrishús á kvikum.

Stefnandi klæddist nú „froskmannsbúningi" sínum og synti að m/b Árna Þorkelssyni. Hóf stefnandi síðan að skera nótina frá

bátnum og notaði til þess stóra sveðju. Byrjaði stefnandi á því að skera á nótina að innanverðu við kraftblökkina, en hann varð frá að hverfa, sökum þess að kraftblökkin lagðist í sjóinn á kvikum, og við það skapaðist hætta á, að hann flæktist í nótinni. Skar stefnandi síðan nótina í sundur að utanverðu við kraftblökkina, og að því loknu synti hann fram með bátnum og skar sundur nótarteininn frá pokabómunni. Hefur stefnandi lagt á það áherzlu, að báturin hafi rétzt við, strax og hann hafi verið búinn að skera nótina frá.

Er stefnandi hafði lokið við að losa nótina, fór hann um borð í m/b Árna Þorkelsson. Lokaði hann hurðinni að hvalbaknum, sem var opinn að hans sögn. Skömmu síðar tókst skipstjóranum á m/b Árna Þorkelssyni að stökkva um borð, er m/b Mummi renndi upp að bátnum. Lest m/b Árna Þorkelssonar reyndist full af síld og sjó. Auk þess kom í ljós, að nokkur sjór var einnig í vélarrúmi, ca. 3 fet undir gólfi í vélarhúsi, sem hafði legið yfir gólfi að nokkru og þiljum, meðan báturinn hallaðist og þá farið m. a. í rafmótor og rafmagnstöflu. Hafði sjór runnið úr lestinni um leiðslugöng inn í vélarrúmið. Þá var og kominn sjór í stýrishús og káetu.

Svo sem áður er frá greint, hefur stefnandi skýrt svo frá, að m/b Árni Þorkelsson hafi rétt sig að fullu, er hann var búinn að skera nótina frá honum. Skýrir stefnandi enn fremur svo frá, að eftir að skipstjórinn á m/b Árna Þorkelssyni var kominn um borð, hafi skipverjar á m/b Mumma kastað tógi yfir í m/b Árna Þorkelsson. Hafi skipstjóri tekið við því, en síðan rétt sér (stefnanda) það og hann sett það fast. M/b Mummi hafi þá verið kominn svo nálægt, að skipstjóri hafi orðið að taka aftur á bak til að forða árekstri, en vél bátsins hafði allan tímann verið í gangi. Síðan segir stefnandi, að m/b Mummi hafi farið í sveig fyrir framan stefnið á m/b Árna Þorkelssyni, og er hann sveigði frá honum, hafi hann séð, að tógið var laust og hafi hann þá farið fram á hvalbak og dregið það inn. Hafi eftir það engin dráttartaug verið sett á milli skipanna, en skipverjar á m/b Mumma hafi kastað kastlínu um borð í m/b Árna Þorkelsson. Kveðst stefnandi hafa tekið við henni og síðan dregið á henni stýrimann og vélstjóra um borð í m/b Árna Þorkelsson í gúmmíbátnum.

Skipstjórinn á m/b Árna Þorkelssyni skýrir svo frá, að m/b Mummi hafi tekið í tógið og hann sjálfur keyrt vél m/b Árna Þorkelssonar, sem þá hafi alveg rétt sig. Hafi hann alveg rétt

sig, er þeir keyrðu áfram, og hafi hann þá sleppt spottanum frá m/b Mumma. Hafi m/b Árni Þorkelsson verið búinn að rétta sig alveg á ellefta tímanum þarna um morguninn.

Um kl. 0940 fór stefnandi aftur um borð í bát sinn Eldingu, sem hafði lónað í kring, meðan á aðgerðum stóð. Segir stefnandi, að um þetta leyti hafi verið SSA gola, en talsverður sjór. Skipstjórinn á m/b Árna Þorkelssyni sigldi bátnum hins vegar til Keflavíkur með aðstoð stýrimanns og vélstjóra síns, og komu þeir að bryggju þar um kl. 1300 þá um daginn.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að af málsatvikum hljóti að vera augljóst, að skip stefnda hafi verið í hættu statt og að stefnandi hafi með aðgerðum sínum innt af hendi björgun í skilningi siglingalaga. Er af hálfu stefnanda í því sambandi sérstaklega tekið fram, að skip stefnda hafi verið stjórnlaust rekald, er stefnandi hóf björgunaraðgerðir, og verið að því komið að sökkva, þar sem nótin hafi stöðugt þyngzt og sjór flætt inn í vélarrúm og lúkar, en lest þegar orðin full af sjó og síld. Hefur stefnandi lagt fram vottorð skipstjóra á bátum, er nærstaddir voru, staðhæfingum sínum til stuðnings. Varðandi upphæð björgunarlauna hefur stefnandi, auk framangreindra atriða, bent sérstaklega á, að enginn annar en stefnandi hafi haft nokkra möguleika á að bjarga skipinu, eins og ástatt var orðið fyrir því, að stefnandi hafi lagt sig í stórkostlegan lífsháska við björgunarstarfið, að aðstæður hafi verið erfiðar og myrkur á, er björgunarstarfið var af hendi leyst, að mörg íslenzk skip hafi komizt í mikinn háska og sokkið af sömu ástæðu og skip stefnda, að skip stefnanda sé skráð sem björgunarskip og kosti stefnandi einn útgerð þess, að skip stefnda hafi verið úr allri hættu, strax og stefnandi hafði skorið nótina frá því, þar sem það hafi þá rétt sig að fullu, en vélar og nauðsynlegur búnaður verið nothæfur. Loks er því mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi nokkrum sinnum unnið eftir ákveðnum taxta eða gefið nokkuð upp um það fyrirfram, hvað hann tæki fyrir hjálp sína við skip.

Stefndi reisir kröfur sínar í málinu fyrst og fremst á því, að hjálp stefnanda beri aðeins að meta sem aðstoð, en eigi björgun, í merkingu siglingalaga. Er í fyrsta lagi því haldið fram af hálfu stefnda, að m/b Árni Þorkelsson hafi ekki verið í hættu staddur, enda hafi vantað mikið á, að skipið ylti eða sykki, þótt það hafi hallazt mikið, en ásigkomulag þess gott að öðru leyti. Hafi sjór í vélarrými verið óverulegur og ekki hætta á, að sjór kæmist niður í vélarrúm, þar sem niðurgangur sé bakborðsmegin

á skipinu. Telur stefndi, að breytingar á ástandi skipsins hafi verið hægar og að skipverjar hefðu sjálfir getað skorið nótina frá, er þeir hefðu áttað sig, og báturinn við það komizt úr allri hættu. Hafi stefnanda borið að í sama mund og skipverjar á Árna Þorkelssyni hafi hugleitt, hvað gera skyldi. Í öðru lagi er því haldið fram, að stefnandi hafi á þeim tíma, er hér skiptir máli, veitt þjónustu samkvæmt tiltekinni gjaldskrá og hafi ekki verið ástæða til að ætla, að stefnandi tæki hærri þóknun en samkvæmt þeirri gjaldskrá. Hefur stefndi til stuðnings staðhæfingum sínum um tilvist slíkrar gjaldskrár einkum vísað til viðtals blaðamanns við stefnanda, er birtist í Morgunblaðinu hinn 12. september 1964, og hefur eintak af því verið lagt fram í málinu. Enn fremur vísar stefndi til ummæla stefnanda fyrir sjódómi, sem eru á þá leið, að hann vinni þannig, að visst gjald sé tekið fyrir köfun vegna skrúfu og miðist köfunin við 4½ klukkustund, en auk þess sé tekið fullt gjald fyrir bátinn miðað við klukkustund, en jafnframt er tekið fram af stefnanda, að þetta hafi verið venja, þó algjörlega óbindandi, og fari starfsemi m/b Eldingar eftir því, sem atvik gefi tilefni til, og sé um hættuleg verk að ræða, sé tekið hærra gjald. Loks er því haldið fram af hálfu stefnda, að starf stefnanda hafi hvorki verið örðugt né áhættusamt og verðmæti skips stefnanda og þeirra tækja, er hann réði yfir, hafi verið lítið og eigi lagt í neina hættu.

Þá er stefnandi kom á vettvang á báti sínum, m/b Eldingunni, hafði öll skipshöfn m/b Árna Þorkelssonar yfirgefið skipið. Var m/b Árni Þorkelsson því mannlaust og stjórnlaust rekald, er stefnandi hóf aðgerðir sínar. Auk þess var bráð hætta á, að skipið sykki þá og þegar, eins og ásigkomulag þess var, enda fór þungi nótarinnar stöðugt vaxandi. Samkvæmt því er ótvírætt, að m/b Árni Þorkelsson var í hættu staddur, enda ekkert komið fram, er bent geti til þess, að áhöfn skipsins hygðist gera frekari tilraunir til að losa nótina frá skipinu og eigi heldur neinar líkur á, að slíkar tilraunir hefðu nokkurn árangur borið, þótt gerðar hefðu verið.

Eigi er vefengt, að m/b Árni Þorkelsson hafi rétt sig, þegar er stefnandi hafði skorið nótina frá skipinu. Þá virðast dælur og vélar skipsins svo og annar nauðsynlegur búnaður til siglingar þess til hafnar hafa verið í fullkomnu lagi þrátt fyrir áfall það, sem skipið varð fyrir. Verður samkvæmt því að telja, að stefnandi hafi leyst af hendi fullkomna björgun skipsins í skilningi 1. mgr. 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Eigi verður talið, að stefndi hafi sýnt fram á, að stefnandi hafi farið fram með þeim hætti, að réttmæt ástæða hafi verið til að ætla, að hann mundi krefja um lægra endurgjald fyrir aðgerðir sínar í þágu skips stefnda en leiðir af fyrirmælum siglingalaga um laun fyrir björgun.

Við ákvörðun björgunarlauna ber sérstaklega að líta til þessa:

1. Björgun skipsins var samkvæmt framansögðu fullkomin og tókst að öllu leyti vel.

2. Stefnandi lagði sig við björgunarstarfið í mikla lífshættu og sýndi mikið harðfengi og dugnað.

3. Bráð hætta var á, að hið yfirgefna og mannlausa skip sykki þá og þegar, en áhöfn þess hafði aftur ámóti verið bjargað um borð í m/b Mumma, áður en stefnandi kom á vettvang.

4. Bátur stefnanda var ekki lagður í neina hættu, og tilkostnaður við björgunina var lítill.

5. Verðmæti hinna björguðu verðmæta nam kr. 7.000.000.00.

Þegar virt eru þessi og önnur atriði, sem hafa ber hliðsjón af, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 800.000.00.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 68.000.00. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð með 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Árni h/f, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni persónulega og fyrir hönd áhafnar m/b Eldingar, kr. 800.000.00 með 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 68.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Mánudaginn 28. febrúar 1966.

Nr. 144/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Einari Guðnasyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa þeir fimm lögreglumenn, sem að handtöku ákærða stóðu, gefið skýrslur fyrir dómi og staðfest vætti sín svo og lögregluvarðstjóri sá, er yfirheyrði ákærða í lögreglustöðinni eftir handtöku hans.

Aðfaranótt fimmtudagsins 4. júní 1964 um klukkan 0330 veittu lögreglumennirnir Björn Sigurðsson og Finnbogi Sigurðsson athygli bifreiðinni G 2569, þar sem henni var ekið rykkjótt eftir Snorrabraut að Skúlatorgi, en þeir voru á leið vestur Skúlagötu í lögreglubifreiðinni R 2010, og ók Finnbogi henni. Gaf hann ökumanni bifreiðarinnar G 2569, ákærða í máli þessu, stöðvunarmerki, en hann sinnti því engu, heldur jók hraða bifreiðar sinnar. Lögreglumennirnir óku þá inn á torgið gagnstætt umferðarreglum til að reyna að stöðva akstur ákærða jafnframt því sem þeir gáfu hljóðmerki og höfðu uppi rautt stöðvunarljós á lögreglubifreiðinni. Ákærði sinnti þessu ekki og ók austur Borgartún mjög hratt, með allt að 80 til 100 km. hraða miðað við klukkustund að sögn Finnboga Sigurðssonar, sem skýrir nánar svo frá, að ákærði hafi síðan ekið austur Sundlaugaveg að Austurbrún og eftir henni að Hólsvegi, þar sem ákærði hafi reynt að hægja á hraða bifreiðarinnar, en hún þá runnið beint áfram í loftköstum, og er ákærði hafi beygt inn á veg þennan, hafi bifreiðin farið þversum á götunni og runnið eftir henni um 50 metra, en stöðvazt þarna við „jarðvegsupphækkun“ hjá lóðargrindverki. Þarna kveðst Finnbogi hafa stöðvað lögreglubifreiðina fyrir framan bifreið

ákærða, sem hafi reynt að aka á lögreglubifreiðina, en þar eð henni hafi verið vikið undan, hafi ákærði ekið niður Hólsveg, eftir ýmsum götum inn á Langholtsveg og beygt af honum austur Suðurlandsbraut, þar sem bifreið hans hafi nærri oltið.

Auk þeirra Finnboga Sigurðssonar og Björns Sigurðssonar tóku þátt í eftirförinni að ákærða lögreglumennirnir Helgi Jónasson og Guðmundur Sigurgeirsson í lögreglubifreiðinni R 2003 svo og Kristinn Adolf Gústafsson lögreglumaður í bifreiðinni R 9068. Eru framburðir allra þessara lögreglumanna mjög á einn veg. Þá tóku og þátt í eftirförinni tveir leigubifreiðarstjórar, hvor í sinni bifreið.

Er ákærði var kominn inn á Suðurlandsbraut, ók hann sem leið lá austur hana og norður Vesturlandsveg. Var honum veitt eftirför af greindum bifreiðum, og voru bæði ljósmerki og hljóðmerki gefin í lögreglubifreiðunum, en á Þingvallavegi móts við Helgafellsgryfjur í Mosfellssveit tókst loks að stöðva akstur ákærða.

Við Krossamýrarblett tókst þeim í lögreglubifreiðinni R 2003 að aka fram fyrir bifreið ákærða, en hann ók þá vinstra megin fram úr lögreglubifreiðinni.

Ofan við Grafarholt ók ákærði hægra megin eftir akbrautinni. Hugðist Finnbogi Sigurðsson þá aka vinstra megin fram úr bifreið ákærða, sem beygði þá að lögreglubifreiðinni og ók á hægri hlið hennar. Finnbogi ók þá út af akbrautinni og út á mel, sem þarna er, en ákærði hélt för sinni áfram. Leigubifreiðastjórunum tókst að aka þarna fram úr bifreið ákærða, en hann gat komizt aftur fram fyrir þær.

Er komið var inn á Þingvallaveg á móts við Helgafellsgryfjur, tókst öðrum leigubifreiðarstjóranum að aka hægra megin fram úr bifreið ákærða, sem beygði þá til hægri og reyndi að aka utan í leigubifreiðina, en þá ók Kristinn Adolf Gústafsson vinstra megin fram úr bifreið ákærða, beygði að henni og þröngvaði ákærða til að aka bifreið sinni út á mel þarna, en þótt nægilegt rými væri, ók ákærði engu að síður á hægri hlið bifreiðar Kristins Adolfs. Lögreglubifreiðinni R 2003 var nú ekið fast að afturenda bifreiðar

ákærða. Hann reyndi engu að síður að aka bifreið sinni aftur á bak og beitti fullu átaki á benzíngjöf bifreiðarinnar, svo að afturhjól hennar grófust niður í melinn. Lögreglumennirnir handtóku nú ákærða, sem þeir segja hafa verið ölvaðan og mjög æstan, enda urðu þeir að handjárna hann. Viðurkenndi ákærði fyrir þeim, að hann hefði alls ekki ætlað að hleypa þeim fram hjá sér og að hafa viljandi ekið á bifreiðarnar R 2010 og R 9068.

Ákærði var síðan færður fyrir lögregluvarðstjóra, blóðsýnishorn tekið úr honum og hann settur í varðhald.

Ákærði kveðst hafa verið drukkinn þriðjudaginn 2. júní 1964. Næsta dag hafi hann svo farið að neyta áfengis um klukkan 1400, en skilið áður við bifreið sína hjá sundhöllinni hér í borg, og verið við drykkju þessa á ýmsum stöðum, m. a. farið á dansleik. Hann hafi svo tekið að aka bifreiðinni án þess að gera sér ljóst, hvert hann ætlaði að halda, enda bæði drukkinn og illa „fyrirkallaður". Ekki kveðst hann geta gert sér grein fyrir, hvenær hann varð fyrst var við lögreglubifreið á eftir sér, en segist hafa verið staðráðinn í því að láta lögreglumenn ekki ná sér og reynt að hindra það eftir megni. Kveðst hann hafa orðið var við, er bifreið hans lenti utan í bifreiðum þeim, sem honum var veitt eftirför í, og segir skýrslur lögreglumanna um málsatvik réttar eftir því sem hann bezt viti.

Bifreiðina G 2569 kveðst ákærði hafa keypt um eða upp úr miðjum maímánuði 1964 og viðurkennir að hafa eigi tilkynnt um eigendaskipti, er atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af.

Bifreið ákærða var færð til skoðunar, og segir svo í skýrslu Pálma Friðrikssonar bifreiðaeftirlitsmanns, dags. 4. júní 1964: „.... Við skoðun og reynslu í akstri komu eftirtaldir ágallar í ljós:

Fóthemlar gengu fast að gólfi og verkuðu illa.
Handhemill óvirkur.
Efri gormaskálaklafi spindilbolti v. m. slitið.
Hemlaljós óvirk.
Brettasamstæða laus.

Hurðarspjald og gluggakarmur laus í v. framhurð.
Hurðarlæsingar allar vanstilltar, báðar rúður í v. hurðum sprungnar og rúðuvindur í ólagi.
Hjólbarðar á framhjólum slitnir.
Afturstuðari og númersljós beyglað.

Að skoðun lokinni voru skrásetningarnúmerin tekin af bifreiðinni vegna lélegs ástands.

Bifreiðin G 2569 er Chevrolet fólksbifreið smíðaár 1954 með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði ....“

Samkvæmt vottorði rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 4. júní 1966, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1.65‰.

Brot ákærða eru réttilega heimfærð til lagaákvæða í ákæruskjali. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 er ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknaralaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Guðnason, sæti varðhaldi 4 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gústafs Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. marz 1965.

Ár 1965, mánudaginn 22. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristins-

syni sakadómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2429/1965: Ákæruvaldið gegn Einari Guðnasyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 30. júlí 1964, höfðað gegn ákærða Einari Guðnasyni verzlunarmanni, Þórsgötu 15, Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 4. júní 1964 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni G 2569 gáleysislega og of hratt af Snorrabraut inn á Skúlatorg, austur Borgartún og Sundlaugaveg, um Austurbrún og inn á Hólsveg, þar sem ákærði reyndi að aka á lögreglubifreiðina R 2010, sem ekið var fram fyrir bifreið ákærða í því skyni að stöðva hana, síðan suður Hjallaveg, vestur Dynjuveg og Vesturbrún. Þá austur Laugarásveg og Langholtsveg inn á Suðurlandsbraut, þar sem minnstu munaði, að bifreið ákærða ylti í beygjunni, og loks austur Suðurlandsbraut og Vesturlandsveg, en rétt ofan við Grafarholt ók ákærði á áðurnefnda lögreglubifreið, sem reyndi að stöðva ákærða, með þeim afleiðingum, að lögreglubifreiðin skemmdist nokkuð, og síðan á brott þaðan án þess að skeyta um árekstur inn og inn á Þingvallaveg, þar sem lögreglunni með aðstoð tveggja leigubifreiða tókst að innikróa ákærða móts við Helgafellsgryfjur og handtaka hann fyrir að sinna ekki síendurteknum stöðvunarmerkjum lögreglumanna, sem eltu ákærða alla hina umgetnu leið, svo og fyrir vanrækslu á að tilkynna eigendaskipti að bifreiðinni G 2569. Þá var bifreið ákærða, einkum hemlar hennar, eigi í fullkomnu lagi.

Með framangreindu telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 4. gr., 1. mgr. 14. gr., 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 2. október 1945 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1961 13/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1963 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaganna. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 22/3 1963.
— 17/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt fimmtudagsins 4. júní 1964 klukkan um 0330 veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni G 2569, sem ekið var um Skúlatorg. Gáfu þeir ökumanni stöðvunarmerki, en hann stinnti því ekki, en ók um ýmsar götur borgarinnar gálauslega og síðan að Grafarholti, en þar ók hann utan í lögreglubifreiðina R 2010. Ekki skeytti ökumaður, ákærði í máli þessu, um þann árekstur né stöðvunarmerki lögreglumanna, en ók áfram austur Þingvallaveg, þar sem bifreið hans var loks stöðvuð. Lögreglu virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur fyrir dómi játað greindum akstri og viðurkennt að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Þá játaði hann að hafa ekki tilkynnt eigendaskipti að bifreiðinni og loks að hafa ekið bifreiðinni, enda þótt hún, einkum hemlar hennar, væru eigi í fullkomnu lagi.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi „reducerandi" efni, sem samsvara 1.65‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem þar greinir, þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum í 15 mánuði frá 10/6 1964 að telja, en þann dag var hann sviptur þeim réttindum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Guðnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 15 mánuði frá 10. júní 1964 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúar 1966.

Nr. 41/1965. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Ármann Jónsson hdl.)
gegn
Garðari Jóhannessyni og gagnsök
(Stefán Sigurðsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bótakrafa vegna gæzluvarðhalds.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1965. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. marz 1965. Fékk hann gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi 17. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 313.221.21 ásamt 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1962 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og sakargögnum er háttað, þykir samkvæmt niðurlagsákvæði 2. tl. 1. mgr. 150 gr. laga nr. 82/1961 bresta skilyrði til þess að dæma gagnáfrýjanda bætur fyrir gæzluvarðhaldsvist hans. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 18.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Garðars Jóhannessonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Akraness 23. desember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. desember 1964, er þannig til komið, að með bréfi, dags. 4. maí 1964, til bæjarfógetans á Akranesi gerði Stefán Sigurðsson héraðsdómslögmaður f. h. Garðars Jóhannessonar húsasmíðameistara, Heiðarbraut 59, Akranesi, þá kröfu, að honum yrði samkvæmt 1. tölulið 154. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82 frá 21. ágúst 1961 úrskurðaðar bætur úr ríkissjóði vegna gæzluvarðhalds, er Garðar sætti samkvæmt úrskurði í sakadómi Akraness, uppkveðnum 16. marz 1962, í rannsóknarmálum vegna innbrota hjá Haraldi Böðvarssyni & Co., Verzlun Axels Sveinbjörnssonar h/f, Sigurði Hallbjarnarsyni h/f o. fl. á Akranesi, en Garðar var leystur úr gæzluvarðhaldi með úrskurði sakadóms, dags. 16. apríl 1962.

Kröfur bótakrefjanda eru þessar:

1. Vinnutap samkvæmt gjaldskrá Iðnaðarmannafélags Akraness	kr.	12.472.84
6% orlof	—	748.37
2. Þjáningar og miskabætur	—	300.000.00
samtals	kr.	313.321.21

ásamt 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1962 til greiðsludags.

Einnig er krafizt málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 8. marz 1962 hófst í sakadómi Akraness rannsókn vegna ýmissa óupplýstra innbrota á Akranesi, sem áttu sér stað á tímabilinu frá því í janúar 1961 og þar til í febrúar 1962.

Í janúar 1961 hafði tvívegis verið brotizt inn í skrifstofur Sigurðar Hallbjarnarsonar h/f. Í febrúar sama ár var tvisvar brotizt inn í skrifstofur Fiskivers h/f. Á jólanóttina 1961 var brotizt inn í verzlun Axels Sveinbjörnssonar h/f, og aðfaranótt 3. febrúar 1962 var brotizt inn í skrifstofur Haralds Böðvarssonar & Co., Akranesi.

Við innbrot þessi var stolið peningum að fjárhæð um kr. 25.000.00 og ýmsum munum, svo sem sjónaukum, rifli og skotfærum, vindlingum o. fl.

Fyrrnefndan dag var Guðmundur Sigursteinsson, fæddur 16/6 1943, til heimilis Galtarvík, Skilmannahreppi, úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 10 daga vegna gruns um að hafa staðið að innbrotum þessum og rannsóknar málsins.

Næsta dag, 9. marz, viðurkennir Guðmundur að hafa framið öll framangreind innbrot og hafi hann verið einn nema við innbrotið hjá Sigurði Hallbjarnarsyni, í fyrra skiptið Þorsteinn Sigtryggsson sjómaður, Vallholti 21, Akranesi, og í síðara skiptið systkini hans, Jón og Sigríður.

Guðmundur sagðist hafa kastað nokkru af þýfinu í sjóinn, en annað hafi hann falið við vitann á Breið á Akranesi. Síðar sama dag sagðist hann hafa selt þýfið í Reykjavík.

Daginn eftir, 10. marz, breytti Guðmundur framburði sínum og sagðist aðeins hafa brotizt inn hjá Fiskiver h/f og tvisvar í Fólksbílastöðina og tók nú aftur fyrri frásögn sína um, að systkini hans og Þorsteinn hafi verið í vitorði með honum.

Sama dag var gæzluvarðhaldstími Guðmundar framlengdur um 20 daga og hann úrskurðaður í geðheilbrigðisrannsókn. Guðmundur Sigursteinsson breytti enn framburði sínum í sakadóminum daginn eftir og sagði þá, að Jóhann Óskar Finnsson, bróðir sinn, hefði verið þátttakandi í innbrotunum hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og Axel Sveinbjörnssyni h/f.

Mánudaginn 12. febrúar játaði Jóhann Óskar Finnsson, Krókatúni 1, Akranesi, fæddur 13/6 1944, bróðir Guðmundar, að hafa verið með honum í innbrotum hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og Axel Sveinbjörnssyni h/f. Hann hafði þá verið úrskurðaður í gæzluvarðhald, en látinn laus, er hann gerði játningu sína.

Þriðjudaginn 13. marz var enn haldið áfram í sakadóminum yfirheyrslum yfir Guðmundi og Jóhanni Óskari, og aðfaranótt 14. marz skýrði Jóhann Óskar frá því í dóminum, að Garðar Jóhannesson húsasmíðameistari, Heiðarbraut 59, — bótakrefjandi í máli þessu — hefði verið þátttakandi í innbrotinu hjá

Haraldi Böðvarssyni & Co. aðfaranótt 3. febrúar. Skýrði hann frá því, að það hefði verið af ótta við Garðar, að hann hélt leyndri þátttöku hans í innbrotinu. Jóhann sagði, að Garðar fengi nokkurs konar brjálæðisköst og þegar svo standi á, telji hann Garðar stórhættulegan. Hafi Garðar haft þau orð við Jóhann Óskar og Guðmund bróður hans, að ef þeir kjöftuðu eitthvað og blönduðu honum í málið, þá tækju þeir ábyrgð á því. Sagðist Jóhann líta á þetta sem alvarlega ógnun við sig. Jóhann skýrði þannig frá, að hann og bróðir hans Guðmundur hefðu hitt Garðar að máli að kvöldi fimmtudagsins 1. febrúar og þá hefðu þeir gert áætlun um framkvæmd innbrotsins. Síðan lýsir hann innbroti þeirra félaga. Sömu nótt lýsir gæzlufanginn Guðmundur Sigursteinsson því yfir í sakadóminum, að Garðar hafi verið með þeim í innbrotinu hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og hafi þeir komið sér saman um innbrotið um kvöldið 1. febrúar. Hann lýsir innbrotinu með þátttöku Garðars. Guðmundur gat þess, að Garðar hefði hótað þeim öllu illu, ef þeir segðu frá þessu.

Þann 14. marz viðurkenndi Þorsteinn Sigtryggsson, Vallholti 21, er fyrr er nefndur, að hafa brotizt inn í skrifstofur Sigurðar Hallbjarnarsonar h/f 5. janúar 1961 með Guðmundi Sigursteinssyni. Skýrði Þorsteinn frá því, að Garðar Jóhannesson hefði verið með þeim í innbrotinu. Kvaðst Þorsteinn hafa viljað halda þátttöku Garðars leyndri vegna ótta við hann. Fullyrti Þorsteinn, sem virtist algerlega miður sín og niðurbrotinn, að Garðar hefði hótað því að hefna sín á Helgu, systur Þorsteins, ef hann skýrði frá þessu. Kvaðst Þorsteinn óttast um líf systur sinnar fyrir Garðari, ef hann fengi vitneskju um þessa uppljóstrun.

Föstudaginn 16. marz mætti Garðar Jóhannesson í sakadóminum, en hann hafði daginn áður verið handtekinn í Reykjavík, þar sem hann var í vinnu við húsasmíðar. Garðar neitaði því eindregið að hafa átt þátt í innbrotinu í skrifstofur Haralds Böðvarssonar & Co. og fullyrti, að hann hefði örugglega verið heima hjá sér og háttaður um kl. 2230 umrætt kvöld.

Rannsóknardómarinn úrskurðaði þá Garðar í gæzluvarðhald í allt að 60 daga og að hann skyldi sæta geðrannsókn á því tímabili.

Forsendur úrskurðarins voru þær, að fram hefði komið í rannsókninni, að Garðar hefði tekið þátt í innbroti í skrifstofur Haralds Böðvarssonar & Co. Einnig var rannsóknardómaranum kunnugt um samkvæmt bókun í sakadóminum 14. marz, að Garðar Jóhannesson virtist veill á geði með köflum og hefði hann

af þeim sökum þurft að undirgangast geðrannsókn um áramótin 1956—1957.

Þennan dag ítrekar Þorsteinn Sigtryggsson, að Garðar Jóhannesson hafi verið með í innbroti hjá Sigurði Hallbjarnarsyni h/f.

Laugardaginn 17. marz skýrði Guðmundur Sigursteinsson frá því, að Þorsteinn Sigtryggsson hefði hvergi komið nálægt innbrotunum hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og Sigurði Hallbjarnarsyni h/f. Hafði Guðmundur þó áður í sakadóminum í sama þinghaldi sagt frá því, að Þorsteinn hefði verið með í báðum þessum innbrotum.

Sama dag tók Þorsteinn Sigtryggsson fyrir sakadóminum aftur játningu sína um þátttöku í innbroti hjá Sigurði Hallbjarnarsyni h/f.

Þennan dag mætti í sakadóminum Elsa Ágústsdóttir, kona Garðars Jóhannessonar, og skýrir hún frá því, að hann hafi farið að sofa kl. 2100 föstudagskvöldið 2. febrúar, en þá um nóttina var innbrotið framið hjá Haraldi Böðvarssyni & Co.

Þriðjudaginn 20. marz tók Jóhann Óskar Finnsson í sakadóminum aftur allan fyrri framburð sinn í málinu um þátttöku í innbrotunum og segist hvergi hafa nálægt þessum innbrotum komið og viti ekkert um þátt annarra í þeim. Sagðist hann þó hafa órökstuddan grun um, að Garðar Jóhannesson vissi eitthvað í þessu máli. Kvaðst hann marka það af svipbrigðum Garðars, er þeir Garðar eitt sinn ræddu um innbrotið hjá Haraldi Böðvarssyni & Co.

Rannsóknardómarinn benti Jóhanni þá á, að með fyrri framburði sínum hefði hann borið Garðar sökum í máli þessu, sem m. a. leiddi til þess, að Garðar var handtekinn. Jóhann Óskar ítrekaði, að hann grunaði Garðar um hlutdeild í máli þessu.

Þennan dag var Jóhann Óskar úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 20 daga.

Þann 16. marz var gerð húsleit hjá Garðari Jóhannessyni að munum, er hurfu við framangreind innbrot. Ekkert fannst tortryggilegt við leitina nema nokkur koparstykki, en í ljós kom, að þau voru úr ferju, er lá við Innstavog hjá Akranesi, en úr ferjunni hafði verið stolið slíkum koparstykkjum fyrir nokkrum árum. Kvaðst Garðar hafa keypt kopar þennan af tveim nafngreindum mönnum, og hefur annar þeirra staðfest þá frásögn.

Þá viðurkenndi Garðar í dóminum 20. marz að hafa selt Jóhanni Óskari að minnsta kosti einu sinni áfengi.

Fimmtudaginn 22. marz skýrði Þorsteinn Sigtryggsson frá því í

sakadóminum, að það væri allt rangt, sem hann hefði borið í dóminum áður í máli þessu og að Garðar hefði aldrei hótað honum nokkru, hvorki gagnvart honum sjálfum né systur hans.

Mánudaginn 26. marz lýsir Guðmundur Sigursteinsson því í sakadóminum, er hann brauzt inn í Verzlun Axels Sveinbjörnssonar h/f á jólanótt 1961. Segist hann hafa gert það með Jóhanni Óskari og Garðari Jóhannessyni og lýsir þátttöku þeirra í innbrotinu.

Næsta dag, 27. marz, beinist rannsóknin að innbroti í Fiskiver h/f, er framið var 16. apríl 1961. Skýrði Guðmundur Sigursteinsson frá því, að Garðar Jóhannesson hefði verið með þeim bræðrum við innbrot þetta, og lýsir hann þátttöku Garðars.

Sama dag lýsti Guðmundur tveim innbrotum þann 9. og 28. febrúar 1961 í Fólksbílastöðina við Þjóðveg og sagðist þá hafa verið með Þresti Reynissyni, Skagabraut 25. Þröstur viðurkenndi næsta dag í sakadóminum að hafa framið bæði þessi innbrot og hefði Guðmundur Sigursteinsson verið með honum í síðara skiptið. Þá játaði Þröstur á sig innbrotin í skrifstofur Sigurðar Hallbjarnarsonar h/f 5. og 28. janúar 1961 og fullyrti, að hann hefði verið einn við bæði þessi innbrot.

Nú virðist nokkurt hlé á rannsókninni, en í sakadóminum 6. apríl játaði Jóhann Óskar Finnsson, að fyrri frásögn hans um, að hann hefði brotizt inn hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. væri rétt og hefði hann framið innbrot þetta ásamt Guðmundi og Garðari Jóhannessyni. Lýsir hann innbroti þeirra félaga og gefur í skyn, að Garðar hafi haft forystu um innbrotið.

Þá skýrði Jóhann Óskar frá því, að þeir þrír hefðu brotizt inn hjá Axel Sveinbjörnssyni h/f á jólanótt 1961. Lýsir hann innbrotinu og aðdraganda þess þannig, að Garðar hafi haft um það frumkvæði og forystu.

Þann 7. apríl gaf Garðar Jóhannesson skýrslu um ferðir sínar og dvalarstað á aðfangadagskvöld og jólanótt 1961 og neitar þar með að hafa tekið þátt í nefndu innbroti.

Í sakdóminum sama dag tekur Guðmundur Sigursteinsson aftur fyrri framburð sinn um innbrot hjá Fiskiver h/f og segir frásögn sína um það innbrot tilbúning einan, en annar framburður hans um önnur innbrot sé í meginatriðum réttur.

Þennan dag, laugardaginn 7. apríl, voru þeir Guðmundur og Jóhann Óskar látnir lausir úr gæzluvarðhaldi.

Í sakadóminum 16. apríl 1962 hélt Jóhann Óskar því enn fram,

að Garðar Jóhannesson hefði verið með í innbrotunum hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og Axel Sveinbjörnssyni h/f, og voru þeir samprófaðir. Garðar viðurkenndi, að þeir hefðu nokkrum sinnum verið saman í bifreið hans, en kvaðst hvergi hafa nálægt innbrotunum komið og mótmælti framburði Jóhanns Óskars í öllum atriðum að því er varðaði meinta sök Garðars.

Þennan dag var Garðar Jóhannesson látinn laus úr gæzluvarðhaldinu, og lýsti hann því yfir, að hann mundi af frjálsum vilja gangast undir það, að geðrannsókn á honum, sem þegar var byrjuð, yrði lokið.

Hér að framan hefur verið rakið í aðalatriðum gangur mála í sakadómi Akraness 8. marz til 16. apríl 1962, einkum að því er varðar frásagnir hinna grunuðu í málinu um hlutdeild Garðars Jóhannessonar í innbrotunum.

Það, sem næst gerist í málinu, er það, að þann 8. maí 1962 mættu þeir Jóhann Óskar Finnsson og Guðmundur Sigursteinsson hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Tóku þeir þar báðir aftur fyrri framburð sinn um, að Garðar Jóhannesson hefði verið með þeim í fyrrnefndum innbrotum. Jóhann Óskar sagði, að Garðar hefði alls ekki átt nokkurn þátt í þessum þjófnuðum með þeim og ekki verið í vitorði með þeim eða ráðstafað nokkru af þýfinu á einn eða annan hátt. Hann kvaðst ekki geta skýrt, hvers vegna Garðari var blandað inn í þetta mál, það hefði verið einhver vitleysisgangur. Samvizku sinnar vegna kvaðst hann nú leiðrétta þetta. Guðmundur sagði, að Garðar hefði hvergi komið nærri innbrotsþjófnuðum þessum og vissi ekkert um þá. Það væri alveg rangt, að hann hefði hvatt þá til þeirra hluta eða að nokkuð af þýfinu hefði farið til hans og að hann væri ekki á nokkurn hátt viðriðinn þjófnaði þessa.

Í sakadómi 2. okt. 1964 staðfesti Jóhann Óskar þennan framburð sinn og ítrekaði, að Garðar Jóhannesson hefði ekki verið með í eða átt nokkurn þátt í margnefndum innbrotum.

Í sakadómi 5. okt. 1964 breytti Guðmundur Sigurgeirsson enn framburði sínum og lýsti því yfir, að hann hefði ekki framið innbrot þau og þjófnaði, er um getur í máli þessu.

Hann viðurkenndi að hafa skrifað undir skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglunni, en sagði þær vera rangar. Hann sagði einnig, að það, sem hann hefði borið fyrir dómi í máli þessu um þátttöku Garðars í innbrotunum, væri allt ósannindi.

Geðheilbrigðisrannsókn fór fram á þeim Jóhanni Óskari, Guð-

mundi Sigursteinssyni og Garðari Jóhannessyni, og eru skýrslur Jakobs Jónassonar læknis um rannsóknirnar dagsettar 14. okt. 1963.

Niðurstaða læknisins um Jóhann Óskar var þessi:

„Klínisk skoðun og sálfræðileg próf sýndu engin einkenni geðveiki (psychosis). Hins vegar gáfu þau til kynna, að Jóhann Óskar hafi greind í lakara meðallagi og sé haldinn geðvilluskapgerð (personalitas psycopatica) með þeim sálarlegu eigindum, sem tíðum einkenna afbrotamenn."

Niðurstaða sama læknis um Guðmund Sigursteinsson var þessi:

„Klínisk skoðun og sálfræðileg próf sýndu engin einkenni geðveiki (psychosis). Hins vegar gáfu þau til kynna, að Guðmundur væri vangefinn (debil), og við skoðunina reyndist hann vera í þunglyndisástandi (depressio psychogenes), sem sennilega hefur brotizt út í sambandi við þáverandi aðstæður."

Í skýrslu læknisins um Garðar Jóhannesson er þess getið, að hann hafi verið úrskurðaður til geðheilbrigðisrannsóknar á sjúkrahúsið Klepp í desember 1956, en útskrifazt þaðan 15/1 1957.

Í skýrslu læknisins segir: „Rorschach-persónuleikapróf sýndi all-einkennilega niðurstöðu, sem vakti sterkar grunsemdir um óáreiðanleik í frásögn og meðvitaða uppgerð við prófið."

Niðurstaða læknisins um Garðar var þessi:

„Klínisk athugun og sálfræðileg próf sýndu engin einkenni geðveiki (psychosis). Hins vegar gáfu þau til kynna svo og æviferill Garðars, að hann sé haldinn geðvilluskapgerð (personalita psycopatica) og greind í meðallagi. Svör hans í Rorschachprófinu vöktu sterkar grunsemdir um meðvitaða uppgerð í þeim tilgangi að koma ekki upp um persónuleik sinn."

Mál þetta var sent saksóknara ríkisins til fyrirsagnar með bréfum, dags. 13. maí, 29. nóv. og 4. des. 1963.

Samkvæmt bréfi saksóknara ríkisins, dags. 30. des. 1963, var málinu lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun að því er varðar þá Guðmund Sigursteinsson, Jóhann Óskar Finnsson og Þröst Reynisson. Síðan segir í bréfi saksóknara: „Gegn þeim Garðari og Þorsteini er eigi að svo vöxnu máli krafizt frekari aðgerða af ákæruvaldsins hálfu, en komi nokkuð það fram, sem verða mætti til frekari upplýsinga um þætti þeirra í máli þessu, ber að taka upp rannsókn þess að nýju."

Leitað var álits saksóknara ríkisins um fyrrgreindar bótakröfur í máli þessu með bréfi, dags. 30. júní 1964.

Í bréfi saksóknara, dags. 3. júlí s. á., segir: „Gæzluvarðhaldsúrskurðurinn yfir Garðari var kveðinn upp bæði í þágu rannsóknar málsins svo og vegna þess, að nauðsyn þótti til bera, að áliti rannsóknardómarans, að hann sætti geðrannsókn.

Vegna þessa skal hér með tekið fram, að af hálfu þessa embættis er litið svo á, að uppkvaðning umrædds gæzluvarðhaldsúrskurðar hafi verið eðlileg, eins og á stóð, og farið fram með löglegum hætti, enda var þeim úrskurði eigi skotið til æðri réttar af hálfu Garðars."

Að öðru leyti vísar saksóknari til rannsóknar málsins í heild og bréfs síns frá 30. desember 1963, er fyrr greinir.

Af hálfu bótakrefjanda hefur bótakrafan verið rökstudd með því, að samkvæmt gögnum málsins virðist Garðar hafa verið úrskurðaður í gæzluvarðhaldið á þeim forsendum einum, að grunaðir í málinu, þeir Jóhann Óskar Finnsson og Guðmundur Sigursteinsson í sakadómi 13. og 14. marz 1962 og Þorsteinn Sigtryggsson 14. marz s. á., báru, að hann (Garðar) hefði átt hlutdeild í sumum þeirra innbrota, sem rannsóknin fjallaði um. En framburðir þessara manna um meint brot Garðars hafa verið mjög ósamhljóða og óákveðnir. Þann 22. marz 1962 tók Þorsteinn til baka framburð sinn varðandi meint brot Garðars, og hinn 8. maí 1962 tóku þeir bræður Jóhann Óskar og Guðmundur til baka framburð sinn um hlutdeild Garðars í brotum þeim, sem þeir höfðu áður bendlað hann við.

Þá hefur af hálfu Garðars verið bent á, að hann hafi alltaf staðfastlega neitað því, að hann hafi átt nokkurn þátt í innbrotunum og ekkert hafi komið fram í rannsókninni, er leiði líkur að því, að hann ætti sök í málum þessum annað en áðurgreindir framburðir greindra manna. Það verði því ekki talið, að Garðar hafi á nokkurn hátt, hvorki vísvitandi né með stórkostlegu gáleysi eða ólögmætu framferði, valdið þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfur sínar á.

Af framansögðu og þar sem saksóknari ríkisins hafði ákveðið, að eigi skyldi krafizt frekari aðgerða í málinu gegn Garðari svo og með hliðsjón af rannsókn málsins í heild, verður eigi annað séð en að fremur megi telja Garðar líklegan til að vera sýknan af brotum þeim, sem á hann voru borin, en sekan, enda hafi hann aldrei gerzt sekur um þjófnað eða annað aðgunarbrot, svo að kunnugt sé.

Fjárhæð bótakröfu sinnar fyrir vinnutap byggir bótakrefjandi á kauptaxta Iðnaðarmannafélags Akraness, eins og hann var

á þeim tíma, er hann sat í gæzluvarðhaldi, og hefur hann lagt fram vottorð Iðnaðarmannafélagsins um kauptaxta á þessum tíma. Hann kvaðst hafa haft meistararéttindi í húsasmíði og því haft rétt til kaups samkvæmt hæsta taxta iðnaðarmanna. Hann var að vinna í iðn sinni, er hann var úrskurðaður í gæzluvarðhaldið, og sagðist þá hafa unnið nokkra daga í Reykjavík. Garðar reiknar með 8 tíma dagvinnu og 2 tíma eftirvinnu alla rúmhelga daga vikunnar nema laugardaga, en þá eru reiknaðir 4 tímar í dagvinnu. Dagvinnutímar reiknast því fyrir gæzlutímann og tvo daga vegna geðrannsóknar, samtals 212, og eftirvinnutímar 48. Kaupið samkvæmt framangreindum taxta var kr. 44.57 á tímann í dagvinnu og kr. 63.00 í eftirvinnu auk 6% orlofs.

Varðandi 2. lið bótakröfunnar hefur bótakrefjandi lýst því yfir, að aðbúnaður og meðferð á honum í varðhaldsvistinni hafi ekki verið slæm eftir atvikum, enda byggi hann ekki kröfu sína á því atriði, heldur krefjist hann bóta fyrir líkamlegar og andlegar þjáningar, mannorðsspjöll og annan miska, er hann varð fyrir vegna gæzluvarðhaldsins.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, þó að framburður Jóhanns Óskars, Guðmundar og Þorsteins hafi verið mjög ósamhljóða og óákveðnir í ýmsum atriðum, að lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi og eðlilegt, að gæzluvarðhaldsúrskurðurinn hafi verið kveðinn upp yfir Garðari Jóhannessyni, eins og á stóð, í þágu rannsóknar málsins, þar sem þrír framangreindir menn höfðu borið það fyrir sakadóminum, að hann hefði verið þátttakandi í ýmsum innbrotum með þeim.

Meðan á gæzluvarðhaldinu stóð, héldu tveir þeirra fast við framburð sinn um hlutdeild Garðars, en eins og að framan er rakið, breyttu þeir allir framburði sínum síðar og tóku aftur frásagnir sínar um hlutdeild Garðars í innbrotunum.

Garðar hefur ávallt neitað því að hafa tekið þátt í margnefndum innbrotum. Rannsóknin leiddi og ekki til ákæru á hendur Garðari.

Samkvæmt þessu og öðrum gögnum málsins, sem fyrr greinir, þykja skilyrði 150. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 vera fyrir hendi til að úrskurða Garðari Jóhannessyni fébætur úr ríkissjóði samkvæmt XVIII. kafla nefndra laga vegna gæzluvarðhaldsins, er hann varð að þola vegna villandi sakargagna.

Um fjárhæð bótakröfunnar:

Um 1. lið:

Eigi verður vefengt samkvæmt því, sem fyrr er rakið, að beint fjártjón bótakrefjanda hafi verið eins og þar er lýst, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. lið:

Þegar allt er virt, sem hér að framan er rakið um atvik og rannsókn máls þessa, þykja bætur til handa bótakrefjanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Niðurstaða málsins samkvæmt framansögðu verður því sú að úrskurða ber Garðari Jóhannessyni fébætur úr ríkissjóði kr. 53.221.21 (12.472.84 + 748.37 + 40.000.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Þá þykir rétt að úrskurða bótakrefjanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Ríkissjóður Íslands greiði Garðari Jóhannessyni kr. 53.221.21 með 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1966.

Nr. 31/1966. **Gunnar Guðmundsson**
(Guðjón Styrkársson hdl.)
gegn
Tryggingamiðstöðinni h/f og gagnsök
(Jón Magnússon hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar s. á., og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 160.000.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt heimild í ákvæðum 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1952 gagnáfrýjað málinu með stefnu 1. marz 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er allrækilega lýst í héraðsdómi.

Hinn 22. febrúar 1962 seldi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda brunatryggingu á vörum, geymdum í geymsluhúsi að Álfhólsvegi 66 í Kópavogi. Vátryggingarfjárhæðin var ákveðin kr. 150.000.00, en eigi kynntu fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda sér raunverulegt verðmæti hins tryggða. Hinn 23. marz 1962 brann geymsluhús þetta til kaldra kola og svo þeir munir, sem þar voru. Hefur aðaláfrýjandi haldið því fram, að brunnið hafi vörur að verðmæti kr. 148.375.00. Af gögnum málsins er ljóst, að vörur þær, er brunnu í geymsluhúsinu, hafa verið mun minni að magni og verðmæti en aðaláfrýjandi vill vera láta, og bendir allt til þess, að verðmæti þeirra hafi verið mjög óverulegt. Geymsluhúsið, sem vörurnar voru geymdar í, var lélegt og lítt nothæft til vörugeymslu. Þegar til þessa alls er litið, þykir vátryggingarsamningur aðiljanna um vörurnar samkvæmt niðurlagsákvæði 4. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga ekki vera bindandi fyrir gagnáfrýjanda, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

Um bætur til aðaláfrýjanda fyrir hið brunna geymsluhús má fallast á niðurstöðu héraðsdóms.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Guðmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Tryggingamiðstöðinni h/f, kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., hefur Gunnar Guðmundsson bílstjóri, Álfhólsvegi 66, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. maí 1963, gegn Tryggingamiðstöðinni h/f, Reykjavík, til greiðslu tryggingarbóta að fjárhæð kr. 160.000.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfunni.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1959 eða 1960 keypti stefnandi timburskúr af Birni Aðils Kristjánssyni múrara og flutti skúrinn á lóðina nr. 66 við Álfhólsveg í Kópavogi. Skúr þennan brunatryggði stefnandi hjá stefnda fyrir kr. 10.000.00 samkvæmt vátryggingarskírteini stefnda, sem dagsett er 22. febrúar 1962. Jafnframt brunatryggði stefnandi vörur í skúrnum fyrir kr. 150.000.00, og gaf stefndi út tryggingarskírteini fyrir þeirri vátryggingu sama dag. Skúr þessi brann aðfaranótt 23. marz 1962. Grunur lá á, að um íkveikju væri að ræða. Rannsókn fyrir sakadómi leiddi hins vegar ekki í ljós orsakir eldsvoðans. Er stefnandi leitaði eftir greiðslu brunabóta, fékkst stefndi ekki til að greiða þær. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Við sakadómsrannsókn upplýstist, að stefnandi hafði í nóvember 1961 brunatryggt geymsluskúr fyrir kr. 70.000.00 og vörulager í honum fyrir kr. 150.000.00 hjá Brunabótafélagi Íslands og greitt iðgjaldið.

Vitnið Ragnar Þorsteinsson, gjaldkeri Brunabótafélags Íslands, hefur skýrt svo frá, að um það bil viku, eftir að trygging þessi tók gildi, hafi stefnandi komið á skrifstofu félagsins vegna þess, að félagið hafði gert kröfu til þess, að íbúð hans yrði seld á nauðungaruppboði vegna vangreidds brunabótagjalds. Orðaskipti hafi þá orðið milli vitnisins og stefnanda og hafi stefnandi farið út án þess að greiða gjaldið. Kveðst vitnið hafa rætt þetta við Hilmar Pálsson, fulltrúa félagsins. Þótti vitninu og Hilmari vátryggingarfjárhæð skúrsins og varanna ískyggilega há og hafi Hilmar tekið að sér að athuga málið.

Vitnið Hilmar Pálsson fulltrúi kveðst hafa tekið við tryggingarbeiðni stefnanda 18. nóvember 1961. Hafi stefnandi viljað

tryggja skúrbyggingu á lóðinni Álfhólsvegi nr. 66 svo og lausafé, sem í honum væri, þar sem hann teldi, að óforsvaranlegt væri að hafa þetta óvátryggt, enda væri hann (stefnandi) mikið að heiman, en kona hans væri á spítala, en börn óvitar heima hjá ráðskonu og ekki þyrfti nema eina eldspýtu til þess að eyðileggja verðmæti. Hafi stefnandi talið upp, að hann mundi verða með vörubirgðir (skótau), 100.000.00 kr. virði, varahluti í bifreiðar, 20.000.00 kr., og tvær bifreiðar í geymslu, 60.000.00 króna virði. Kveðst vitnið hafa ætlað að athuga þetta nánar og ekki séð ástæðu til annars en að veita trygginguna þegar í stað. Laugardagseftirmiðdag, viku eða hálfum mánuði síðar, kveðst vitnið hafa farið suður að Álfhólsvegi 66 eftir viðtalið við Ragnar Þorsteinsson, sem að framan greinir, og athugað skúrinn og innihald hans. Kveðst vitnið ekki hafa talið fært að halda tryggingunni áfram á skúrnum og ekki á lagernum, nema annað húsnæði kæmi til, sem fullnægjandi þætti. Skúrinn sýndist vitninu ekki vera nógu stór til að húsa bifreið, hvað þá heldur tvær. En samkvæmt mælingum lögreglunnar var stærð skúrsins 3.65×1.95. Einnig hafi hann verið lekur, svo að hann hafi ekki verið nothæfur til að geyma þar vörur. Hurð hafi verið negld aftur, en ekki læst. Inni í skúrnum hafi verið ca. 40 skókassar. Stefnandi, sem var viðstaddur, hafi sagzt hafa selt eitthvað af skónum fyrir 200 kr. parið og auk þess væri lagerinn ekki allur kominn. Eitthvað af bifreiðavarahlutum hafi einnig verið þarna, greinilega notaðir og ekki mikils virði, að því er vitnið taldi. Fyrir utan skúrinn hafi staðið einn bíll ógangfær og einir tveir aðrir og traktor við íbúðarhúsið. Stefnandi hafi þá bent vitninu á efni, sem hann kvað ætlað til stækkunar á skúrnum. Ekki hafi efni þetta verið inni í skúrnum, heldur við gafl hans og uppi á holti þar hjá. Vitnið kveðst þá hafa boðið stefnanda að taka efnið í tryggingu og skúrinn, en ekki fyrir þær upphæðir, sem stefnandi óskaði eftir. Stefnandi hafi þá skráð á vátryggingarskírteinið „féll frá tryggingu". Næsta mánudag hafi stefnandi svo komið og fengið endurgreitt iðgjaldið. Þá hafi stefnandi haldið því fram samkvæmt upplýsingum, sem hann kvaðst hafa fengið hjá öðru vátryggingafélagi, að Brunabótafélagið hefði ekki leyfi til að neita að taka trygginguna á þessum eignum.

Vitnið Sveinn Egilsson, starfsmaður Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, kveður stefnanda hafa komið á skrifstofu vitnisins fyrir jólin 1961, vitnið minnir um mánaðamót nóvember og desember, og lagt fram beiðni um brunatryggingu, sem afgreiðslu-

stúlka tók við. Vitnið var viðstatt. Stefnandi hafi viljað greiða iðgjaldið strax og hafi beiðnin borizt strax í hendur vitninu. Hafi beiðnin hljóðað upp á vörur og tvær bifreiðar að upphæð 300.000.00 kr., að því er vitnið minnir. Vitnið kveðst hafa farið fram á, að stefnandi sundurliðaði verðmæti bifreiðanna og vörurnar. Hafi stefnandi gert það á eftirgreindan hátt, að því er vitnið minnir: Hvor bifreiðin 30—40 þúsund krónur. Önnur bifreiðin einhver af tegundum Chryslerverksmiðjanna (Plymouth eða Dodge), hin bifreiðin Ford-vörubíll, afgangur vörur. Vitnið kveðst einnig hafa óskað eftir upplýsingum um vátryggingarstaðinn, sem stefnandi kvað vera járnvarinn timburskúr á lóðinni nr. 66 við Álfhólsveg. Vitnið kveðst hafa spurt, hvort bifreiðarnar væru í sama húsi og vörurnar, en stefnandi hafi ekki gefið glöggar upplýsingar um það. Kveðst vitnið hafa sagt við stefnanda, að það mundi koma og athuga aðstæður næsta dag. Það hafi ekki verið vegna grunsemda um, að verðmætin væru ekki fyrir hendi, heldur til að afla upplýsinga um aðstæður á tryggingarstað. Næsta morgun milli kl. 10 og 11 kveðst vitnið hafa farið að Álfhólsvegi og spurt eftir stefnanda. Var vitninu tjáð, að stefnandi væri ekki heima, en mundi koma fljótlega. Meðan vitnið beið eftir stefnanda, kveðst það hafa gengið um lóðina upp fyrir íbúðarhúsið og séð þá tvö bílræksni, hjóllaus bæði og mjög illa útlítandi, og skúr, sem vitninu virtist illa byggður og gluggalaus. Leist vitninu illa á allar aðstæður. Fyrir utan skúrinn lágu nokkur bíldekk og annað drasl. Skömmu síðar kom stefnandi. Kveðst vitnið hafa skýrt honum frá því, að því litist svo illa á allar aðstæður, að félagið tæki ekki að sér tryggguna. Stefnandi hafi þá talað eitthvað um, að hann ætlaði að fara að lagfæra bílana og fleira, sem vitnið man ekki, en telur ekki skipta máli. Að svo búnu fór vitnið og hafði ekki meiri afskipti af stefnanda. Vitnið kveður tryggingarbeiðni stefnanda hafa hljóðað á nafn konu stefnanda, Friðrikku Líkafrónsdóttur.

Vitnið Jón Pétursson bifreiðarstjóri var áður fastur starfsmaður stefnda, en hafði látið af því starfi, en vann þó áfram að tryggingasöfnun fyrir stefnda gegn þóknun, sem miðaðist við seldar tryggingar.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi hitt stefnanda í janúar eða febrúar 1962 á verkstæði bróður stefnanda í Múlaherskálahverfi, hér í borg og hafi stefnandi spurt vitnið, hvort það ynni ekki hjá tryggingafélagi, og kveður vitnið sig hafa svarað því játandi. Vitnið kveður stefnanda hafa tjáð sér, að hann ætti timburskúr,

sem hann vildi tryggja, og einnig vörur, m.. a. skótau, bíladekk og fleira, sem vitnið kveðst eigi muna, hvað var, og væru þessar vörur geymdar suður í Fossvogi í skúr hjá einhverjum manni, sem vitnið vissi ekki deili á. Vitnið kveður stefnanda hafa sagt, að hann þyrfti að losa vörurnar úr þessari geymslu og hygðist flytja þær í timburskúr sinn á Álfhólsvegi 66. Vitnið kveður, að þarna hafi orðið að samkomulagi með þeim stefnanda, að stefnandi tryggði timburskúrinn brunatryggingu fyrir kr. 10.000.00 til 3ja mánaða, að vitnið minnir, og vörur í skúrnum fyrir 70—75 þúsund krónur, að vitnið minnir. Vitnið vill þó ekkert fullyrða um upphæðirnar eða tímalengdina. Nokkrum dögum seinna kveðst vitnið hafa farið heim til stefnanda og haft tryggingarskírteinin meðferðis. Var ætlunin að afhenda skírteinin og innheimta iðgjaldið. Vitnið kveðst hafa komið heim til stefnanda milli kl. 6 og 7 um kvöld. Var vitninu boðið inn í eldhús og var þar boðið kaffi, sem það þáði. Vitnið kveður stefnanda eigi hafa haft peninga til að greiða iðgjaldið, en hann hafi sagzt mundu koma peningunum heim til vitnisins, sem hann og gerði nokkrum dögum seinna. Vitnið kveðst hafa selt stefnanda og konu hans, sem þarna var viðstödd, svonefnda heimilistryggingu að upphæð kr. 200.000.00. Kveðst vitnið hafa skoðað sig um þarna heima hjá þeim hjónum að boði þeirra. Ítarlega aðspurt segir vitnið, að sér hafi alls ekki verið boðið að líta á skúrinn og vörurnar, sem inni í honum voru. Kveður vitnið, að eigi hafi verið á skúrinn minnzt og eigi á vörurnar í honum. Eftir að vitninu hafði verið bent á gagnstæðar staðhæfingar stefnanda og eiginkonu hans um þetta atriði, endurtók vitnið, að ekki hefði verið á skúrinn minnzt við sig, hvað þá heldur að vitninu hafi verið boðið að skoða hann, en það kveðst vitnið mundu hafa gert hiklaust, ef slíkt boð hefði komið fram. Kveðst vitnið ekki skilja, hvers vegna stefnandi og kona hans haldi þessu fram. Vitnið kveðst eigi hafa neitt hugsað um það eða haft það í huga, að rétt væri eða betra að skoða skúrinn og vörurnar. Kveðst vitnið eigi hafa haft neina ástæðu til annars en treysta stefnanda fullkomlega í sambandi við þessa tryggingu. Annars væri það vani sinn að skoða það, sem vitnið seldi tryggingar fyrir, en þetta hafi allt gerzt með svo fljótum hætti, að það hafi eigi almennilega áttað sig á hlutunum. Nokkru seinna hafi stefnandi hringt heim til vitnisins um hádegisbilið og sagt, að skúrinn hefði brunnið þá um nóttina. Varð vitninu mjög hverft við og spurði stefnanda um nánari atvik, en hann hafi svarað því til, að hann hefði

verið fjarverandi með kunningjum sínum og skúrinn hafi verið brunninn, þegar hann kom heim. Vitnið kveðst hafa sagt stefnanda að hafa samband við stefnda og tilkynna brunann þangað.

Maður, er bjó í rishæð hússins Álfhólsvegi 66, kveðst hafa vaknað umrædda nótt „eitthvað eftir 2 eftir miðnætti" við það, að reyk lagði inn um gluggann. Fór hann þá niður á neðri hæð hússins og barði að dyrum. Hafi eiginkona stefnanda komið til dyra og hafi hún hringt á slökkviliðið. Slökkviliðið í Reykjavík tilkynnti lögreglunni í Kópavogi um eldsvoðann kl. 0440 um nóttina.

Stefnandi kveðst hafa verið við vinnu í Þórscafé kvöldið fyrir brunann og fram til kl. tæplega tvö um nóttina. Þá hafi hann látið aka sér að Klapparstíg 18, hér í borg, og þar hafi hann dvalið hjá vinafólki sínu og hafi verið orðið nokkuð framorðið, þegar hann lagði sig þar til svefns. Hann kveðst hafa verið vakinn rétt fyrir kl. 8 um morguninn og hafi hann og húsráðandi farið þaðan saman til vinnu hjá Eimskipafélagi Íslands h/f. Milli kl. 8½ og 9 f. h. kveðst stefnandi hafa hringt heim til sín og talað við konu sína. Hafi hún þá sagt honum frá brunanum.

Samkvæmt skýrslu Gísla Ólafssonar, forstjóra stefnda, hringdi stefnandi heim til Harðar Felixsonar, fulltrúa stefnda, síðla kvölds 23. marz og tilkynnti um brunann. Þann 24. marz fór stefnandi svo á skrifstofu stefnda og gaf þar skýrslu um hin brunnu verðmæti. Í skýrslunni segir stefnandi, að í skúrnum hafi m. a. verið:

1. Um 100 pör af kvenskóm.
2. 4—5 kassar af nylonsokkum.
3. Eyrnalokkar, margar tylftir, helmingur silfurlokkar, en aðrir lélegri.
4. Rakvélar venjulegar.
5. Hárkrem, mikið magn, og nokkuð af hárolíu.
6. Tveir stórir kassar af plastleikföngum, þar á meðal bollar og diskasett úr plasti fyrir börn.
7. Tveir kassar af barnabílum úr tré.
8. Vaselín í litlum plastdósum.

Auk þessa kveður stefnandi í skýrslunni, að í skúrnum hafi verið bílavarahlutir, m. a. 2 rafalar nýuppgerðir, hemlaskálar, platínur og benzínblöndungar, sex eða sjö dekk og fleira. Þá hafi verið eitt sundurtekið borð og efni í trékolla.

Fyrir sakadómi 26. marz 1962 gerði stefnandi grein fyrir vörunum, sem brunnu.

Hann kveðst hafa fengið 500 pör af kvenskóm hjá Gunnari Jóhannssyni sumarið 1961 upp í bifreið. Skórnir voru reiknaðir á kr. 50.00 parið. 400 pör af skónum seldi hann Lárusi Ingimarssyni og tók vörur í staðinn. Ekki kvaðst hann muna, hvenær þau viðskipti fóru fram. Um svipað leyti og hann seldi Lárusi kvaðst hann hafa flutt 100 pörin, sem eftir voru, í skúrinn.

Síðar lagði stefnandi fram reikning Lárusar yfir vörur þessar. Er reikningurinn dagsettur 25. ágúst 1961, og eru þar greindar eftirfarandi vörur:

„300 dósir Bryllantine á 12/50	kr.	3.750.00
100 stk. Stæl slifsi á 15/—	—	1.500.00
400 dósir minni Bryllantine á 7/—	—	2.800.00
200 pör eyrnalokkar á 50/—	—	10.000.00
50 do minni á 35/—	—	1.750.00
55 pör silfurlokkar á 85/—	—	4.675.00
200 dósir vaseline á 6/—	—	1.200.00
20 karton rakvélablöð á 35/—	—	700.00
	Kr.	26.375.00“

Nylonsokkana kvaðst stefnandi hafa fengið sumpart hjá Lárusi í sambandi við skóviðskiptin, en sumpart hjá Kristni syni sínum í sambandi við bílaviðskipti. Nylonsokkana kvaðst hann hafa látið í skúrinn rétt eftir áramótin. Áður hefði sumt af þeim verið í bílskúr undir húsinu Álfhólsvegi 66, en sumt í Reykjavík hjá Kristni.

Eyrnalokkana kvaðst stefnandi hafa keypt mestalla frá Lárusi Ingimarssyni, í tvennu lagi, í síðara skipti í sambandi við vöruskiptin út af skónum.

Rakvélarnar kvaðst stefnandi hafa fengið í sambandi við skóviðskiptin við Lárus Ingimarsson. Þær hafi líklega verið talsvert innan við 100.

Hárkrem og hárolíur hafi allt verið frá Lárusi Ingimarssyni, tekið upp í skóviðskiptin, hárkremið í plastdósum, en hárolían í glerumbúðum.

Hálsbindin hafi sumpart verið frá Lárusi, en sumpart frá Sturlaugi Friðrikssyni, fengin fyrir milligöngu Kristins sonar hans.

Plastleikföngin kvað stefnandi hafa verið frá Sturlaugi, fengin með milligöngu Kristins.

Vaselínið kvaðst stefnandi hafa fengið frá Lárusi í sambandi við skóviðskiptin.

Þá skýrði stefnandi svo frá, að vörulagerinn hefði ekki verið kominn í skúrinn, þegar hann bað um vátrygginguna í Sjóvátryggingarfélaginu. „Dótið" kvað hann þá hafa verið á þrem stöðum, í bílskúrnum undir húsinu Álfhólsvegi 66, hjá Kristni syni hans og í Borgartúni á sendibílastöðinni.

Í sakadómi 28. marz 1962 skýrði stefnandi frá því, að á árunum 1958 eða 1959 hefði hann átt viðskipti við Lárus Ingimarsson. Þá hafi verið um slétt skipti á vörum að ræða. Lárus hafi þá greitt með ýmiss konar vörum, sem verðlagðar hafi verið á kr. 50.000.00, og hafi mest af þeim vörum verið í brunanum. Stefnandi kvað Lárus þó ef til vill hafa greitt eitthvað lítils háttar í peningum. Aðspurður, hvaða vörur aðrar en eyrnalokka hann hafi fengið í fyrri viðskiptunum við Lárus, kvaðst stefnandi ekki muna. Þá skýrði hann frá því, að allar smávörur, eldri sendingin frá Lárusi og eitthvað af hinu, hafi verið í bílskúr undir húsinu nr. 66 við Álfhólsveg, er tryggingarbeiðnirnar til Brunabótafélagsins og Sjóvátryggingarfélagsins voru sendar. Vörurnar hafi hann flutt í útiskúrinn eftir áramótin, þar sem hann hafi þurft að losa bílskúrinn.

Vitnið Gunnar Jóhannsson kveðst í ágúst eða september 1961 hafa selt stefnanda rúmlega 400 pör af ónotuðum kvenskóm, sem komin voru úr tízku.

Vitnið Lárus Ingimarsson kveðst tvisvar hafa átt viðskipti við stefnanda, árið 1958 og aftur í sambandi við skókaupin. Bæði skiptin kveðst vitnið hafa afhent ýmiss konar vörur og í síðara skiptið vörur fyrir rúmar 26.000.00 krónur.

Vitnið Kristinn Marinó Gunnarsson, sonur stefnanda, gaf skýrslu í sakadómi 29. marz 1962. Kvaðst vitnið hafa um áramótin áður átt viðskipti við Friðrikku Betu Líkafrónsdóttur. Vitnið kvaðst hafa keypt 2 bíla af henni. Kvaðst vitnið ekki muna kaupverðið, en vitnið kvaðst hafa látið Friðrikku Betu hafa í skiptum vörur að verðmæti um kr. 50.000.00, sem vitnið kvaðst hafa fengið í bílaskiptum við Sturlaug Friðriksson. Þessar vörur kvað vitnið hafa verið mestmegnis leikföng. Alls kvaðst vitnið hafa keypt vörur af Sturlaugi fyrir kr. 100.000.00 í bílaviðskiptunum. Helminginn af vörunum hafi Friðrikka Beta fengið, en það, sem þá hafi verið eftir, hafi verið gefið á tombólu.

Vitnið Sturlaugur Friðriksson gaf skýrslu í sakadómi 30. marz

1962. Kvaðst vitnið hafa keypt 3 bílgarma á árinu 1960 af Kristni Marinó Gunnarssyni og hafa greitt þá alla með vörum og hafi kaupverð allra bílanna verið kr. 40.000.00. Vitnið kvaðst vera alveg visst um, að þetta hafi verið heildarverðið. Meðal varanna kvaðst vitnið muna eftir sjómannavettlingum, sokkum, kexi, lítils háttar af leikföngum, jólakortum, grammófónplötum og ýmsu smádóti. Vitnið kvaðst hafa farið snemma á árinu 1961 til Kristins Marinós í því skyni að rifta kaupunum og fá vörurnar aftur. Vörurnar hafi þá verið farnar úr geymslu þeirri, sem vitnið lét þær í, og hafi Kristinn Marinó sagt, að vörurnar væru farnar út í veður og vind og hefði hann farið með sumt af þeim norður í Skagafjörð og losnað við þær þar. Þá kvaðst vitnið hafa keypt bíl af Kristni Marinó 1959 eða 1960 og greitt þann bíl með radiogrammófóni með plötum og 7 gráum kvenkápum. Sá bíll hafi verið metinn á kr. 20.000.00.

Sama dag var Kristinn Marinó Gunnarsson aftur kvaddur fyrir réttinn. Neitaði hann þá að bera vitni og bar fyrir sig heimild 89. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Vitnið Stefán Jóhann Jóhannsson kveðst hafa verið viðstatt bíla- og vörukaup Sturlaugs Friðrikssonar og Kristins Gunnarssonar, en ekki lagt á sig verð það, sem bílar eða vörur hafi verið reiknað á, enda litið á hvort tveggja sem rusl.

Rannsókn málsins hjá lögreglu og sakadómi Kópavogs beindist meðal annars að brunaleifunum. Þann 24. marz tíndi lögreglan saman úr brunarústunum ýmsa muni, er nú skal greina: 24 stk. af skóm, 14 stk. af eyrnalokkum, 20 stk. af kremi, sennilega hárkremi, og eftirtalda bílahluta: 5 slitnir hjólbarðar, 4 hemlaskálar, 1 reimskífa, 2 rafalar, lofthreinsari, „tjakkur", miðstöð, tannhjól, flauta, hulsa, 2 kúplingsplön, öxull, fjaðrasamstæða, kassi með ýmsum smáhlutum, nokkrar keðjur. Ekki urðu þeir varir við neinar leifar af flöskugleri eða neitt, sem bent gæti til þess, að þarna hefðu brunnið flöskur eða glös né neitt, sem benti til plasthlutanna, nylonsokka, hálsbinda, rakvéla eða tréleikfanga. Þann 27. marz fór lögreglan aftur á staðinn og safnaði saman ösku, sem var færð til rannsóknar í Atvinnudeild Háskólans. Í vottorði deildarinnar segir, að við athugun hafi fundizt: „Slétt gler, 6 mm. þykkt h. u. b. 375 gr. Grænt flöskugler nokkur brot. Rautt gler, þykkt (skál eða lok) 30 g. Litlaust gler þykkt (skál eða lok) 90 g. Litlaust gler, bráðnir klumpar 40 g. Auk þess var mikið af ýmiss konar járnarusli, tölum, hálfbrunnum við, ennfremur 2 eða 3 rafkerti úr bíl."

Vitnið Þorsteinn Gísli Árnason skoðunarmaður skoðaði brunaleifarnar 24. marz. Vitnið, sem kvaðst ekki vera fastur starfsmaður stefnda, en framkvæma ýmsar skoðunargerðir fyrir hin ýmsu tryggingafélög, segir m. a.: „Skúrinn var allur brunninn. Eftir að nákvæm skoðun hafði farið fram á brunarústunum, tel ég engar líkur vera fyrir því, að megnið af þeim vörum, sem nefndur Gunnar gaf upp, hafi verið í skúrnum."

Kveður vitnið það álit sitt, að litlar líkur séu fyrir því, að vörutegundir þær, sem stefnandi gaf upp, hefðu verið í skúrnum í því magni, sem stefnandi taldi að verið hefði. Kveðst vitnið ekki vilja synja fyrir það, að sumar vörutegundir, sem stefnandi taldi upp, hefðu verið í skúrnum, þegar hann brann, en álítur, að það hljóti að hafa verið um minna magn að ræða en stefnandi taldi upp. Eftir sinni reynslu hefðu brunaleifarnar átt að vera mun meiri, ef magn það, sem stefnandi taldi, að verið hefði í skúrnum, hefði brunnið.

Eiginkona stefnanda, Friðrikka Beta Líkafrónsdóttir, hefur í sakadómi skýrt svo frá, að eiginmaður hennar hafi geymt ýmsar vörur, svo sem skótau o. fl., í skúrnum, sem brann. Ekki kveðst hún hafa komið í skúrinn og séð þessar vörur þar, en kveðst hafa séð og fylgzt með, er þær voru fluttar þangað inn úr bílskúr þeirra hjóna. Hafi þessir flutningar átt sér stað um jólaleytið 1961. Ekki kveðst hún vita til, að neitt væri flutt úr skúrnum, eftir að þessar vörur voru fluttar inn í hann.

Í skýrslu sinni til stefnda frá 24. marz 1962 kvaðst stefnandi hafa keypt skúrinn, sem brann, fyrir kr. 5.000.00, en síðar hefði hann þiljað hann að innan og gert á honum aðrar lagfæringar. Skúrinn hafi ekki verið einangraður, rafmagnslaus, negldur aftur og gluggalaus. Í sakadómi skýrði stefnandi frá því, að skúrinn hefði hann keypt 2—3 árum áður. Umsamið hafi verið, að hann greiddi skúrinn með 4—5 bílhlössum af sandi, en bílhlassið (35 tunnur) hefði hann reiknað á kr. 840.00. Seljandinn, Björn Aðils Kristjánsson, skýrði svo frá í sakadómi 18. apríl 1962, að um það bil tveimur árum áður hefði hann selt stefnanda „lítinn bárujárnsskúr á grind og með trégólfi" og hafi svo um samizt, að stefnandi léti í té tvö bílhlöss (30—35 tunnur) af pússningasandi, en verðið á tunnunni hafi verið kr. 16.00, að því er hann minnti.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi brunatryggt margnefndan skúr fyrir kr. 10.000.00 og vörur í honum fyrir kr. 150.000.00, sbr. brunatryggingarskírteinin, sem frammi liggja

í málinu. Hann hafi greitt tryggingariðgjaldið. Skúrinn og vörurnar hafi því næst brunnið, án þess að upplýst sé um orsakir að eldsupptökum. Skúrinn hafi hann miðað við hækkandi verðlag og endurbætur stefnanda verið að verðmæti kr. 10.000.00 og vörurnar hafi verið að verðmæti 150.000.00. Beri stefnda sem vátryggjanda varanna því að greiða stefnanda tryggingarféð, kr. 160.000.00. Stefndi hafi ekki sannað, að bótafjárhæðin nemi hærri kröfu en fjárhæð tjónsins, en sönnunarskyldan um það hvíli á stefnda, þar sem um verðsetta tryggingu sé að ræða, sbr. 39. gr. laga nr. 20/1954. Stefnandi leggur áherzlu á, að þegar Jón Pétursson hafi komið heim til stefnanda, hafi honum verið boðið að skoða vörurnar og skúrinn, en um það hafi hann ekki hirt. Verði stefndi einnig að bera hallann af því, að umboðsmaður hans lét undir höfuð leggjast að skoða hin vátryggðu verðmæti. Stefnandi telur, að hann hafi ekki dregið óhæfilega lengi að tilkynna stefnda um vátryggingaratburðinn, þar sem hann hafi tilkynnt Jóni Péturssyni strax í hádeginu um brunann.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sviksamlega gefið rangar upplýsingar um atriði, sem skipti máli fyrir félagið, þannig að vátryggingarsamningurinn sé ekki bindandi fyrir félagið, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Enn fremur telur stefndi, að framkoma stefnanda hafi einnig að öðru leyti verið með þeim hætti, að það mundi almennt vera talið óheiðarlegt að bera vátryggingarsamninginn fyrir sig. Í fyrsta lagi hafi stefnandi leynt stefnda því, að hann hafði gert tvær tilraunir til þess að tryggja hagsmuni sína. Telur stefndi svo sterkar líkur fram komnar, að stappi nærri fullkominni sönnun, að stefnandi hafi tekið miklu hærri tryggingu en verðmæti þeirra hagsmuna, sem tryggðir voru. Við hinn munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að raunverulega væri sannað, að þær vörur, sem stefnandi haldi fram, að í skúrnum hafi verið, hafi ekki verið þar, þegar hann brann. Þá hafi skúrinn verið nær einskis virði eða mjög lítils virði. Stefndi heldur því fram, að hann hefði ekki tekið að sér að tryggja skúrinn og vörurnar, ef hann hefði fengið réttar upplýsingar um málavexti. Telur stefndi svo sterkar líkur leiddar að því, að um vátryggingarsvik hafi verið að ræða, að leggja beri sönnunarbyrðina á stefnanda um, að verðmæti þau, sem brunnu, hafi verið í skúrnum og þess virði, sem stefnandi haldi fram og þau voru tryggð fyrir, en stefnanda hafi ekki tekizt að sanna þetta. Í því sambandi telur stefndi ekki skipta máli, þó að saksóknari hafi ekki

séð ástæðu til að ákæra stefnanda fyrir vátryggingarsvik. Stefndi bendir á, að vitnið Gunnar Jóhannsson hafi aðeins talið sig hafa selt stefnanda 400 pör af skóm, eða það magn, sem stefnandi viðurkenni að hafa selt Lárusi Ingimarssyni. Stefnanda hafi ekki tekizt að leggja fram skrá yfir þær vörur, sem hann kveðst hafa fengið í skiptum sínum við Lárus Ingimarsson 1958, enda dregur stefndi mjög í efa, að svo gamlar vörur hafi verið í skúrnum. Með samanburði á lista þeim, sem stefnandi lét stefnda í té yfir vörur, sem hefðu verið í skúrnum, er hann brann, og á reikningi yfir vörur, sem stefnandi keypti af Lárusi Ingimarssyni árið 1961, telur stefndi bersýnilegt, að nánast sé um sömu vörur að ræða. Aðrar vörur hafi stefnandi ekki nefnt fyrr en í yfirheyrslu fyrir sakadómi 26. marz. Engir reikningar eða gögn séu til yfir þessar vörur. Vætti vitnisins Kristins Marinós sé mjög tortryggilegt og það vitni hafi neitað að tjá sig, eftir að vitnið Sturlaugur Friðriksson hafði skýrt frá viðskiptum þeirra. Stefndi viðurkennir, að umboðsmanni sínum hafi orðið á mistök, er hann lét undir höfuð leggjast að skoða hin tryggðu verðmæti, en þessi mistök telur stefndi ekki geta réttlætt framkomu stefnanda. Loks bendir stefndi á, að jafnvel þótt umboðsmaður sinn hefði skoðað vörurnar, væri engin vissa fyrir því, að þær hefðu verið í skúrnum, er hann brann. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi tilkynnt brunann allt of seint og kunni ábyrgð hans af þeim ástæðum að hafa fallið niður eða orðið minni. Varakröfu sína byggir stefndi á því, að vörur þær, sem stefnandi telur, að verið hafi í skúrnum, hafi nánast verið óseljanlegar og því miklu minna virði en stefnandi vilji vera láta. Skúrinn hafi einnig verið mjög lítils virði, í mesta lagi kr. 1.120.00 til 4.200.00 krónur.

Við hinn munnlega málflutning sundurliðaði umboðsmaður stefnanda áætlað verðmæti hinna brunnu vara þannig:

1.	Vörur frá Lárusi Ingimarssyni frá árinu 1958	kr	50.000.00
2.	Vörur frá sama til greiðslu á skóm	—	26.375.00
3.	Vörur frá Kristni Marinó frá des. 1961	—	50.000.00
4.	100 pör af skóm (eftirstöðvar af skóm frá Gunnari Jóhannssyni)	—	5.000.00
5.	Bílavarahlutir ýmiss konar	—	17.000.00

Ekki verður fallizt á það með stefnda, að stefnandi hafi dregið svo að tilkynna stefnda um brunann, að það út af fyrir sig eigi að horfa til lækkunar á bótum honum til handa.

Eins og fyrr er rakið, skýrði stefnandi svo frá í sakadómi, að vörurnar hefðu ekki verið komnar í skúrinn, þegar hann átti viðskiptin við tryggingaumboðsmenn Brunabótafélagsins og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Hann kvaðst hins vegar hafa flutt vörurnar í skúrinn eftir áramótin. Er hann gaf þessa skýrslu fyrir sakadóminum, var því ekki liðinn nema stuttur tími, frá því að hann flutti vörurnar í skúrinn. Þrátt fyrir það gat hann ekki tilgreint annað en eyrnalokka úr vörusendingunni frá Lárusi Ingimarssyni frá árinu 1958. Mest af þeim vörum telur stefnandi þó að verið hafi í skúrnum, þegar hann brann, og metur hann þær á kr. 50.000.00. Verður að telja skýrslu stefnanda að þessu leyti mjög tortryggilega. Ekki virðast brunaleifarnar eða önnur ummerki á brunastað heldur styrkja skýrslu stefnanda um vörur þessar.

Skýrsla vitnisins Kristins Marinós um það, að hann hafi um áramótin selt eiginkonu stefnanda vörur fyrir kr. 50.000.00, er með hliðsjón af vætti vitnisins Sturlaugs Friðrikssonar og öðrum gögnum málsins einnig mjög tortryggileg, enda neitaði vitnið Kristinn Marinó að gefa skýrslu að nýju, eftir að Sturlaugur hafði komið fyrir dóm.

Þegar þetta er virt, þykir, eins og málavöxtum öllum er háttað, verða að leggja sönnunarbyrðina á stefnanda um það, að hann hafi flutt vörur þær, sem hér voru greindar og hann verðleggur samtals á kr. 100.000.00, í skúrinn. En það þykir stefnandi ekki hafa sannað nægjanlega.

Þess er áður getið, að stefnandi hafði gert tvær tilraunir til þess að brunatryggja skúrinn og vörur í honum fyrir háar fjárhæðir, án þess að vörurnar væru til staðar í skúrnum, þegar umboðsmenn tryggingafélaganna komu á staðinn.

Þá er einnig fram komið í málinu, að skúrinn hefur verið léleg geymsla.

Er stefnandi tók trygginguna hjá stefnda, bar honum með tilliti til viðskipta hans við hin tryggingafélögin að upplýsa stefnda um þau viðskipti, skýra frá ástandi skúrsins og gera grein fyrir vörunum. Stefnandi hefur ekki sannað, að hann hafi gætt þessarar skyldu sinnar. Verður því, eins og atvikum öllum er háttað og þrátt fyrir það skeytingarleysi Jóns Péturssonar að skoða ekki skúrinn, þegar hann fór til að afhenda tryggingarskírteinin, að fallast á það með stefnda, að hann mundi ekki hafa tekið að sér að tryggja vörur stefnanda, ef hann hefði haft réttar upplýsingar um aðstæður. Í því sambandi þykir ákvæði 39.

gr. laga nr. 20/1954 ekki skipta máli, eins og atvikum er háttað. Af þessum ástæðum verður að líta svo á, að tryggingarsamningurinn um vörurnar hafi af hálfu stefnda verið gerður á röngum forsendum. Leiðir það til þess, að tryggingarsamningur þessi er ekki bindandi fyrir stefnda. Verður krafa hans um sýknu því tekin til greina að því leyti.

Hins vegar þykir stefndi, eins og málavöxtum er háttað, eiga að greiða stefnanda bætur fyrir hinn brunna skúr. Þykir hæfilegt að stefndi bæti stefnanda skúrinn með kr. 3.500.00.

Vaxtakrafa stefnanda hefur ekki sætt andmælum. Verður stefnda því dæmt að greiða stefnanda 8% ársvexti af framangreindri fjárhæð frá 23. marz 1962 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 2.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Árnasyni kaupmanni og Geir Arnesen efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggingamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 3.500.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 86/1965. **Walter Lentz og Ragnheiður Sigurðardóttir**
(Árni Guðjónsson hlr.)
gegn
Dráttarvélum h/f
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarréttarfyrirvari. Traustnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. apríl 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar 29. apríl 1965 og krafizt

þess, að synjað verði innsetningargerðar og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi seldi hinn 15. desember 1961 Arinbirni Jónssyni kaupmanni eldavélarsamstæðu þá, sem í málinu greinir, og áskildi sér eignarrétt að henni, unz kaupverð hennar, er greiðast skyldi að nokkru með borgun út í hönd og að nokkru eftir víxlum, væri að fullu greitt. Var eldavélarsamstæðan samkvæmt gerð sinni felld sem einn hluti inn í innanbúnað á eldhúsi í húsinu nr. 145 við Hvassaleiti í Reykjavík. Þau Arinbjörn Jónsson og kona hans seldu áfrýjendum nefnt hús með kaupsamningi 30. október 1962 og afsali 2. janúar 1963. Með því að kaupverð það, sem Arinbirni Jónssyni bar að greiða fyrir eldavélarsamstæðuna, hefur eigi verið innt af hendi af hluta, krefst stefndi þess, að honum verði með aðstoð fógeta afhent eldavélarsamstæðan.

Þar sem eldavélarsamstæðan var felld inn sem einn hluti af innanbúnaði í eldhúsinu á nefndu húsi og áfrýjendur keyptu húsið grandlaus um eignarréttarfyrirvarann, verður honum eigi beitt gegnt áfrýjendum, sem öðlazt hafa traustnámsrétt til eldavélarsamstæðunnar. Ber því að synja um innsetningargerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Synjað er um krafða innsetningargerð.

Stefndi, Dráttarvélar h/f, greiði áfrýjendum, Walter Lentz og Ragnheiði Sigurðardóttur, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 12. desember 1964.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Dráttarvéla h/f, hér í borg, er þess krafizt, að eldavélarsamstæða (ofn og plötur) af gerðinni Westinghouse verði tekin úr umráðum gerðarþolanna, Walter Lentz og Ragnheiðar Sigurðardóttur, Hvassaleiti 145, hér í borg, og gerðarbeiðanda fengin umráð hennar. Þess er og krafizt, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Þau hafa krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að borga málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 4. þ. mán.

Fyrir liggur í máli þessu, að hinn 15. desember 1961 seldi gerðarbeiðandi, Dráttarvélar h/f, Arinbirni nokkrum Jónssyni eldavélarsamstæðu (ofn og plötur) af gerðinni Westinghouse fyrir kr. samtals 19.570.00. Greiddi Arinbjörn við samningsgerð þessa kr. 1.930.00, en samþykkti víxla fyrir eftirstöðvunum, hvern að fjárhæð kr. 1.930.00, og skyldu þeir greiðast 15. hvers mánaðar á tímabilinu 15. janúar 1962 til og með 15. september 1962. Að öðru leyti var um kaup þessi gerður skriflegur samningur, og er seljanda þar áskilinn eignarréttur að hinu selda, unz kaupverð sé að fullu greitt, og tekið fram, að samþykktir víxlar eða greiðsla með ávísun upphefji ekki eignarréttinn, fyrr en full greiðsla sé komin. Ef vanskil verða, er seljanda heimilt að taka hið selda þegar í stað. Vísast að öðru leyti til samnings þessa, sem lagður er fram í málinu sem rskj. nr. 3.

Tæki þessi voru síðan sett í eldhús í húsi Arinbjarnar að Hvassaleiti 145, hér í borg.

Þá liggur fyrir í málinu, að Arinbjörn Jónsson og kona hans, Guðrún Gísladóttir, afsala hinn 2. júní 1963 þeim Walter Lentz og Ragnheiði Sigurðardóttur nýnefndri fasteign, sjá rskj. nr. 12. Hinn 30. október 1962 höfðu sömu aðiljar gert með sér kaupsamning, sjá rskj. nr. 11. Þar er tekið fram, að meðal annarra lausafjármuna, sem seld séu með eigninni, sé rafmagnseldavél og rafmagnsbakarofn.

Svo er frá skýrt af hálfu gerðarbeiðanda, að Arinbjörn Jónsson hafi borgað fyrstu 4 víxlana með skilum, sbr. uppgjör innheimtubanka á rskj. nr. 6, en síðari víxlana 5 hafi hann ekki borg-

að og hafi loks verið höfðað mál til að innheimta þá og um það mál hafi gengið dómur bæjarþings Reykjavíkur nr. 2262/1963, uppkveðinn 27. marz 1963, sjá rskj. nr. 4 í máli þessu. Bú Arinbjarnar hafi síðan verið tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, sjá vottorð skiptaráðanda á rskj. nr. 9, en skipti svo felld niður 14. ágúst 1964, er fram hafði komið, að engar eignir voru í búinu og hafi þessum innheimtuaðgerðum þar með verið lokið. Vísast hér til endurrits af skiptabók Reykjavíkur á rskj. nr. 10.

Þegar innheimtuleiðin hafi þannig verið reynd til þrautar, hafi gerðarbeiðandi nú freistað að fara þá leið aðra, sem samningurinn á rskj. nr. 3 veitti, sem sé að taka aftur hina seldu muni vegna hinna verulegu vanskila, sem þannig hafi orðið. Þessi réttur hafi verið algerlega ótvíræður. Samkvæmt samningnum sé eignarréttur að hinu selda hjá seljanda, þar til greitt hafi verið að fullu í peningum, en kaupandi aðeins haft afnotarétt. Víxlar þeir, sem kaupandi hafi samþykkt, séu aðeins tryggingarvíxlar, þar eð samningurinn segi berum orðum, að tilvist þeirra breyti engu í þessu efni, heldur ekki það, hvort kaupendurnir voru grandlausir um eignarréttarfyrirvarann. Hvíli engin þinglýsingar- eða skrásetningarskylda á rétthafa slíks samnings sem þessa.

Gerðarbeiðandi vísar í þessu sambandi til bréfs, sem hann hefur skrifað gerðarþola, Walter Lentz, dags. 24. september s.l., rskj. nr. 5. Þar krefst gerðarbeiðandi þess, að eldavélarsamstæðunni verði skilað eða skuldin, kr. 9.800.00, ásamt vöxtum greidd innan tiltekins frests.

Af hálfu gerðarþola er bent á þá viðskiptavenju, að eldhústæki sem þessi fylgi með í kaupum og sölu fasteigna, nema annað sé fram tekið sérstaklega, og ekkert hafi verið vitað um eignarréttarfyrirvara þennan, er þessi kaup gerðust. Raunar hafi eignarréttarfyrirvari þessi verið ógildur frá upphafi vega, þar eð Arinbjörn hafi borgað tækin að fullu með víxlum, sem hver um sig sé alveg sjálfstætt viðskiptabréf, og í því sambandi skipti engu klausa sú, sem í samningnum greinir, að samþykki víxla skipti ekki máli um eignarréttinn. Slík ákvæði séu eðli málsins samkvæmt allsendis ógild. Því er mótmælt, að Arinbjörn hafi greitt suma víxlana.

Mætt hefur sem vitni í málinu Gísli Jónsson, Ægisgötu 10, hér í borg, en dóttir hans Guðrún var í hjúskap með Arinbirni Jónssyni, er kaupsamningur og afsal til gerðarþola fóru fram. Segist

Gísli hafa verið milligöngumaður um sölu þessa og samningsgerð fyrir hönd seljenda. Segist hann alls ekki hafa vitað um neinar kvaðir á eldavélarsamstæðu þessari, er hann auglýsti og seldi eignina, en aðeins hafa farið eftir veðbókarvottorði um áhvílandi skuldir og kvaðir. Hann hyggur, að kaupendum hafi verið ókunnugt um nokkrar kvaðir á samstæðunni.

Það ákvæði samningsins á rskj. nr. 3, að gerðarbeiðandi héldi eignarrétti sínum að hinum umdeildu tækjum, unz hann hefði fengið fulla greiðslu í peningum, ber að meta gilt að öllu leyti. Og með því annars vegar, að gerðarbeiðandi hefur reynt til þrautar, en árangurslaust, að innheimta víxla þá, sem samþykktir voru vegna kaupmanna, og hins vegar, að hann hefur eftir atvikum gert fullnægjandi grein fyrir þeim, þykir rétt að leyfa endurheimtu tækjanna með tilvísun til samningsins. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt Arinbjörn Jónsson hafi fengið öðrum umráð yfir tækjum þessum né heldur grandleysi þeirra í þessu efni.

Verður fógetagerð þessi látin ná fram að ganga, og þykir rétt, að gerðarþolar greiði in solidum gerðarbeiðanda málskostnað, sem er hæfilega tiltekinn kr. 2000.00.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþolar greiði in solidum gerðarbeiðanda kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 115/1965. **Gunnar Pétursson** (Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Vélsmiðjunni Héðni h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgreiðsla í slysaforföllum samkvæmt lögum nr. 16/1958.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962, dags. 28. júní 1965. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.867.60 ásamt 8% ársvöxtum frá 17. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Áfrýjandi réðst til stefnda í janúarmánuði 1948 og var í þjónustu stefnda, unz hann hinn 3. janúar 1962 slasaðist að íþróttaæfingum og varð óvinnufær. Hafði áfrýjandi þá áunnið sér eins mánaðar uppsagnarfrest samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 16/1958. Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um laun 14 daga eftir slysið og styður þá kröfu sína við 4. gr. nefndra laga, sem hljóðar svo: „Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.“ Lagaboð þetta takmarkast ekki af neinu öðru ákvæði laganna, að því er slys varðar. Á hinn bóginn er svo kveðið á í 6. og 7. gr. laganna, að ákvæði þeirra haggi ekki samningum um greiðslu „atvinnurekenda á sjúkrapeningum til starfsmanna“, að ákvæði samnings milli atvinnurekenda og launþega, sem brjóta í bága við lögin, séu ógild, ef þau rýra rétt launþega, og að haldast skuli „þau réttindi,

sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venjum í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði þessara laga.“ Með hliðsjón af þessum ákvæðum og þeim sjónarmiðum, sem liggja þeim til grundvallar, eru eigi efni til í máli þessu að beita þrengjandi lögskýringu, að því er varðar nefnda 4. gr., sem samkvæmt fortakslausum orðum sínum tekur í skiptum aðilja til slyss áfrýjanda. Ummæli á Alþingi í sambandi við setningu laganna, sem getið er í héraðsdómi, breyta hér engu um, eins og á stendur, gegnt afdráttarlausum ákvæðum lagatextans.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, á áfrýjandi rétt til fullra launa greint tímabil úr hendi stefnda.

Krafa áfrýjanda er samkvæmt reikningi stéttarfélags hans, Félags járniðnaðarmanna, sundurliðuð þannig:

1. Laun 14 daga	kr.	2.620.00
2. Föst eftirvinna 10 daga, 2 tíma á dag	—	896.00
3. 10% yfirgreiðsla	—	351.60
	Kr.	3.867.60

Reikningi þessum hefur ekki verið hnekkt, og ber stefnda að greiða áfrýjanda nefnda fjárhæð með vöxtum, eins og síðar greinir, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði áfrýjanda, Gunnari Péturssyni, kr. 3.867.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. janúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., hefur Gunnar Pétursson vélvirki, Hringbraut 107, Reykjavík, höfðað fyrir bæjar-

þinginu með stefnu, birtri 23. janúar 1964, gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3.867.60 með 8% ársvöxtum frá 17. janúar 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda auk hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í málinu, en það hefur eigi tekizt.

Málavexti segir stefnandi þá, að hann hafi ráðizt til vinnu hjá stefnda í janúarmánuði 1948. Hafi hann fyrstu fjögur árin unnið sem iðnnemi, en frá því í janúar 1952 sem vélvirki. Um kaup og kjör kveður hann hafa gilt samninga Félags járniðnaðarmanna, er hann sé félagsmaður í, en auk þess hafi hann fengið 10% álag á umsaminn taxta. Hinn 3. janúar 1962 varð stefnandi fyrir slysi á íþróttaæfingu með þeim afleiðingum, að hásin slitnaði, og varð hann óvinnufær frá og með 4. jan. 1962 og fram á útmánuði sama ár.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958 telur stefnandi sig eiga rétt á óskertu kaupi í 14 daga eftir slysið, en stefndi hafi neitað að greiða kaupið, þar sem slysið hafi ekki orðið við vinnu. Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að í nefndri lagagrein sé talað um forföll frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa. Hljóti orðið slys að merkja hér slys almennt, en ekki eingöngu slys á vinnustað, þar sem löggjafanum hafi verið í lófa lagið að þrengja merkingu orðsins, hafi það verið ætlunin með lagagreininni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeim rökum, að orðið slys í nefndri lagagrein eigi eingöngu við slys, er verði á vinnustað eða í sendiferðum starfsmanna í þágu atvinnurekstrarins eða í nauðsynlegum ferðum til og frá vinnu, en hins vegar taki orðið ekki til slyss almennt. Vitnar stefndi í þessu sambandi í bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands, dags. 15. apríl 1964. Þar segir m. a. á þessa leið:

„Vér viljum í þessu sambandi taka fram, að vér álítum fráleitt, að vinnuveitandi verði kaupgreiðsluskyldur í slíkum tilfellum. Teljum vér, að kaupgreiðsluskylda skv. lögunum eigi eingöngu við um slys, sem verða, þegar starfsmaður er raunverulega í þjónustu vinnuveitanda eða í tengslum við störf hjá honum, en ekki, þegar hann er í einhvers konar sjálfsmennsku, svo sem í íþróttum meira og minna hættulegum, veiðiferðum, byggingum fyrir sjálfan sig o. s. frv. Túlkun þessari á lögunum höfum vér ávallt fylgt, síðan þau gengu í gildi.“

En það, sem taki þó af öll tvímæli í þessu efni, séu umræðurnar, er fram fóru á Alþingi um frumvarp til laga nr. 16/1958. Hafi frumvarp þetta verið flutt sem stjórnarfrumvarp og aðalræðumaður verið þáverandi félagsmálaráðherra, og hafi það verið álit hans svo og framsögumanna beggja þingdeilda, að hugtakið „bótaskylt slys" samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958 beri að skilja á nákvæmlega sama hátt og hugtakið er skýrt í þáverandi lögum um almannatryggingar nr. 24/1956, en í 30. gr. þeirra laga er það gert á þennan veg:

„Slys er það samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær. Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna." Ákvæði þetta sé öldungis samhljóða 29. gr. núgildandi laga um almannatryggingar nr. 40/1963. Það sé þannig vafalaust, að stefnandi eigi ekki rétt á hinu umkrafða kaupi. Sú lagagrein, sem hér skal túlka, er 4. gr. laga nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Lagagrein þessi hljóðar svo: „Fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa."

Af orðalagi lagagreinar þessarar verður ekki ráðið, hvort orðið slys taki til slysa almennt eða merking orðsins sé þrengri í þessu tilviki. En við athugun á greinargerð (athugasemdum) með frumvarpi til laga þessara svo og umræðum um þau á Alþingi sést, að tilgangur lagasetningarinnar hefur m. a. verið að veita tíma- og vikukaupsmönnum sama rétt til kaupgreiðslna í slysa- og veikindaforföllum og fastir starfsmenn höfðu áður notið samkvæmt 86. gr. laga nr. 24/1956 um almannatryggingar. Samkvæmt 30. gr. þeirra laga er slys skilgreint þannig: „Slys er það samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær.

Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá,

enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna ....“

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sést, að með orðinu „slys“ er ekki átt við slys almennt, heldur er merking þess þrengd þannig, að það hafi viljað til við vinnu eða í allnánum og eðlilegum tengslum við hana. Stefnandi var hins vegar á íþróttaæfingu, er slysið vildi til, sem hér er um fjallað. Verður því ekki talið, að hann eigi samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958 rétt til neinna launa úr hendi stefnda, og ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Gunnars Péturssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 139/1965. **Óskar Guðmundsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Jóni Bjarnasyni f.h. Spörtu, Reykjavík
(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Víxlar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965 og krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrirtækið Sel er samþykkjandi víxla þeirra, er mál þetta fjallar um. Áfrýjandi bar ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins, þegar víxlarnir voru samþykktir. Ekki var gætt ákvæða 2. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903, þegar fyrirtækið var tilkynnt til firmaskrár, en eigi þykir það eiga að draga úr ábyrgð þeirri, sem áfrýjandi tók á sig með tilkynningunni, sem birtist í Lögbirtingablaðinu hinn 13. marz 1963 og skráð var í firmaskrá. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber því að staðfesta hann að öðru en því, að áfrýjanda verður aðeins gert að greiða ⅓% þóknunargjald af kr. 142.796.40 og ⅔% þóknunargjald af kr. 10.000.00, en það er fjárhæð eina víxilsins, sem stefndi leysti til sín, sbr. 48. og 49. gr. laga nr. 93/1933. Með þessari breytingu eiga ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðar að vera óröskuð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ⅔% þóknunargjald greiðist af kr. 10.000.00 og ⅓% þóknunargjald af kr. 142.796.40.

Áfrýjandi, Óskar Guðmundsson, greiði stefnda, Jóni Bjarnasyni f. h. Spörtu, Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Spörtu, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, birtri 28. september 1964, gegn Óskari Guðmundssyni, Engjaveg 2, Selfossi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 152.796.40 með 9% ársvöxtum af kr. 10.000.00 frá 12. maí 1964 til 18. s. m., af kr. 20.000.00 frá þeim degi til 24. s. m., af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 40.000.00 frá þeim degi til 8. júní 1964, af kr. 47.291.00 frá þeim degi til 17. s. m., af kr. 77.291.00 frá þeim degi til 23. s. m., af kr.

102.796.40 frá þeim degi til 12. júlí 1964, af kr. 127.796.40 frá þeim degi til 21. s. m. og af kr. 152.796.40 frá þeim degi til greiðsludags, 2⅓% fjárhæðarinnar síðasttöldu í þóknun, kr. 1.091.00 í afsagnar- og stimpilkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu, þar með talinn löghaldskostnaður.

Jafnframt krefst stefnandi þess, að staðfest verði löghald, sem lagt var á eign stefnda, Engjaveg 2, Selfossi, 22. september 1964 til tryggingar skuld þessari.

Framangreinda skuld kveður stefnandi vera samkvæmt níu víxlum, útgefnum af stefnanda, en samþykktum til greiðslu af Ingólfi Kristjánssyni pr. pr. Sel, Klapparstíg 40, Reykjavík, til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, sem hér segir: Kr. 10.000.00 hinn 12. maí 1964, kr. 10.000.00 hinn 18. maí 1964, kr. 10.000.00 hinn 24. maí 1964, kr. 10.000.00 hinn 30. maí 1964, kr. 7.291.00 hinn 8. júní 1964, kr. 30.000.00 hinn 17. júní 1964, kr. 25.505.40 hinn 23. júní 1964, kr. 25.000.00 hinn 12. júlí 1964 og kr. 25.000.00 hinn 21. júlí 1964.

Fyrstu 5 víxlarnir eru allir útgefnir 24. febrúar 1964, 6. víxillinn er útgefinn hinn 3. marz 1964, 7. víxillinn er útgefinn hinn 23. marz 1964, og 8. og 9. víxillinn eru útgefnir 20. marz 1964.

Stefndi hefur krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins setti stefndi fram þá varakröfu, að hann yrði sýknaður í málinu að svo stöddu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. febrúar 1963 stofnaði stefndi firmað Sel, klæðagerð og verzlun, með Ingólfi Kristjánssyni. Var firmað skrásett í Reykjavík, og þar hvor stofnenda um sig ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, en nefndur Ingólfur hafði prókúruumboð fyrir það. Í auglýsingu, er birtist í Lögbirtingablaðinu hinn 13. marz 1963, um stofnun firmans segir, að Ingólfur Kristjánsson riti firmað þannig:

„Pr. pr. Sel, klæðagerð og verzlun,
Ingólfur Kristjánsson."

Stefndi seldi nefndu firma vörur, og mun það hafa verið einhvern tíma á fyrri hluta ársins 1964. Vörurnar voru greiddar með víxlum þeim, sem í máli þessu greinir. Ekki voru víxlarnir greiddir á gjalddaga, og voru sex víxlar, þeir er fyrst féllu í gjalddaga, því afsagðir sökum greiðslufalls, og kveðst stefnandi því hafa orðið að leysa þá til sín.

Hinn 22. september 1964 lét stefnandi leggja löghald á fasteign stefnda, Engjaveg 2, Selfossi, til tryggingar greiðslu skuldarinnar.

Í Lögbirtingablaði, dags. 6. júní 1964, birtist svohljóðandi yfirlýsing frá þeim Óskari Guðmundssyni, stefnda í máli þessu, og Ingólfi Kristjánssyni:

„Ég undirritaður, Óskar Guðmundsson, Engjavegi 2, Selfossi, tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hef selt Ingólfi Kristjánssyni, Kleppsvegi 52, eignarhluta minn í Sel, klæðagerð og verzlun, Klapparstíg 40, Reykjavík, og eru allar skuldbindingar firmans frá 1. janúar 1964 mér óviðkomandi.

Selfossi, 21. maí 1964.

Óskar Guðmundsson, Engjavegi 2, Selfossi.

Samkvæmt ofanrituðu hef ég frá og með 1. janúar 1964 keypt eignarhluta Óskars Guðmundssonar í Sel, klæðagerð og verzlun, hér í borg, og rek ég firmað frá sama tíma sem einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð.

Reykjavík, 21. maí 1964.

Ingólfur Kristjánsson, Kleppsvegi 52, Rvík."

Páll Lúthersson, eigandi Spörtu, hefur komið fyrir dóminn og skýrt m. a. svo frá, að áður en viðskipti þau áttu sér stað, er fyrrgreindir víxlar eru sprottnir af, hafi Ingólfur Kristjánsson verið búinn að segja sér, að stefndi í máli þessu ræki firmað Sel, klæða- og fatagerð og verzlun, með ótakmarkaðri ábyrgð ásamt Ingólfi. Kvað Páll viðskipti þessi hafa átt sér stað mörgum mánuðum áður en tilkynningin um úrsögn stefnda birtist í Lögbirtingablaðinu, og sagðist Páll þá ekkert hafa vitað um, að stefndi hefði í huga að segja sig úr fyrirtækinu né hafi Ingólfur Kristjánsson skýrt sér frá því, að stefndi hefði ætlað að ganga úr fyrirtækinu um áramótin 1963/1964.

Stefndi, Óskar Guðmundsson, hefur einnig komið fyrir dóminn og m. a. skýrt svo frá, að nafn hans undir margnefnt firma hafi einungis verið skrásett til málamynda, enda sé hann mágur Ingólfs Kristjánssonar og hafi hann gert þetta að hans beiðni af einhvers konar rælni og í athugunarleysi, enda hafi hann ekki haft minnstu hugmynd um fjárreiður fyrirtækisins, ekkert framlag greitt til þess og talið rekstur þess sér óviðkomandi. Hafi sér verið allsendis ókunnugt um tilvist þeirra víxla, sem um er deilt í máli þessu.

Skömmu eftir áramótin 1963/1964 kvaðst stefndi hafa beðið Ingólf að annast um, að tilkynning yrði send til lögskráningar

þess efnis, að hann væri ekki félagsmaður í fyrirtækinu. En tilkynningin hafi dregizt á langinn og muni ekki hafa verið send fyrr en í maímánuði 1964 og síðan birzt í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar gagnvart stefnda á því, að hann beri ótakmarkaða ábyrgð á fjárskuldbindingum Sels, klæðagerðar og verzlunar, og þar sem víxlarnir hafi verið samþykktir til greiðslu af prókúruhafa þess fyrirtækis, beri stefnda að greiða þá.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að nafn hans sé ekki á víxlunum og sé honum því ranglega stefnt í þessu víxilmáli, þar sem engir aðrir séu víxilskuldarar en þeir, sem standi á víxlinum. Þá bendir stefndi á það, að Ingólfur Kristjánsson hafi samþykkt víxlana pr. pr. Sel, en ekki vegna sameignarfélagsins Sels, klæðagerðar og verzlunar. Stefndi kveðst ekki vera eigandi þessa fyrirtækis, Sels, og mótmælir þess vegna, að þessi nafnritun á víxlunum geti leitt til víxilábyrgðar fyrir hann. Og þar sem hér sé um aðildarskort að ræða, hljóti hann að leiða til þess, að stefndi verði sýknaður af greiðslu á víxilkröfunum.

Af sömu ástæðum hefur stefndi mótmælt löghaldskröfunni. Og löghaldinu sjálfu hefur hann mótmælt sem ólöglega á lögðu, m. a. vegna þess, að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns. Þá telur stefndi enn fremur rangt, að staðfestingarmál á löghaldinu, sem gert var í Árnessýslu, sé höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu styður stefndi þeim rökum, að þó að talið yrði, að hann bæri ábyrgð á greiðslu víxlanna, þá sé sú ábyrgð afleidd ábyrgð fyrirtækisins og þurfi því fyrst að fá dóm yfir fyrirtækinu sem slíku, áður en fært sé að dæma hann persónulega til greiðslu víxlanna. Beri að sýkna sig að svo stöddu.

Samkvæmt fyrrgreindri auglýsingu í Lögbirtingablaðinu bar stefndi ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins, Sels, klæðagerðar og verzlunar. Sú ábyrgð stefnda stóð óbreytt, a. m. k. gagnvart grandlausum viðsemjendum fyrirtækisins, er viðskipti þau áttu sér stað, sem víxlar máls þessa eru sprottnir af. Því er ómótmælt, að vörur þær, sem víxlarnir voru samþykktir fyrir, hafi runnið til fyrirtækisins, og þó að víxlarnir séu samþykktir pr. Sel (stimpill) (sic.) Ingólfur Kristjánsson, en ekki pr. pr. Sel, klæðagerð og verzlun, þá verður samt að telja, að firmað Sel, klæðagerð og verzlun, hafi orðið bundið víxilábyrgð við þessa áritun. Verður því að dæma stefnda til að greiða víxla

þessa, þar sem hann bar á þessum tíma ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans, enda verður ekki á það fallizt með stefnda, að ábyrgð hans sé afleidd, þannig að fyrst þurfi að fá dóm yfir firmanu, áður en stefnandi geti snúið sér að honum.

Það er ekki skilyrði þess, að löghald sé lögmætt, að gerðarþola sé tilkynnt gerðin fyrirfram né heldur að hann sé viðstaddur hana, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann.

Greiðslustaður víxlanna var í Reykjavík. Var því heimilt samkvæmt 1. mgr. 20. gr. nefndra laga að höfða staðfestingarmál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Ber því að staðfesta löghaldið.

Samkvæmt þessum málalokum kemur varakrafa stefnda ekki til álita.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti nema því, að vextir frá og með 31/12 1964 ákveðast 8% ársvextir.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 23.500.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Óskar Guðmundsson, greiði stefnanda, Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Spörtu, kr. 152.796.40 með 9% ársvöxtum af kr. 10.000.00 frá 12. maí 1964 til 18. s. m., af kr. 20.000.00 frá þeim degi til 24. s. m., af kr. 30.000.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 40.000.00 frá þeim degi til 8. júní s. á., af kr. 47.291.00 frá þeim degi til 17. s. m., af kr. 77.291.00 frá þeim degi til 23. s. m., af kr. 102.796.40 frá þeim degi til 12. júlí 1964, af kr. 127.796.40 frá þeim degi til 21. s. m. og af kr. 152.796.40 frá þeim degi til 31/12 1964, en 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags, ⅔% fjárhæðarinnar síðasttöldu í þóknun, kr. 1.091.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 23.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. marz 1966.

Nr. 95/1965. **Sveinbjörn Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f** (Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
Hannesi Ingibergssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Frávísun máls frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. maí 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1965 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum stefnda í málinu.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 11. maí 1965 veitt leyfi til að bera mál þetta undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands eru nú lagaskilyrði slíks leyfis þau, að „úrslit málsins" séu „mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja". Dómendur „eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ. e. hvort yfirvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu", eins og það var orðað í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. marz 1965, í málinu María Kristmundsdóttir gegn Sigmundi M. Andréssyni. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 3. nóvember 1965, í málinu Ingibjörg Magnúsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs var við það miðað, að Hæstiréttur ætti dóm

um lagaskilyrði leyfis til að bera mál undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Fallast má í einu og öllu á þann lagaskilning, sem kemur fram í hinum nefndu hæstaréttardómum. Samkvæmt honum á Hæstiréttur dóm um það, hvort lagaskilyrði eru fyrir hendi til að leyfa áfrýjun máls, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Úrslit máls þess, sem nú er til meðferðar, eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða þau sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Samkvæmt þessu og þar sem málsefnið nemur eigi kr. 5.000.00, svo sem mælt er í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00 og renni til talsmanns stefnda.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Sveinbjörn Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, sem renni til talsmanns stefnda, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara og Theodórs B. Líndals prófessors.

Ákvæði 16. gr. laga nr. 57/1962 ber að skýra þannig, að ráðherra meti til hlítar skilyrði greinarinnar fyrir veitingu leyfis til áfrýjunar máls, er sakarefni nemur ekki áfrýjunarfjárhæð samkv. 13. gr. sömu laga. Styðst sú skýring við aðdraganda að setningu lagaboðsins og er í samræmi við langvarandi réttarframkvæmd.

Ráðherra hefur ekki farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með veitingu leyfis til áfrýjunar máls þessa. Verður mati hans á skilyrðum til út-

gáfu leyfisins því ekki hnekkt og leyfinu eigi til hliðar vikið. Samkvæmt þessu er málinu réttilega áfrýjað, og verður kröfu stefnda um frávísun þess frá Hæstarétti ekki sinnt.

Ályktarorð:

Framangreind frávísunarkrafa er eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Hannes Ingibergsson, Hjarðarhaga 60 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 8. janúar 1964, á hendur Sveinbirni Jónssyni, Sólheimum 38, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, báðum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 4.287.00 með 7% ársvöxtum frá 27. apríl 1963 til greiðsludags svo og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfu sinnar í 6% frá 1. janúar 1965.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en til vara stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að skömmu fyrir kl. 4 síðdegis laugardaginn 27. apríl 1963 ók stefnandi bifreið sinni, R 13243, vestur Hringbraut hér í borg, og ók hann á hægri akrein. Á vinstri akrein ók stefndi bifreið sinni, R 5818. Skammt austan við gatnamót Hringbrautar og Smáragötu ók stefndi bifreið sinni yfir vinstri akreinina, og lentu bifreiðarnar þar í árekstri.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið vestur Hringbrautina frá Miklatorgi með um 35 km. hraða. Hafi hann fyrst ekið á vinstri akrein, en ofan við gatnamót Laufásvegar hafi hann ekið yfir á hægri akrein og haldið bifreiðinni á þeirri akrein. Kvaðst hann þá hafa verið nokkuð á eftir bifreið stefnda, en smádregið á hana. Er hann hafi verið kominn á ská við bifreið stefnda, en þó ekki kominn upp að hlið hennar, hafi bifreiðinni skyndilega verið beygt yfir á hægri akrein og hafi bifreiðarnar þá alveg verið að komast að gatnamótum Smáragötu. Kvaðst stefnandi hafa reynt að forða árekstri með því að beita hemlum og reyna að sveigja bifreið sinni alveg upp að eyjunni milli akbrautanna, en það hafi ekki tekizt, vegna þess hve hann

var kominn nálægt bifreið stefnda, er þeirri bifreið var beygt. Stefnandi kvaðst ekki hafa orðið þess var, að stefndi hafi gefið til kynna með stefnuljósum, að hann hygðist beygja bifreið sinni til hægri.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni á vinstri akrein Hringbrautar í umrætt sinn. Er hann hafi komið að biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur við gatnamót Laufásvegar, hafi hann séð mann bíða þar við stöðina, sem hann hafi nauðsynlega þurft að hitta. Þar eð hann hafi verið kominn svo nálægt gatnamótunum, hafi hann ekki getað beygt inn í þau gatnamót, en ákveðið að fara að gatnamótum Smáragötu og beygja þar yfir í nyrðri akbraut Hringbrautar til þess síðan að aka til baka. Er hann hafi verið kominn rétt vestur fyrir gatnamótin (Laufásvegar), hafi hann gefið stefnuljós til hægri, en ekki getað skipt um akrein vegna umferðar á hægri akreininni. Kvaðst stefndi hafa verið kominn vestur undir Smáragötugatnamótin, er autt pláss hafi verið að gatnamótunum, en þá hafi hann verið kominn með bifreið sína út á miðja akbrautina. Í bakspegli bifreiðar sinnar hafi hann þá séð til ferða R 13243, en talið hana vera svo langt á eftir sinni bifreið, að hann hefði nægan tíma til að komast inn á milli umferðareyjanna. Svo varð þó ekki og hafi framendi R 13243 lent á hægri framhurð bifreiðar sinnar. Stefndi kvað bifreiðar hafa farið fram hjá sinni bifreið á vinstri akrein, nokkru áður en hann hafi beygt inn á milli umferðareyjanna.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi einn átt alla sök á árekstrinum með því að beygja skyndilega og óvænt af vinstri akrein yfir þá hægri, er hann hafi átt skammt ófarið að mótum Smáragötu og Hringbrautar, og án þess að gefa þá stefnubreytingu til kynna með stefnuljósum. Með þessu hafi hann lokað hægri akreininni, sem stefnandi hafi ekið eftir, og svigrúm stefnanda til að stöðva bifreið sína þá orðið svo lítið, að ógerningur hafi verið að komast hjá árekstri. Með þessu hafi stefndi m. a. brotið gegn 2. mgr. 46. gr. umferðarlaga.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi með gálausum akstri bifreiðar sinnar í umrætt sinn átt einn sök á árekstrinum. Stefndi hafi verið búinn að færa bifreið sína á miðja akbrautina. Hann hafi haft stefnuljós logandi á bifreiðinni og beygt yfir hægri akreinina, er hann hafi haft til þess tækifæri. Stefnandi hafi hins vegar ekið aftan á bifreið stefnda, sem þá hafi verið rétt staðsett á götunni miðað við þá leið, sem

stefndi hugðist aka. Varakrafa stefnda er á því byggð, að meginhluti sakar að árekstrinum sé hjá stefnanda.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður. Svo sem fram kemur hér að framan, voru bifreiðarnar á sinn hvorri akreininni, bifreið stefnda á þeirri vinstri, en bifreið stefnanda á þeirri hægri. Stefndi hugðist beygja til hægri inn í gatnamót Smáragötu. Bar honum því að færa bifreið sína í tæka tíð, áður en komið var að vegamótunum, yfir á hægri akrein. Jafnframt bar honum, áður en hann beygði, að gæta þess vandlega, að það væri unnt án hættu fyrir þær bifreiðar, sem á eftir honum komu á hinni hægri akrein. Af því, sem að framan er rakið, þykir stefndi ekki hafa gætt þess sem skyldi og með því valdið árekstrinum. Og þar sem eigi er í ljós leitt, að stefnandi hafi ekið bifreið sinni óeðlilega hratt eða á annan hátt sýnt af sér óaðgæzlu, þykir bera að leggja alla sök á árekstrinum á stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr.	3.687.00
2. Afnotamissir	—	600.00
Samtals	kr.	4.287.00

Um 1: Stefndi hefur viðurkennt fjáhæð þessa kröfuliðs að undanskildum kr. 15.00, sem er brunatryggingargjald, meðan bifreiðin var til viðgerðar. Telur stefndi, að ef hann beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem á bifreið stefnanda varð í umrætt sinn, þá mundi hann hafa borið ábyrgð á því, ef bifreiðin eyðilegðist vegna bruna, meðan hún væri til viðgerðar.

Því er ómótmælt, að stefnandi greiddi gjald þetta til verkstæðis þess, er annaðist viðgerð bifreiðarinnar. Var fjárhæðin því hluti af tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, og ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð einnig. Kröfuliður þessi verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2: Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem allt of háum. Bifreiðin hafi verið hrein einkabifreið stefnanda, sem er íþróttakennari.

Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi eigi hafa fært rök fyrir því, að hann hafi haft tekjur af bifreið sinni á umræddum tíma. Hins vegar þykir hann eiga rétt á nokkrum bótum fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 300.00.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema alls kr.

3.987.00 (kr. 3.687.00 + 300.00). Verða stefndu dæmdir til in solidum að greiða honum þá fjárhæð auk vaxta, eins og krafizt er, en stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefur vátryggt bifreið stefnanda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinbjörn Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Hannesi Ingibergssyni, kr. 3.987.00 með 7% ársvöxtum frá 27. apríl 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. marz 1966.

Nr. 7/1965. **Schumann Didriksen** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Tómasi Jóhannessyni
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vinnusamningur. Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1965 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7.836.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. október 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Schumann Didriksen, Kirkjustræti 2 í Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, birtri 4. apríl 1962, gegn Tómasi Jóhannessyni skipstjóra, Kaplaskjólsvegi 37 í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9.469.02 með 8% ársvöxtum frá 1. september 1961 til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati dómsins.

Þá hefur stefnandi krafizt sjóveðréttar í m/b Kristbjörgu, RE 61, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi var skipverji á vélbátnum Kristbjörgu, RE 61, eign stefnda, á tímabilinu frá 2. júlí til 23. ágúst 1961. Telur stefnandi sig hafa verið stýrimann á bátnum og beri sér því 1½ aflahlutur. Samkvæmt uppgjöri telur hann sig eiga ógreitt hjá stefnda kr. 9.469.02. Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi verið stýrimaður, heldur hafi hann verið háseti. Eigi hann því enga fjárhæð inni ógreidda.

Til rökstuðnings kröfu sinni hefur stefnandi lagt fram vottorð þriggja skipsfélaga sinna, en í vottorðum þessum lýsa þargreindir menn yfir, að stefnandi hafi verið stýrimaður á bátnum á þeim tíma, sem þeir voru saman. Menn þessir hafa eigi komið fyrir dóm í málinu. Þá hefur stefnandi lagt fram afrit af dagbók, er hann hélt á þeim tíma, er hér um ræðir, en samkvæmt henni er skráð ýmislegt, er bátinn varðar, og stefnandi telur vera vegna stöðu sinnar sem stýrimanns.

Í málinu liggur fyrir vottorð tollstjórans í Reykjavík, dags.

16. maí 1962, en þar segir, að samkvæmt skipshafnarskrá m/b Kristbjargar fyrir árið 1961 sé nafn stefnanda skráð sem háseti á tímabilinu 1. júlí til 30. september 1961. Hins vegar hafi hann sjálfur ekki staðfest skráninguna með undirskrift sinni. Í vottorði sama embættis, dags. 26. apríl 1963, segir, að samkvæmt skipshafnarskrá bátsins hafi á tímabilinu frá 1. júlí til 30. september 1961 einungis verið lögskráður stýrimaður Þorsteinn Bjarnason tímabilið 8. júlí til 3. ágúst 1961. Og í þriðja vottorði sama embættis, dags. 27. marz 1963, segir m. a., að á umræddu tímabili hafi stefnandi verið slysatryggður sem háseti á bátnum.

Þegar það er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnandi gegn mótmælum stefnda eigi hafa fært að því sönnur, að hann hafi verið ráðinn stýrimaður á bátinn á umræddu tímabili. Samkvæmt því verður krafa hans um 1½ aflahlut eigi tekin til greina. Í uppgjöri því, sem stefnandi hefur lagt fram til stuðnings kröfu sinni, kemur fram, að hann hefur fengið greiddar kr. 17.060.00 í laun á umræddu tímabili. Miðað við aflamagn bátsins á tímabilinu er það nokkru hærri fjárhæð en stefnanda bar miðað við aflahlut háseta. Stefnandi á rétt til orlofs af launum sínum, 6 af hundraði, svo og greiðslu fyrir vinnu við að útbúa bátinn til veiða tvo daga, sem eigi er mótmælt. Þrátt fyrir það verður ekki séð, að stefnandi eigi vangreidd laun hjá stefnda. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Björnssyni skipstjóra og Einari Thoroddsen yfirhafnsögumanni.

Dómsorð:

Stefndi, Tómas Jóhannesson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Schumanns Didriksen, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 9. marz 1966.

Nr. 206/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Halldóri Bóasi Jónssyni
(Eyjólfur Konráð Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Banaslys.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Halldór Bóas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Eyjólfs Konráðs Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 30. apríl 1965.

Ár 1965, föstudaginn 30. apríl, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 116/1965: Ákæruvaldið gegn Halldóri Bóasi Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 17. febrúar 1965, höfðað gegn Halldóri Bóasi Jónssyni verkstjóra, Hellisgötu 27, Hafnarfirði, fyrir að hafa um kl. 1730 þriðjudaginn 10. nóvember 1964 ekið bifreiðinni R 16046 suður Reykjanesbraut án nægilegrar varkárni gegnt biðskýlinu við Ásgarð í Garðahreppi og of hratt miðað við aðstæður í sama mund og strætisvagn ók þaðan af stað eftir viðstöðu með þeim afleiðingum, að 76 ára gömul kona, Leopoldína Halldórsdóttir, Garðaflöt 5 í Garðahreppi, sem var á leið yfir Reykjanesbrautina úr nefndum strætisvagni, varð fyrir hægra framhorni bifreiðar ákærða og slasaðist svo, að hún beið þegar bana. Myrkur var, og á móti bifreið ákærða var ekið bifreiðum með fullum ljósum.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og a-, b-, g- og k-liði 3. mgr. 49. gr. sbr. 80 gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 29. ágúst 1931 á Akureyri, og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 10. nóvember 1964 kl. 1730 var tilkynnt til lögreglunnar í Hafnarfirði frá biðskýlinu við Ásgarð í Garðahreppi, að umferðarslys hefði orðið á Reykjanesbraut móts við biðskýlið. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og jafnframt voru sjúkrabifreið og læknir kvödd til. Er lögreglumennirnir komu á vettvang, var sjúkrabifreiðin komin á stað til Reykjavíkur með konuna Leodoldínu Halldórsdóttur, sem þarna hafði orðið fyrir bifreiðinni R 16046, en læknirinn kom á staðinn skömmu á eftir lögreglunni. Bifreiðin R 16046 stóð eins og hún hafði stöðvazt eftir slysið, og ökumaður hennar, ákærði í máli þessu, var á vettvangi, er lögreglumennirnir komu þar. Bifreiðin hafði verið á leið suður Reykjanesbraut, en konan á leið yfir götuna frá vestari vegarbrún. Lögreglumennirnir gerðu uppdrátt af vettvangi og létu taka ljósmyndir. Blóðsýnishorn var tekið úr ökumanni til alkóhólákvörðunar, þótt ekki væri sérstakur grunur um áfengisneyzlu. Lögreglumaður ók R 16046 að lögreglustöðinni, þar sem hún var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni voru þær, að hægra framaurbretti var dældað ásamt hring við ljósker. Kl. 1805 var tilkynnt frá

slysavarðstofunni, að konan, sem varð fyrir bifreiðinni, væri látin.

Þegar slysið varð, var myrkur, en veður bjart og færi þurrt. Konan, sem þarna fórst, Leopoldína Halldórsdóttir, var fædd 4. janúar 1888 og átti heima að Garðaflöt 5 í Garðahreppi.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að milli kl. 1700 og 1800 þetta kvöld hafi hann verið á heimleið frá vinnu sinni í Kópavogi á bifreiðinni R 16046, sem hann var þá í þann veginn að kaupa, og ekið suður Reykjanesbraut. Er ákærði nálgaðist biðskýlið við Ásgarð, kvaðst hann ekki hafa verið á mikilli ferð, en kvaðst ekki treysta sér til að áætla hraðann. Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður við aksturinn. Nóttina áður kvaðst hann hafa sofið frá kl. um 0200 til kl. um 0730 og áfengis hefði hann ekki neytt í marga mánuði. Ákærði kvaðst hafa verið einn í bifreiðinni og haft hugann við aksturinn. Athyglinni kvaðst hann hafa beint að umferðinni, sem kom á móti, og eins að biðskýlinu, þar sem jafnan er von á fólki. Vegna umferðar á móti kvað ákærði ljós bifreiðarinnar hafa verið stillt á lægri geislann. Rétt áður en ákærði kom á móts við biðskýlið, kvaðst hann hafa mætt bifreið, en kvað sér ekki ljóst, hvort nokkuð var athugavert við ljós þeirrar bifreiðar. Er sú bifreið var komin á hlið við hans bifreið, og ljósin á hans bifreið fóru að njóta sín til fulls, kvaðst ákærði hafa séð konu alveg fyrir framan bifreiðina, og í sama bili lenti hægra framhorn bifreiðarinnar á konunni, sem síðan barst með bifreiðinni, framan á henni, unz hún stöðvaðist, en kastaðist þá fram á við í götuna. Ákærði kvaðst ekki geta sagt um, hvaðan konan kom, en kvað sér finnast hún hlyti að hafa komið yfir götuna í átt að biðskýlinu, því að ella hefði hann átt að sjá hana fyrr. Ákærði kvaðst hafa hemlað með fullu átaki, strax og hann varð konunnar var, og ekki sleppt hemilfetlinum, fyrr en bifreiðin stöðvaðist. Strax og bifreiðin stöðvaðist, kvaðst ákærði hafa hlaupið að biðskýlinu og beðið um að hringt yrði á lögreglu og til að athuga um að fá teppi til að breiða yfir konuna. Hann kvað mann, sem kom þarna, hafa breitt yfir konuna, en sjálfur hefði hann snúið sér að því að vernda verksummerki, unz lögreglan kæmi. Ákærði taldi, að eftir slysið hefði konan legið 7—9 metra fyrir framan bifreiðina, höfuð hennar um 2 fet frá jaðri malbiksins, en líkami hennar legið á ská inn á brautina, þannig að fæturnir voru næst bifreiðinni. Ákærði hefur meira bifreiðarstjórapróf, og er ökuskírteini hans fyrst útgefið á Akureyri 31. ágúst 1949.

Samkvæmt vettvangsuppdrætti Björns Jónssonar lögregluþjóns mældust hemlaför eftir R 16046 um 12 metra löng. Ljósmyndir af vettvangi bera með sér, að þau eru eftir öll hjól bifreiðarinnar og virðast jöfn. Björn hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu og staðfest uppdrátt sinn. Vitnið ók R 16046 að lögreglustöðinni og kvað sér hafa fundizt bifreiðin þung í stýri, en gat þess jafnframt, að hann hefði ekki áður ekið bifreið af þessari gerð. Vitnið kvað slettudropa frá öðrum bifreiðum hafa verið á framrúðu bifreiðarinnar, er hann settist undir stýri hennar, en kvað sér ekki hafa virzt þeir draga verulega úr útsýni.

Vitnið Guðmundur Stefán Jónsson lögregluþjónn hefur hér fyrir dómi staðfest skýrslu sína, sem atvikalýsingin í upphafi máls þessa er byggð á. Vitnið kvaðst hafa unnið að mælingum á vettvangi með vitninu Birni og staðfesti, að uppdráttur Björns væri réttur.

Páll Ingimarsson bifreiðaeftirlitsmaður, sem skoðaði bifreiðina eftir slysið, hefur gefið vottorð um skoðun sína og staðfest það fyrir dómi. Í vottorðinu segir m. a. svo: „.... Við skoðun og reynslu á stjórn- og öryggistækjum reyndist bifreiðin í fullkomnu lagi að undanteknu, að hemlaljós virkuðu ekki. Skoðunarvottorð vantaði í bifreiðina.

Bifreiðin R 16046 er fólksbifreið, Fíat, árgerð 1959, með vökvahemlaútbúnaði og vinstri hliðar stýri ....“

Vitnið Hörður Runólfsson kom hér fyrir dóm sama kvöld og slysið varð. Hann skýrði svo frá, að um kl. 1720 um kvöldið hefði hann komið að biðskýlinu við Ásgarð að bíða eftir strætisvagni til Hafnarfjarðar. Um kl. 1730 kvaðst vitnið hafa staðið framan við biðskýlið og séð, er strætisvagn kom frá Hafnarfirði og stanzaði handan götunnar. Vitnið kvaðst hafa séð mann, sem hann taldi hafa komið með vagninum, koma yfir götuna aftan við vagninn, meðan hann stóð við, og er vagninn hélt af stað, sá vitnið konu, sem í sama mund lagði af stað yfir götuna í átt að skýlinu. Vitnið kvað konuna hafa stanzað, áður en hún var komin út á miðja götuna, og hleypt tveim bifreiðum, sem komu að norðan, fram hjá, en síðan haldið áfram. Í sama bili kvað vitnið þriðju bifreiðina hafa borið að, og er konan var komin rúmlega yfir miðja götuna, skall sú bifreið á henni. Vitnið kvað konuna hafa verið dökkklædda og taldi, að ökumaður bifreiðarinnar hefði ekki séð hana, fyrr en í sama bili og slysið varð, því að hann hefði hvorki hemlað né reynt að sveigja frá henni inn á planið framan við biðskýlið, fyrr en í sama bili og bifreiðin lenti

á konunni, en þá hemlaði hann. Vitnið kvað konuna svo hafa borizt framan á bifreiðinni, unz hún stöðvaðist, en þá kastazt frá henni fram á veginn. Vitnið kvaðst þá strax hafa farið inn í biðskýlið að láta hringja á lögreglu og sjúkrabifreið, en er hann kom út aftur, kvaðst hann hafa snúið sér að því að vernda verksummerki. Vitnið sá konuna, er hann kom aftur út úr skýlinu og kvaðst þá ekki hafa séð lífsmark með henni. Vitnið kvað enga bifreið hafa komið sunnan veginn, frá því að strætisvagninn lagði af stað og þar til slysið varð. Ekki kvaðst vitnið geta sagt um það, hve langt strætisvagninn var kominn, er slysið varð, en kvaðst geta trúað, að hann hefði verið kominn á móts við Vífilsstaðaafleggjarann.

Vitnið Guðríður Valva Gísladóttir, 10 ára, kvaðst í umrætt skipti hafa verið stödd í biðskýlinu við Ásgarð og horft út um gluggann. Hún kvaðst hafa séð strætisvagn, sem kom frá Hafnarfirði, stanza handan götunnar og síðan, að kona gekk út á götuna aftan við vagninn, sem lagði af stað í sama mund. Vitnið kvaðst svo hafa séð, er bifreið, sem kom norðan veginn, rakst á konuna og bar hana með sér spölkorn. Er bifreiðin stöðvaðist, rann konan fram af vélarhúslokinu og féll í götuna. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli, að aðrar bifreiðar en þessi færu fram hjá á suðurleið, meðan konan var að ganga yfir götuna.

Vitnið Guðbjörn Magnússon kvaðst í umrætt skipti hafa verið á leið suður Reykjanesbraut á bifreiðinni R 2197. Hann kvaðst telja, að hann hefði ekið með um 60 km. hraða suður beina kaflann innan við Silfurtún og haldið svipaðri ferð suður undir Vífilsstaðaafleggjarann. Vitnið taldi, að heldur hefði dregið saman með sinni bifreið og næstu bifreið á undan, sem reyndist vera R 16046. Vitnið kvaðst svo hafa séð skugga á leið yfir veginn í ljósum bifreiðar, sem kom á móti, og kvað sér hafa virzt skuggginn á töluverðri ferð. Í sama mund kvað vitnið bifreiðina á undan sér hafa snarhemlað, og kvaðst vitnið hafa séð glampa, sem sennilega hafi stafað af því, að ljós frá bifreiðinni féll á konuna, og eins sá vitnið, að ryk kom frá hægra bretti bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst þó í slysaaugnablikinu ekki hafa sett þetta í samband við skuggann, heldur hefði sér fyrst dottið í hug, að bifreiðin hefði lent aftan á næstu bifreið á undan. Í því sambandi gat vitnið þess, að sér fyndist, að bifreið hefði verið á undan R 16046 og kvaðst hafa á tilfinningunni, að það hefði verið mjög lítill bíll, e. t. v. Austin mini, og kvað vitnið sér í fyrstu hafa

fundizt, að sá, er skugginn var af, mundi hafa komizt yfir götuna milli bílanna.

Vitnið Bjarni Össur Jónasson kvaðst umrætt kvöld hafa farið frá Hafnarfirði með strætisvagni, sem lagði af stað kl. 1710, áleiðis heim til sín. Vitnið kvaðst hafa farið úr vagninum við biðskýlið við Ásgarð og gengið aftur fyrir hann. Eftir að hafa gætt að umferð til beggja handa, kvaðst vitnið hafa gengið yfir götuna og síðan suður eystri malarkantinn. Vitnið kvaðst hafa orðið þess vart, að kona fór úr vagninum þarna á sama stað og kvaðst telja, að hún hefði gengið fram með vagninum og síðan sennilega beðið, unz vagninn fór af stað. Vitnið kvaðst svo allt í einu hafa heyrt neyðaróp og skerandi hemlahljóð frá bifreið og snúið sér við, þar sem hann gekk suður vegbrúnina. Kvaðst hann þá hafa séð þúst úti á akbrautinni fyrir aftan sig og gengið að henni. Vitnið kvaðst hafa séð, að þetta var kona, sem hann ekki þekkti, en fannst hann kannast við sem konu þá, sem komið hafði með sama vagni og hann og áður er getið. Vitnið kvað konuna hafa verið meðvitundarlausa, er hann kom að. Hann kvaðst svo hafa verið þarna næstaddur, þar til hún var sett í sjúkrabifreiðina og hefði hún ekki komið til meðvitundar á þeim tíma. Vitnið kvaðst hafa breitt úlpu sína yfir konuna og fengið konu, sem kom þarna að, til að sækja teppi, sem hann hagræddi um konuna til að verja hana kulda. Vitnið kvað konuna hafa legið með höfuðið út við mót malbiks og malarkants og fætur hennar vísað örlítið á ská í átt að bifreiðinni. Andlit konunnar kvað vitnið hafa snúið upp og til vinstri hliðar og hægri hönd hefði verið útrétt.

Vitnið Richard Henry Richardsson, sem ók sjúkrabifreið 5 á vettvang, kvað konuna hafa legið spölkorn fyrir framan bifreið þá, sem talin var hafa ekið á hana, og hefði höfuðið snúið út að brún malbiksins, en fæturnir inn á veginn, aðeins á ská í átt að bifreiðinni. Vitnið kvað konuna hafa verið dökkklædda, en búið var að dúða hana í teppi, er vitnið kom á vettvang. Ekki kvaðst vitnið hafa séð lífsmark með konunni, er hann og félagi hans tóku hana í sjúkrakörfuna.

Vitnið Lárus Óskar Gamalíelsson, sem fór með vitninu Richard Henry á vettvang, hefur lýst aðkomunni mjög á sama veg og Richard Henry. Vitnið kvaðst hafa verið aftur í sjúkrabifreiðinni hjá konunni á leiðinni að slysavarðstofunni og kvaðst hvorki hafa séð hana bæra á sér né gefa frá sér hljóð. Á slysavarð-

stofunni gaf læknir, sem var á verði, þann úrskurð, að konan væri látin. Vitnið kvað sig minna, að sjúkrabifreiðin væri kölluð út kl. rúmlega 1730 og að hún væri komin að slysavarðstofunni um kl. 1750. Vitnið kvað konuna hafa verið klædda mjög dökkri kápu.

Ólafur Bjarnason yfirlæknir framkvæmdi réttarkrufningu á líki Leopoldínu og hefur gefið skýrslu um krufninguna. Skýrslunni lýkur með svohljóðandi ályktun:

„Við krufninguna fannst hálsinn brotinn og heilastofn í sundur á mótum mænukylfu og heilabrúar. Auk þess fannst opið brot á framhandlegg, brot á öllum rifjum v. megin og fimm efstu rifjum h. megin, mjaðmargrindarbrot, mjaðmarbrot v. megin og þverbrot á báðum pípum v. fótleggjar. Ofangreindir áverkar munu nær samstundis hafa valdið dauða konunnar."

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt skipti, fundust engin reducerandi efni, sem samsvari alkóhóli.

Af hálfu ákærða er því haldið fram í máli þessu, að ákærði hafi við aksturinn í umrætt skipti sýnt ýtrustu aðgæzlu, en hin látna á hinn bóginn sýnt óvenjulega óvarkárni. Á þessa skoðun verður ekki fallizt nema að takmörkuðu leyti. Það er að vísu ljóst af framburðum vitna, að verulega hefur skort á næga aðgæzlu af hálfu Leopoldínu heitinnar, er hún lagði af stað yfir fjölfarna götu, eftir að skuggsýnt var orðið, án þess að geta vegna umferðar komizt örugglega yfir hana án viðstöðu.

Á hinn bóginn verður að telja, að akstri ákærða í umrætt skipti hafi verið mjög áfátt. Þar, sem slysið varð, er þéttbýli beggja vegna vegar og hámarkshraði ökutækja 45 km. miðað við klukkustund. Ekki er sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið hraðar en á hámarkshraða, þótt vætti Guðbjörns Magnússonar og 12 metra löng hemlaför eftir öll hjól bifreiðarinnar bendi til þess, en augljóst er af lengd hemlafaranna, að miðað við aðstæður hefur ákærði ekið til muna of hratt. Er þá einkum haft í huga, að skuggsýnt var, umferð á móti og að ákærði nálgaðist biðstöð strætisvagna, þar sem strætisvagn hafði skömmu áður numið staðar og hleypt út farþegum og þar sem jafnan má búast við umferð gangandi fólks yfir veginn. Meginorsök slyssins virðist þó aðgæzluskortur ákærða við aksturinn. Hann kveðst ekki hafa veitt athygli strætisvagninum, sem samkvæmt vætti vitna var nýlega lagður af stað frá biðstöðinni, og ekki heldur, fyrr en í sama bili og slysið varð, Leopoldínu heitinni, sem var á leið yfir upplýsta götuna fram undan bifreið

hans, þótt ökumaður næstu bifreiðar á eftir væri þá búinn að skynja för hennar. Loks féllust ákærða hendur, er hann varð konunnar var, og verður ekki séð, að hann hafi reynt að sveigja frá konunni. Með greindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og a-, b-, g- og k-liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og þegar litið er til afleiðinga slyssins, einnig 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 18 mánuðir frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Halldór Bóas Jónsson, greiði 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi í 18 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. marz 1966.

Nr. 24/1965. **Vátryggingafélagið h/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóhanni Karlssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húftrygging bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem búsettur var í Hveragerði, fól á miðju ári 1962 Baldri Garðarssyni, Lönguhlíð 23, Reykjavík, að varðveita bifreið sína, X 208, og sýna hana mönnum, sem kynnu að hafa áhuga á að kaupa hana og bílasalar vísuðu til hans. Mjög árla dags 13. júlí 1962 tók Baldur Garðarsson, þá ofurölvi, bifreiðina og ók henni. Lauk þeim akstri við Rauðavatn, þar sem bifreiðin hentist út af veginum og eyðilagðist. Leggja verður til grundvallar í máli þessu skýrslu þeirra stefnda og Baldurs Garðarssonar um það, að Baldur hafi einungis átt að sýna bifreiðina áhugamönnum um bifreiðarkaup og leyfa þeim að aka henni til reynslu, en eigi mátt aka henni í einkaerindum. Ekkert liggur fyrir um það í málinu, að stefndi hafi fyrirfram mátt ætla, að Baldri væri eigi trúandi til að fara með bifreiðina, eins og til var ætlazt. Að framangreindum málavöxtum athuguðum þykja ákvæði 18. og 20. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 34. gr. sömu laga, leiða til þess, að áfrýjandi eigi að bæta stefnda bifreið-

artjónið. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vátryggingafélagið h/f, greiði stefnda, Jóhanni Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Jóhann Karlsson, Hveragerði, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 5. nóvember 1963, gegn Vátryggingafélaginu h/f í Reykjavík og Baldri Garðarssyni, Lönguhlíð 23 í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 85.000.00 með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndu hafa hvor um sig krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málsatvikum lýsir stefnandi á þá leið, að hann hafi haft bifreið sína, X 208, til sölu hjá fleiri bílasölum. Af þeim sökum hafi hann tekið þann kost að hafa bifreiðina í vörzlu stefnda Baldurs og gætu þá bílasölurnar vísað væntanlegum kaupendum til hans til að skoða og reyna bifreiðina. Hafi hann fengið stefnda Baldri lykla bifreiðarinnar í þessu skyni og hafi hann ætlazt til af honum, að hann leyfði væntanlegum kaupendum að skoða og reyna bifreiðina, en honum sjálfum hafi verið óheimill akstur hennar í einkaerindum. Aðfaranótt 13. júlí 1962 hafi stefndi Baldur ekið bifreiðinni út úr borginni og hafi hann verið ölvaður við aksturinn. Hafi hann ekið út af veginum í beygju við Rauðavatn og hafi bifreiðin við það gereyðilagzt. Hafi flak hennar verið selt fyrir kr. 5.000.00 og hafi öll sú fjárhæð farið til greiðslu flutnings- og geymslukostnaðar á flaki bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi verið húftryggð hjá stefnda, Vátryggingafélaginu h/f, fyrir kr. 85.000.00. Hafi bifreiðin nýverið ársskoðuð og þá reynzt vera í fullu lagi.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 17. júlí 1962 skýrði stefndi Baldur svo frá, að hann hafi átt að sýna væntanlegum kaupendum bifreiðina. Hafi hann haft lykla bifreiðarinnar og hafi hún staðið heima hjá honum. Hins vegar hafi hann ekki haft leyfi til að aka bifreiðinni sjálfur. Kvaðst hann ekki hafa notað bifreiðina áður en í hér umrætt sinn, enda hafi hann átt bifreið sjálfur ásamt bróður sínum. Umræddan dag og fram eftir nóttu hafi hann neytt áfengis. Hann kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvers vegna hann hafi tekið bifreiðina, en honum datt helzt í hug sú skýring, að það hafi verið vegna þess, að rann hafi borið lykla hennar á sér.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á hendur Vátryggingafélaginu á því, að bifreiðin hafi verið húftryggð hjá félaginu. Samkvæmt 6. gr. vátryggingarskilmálanna beri félaginu að bæta vátryggingartaka tjón það á bifreiðinni, sem orsakast af veltu, sé henni stolið eða rænt. Eigi það einnig við um nytjastuld, en í hér umræddu tilviki hafi stefndi Baldur tekið bifreiðina í heimildarleysi.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Baldri er byggð á almennum reglum skaðabótaréttarins.

Stefndi Vátryggingafélagið h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefndi Baldur hafi verið löglega að bifreiðinni kominn, þar sem hann hafði umráð og vörzlu hennar. Það sé því fjarri lagi, að stefndi Baldur hafi stolið bifreiðinni eða rænt henni. Í annan stað er sýknukrafan á því byggð, að tjónið á bifreiðinni hafi orðið, er hún var í láni, en skv. c lið 10. gr. vátryggingarskilmálanna undanskilur félagið sig ábyrgð við slíkar aðstæður. Í þriðja lagi er sýknukrafan á því byggð, að stefndi Baldur hafi valdið tjóninu með því að aka bifreiðinni ölvaður, en 10. gr. vátryggingarskilmálanna undanskilur félagið ábyrgð, er svo er ástatt. Það ákvæði eigi við, hvort sem eigandinn ekur bifreiðinni sjálfur eða annar, sem löglega er að henni kominn.

Varakrafa Vátryggingafélagsins er á því byggð, að stefnandi eigi að bera hluta tjónsins sjálfur, þar sem hann hafi sýnt af sér gáleysi með því að fá stefnda Baldri vörzlu bifreiðarinnar og lyklavöld og þar með aukið áhættu félagsins frá því, sem þá mátti ætla, er vátryggingin var tekin.

Stefndi Baldur styður sýknukröfu sína þeim rökum, að bótaskylda Vátryggingafélagsins h/f sé ugglaus. Hann hafi heimildarlaust tekið bifreiðina og ekið henni. Verknaður hans hafi því verið stuldur í merkingu 6. gr. vátryggingarskilmálanna.

Af því, sem hér að framan er rakið, þykir verða talið, að stefndi Baldur hafi eigi haft heimild til að nota bifreiðina og akstur hans á henni í umrætt sinn því algerlega heimildarlaus. Var sá verknaður hans refsiverður samkvæmt XXVII. kafla almennra hegningarlaga. Akstur hans með áfengisáhrifum var og refsiverður eftir 1. mgr. 25. gr. sbr. 3. mgr. 80 gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Stefndi Baldur ber því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á því tjóni, er hann varð fyrir.

Eðlileg skýring á sögninni að stela í vátryggingarskírteini er, að ákvæðið taki einnig til nytjastuldar samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna, sbr. lög nr. 20/1956. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, voru not stefnda Baldurs á bifreiðinni heimildarlaus. Verður því að telja vátrygginguna taka til þess tjóns, er á bifreiðinni varð við ökuslysið.

Samkvæmt þessu framansögðu ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda tjón hans.

Stefndu hafa mótmælt því, að verðmæti bifreiðarinnar fyrir slysið hafi numið stefnufjárhæðinni. Hins vegar hafa þeir eigi mótmælt því sérstaklega, að bifreiðin hafi eyðilagzt svo við slysið, að ógerningur hafi verið að gera við hana. Kemur og fram í skýrslu lögreglumanns þess, er á slysstað kom og gerði athuganir, að bifreiðin hafi verið að sjá ónýt. Engin skoðun eða mat liggur fyrir um verðmæti bifreiðarinnar, hvorki fyrir slysið né eftir það. Möguleiki er nú eigi fyrir hendi til að gera sér grein fyrir verðmæti hennar að þessu leyti. Stefndi Vátryggingafélagið h/f gerði engar athugasemdir um verðmæti bifreiðarinnar við tryggingu, og þar sem engin gögn liggja fyrir um verðmæti hennar og ekkert það er fram komið, sem bendir til þess, að bifreiðin hafi verið yfirtryggð, ber að leggja tryggingarfjárhæðina til grundvallar dómi um verðmæti hennar fyrir slysið.

Í málinu liggur fyrir endurrit af afsali stefnanda fyrir flaki bifreiðarinnar, og er afritið staðfest að vera rétt af lögmanni þeim, sem þá sölu annaðist. Í afsali þessu, dags. 22. apríl 1963, segir, að söluverð sé kr. 6.000.00, en af því greiði kaupandi kr. 5.000.00 til Vöku h/f fyrir geymslukostnað. Stefndu hafa eigi mótmælt skjali þessu. Þykir því bera að leggja það til grundvallar dómi.

Af því, sem hér að framan er rakið, telst tjón stefnanda því kr. 84.000.00. Verða stefndu dæmdir til að greiða þá fjárhæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þykja eigi efni standa til að leggja hluta tjónsins á stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingafélagið h/f og Baldur Garðarsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Jóhanni Karlssyni, kr. 84.000.00 með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1962 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. marz 1966.

Nr. 34/1966. **Jón Ísfeld Guðmundsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kaup ríkisstarfsmanns í orlofi og veikindaforföllum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962, dags. 7. október 1965, og áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. sömu laga, dags. 9. marz 1966, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1966. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2.201.10 ásamt 8% ársvöxtum frá 12. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 8% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal tvö vottorð þeirra Gunnars Sigurðssonar, flugvallarstjóra á Reykjavíkurflugvelli, og Guðmundar Guðmundssonar, slökkviliðsstjóra þar, dags. 10. marz 1966, og er meginmál þeirra svohljóðandi:

„Það vottast hérmeð, að Jón Ísfeld Guðmundsson réðst til slökkviliðsstarfa á Reykjavíkurflugvelli í maímánuði 1946 og hefur gegnt því starfi síðan.

Vinnufyrirkomulag er og hefur verið reglubundnar vinnuvökur, sem að sjálfsögðu bera upp á helga sem rúmhelga daga."

„Til viðbótar vottorði, gefnu í dag, varðandi Jón Ísfeld Guðmundsson, varðstjóra í slökkviliðinu á Reykjavíkurflugvelli, skal það upplýst, að hann var ráðinn til vaktavinnu. Vaktirnar eru fjórskiptar hjá slökkviliðinu, þannig að tvær vaktir taka sólarhringinn að sér með tólf tíma vöktum, tvær næturvaktir í röð og tvær dagvaktir. Tveggja sólarhringa frí er á milli nætur- og dagvakta.

Jón Ísfeld Guðmundsson skilar tveimur dagvöktum og tveimur næturvöktum á 8 dögum. Hann skilar því 48 klst. á 8 dögum eða 6 klst. á dag í 7 daga, það er 42 klst. Þessar 2 klst., sem á vantar 44 klst. vinnuviku, er Jón látinn vinna annan hvern morguninn, sem hann kemur af næturvakt. Vinnuvika Jóns er 44 klst.

Vinnuvikurnar eru reglubundnar og vaktaskrá er samin fram í tímann, dálítið misjafnlega langt, allt frá einum mánuði og upp í þrjá til fjóra mánuði.

Vaktaálagið er reiknað út mánaðarlega eftir á. Er það greitt viðkomandi mánaðarlega."

Enn fremur hefur verið lagt fyrir dóminn skipunarbréf áfrýjanda til varðstjórastarfa í slökkviliði flugmálastjórn-

arinnar á Reykjavíkurflugvelli frá 1. október 1962 að telja, útgefið af ráðherra 8. s. m.

Þá hefur fræðsluskrifstofa Reykjavíkurborgar vottað hinn 10. júní 1965, að venja hafi verið, að kennarar fái „greidd stundakennslulaun í stuttum veikindaforföllum."

Loks er fram komin greinargerð lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 10. marz 1966, þar sem því er lýst, að borgarlögreglumenn og ríkislögreglumenn, sem starfa undir stjórn hans, fái „greitt vaktaálag sem hér segir:

1. Á vaktir, sem eru staðnar á tímabilinu frá kl. 17 til kl. 08 alla virka daga, nema laugardaga, en þá byrjar álagstíminn kl. 13. Auk þess er greitt vaktaálag fyrir allar vaktir, sem staðnar eru á sunnudögum og öðrum lögskipuðum helgidögum.

2. Greitt er enn fremur vaktaálag þeim lögreglumönnum, sem eru fjarverandi vegna slysa, sem þeir hafa orðið fyrir í starfinu, eða veikinda, sem greinilega eiga rætur sínar að rekja til lögreglustarfsins. Hins vegar fá lögreglumenn ekki greitt vaktaálag fyrir aðra veikindadaga, sumarleyfi eða aðra frídaga."

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til samgöngumálaráðuneytisins 16. október 1962 segir svo:

„Hér með er ráðuneytinu tjáð, að fyrst um sinn, unz annað verður ákveðið, eiga þeir, er starfa á vinnuvökum og fá greitt 33% næturvinnuálag, að fá greitt næturvinnuálagið í orlofi og veikindaforföllum. Tekur þetta til orlofs fyrir yfirstandandi ár og veikindaforfalla frá 1. okt. s.l. að telja."

Fram að greindum tímamörkum kveður stefndi starfsmönnum í orlofi og veikindaforföllum hafa verið greidd laun samkvæmt launalögum án álags vegna vökuvinnu, er því var að skipta, en skipan sú, er í bréfi fjármálaráðuneytisins greinir, hafi haldizt, þar til eftir að ákvæði Kjaradóms frá 3. júlí 1963 tóku gildi. Og í bréfi samgöngumálaráðuneytisins til flugmálastjóra 28. apríl 1964 segir, að

vaktaálag beri „ekki að greiða í orlofi eða veikindaforföllum, svo sem gert var fyrir gildistöku téðs Kjaradóms."

Í máli þessu er um það deilt, hvort greiða beri áfrýjanda vökuvinnuálag á laun í orlofi hans og veikindaforföllum. Framkvæmd stjórnvalda, sem lýst var, getur ekki haft áhrif á úrslit máls þessa, sem hljóta að ráðast af skýringu lagareglna um kjaraatriði þau, sem um er að tefla.

II.

Krafa áfrýjanda er sundurliðuð þannig:

1.	Vangoldið 33% vökuálag á kaup fyrir tímabilið 1. júní til 20. júní 1964, er áfrýjandi var í orlofi, „103 klst. á 19.14 pr. klst." ..	kr. 1.971.42
2.	Vangoldið 33% vökuálag á kaup einn dag, 25. júní 1964, er áfrýjandi var óvinnufær vegna veikinda, „12 klst. á 19.14 pr. klst."	— 229.68
		Kr. 2.201.10

Um 1. kröfulið.

Um laun ríkisstarfsmanna í orlofi fer eftir 1. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1954, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962, og skal starfsmaður „einskis í missa af föstum launum" sínum orlofstímann. Launaákvæði þessi þykir eiga að skýra þannig, að með „föstum launum" sé í þessu sambandi átt við laun samkvæmt Kjaradómi fyrir starfa, sem um er að tefla, án álags vegna vökuvinnu, ef því er að skipta. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefnda af þessum kröfulið áfrýjanda.

Um 2. kröfulið.

Haukur Jónasson læknir hefur hinn 3. september 1964 vottað, að áfrýjandi hafi verið óvinnufær vegna veikinda hinn 25. júní 1964.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 2. mgr. 5.. gr. laga nr. 55/1962, skal ákveða með reglugerð, hvernig fari um

launagreiðslur til starfsmanna ríkisins í veikindaforföllum þeirra, og gildir um það efni áðurgreind reglugerð nr. 87/1954. Með 1. málslið 6. gr. þeirrar reglugerðar er svo kveðið á, að starfsmaður skuli „halda fullum launum, svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum." Eðlilegast er að leggja þann skilning í ákvæði þetta, að það taki auk almennra fastra launa til vökuvinnuálags, er um þá skipan starfa er að tefla. Verður krafa áfrýjanda samkvæmt þessum lið, sem eigi hefur verið vefengd tölulega, því tekin til greina og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda nefnda fjárhæð ásamt vöxtum, eins og síðar greinir.

III.

Eftir lyktum málsins er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, sem eftir atvikum og málavöxtum ákveðst samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Jóni Ísfeld Guðmundssyni, kr. 229.68 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. f. m., hefur Jón Ísfeld Guðmundsson varðstjóri, Hamrahlíð 3, Reykjavík, höfðað fyrri bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. nóvember 1964, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á vangoldnu vaktaálagi, samtals að fjárhæð kr. 2.201.10, með 8% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu auk hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins, en til vara hefur stefndi krafizt lækkunar kröf-

unnar og lækkunar vaxta niður í 7% p. a. og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Samkomulag er með málsaðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið í þjónustu ríkisins frá því í maímánuði 1946, er hann réðst til slökkviliðsins á Reykjavíkurflugvelli. Hann er nú varðstjóri í slökkviliðinu. Stefnandi vinnur vaktavinnu eins og aðrir slökkviliðsmenn á Reykjavíkurflugvelli. Er sólarhringnum skipt í tvær vaktir, og er hvor vakt 12 klst., dagvakt og næturvakt. Dagvakt hefst kl. 0730 og lýkur kl. 1930, en þá tekur næturvaktin við, og lýkur henni kl. 0730.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 11. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 fær stefnandi greitt 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegt dagvinnutíma. Dagvinnutími stefnanda er frá 0800 til 1200 og kl. 1300 til 1700 alla virka daga nema laugardaga, þá kl. 0800 til kl. 1200, samanber 2. tölulið 2. gr. dóms Kjaradóms.

Með dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963 segir stefnandi, að kveðið hafi verið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu ríkisstarfsmanna, sbr. 5. gr. samanber við 21. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hins vegar taki kjarasamningur þessi (dómur Kjaradóms) ekki til orlofsréttar og kaups í veikindaforföllum, sbr. 2. málsgrein 5. gr. laga nr. 55/1962. Fyrir gildistöku dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 hafi það tíðkazt, að vaktavinnufólki væri greitt álagið í orlofi og veikindafríum. Eftir gildistöku dóms Kjaradóms hafi sú breyting orðið á að þessu leyti, að afnumdar hafi verið álagsgreiðslur til vaktavinnufólks í þjónustu ríkisins, ef það tók sér sumarfrí eða var fjarverandi vegna veikinda.

Stefnandi kveðst hafa tekið orlof dagana 1. júní til 20. júní 1964, samtals 20 daga. Auk þess kveðst stefnandi hafa verið veikur einn dag, þ. e. a. s. 25. júní 1965.

Hann kveðst ekki, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, hafa fengið greitt 33% vaktaálagið, svo sem honum hefði borið, ef hann hefði ekki tekið sér frí eða ekki verið veikur eða eldri reglur verið látnar gilda. Hefði honum þá borið álag fyrir umræddan tíma, samtals að fjárhæð kr. 2.201.10, sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Stefnandi styður stefnukröfu sína þeim rökum, að Kjaradómur hafi einvörðungu dæmt um laun, vinnutíma og laun fyrir yfir-

vinnu, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962, sbr. við 21. gr. sömu laga. Hins vegar hafi Kjaradómur á engan hátt hróflað við réttindum stefnanda eða annarra ríkisstarfsmanna varðandi orlofið og veikindafrí og rétti til kaups í veikindafríi eða orlofi, sbr. 2. mgr. 5. gr. kjarasamningslaganna, þar sem beinlínis sé tekið fram, að kjarasamningur (dómur Kjaradóms) taki ekki til orlofsréttar og veikindafría.

Vaktaálagið sé hluti af föstum heildarlaunum stefnanda, er hljóti að fylgja stöðu hans sem varðstjóra í slökkviliðinu á Reykjavíkurflugvelli, en slökkviliðsstarfið krefjist þess, að starfsmenn slökkviliðsins standi vaktir. Vaktaálagið sé samofið föstu launum og er menn ráði sig til vaktastarfa sem þess, er stefnandi hefur, spyrji menn fyrst og fremst að því, hver séu heildarlaunin, þ. e. mánaðarlaunin plús vaktaálagsgreiðslan, því að í raun og veru geri þetta hvort tveggja hin föstu laun stefnanda.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1957 um breyting á lögum nr. 38/1954, eigi ríkisstarfsmenn að fá orlof og einskis í missa af föstum launum. Ákvæði þessi séu tekin óbreytt upp í 1. gr. reglugerðar nr. 87/1954 um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins. Í 6. gr. sömu reglugerðar, þar sem rætt er um veikindaforföll, segi, að starfsmaður skuli halda fullum launum svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum.

Að endinug bendir stefnandi á, að örugg venja samfara dómstólaiðkun sé fyrir því, að vaktavinnufólk skuli fá greitt vaktaálag í veikindum og orlofi, sbr. bréf frá Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins, dags. 12. nóv. 1964, svohljóðandi:

„Hér með staðfestist, að þeir starfsmenn flugmálastjórnarinnar, sem starfa á reglubundnum vinnuvökum, fengu greitt undanfarin ár 33% vinnuvökuálag fyrir þann hluta vinnutímans, er þeim bar að vinna samkvæmt vaktaskrá, en féll utan venjulegs dagvinnutíma, jafnt þó forfallaðir væru vegna veikinda eða í orlofi, eins og unnið hefði verið.

Með tilskipun samgöngumálaráðuneytisins, dags. 27. apríl 1964, var greiðsla 33% vinnuvökuálagsins felld niður í orlofi og veikindaforföllum frá og með 1. maí 1964."

Enn fremur bendir stefnandi, máli sínu til stuðnings, á dóm Félagsdóms í IV. bindi bls. 210.

Virðist stefnanda sú venja, að vaktavinnufólk skuli fá greitt vaktaálag í veikindum og orlofi, því vera orðin það rík, að hún

jafngildi réttarvenju. Enn bendir stefnandi á, að dómur Kjaradóms hafi verið í gildi tæpa 10 mánuði, er vaktaálagsgreiðslan hafi verið afnumin með einföldu ráðuneytisbréfi, sbr. dskj. nr. 6.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að ákvæði reglugerðar nr. 87/1954 gildi um greiðslur til starfsmanna ríkisins, meðan þeir séu í orlofi eða fjarverandi vegna veikinda. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir, að ríkisstarfsmenn skuli „einskis í missa af föstum launum", meðan þeir eru í orlofi, og þeir skuli „halda fullum launum" svo lengi sem veikindadagar þeirra verða ekki fleiri en nánar er greint í reglugerðinni. Framkvæmd á ákvæðinu um greiðslu orlofs hafi verið fram til 1. júní 1961 og á ákvæðinu um veikindagreiðslur fram til 28. sept. 1962 hagað þannig, að miðað hafi verið við laun samkvæmt launalögum, en ekki tekið tillit til álagsgreiðslna vegna vökuvinnu, án þess að fram kæmu kröfur um að miða þessar greiðslur við vökuvinnuálag eða aðrar álagsgreiðslur.

Á árunum fyrir gildistöku dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 hafi kjör ríkisstarfsmanna verið öllu lakari en margra annarra stétta og hafi því af þeim sökum verið ákveðið að greiða þeim uppbætur í formi ýmiss konar aukagreiðslna. Ein þessara uppbóta hafi verið sú að miða orlof og veikindagreiðslur vökuvinnufólks við föst laun að viðbættum álagsgreiðslum vegna vökuvinnunnar.

Með fyrrnefndum dómi Kjaradóms hafi kjör ríkisstarfsmanna verið stórbætt. Kjarabætur vökuvinnufólksins hafi ekki orðið minni en almennt, m. a. vegna þess, að vökutími, sem greiddur er með álagi, hafi verið lengdur mjög verulega og þar sem telja hafi mátt, að kjör ríkisstarfsmanna hafi verið orðin vel viðunandi, hafi þótt rétt að fella niður margar þessara uppbóta.

Þá telur varnaraðili, að greiðslu orlofs og launa í veikindum starfsmanna hafi verið hagað í fullu samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 87/1954 á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu. Réttur stjórnvalda til að fella niður aukagreiðslurnar hafi verið ótvíræður, og mómælti stefndi því, að réttur til greiðslna geti byggzt á venju, þótt þær hafi verið greiddar um tveggja ára skeið.

Samkvæmt 2. mgr. 11 gr. auglýsingar nr. 74/1963 um laun ríkisstarfsmanna, reglur um vinnutíma, yfirvinnugreiðslur o. fl. samkvæmt dómi Kjaradóms 3. júlí 1963 skulu þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum, fá 33% álag á þann hluta launa, „sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan

venjulegs dagvinnutíma". Rétturinn lítur svo á að skýra beri ákvæði þetta þannig, að einungis beri að greiða nefnt álag fyrir „unnin störf". Í máli þessu er hins vegar krafizt álags, bæði meðan stefnandi var í orlofi og meðan hann var veikur. Verður að telja, að stefnandi eigi ekki rétt á álagi í þeim tilfellum, enda er þá eigi um „unnin störf" að ræða af hans hálfu. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, enda verður ekki á það fallizt með stefnanda, að hann eigi samkvæmt réttarvenju lögvarða kröfu á hendur stefnda til greiðslu þeirrar, er hann stefnir fyrir í máli þessu, né heldur að önnur þau atvik séu fyrir hendi, er felli greiðsluskyldu á herðar stefnda gagnvart stefnanda í því tilviki, sem hér er til úrlausnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa. Stafar hann af miklum önnum hér við embættið.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Jóns Ísfelds Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. marz 1966.

Nr. 161/1964. **Einar Ingimundarson** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Utanríkisráðherra og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Guðjón Styrkársson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason

Stjórnsýsla. Skaðabótakrafa opinbers starfsmanns, er staða hans var lögð niður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1964. Kröfur hans eru:

Aðalkrafa: Að brottvikning hans úr starfa lögreglumanns á Keflavíkurflugvelli frá upphafi árs 1962 verði dæmd ólögmæt og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 1.574.239.60.

Varakrafa: Að nefnd brottvikning verði dæmd ólögmæt og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 618.365.60.

Þrautavarakrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 32.699.91.

Hann krefst og 7% ársvaxta af fjárhæð þeirri, sem dæmd kynni að verða, frá 1. janúar 1962 og svo málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. janúar 1965, áfrýjað málinu með stefnu 18. janúar 1965. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Alþingi samþykkti 1961, að lögreglumönnum á Keflavíkurflugvelli skyldi fækka um þrjá. Var aðaláfrýjandi einn af þremur, sem utanríkisráðherra valdi til uppsagnar. Verður eigi talið, að uppsögnin hafi verið ólögmæt samkvæmt 4.

gr. og 11. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eigi verður komizt fram hjá því, að hér var um að tefla niðurlagningu á stöðu aðaláfrýjanda og að honum ber einungis að greiða bætur sex mánaða föst laun samkvæmt 14. gr. nefndra laga, enda er eigi á valdi dómstóla að auka rétt aðaláfrýjanda frá því, sem segir í nefndri 14. gr. Í héraðsdómi eru upp taldir kröfuliðir aðaláfrýjanda. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sýknu af 4. og 11. kröfulið. Kröfuliður 3, áhættuþóknun, kröfuliður 6, fæðisstyrkur, og kröfuliður 9, ½ verð einkennisfata, verða eigi taldir til fastra launa samkvæmt 14. gr. laganna. Kröfuliður 5, næturvinnuálag, hefur verið samþykktur og greiddur af gagnáfrýjanda. Aðrir kröfuliðir falla sumir beint undir ákvæði 14. gr. laganna, en öðrum hefur eigi verið nægilega mótmælt. Með skírskotun til frásagnar héraðsdómara átti aðaláfrýjandi því tilkall til greiðslna, svo sem hér segir:

Samkvæmt	1.	kröfulið	kr.	28.538.20
—	2.	—	—	6.351.47
—	5.	—	—	6.214.56
—	7.	—	—	1.109.16
—	8.	—	—	6.453.28
—	10.	—	—	2.185.76
			Samtals kr.	50.852.43

Samkvæmt því, er nú var rakið, ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 50.852.43 ÷ kr. 40.460.40, er áður hafa verið greiddar, þ. e. kr. 10.392.03 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags.

Eftir atvikum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Einari Ingimund-

arsyni, kr. 10.392.03 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júlí s.l., hefur Einar Ingimundarson, fyrrverandi lögregluþjónn, Brekkubraut 13, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. febrúar 1963, gegn utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

Aðallega, að brottvikning sín úr starfi ríkislögregluþjóns á Keflavíkurflugvelli samkvæmt bréfi stefnda utanrkisráðherra, dags. 28. desember 1961, verði ógilt með dómi, en *til vara,* að brottvikningin verði dæmd ólögmæt og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði gert að greiða stefnanda bætur að fjárhæð kr. 1.569.999.91 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi varakröfu sinni þannig, að gerð var krafa um skaðabætur að fjárhæð kr. 1.574.239.60, og samþykktu stefndu þessa breytingu á dómkröfunum.

Stefndu hafa gert þær dómkröfur *aðallega,* að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en *til vara,* að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, svo sem greinir í aðalkröfu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, dags. 19. marz 1956, var stefnandi skipaður lögregluþjónn í lögregluliði Keflavíkurflugvallar frá og með 19. marz 1956. Samþykkt var á Alþingi árið 1961 að fækka í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli, og var stefnandi leystur frá störfum frá og með 1. janúar 1962, sbr. bréf utanríkisráðherra, dags. 28. des. 1961 (dskj. nr. 4). Jafnframt voru honum greiddar kr. 40.460.40, og sagði í bréfinu, að greiðsla þessi væri „laun í 6 mánuði samkvæmt launalögum ásamt næturvinnuálagi". Tilgreind orsök uppsagnarinnar er í nefndu bréfi samþykkt Alþingis um fækkun í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Þar er þess einnig getið, að ráðuneytið muni reyna að greiða fyrir því, að stefnandi komist í lögregluþjónsstöðu annars staðar, ef þess verði óskað.

Stefnandi hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi eftir

áramót 1961/1962 unnið sem verkamaður í Hraðfrystihúsi Keflavíkur samkvæmt samningum verkalýðsfélagsins á staðnum bæði í tímavinnu og ákvæðisvinnu. Þar hafi hann unnið til 1. júní 1962. Þá hafi hann starfað sem fangavörður á Litla Hrauni um sumarleyfistímann sama ár og tekið laun eftir 10. flokki launalaga. Um haustið hafi hann unnið sem verkamaður í Vélsmiðju Keflavíkur fram til áramóta, en þá gerzt háseti á m/s Stapafelli. Eftir 1½ mánaðar starf þar hafi hann farið í land og starfað sem verkamaður í Hraðfrystihúsi Keflavíkur þar til um miðjan júlí (1963), að hann hafi ráðizt sem háseti á m/s Jökulfell og starfað þar síðan.

Ekki segir stefnandi, að sér hafi verið boðið starf hjá ríkinu eftir 1. janúar 1962, og ekki segist hann hafa sótt um lögregluþjónsstöðu eftir þann tíma. Ekki hafi sér heldur verið gefinn kostur á þeim lögregluþjónsstöðum, sem losnað hafi eftir þennan tíma og ráðið hafi verið í.

Heildartekjur stefnanda tímabilið 1959—1963 hafa verið sem hér segir samkvæmt skattframtölum hans:

1959	kr.	111.194.80
1960	—	125.363.00
1961	—	144.856.68
1962	—	191.417.00
1963	—	188.605.27

Varakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Föst laun jan.—maí, kr. 5.707.64	kr.	28.538.20
2.	— — júní	—	6.351.47
	Samtals	kr.	34.889.67
3.	6% áhættuþóknun á föst laun	—	2.093.38
4.	5½ tími á viku í 6 mánuði, þ. e. 143 tímar á kr. 74/—	—	10.582.00
5.	Næturvinnuálag	—	6.214.56
6.	Fæðisstyrkur í 6 mánuði, kr. 1.100/—	—	6.600.00
7.	Helgidagauppbót, 5½ dagkaup á kr. 190.25 + 6% áhættuþóknun	—	1.109.16
8.	Sumarleyfi fyrir næstliðið orlofsár, 32 dagar á kr. 190.25 + 6%	—	6.453.28
9.	½ verð einkennisfata	—	3.032.50

10. Sumarleyfi frá 1961, 7½ dagur á kr. 190.25 + 6%	kr. 1.512.49		
+ 3 dagar á 211.72 + 6% = 224.42	— 673.27	kr.	2.185.76
		kr.	73.160.31
÷ áður greitt skv. dskj. 4		—	40.460.40
		kr.	32.699.91
11. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum		—1.537.300.00	
		Kr.	1.569.999.91

Liður 11 var við munnlegan málflutning hækkaður í kr. 1.541.539.69, eins og áður getur, og er þá heildarfjárhæðin kr. 1.574.239.60.

Kröfuliðir 1—10 eru að sögn stefnanda laun og hlunnindi, sem fylgt hafi starfi hans á flugvellinum.

Kröfuliður 11 er þannig til kominn, að stefnandi hefur fengið tryggingafræðing til að reikna út heildarverðmæti launa sinna vegna lögreglustarfa, bæði fastatekna og umframtekna, þar með talið framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, allt miðað við 1. janúar 1962. Stefnandi er fæddur 30. apríl 1926 og var því 35 ára að aldri á brottvikningardegi. Var starfsaldur hans þá 14 ár og 10 mánuðir. Í útreikningnum er við það miðað, að hann hefði látið af störfum 65 ára að aldri.

Heildarverðmæti launa þessara eru samkvæmt nefndum útreikningi kr. 1.614.700.00, en til frádráttar koma kröfuliðir 1—10, kr. 73.160.31, þar sem tekið er tillit til þeirra í útreikningi tryggingafræðingsins. Ekki er í útreikningi þessum tekið tillit til tekna af öðrum störfum, sem stefnandi hefur haft með höndum jafnframt lögregluþjónsstarfinu, og ekki er tekið tillit til þess öryggisleysis, sem fylgir störfum hjá öðrum en opinberum aðiljum vegna atvinnuleysis, sjúkdóma og verkfalla. Þá hafa ekki að heldur verið dregnar frá greiðslur, sem stefnandi hefur fengið frá lögreglustjóraembættinu eftir brottvikninguna. Notaðir hafa verið 7% ársvextir, dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Stefnandi hefur haldið því fram, að staða sín hafi í raun og veru alls ekki verið lögð niður. Sú ástæða, sem tilgreind hafi

verið í uppsagnarbréfinu, hafi verið samþykkt Alþingis um fækkun lögreglumanna á Keflavíkurflugvelli. Raunverulega hafi engin fækkun átt sér stað, fastskipuðum mönnum einum hafi verið fækkað, en í þeirra stað hafi verið ráðnir aukamenn. Sé það því yfirskin, að staða hans hafi verið lögð niður.

Ef ekki yrði talið unnt að fallast á þetta og stöður teldust hafa verið lagðar niður, sé nauðsynlegt, að alveg liggi ljóst fyrir, hverjar stöður lagðar hafi verið niður. Þegar úr þessu skuli leyst, komi tvennt til greina:

1. Hvort einn maður gegni sérstöku afmörkuðu starfi.
2. Hvort tiltekið starf sé falið hóp manna.

Í fyrra tilvikinu leiki enginn vafi á því, hvaða staða sé lögð niður, ef til slíks komi. Þar sem hins vegar margir menn gegni sams konar starfi, svo sem í lögregluliði Keflavíkurflugvallar, komi tvennt til álita:

1. Að starfsemin í heild sé lögð niður, svo sem ef lögreglan á Keflavíkurflugvelli hætti starfi.
2. Að fækkað sé í lögregluliðinu.

Í fyrra tilvikinu mundi enginn vafi koma upp um það, hvaða stöður lagðar hefðu verið niður. Í síðara tilvikinu héldi hins vegar ríkislögreglan áfram starfi og þá væri álitamál, hvaða stöður lagðar hefðu verið niður.

Tilgangur laga nr. 38/1957 sé m. a. sá að veita ríkisstarfsmönnum öryggi í starfi. Ef lögin eigi að ná tilgangi sínum að þessu leyti, geti það ekki staðizt, að ráðherra eða aðrir yfirmenn geti valið þá úr starfshóp eftir eigin geðþótta, sem láta eigi af störfum, ef ákveðið sé að fækka skuli starfsliði. Fara verði eftir ákveðinni hlutlægri reglu, en ekki skipti meginmáli, hver reglan sé, ef telja megi hana sanngjarna og skynsamlega. Mætti t. d. beita hæfnisprófum og jafnvel hlutkesti, ef allir reyndust jafnhæfir. Eðlilegust væri þó sú regla, að þeir, sem síðast væru skipaðir í starf, yrðu fyrst látnir víkja, ef fækka ætti. Algerlega frjálst val ráðherra og annarra yfirvalda mundi valda því, að opin leið væri til misbeitingar, þannig að stjórnmálaskoðanir eða önnur slík atriði gætu haft áhrif á það, hvort menn ættu þess kost að gegna störfum sínum eða ekki.

Samkvæmt því, sem nú hafi greint verið, hefði fyrst átt að leggja niður stöður þær, sem síðast hafði verið skipað í, eða beita öðrum hlutlægum sjónarmiðum. Af gögnum málsins sjáist, sbr. dskj. nr. 11, að margir menn hafi byrjað störf sem lögregluþjónar á eftir stefnanda. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á, að

öðrum hlutlægum reglum hafi verið beitt, þegar stefnandi hafi verið látinn víkja. Staða stefnanda hafi því ekki verið lögð niður í skilningi 7. tl. 4. gr. l. 38/1954 og sé uppsögnin því andstæð lögum þessum. Beri því að taka aðalkröfuna til greina.

Yrði hins vegar svo talið, að uppsögnin væri gild að formi til og henni því ekki hnikað, sé hún þó samkvæmt framansögðu ólögmæt að efni til og stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs bótaskyldur. Sé því sett fram varakrafa um, að stefnanda verði dæmdar bætur, sem ákveðnar verði eftir 3. mgr. 11. gr. l. nr. 38/1954. Stefnanda hafi ekki verið boðið annað starf á vegum ríkisins og hann hafi því ekki hafnað sambærilegu né heldur öðru starfi hjá ríkinu. Samkvæmt 14. gr. laganna sé það skilyrði fyrir bótum, að ekki hafi verið hafnað slíkri stöðu, en í því felist, að ríkið eigi að hafa frumkvæði að því að bjóða hana fram. Þessari reglu 14. gr. sé eðilegt að beita um bætur samkvæmt 11. gr.

Vegna *aðalkröfu* stefnanda hefur því verið haldið fram af hálfu stefndu, að ráðherra hafi óskoraða heimild til að víkja frá ríkisstarfsmönnum, sbr. 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 per analogiam. Megi hér skýlaust beita lögjöfnun, þar sem allsendis væri óeðlilegt, að þeir ríkisstarfsmenn, sem hefðu ráðherraskipun, nytu betri réttar en þeir, sem forseti skipaði. Dómara beri hér að undanskilja, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar, sjá einnig 35. gr. l. 85/1936. Aðalkröfu stefnanda sé því með engu móti hægt að taka til greina.

Vegna *varakröfu* stefnanda hefur á það verið bent af hálfu stefndu, að í l. 38/1954 sé ljóslega greint á milli uppsagnar ríkisstarfsmanna, sbr. 11. gr., og niðurlagningar á stöðum, sbr. 14. gr. Í 11. gr. sé dómstólum fengið úrlausnarvald um bætur, en í 14. gr. séu fyrirmæli um það, hvernig greiðslum skuli hagað, þegar staða sé lögð niður, og megi líta svo á, að þar sé um að ræða lögákveðnar bætur.

Ástæðan fyrir því, að stefnandi hafi misst stöðu sína, sé sú, að samþykkt hafi verið á Alþingi 1961, að lögreglumönnum á Keflavíkurflugvelli skyldi fækkað um þrjá. Í því felist, að jafnmargar stöður hafi verið lagðar niður samkvæmt 14. gr. l. 38/1954. Ekki sé til nein regla, sem kveði á um það, hvaða stöður teljist lagðar niður, þegar fækkað sé starfsmönnum, en starfsemin haldi þó áfram. Sé því ekki hægt að halda fram, að yngri stöður skuli taldar lagðar niður á undan stöðum, sem síðar sé skipað í. Margt fleira geti hér komið til álita en starfsaldur, svo

sem menntun, hæfni og jafnvel lífsaldur. Af þessu verði ekki dregin önnur niðurstaða en sú, að ráðherra eða yfirmenn hlutaðeigandi starfsgreina ríkisins hafi heimild til að meta og ákveða í hverju einstöku tilviki, hverjar stöður lagðar skuli niður, þegar fækkað sé í starfsgrein. Slík heimild sé ekki sízt mikilvæg þar, sem lögregla eigi í hlut, en þar geti einmitt alveg sérstaklega reynt á gott samstarf yfirmanna og undirmanna.

Þegar á þetta sé litið, megi ljóst vera, að staða stefnanda hafi verið lögð niður og reikningsskilum eigi að haga eins og fyrir sé mælt í 14. gr. l. nr. 38/1954. Þetta hafi verið gert og beri því einnig að sýkna af varakröfu stefnanda.

Verða nú kröfur stefnanda teknar til úrlausnar:

1. *Aðalkrafa.*

Fallast ber á þá skoðun stefndu, að ráðherra hafi skýlausa heimild til að víkja frá ríkisstarfsmönnum, sbr. 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 per analogiam. Undantekningar þær, sem lög hafa að geyma frá þessari reglu, eiga hér ekki við. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina, og á stefndi utanríkisráðherra að vera sýkn af þessari kröfu stefnanda.

2. *Varakrafa.*

Ekki er unnt að fallast á það sjónarmið stefnanda, að raunverulega hafi engin fækkun átt sér stað í lögregluliði Keflavíkurflugvallar. Afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1962 sýnir, að liður sá, sem hefur að geyma fjárveitingar til greiðslu launa lögregluþjóna á Keflavíkurflugvelli, var í meðferð fjárlaganna á Alþingi lækkaður um kr. 300.000.00, og er þess berlega getið, að lækkun þessi sé vegna fækkunar lögregluliða um 3 menn (Alþt. 1961 A, bls. 516 og 530). Fullyrðingu sinni til stuðnings og gegn þessari ótvíræðu vísbendingu um fækkun hefur stefnandi ekki fært fram nein rök.

Kemur þá næst til álita, hverjar stöður hafi verið lagðar niður:

Almennt verður talið, að heimilt sé að leggja niður stöður og leysa menn þannig frá störfum, en það fer eftir réttargrundvelli hverrar stöðu, hvernig það verði gert. Þar sem staða er ekki grundvölluð á stjórnarskrár- eða lagaákvæðum, getur hlutaðeigandi ráðherra kveðið svo á, að staða skuli lögð niður.

Ekki hefur verið bent á, að l. nr. 38/1954 né heldur önnur lög hafi að geyma nein ákvæði um það, hverjar stöður skuli taldar lagðar niður, þegar fækkað er í tiltekinni starfsgrein, en starfsemin heldur þó áfram eins og í því tilviki, sem hér um ræðir. Enga leiðbeiningu er um þetta að fá í athugasemdum við frum-

varp til laga nr. 38/1954 né heldur í umræðum, sem áttu sér stað um það á Alþingi.

Með hliðsjón af þessari almennu heimild til niðurlagningar á embættum og stöðum, sem áður var gerð grein fyrir, og því, að ákvæði skortir um það, hverjar stöður skuli lagðar niður, þegar fækkað er starfsmönnum, svo sem hér hefur átt sér stað, verður að telja, að hlutaðeigandi ráðherra eða eftir atvikum yfirmaður hlutaðeigandi stjórnsýslugreinar eigi hér frjálsan ákvörðunarrétt, enda sé ekki um að tefla misbeitingu valds, geðræði, eða önnur ómálefnaleg sjónarmið. Hefur í máli því, sem hér er til úrlausnar, ekki verið sýnt fram á, að slíku sé til að dreifa, heldur aðeins almennt verið drepið á, að hætta geti verið á slíku.

Verður samkvæmt þessu að telja, að staða stefnanda hafi löglega verið lögð niður.

Stefnanda verða því ekki dæmdar bætur samkvæmt 11. gr. l. nr. 38/1954, heldur ber að beita ákvæðum 14. gr. sömu laga, en telja verður, að grein þessi hafi að geyma tæmandi ákvæði um bætur, þegar svo stendur á sem hér. Af þessu leiðir, að ekki er grundvöllur bóta samkvæmt 11. lið í varakröfu stefnanda: „Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..... kr. 1.541.539.69".

Ljóst liggur fyrir í máli þessu, að stefnandi hefur ekki sótt um annað starf hjá ríkinu, og verða því skaðabætur ekki reistar á 2.—3. mgr. 14. gr.

Kemur þá til álita, hvort stefnandi hafi fengið „föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi ....", en stefnandi hafði starfað að lögreglustörfum í 14 ár og 10 mánuði, eða hvort stefnandi geti reist fjárkröfur sínar á öðrum sjónarmiðum.

Að vísu felur varakrafa stefnanda eftir orðanna hljóðan það í sér, að krafa er gerð um, að brottvikningin verði dæmd ólögmæt og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði gert að greiða stefnanda bætur. Verði þær bætur ákveðnar samkvæmt 3. mgr. 11. gr. l. nr. 38/1954. Hins vegar er ekki gerð þrautavarakrafa þess efnis, að bætur verði ákveðnar samkvæmt 14. gr., ef talið yrði, að staða stefnanda hefði verið lögð niður á lögmætan hátt. Þess er þó krafizt í varakröfunni, — sem annars er á því reist, að staða stefnanda hafi ekki verið lögð niður og frávikning hans því ólögmæt, — að skaðabætur verði ákveðnar að nokkru leyti samkvæmt 14. gr., sbr. greinargerð dskj. nr. 2. Ekki þykir þessi óskýrleiki í kröfugerð stefnanda eiga að valda því, að ekki

verði tekið til úrlausnar, hvort stefnandi hafi fengið allar þær greiðslur, sem honum ber samkvæmt 14. gr. laganna.

Stefnandi hefur haldið því fram, að liðir 1—10 séu laun og hlunnindi, sem fylgt hafi starfi hans á flugvellinum. Eigi hann samkvæmt 14 gr. l. nr. 38/1954 skýlausan rétt til að njóta sömu kjara á uppsagnarfrestinum og hann hafi notið í starfi. Ef 14. gr. sé beitt óskorað, vanti kr. 32.699.91.

Af hálfu stefndu hefur því hins vegar verið haldið fram, að ekki beri að taka tillit til neinna aukagreiðslna eða hlunninda, heldur einungis hinna föstu mánaðarlauna. Af þessum sökum hefur kröfuliðum 1—10 verið andmælt.

Telja verður að skýra beri orðin „föst laun" í 14. gr. þannig, að þau taki til þeirra launa og hlunninda, sem ríkisstarfsmaður hafi notið að staðaldri. Ber því ekki einungis að hafa hliðsjón af föstum mánaðarlaunum, heldur einnig föstum aukatekjum eða hlunnindum, sem hlutaðeigandi starfsmaður hefur notið hjá ríkinu að staðaldri, þannig að starfsmaðurinn njóti þar sömu kjara í hvívetna og hann hefði notið, ef hann hefði gegnt starfinu áfram.

Verður nú með hliðsjón af þessu fjallað um kröfuliðina hvern fyrir sig:

1. *Föst laun jan.—maí, samtals kr. 28.538.20.*

Þennan kröfulið ber að taka til greina samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954, enda ber að líta svo á, að stefndi fjármálaráðherra hafi viðurkennt hann.

2. *Föst laun fyrir júní, kr. 6.351.47.*

Stefnandi heldur því fram, að honum beri 4% kauphækkun, sem orðið hafi í júnímánuði 1962.

Þessi liður verður tekinn til greina að fullu af sömu ástæðum og 1. liður, enda hefur því ekki verið andmælt, að 4% kauphækkun hafi átt sér stað í júní 1962.

3. *6% áhættuþóknun á föst laun, kr. 2.093.38.*

Þessa þóknun verður að telja til fastra launa í merkingu 14. gr., enda var hún greidd að staðaldri. Að vísu er þeirri áhættu, sem lögreglustörfum fylgir, ekki til að dreifa, þegar stefnandi hefur látið af störfum. Þegar hins vegar á það er litið, að stefnandi hefur látið af störfum að óvilja sínum, verður að telja, að hann hafi verið reiðubúinn til að taka á sig þá áhættu, sem lögreglustörfum fylgi, og eigi hann því rétt á þóknun þessari. Liður þessi verður því tekinn til greina.

4. *5½ tími á viku í 6 mánuði, samtals kr. 10.582.00.*

Hér er um að ræða 143 klukkustundir á kr. 74.00 hver stund. Þóknun þessi er fyrir hliðvörzlu í þágu varnarliðsins, og það hefur greitt stefnanda umrædda þóknun. Hefur stefnandi haldið því fram, að þessi vörzlustörf séu einungis veitt lögregluþjónum og verði því að teljast hlunnindi við starfið. Þar sem telja verður, að orðin „föst laun" í 14. gr. eigi aðeins við um laun, sem ríkið sjálft greiðir, eins og áður segir, verður þessi liður ekki tekinn til greina.

5. *Næturvinnuálag, kr. 6.214.56.*

Þar sem stefnanda hefur verið greidd þessi fjárhæð, er honum var sagt upp, sbr. bréfið á dskj. nr. 4, verður að telja, að stefndi fjármálaráðherra hafi viðurkennt réttmæti þessarar kröfu.

6. *Fæðisstyrkur í 6 mánuði, kr. 6.600.00.*

Þennan lið verður að telja til fastra hlunninda við starf stefnanda, og ber því að taka hann til greina. Haggar það ekki þessari niðurstöðu, þótt stefnandi þyrfti nú ekki lengur að matast utan heimilis vegna starfs síns, þar sem aukinn kostnaður og fyrirhöfn í heimilishaldi komi á móti.

7. *Helgidagauppbót, kr. 1.109.16.*

Lögmaður stefnanda hefur upplýst eftir Sigurði Sigurðssyni, yfirvarðstjóra í lögreglunni á Keflavíkurflugvelli, að hér sé um að ræða helming þeirra 11 helgidaga, sem stefnandi hafi unnið á árinu 1961, en ekki fengið greidda og ekki fengið sem sumarleyfi. Því hefur ekki verið andmælt af hálfu stefndu, að sú tilhögun hafi tíðkazt, að lögreglumenn hafi unnið helgidaga og fengið þá þannig bætta.

Þessi kröfuliður fellur að vísu ekki undir 14. gr., en hins vegar má líta á hann sem almenna skuld, og ber þannig að taka hann til greina.

8. *Sumarleyfi fyrir næstliðið ár, kr. 6.453.28.*

Samkvæmt því, sem lögmaður stefnanda hefur upplýst eftir nefndum yfirvarðstjóra, hafði stefnandi fengið 21 dags orlof, er hann starfaði í lögregluliðinu, og við orlof þetta hefðu bætzt 11 helgidagar, sem stefnandi hefði unnið eða átt að vinna. Hefði hann þannig fengið eða átt að fá 32 daga í orlof. Þegar því 6 mánaða tímabili lauk, sem stefnandi fékk greidd laun fyrir, var

orlofsárið 1961—1962 fullnað, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1943, og ber honum greiðsla fyrir það. Framangreint hefur ekki verið vefengt af hálfu stefndu, og ber því að taka þennan lið til greina, enda verður að telja orlof til fastra launa í merkingu 14. gr. laga nr. 38/1954. Helmingur þessa liðs er og fé, sem stefndu skulda stefnanda, frá því að hann var í starfi.

9. *½ verð einkennisfata, kr. 3.032.50.*

Þennan lið verður að telja til fastra hlunninda, sem starfi stefnanda hafi fylgt, enda hafa stefnanda sparazt kaup á vinnufatnaði, sem ætla má að nemi svipaðri fjárhæð. Ber því að taka þennan lið til greina.

10. Sumarleyfi frá 1961, kr. 2.185.76.

Lögmaður stefnanda hefur upplýst eftir margnefndum yfirvarðstjóra, að stefnandi hafi með samþykki yfirmanna sinna fengið að geyma nefnt sumarleyfi. Hefur þessu ekki verið andmælt af hálfu stefndu, og verður því að telja, að hér sé um skuld að ræða við stefnanda. Ber því að taka þennan lið til greina.

Stefnanda ber þannig að fá úr hendi stefnda fjármálaráðherra kr. 62.578.31 (28.538.20 + 6.351.47 + 2.093.38 + 6.214.56 + 6.600.00 + 1.109.16 + 6.453.28 + 3.032.50 + 2.185.76), en til frádráttar koma kr. 40.460.40, sem hann fékk greiddar, um leið og honum barst uppsagnarbréfið. Ber stefnda fjármálaráðherra þannig f. h. ríkissjóðs að greiða stefnanda kr. 22.117.91 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags. Þá ber stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða kr. 5.700.00 í málskostnað, enda verður greiðsluframboð stefndu, sbr. bréf stefnanda á dskj. nr. 5, ekki talið fullnægjandi.

Sigurður Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Ingimundarsyni, kr. 22.117.91 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og kr. 5.700.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. marz 1966.

Nr. 35/1965. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
gegn
Karólínu Guðlaugsdóttur
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Lögmenn. Vaxtakrafa viðskiptamanns af innstæðu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1965. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu, en til vara, að honum verði dæmt að greiða henni kr. 9.771.82 án vaxta og málskostnaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að henni verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, greiði stefndu, Karólínu Guðlaugsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 10. nóvember s.l. Það var höfðað með sáttakæru, sem birt var 11. september 1962. Stefnandi er frú Karólína Guðlaugsdóttir, Fornhaga 17, hér í borg, en stefndi Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður.

Dómkröfur:

Af hálfu stefnanda er krafizt greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 29.140.06 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 6. febrúar 1962 til greiðsludags svo og málskostnaðar eftir mati dómsins. Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 9.771.82 án vaxta og málskostnaðar og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavextir:

Stefndi annaðist á sínum tíma viðamikil lögmannsstörf fyrir stefnanda. Þegar þeim var lokið, gerði hann úr garði skjal, er hann nefndi reikning, dagsett 21. september 1960, og lagði það fyrir stefnanda. Er þar m. a. tilgreint lögmannskaup, samtals kr. 788.789.58. Stefndi hafði tekið við fé inn á reikning stefnanda hjá honum og vildi nú, að því er ráðið verður af reikningnum, greiða henni innstæðu hennar, eftir að m. a. lögmannskaupið hafði verið fært henni til skuldar. Nam innstæðan samkvæmt reikningi þessum kr. 630.948.69. Á reikninginn hefur verið ritað á skrifstofu stefnda: „Ofanrituð fjárhæð er í dag móttekin og kvittast hér með fyrir./ Reykjavík, 22. sept. 1960". Undir þessa kvittun hefur ekki verið ritað, enda vildi stefnandi ekki samþykkja að greiða stefnda það lögmannskaup, sem á reikningnum er tilgreint. Stefndi greiddi stefnanda fyrrgreindar kr. 630.948.69, en ágreiningur aðilja um upphæð lögmannskaupsins var lagður fyrir gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands með bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 8. nóv. 1960. Málið gekk til stjórnar félagsins, sem lagði úrskurð á það 23. nóvember 1961. Var sá úrskurður staðfestur af Hæstarétti 31. janúar 1962. Þótti hið umdeilda lögmannskaup eiga að vera kr. 502.087.00 eða kr. 286.702.58 lægra en greindi á fyrrnefndum reikningi. Þessa upphæð án vaxta greiddi stefndi umboðsmanni stefnanda 6. febrúar 1962.

Mál þetta er upp komið vegna ágreinings aðilja um, hvort stefnda beri að greiða vexti af kr. 286.702.58 fyrir þann tíma, er aðiljar deildu um upphæð lömannskaupsins. Er því haldið fram

af hálfu stefnanda, að stefnda beri að greiða henni almenna sparisjóðsvexti og krafa hennar þannig fundin:

9% ársvextir af kr. 286.702.58 frá 22/9 1960—29/12 1960 (97 dagar)	kr. 6.952.52
7% ársvextir af sömu fjárhæð 29/12 1960— 6/2 1962 (398 dagar)	— 22.187.54
	Samtals kr. 29.140.06

Fram er komið, að af hálfu stefnanda var stefndi krafinn um vexti ekki síðar en í nóvemberlok eða í desember 1961. Hinn 22. febrúar 1962 ritaði lögmaður stefnanda stefnda um vextina, og með bréfi, dagsettu 26. febrúar, óskaði stefndi eftir vottorði frá gjaldskrárnefnd Lögmannafélagsins um, eins og segir í bréfinu: „1° hvort mér ber að greiða frú Karólínu Guðlaugsdóttur, Fornhaga 17, hér í borg, nokkra vöxtu af því fé, er ég galt henni 6. þ. m., og 2° ef svo er, þá hversu háa."

Hinn 16. apríl 1962 afgreiddi gjaldskrárnefndin málið með bókun, þar sem m. a. segir:

„Nefndin telur eftir atvikum rétt, að Magnús Thorlacius hrl. greiði frú Karólínu vexti af umræddri fjárhæð, kr. 286.702.58, frá 8. nóvember 1960 til 6. febrúar 1962 og reiknist þeir jafnir hlaupareikningsvöxtum bankanna, þ. e. 4% p. a. frá 8. nóv. 1960 til 29. des. 1960, en 3% p. a. frá þeim degi til 6. febrúar 1962."

Undir bókunina rita G. A. Sveinsson hrl. með fyrirvara, Árni Guðjónsson hrl. og Agnar Gústafsson hrl. Hinn 17. sept. s.l. komu lögmennirnir allir fyrir dóm á bæjarþinginu. Þegar Gústaf A. Sveinsson gaf skýrslu á þinginu, var m. a. bókað:

„Stefndi óskar vitnið spurt, hvort hann telji venju hafa skapazt innan lögmannastéttarinnar um þau atriði, sem deilt er um í málinu.

Vitnið kveðst ekki treysta sér til að segja, hvort föst venja hafi myndazt hér að lútandi. Vitnið greinir síðan frá persónulegri skoðun sinni, sem er þessi: „Ég tel lögmönnum óskylt að svara vöxtum af innheimtufé, ef afreiknað er til viðskiptamanna innan hæfilegs tíma. Verði fyrirsjáanlegur dráttur á afreikningi, tel ég lögmanni skylt að svara hlaupareikningsvöxtum af inneign viðskiptamanns, nema viðskiptamaður óski, að fé sé lagt inn í sparisjóðsbók, enda tel ég þá, að svo beri að gera ella svara

sparisjóðsvöxtum.“ Vitnið kveðst telja, að ýmsir lögmenn hafi þennan hátt á, og sjálfur kveðst hann gera það. Með sparisjóðsvöxtum kveðst vitnið eiga við vexti af almennum sparisjóðsbókum, nema annars sé óskað.“

Síðar á þinginu var enn bókað eftir Gústafi A. Sveinssyni hrl.: „Vitnið kveðst ekki minnast þess, að hann hafi afreiknað nokkru sinni með hlaupareikningsvöxtum. Hins vegar hafi komið fyrir, að hann hafi afreiknað með sparisjóðsvöxtum, en þó oftast vaxtalaust.“

Agnar Gústafsson hrl. sagði m. a., er hann bar vitni á bæjarþinginu, að sér væri ekki kunnugt um venju, sem skapazt hefði innan lömannastéttarinnar um það atriði, sem um er deilt í málinu. Árni Guðjónsson hrl. sagði, „að sér væri ekki kunnugt um neitt hliðstætt tilfelli og því enga venju.“

Í máli þessu hafa verið lögð fram skjöl, sem bera með sér, að hinn 26. maí s.l. ritaði Kristján Jónsson, borgardómari í Reykjavík, stjórn Lögmannafélags Íslands bréf vegna annars bæjarþingsmáls (máls nr. 2383/1963). Í bréfinu voru bornar upp þessar spurningar:

I. Hefur Lögmannafélagið gert nokkra sérsamninga við íslenzkar lánastofnanir um varðveizlu og ávöxtun geymslufjár?

II. Eru til nokkrar viðteknar reglur um það, hvernig lögmönnum beri að ávaxta innheimtufé fyrir skjólstæðinga sína og ef svo er ekki, hvað er þá almenn venja?

III. Á hvern hátt teljið þér eðlilegast að lögmenn ávaxti innheimtufé, sem líkur benda til, að þurfi að vera um lengri tíma í vörzlu lögmanns?

Hinn 27. maí ritaði Ágúst Fjeldsted f. h. stjórnar Lögmannafélagsins svarbréf, þar sem segir:

„Stjórnin svarar fyrirspurnum yðar þannig:

I. Nei.

II. Það mun almenn venja að greiða ekki vexti af innheimtufé, meðan það er í vörzlum lögmanns.

III. Rísi ágreiningur um það, hver eigi innheimtufé í vörzlu lögmanna, hefur stjórnin litið svo á, að rétt sé að „deponera“ fénu í banka.“

Málsástæður og lagarök:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að það sé grundvallarregla í íslenzkum rétti, að menn eigi að svara vöxtum af fé, er þeir varðveita fyrir aðra einhverra hluta vegna. Komi reglan

fram í ýmsum lögum, svo sem lögum nr. 58/1960. Er því haldið fram, að um það þurfi sérstaka samninga, ef ekki eigi að greiða vexti.

Þá er því enn fremur haldið fram til stuðnings kröfu stefnanda, að hún hafi orðið fyrir tjóni, sem stefndi hafi valdið með ólögmætum og saknæmum hætti. Ólögmætt hafi verið að krefjast of mikils lögmannskaups og saknæmt að sýna af sér gáleysi við kröfugerðum hennar, eins og stefndi hafi gert. Það hafi komið fram í dómi Hæstaréttar, að stefnandi hafi átt kr. 286.702.58, sem verið hafi í vörzlum stefnda og hann ekki viljað láta af hendi, allt frá því að hann vildi gera upp við stefnanda 22. september 1960 og til 6. febrúar 1962. Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af því að hafa ekki fé í sínum vörzlum þennan tíma og nemi það tjón a. m. k. sparisjóðsvöxtum. Beri stefnda að bæta þetta tjón eftir reglum skaðabótaréttar.

Stefndi mótmælir því, að það sé regla í íslenzkum rétti, að menn eigi jafnan að greiða vexti af fé, sem síðar kemur fram, að er annars eign en þess, sem það hefur í vörzlum sínum. Slíka reglu sé hvergi að finna í settum lögum eða öðrum réttarheimildum, enda beri t. d. lög nr. 58/1960 með sér, að ekki beri jafnan að greiða vexti af skuldum. Heldur stefndi því fram, að það fari eftir atvikum hverju sinni, hvort greiða beri vexti og hafi viðskipti þeirra frú Karólínu Guðlaugsdóttur verið þannig, að honum sé óskylt að greiða vexti af áðurnefndum kr. 286.702.58

Stefndi mótmælir því, að það sé venja, að fé, sem lögmenn geyma fyrir skjólstæðinga sína, sé komið fyrir í banka sem geymslufé, ef upp komi ágreiningur um rétt til þess. Þá hafi og ekki getað komið til slíks í þessu tilviki, þar sem alger óvissa hafi verið um, hve hárri fjárhæð hefði átt að koma fyrir í vörzlum banka. Þá skýrir stefndi svo frá, og er þeirri skýrslu ekki mótmælt, að engin krafa hafi verið gerð um, að hann legði fé í banka með þessum hætti. Heldur stefndi því fram, að það sé venja meðal lögmanna, að þeir greiði ekki vexti af fé, sem þeir varðveita fyrir viðskiptamenn sína, nema þess sé krafizt, að féð sé sett á vöxtu.

Stefndi mótmælir því, að honum beri að greiða hina umdeildu vexti á grundvelli almennra reglna um skaðabætur. Vanti bæði hlutlæg og huglæg skilyrði til þess, að skaðabætur verði dæmdar. Honum hafi verið rétt og heimilt að áskilja sér þóknun fyrir störf sín í þágu stefnanda. Upphæð þeirrar þóknunar hafi hann tilgreint í hinum svonefnda reikningi frá 21. september

1960, sem þó hafi aðeins verið tillaga um uppgjör á viðskiptum aðilja. Stefnandi eða lögmaður hennar hafi ekki gert gagntillögu og ekki legið ljóst fyrir, hvað fyrir þeim vakti. Bréf lögmanns stefnanda hafi ekki komið til stjórnar Lögmannafélagsins fyrr en 20. desember 1960 og þá ekki gerðar ákveðnar kröfur, heldur krafizt stórfelldrar, ótilgreindrar lækkunar. Síðar hafi af hálfu stefnanda verið gerðar fyrir stjórn félagsins kröfur, sem hafi verið mun fjær því, sem síðar var talið rétt lögmannskaup, en sú fjárhæð, sem skráð var á „reikninginn" frá 21. september 1960. Stefndi mótmælir því, að hann hafi krafizt of mikils lögmannskaups og kveðst hafa verið í góðri trú um, að það væri réttilega tilgreint á fyrrnefndum „reikningi". Bendir hann í því sambandi á, að gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands taldi í bókum 19. febrúar 1960, að málsfjárhæð í dómsmáli, sem stefndi flutti fyrir stefnanda, væri kr. 5½ milljón, eða helmingi hærri en síðar var talið af stjórn Lögmannafélagsins og Hæstarétti. Þóknun fyrir flutning máls þessa var hluti af hinu umdeilda lögmannskaupi, og kveðst stefndi hafa talið eðlilegt og rétt að miða um þetta atriði við álit gjaldskrárnefndarinnar, þegar hann samdi „reikninginn" frá 21. september 1960, enda gekk úrskurður stjórnar Lögmannafélagsins ekki fyrr en síðar, eins og áður er fram komið.

Stefndi heldur því fram, að hinn eini grundvöllur, sem hugsanlegt væri að byggja á kröfu stefnanda, sé auðgunarregla. Hann telur, að slík regla hljóti að gilda í vissum tilvikum. Hins vegar beri ekki að greiða vexti af fé, sem mönnum er dæmt að greiða með stoð í auðgunarreglu, sbr. 5. grein laga um hefð nr. 46/1905. Í öllu falli verði að skilja þá grein þannig, að vexti eigi ekki að greiða nema frá upphafi málssóknar. Er varakrafa stefnda á því byggð, að honum verði gert að greiða hlaupareikningsvexti frá 20. desember 1960.

Álit dómara:

Í máli þessu liggur ekki fyrir að skera úr um skyldu til vaxtagreiðslu á þeim tíma, er stefndi vann lögmannsstörf fyrir stefnanda. Sá tími, sem krafizt er vaxta fyrir, hófst, er þessum störfum var lokið og komið var að því, að viðskipti aðilja yrðu gerð upp.

Stefndi hafði tekið við fé inn á reikning stefnanda hjá honum. Telja má fram komið af skjali því, sem stefndi lagði fyrir stefnanda í september 1960 og nefndi sjálfur reikning, að hann hafi viljað gera upp viðskipti þeirra 22. september. Er rétt að telja

þann dag gjalddaga skuldar stefnda við stefnanda. Það er regla í íslenzkum rétti samkvæmt upphafsákvæði 5 greinar laga nr. 58/1960, að kröfuhafar eiga rétt á vöxtum af peningakröfum frá gjalddaga þeirra. Vafi um kröfuupphæðir og aðgerðir, sem fram fara til að fá úr þeim vafa leyst, breyta ekki skyldu skuldara til vaxtagreiðslu almennt. Ekki er fram komið í máli þessu, að sérreglur, byggðar á venjum eða öðrum réttarheimildum, leiði til þess, að úr ágreiningi aðilja verði skorið á öðrum grundvelli en eftir hinni almennu reglu í lögum nr. 58/1960. Er þess sérstaklega að geta, að ekki verður talið, að stefnda beri að greiða fjárhæð, sem miðuð sé við auðgun hans af að hafa í sínum vörzlum fé, sem honum var síðar gert skylt að greiða stefnanda.

Vextir þeir, sem stefnda ber að greiða stefnanda, eru almennir vextir, en ekki sparisjóðsvextir, en á þeim tíma, er hér skiptir máli, voru þessir vextir þó jafnháir. Er stefnda skylt að greiða stefnanda 9% vexti p. a. af kr. 286.702.58 frá 22. september 1960 til 29. desember sama ár og síðan 7% vexti p. a. frá þeim degi til 6. febrúar 1962 af sömu fjárhæð. Er þess að geta, að regla 5. greinar laga nr. 58/1960 um viðmiðun dráttarvaxta við umsamda vexti á hér ekki við. Með tilliti til sýknukröfu stefnda verður að taka tillit til þess, að í útreikningum þeim, sem krafa stefnanda er byggð á, er dagafjöldi síðara tímabilsins oftalinn um einn dag (398 dagar í stað 397), og lækkar því upphæð sú, sem stefnda verður gert að greiða, í kr. 29.084.36 Rétt er, að stefndi greiði 7% vexti p. a. af þessari fjárhæð, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.100.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Hefur uppsagan dregizt vegna forfalla dómara um tveggja vikna skeið.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, greiði stefnanda, frú Karólínu Guðlaugsdóttur, kr. 29.084.36 með 7% vöxtum p. a. frá 6. febrúar 1962 til greiðsludags og kr. 5.100.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. marz 1966.

Nr. 82/1964. **Dánarbú Jónatans Magnússonar**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Jörundssyni
(Benedikt Blöndal hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Jónatan Magnússon, andaðist hinn 26. janúar 1966, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. apríl 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1964. Hefur hann fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 868.475.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1 marz 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Kröfur áfrýjanda:

1. kröfuliður, örorkubætur, nam kr. 283.-986.00 í héraði. Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi fært hann ásamt 7% ársvöxtum frá slysdegi til 28. febrúar 1966 upp í .. kr. 644.420.00
2. kröfuliður, bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti, nam í héraði kr. 160.000.00. Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi fært hann ásamt 7% ársvöxtum frá slysdegi til 28. febrúar 1966 upp í ..... — 254.204.00

3.–6. kröfuliðir eru óbreyttir, samtals .... kr. 1.410.00
7. nýr kröfuliður vegna útreiknings örorkubóta nemur ..... — 2.000.00

Samtals kr. 902.034.00
Frá er dregin greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins ..... kr. 33.559.00

Dómkrafan kr. 868.475.00

Það athugast, að áfrýjandi hefur eigi farið eftir ákvæð- 45. gr. laga nr. 57/1962 við hina auknu kröfugerð.

Samkvæmt gögnum málsins, sem skilmerkilega eru greind í héraðsdómi, verða orsakir slyss þess, sem í málinu greinir, hvorki raktar til vanrækslu stefnda né handvammar þeirra manna, er hann bar sjálfskuldarábyrgð á við starfa þeirra. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður, en laun talsmanna áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. apríl s.l., hefur Jónatan Magnússon, Norðurgötu 26, Akureyri, höfðað, að fengnu gjafsóknarleyfi, með stefnu, birtri 15. maí 1961, gegn Guðmundi Jörundssyni útgerðarmanni, Tryggvagötu 8, hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 423.665.00 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1957 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L.M.F.Í., eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, enda verði fébótaábyrgð á síðargreindu slysi skipt. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Reynt hefur verið að sætta aðiljana hér fyrir dóminum, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að 2. október 1957 um kl. 1700 var botnvörpungurinn Jörundur, EA 335, að togveiðum 30—37 sjómílur norður af Patreksfirði. Skipstjórinn var sjálfur við stjórnvölinn og var að „skvera trollið", er allt í einu gaus mikil gufa út úr bræðsluhúsinu undir hvalbaknum, stjórnborðs megin. Var gufan svo mikil, að hún byrgði allt útsýni fram undan skipinu, og varð skipstjórinn því að slá á stopp, meðan hún var að rjúka burt. Í sama mund kvaðst skipstjórinn hafa heyrt óp frá bræðslumanninum, Jónatan Magnússyni, stefnanda máls þessa, er hafi verið að vinna í bræðsluklefanum. Skipstjórinn kallaði nú til manna þeirra, er voru við spilið, að fara stefnanda til hjálpar. Er gufuna tók af, sá hann stefnanda standa á fremstu lúgunni og skipverja í kringum hann. Var stefnandi þá mikið brenndur eftir sjóðandi lifur og gufu. Fötin voru nú klippt utan af stefnanda og reynt að gera að brunasárum hans með þeim meðulum, er fyrir hendi voru, og skipinu tafarlaust haldið til Flateyrar.

Skipstjórinn fór nú fram í bræðsluklefann til að athuga verksummerki. Var klefinn þá allur útataður í grút og lifur og tesinn á aftasta bræðslukarinu brotinn rétt við miðju. Við það hafði lokið lyfzt upp og sjóðandi lifur og lýsi spýtzt út úr karinu.

Skipstjórinn kvað skipverja hafa sagt sér, að stefnandi hefði verið að bræða hákarlslifur, er slysið varð. Hafi þeir verið nýbúnir að fá hákarl þennan og lifrin úr honum fyllt ca. 6 körfur. Hákarlslifur sé seig og því taki lengri tíma að bræða hana en venjulega lifur. Skipstjórinn kvað bræðsluhúsið vera undir eftirliti 1. vélstjóra, en þar eð það sé ekki í beinu sambandi við vél skipsins, hafi verið stillt svo til, þegar unnt hefði verið, að bræðslumaður hefði vélstjórapróf og það hafi stefnandi haft.

Skipstjóri tók fram, að sér hefði fundizt stefnandi aðgætinn í starfinu og hirðusamur.

Skipstjórinn gat þess, að haustið, sem slysið varð, hafi bræðslukörin og annar öryggisútbúnaður í sambandi við þau verið rannsökuð af eftirlitsmanni Lloyd's og lagfært það, sem ástæða hafi þótt til. Hafi þetta staðið í sambandi við klössun skipsins.

Samkvæmt endurriti úr skipaflokkunarregistri Lloyd's, er lagt hefur verið fram í málinu, útg. 10. desember 1957, er þess getið, að eftirlitsmaður félagsins hafi skoðað vélar b/v Jörundar og tilkynnt þær í góðu ásigkomulagi („in good working condition") hinn 27. september 1957.

Hámundur Björnsson, 1. vélstjóri, hefur skýrt svo frá, að hann hafi strax farið inn í bræðsluhúsið eftir slysið og látið hreinsa það. Hafi þá komið í ljós, að tesinn á aftasta karinu, sem heldur lokinu, hafi verið brotinn rétt við miðju. Hann kvað tesinn þannig gerðan, „að hringurinn sé fyrst renndur og armarnir síðan rafsoðnir þar við." Hafi brotið verið við suðuna. Hann kvaðst hafa athugað tesinn og ekki getað séð, að hann hefði bognað eða aflagast, heldur hreinlega brotnað. Þá kvaðst hann og hafa athugað brotsárið og ekki séð þar neinn galla eða neitt, sem bent hafi til þess, að það hafi áður verið sprungið. Hann kvaðst hafa athugað öryggislokann á karinu. Hafi hann verið rétt stilltur og þrýstimælirinn í lagi. Hámundur kvað skipið hafa verið í slipp á Akureyri í september 1957. Hafi ketillinn þá verið kynntur upp samkvæmt kröfum eftirlitsmanns Lloyd's, Viggos Jessens, er hafi gert mælingar á þrýstimælum og komizt að raun um, að þeir væru réttir og annar búnaður ketilsins og bræðslunnar. Hámundur kvaðst hafa verið viðstaddur þessar athuganir eftirlitsmannsins. Hann kvaðst margsinnis hafa brýnt það fyrir stefnanda, að hann mætti ekki fara hærra með þrýstinginn á körunum en 1 kg. á fersentimetra, en öryggislokinn sé stilltur á 1½ kg. Hann kvað ketilinn blása við 5 kg. þrýsting, en venjuleg vinnsla sé milli 4½ til 5 kg, en það sé algerlega á valdi bræðslumannsins, hve miklum þrýstingi sé hleypt á körin.

Hámundur kvaðst enga kvörtun hafa fengið um það, að bræðslutækin hefðu verið í ólagi og kvaðst telja, að þau hefðu verið í fullkomnu lagi. Aðspurður um orsakir slyssins kvaðst hann telja, að það hefði til dæmis getað stafað af því, að ratthjólið, sem lokar karinu, hafi verið hert of mikið eða öryggisventillinn hafi staðið á sér vegna óhreininda úr lifrinni og benti á, að hafi tesinn verið ofhertur að viðbættum gufuþrýstingnum, hafi þetta hvort tveggja getað orðið tesinum ofraun.

Guðvarður Vilmundarson, 1. stýrimaður, skýrði svo frá, að stefnandi hefði verið að bræða hákarlslifur, er slysið vildi til, og kvað hann stefnanda hafa tjáð sér, að það hefði gengið illa. Hins vegar hafi stefnandi sagt, að hann skildi ekki, hvernig á sprengingunni hafi staðið, þar eð hann hafi verið nýbúinn að

minnka gufuþrýstinginn, en Guðvarður kvaðst eigi hafa spurt stefnanda að því, hversu mikinn þrýsting hann hefði notað í umrætt sinn, og gat hann því ekkert borið um það atriði.

Guðvarður sagði sér hafa verið kunnugt um, að bræðslutækin hefðu verið skoðuð, áður en skipið fór út, og aldrei hefði verið kvartað við sig út af bræðslutækjunum, enda hafi hann álitið þau vera í ágætis ásigkomulagi.

Steingrímur Aðalsteinsson, 2. stýrimaður, kveðst hafa athugað tesinn eftir slysið, en treysti sér ekki til að segja, hvort hann hefði brotnað í suðunni við miðju tessins eða rétt utan við hana. Hann kvað tesinn hafa hangið á smátaug neðan til og hafi hann athugað brotsárið og sér virzt vera svartur blettur í því miðju, en kringum hann hafi brotsárið verið alveg hreint. Hafi því strax sú hugsun vaknað með sér, að þarna væri um að ræða galla í suðunni eða járninu. Ekki gat Steingrímur hins vegar gert sér nákvæma grein fyrir því, hversu stór þessi blettur var né heldur, hvort bletturinn hefði eigi getað stafað af óhreinindum, sem komizt hefðu í sárið eftir brotið, enda hafi hann ekki gert neitt til að sannreyna það.

Hann kvaðst engar upplýsingar geta gefið um orsakir slyssins og eigi hafa vitað annað en bræðslutækin hefðu verið í fullkomnu lagi, áður en slysið varð. Hann kvaðst hafa veitt því athygli, að um leið og slysið varð, hafi ketillinn blásið út af sér stutta stund.

Hámundur Björnsson, 1. vélstjóri, kom nú aftur fyrir réttinn vegna þessa framburðar Steingríms Aðalsteinssonar. Kvað hann það rétt, að tesinn hefði hangið á dálítilli taug neðan til, en ekki séð neinn efnisgalla í brotsárinu né heldur veitt þar athygli svörtum bletti eða litarbreytingu. Hann kvað sárið allt hafa verið útatað í grút og sora og því hafi verið erfitt að sjá, hvort um nýtt brot hafi verið að ræða alla leið. Hann tók fram, að við bræðsluna myndist svört skán innan í bræðslukarinu, er skafin sé svo innan úr því öðru hverju. Við gosið úr karinu hafi þessi svarta skán losnað og blandazt grútnum, sem í karinu var. Skán þessi sé sterkt litarefni, sem erfitt sé að þvo af með sjó. Þess vegna hafi sárið verið óhreint og erfitt að sjá litarbreytingu. Að endingu tók Hámundur fram, að hann væri alveg viss um, að tesinn hefði brotnað við suðuna, en ekki í henni sjálfri. Brotið hafi verið alveg slétt og enga holu þar í járninu að sjá.

Guðmundur Jörundsson, stefndi í máli þessu, kom einnig fyrir rétt og skýrði svo frá, að er framangreind skoðun á katli og

bræðslutækjum skipsins hefði farið fram, hefði eftirlitsmaðurinn komið fram með þá einu aðfinnslu að endurnýja þyrfti annan gufuþrýstimælinn og hafi það verið gert. En auk þess kvaðst stefndi hafa látið yfirfara lok og nagla í ratthjóli, því að nokkuð hafi viljað á því bera, að skrúfugangur slitnaði á þeim. Er eftirlitsmaðurinn framkvæmdi skoðun sína, kveður stefndi bræðsluketillinn hafa verið kynntan upp og allir kranar og ventlar verið reyndir samkvæmt hans fyrirsögn. Þá kveður stefndi, að öryggislokarnir hafi einnig verið reyndir og þeir verið í lagi. Stefndi kvaðst því ekki sjá, hvaða fleiri varúðarráðstafanir hefði verið unnt að gera, til að umrædd tæki væru í lagi.

Stefndi kvaðst jafnan hafa stillt svo til, að vélfróðir menn önnuðust lifrarbræðslu á skipinu og hafi bæði hann og vélstjóri margrætt það við bræðslumenn á skipinu, að þeir yrðu að hafa opinn frágang frá kötlunum út í gegnum síðu skipsins, þegar bræðsla færi fram, til öryggis því, að þrýstingur yrði ekki of hár í körunum og bent þeim jafnframt á, að þannig væri það gert á öllum skipum. En stefndi kvað sér hafa verið margtjáð, að það gerðu bræðslumenn á Jörundi ekki, er þeir væru að bræða, þar sem þeir hafi haldið því fram, að ketill þessi væri of lítill og því yrðu þeir að jafnaði að nota alla gufu hans til að bræða.

Stefndi tók fram, að umrædd kör væru smíðuð í Vélsmiðjunni Héðni og væru af sömu gerð og í öllum íslenzkum togurum, er smíðaðir hefðu verið eftir stríð.

Stefndi kvað það eitt sinn hafa komið fyrir áður, að tesinn á einu karinu hafi brotnað og smávægileg meiðsli orðið í sambandi við það. Hafi hann þá brýnt það sérstaklega fyrir stefnanda að fara gætilega við bræðsluna og hafa opið fyrir gufuna út eins og á öðrum skipum. Eftir fyrra óhappið kveður stefndi tesana á tveim aftari körunum hafa verið endurnýjaða og þeir gerðir traustari en áður. En á fremsta karinu, sem sé varakar, hafi tesinn hins vegar eigi verið endurnýjaður. Stefndi sagði, að það hefði aldrei verið minnzt á það við sig, að öryggislokarnir væru ekki á réttum stað á bræðslukörunum og yfirleitt aldrei verið fundið neitt að öryggisútbúnaði af Vélaöryggiseftirliti ríkisins.

Í sjó- og verzlunardómi Akureyrar, sem haldinn var í sjúkrahúsi Akureyrar hinn 4. febrúar 1958, skýrði stefnandi svo frá, að hann hefði verið bræðslumaður á b/v Jörundi í 2—3 ár, er slysið bar að höndum, að undanskilinni síldarvertíðinni. Er slysið vildi til, kvaðst hann hafa verið að bræða hákarlslifur ásamt annarri lifur í aftasta bræðslukarinu.. Þrýstimælirinn hafi staðið

á 1½ kg., en mesti þrýstingur, er hann hafi áður notað á karið, hafi verið tæp 2 kg. Meðan hann var að hita lifrina í karinu, kveður hann gufuþrýstinginn hafa fallið niður í ca. 4 kg., eins og vant var. Eftir u. þ. b. 14 mínútur hafi gufuþrýstingurinn aftur stigið upp í ca. 5 kg., eða fullan þrýsting. Kveðst stefnandi þá hafa slökkt á katlinum og ætlað að láta lifrina malla í karinu við fallandi þrýsting ketilsins í ca. 30 mínútur og taldi, að þá mundi lifrin vera orðin fullbrædd. Fór hann nú fram að fremsta karinu í bræðsluklefanum og aftur til baka og leit á gufumælinn og sá, að hann var eðlilegur. En til frekara öryggis kveðst stefnandi hafa minnkað aðeins gufuinnstreymið inn á karið. Kveðst hann hafa staðið þannig, að hann sneri fram og hafði vinstri höndina á þrýstikrananum. Allt í einu, segir hann, að sér hafi fundizt hann lyftast upp og svífa í lausu lofti og um leið misst meðvitundina örlitla stund. Er hann hafi rankað við sér aftur, hafi hann verið kominn út úr bræðsluklefanum og hásetarnir komnir til hans.

Stefnandi kvaðst hafa lokað karinu á nákvæmlega sama hátt og hann hafi verið vanur að gera. Hafi hann hert rattið með styttra járninu, er hann hafi notað sem vogarstöng, beitt sígandi átaki, og telur, að það hafi ekki verið meira en venjulega. Stefnandi kvaðst ekki minnast þess, að 1. vélstjóri hefði lagt fyrir hann að láta þrýstinginn ekki fara yfir 1 kg. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvers vegna tesinn brotnaði. Hafi sér virzt öll bræðslutækin í fullkomnu lagi, enda nýkomin úr skoðun.

Stefnandi kvað alla aðstöðu til vinnu í bræðsluklefanum hafa verið frekar erfiða, en að öðru leyti hafi hann ekki undan neinu að kvarta.

Þá hefur og verið lögð fram í málinu óstaðfest skýrsla stefnanda, dags. 25/2 1961. Í skýrslu þessari tekur stefnandi fram, að hann hafi verið rúmliggjandi, sárþjáður með nokkra hitasótt, er skýrslan var tekin af honum í sjó- og verzlunardómi Akureyrar hinn 4. febrúar 1958. Hafi hann því engan veginn verið vel fyrirkallaður og sjáist þess nokkur merki í skýrslunni. Sérstaklega vill hann leiðrétta eitt atriði í dómskýrslu sinni, þ. e. viðvíkjandi þrýstingnum í karinu. Hið rétta sé, að hann hafi haft þá reglu að nota 1¼ kg. þrýsting við bræðsluna. Meiri þrýsting hafi hann eigi notað viljandi, en hitt hafi getað komið fyrir, er hann hafi haft í öðru að snúast, að þrýstingurinn yrði talsvert meiri, án þess þó að öryggisventillinn blési nokkru sinni út.

Enn fremur segir svo í þessari skýrslu stefnanda:

„Ég gerði mér það að reglu að athuga alltaf þrýstinginn í gufukatlinum (sérstakur mælir, sem aldrei brást), áður en ég hleypti úr honum inn í það ker, sem átti að bræða í hverju sinni. Þegar mér þótti vera kominn hæfilegur þrýstingur í karið, lokaði ég fyrir gufuaðstreymið, en áður en ég byrjaði að hleypa á, hafði ég lokað fyrir afrennslið úr karinu. Til þess að verkið gengi svo, að hefðist undan, er sæmilega aflaðist, var ekki fært að sjóða lifrina við opna krana, eins og gert var á öðrum togurum. Til þess var gufuframleiðslan of lítil. En með því móti að hafa opna krana á gufuleiðslunum að og frá kerinu getur enginn teljandi þrýstingur myndazt í því. Á Jörundi var gufan sem sé ekki framleidd í gangvélinni, því hún er dísilvél, heldur með sérstakri olíukyndingu, sem átti að hafa sjálfvirka stillingu eftir hita (thermostat), en sá hitastillir var ekki í lagi. Olli sú bilun mér talsverðum aukaáhyggjum.

Út af skýrslu Guðmundar Jörundssonar fyrir sjódómi vil ég taka fram, að það er rétt hermt hjá honum, að hann varaði mig við vinnunni og bað mig að fara varlega, en ég svaraði honum, að það væri ekki hægt annað en brúka kranana til að loka gufuna inni í kerunum, því annars gengi verkið svo seint, því körin væru of fá og gufan einnig of lítil. Því mátti Guðmundur vita, að ég viðhefði þessa aðferð. Þótt fremsta karið væri kallað varakar, notaði ég það ásamt hinum, þegar mikið barst að, en það var óþægilegra í notkun en hin, vegna þess að lifrin rann treglegar til þess en hinna tveggja ...“

Í sjó- og verzlunardómi Akureyrar hinn 15. janúar 1958 voru þeir Jón Guðmann Albertsson vélaverkfræðingur og Finnur Daníelsson skipstjóri dómkvaddir til að framkvæma skoðunargerð á bræðslutækjum b/v Jörundar, rannsaka öryggisútbúnað tækjanna og leitast við að gera sér grein fyrir orsökum slyssins. Skoðunargerð þeirra er dags. 3/2 1958 og hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„... Mánudaginn 15/1 1958 fórum við undirritaðir um borð í b/v Jörund, sem lá við innri Torfunesbryggju á Akureyri, til athugunar og skoðunar á öryggistækjum og aðstæðum. Aðstaðan til vinnu fyrir bræðslumanninn í bræðsluhúsi b/v Jörundar teljum við, að sé óaðfinnanleg og að aðstaða þar hafi ekki á nokkurn hátt orsakað slysið. Stærð á vinnuplássinu er lík og í öðrum botnvörpungum, það er að vísu staðsett annars staðar á Jörundi en á mörgum eða vel flestum botnvörpungum. Það eru þrjú bræðslukör í bræðsluhúsinu, tvö standa hlið við hlið, en eitt

framar, og er vinnupláss á milli þeirra. Slysið hafði átt sér stað við aftasta karið, það er stendur næst dyrunum, bræðslumaðurinn hafði verið að bræða hákarlslifur í því.

Þessar upplýsingar fengum við hjá hr. skipstjóra Einari Sigurjónssyni, þegar við athuguðum lokið og „tersann" sem á því er; þegar athugun fór fram þá var það í lagi. Það hefur verið soðið styrktarjárn neðan á tersana á aftari körunum, en tersinn á fremsta karinu er óstyrkur. Öll hafa bræðslukörin orðið fyrir það miklum gufuþrýstingi, að allar hliðar þeirra, sem sjást, bunga út, styrktarjárn eru rafsoðin á allar hliðar í hverju kari, og þau eru bogin vegna hins mikla þrýstings, sem körin hafa orðið fyrir.

Á hverju kari er öryggisventill og úr körunum liggur 2ja tommu rör út úr síðu skipsins, á hverju röri er 2ja tommu krani, sem hægt er að opna og loka rörinu með.

Samkvæmt athugun okkar eru lok karanna hert niður með ratthjóli og jafnvel notað á þau vogarafl til frekari áherzlu. Hafi öryggislokinn staðið á sér, vegna þess að óhreinindi úr lifrinni hafi setzt í hann og frágangursrör þau, er að ofan getur að liggi út úr síðu skipsins eiga að létta á þrýstingi karanna, verið með lokaða krana og það enn komið til, að lokaður hafi verið krani á gufuleiðslu, sem liggur að þrýstingsmæli (tvö körin hafa sameiginlegan mælir), þá hefur aftasta karið ekki sýnt neinn þrýsting, þrátt fyrir það að hann væri orðinn of mikill. Hafi fyrrgreindar aðstæður verið fyrir hendi ásamt því, að miklum gufuþrýstingi hafi verið hleypt í karið, teljum við, að það sé orsakirnar að broti tersans, sem leiddi af sér, að bræðslumaðurinn brenndist."

Jóhannes Zoëga vélaverkfræðingur hefur reiknað út mestu áraun efnisins (tessins), er slysið vildi til, og fengið út þessa tölu 2780 kg/cm^2, er hann kveður vera um tvöfalda áraun miðað við það, sem leyfilegt geti talizt fyrir venjulegt stál.

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Mat þetta er dags. 18. maí 1960. Í upphafi matsins er tildrögum slyssins stuttlega lýst og vitnað í vottorð Guðmundar Karls Péturssonar yfirlæknis, Akureyri, dags. 8. janúar 1958, þar sem segir, að stefnandi hafi við slysið hlotið þriðja stigs brunasár um báða handleggi og brunabletti á fótleggi.

Síðan segir svo í örorkumatinu:

„Slasaði var þegar eftir slysið fluttur til Flateyrar við Önundarfjörð og dvaldi í sjúkraskýlinu þar frá 2/10—16/10 '57.

Þá var hann fluttur til Akureyrar og lagður þar í sjúkrahúsið. Þar dvaldi hann frá 16/10 '57—24/4 '58, en þá var hann fluttur í Landspítalann, og þar dvaldi hann til 7/12 '58.

Í Landspítalanum var gerður á slasaða allmikill tilflutningur á skinni til þess að lagfæra verstu brunasárin og örin.

Í vottorði Guðm. Karls Péturssonar, yfirlæknis á Akureyri, dags. 10. okt. 1959, örorkuvottorði, segir meðal annars:

„Samfelld ör, blárauð og víða talsvert upphleypt og samandregin um báða handleggi. H. megin frá því litlu ofan úlnliðs og upp fyrir miðjan upphandlegg. V. megin frá úlnlið og að miðjum upphandlegg. Ofan við hið samfellda ör h. megin eru mörg upphleypt, bláleit ör á handleggnum og upp á öxlina. Á handarbökum, neðst á fótleggjum og um öklaliði, á hálsi og enni eru ör, en öll mjúk og ekki samandregin, nema á nokkru svæði á v. handarbaki.

Á báðum lærum, á kvið og brjósti neðan til eru ör eftir skinntökuna, sum regluleg í laginu, mjúk og húðin vel hreyfanleg, misstór, það stærsta um 20 cm. × 15 cm.

Ofan til á kvið og síðum eru hins vegar nokkur ljót ör, þar sem húðin hefur kiprast mjög saman, og myndast mikill örvefur (keloid), upphleyptur, bláleitur. Hefur sjúkl. til þessa haft mikil óþægindi í þessum örum, en heldur fara þau óþægindi minnkandi."

Hinn 29. marz 1960 mætir slasaði til viðtals og skoðunar. Frásögn hans um nánari atvik að slysinu er í samræmi við það, sem áður er sagt. Slasaði er frekar veiklulegur útlits. Hann þjáist af bæklun í báðum mjaðmarliðum, sem er meðfædd, en hefur smátt og smátt farið versnandi með aldrinum. Auk þess þjáist hann af langvinnri liðagigt, bæði í handlimum, fótlimum og hrygg. Vafalítið hefur þessi liðagigt verið byrjuð, áður en hann varð fyrir slysinu, en versnað eftir það, einkum sökum hinnar löngu rúmlegu. Á árunum 1952, 1953 og 1954 naut hann sjúkrabóta hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hann hefur vafalaust verið öryrki frá miðju ári 1952, og sennilega hefur örorkan náð allt að 75%.

Við hlustun á lungum fannst ekkert óeðlilegt. Hlustun á hjarta: Starfsemi þess er dálítið óregluleg = púls, — 100. Hjartatónar hreinir, blóðþrýstingur 178/80.

Slasaði hefur, eins og áður segir, útbreidd ör á handlimum, fótlimum, kvið og brjósti eftir brunasár og skinntöku til skinnflutnings, og vísast í því efni til lýsingar Guðm. Karls Péturssonar, yfirlæknis á Akureyri, hér að framan.

Með því að Jónatan var áberandi fatlaður, áður en hann varð fyrir slysinu 2. okt. 1957, var eftir atvikum talið rétt að meta hina almennu örorku hans sérstaklega og hafa hliðsjón af henni við matið á örorkunni vegna slyssins 2. okt. 1957 og afleiðinga þess.

Matið á þessari almennu örorku er dags. 16. maí 1960 og fer hér á eftir:

„Greinargerð: Alvarleg meðfædd bæklun í báðum mjaðmarliðum, sem hefur versnað smátt og smátt með aldrinum. Auk þess langvinn liðagigt.

Örorka: 75% vegna þessara sjúkdóma. Sjá enn fremur athugasemd.

Athugasemd: Ums. varð fyrir alvarlegu slysi 2/10 '57. Hann hlaut þá útbreidd og mikil brunasár. Framtíðarörorka vegna þess slyss telst hæfilega metin: 20%.

Samanlögð almenn örorka og framtíðarörorka vegna slyssins 2/10 '57 verður því 95%."

Slasaði er nú svo illa farinn, að hann má heita algerlega óvinnufær og staulast lítið eitt um við staf. Batahorfur eru mjög slæmar.

Örorka, þar á meðal framtíðarörorka vegna slyssins 2. okt. 1957, telst hæfilega metin svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 '60 25%.

Frá 1/4 '60 framtíðarörorka:

20%."

K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur hefur reiknað út atvinnutjón stefnanda á grundvelli þessa örorkumats. Útreikningurinn er dags. 24. júní 1960 og byggður á hámarkstekjum undirmanna á togurum. Telst tryggingafræðingnum verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps miðað við slysdag nema kr. 283.986.00. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi dagpeninga, er hann hefur fengið greidda hjá Tryggingastofnun ríkisins yfir tímabilið 17/10 1957 til 31/12 1958, að fjárhæð kr. 21.731.00. Eftir standa þá kr. 262.255.00, er mynda fyrsta liðinn í kröfugerð stefnanda. Aðrir liðir eru þessir:

2.	Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	kr.	160.000.00
3.	Læknisvottorð	—	250.00
4.	Myndir	—	60.00
5.	Örorkumat	—	500.00
6.	Útreikningur örorkubóta	—	600.00
		Samtals kr.	423.665.00

Fjárhæð þessi kemur heim við stefnukröfu málsins. Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að bræðsluklefinn og tæki hans hafi verið vanbúin til þeirrar notkunar, er þau hafi verið ætluð. Í því sambandi vitnar stefnandi í álitsgerð Jóns G. Albertssonar vélaverkfræðings, dags. 3/2 1958, en þar segir m. a.: „Öryggislokarnir eru að mínum dómi settir á rangan stað á bræðslukörunum. Heppilegri staður mundi vera á eymleiðslunni, sem flytur eyminn inn í karið á milli krana og kars."

Enn fremur telur stefnandi, að sér hafi eigi verið veittar nægilegar leiðbeiningar um meðferð tækjanna. Að endingu telur stefnandi, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt þeim reglum, er gilda um skaðabótaábyrgð á hættulegum atvinnurekstri.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að slysið verði eingöngu rakið til gáleysis stefnanda sjálfs, þar sem hann hafi eigi gætt þess, að þrýstingurinn yrði ekki of mikill í bræðslukarinu, svo sem honum hafi borið skylda til og hafi verið vel aðvaraður um að gæta vel. En auk þess bendir stefndi á, að stefnandi hafi haft mótorvélstjóraréttindi og verið vanur bræðslumaður.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að þótt litið verði svo á, að stefnandi hafi eigi átt alla sök á slysinu sjálfur, þá séu kröfur hans allt að einu fallnar niður sakir fyrningar með vísan til 13. gr. sbr. 251. gr. siglingalaganna nr. 56/1914. En samkvæmt þeim ákvæðum telur stefndi kröfur stefnanda vera þess eðlis, að hann hefði einungis getað leitað fullnustu fyrir þeim í þeim munum, er hann hafi átt sjóveðrétt í, en slíkar kröfur missist, ef þeim sé ekki fylgt eftir með lögsókn innan tveggja ára, frá því að tjónið bar að, sbr. 3. mgr. 251. gr. nefndra laga. Tjónið hafi viljað til 2. október 1957, en stefna í máli þessu hafi ekki verið birt fyrr en 15. maí 1961 og sé því ljóst, að farið hafi verið langt fram úr þeim tímamörkum, er lögin mæli fyrir um.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda verður slysið eigi rakið til galla í bræðslutækjum togarans, heldur til of mikils þrýstings í bræðslukarinu, er myndaðist við það, að stefnandi lokaði fyrir útblástursrör það, er frá því lá út um síðu togarans og ætlað var það hlutverk að fyrirbyggja, að þrýstingur myndaðist í karinu við bræðslu. Þá telja hinir sérfróðu menn, að ofherzla stefnanda á ratthjólinu með vogarstangarafli hafi veikt tesinn og þannig verið meðorsök á slysi þessu.

Stefnandi hefur viðurkennt, að stefndi hafi varað hann við að hafa framangreint útblástursrör lokað við bræðsluna. Þá kveðst Hámundur Björnsson, 1. vélstjóri togarans, einnig hafa margsinnis brýnt fyrir stefnanda að fara ekki með þrýstinginn á körunum hærra en í 1 kg. pr. cm^2.

Stefnandi hefur ekki neitað, að 1. vélstjóri hafi gefið honum þessa aðvörun, en kvaðst ekki minnast þess.

Við starf sitt í umrætt sinn braut stefnandi í bág við aðvaranir stefnda. Þykir því ekki unnt að taka dómkröfur hans til greina, þar sem stefnandi var vanur bræðslumaður og hafði auk þess mótorvélstjóraréttindi, enda verður ekki fallizt á það, að hér hafi verið um að ræða hættulega starfsemi í merkingu skaðabótaréttarins.

Verður stefndi því sýknaður af dómkröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður stefnanda, sem hefur gjafsókn, ákveðst kr. 16.350.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00 í málflutningslaun.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðfinni Þorbjörnssyni vélstjóra og Þóröi Gröndal verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jörundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Jónatans Magnússonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda ákveðst kr. 16.350.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Ragnari hæstaréttarlögmanni Jónssyni, kr. 15.000.00 í málflutningslaun.

Föstudaginn 18. marz 1966.

Nr. 23/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þórði Þorsteinssyni (Hörður Ólafsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Helgidagalöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hafði ákærði opna sölubúð í húsi sínu við Kársnesbraut í Kópavogi föstudaginn langa, 10. apríl 1965, páskadag, 18. apríl s. á., og að kvöldi hvítasunnudags, 6. júní s. á., og seldi þar blóm og blómaskreytingar. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. gr. sbr. 7. gr. laga nr. 45/1926. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 45/1926, sbr. lög nr. 14/1948, þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 500.00 sekt til bæjarsjóðs Kópavogs, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00, og málflutningslaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samals kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Þorsteinsson, greiði kr. 500.00 sekt til bæjarsjóðs Kópavogs, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00, og málflutningslaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti,

Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, samtals kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 18. janúar 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 18. janúar, var á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð var í Borgartúni 7 í Reykjavík, af Jóni A. Ólafssyni setudómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 5965/1965: Ákæruvaldið gegn Þórði Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 11. október s.l., höfðað gegn ákærða, Þórði Þorsteinssyni, garðyrkjumanni og blómasala, Sæbóli við Kársnesbraut, Kópavogi, fyrir að hafa haft opna sölubúð í Blómaskálanum við Kársnesbraut í Kópavogi á föstudaginn langa, 16. apríl 1965, páskadag, 18. apríl 1965, og að kvöldi hvítasunnudags, 6. júní 1965, þar sem fram fór sala á blómum og blómaskreytingum, unz lögreglumenn í tveimur fyrri tilvikunum stöðvuðu sölustarfsemina og innsigluðu útidyr sölubúðarinnar.

Telst þetta varða við 2. gr. sbr. 7. gr. sbr. 8. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 29. marz 1902 í Vigur, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Sakavottorð ákærða er svohljóðandi:

1947	6/5	í Reykjavík:	Sátt, 1000 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
—	2/10	- —	Áminning fyrir ólæsilegt skrásetningarmerki.
—	16/5	- Hafnarfirði:	Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.
—	24/7	- —	Áminning fyrir ólöglegt afturnúmer bifreiðar.
1953	14/1	- Reykjavík:	Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1954	11/5	- —	Áminning fyrir brot á 12. gr. lögreglusamþykktar.
1960	4/11	- Kópavogi:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1960	27/12	í Kópavogi:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1961	20/9	- —	Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1963	29/5	- —	Áminning fyrir brot á umferðarlögum.
1964	25/6	- —	Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.
—	29/7	- —	Áminning fyrir brot á 46. gr. i. f. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Á páskadag, 29. marz 1964, kærði lögreglan í Kópavogi ákærða fyrir að hafa Blómaskálann í Kópavogi opinn til verzlunar. Það mál var til lykta leitt með eftirfarandi áritun á bakhlið lögregluskýrslunnar: „Fellt niður skv. lögjöfnun við 2. gr. laga nr. 45/1926. Þórður Þorsteinsson". Áritunin er ódagsett og óundirrituð af Skúla Thorarensen, þáverandi fulltrúa bæjarfógeta, er lauk málinu.

Fulltrúinn hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að ekki hafi verið sett dómþing við afgreiðslu málsins og engar skýrslur teknar út af kærunni, hvorki dóm- né lögregluskýrslur, og sér hafi láðst að undirskrifa áritunina. Eftir þessa afgreiðslu leitaði ákærði til fulltrúans og spurði hann, hvort óhætt væri að hafa opið á helgidögum. Svaraði fulltrúinn því til, að hann teldi útilokað, að lokun yrði beitt á ný og hafði þá í huga, að lögreglan hefði tekið upp á eigin spýtur að beita lokun umræddan dag, og var hann búinn að starfa við embættið á þriðja ár, og á þeim tíma hafði aldrei verið kært út af blómasölu, þótt ákærði ræki blómasölu allan tímann.

Föstudaginn langa, 16. apríl 1965, veitti lögreglan því athygli, að ákærði hafði Blómaskálann opinn og viðskipti fóru þar fram. Fóru þeir fram á það við ákærða, að hann lokaði búðinni, en hann tók því fjarri. Höfðu lögreglumennirnir þá samband við Ingiberg Sæmundsson varðstjóra og hann við bæjarfógeta, sem úrskurðaði lokun verzlunarinnar. Settu lögreglumennirnir þá innsigli fyrir útidyr verzlunarinnar og fleiri dyr, og var þetta gert kl. 1120. Mótmælti ákærði þessum aðgerðum og bar fyrir sig ofangreindar lyktir á fyrra máli.

Næsta páskadagsmorgun, eða þann 18. apríl kl. 1030, veittu lögreglumenn því athygli, að ákærði hafði opið á nýjan leik, og

afgreidd voru blóm í verzlun hans. Var Ingibergi Sæmundssyni varðstjóra tilkynnt um þetta, og fyrirskipaði hann, að ákærða yrði skipað að loka ella yrðu allar dyr hússins innsiglaðar. Þessi ákvörðun var tilkynnt ákærða, sem neitaði og taldi sér óskylt að víkja af sínu heimili og að honum væri heimilt að afgreiða að eigin geðþótta blóm og bar enn fyrir sig lyktir málsins frá því á páskum árið á undan. Lögreglumennirnir báðu ákærða eftir þessi orðaskipti að víkja úr húsinu, en hann neitaði. Var nú haft samband við bæjarfógeta, og gaf hann fyrirmæli um að loka staðnum með innsigli embættisins og beita valdi, ef nauðsynlegt reyndist. Þegar til kom, vék ákærði þó mótþróalaust úr húsinu.

Vegna ofangreindra atburða mætti ákærði í sakadómi Kópavogs 20. apríl. Dómari var Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa selt blóm bæði á föstudaginn langa og páskadag svo og kistuskreytingu og kross á föstudaginn langa, en þessir munir hafi eingöngu verið úr blómum. Jafnframt tók ákærði fram, að hann hefði alltaf lokað á hádegi á stórhátíðum þjóðkirkjunnar, þ. e. föstudaginn langa og páskadag, en mjög sjaldan nokkuð opið á hvítasunnudag. Enn upplýsti ákærði, að hann hefði selt blóm á stórhátíðum í 36 ár og af þeim tíma haft opna sölubúð í Kópavogi í 6—7 ár.

Ákærði bar, að hann hefði búið sig undir sölu á þessari stórhátíð, þar eð hann hefði talið sig algerlega frjálsan að því vegna niðurfellingar á kærunni frá árinu á undan.

Undir lok ofangreinds réttarhalds áskildi ákærði sé rétt til að sækja bæjarfógetann um bætur vegna fjárhagstjóns og miska. Þegar þennan sama dag vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu af sjálfsdáðum vegna ofangreindrar yfirlýsingar ákærða, og var setudómari skipaður í málinu 3. maí.

Loks að kvöldi hvítasunnudagsins, 6. júní s.l., veittu lögreglumenn því athygli, að Blómaskálinn hjá ákærða var opinn, og fólk gekk þar út og inn og kom út með blóm. Þegar í réttarhaldi hinn 8. sama mánaðar vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu af sjálfsdáðum og af sömu ástæðum og fyrr, og setudómarinn í fyrri þáttum málsins fékk það til meðferðar 9. júní.

Ákærði mætti í sakadómi út af síðastgreinda atvikinu 22. júní. Þá bar ákærði, að það hefði verið áform sitt að opna Blómaskálann í því skyni að stunda þar verzlun á hvítasunnudag. Ákærði hafði komið þangað um kl. 2115 til að fá „gegn um trekk", þar eð óeðlilega heitt var þarna inni eftir lokun allan daginn.

Meðan á þessu stóð, komu þarna þrenn hjón, og sökum beiðni þeirra seldi ákærði þeim blóm. Var aðeins um að ræða þrjá blómvendi, sem hver kostaði kr. 150.00. Um frekari sölu var ekki að ræða á hvítasunnudag.

Samkvæmt ósk skipaðs verjanda ákærða, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, í réttarhaldi 8. desember s.l., sneri dómarinn sér þegar næsta dag bréflega til bæjarfógetans á Akureyri, sýslumannsins í Árnessýslu og lögreglustjórans í Reykjavík með ósk um upplýsingar á framkvæmd laga nr. 45/1926 á Akureyri, Hveragerði og Reykjavík, eftir að blómasala fór að tíðkast.

Í bréfi bæjarfógetans segir m. a.: „... Blómasala hér hefur a. m. k. s.l. 20 ár eingöngu farið fram í venjulegum verzlunum, að því er mér er kunnugt um, sem hlíta venjulegum lokunartíma sölubúða, en hafa fengið undanþágu til að hafa opið einstöku sunnudaga, s. s. á mæðradaginn. Garðyrkjustöð er engin hér í bænum, er selur blóm."

En bréf sýslumannsins er svohljóðandi: „Út af fyrirspurn í bréfi yðar, hr. setudómari, dags. 9. f. m., vil ég taka fram, að hér í umdæminu hefur ekki komið til meðferðar neitt mál út af óleyfilegri blómasölu eftir l. nr. 45/1926.

Í Hveragerði eru allmargir blómaframleiðendur, sem aðallega senda framleiðslu sína til verzlana í Reykjavík, en sumir hafa komið sér upp söluaðstöðu í gróðurhúsum sínum eða vinnuskálum og eiga þar viðskipti, einkum við ferðamenn, sem aðallega eru á ferð um helgar. Þessi sölustarfsemi hefur ekki sætt neinum afskiptum samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1926."

Loks segir lögreglustjórinn í bréfi sínu, dagsettu 6. þ. m., m. a.: „... Blómabúðir hafa alla tíð sætt sömu reglum um lokunartíma og aðrar almennar sölubúðir. Fáar undanþágur hafa verið veittar í þeim efnum og þá eingöngu bundnar við sérstök tilefni, eins og t. d. mæðradaginn.

Lögreglan hefur hins vegar ekki haft afskipti af blómasölu úr gróðrarstöðvum í lögsagnarumdæminu."

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða er því haldið fram, að sýkna beri ákærða, þar sem ofangreindar lyktir málsins frá árinu 1964 hafi verið rétt niðurstaða þess kærumáls vegna háttsemi, sem sé nákvæmlega sú sama og ákært er út af, og að dómari þessa máls sé bundinn af þeirri dómsathöfn, jafnvel þótt hann teldi þá niðurstöðu ranga.

Í 2. gr. l. nr. 45 frá árinu 1926 er almennt bannað, að kaup og sala fari fram á helgidögum þjóðkirkjunnar í sölubúðum kaup-

manna, kaupfélaga og annarra sölumanna, og eiga búðir þeirra að vera lokaðar. Auk þess eru í greininni undantekningar í 5 liðum frá banninu. Það undantekningarákvæði verður að telja tæmandi og lögjöfnun því óheimil. Úrlausn dómara í eldra samkynja máli getur að engu bundið hendur dómara þessa máls, þar eð fordæmi, jafnvel æðra dóms, eru ekki beinlínis bindandi í öðrum samkynja málum.

Dómurinn telur sannað með eigin játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, og með skírskotun til ofangreinds, að ákærði hafi gertz sekur um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir og þar er réttilega færð til refsiákvæða.

Rétt þykir, sbr. 3. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að refsing fyrir brotið á föstudaginn langa, 16. apríl, falli niður, en refsing hans fyrir brotin á páskadag, 18. apríl 1965, og á hvítasunnudag, 6. júní 1965, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin samkvæmt 8. gr. l. nr. 45 frá árinu 1926, sbr. l. nr. 14 frá árinu 1948, kr. 2.500.00 í sekt til bæjarsjóðs Kópavogs, en vararefsing varðhald í 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 4.000.00, til skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar lögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Þorsteinsson, greiði 2.500.00 króna sekt til bæjarsjóðs Kópavogs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Ólafssonar lögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. marz 1966.

Nr. 32/1965. **Vörður h/f** (Benedikt Blöndal hdl.)
gegn
Sjávarútvegsmálaráðherra og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón L. Arnalds hdl.)
og
Baldri Guðmundssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Stjórnsýsla. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1965, og eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa: Að stefnda sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða honum kr. 226.451.56 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að stefnda Baldri Guðmundssyni verði dæmt að greiða honum kr. 226.451.56 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. júní 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Baldur Guðmundsson krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Upphaf máls þessa er það, að áfrýjandi leigði stefnda Baldri Guðmundssyni með skipsleigusamningi 24. nóvember 1961 skip sitt b/v Gylfa, BA 16, 696 óskírar rúmlestir að

stærð, „til síldar- og fiskflutninga“. Leigutíminn skyldi hefjast 1. desember 1961 og vera til 1. marz 1962, en var síðar framlengdur til 10. marz 1962. Leigugjaldið var ákveðið kr. 250.000.00 á mánuði. Leigutaki skyldi greiða rekstrarkostnað skipsins, á meðan leigan stæði, laun áhafnar, tryggingargjöld áhafnar og hafnargjöld. Hins vegar skyldi leigusali greiða vitagjöld og lestar svo og „vátryggingariðgjöld af skipinu“. Leigutaki flutti síðan ísvarða síld á skipnu á erlendan markað á leigutímanum. Hann er talinn hafa staðið skil á leigugjaldinu.

Áður en skipsleigusamningur þeirra áfrýjanda og stefnda Baldurs tók gildi, höfðu vátryggingariðgjöld fiskiskipa um skeið verið greidd úr svonefndum Útflutningssjóði samkvæmt ákvæði 5. mgr. 1. gr. laga nr. 84/1960, um breyting á lögum nr. 4/1960 um efnahagsmál, og af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum samkvæmt 4. mgr. 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 80/1961, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, tóku við af téðu ákvæði bráðabirgðalaganna og gilda um greiðslur vátryggingariðgjalda af tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum á þeim tíma, er skipsleigusamningur þeirra áfrýjanda og stefnda Baldurs Guðmundssonar stóð.

Fyrir gildistíma skipsleigusamnings þessa voru vátryggingariðgjöld fiskflutningaskipa eigi greidd af tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en nokkru eftir að skipsleigusamningurinn tók gildi, var hafinn flutningur á ísvörðum síldarafla í fiskiskipum á erlendan markað. Þetta leiddi til þess, að sjávarútvegsmálaráðuneytið lýsti því í bréfi til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 6. febrúar 1962, að það mundi samkvæmt tillögum Landssambandsins í bréfi 27. janúar s. á. greiða af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum vátryggingariðgjöld fiskiskipa, sem flyttu ísvarða síld á erlendan markað. Einnig tilkynnti ráðuneytið Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, sem vátryggði b/v Gylfa, BA 16, í bréfi 9. febrúar 1962, „að úthald fiskiskipa við flutning á

ísvörðum fiski á erlendan markað skuli við greiðslu iðgjaldanna jafngilda úthaldi við fiskveiðar". Stefndi Baldur Guðmundsson fór þess því næst á leit í bréfi til sjávarútvegsmálaráðuneytisins 15. febrúar 1962, að það greiddi honum vátryggingariðgjöld þau, sem kæmu í hlut b/v Gylfa, BA 16, af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum fyrir það tímabil, sem hann gerði botnvörpunginn út til síldarflutnings á erlendan markað. Ráðuneytið sendi erindi stefnda Baldurs Landssambandi íslenzkra útvegsmanna til umsagnar. Landssambandið mælti með beiðninni í bréfi 24. marz 1962. Ráðuneytið varð síðan við málaleitan Baldurs og tilkynnti vátryggjanda b/v Gylfa, BA 16, Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, í apríl 1962 nefnda ákvörðun sína, en Samtryggingin andmælti þegar. Hinn 30. maí 1962 tilkynnti ráðuneytið Samtryggingunni, að það hefði greitt stefnda Baldri Guðmundssyni vátryggingariðgjaldið fyrir tímabilið 5. desember 1961 til 1. janúar 1962, kr. 63.689.71. Samtrygging íslenzkra botnvörpunga andmælti þessu í bréfi 12. júní 1962 til ráðuneytisins. Með bréfi 31. janúar 1963 tilkynnti ráðuneytið Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, að það mundi greiða stefnda Baldri Guðmundssyni vátryggingariðgjald b/v Gylfa fyrir tímabilið 1. janúar 1962 til 10. marz s. á. Samtryggingin mótmælti í bréfi 19. febrúar 1963. Loks tilkynnti ráðuneytið Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga í bréfi 19. apríl 1963, að það hefði greitt stefnda Baldri Guðmundssyni vátryggingariðgjaldið fyrir tímabilið 1. janúar til 10. marz 1962, kr. 162.761.85. Samband íslenzkra tryggingafélaga skarst í málið að beiðni Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga og bar fram mótmæli við ráðuneytið í bréfi 3. júlí 1962.

Vátryggingariðgjöld fyrir b/v Gylfa, BA 16, hafa enn eigi verið greidd vátryggjanda hans, Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, fyrir tímabilið 5. desember 1961 til 10. marz 1962.

Áfrýjandi telur, að framangreind vátryggingariðgjöld hafi ranglega verið greidd stefnda Baldri Guðmundssyni og krefst í máli þessu, að þau verði greidd til sín.

Talið er, að eigendur íslenzkra fiskiskipa hafi haustið 1960 verið almennt komnir í nokkur vanskil um greiðslur vátryggingariðgjalda fyrir skipin. Til að ráða bót á þessu var leidd í lög nr. 84/1960 breyting á 8. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál. Í 4. mgr. 8. gr. segir eftir breytinguna: „Fé það, sem afgangs verður í Útflutningssjóði, ... skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960". Enn segir í 5. mgr.: „Ríkisstjórnin setur að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar". Síðla árs 1961 urðu enn vanskil eða erfiðleikar um greiðslu vátryggingariðgjalda nefndra skipa, og báru sjávarútvegsmálaráðuneytið og fyrirsvarsmenn Sambands íslenzkra tryggingafélaga saman ráð sín um málið. Niðurstaðan varð sú, að ráðuneytið ritaði Sambandi íslenzkra tryggingafélaga bréf hinn 20. nóvember 1961 svohljóðandi:

„Með skírskotun til viðtala við formann Sambands íslenzkra tryggingafélaga vill ráðuneytið taka fram, að ríkisstjórnin mun leita samþykkis Alþingis til þess, að ríkissjóður greiði eftirstöðvar af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir árið 1960. Ennfremur mun ríkisstjórnin leita samþykkis Alþingis til þess, að 32% af útflutningsgjaldi fiskiskipa samkvæmt 7. g. laga nr. 80/1961 verði varið til þess að greiða upp í vátryggingariðgjöld fiskiskipa á árinu 1961.

Þessar ráðstafanir eru þeim skilyrðum bundnar, að vátryggingarfélögin gangi ekki að skipaeigendum fyrir ógreiddum iðgjöldum og segi ekki upp skipatryggingu, eins og sakir standa".

Í áðurnefndu bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins til Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga og margra annarra vátryggingafélaga 9. febrúar 1962 segir m. a. svo: „Ráðuneytið hefur nú ákveðið, að við greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa vegna ársins 1961 af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum verði farið eftir sömu reglum og notaðar voru við greiðslu iðgjalda ársins 1960 úr Útflutningssjóði ..

..... Ráðuneytið áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við vátryggingarfjárhæðir og iðgjaldaprósentur einstakra skipa.

Í samræmi við það, sem að framan er sagt, er þess óskað, að þér hraðið nauðsynlegri gagnasöfnun og látið ráðuneytinu í té útreiknaðar iðgjaldakröfur við fyrstu hentugleika, svo að afgreiðsla iðgjaldafjárins þurfi ekki að tefjast af þeim sökum .....".

Í 4. mgr. 7. gr. áðurnefndra bráðabirgðalaga nr. 80/1961 er svo mælt: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til nýs tryggingarkerfis fiskiskipa samkvæmt ákvörðun Alþingis 32%". Ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962, er leystu bráðabirgðalögin af hólmi, hljóðar svo: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: ..... til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%". Ákvæðið skal og taka til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1963 samkvæmt lögum nr. 98/1962. Nefnt ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962 geymir umboðsreglu og verklags handa ráðuneytinu, þannig að eigi var unnt að setja reglur, er þrengdu það ákvæði laganna, að 62% af tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skyldi verja til beinnar greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961, 1962 og 1963. Hins vegar verður eigi talið, að ráðuneytið hafi farið út fyrir valdsvið sitt, þá er það felldi fiskiskip, sem notuð voru til flutnings á ísvörðum fiski á erlendan markað, undir ákvæði laganna. Það þykir því verða að skýra nefnt lagaboð þannig, að ráðuneytinu hafi borið að greiða vátryggingariðgjöld þau, sem þar greinir, beint til vátryggingafélaga þeirra, sem í hlut áttu. Sjávarútvegsmálaráðuneytið hefur og haft þann hátt á, er lögin ætlast til, í öðrum tilvikum en því, sem í máli þessu greinir, svo sem marka má af bréfi ráðuneytisins til Sambands íslenzkra tryggingafélaga, dags. 1. marz 1963.

Með tilvísun til þeirrar greinargerðar, sem nú var rakin,

átti áfrýjandi eigi heimtingu á því, að vátryggingariðgjöld þau, sem í málinu greinir, væru greidd til sín. Hann getur því eigi öðlazt dóm um, að annar hinna stefndu greiði þau í hans sjóð. Þetta leiðir til þess, að dómsorð héraðsdómara stendur óraskað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Dómsorð héraðsdómarans stendur óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. nóvember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Vörður h/f, Patreksfirði, eigandi b/v Gylfa, BA 16, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. júní 1963, gegn sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 226.451.56 með 8% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi ríkissjóður hefur krafizt þess að verða algerlega sýknaður og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins..

Samkomulag er með málsaðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu.

Með framhaldsstefnu, birtri 19/11 1963, stefndi stefnandi Baldri Guðmundssyni útgerðarmanni, Goðheimum 9, hér í borg, til vara. Krafðist hann þess, að framhaldsstefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 227.451.56 með 8% ársvöxtum frá frumstefnudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Framhaldsstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma sátt á í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir: Hinn 24. nóvember 1961 gerðu stefnandi og framhaldsstefndi, Baldur Guðmundsson, með sér samning um leigu á skipi hins fyrrnefnda, b/v Gylfa, BA 16. Samið var um, að Baldur skyldi fá skipið til afnota til síldar- og fiskflutninga frá 1. desember 1961 til 1. marz 1962. Síðar var leigutíminn framlengdur til 10. marz 1962. Í leigu eftir skipið lofaði

leigutaki að greiða kr. 250.000.00 á mánuði. Í leigusamningi aðiljanna skuldbatt leigusali sig til að greiða vátryggingariðgjöld af skipinu. Leigutaki notaði skipið til flutnings á ísaðri síld á erlendan markað, og mun hann hafa staðið við þær skuldbindingar, sem samningurinn lagði honum á herðar.

Haustið 1960 munu eigendur íslenzkra fiskiskipa yfirleitt hafa verið komnir í vanskil með greiðslur áfallinna vátryggingariðgjalda skipanna. Þetta vandamál var tekið til meðferðar af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna annars vegar vegna eigenda fiskiskipanna og hins vegar af Sambandi íslenzkra tryggingafélaga vegna vátryggingarsalanna. Árangur þessarar málsmeðferðar var fyrst sá, að hinn 20. desember voru á Alþingi samþykkt lög nr. 84/1960 til breytingar á lögum nr. 4 frá 20. febrúar 1960 um efnahagsmál. Í 4. málsgrein 8. greinar þeirra laga segir meðal annars svo: „Fé það, sem verður afgangs í útflutningssjóði, ... skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960". Í 5. málsgrein sömu greinar segir svo: „Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa, samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar".

Seint á árniu 1961 þurftu fyrrgreindir aðiljar enn að glíma við þetta sama vandamál. Fóru í því skyni fram m. a. viðræður milli forráðamanna Sambands íslenzkra tryggingafélaga annars vegar og sjávarútvegsmálaráðuneytisins hins vegar. Lyktaði þeim viðræðum á þá lund, að ráðuneytið staðfesti í bréfi til Sambands íslenzkra tryggingafélaga, dagsettu 20. nóvember 1961, að ríkisstjórnin mundi leita samþykkis Alþingis til þess, að ríkissjóður greiddi eftirstöðvar af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir árið 1960. Enn fremur var í nefndu bréfi gefið það fyrirheit, að ríkisstjórnin mundi leita samþykkis Alþingis á því, að 32% af útflutningsgjaldi fiskiskipa samkvæmt 7. grein bráðabirgðalaga nr. 80 frá 1961 yrði varið til greiðslu upp í vátryggingariðgjöld fiskiskipa á árinu 1961. Loks var tekið fram í nefndu bréfi, að þessar ráðstafanir yrðu þeim skilyrðum bundnar, að vátryggingafélögin gengju ekki að skipaeigendum fyrir ógreiddum iðgjöldum og segðu ekki upp skipatryggingu, „eins og sakir standa", eins og það er orðað í bréfinu.

Á þessum tíma var framangreint skip vátryggt hjá Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga. Þegar áðurgreindur leigusamningur var gerður, höfðu um nokkurt skeið gilt þær reglur, að

vátryggingariðgjöld fiskiskipa voru að verulegu leyti greidd af opinberu fé, sbr. ákvæði 5. mgr. 8. greinar laga nr. 84/1960 og 4. málsgrein 7. greinar bráðabirgðalaga nr. 80/1961, svo sem fyrr hefur verið getið í dóminum. 17. apríl 1962 voru samþykkt lög um sama efni nr. 28/1962. Voru þau að nokkru staðfesting á fyrrnefndum bráðabirgðalögum, og gilda ákvæði þeirra laga um greiðslur vátryggingariðgjalda á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Í 4. málsgrein 7. greinar laga þessara segir m. a. svo: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: ..... til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%. Þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal 32% útflutningsgjaldsins renna til tryggingar fiskiskipa samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins .....“.

Þegar fyrrgreindur samningur var gerður milli stefnanda og Baldurs Guðmundssonar, mun framkvæmd þessara ákvæða hafa verið sú, að vátryggingariðgjöld fiskflutningaskipa voru ekki greidd af opinberu fé. En um það leyti, sem leigutíminn byrjaði, tíðkaðist það, að fiskiskip sigldu með ísaðan síldarafla á erlendan markað. Sjávarútvegsmálaráðuneytið mun hafa talið, að með tilliti til þess, að með þessari notkun skipanna væri verðmæti aflans aukið, væri rétt að telja þann tíma, er færi í siglingu skipanna, til jafns við úthaldstíma á miðunum og ákvað hinn 12. febrúar 1962 að greiða vátryggingariðgjöld þeirra einnig þann tíma. Þá var um leið af sömu ástæðum ákveðið að greiða vátryggingariðgjöld b/v Gylfa, sem einnig var notaður til síldarflutninga, samanber framanritað.

Með bréfi, dagsettu 15. febrúar 1962, fór framhaldsstefndi þess á leit við sjávarútvegsmálaráðuneytið, að það greiddi honum vátryggingarupphæð þá, er greiða beri vegna b/v Gylfa, BA 16, fyrir það tímabil, er hann hafi gert skipið út til síldarflutninga. Sjávarútvegsmálaráðuneytið greiddi framhaldsstefnda fjárhæðir, sem numu kr. 63.689.71 fyrir tímabilið 5. desember 1961 til 31. sama mánaðar og kr. 163.761.85 fyrir tímabilið 1. janúar til 10. marz 1962, eða samtals kr. 227.451.56. Greiðslur þessar fóru fram þrátt fyrir mótmæli Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga, vátryggingarsala skipsins, og Sambands íslenzkra tryggingafélaga, en með samþykki Landssambands íslenzkra útvegsmanna, svo sem fram kemur í málsskjölum. Samtrygging ís-

lenzkra botnvörpunga hafði áður gert kröfur um, að fjárhæðir þessar yrðu greiddar beint til sín sem vátryggingarsala skipsins.

Í máli þessu krefst Vörður h/f, að greiðslur þær, er mál þetta snýst um, séu greiddar til sín.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að megintilgangur lagasetningar þessarar hafi verið sá að veita fiskiskipaeigendum nægа fjárhagslega aðstoð til þess að varna því, að skip þeirra féllu úr tryggingu, enda segi berum orðum í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 84/1960, að „fé skuli afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960 ....". Þá bendir stefnandi á, að það hafi verið skilyrði þessara ráðstafana og annarra hliðstæðra, er síðar hafi verið gerðar, að vátryggingafélögin gengju ekki að skipaeigendum vegna ógreiddra iðgjalda og segðu ekki upp skipatryggingum, eins og sakir stæðu. Enda hafi styrkur þessi í öllum öðrum tilfellum en hér um ræðir verið greiddur beint til hlutaðeigandi vátryggingafélaga vegna eigenda skipanna. Með því að greiða leigutaka styrkinn í stað skipseiganda sé megintilgangur styrkveitingarinnar, sá, að hann gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda af skipinu, algerlega brostinn og þjóni þá aðeins þeim tilgangi að gera leigutaka reksturinn arðvænlegri en ella, en leysi hins vegar ekki þann vanda, er styrk þessum hafi verið ætlað.

Þá bendir stefnandi enn fremur á, að tryggingarsali skipsins og Samband íslenzkra tryggingafélaga hafi mótmælt þessari greiðslutilhögun á styrknum og gert kröfu um, að vátryggingarsalanum yrði greiddur styrkur þessi beint vegna eiganda skipsins, enda hafi sá greiðslumáti stuðzt við álitsgerð tveggja hæstaréttarlögmanna, er látið hafi upp álit sitt um þetta efni við Landssamband íslenzkra útvegsmanna, þótt hið furðulega hafi síðar gerzt, að L. Í. Ú. hafi verið sammála sjávarútvegsmálaráðuneytinu í því að greiða leigutaka margnefndan styrk.

Stefndi ríkissjóður byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 7. gr. laga nr. 28/1962 hafi sjávarútvegsmálaráðuneytið haft um það fullkomið ráðstöfunarvald, hvernig það ráðstafaði þeim fjármunum, er ætlaðir hafi verið til greiðslu vátryggingariðgjalda af fiskiskipum, sbr. orðalagið: „samkvæmt reglum, er sjávarútvegsmálaráðuneytið setur" og „samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins". Hér sé um að ræða dæmi lagasetningar, þar sem framkvæmdarvaldshafa sé fengið endanlegt úrskurðar- og ákvörðunarvald um tiltekið efni. Hafi dómstólar því ekki lögsögu um þetta atriði, því að sjávarútvegsmálaráðu-

neytið ákveði eitt, hverjum beri og hverjum ekki greiðslur úr Útflutningssjóði til fiskiskipa.

Einnig bendir þessi stefndi á, að réttur stefnanda sé ekki lögvarinn kröfuréttur, heldur réttur þiggjandans. Með lagasetningu þessari (lög nr. 28/1962) hafi markmiðið verið að styrkja útgerðina vegna hallarekstrar. Hér sé því ekki um að ræða skuld Útflutningssjóðs eða ríkissjóðs við stefnanda, heldur einungis styrk eða hjálp, sem enginn eigi sérstaka lögvarða kröfu til. Það hafi komið fram bæði í lögunum, frumvarpinu að þeim og umræðunum á Alþingi, að tilgangur þeirra hafi verið að styrkja útgerðina. Skipaeigendur, sem ekki geri skip sín út til fiskveiða eða flutnings á ísvörðum fiski, fái því ekki greiddan styrk þennan. Enda sé Útflutningssjóður byggður upp með gjaldi af sjávarafurðum og því eðlilegt, að aðeins þeir aðiljar, er útgerð stundi og leggi þannig fé til uppbyggingar sjóðsins, verði aðnjótandi styrks úr honum. Baldur Guðmundsson hafi verið hinn raunverulegi útgerðarmaður skipsins og því hafi honum borið styrkurinn.

Þá hefur stefndi að endingu bent á það, að þegar leigusamningurinn var gerður, hafi fiskflutningaskipun ekki verið greiddur styrkur þessi. Það hafi fyrst verið ákveðið að gera slíkt með bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins til Landssambands íslenzkra útvegsmanna, dags. 6. 2. 1962. Hafi aðiljum leigusamningsins því alls ekki verið ljós sá möguleiki við samningsgerð, að styrkur þessi yrði einnig veittur fiskflutningaskipum og því hljóti leigugjaldið eftir skipið að hafa verið ákveðið með tilliti til þess, að leigusalinn skyldi greiða vátryggingariðgjöld skipsins. Það hafi því raunverulega verið leigutakinn, sem hafi greitt vátryggingariðgjald skipsins í leigunni. Styrki það því enn þá ákvörðun ráðuneytisins að greiða Baldri Guðmundssyni fé þetta, svo sem gert hafi verið, en ekki leigusala.

Framhaldsstefndi, Baldur Guðmundsson, reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei tekið að sér að greiða, hvorki stefnanda né öðrum, vátryggingariðgjöld vegna b/v Gylfa umfram það, sem hann hafi þegar greitt í leigugreiðslum til stefnanda, en við ákvörðun á leigufjárhæðinni hafi að sjálfsögðu verið tekið tillit til þess, að stefnanda hafi borið að greiða vátryggingariðgjöld af skipinu, meðan leigutímabilið stóð. Sjávarútvegsmálaráðuneytið hafi haft fulla heimild til þess að lögum að greiða framhaldsstefnda styrk þennan og hann veitt honum móttöku án nokkurrar skuldbindingar um það að greiða hann stefnanda eða vátryggingarsala skipsins síðar. Að öðru leyti tekur fram-

haldsstefndi undir sýknukröfu aðalstefnda um það, er skiptir máli.

Í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962, er gilda um tilvik það, sem hér er til úrlausnar, segir m. a. svo: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: .... til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%".

Þegar þetta ákvæði er virt, verður að telja, að sjávarútvegsmálaráðuneytið hafi haft það frjálsar hendur um úthlutun styrks þessa, að aldrei hafi myndazt lögvarinn kröfuréttur stefnanda til fjárins. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna bæði aðalstefnda og framhaldsstefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndu, fjármála- og sjávarútvegsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og framhaldsstefndi, Baldur Guðmundsson, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Varðar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 23. marz 1966.

Nr. 189/1964. **Ingólfur Arnarson** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Draupni h/f
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1964. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 74.182.15 (185.653.67

÷ 111.471.52) ásamt 7% ársvöxtum frá 7. febrúar 1962 til greiðsludags, að málskostnaður í héraði verði lækkaður, en stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málavöxtum er rækilega lýst í héraðsdómi. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi er eingöngu deilt um tvær fjárhæðir, kr. 35.027.15 og 76.444.37, sem áfrýjandi telur að koma eigi til frádráttar þeirri fjárhæð, sem áfrýjanda var gert að greiða stefnda í héraðsdómi.

Eins og rakið er í héraðsdómi, voru áfallnir vextir þann 29. nóvember 1960 af svonefndum atvinnuaukningarlánum, sem hvíldu á v/b Hólmkeli og áfrýjandi tók að sér að greiða, kr. 35.027.15. Ekki er leitt í ljós, að áfrýjandi hafi greitt þessa vexti. Ber því að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að fjárhæð þessi verði ekki látin koma til frádráttar kröfum stefnda.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf frá Bátatryggingu Breiðafjarðar, dags. 13. janúar 1966, þar sem skýrt er frá því, að áfrýjandi hafi greitt skuld vegna v/b Hólmkels við tryggingarfélagið, kr. 76.444.37. Ekki er vefengt, að stefnda hafi borið að greiða skuld þessa. Ber því að draga þessa fjárhæð frá meginfjárhæðinni kr. 185.371.67, sem áfrýjanda var gert að greiða stefnda í héraðsdómi.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 108.927.30, kr. 282.00 í stimpilkostnað, ⅓% af kr. 117.000.00 í þóknun og vexti, eins og síðar greinir.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingólfur Arnarson, greiði stefnda, Draupni h/f, kr. 108.927.30 svo og kr. 282.00 í stimpilkostnað og ⅓% af kr. 117.000.00 í þóknun.

Áfrýjandi greiði stefnda þessa vexti:

a) 8% p. a. af kr. 12.500.00 frá 2. desember 1960 til 5. febrúar 1961, af kr. 37.969.92 frá þeim degi til 15. október 1961, af kr. 57.969.92 frá þeim degi til 15. desember 1961, af kr. 117.000.00 frá þeim degi til 15. marz 1962, af kr. 148.161.92 frá þeim degi til 15. maí 1962, af kr. 160.667.92 frá þeim degi til 13. janúar 1966 og af kr. 84.223.55 frá þeim degi til greiðsludags.

b) 7% p. a. af kr. 21.000.00 frá 11. apríl 1961 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavík 4. september 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 2. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi. Það var höfðað með stefnu, sem út var gefin 7. febrúar 1962. Stefnandi er hlutafélagið Draupnir á Hellissandi, en stefnt er Ingólfi Arnarsyni, Austurvegi 7 í Vestmannaeyjum. Málið hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í samræmi við samkomulag aðilja.

Dómkröfur:

Við munnlegan flutning var dómkröfum beggja aðilja nokkuð breytt frá því, er verið hafði í stefnu og greinargerðum. Kröfur þær, sem bæjarþingið þarf nú að taka afstöðu til, eru þessar:

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 185.390.19 auk 8% ársvaxta af kr. 13.086.00 frá 2. desember 1960 til 5. febrúar 1961, af kr. 38.676.92 frá þeim degi til 11. apríl 1961, af kr. 59.695.44 frá þeim degi til 15. október 1961, af kr. 79.695.44 frá þeim degi til 15. desember 1961, af kr. 138.725.52 frá þeim degi til 16. janúar 1962 og af kr. 185.390.19 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafizt kr. 958.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og ⅓% af kr. 117.000.00 í þóknun. Einnig er krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 72.900.15. Þá krefst hann þess, að vextir verði aðeins reiknaðir frá birtingardegi stefnu og að málskostnaður verði miðaður við þá upphæð, er hann telur sig skulda stefnanda.

Málavextir:

Með kaupsamningi, sem gerður var 29. nóvember 1960, seldi stefnandi máls þessa, Draupnir h/f, stefnda, Ingólfi Arnarsyni, m/b Hólmkel, SH 137. Kaupandi tók að sér greiðslu ýmissa skulda, sem upp voru taldar í kaupsamningnum. Þá sagði í samningnum: „Kaupandi greiðir skatta og skyldur af bátnum frá afsalsdegi svo og vexti af áhvílandi lánum.“ Enn fremur: „Veðbókarvottorð liggur frammi, og hefur kaupandi kynnt sér það ýtarlega. Seljandi lýsir því yfir, að engar aðrar skuldir né kvaðir hvíli á bátnum en þar greinir.“

Stefnandi skýrir svo frá, að stefndi hafi eigi greitt allar þær skuldir, sem hann tók að sér með kaupsamningnum, og hafi stefnandi því neyðzt til að greiða ýmsar skulda þessara, enda verið ábyrgur gagnvart lánardrottnum. Hefur verið sundurliðað af hálfu stefnanda, hverjar þessar greiðslur eru, og er mál þetta höfðað til innheimtu þeirra. Verður hér á eftir gerð sér í lagi grein fyrir hverjum lið í sundurliðun þessari:

1) Víxill pr. 2. desember 1960, kr. 12.500.00. Óumdeilt er í málinu, að stefndi skuldi stefnanda þessa skuld. Ekki er heldur umdeilt, að á hafi fallið banka- og afsagnarkostnaður að fjárhæð kr. 586.00.

2) Víxill pr. 5. febrúar 1961, kr. 25.469.92. Óumdeilt er í málinu, að stefndi skuldi stefnanda þessa skuld. Ekki er heldur umdeilt, að á hafi fallið afsagnarkostnaður að fjárhæð kr. 121.00.

3) Skuld við Landssamband íslenzkra útvegsmanna, kr. 21.018.52. Með kaupsamningnum frá 29. nóvember 1960 tók stefndi að sér að greiða skuld við Landssambandið að fjárhæð kr. 21.000.00. Hefur stefndi krafizt, að þessi liður verði lækkaður um kr. 18.52, en ekki mótmælt honum að öðru leyti.

4) Víxill pr. 15. október 1961, kr. 20.000.00. Óumdeilt er í málinu, að stefndi skuldi stefnanda þessa skuld.

5) Víxill pr. 15. desember 1961, kr. 59.030.08. Óumdeilt er í málinu, að stefndi skuldi stefnanda þessa skuld.

6) Víxilskuld við Orku h/f, Reykjavík, kr. 61.161.92, samkvæmt tveim víxlum, kr. 31.161.92 pr. 15. marz 1962 og kr. 30.000.00 pr. 15. maí 1962. Óumdeilt er í málinu, að stefndi skuldi stefnanda þessa skuld.

7) Kostnaður og vextir vegna skuldar þeirrar, sem talin er undir lið nr. 6, kr. 2.996.75. Þessum lið var í upphafi mótmælt af hálfu stefnda, en frá þeim mótmælum hefur nú verið fallið.

Þá hefur stefnandi krafizt kr. 958.00 í afsagnar- og stimpilkostnað. Samkvæmt gögnum þeim, sem lögð hafa verið fram í málinu, nemur afsagnar- og stimpilkostnaður af víxlum, sem ekki hefur verið innifalinn í kröfuliðum, sem þegar hafa verið raktir, kr. 282.00. Enn fremur hefur stefnandi krafizt í þóknun ⅓% af kr. 117.000.00, en síðastnefnd tala fæst með því að leggja saman fjárhæðir víxla þeirra, sem nefndir eru í töluliðum 1, 2, 4 og 5 hér að framan. Óumdeilt er í málinu, að stefndi skuldi stefnanda þessar fjárhæðir.

Ef lagðar eru saman tölur þær, sem nefndar eru hér að ofan í töluliðum nr. 1—5, kemur út talan kr. 202.884.19. Eins og síðar greinir, fæst krafa stefnanda með því að draga frá þessari tölu gagnkröfu, sem gerð hefur verið af hálfu stefnda.

Eins og tekið hefur verið fram, er ekki nema í óverulegum atriðum um það deilt í máli þessu, hvort stefnandi eigi þær kröfur á stefnda, sem hlutafélagið krefst greiðslu á. Hins vegar er því haldið fram af stefnda, að hann eigi gagnkröfur á hlutafélagið, og er krafizt skuldajafnaðar af þeim sökum. Verða gagnkröfur þessar nú raktar eftir þeirri sundurliðun, sem gerð hefur verið af hálfu stefnda:

1) Eins og rakið er í 3. tölulið í sundurliðun á kröfum stefnanda, telur stefndi þann lið oftalinn um kr. 18.52.

2) Stefndi telur, að stefnandi hafi, er félagið seldi stefnda m/b Hólmkel, skuldað Bátatryggingu Breiðafjarðar í Stykkishólmi kr. 76.444.37. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnanda hafi borið að greiða þessa upphæð, enda stefndi ekki tekið að sér að greiða hana með kaupsamningnum. Hins vegar sé stefnda nauðugur einn kostur að greiða hana, þar sem hún sé tryggð með lögveði í bátnum og stefnandi hafi ekki viðurkennt skuldina. Því til stuðnings, að skuld þessi hvíli á bátnum, hefur verið lagt fram bréf frá Bátatryggingunni, dagsett 10. marz 1962. Bréf þetta er stílað til málflutningsumboðsmanns stefnda, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, og er meginmál þess þannig:

„Samkvæmt símtali við yður í dag sendi ég yður hér með reikning m/b Hólmkels, SH 137, fyrir árið 1961, sem sýnir skuld bátsins kr. 187.978.10, auk þess skuldar báturinn eftirstöðvar af bráðafúaiðgjaldi fyrir árið 1959, kr. 6.813.89, og fyrir 1960, kr. 7.027.41. Samtals er því skuld bátsins kr. 201.819.31.

Þótt bráðafúaiðgjöldin séu ekki skráð í reikning bátsins við Bátatrygginguna, eru þau færð á meðfylgjandi reikningsyfirlit, en tilfærð fjárhæð er aðeins eftirstöðvar, þegar iðgjaldsstyrkur hefur verið dreginn frá.

Ég legg hér með yfirlit um hlutdeild fyrrverandi og núverandi eigenda m/b Hólmkels í gjöldum og tekjum 1960—1961, að því er mér virðist er þá skuld Draupnis h/f kr. 76.444.37, en hluti núverandi eigenda kr. 125.374.94. Hef ég við þessa sundurliðun gengið út frá, að núverandi eigandi greiddi gjöld af bátnum í 32 daga á árinu 1960. Fyrir árið 1961 verður, að því mér er tjáð af Samábyrgð Íslands, gerð krafa til ríkissjóðs um iðgjaldastyrk fyrir bátinn f. árið 1961 að fjárhæð kr. 68.420.75. Sundurliðun þessi er aðeins gerð í því skyni, að það kynni að auðvelda yður samkomulag um greiðslur á skuldum bátsins, en ekki að það leysi bátinn frá neinum af kröfum Bátatryggingarinnar né bráðafúatrygginga."

Bréfi þessu fylgja reikningsyfirlit á tveimur blöðum, þar sem m. a. segir: „Hluti Draupnis h/f virðist þá ..... 76.444.37."

Við flutning málsins vísaði lögmaður stefnda á bréf Bátatryggingar Breiðafjarðar og meðfylgjandi reikningsyfirlit og krafðist þess, að þau yrðu lögð til grundvallar dómi. Hann kvaðst ekki hafa getað aflað frekari upplýsinga hér að lútandi þrátt fyrir tilraunir til þess. Eigi hefur heldur fengizt upplýst, hvort stefndi hafi greitt til Bátatryggingar Breiðafjarðar þá upphæð, sem krafizt er, að til skuldajafnaðar komi.

3) Af hálfu stefnda er skýrt svo frá, að hann hafi greitt til Fiskveiðasjóðs Íslands vexti af lánum, sem á voru fallnir 29. nóvember 1960. Óumdeilt er í málinu, að stefndi eigi þessa vegna gagnkröfu á stefnanda að upphæð kr. 17.494.00.

4) Af hálfu stefnda er skýrt frá því, að 29. nóvember 1960 hafi áfallnir vextir af svonefndum atvinnuaukningarlánum, sem á bátnum hvíldu og stefndi tók að sér að greiða, numið kr. 35.027.15. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann eigi þessa vegna gagnkröfu á stefnanda.

Dómarinn hefur fengið um það bréflegar upplýsingar frá Framkvæmdabanka Íslands, að ekki verði séð, að stefndi hafi greitt þessa vexti.

Ef saman eru lagðar þær tölur, sem nefndar hafa verið hér um gagnkröfur stefnda, kemur út fjárhæðin kr. 128.984.04. Ef þessi tala er dregin frá fjárhæð krafna stefnanda kemur út:

kr. 202.884.19
÷ kr. 128.984.14
72.900.15

en það er sú upphæð, sem stefndi krefst, að honum verði dæmt að greiða stefnanda.

Ef frá fjárhæð kröfu stefnanda er hins vegar dregin sú eina gagnkrafa, sem hefur verið viðurkennd af hálfu stefnanda (þ. e. kr. 17.494.00 skv. tölulið nr. 3 í sundurliðun gagnkrafna) kemur út:

kr. 202.884.19
÷ kr. 17.494.00
185.390.19

en það er sú upphæð, sem stefnandi krefst, að stefndi sé dæmdur til að greiða.

Álit dómara:

Með kaupsamningi aðilja frá 29. nóvember 1960 tók stefndi að sér greiðslu skuldar við Landssamband íslenzkra útvegsmanna að fjárhæð kr. 21.000.00. Verður því tekin til greina gagnkrafa hans að fjárhæð kr. 18.52, talin í 1. lið í sundurliðun gagnkrafna.

Af bréfi og reikningsyfirlitum Bátatryggingar Breiðafjarðar verður ekki með vissu ráðið, hver var skuld stefnanda vegna vátryggingariðgjalda 29. nóvember 1960. Ekki er heldur fram komið, hvort stefndi hefur greitt skuld þessa, ef hún var einhver, eða greitt hluta hennar. Er því ekki unnt að taka afstöðu til gagnkröfu þeirrar, sem talin er í 2. lið í sundurliðun gagnkrafna stefnda, og verður krafan ekki látin koma til frádráttar kröfum stefnanda í máli þessu.

Þar sem stefndi hefur ekki, að því er séð verður, greitt þá vexti, sem hann gerir gagnkröfu um í 4. lið í sundurliðun gagnkrafna, verður fjárhæð þeirra ekki látin koma til frádráttar kröfum stefnanda.

Hefur þá verið tekin afstaða til þeirra atriða varðandi aðal- og gagnkröfur, sem deilt er um í máli þessu. Verður stefnda þá gert að greiða stefnanda kr. 185.390.19 að frádregnum kr. 18.52, eða kr. 185.371.67.

Varðandi vaxtakröfu stefnanda er þessa að geta:

Krafa stefnda um, að vextir verði miðaðir við birtingardag stefnu, verður ekki tekin til greina, en skilja verður kröfuna

þannig, að lækka beri vaxtakröfu stefnanda, eins og efni standa til.

Tekin verður til greina krafa stefnanda um vexti af kröfu þeirri, sem nefnd er í 1. lið í sundurliðun krafna hans, þó ekki af banka- og afsagnarkostnaði. Verður stefnda því gert að greiða 8% vexti p. a. af kr. 12.500.00 frá 2. desember 1960 til greiðsludags.

Tekin verður til greina krafa stefnanda um 8% vexti p. a. frá 5. febrúar 1961 til greiðsludags af víxilfjárhæð þeirri, sem nefnd er í 2. lið í sundurliðun krafna hans, þ. e. af kr. 25.469.92. Ekki verða stefnanda dæmdir vextir af afsagnarkostnaði vegna víxils þessa.

Stefnanda verða dæmdir vextir af fjárhæð þeirri, sem hann greiddi til Landssambands íslenzkra útvegsmanna og stefnda ber að greiða (kr. 21.000.00), en aðeins 7% p. a., þar sem ekki er fram komið, hver var gjalddagi skuldarinnar. Verða því ekki dæmdir dráttarvextir. Greiðsla þessi fór fram 11. apríl 1961, og ber stefnda að greiða vexti frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda verður gert að greiða stefnanda vexti p. a. af skuldum þeim, sem nefndar eru í 4. og 5. lið í sundurliðun krafna stefnanda, 8% p. a. frá gjalddögum þeirra til greiðsludags, þ. e. af kr. 20.000.00 frá 15. október 1961 og af kr. 59.030.08 frá 15. desember 1961.

Af kvittunum, sem fram hafa verið lagðar, verður séð, að skuld sú við Orku h/f, sem talin er í 6. lið í sundurliðun krafna stefnanda, er víxilskuld, sem fyrr segir. Féllu víxlarnir í gjalddaga 15. marz 1962 (kr. 31.161.92) og 15. maí 1962 (kr. 30.000.00). Hins vegar voru þeir greiddir 16. janúar 1962, og sama dag var greidd upphæð sú, sem krafið er um samkvæmt 7. lið í sundurliðun krafna stefnanda. Er þar sagt, að greiddir hafi verið „vextir af tveim víxlum auk kostnaðar af uppboði ....“. Eftir þessu er ekki unnt að dæma stefnda til að greiða stefnanda vexti af upphæð þeirri, sem nefnd er í 7. lið. Ekki er heldur unnt að dæma honum að greiða vexti af víxlum þeim, sem um ræðir í 6. lið nema frá gjalddögum þeirra, þ. e. 8% vexti p. a. af kr. 31.161.92 frá 15. marz 1962 til greiðsludags og af kr. 30.000.00 frá 15. maí 1962 til greiðsludags.

Í samræmi við kröfugerð stefnanda verður þó að lækka fjárhæð þá, sem stefnda verður gert að greiða af 8% vexti p. a. frá 15. maí 1962 um kr. 17.494.00, sbr. 3. lið í sundurliðun gagnkrafna.

Stefnda verður gert að greiða stefnanda í stimpilkostnað kr. 282.00. Þá verður honum gert að greiða stefnanda í þóknun ⅓% af kr. 117.000.00, sbr. 4. tl. 49. greinar laga nr. 93/1933.

Samkvæmt framansögðu er rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 21.500.00 í málskostnað.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Arnarson, greiði stefnanda, Draupni h/f, kr. 185.371.67 svo og kr. 282.00 í stimpilkostnað og ⅓% af kr. 117.000.00 í þóknun.

Þá greiði stefndi stefnanda vexti, sem hér segir:

a) 8% p. a. af kr. 12.500.00 frá 2. desember 1960 til 5. febrúar 1961, af kr. 37.969.92 frá þeim degi til 15. október 1961, af kr. 57.969.92 frá þeim degi til 15. desember 1961, af kr. 117.000.00 frá þeim degi til 15. marz 1962, af kr. 148.161.92 frá þeim degi til 15. maí 1962 og af kr. 160.667.92 frá þeim degi til greiðsludags.

b) 7% p. a. af kr. 21.000.00 frá 11. apríl 1961 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 21.500.00 í málskostnað.

Greiðslur þessar séu inntar af hendi innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marz 1966.

Nr. 13/1965. **Jóhannes Björnsson** (Friðrik Magnússon hrl.)
gegn
Kveldúlfi h/f (Hafsteinn Baldvinsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1965. Fékk hann gjafsóknarleyfi hér fyrir

dómi hinn 1. október 1965. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 316.365.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 9. júní 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni gefið skýrslur fyrir dómi, og nokkur ný gögn hafa verið lögð fram fyrir Hæstarétt.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ber með skírskotum til forsendna hans að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 25.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanna áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómur aukaþings Eyjafjarðarsýslu 6. nóvember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m., hefur stefnandi, Jóhannes Björnsson smiður, Sólgarði, Hjalteyri, höfðað fyrir þessum dómi með stefnu, útgefinni 12. okt. 1963, á hendur hlutafélaginu Kveldúlfi, Reykjavík, og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða bætur fyrir tjón af völdum síðargreinds slyss að fjárhæð kr. 316.365.00 auk 7% ársvaxta frá 9. júní 1961 til greiðsludags og kostnaðar við ferðir til lækninga

svo og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara. Til réttargæzlu hefur hann stefnt Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga í Reykjavík.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þessir:

Vorið 1961 hófu nokkrir menn á Hjalteyri viðgerð á bryggju, eign stefnda. Verkstjórn hafði stefnandi á hendi. Við þetta starf slasaðist hann hinn 9. júní. Gólf bryggjunnar hafði verið rifið upp á svæði sökum þess að ramma átti niður staura. Við niðurrömmun þeirra var notuð vélknúin vinda, sem dregur upp fallhamar, 500—700 kg. að þyngd. Eftir einum armi fallhamarsgrindarinnar, fallbrautarstólpanum, rennur fallhamarinn upp og niður lóðrétt og skellur á staurinn, sem verið er að ramma niður. Maðurinn, sem stjórnar vindunni, snýr að fallbrautarstólpanum og þarf að hafa vakandi auga með manninum, sem stjórnar verkinu, því að hann getur hvenær sem er gefið merki um að stöðva fallhamarinn eða eftir atvikum setja hann af stað. Vindumaðurinn hefur allgott útsýni frá vindunni, stoðirnar í fallhamarsgrindinni rýra það ekki að neinu ráði. Auk þess þarf vindumaður að renna augum upp eftir stólpanum, þegar lóðið nálgast þá fallhæð, sem nota á, og fylgja hamrinum með augunum, er hann fellur, til þess að vinda hann upp aftur á réttum tíma. Enn fremur þarf hann að fylgjast með kefli vindunnar.

Utan um fallbrautarstólpann og staurinn er brugðið kaðli, sem er með lykkju á öðrum enda, og er hinum endanum stungið gegnum lykkjuna og hert að, síðan settir einn eða tveir vafningar að auki utan um staurinn og stólpann. Maður heldur í kaðalendann og stendur í 1—2 m fjarlægð frá staurnum.

Vindumaður hét Guðni Sigurðsson, en sá, sem í kaðalinn hélt, hét Jón Ólafsson, báðir til heimilis að Hjalteyri. Slysið átti sér stað, er verið var að ramma niður fyrsta staurinn. Stefnandi skýrði svo frá, að hann hafi ætlað að lagfæra kaðalinn um staurinn og stólpann og því gefið vindumanni merki um að stöðva fallhamarinn. Hann hafi verið með plankabút í höndum og athugað um kaðalinn og eins hvort staurinn væri farinn að festast. Hann hafi hrasað lítils háttar og slengt hægri hendi út frá sér og ofan á staurinn, sem verið var að ramma niður og var í um 1 meters hæð upp úr bryggjunni, en samtímis féll fallhamarinn á höndina og lemstraði hana. Hamarinn lyftist samstundis

upp. Stefnandi var strax fluttur í bifreið til Akureyrar og lagður þar í sjúkrahús. Meiðslum hans verður síðar lýst.

Skýrslu þessa gaf stefnandi fyrir sakadómi í sjúkrahúsinu þrem vikum eftir slysið. Síðar í sama þinghaldi sagði hann, að hann myndi ekki betur en hann hefði gefið vindumanni merki um að stöðva, en merkið er gefið með því að rétta út hönd. Hann kvaðst aðeins hafa verið að athuga bandið um staurinn og hvort staurinn hafi verið farinn að festast. Ef veruleg töf er fyrirsjáanleg við römmunina, er venja að láta fallhamarinn hvíla á öryggisjárni, sem rennt er gegnum stokk, sem fallhamarinn rennur eftir. Í þetta sinn taldi hann, að töfin yrði örstutt og notaði því ekki öryggisjárnið. Hann hafi aðeins ætlað að ýta staurnum til, áður en hert yrði á bandinu. Bitarnir, sem hann stóð á, voru nokkuð hálir af óhreinindum, en vatni hafði verið sprautað á þá, áður en vinnan hófst, til þess að hreinsa þá.

Á bæjarþingi hinn 27. apríl s.l. skýrði stefnandi frá því, að er hann gaf vindumanninum stöðvunarmerki, hafi vindumaður stöðvað fallhamarinn uppi í fallrásinni. Hann kvaðst þá hafa vikið sér til vindumannsins, nokkur skref, til þess að biðja hann að halda fallhamrinum uppi, meðan hann athugaði bandið á staurnum og gætti að, hvort staurinn hefði skekkzt. Hann sá, að staurinn hafði skekkzt, en var orðinn það fastur, að hann gat ekki rétt hann með handafli og náði því í plankabút til þess að spenna hann með að fallbrautarstólpanum. Að því loknu hóf hann að herða á kaðlinum, sem batt staurinn við gálgann. Hann kvaðst hafa hert á kaðlinum með hægri hendi, en spennt plankann með handarkrika vinstri handar að staurnum. Þá var það, sem hann hrasaði og greip hendi á staurinn, en um leið féll hamarinn á höndina, án þess að stefnandi hefði gefið vindumanni merki um að láta hann falla. Þá skýrir stefnandi svo frá, að nokkru eftir að hann kom úr sjúkrahúsinu, hafi hann hitt Guðna Sigurðsson og hafi þá slysið og aðdraganda þess borið á góma. Hafi Guðni þá viðurkennt, að hann myndi eftir, að stefnandi var búinn að biðja hann um að stöðva hamarinn, en enga skýringu gefið á því, hvernig á því stóð, að hann lét hann falla.

Guðni Sigurðsson, sem stjórnaði vindunni, hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi, að hann hafi ekki skynjað, hvað stefnandi var að gera rétt fyrir slysið og ekki heldur, að hann setti höndina á staurinn. Hann tók fram, að vindumaður verði alltaf að hafa auga með hamrinum, því að þegar hann er á uppleið, verði að stöðva hann í hæfilegri hæð. Þegar hamarinn fellur, verður

vindumaður að vera viðbúinn að stöðva vinduna, um leið og hamarinn kemur niður, til þess að ekki komi ólag á vírana. Þá tók hann einnig fram, að venja sé, þegar rétta þarf staur, að hamarinn sé stöðvaður á öryggisjárni eða látinn hvíla á staurum. Hið síðarnefnda sé þó aðeins gert, er færa þarf bandið, sem brugðið er utan um staurinn og fallbrautarstólpann. Hann sagði einnig, að eftir að byrjað sé að láta fallhamarinn ganga, sé því haldið áfram, þar til gefið sé merki um að stöðva. Hann sá ekki, að slíkt merki væri gefið, er slysið varð. Hann tók fram, að hann hefði illa séð til stefnanda. Einnig hélt hann því fram, að fallhamarinn væri aldrei stöðvaður í lausu lofti. Hann kvaðst einu sinni áður hafa unnið við þennan fallhamar í tvo daga, en þá var annar verkstjóri.

Vitnið kom síðar fyrir bæjarþing og skýrði þá frá atvikum á sama hátt. Hann kannaðist ekki við, að stefnandi hefði gefið merki um að stöðva né heldur að stefnandi hefði komið til hans og beðið hann um að halda hamrinum uppi. Hann kvaðst heldur ekki hafa vitað til, að stefnandi hafi verið að athuga bandið á staurnum og reyna að rétta hann. Hann mótmælti því einnig, að hann hefði viðurkennt í viðtali við stefnanda, að stefnandi hefði verið búinn að gefa stöðvunarmerki og biðja hann að stöðva.

Jón Ólafsson hélt í kaðalinn, eins og fyrr greinir. Hann hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að stefnandi hafi tekið spýtu og sett hana niður á milli staursins og bita og ætlað að spenna staurinn til með vogarafli, en hrasað í þeim svifum og þá hafi slysið orðið. Hann kvaðst ekki muna, hvort stefnandi hefði gefið vindumanni merki áður um að stöðva né hvort hann hefði gengið til vindumanns áður og talað við hann. Hann kvaðst ekki muna til, að neinn stanz hefði verið á hamrinum um þetta leyti. Hann mundi heldur ekki til, að stefnandi væri neitt að hagræða kaðlinum.

Annað vitni, Rögnvaldur Þórhallsson, var þarna nærstaddur. Hann kvaðst hafa skynjað, að stefnanda skrikaði fótur og greip með annarri hendi á staurinn, en hann var með plankabút í höndum, er hann hafði sett niður milli staursins og bita til þess að rétta staurinn, sem verið var að ramma niður. Hann mundi ekki, hvort stefnandi hefði gefið stöðvunarmerki né hvort búið var að stöðva fallhamarinn, er stefnandi var að spenna staurinn að gálganum, en þegar hann var að byrja á því verki, féll hamarinn á hönd stefnanda.

Einn maður annar, Vilhjálmur Árnason, var þarna að störfum,

en hann hafði brugðið sér frá, og er hann kom til baka, sá hann, að stefnandi sló með annarri hendi ofan á staurinn, um leið og hamarinn féll. Hann sagði, að það hefði yfirleitt verið venja stefnanda að setja öryggisjárn undir hamarinn, ef eitthvað þyrfti að lagfæra staurinn.

Í vottorði Guðmundar Karls Péturssonar yfirlæknis, dags. 29. júlí 1961, segir, að sá hluti handar stefnanda, sem undir hamrinum lenti, hafi orðið með öllu ónýtur, en það var fremri kjúka þumalfingurs og allur 2., 3. og 4. fingur, og auk þess var nokkuð af tekið fremsta hluta handarbaksleggja þessara fingra. Húðin í lófa og á handarbaki var losuð frá undirlaginu og rifin og skemmd, svo að naumlega var hægt að loka sárinu, og vegna mikillar blóðrásartruflunar í húðinni kom drep í hana á allstóru svæði, og vantaði því mikið á, að stefnandi væri gróinn sára sinna á þessum tíma. Stefnandi hafði að sjálfsögðu verulega verki í hendinni og leið heldur illa fyrst eftir slysið, en er þjáningarlítill er vottorðið er ritað.

Annað vottorð frá sama lækni liggur fyrir í málinu, og er það dagsett 25. sept. 1962.

Vottorð þetta hljóðar svo:

„Jóhannes Björnsson f. 14/12 1907, Hjalteyri, slasaðist illa á hægri hendi þann 9/6 1961, er hann var við bryggjusmíði á Hjalteyri. Kramdist höndin hroðalega, svo að tók alveg af 3 miðfingurna og auk þess tók framan af 2. og 3. handarbakslegg.

Fremri kjúkan fór af þumalfingri. Litli fingur var einn heill. Auk þess var húð og hold tætt og marið á handarbaki og lófa, og reyndist örðugt að fá næga húð til að hylja með sárið. Kom drep í nokkurn hluta hinnar krömdu húðar, og greri sárið seinna og með meiri örvef þess vegna. Talsvert drep kom líka í húðina, sem saumuð var yfir efri kjúku þumalfingursins. Var seinna grædd húð á hina beru kjúku. Tekinn var lappi af vinstri handlegg slasaða — full þykkt —. Slasaði hafði talsverðar þjáningar í hendinni fyrst eftir slysið, en sárin höfðust þó sæmilega við, burt séð frá drepi því, sem áður er getið.

Slasaði var alveg frá vinnu vegna afleiðinga meiðslanna rúmt ár, en síðan hefur hann unnið nokkuð við afgreiðslustörf.

Við skoðun í ágúst s.l. fannst eftirfarandi: Aðeins er einn fingur heill á hægri hendi, litli fingur, sem þó er krepptur og hreyfingar í liðnum takmarkaðar. Hreyfir sjálfkrafa í efsta hnúalið um 40°—50°, en getur ekkert hreyft í miðhnúalið, sem er krepptur í 90° horn, eða fremmsta hnúalið, sem er krepptur í 135°

horn. Kraftur er lítill í fingrinum, sem þó er slasaða til mikils gagns við ýmis handtök, krækir honum í og styður við með honum. Þrjá miðfingurna vantar alveg, sem áður getur. Ör þvert yfir lófann framan til, sem nokkuð strengir á og dregur höndina saman frá hlið til hliðar. Húðin yfir endum handarbaksleggjanna er nokkuð strengd og föst við undirlagið. Efri kjúka þumalfingurs eða það, sem eftir er af henni, því að eitthvað leystist úr kögglinum fremst — hefur verið klætt með þykkum húðlappa, sem er hlýr og fallegur, en ber annan blæ og áferð en húðin annars staðar á hendinni. Hreyfing er lítil í stúfnum, aðeins nokkur í úlnliðsþumalleggsliðnum (Articulus carpometacarpicus primus). Með ýtrustu áreynslu tekst slasaða að færa þumalfingurstúfinn og litla fingur það saman, að þeir rétt snertast, en ekki svo, að úr verði neitt tak, enda er það aðeins hliðin á litla fingurgómnum, sem snertir þumalstúfinn.

Það, sem eftir er af hendinni, er allt rýrara en hin höndin og handleggurinn allur grennri, svo að munar um 1 cm. á upphandleggjum og um 0,6—0,8 cm. á framhandleggjum. Öxlin er nokkuð stirð eftir hreyfingarleysið, en batnandi. Olnbogaliðurinn er góður.

Slasaði dvaldist í Fjórðungssjúkrahúsinu hér, frá því er hann slasaðist og til 14. ágúst 1961, og í sjúkrahúsi í Reykjavík vegna húðgræðslunnar einhvern tíma."

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að stefnandi hafi gefið vindumanni merki um að stöðva ásláttinn, meðan hann sjálfur athugaði kaðalinn á staurnum og aðgætti, hvort staurinn væri farinn að ná festu eða skekkjast. Vindumaður hafi stöðvað hamarinn uppi, en í stað þess að bíða merkis hafi hann látið hamarinn falla, meðan stefnandi sinnti áðurgreindum athugunum, án þess að gefa gaum að stefnanda, þar sem hann var við verk sitt hjá staurnum. Stefnda beri því að bæta tjónið fullum fébótum sem ábyrgum aðilja fyrir starfsemi þeirri, sem þarna fór fram.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Bætur fyrir vinnutekna- og örorkutjón að frádregnum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins	kr. 264.615.00
2.	Kostnaður við vottorð og örorkumat	— 1.750.00
3.	Bætur við þjáningar, lýti og miska	— 50.000.00
	Samtals kr.	316.365.00

Stefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu í málinu á því, að slysið hafi eingöngu stafað af stórkostlegu gáleysi stefnanda sjálfs með því að láta ekki stöðva fallhamarinn og setja öryggisjárn undir hann, áður en hann hóf lagfæringu á staurnum. Stefnandi hafði sjálfur verkstjórn á hendi við bryggjuviðgerðina og átti því að hafa eftirlit með vinnuframkvæmdum. Því er mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi verið búinn að gefa vindumanni merki um að stöðva. Auk þess hafi vindumaður ekki haft tök á að sjá til ferða stefnanda fyrir fallhamarsgrindinni, sem skyggði á, auk þess sem athygli hans hafi verið bundin við vinduna og ásláttinn. Hér hefði því ekki dugað annað en það að gefa vindumanni munnleg fyrirmæli. Engin sönnun sé fyrir hendi um, að slík fyrirmæli hafi verið gefin. Hér hafi því verið um hreina óhappatilviljun að ræða, sem að vísu hefði ekki átt sér stað, ef áður hefðu borizt til vindumanns fyrirmæli um stöðvun hamarsins.

Varakröfu sína byggir stefndi á þeim rökum, að ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að ekki bæri að sýkna stefnda, eigi stefnandi þó að langmestu leyti sök á slysinu.

Starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins skoðaði fallhamarinn og umbúnað hans skömmu eftir slysið, og segir hann í skoðunarskýrslu, dags. 20. júní 1961, að engar athugasemdir séu gerðar við umbúnað fallhamarsins. Af hálfu stefnanda er slíku heldur ekki haldið fram.

Eins og að framan er rakið, er stefnandi einn um þá frásögn, að hann hafi gefið vindumanni merki um að stöðva ásláttinn og vindumaður hafi samkvæmt því stöðvað hamarinn. Vindumaðurinn kveðst ekki hafa orðið þessa merkis var og því hafi hann ekki gert hlé á áslættinum. Önnur vitni, sem nærstödd voru, segjast ekki muna eða ekki minnast þess, að hlé hafi orðið. Hér brestur því sönnun fyrir því, að orsakir slyssins verði raktar til mistaka vindumannsins..

Þar sem telja verður, að hér hafi hvorki verið um að ræða vanbúnað tækja þeirra, sem notuð voru, né handvömm starfsmanna stefnanda og réttarreglur annars leiða eigi til fébótaábyrgðar stefnda á tjóni stefnanda, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson sýslumaður ásamt meðdómendunum Jóni Einarssyni verksmiðjustjóra og Tryggva Gunnarssyni skipasmið.

Dómsorð:

Stefndi, Kveldúlfur h/f, skal sýkn vera af kröfu stefnanda, Jóhannesar Björnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. marz 1966.

Nr. 211/1965. **Hið íslenzka steinolíuhlutafélag**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skattar. Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1965 og krafizt þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og hin krafða lögtaksgerð eigi látin fram fara og svo, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1965, krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur um framkvæmd lögtaks og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. desember 1963, í málinu: Ákæruvaldið gegn Hauki Hvannberg var dómfellda Hauki dæmt að greiða Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, aðaláfrýjanda máls þess, sem nú er til meðferðar, eftirtaldar fjárhæðir, er Haukur hafði á árunum 1952—1958 haft af aðaláfrýjanda með fjárdrætti: kr. 65.568.50, $ 131.773.55 og

£ 11.079-11-8 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 9. marz 1962 til greiðsludags. Fé þetta hafði Haukur Hvannberg, sem var framkvæmdastjóri Hins íslenzka steinolíuhlutafélags með prókúruumboði, tekið að mestu út úr reikningum félagsins hjá ýmsum erlendum viðskiptaaðiljum, og var það aldrei bókað sem tekjur félagsins. Skattayfirvöld hafa nú hækkað skatta aðaláfrýjanda árin 1953—1959, miðað við það, að féð hafi verið tekjur félagsins 1952—1958 og skattskyldur skattstofn og hækkað skatt aðaláfrýjanda, svo sem nú segir:

Tekjuskatt	um kr.	492.097.00
Stríðsgróðaskatt	— —	1.117.024.00
Eignarskatt	— —	63.472.00
	Samtals kr.	1.672.593.00

Er krafizt lögtaks fyrir fjárhæð þessari ásamt 12% ársvöxtum frá 1. september 1962 til greiðsludags og svo málskostnaði.

Fé, fjársvikið með þeim hætti, er í máli þessu greinir, og enn er óbætt, verður eigi talið löglegur skattstofn samkvæmt lögum nr. 46/1954 né öðrum lögum, sem hér skipta máli, og ber því hvorki að beita ákvæðum b-liðs 10. gr. laga nr. 46/1954 né öðrum skattaákvæðum um slíkt fé. Samkvæmt þessu ber að fella úrskurð fógeta úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Úrskurður fógeta er úr gildi felldur, og er synjað um framkvæmd hins krafða lögtaks.

Gagnáfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði aðaláfrýjanda, Hinu íslenzka Steinolíuhlutafélagi, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, kr. 80.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 12. nóvember 1965.

Við álagningu gjalda hér í borg ár 1962 var gerðarþola, Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, gert að greiða eftirtalin opinber gjöld:

Tekjuskattur	kr.	29.471.00
Kirkjugarðsgjald	—	311.00
Slysatr.gj. atvinnurekanda	—	9.00
Lífeyristr.gj. atvinnurekanda ..	—	154.00
Tekjuútsvar	—	24.900.00
Aðstöðugjald	—	32.100.00

eða samtals kr. 86.945.00.

Áður en framangreind álagning fór fram, hafði gerðarþoli greitt upp í gjöld þessi kr. 15.492.00, og námu því eftirstöðvar kr. 71.453.00 pr. 15/8 1962. Síðar var tekjuskattur gerðarþola hækkaður um kr. 971.861.00 og eignarskattur um kr. 85.729.00, og enn fremur var gerðarþola gert að greiða stríðsgróðaskatt að fjárhæð kr. 2.492.869.00. Hins vegar var aðstöðugjald lækkað um kr. 500.00 (sbr. rskj. nr. 10). Eftirstöðvar af gjöldum gerðarþola námu því samkvæmt þessu nú kr. 3.085.927.00. Gerðarþoli neitaði að greiða fjárhæð þessa, þar eð hann taldi hana óréttmæta, og krafðist því gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík (sbr. rskj. nr. 3), að lögtak yrði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum, samtals að fjárhæð kr. 3.085.927.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. — Undir rekstri málsins hefur krafa gerðarbeiðanda lækkað samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar (rskj. nr. 13, sbr. nr. 14) í kr. 1.672.593.00, og hefur gerðarbeiðandi við munnlegan flutning málsins krafizt lögtaks í eignum gerðarþola til tryggingar þeirri fjárhæð ásamt 12% ársvöxtum frá 1. september 1962 til greiðsludags svo og lögtakskostnaði og málskostnaði að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 4), sem miðuð er við hinar upprunalegu kröfur gerðarbeiðanda, svo og við munnlegan flutning málsins, er varðar hinar endanlegu kröfur, mótmælt kröfum gerðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur *aðallega,* að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins. *Til vara* hefur umboðsmaður gerðarþola gert þær réttarkröfur, að lögtak verði heimilað aðeins fyrir kr. 272.106.00 og til þrautavara fyrir kr.

607.941.00 og að málskostnaður verði látinn niður falla, ef önnur hvor varakrafan verði tekin til greina.

Í greinargerð sinni hefur umboðsmaður gerðarþola rakið málsatvik á þá leið, að við sakamálsrannsókn þá, er fram hafi farið á starfsemi gerðarþola og hófst í nóvembermánuði 1959 og lauk með dómi 29. júní 1962, hafi komið í ljós, að fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins (Haukur Hvannberg) hafi dregið sér miklar fjárhæðir af eignum félagsins. Enn fremur, að hann hafi flutt inn nokkuð af vörum vegna félagsins, án þess að tekjur þær, sem varið hafi verið til þessara kaupa, væru bókaðar hjá félaginu. Er þetta hafi verið endanlega upplýst, hafi ríkisskattanefnd reiknað að nýju skatta gerðarþola fyrir árin 1952—1959 og úrskurðað, að þeir ættu að hækka samtals um kr. 3.550.459.00. Af fjárhæð þessari hafi gerðarþoli viðurkennt og greitt kr. 1.054.887.00. Eftirstöðvarnar hafi þá numið kr. 2.495.572.00, en þá fjárhæð hafi gerðarþoli neitað að greiða af þeim ástæðum, að fjárdráttur sé frádráttarbær til skatts, sbr. 3. mgr. A-lið 29. gr. reglug. nr. 147 30. des. 1955, en ríkisskattanefnd hafi lagt á gerðarþola skatta að fjárhæð kr. 1.887.631.00 vegna upphæða þeirra, er nefndur framkvæmdastjóri hafi dregið sér frá félaginu. Sé þrautavarakrafa hans (umboðsm. gerðarþ.) miðuð við, að þessi upphæð ein yrði dregin frá skattahækkuninni. — Kveður hann að telja megi upplýst í sakamálinu, að ástæðan fyrir því, að upphæðir hafi verið dregnar undan til kaupa á varningi fyrir gerðarþola hafi verið sú, að kaup þessi hafi átt að nota til þess að fela auðgunarbrot framkvæmdastjórans, ef grunur vaknaði um það. Með hliðsjón af þessu og því, að framkvæmdastjórinn hafi gert allar þessar ráðstafanir á eigin spýtur, að sjálfsögðu í óþökk stjórnar félagsins, sem ekkert hafi um brot þessi vitað, verði hann að telja, að ríkisskattanefnd hefði átt að reikna til frádráttar fyrningar af tækjum þeim, sem þannig hafi verið keypt. Hefðu þá skattarnir lækkað um kr. 2.223.466.00 (fjárdráttur og fyrningar). Sé varakrafan við þetta miðuð, þá telur umboðsmaður gerðarþola í greinargerð sinni að reikna hefði átt til frádráttar varasjóðstillag af hinum auknu tekjum og hefði þá lækkunin numið kr. 2.495.572.00 (fjárdráttur, fyrning og varasjóðstillag) og sé aðalkrafan í málinu miðuð við það.

Eins og að framan greinir, voru undir rekstri málsins kröfur gerðarbeiðanda lækkaðar samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar í kr. 1.672.593.00, og er enginn ágreiningur um það, að sú fjárhæð sé skattar af þeim fjárhæðum, sem fyrrverandi fram-

kvæmdastjóri félagsins hafði dregið sér á árunum 1952—1958. Hefur umboðsmaður gerðarþola við munnlegan flutning málsins haldið því fram, að skattar þessir hefðu fallið niður, ef fjárdrátturinn hefði verið viðurkenndur til frádráttar á sömu árum og hann átti sér stað. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt bréfi ríkisskattanefndar, rskj. nr. 17, þar eð allir útreikningar í málinu séu byggðir á hæstaréttardómnum frá 14. desember 1963, en eigi upplýsingum gerðarþola. Eftir að undirréttardómur hafi fallið í „olíumálinu", hafi ríkisskattanefnd reiknað skatta gerðarþola, sbr. rskj. nr. 10. En þegar hæstaréttardómurinn hafði verið kveðinn upp 14. desember 1963 og árangurslaust fjárnám hafði farið fram hjá framkvæmdastjóranum 9. apríl 1964, hafi gerðarþoli beiðzt þess, að ríkisskattanefnd úrskurðaði að nýju skatta gerðarþola. Sá úrskurður liggi fyrir í málinu á rskj. nr. 9 og sé hann grundvöllur málsins. Á bls. 1 og bls. 8 á rskj. nr. 10, bls. 4 á rskj. nr. 9, sbr. rskj. nr. 16 bls. 1 neðst, komi fram sá úrskurður ríkisskattanefndar, að skattarnir ættu að falla niður, ef sannað væri, að fjárdráttur framkvæmdastjórans væri óinnheimtanlegur. Allir séu sammála um, að þjófnaðartöp séu frádráttarbær, ef þau fáist eigi endurgreidd, og ríkisskattanefnd hafi viðurkennt, að í þessu máli eigi frádrátturinn að falla á hin sömu ár og fjárdrátturinn, sbr. úrskurði nefndarinnar. Hins vegar hafi ríkisskattanefnd eigi fallizt á, að fyrir lægi nægileg sönnun þess, að fjárdrátturinn fengist eigi endurgreiddur. Hefur umboðsmaður gerðarþola í þessu sambandi vísað til reglug. nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt, 29. gr. C, en þar segi, að skuld teljist vitanlega töpuð, ef sannist, að eignir séu eigi til fyrir henni, meðal annars með árangurslausu fjárnámi. Hér liggi slíkt árangurslaust fjárnám fyrir, sbr. rskj. nr. 12, og því lögfull sönnun fyrir því, að gerðarþoli fái eigi umræddan fjárdrátt endurgreiddan. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að með hæstaréttardómnum frá 14. desember 1963 hafi stjórnarmenn gerðarþola eigi verið dæmdir fyrir eftirlitsleysi, að því er varðar fjárdráttinn, heldur að því er snertir innflutning og gjaldeyrisskil. Hvergi sé heldur að finna í íslenzkum lögum ákvæði um, að gáleysi aðilja leiði til þess, að verðmæti, sem frá honum sé stolið, komi eigi til skattfrádráttar. Ef skuld sé fyrnd, komi hún til frádráttar við skattauppgjör, sbr. reglug. nr. 245/1963, 29. gr. C 1, og sé það þó vangæzla að láta skuld fyrnast. Þetta sýni, að íslenzk lög ætlist eigi til þess, að vangæzla í þessu efni komi í

veg fyrir skattfrádrátt. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola bent á það, að hið stolna fé hafi aldrei komið í sjóði gerðarþola og því mætti segja, að kröfur gerðarþola í þessu efni hafi eigi stofnazt, fyrr en hæstaréttardómur hafi verið kveðinn upp 1963. Fyrr hafi krafan eigi verið ákveðin, hvorki upphæð hennar né endanleg vitneskja um tilvist hennar. Þegar af þeirri ástæðu beri að synja um framgang lögtaksins. Það væri óréttmætt að leggja skatt á gerðarþola á árunum 1953—1959 á tekjur, sem aldrei hafi komið inn til gerðarþola, og heimila svo frádrátt vegna sömu upphæða ár 1964 eða 1965. Skattalög séu nú svo gerólík og tekjur gerðarþola nú mjög litlar, svo að þetta mundi jafngilda eignarupptöku.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann gert þá grein fyrir tildrögum þessa máls, að í réttarrannsókn þeirri, sem hófst 16. desember 1958 út af meintu misferli fyrrverandi framkvæmdastjóra gerðarþola og lauk með dómi Hæstaréttar 14. desember 1963, hafi komið fram hjá gerðarþola vantaldar tekjur frá árunum 1952—1958. Af þessum sökum hafi skattar gerðarþola verið teknir til endurskoðunar fyrir viðkomandi ár og skattahækkun verið ákveðin með úrskurði ríkisskattanefndar 19. marz 1962, sbr. rskj. nr. 10, en þar segi svo í niðurlagi úrskurðarins, bls. 10:

„Með því að öllum hinum óframtöldu tekjum og eignum hlutafélagsins, sbr. framanritað, hefur verið haldið utan við bókhald þess, lítur Ríkisskattanefndin svo á, að hér sé um brot skv. 47. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt að ræða, og hafa skattar því verið reiknaðir á ný aftur í tímann samkv. 48. gr. nefndra laga."

Samkvæmt þessum úrskurði hafi gjöldin verið ákveðin, svo sem segi í greinargerðinni á rskj. nr. 3. Eins og þar komi fram, hafi verið beðið um lögtak til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 3.085.927.00, en í þeirri upphæð hafi verið auk framangreindra skattahækkana gjöld, sem lögð hafi verið á gerðarþola við reglulega álagningu ár 1962 og enginn ágreiningur hafi verið um. Með úrskurðum ríkisskattanefndar frá 2. maí 1965, rskj. nr. 9, og frá 29. september 1955, rskj. nr. 18, hafi sköttum gerðarþola verið breytt þannig, að tekjuskattur nemi nú kr. 670.978.00, eignarskattur kr. 102.882.00 og stríðsgróðaskattur kr. 1.856.442.00, eða samtals kr. 2.630.302.00. Öll gjöld, sem lögð hafi verið á við

reglulega álagningu, hafi verið greidd og enn fremur hafi verið greiddar kr. 957.709.00 upp í skatta þá, sem eingöngu stafi frá álagningu í framhaldi af þessu fjársvikamáli. Nemi því eftirstöðvar þær, sem um sé deilt í máli þessu, kr. 1.672.593.00 (sbr. rskj. nr. 14 og 19), sem sé nákvæmlega sú fjárhæð, sem talið sé, að felld yrði niður, ef talið yrði sannað, að fyrrv. framkvæmdastjóri gerðarþola, Haukur Hvannberg, væri eigi borgunarmaður fyrir skuld þeirri, sem hann hafi verið dæmdur til að greiða gerðarþola, og tapið fengist frádregið á þeim árum, sem fjárdrátturinn átti sér stað. Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda í þessu efni vísað til bréfs síns til ríkisskattanefndar, rskj. nr. 15, og svarbréfs ríkisskattanefndar, rskj. nr. 16, og enn fremur til bréfs ríkisskattanefndar, rskj. nr. 17, en þar segir:

„Hins vegar hefur nefndin eigi haft aðstöðu til að sannprófa, hvort nefndar upphæðir fjárdráttarins eru innifaldar í áður reiknuðum skattskyldum tekjum gerðarþola og gerir því fyrirvara að því leyti varðandi greinda útreikninga."

Samkvæmt þessu hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að ríkisskattanefnd hafi óbundnar hendur um endurreikning á sköttum gerðarþola í því falli, að úrslit máls þessa kynnu að verða þau, að lögtak yrði eigi leyft. Að öðru leyti liggi mál þetta þannig fyrir, að óþarft sé að ræða það frá tölulegri hlið. Það séu fyrst og fremst nokkur lögfræðileg túlkunaratriði, sem ágreiningur sé um. Niðurfellingar þær, sem ríkisskattanefnd hafi gert á þessum viðbótarsköttum gerðarþola, byggist á því, að tekið hafi verið tillit til ákveðinna atriða í kæru gerðarþola og komi þetta m. a. fram í úrskurði ríkisskattanefndar á rskj. nr. 9, bls. 4, þar sem segi:

„Eftir atvikum þykir mega fallast á beiðni gjaldanda um frádrátt vegna fyrninga ófærðra fjárfestingarvara og styðjast þar við yfirlit gjaldanda um fyrningar. Ennfremur þykir mega taka til greina beiðni gjaldanda um, að veitt verði varasjóðstillag að hámarki, eftir því sem lög leyfðu á hverjum tíma. Ennfremur þykir rétt að leyfa til frádráttar eignum skattahækkanir áranna."

Með þessum úrskurði ríkisskattanefndar sé búið að taka til greina öll þau atriði, sem valdið hafi skattahækkun gerðarþola, utan þann hluta álagðra skatta, er beinlínis stafi af fjárdrætti fyrrverandi forstjóra gerðarþola. Hins vegar komi það fram í greinargerð umboðsmanns gerðarþola og öðrum gögnum málsins, er hann hafi lagt fram, að hann líti svo á, að þetta kæru-

atriði hefði einnig átt að taka til greina, þar eð sannað sé, að skuld sú, sem fyrrverandi forstjóri stofnaði til við gerðarþola, sé óinnheimtanleg og eigi þess vegna að koma til frádráttar á þeim árum, sem fjárdrátturinn átti sér stað. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til reglna um skattfrádrátt vegna tapaðra skulda, er hér skipti höfuðmáli, í b-lið 10. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, er í gildi voru hluta þess tímabils, er hér sé um að ræða, en þar segi svo:

„Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð ....“

Efnislega sama ákvæði sé nú í B-lið 11. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt og sams konar ákvæði hafi verið í lögum þeim og reglugerð, er giltu fyrir 1954. Í 29. gr. reglug. nr. 147/1955 um tekjuskatt og eignarskatt segi svo um skilyrði fyrir, að töpuð skuld sé frádráttarbær, í C-lið greinarinnar:

„Að vitanlegt sé, að skuldin sé töpuð og að það hafi orðið vitanlegt á því ári sem frádrátturinn kemur á. Skuld telst vitanlega töpuð:

1. Ef skuld er fyrnd eða sannast á fullnægjandi hátt, að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o. þ. h.“

Þá sé eigi um það deilt, að stríðsgróðaskattur hlíti sömu reglum, enda segi í 2. gr. laga nr. 21/1942 um stríðsgróðaskatt, að hann skuli „lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur og af sömu aðilum“. Samkvæmt þessu leiki enginn vafi á því, að það geti verið rétt og skylt að veita frádrátt á sköttum vegna þjófnaðar- og frádráttartaps, þegar viss skilyrði séu fyrir hendi. Hins vegar geti naumast að skilja ákvæðin svo, að frádráttinn eigi að veita skilyrðislaust, hvernig sem á stendur. Þannig hljóti það að vera fjarstæða að veita frádrátt, ef gjaldandinn eigi á einhvern hátt sjálfur sök á því, að tilteknar fjárhæðir hafi eigi komið fram til skatts. — Í dómi Hæstaréttar frá 14. desember 1963 segi svo um forráðamenn og stjórnendur gerðarþola (H.Í.S.), rskj. nr. 12, bls. 5 undir II:

„B. Ákæra á hendur Jóhanni Gunnari Stefánssyni, Helga Þorsteinssyni, Ástþóri Matthíassyni, Jakob Frímannssyni og Karel Ögmundssyni fyrir brot á 146. gr. laga nr. 19/1940 og 1. málsgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 ....

Ákærðu fóru allir með fyrirsvar fyrir Olíufélagið h/f og

Hið íslenzka steinolíuhlutafélag. Verður því að gera þær kröfur til þeirra, að þeir hefðu eftirlit með rekstri félaganna í meginefnum. Hinn ólöglegi innflutningur fór fram að staðaldri um langan tíma. Er því sýnt, að skort hefur á eftirlit af þeirra hendi. Verða þeir því að bera refsiábyrgð samkvæmt 1. málsgr. 38. gr. laga nr. 68/1956."

Undir III A í sama rskj., bls. 6, segi meðal annars svo:

„.... vanrækt hefur verið að telja fram gjaldeyri, eins og í héraðsdómi greinir .... Þá ber og með skírskotun til þeirra raka, sem greinir um fyrningu og eftirlitsleysi í I. og II. kafla hér að framan, að sakfella aðra ákærða fyrirsvarsmenn samkvæmt þessum kærulið."

Þá segi svo í dómsniðurstöðunni, rskj. nr. 12 bls. 9:

„.... Refsing ákærða Jóhanns Gunnars Stefánssonar er ákveðin sekt kr. 200.000.00, sem renni í ríkissjóð, og komi í stað sektar varðhald 9 mánuði, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Helga Þorsteinssonar er ákveðin sekt til ríkissjóðs, kr. 100.000.00, og komi í stað sektar varðhald 5 mánuði, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærðu Ástþórs Matthíassonar, Jakobs Frímannssonar og Karvels Ögmundssonar, hvers um sig, ákveðst sekt kr. 75.000.00 til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 mánuði í stað sektar hvers þeirra, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa."

Samkvæmt þessum dómi hljóti annar framkvæmdastjóri gerðarþola svo og fjórir stjórnarmeðlimir refsidóm fyrir það að hafa eigi gert skyldu sína í sambandi við fjárreiður og bókhald félagsins. Í upphafi dómsins sé þess getið, að einn stjórnarmanna hafi látizt, eftir að héraðsdómur gekk, og saksókn sé því niður fallin, hvað hann snerti, en sá stjórnarmeðlimur hafi einnig hlotið refsidóm í héraði af sömu ástæðum og fyrrgreindir menn. Aðeins einn þeirra manna, er verið hafi í stjórn félagsins á þessum tíma eða hluta þessa tíma, hafi verið sýknaður, þar eð sök hans hafi verið talin fyrnd. Nú liggi það að vísu ljóst fyrir, að þessir menn hafi hvorki hlotið dóm fyrir þjófnað né heldur fyrir það að draga sér fé úr rekstri gerðarþola. Hins vegar verði eigi fram hjá því gengið, að þeir hafi með vanrækslu á skyldu á eftirliti orðið meðvaldir að því, að þetta misferli með fé gat átt sér stað. Hefði eftirlit stjórnarmanna verið í lagi og með þeim hætti,

sem átt hefði að vera, hefði enginn fjárdráttur getað átt sér stað og ríkissjóður hefði heimt sína skatta á réttum tíma. Það sé andstætt meginreglum íslenzkra laga og einnig rökréttri hugsun að veita skattfrádrátt, þegar slíkt atvik liggi að því tapi, sem gerðarþoli telji sig hafa orðið fyrir. Samkvæmt þessu hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram að leyfa beri hið umbeðna lögtak alveg án tillits til þess, hvort fyrrverandi forstjóri gerðarþola geti greitt skuld sína eða eigi. Ef eigi verði fallizt á þetta sjónarmið, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda til vara haldið því fram, sem ríkisskattanefnd hefur byggt á úrskurð sinn, þ. e. að leyfa beri lögtakið, þar eð eigi sé sannað, að margnefndur forstjóri gerðarþola sé ófær um að greiða þá skuld, sem mál þetta snúist um. Um þetta segi ríkisskattanefnd í úrskurði sínum á rskj. nr. 9, bls. 3—4:

„Í erindi gjaldanda er þess farið á leit, að fjárdráttur fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins, hr. Hauks Hvannbergs, verði leyfður til frádráttar tekjum umrædd gjaldár og skattar læækkaðir skv. því.

Með beiðni sinni sendi gjaldandi afrit af fjárnámsgerð, dags. 9. apríl 1967, í málinu Hið íslenzka steinolíuhlutafélag gegn Hauki Hvannberg. Við fjárnámsgerð þessa mætir gerðarþoli, Haukur Hvannberg, ekki og því ekki hægt að krefja hann sagna um eignir hans. Í stað þess mætir lögfræðingur hans og lýsir því yfir með vísan til gagna, er hann leggur fram, þ. e. endurrit úr afsals- og veðmálabók Reykjavíkur um skilnaðarsamkomulag, endurrit af kaupmálabók Reykjavíkur um kaupmála og svo loks skattframtal gjörðarþola árið 1964, að gjörðarþoli sé eignalaus.

Umboðsmaður gjaldanda fellst á þessa yfirlýsingu, en geymir sér þó allan rétt til prófunar og vefengingar framlagðra gagna gerðarþola svo og prófunar atvika.

Ekkert hefur komið fram um það, að umboðsmaður gjaldanda hafi reynt að kanna frekar greiðslugetu gerðarþola né annarra atvika, þ. á m., að hann hafi gert ráðstafanir til að rifta skilnaðarsamkomulagi milli gerðarþola og fyrrverandi konu hans, sem gert var 9. júní 1960 og lagt var fram í fyrrnefndu fógetaréttarmáli.

Ríkisskattanefnd telur því ekki sannað, að gjaldandi hafi nægilega gætt hagsmuna sinna varðandi þessi atriði, þannig að hann hafi fyrrt sig tjóni, sbr. 3. mgr. 1. liðar 29. gr. reglugerðar nr. 147, 1955, svo og 3. mgr. a-liðar I. c. 16. gr. reglu-

gerðar nr. 133, 1936, og þykir því rétt að synja beiðni gjaldanda varðandi þetta atriði."

Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til hinnar umræddu fjárnámsgerðar á rskj. nr. 8, sem sé raunar einnig hluti af rskj. nr. 20. — Þessa ályktun ríkisskattanefndar sé litlu við að bæta. Hér virðist vera um að ræða samkomulag um þá niðurstöðu, að greiðslugeta skuldara sé engin. Þetta sé meira en hæpið sönnunargagn, enda ástæða til í þessu sambandi að vekja athygli á því, að tiltölulega litlir hagsmunir hafi þarna verið í veði fyrir aðilja að því máli. Skuldari hafi vitanlega haft áhuga á að fá fram þessa niðurstöðu og gerðarbeiðandi kannski eigi viljað leggja kapp á að koma þessum fyrrverandi starfsmanni félagsins í verri aðstöðu en þegar var orðin, ekki sízt með það í huga, að sannað tap af fjárdrætti yrði leyft til frádráttar sköttunum. Þriðji aðilinn, ríkissjóður, sem eigi að innheimta þessa skatta, standi þarna alveg fyrir utan og eigi að sætta sig við þá niðurstöðu, að fullreynt sé, að skuldin fáist eigi greidd og verði þess vegna að fella skattana niður. Hefur umboðsmaður í þessu sambandi lagt áherzlu á það, að hann telji, að full sönnun um greiðsluþrot fyrrverandi forstjóra gerðarþola geti eigi talizt liggja fyrir, fyrr en fógeti hafi gengið úr skugga um það sjálfstætt, að eignir væru eigi fyrir hendi og það jafnvel staðreynt með gjaldþrotaskiptum og þá látin fara fram könnun á gildi þeirra löggerninga, er gerðir hafi verið, eftir að uppvíst varð um misferli framkvæmdastjórans. Beri því að leyfa umkrafið lögtak einnig af þeirri ástæðu, að ósannað sé, að skuld sú, sem um sé að ræða, sé töpuð og eigi því skattfrádráttur, ef til hans ætti að koma á annað borð, fyrst að koma til greina, er full sönnun lægi fyrir um greiðsluþrot framkvæmdastjórans. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda enn fremur haldið því fram, að jafnvel þó að sannað yrði talið, að umrædd skuld væri töpuð, ætti samt sem áður að leyfa lögtakið fyrir umræddri skattakröfu. Hefur hann um þetta atriði vísað til bréfs síns til ríkisskattanefndar, rskj. nr. 15, en þar segi, bls. 2:

„Áður en mál þetta verður tekið til munnlegs flutnings og úrskurður upp kveðinn, telur gerðarbeiðandi nauðsynlegt, að eftirfarandi atriði liggi ljósar fyrir en nú er:

1. Ef talið er sannað, að skuld, sem stofnast hefur vegna fjárdráttar, sé töpuð, á hún þá að koma til frádráttar við álagningu á þeim árum, sem fjárdrátturinn átti sér stað, eða á því ári, sem sönnun á getuleysi skuldara til greiðslu liggur fyrir? . ."

En í svari ríkisskattanefndar, rskj. nr. 16, segi svo:

„a. Varðandi fyrirspurn í 1. tölulið í bréfi yðar:

Í b-lið 10. gr. laga nr. 46, 1954, um hvað skuli draga frá tekjum, áður en skattur er á lagður, segir svo:

„Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð ....“ Efnislega sama ákvæði er nú að finna í B-lið 11. gr. laga nr. 55, 1964.“

Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að samkvæmt þessu ætti lögtakið fram að ganga, jafnvel þó að eigi yrði fallizt á hinar fyrri málsástæður hans. Gerðarþoli ætti að greiða þessa skattfjárhæð, en skattur hans þá væntanlega tekinn til endurskoðunar miðað við það, að talið væri, að sönnun fyrir tapaðri skuld lægi fyrir með fjárnámsgerðinni frá 9. apríl 1964 og það yrði þá fyrst í skattinum álögðum á yfirstandandi ári, sem leiðréttingin ætti að koma til.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Eins og að framan greinir, hefur hin upprunalega skattkrafa í máli þessu, kr. 3.085.927.00, undir rekstri málsins verið lækkuð með úrskurðum ríkisskattanefndar frá 2. maí 1965 (rskj. nr. 9) og frá 29. september 1965 (rskj. nr. 18) í kr. 1.672.593.00 (sbr. rskj. nr. 14 og 19), og er enginn ágreiningur um það í málinu, að hér sé um þá fjárhæð að ræða, sem talið er, að felld yrði niður, ef sannað teldist, að fyrrverandi framkvæmdastjóri gerðarþola, Haukur Hvannberg, væri eigi borgunarmaður fyrir skuld þeirri, sem hann hefur verið dæmdur til að greiða gerðarþola, og tapið fengist dregið frá á þeim árum, sem fjárdrátturinn átti sér stað. Hér er því eigi lengur deilt um kröfuupphæðina sjálfa, heldur hvort hið umbeðna lögtak fyrir hinni síðargreindu fjárhæð eigi að ná fram að ganga eða eigi.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur krafizt þess, að hin umbeðna lögtaksgerð verði leyfð af eftirfarandi meginástæðum:

1. Að telja verði þrátt fyrir hið árangurslausa fjárnám í eignum fyrrverandi framkvæmdastjóra gerðarþola, Hauks Hvannbergs, er fram fór 9. apríl 1964 (rskj. nr. 8), að eigi liggi fyrir skýlaus sönnun um greiðsluþrot hans, þar eð eigi hafi verið fyrir hendi við fjárnámsgerðina fullnægjandi upplýsingar um fjárhag gerðarþola, byggðar á ýtarlegri rannsókn, og þá jafnframt kanna gildi þeirra löggerninga, er gerðir hafi verið, eftir að uppvíst varð um misferli framkvæmdastjórans.

2. Að forráðamenn og stjórnarmeðlimir félags gerðarþola hafi eigi gætt skyldu sinnar um nægilegt eftirlit í sambandi við fjárreiður og bókhald félagsins, enda hafi þeir hlotið refsidóm Hæstaréttar fyrir vanrækslu í þessu efni. Það hljóti að vera fjarstæða að veita frádrátt, ef gjaldandinn eigi á einhvern hátt sjálfur sök á því, að tilteknar fjárhæðir komi eigi fram til skatts.

3. Að enda þótt hið árangurslausa fjárnám yrði talið lögfull sönnnun fyrir greiðsluþroti framkvæmdastjórans, þá ætti frádrátturinn vegna fjárdráttar hans eigi að koma til greina, fyrr en sú sönnun lá fyrir og leiðréttingin þá að koma fyrst fram í skattinum álögðum á yfirstandandi ári.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi lögtaksgerðarinnar á þeim forsendum í fyrsta lagi, að fyrir liggi lögfull sönnun um greiðsluþrot framkvæmdastjórans með hinu árangurslausa fjárnámi, er fram fór 9. apríl 1964, í eignum framkvæmdastjórans og fjárdrátturinn því frádráttarbær samkvæmt b-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, sbr. B-lið 11. gr. laga nr. 55/1964 um tekjuskatt og eignarskatt og 29. gr. C reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Í öðru lagi hafi forráðamenn og stjórnarmeðlimir félagsins eigi átt sök á fjárdrættinum, enda hafi þeir eigi hlotið refsidóm í Hæstarétti fyrir eftirlitsleysi, að því er fjárdráttinn snertir, heldur að því varðaði innflutnings- og gjaldeyrisskil og gerðarþoli hafi því eigi af þeim sökum fyrirgert rétti sínum til frádráttar, enda sé og hvergi að finna í íslenzkum lögum ákvæði um, að gáleysi aðilja leiði til þess, að verðmæti, sem frá honum sé stolið, komi eigi til skattfrádráttar, sbr. reglugerð nr. 245/1963, 29. gr. C 1 um, að fyrnd skuld sé frádráttarbær og sé það þó vangæzla að láta skuld fyrnast. Í þriðja lagi hefur umboðsmaður gerðarþola mótmælt framgangi lögtaksgerðarinnar á þeim forsendum, að tapið vegna fjárdráttarins hefði átt að koma til skattfrádráttar á þeim árum, sem fjárdrátturinn átti sér stað, þ. e. á árunum 1953—1959, enda hafi hið stolna fé aldrei komið í sjóð gerðarþola og segja megi, að kröfur gerðarþola hafi eigi stofnazt fyrr en með dómi Hæstaréttar árið 1963. Fyrr hafi krafan eigi verið ákveðin, hvorki upphæð hennar né endanleg vitneskja um tilvist hennar, enda hefðu umræddir skattar fallið niður, ef fjárdrátturinn hefði verið viðurkenndur til frádráttar á framangreindum árum.

Svo sem að framan greinir, fór fram í fógetarétti Reykjavíkur hinn 9. apríl 1964 fjárnámsgerð í eignum fyrrverandi

framkvæmdastjóra, Hauks Hvannbergs, að kröfu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags. Voru þar mættir umboðsmaður gerðarþola og gerðarbeiðanda og lögðu þar fram málsgögn sín. Með vísan til framlagðra gagna kvað umboðsmaður gerðarþola hann algerlega eignalausan. Voru umboðsmenn aðilja því sammála um, að fjárnámið bæri eigi árangur, en umboðsmaður gerðarbeiðanda gat þess, að hann geymdi allan rétt til prófunar og vefengingar framlagðra gagna gerðarþola svo og prófunar annarra atvika varðandi greiðslugetu gerðarþola. Varð því niðurstaðan sú, að fógeti lýsti fjárnámið árangurslaust. Síðan virðist ekkert frekar hafa gerzt í þessu fjárnámsmáli, og stendur því hið árangurslausa fjárnám óhaggað. — Rétturinn lítur því svo á að taka verði þessa fjárnámsgerð, eins og hún liggur fyrir, gilda sem lögfulla sönnun fyrir greiðsluþroti framkvæmdastjórans og umrædda kröfu á hendur honum því tapaða samkvæmt 29. gr. reglugerðar nr. 147/1955, C-lið (um, hvenær skuld skuli teljast töpuð og því frádráttarbær), en þar segir svo:

„.... Skuld telst vitanlega töpuð:

1. Ef skuld er fyrnd eða sannast á fullnægjandi hátt, að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám, o. þ. h.“

Samkvæmt þessu lítur rétturinn svo á, að fjárdráttartap gerðarþola sé frádráttarbært, að því er til þessa atriða tekur.

Kemur þá til álita, hvort vanræksla forráðamanna og stjórnarmanna gerðarþola um nægilegt eftirlit varðandi fjárreiður og bókhald félagsins hafi verið með þeim hætti, að fjárdráttartapið verði eigi talið frádráttarbært af þeim sökum.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 14. desember 1963, er refsidómur sá, er stjórnarmenn gerðarþola hlutu, reistur á 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, 4. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 88/1953, sbr. nú 4. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., og 15. gr. sbr 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, sbr. nú 17. gr. sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 79/1960.

Af þessu er ljóst að áliti réttarins, að stjórnarmenn gerðarþola hafa eigi hlotið refsidóm fyrir eftirlitsleysi, að því er varðar fjárdráttinn sjálfan, heldur fyrir vanrækslu á nægilegu eftirliti, að því er varðar innflutnings- og gjaldeyrisskil gerðarþola. Um áhrif slíkrar vanrækslu á frádráttarrétt vegna tapa, er af

vanrækslunni kann að leiða, munu engin bein ákvæði vera í íslenzkum lögum. Hins vegar má benda á það, að fyrnd skuld er talin frádráttarbær, hver sem orsök fyrningarinnar er, vanræksla eða annað, sbr. 29. gr. reglugerðar nr. 147/1955, C-lið, sem tilfærð er hér að framan. Rétturinn lítur einnig svo á, að á það megi líta í þessu sambandi, að á bak við félag gerðarþola standa margir eigendur þess, hluthafarnir, sem eigi hafa aðstöðu til að neinu ráði að fylgjast með eða hafa eftirlit með rekstri félagsins og eiga því enga sök á þeim misferlum, sem hér er um að ræða, og mundu því að ósekju verða fyrir tjóni, ef fjárdrátturinn yrði eigi talinn frádráttarbær vegna framangreinds eftirlitsleysis stjórnarmanna félagsins. Er það því álit réttarins, enda þótt eftirlitsleysi framangreindra stjórnarmanna hafi talizt refsivert, að því er framangreind atriði í rekstri gerðarþola varðar, þá fyrri það út af fyrir sig eigi gerðarþola rétti til skattfrádráttar vegna umrædds fjárdráttar.

Þá kemur til álita, hvort tapið vegna fjárdráttarins hefði átt að koma til skattfrádráttar á þeim árum, sem fjárdrátturinn átti sér stað, þ. e. árunum 1953—1959, eins og umboðsmaður gerðarþola hefur haldið fram, eða þá fyrst, er lögfull sönnun fyrir greiðsluþroti framkvæmdastjórans hefði komið til, eins og umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið fram.

Um þetta atriði segir svo í b-lið 10. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt (um, hvað skuli draga frá tekjum, áður en skattar eru á þær lagðir):

„Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún er töpuð ....“, sbr. og B-lið 11. gr. laga nr. 55/1964, 29. gr. reglugerðar nr. 147/1955 og 29. gr. C-lið reglugerðar nr. 245/1963.

Samkvæmt ákvæðum þessum lítur rétturinn svo á, að krafa umboðsmanns gerðarþola um skattfrádrátt á þeim árum, sem fjárdrátturinn átti sér stað, fái eigi staðizt. Hins vegar hafi verið heimilt að leggja á gerðarþola umkrafða skatta, þegar það var gert, þar eð lögfull sönnun fyrir tapi gerðarþola vegna fjárdráttarins lá eigi fyrir samkvæmt framansögðu fyrr en með fjárnámsgerðinni frá 9. apríl 1964.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda fyrir kr. 1.672.593.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. marz 1966.

Nr. 65/1965. **M** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
K (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1965. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, R gerður að aðilja málsins og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og að henni, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Sakargögnum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Samkvæmt þeim eru ekki efni til að sinna kröfu áfrýjanda um, að R verði stefnt til að svara til sakar í máli þessu, sbr. 211. gr. 3. málsgr. laga nr. 85/1936. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, er renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda, K, fyrir Hæstarétti, Gústafs Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1964.

Ár 1964, miðvikudaginn 23. desember, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 19/1964: K gegn M, sem tekið var til dóms 18. þ. m..

Mál þetta hefur K...., hér í borg, fædd ...., höfðað gegn M...., hér í borg, fæddum ...., og gert þær kröfur, að hann verði dæmdur faðir að óskilgetinni dóttur hennar, fæddri ...., en hún hefur hlotið nafnið B, og að því búnu úrskurðaður til þess að greiða meðlag með barni þessu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald lögum samkvæmt. Hann verði og dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfu sóknaraðilja um, að hann verði dæmdur faðir að barninu. Hann hefur mótmælt meðlagsskyldu sinni, en gert þær kröfur, að R.... verði dreginn inn í málið sem varnaraðili og meðlagsskylda dæmd þeim in solidum. Bar talsmaður varnaraðilja þessa kröfu sérstaklega undir dóminn, og með úrskurði uppkv. 13. febrúar þ. á. var kröfu þessari synjað.

Sóknaraðili kveðst hafa kynnzt varnaraðilja í fyrra hluta septembermánaðar 1961, en hún hafi þá ráðizt söngvari að danshljómsveit, sem varnaraðili hafi leikið í. Hafi fljótlega tekizt góð kynni með þeim og þau tekið að eyða frístundum sínum saman um mánaðamótin september—október. Hafi þetta samband þeirra haldizt fram á annan dag jóla og á þessu tímabili hafi þau nokkrum sinnum haft samfarir saman, án þess að þau nokkru sinni hefðu í frammi varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir getnað. Samfarirnar hafi jafnan farið fram á heimili

varnaraðilja. Sóknaraðili kveðst síðast fyrir barnsburðinn hafa haft á klæðum einhvern tíma í nóvember 1961.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa haft samfarir við neinn karlmann nema varnaraðilja, frá því er kynni tókust með þeim í september 1961 og þar til eftir að barnið fæddist.

Varnaraðili kveðst hafa kynnzt sóknaraðilja í október 1961, er þau tóku að starfa saman í hljómsveit og einnig hafi þau unnið að því að sviðsetja revíu, sem frumsýnd hafi verið 9. nóvember, en þar hafi sóknaraðili komið fram. Hann kveðst í fyrsta skipti hafa haft samfarir við sóknaraðilja, nokkru fyrr en nefnd frumsýning fór fram og eftir það af og til og í síðasta skipti á 2. dag jóla. Samfarirnar hafi farið fram ýmist á heimili varnaraðilja eða sóknaraðilja. Þau hafi ekki viðhaft varúðarráðstafanir til þess að hindra getnað.

Samkvæmt álitsgerð borgarlæknis í Reykjavík eru mestar líkur á, að barn sóknaraðilja, en það var við fæðingu 3280 gr. á þyngd, en 51 cm. á lengd, sé getið á tímabilinu 9. nóvember til 1. desember 1961. Ef hliðsjón er höfð af dreifingartöflu dr. Lindners í Málmey fyrir þyngd og lengd nýfæddra barna, getur það verið komið undir á tímabilinu 23. september til 22. desember 1961, en 836‰ líkur til þess, að það sé getið á tímabilinu 21. október til 24. nóvember.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljum og barninu, og samkvæmt henni getur varnaraðili verið faðir barnsins, en niðurstaða rannsóknarinnar varð þessi:

			C D E c
Sóknaraðili	A_1	M	— + + +
Barnið	A_2	M	— + + +
Varnaraðili	A_2	M	— + + +

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðili hafi eigi verið við eina fjölina felld. Hann hefur það eftir A, sem lék með sóknaraðilja í áðurnefndri revíu, að sóknaraðili hafi farið á bak við hann og verið í þingum við R, á meðan kynni sóknaraðilja og varnaraðilja stóðu. Þá greinir varnaraðili frá því, að einhverju sinni, meðan kynni þeirra sóknaraðilja stóðu, hafi sóknaraðili eigi komið á réttum tíma til stefnumóts, er þau höfðu ákveðið. Er hún loks hafi komið, hafi hún verið alldrukkin og sagt, að hún hefði glatað veski sínu og þyrfti að leita þess og fengið húslykla varnaraðilja, til þess að hún gæti komizt inn til hans, er veskið væri fundið. Hún hafi þó eigi komið aftur og hafi daginn eftir komið í ljós, að hún hafði verið í samkvæmi um nóttina og kom-

ið þaðan illa leikin með glóðarauga og marbletti í andliti og hafi hún sagt, að R hefði veitt sér áverka þessa í samkvæminu. Þá segir varnaraðili, að aðfaranótt 3. dags jóla hafi sóknaraðili verið hjá honum, en farið burt kl. 2—3 um nóttina og hafi hann síðar komizt að því, að hún hafði ekki komið heim til sín þá um nóttina. Enn segir varnaraðili, að hann hafi frétt, að kona R hafi komið að honum og sóknaraðilja fáklæddum saman í rúmi í tvö skipti, í fyrra skipið heima hjá Þ .... og í hitt skiptið á heimili R og hafi föðurbróðir R, S, verið vitni að því. Loks kveðst varnaraðili hafa séð sóknaraðilja og R koma saman út af heimili R í maí 1963.

R skýrir svo frá, að kynni hafi tekizt með honum og sóknaraðilja á árinu 1961 og hafi þau haft samfarir saman. Sóknaraðili hafi farið úr landi vorið 1961, en þá hafi verið slitnað upp úr sambandi þeirra, og frá þeim tíma og fram til þess, að sóknaraðili ól barn sitt, hafi þau ekki haft samfarir saman.

Hann kannast við það, að hann hafi hitt sóknaraðilja í samkvæmi haustið 1961. Honum hafi þá verið kunnugt um samband sóknaraðilja og varnaraðilja. Þarna hafi þeim orðið sundurorða og hafi átök orðið milli þeirra. R segir, að slitnað hafi upp úr hjónabandi hans og konu hans í ársbyrjun 1962, en ástæða þess hafi einvörðungu verið óregla sín, en ekki það, að hann væri þá í þingum við aðrar konur. Hann kveðst nokkrum sinnum hafa hitt sóknaraðilja í samkvæmum fyrri hluta árs 1962, en hann neitar því, að hann hafi um þær mundir haft kynferðismök við hana.

Vitnið A, ... ára að aldri, kannast ekki við, að hún hafi látið þau orð falla, sem varnaraðili hefur eftir henni. Hún kveðst hafa unnið með sóknaraðilja að æfingum á revíu og hafa þá vitað til, að kunnleikar voru með sóknaraðilja og varnaraðilja. Hún kveðst hafa heyrt í desember 1963, að sóknaraðili væri að nýju farin að vera með R, en getur ekki tilgreint, hverjir höfðu orð á þessu, og sjálf veit hún ekkert um þetta að eigin skynjun.

Vitnið S, ... ára að aldri, segist hafa vitað til þess, að sóknaraðili hafi verið að draga sig eftir R, bróðursyni hans, og hafi orðið af þessu vandkvæði í hjónabandi R. Þó hafi R virzt slíta sambandi við sóknaraðilja og allt virzt með felldu um hjónaband hans, a. m. k. frá því í október 1961 og fram á jól, en eftir það hafi kynni málsaðilja tekið sig upp að nýju og R hafi jafnvel farið af heimili sínu um stundarsakir fyrir áramótin 1961—62. Haustið 1962 hafi svo slitnað alveg upp úr hjónabandi R og

konu hans, en um það leyti hafi það verið, sem hann hafi komið að R og sóknaraðilja fáklæddum saman í rúmi.

Sóknaraðili hefur haldið fast við það, að hún hafi aldrei haft samfarir við R á hugsanlegum getnaðartíma barns hennar. Sambandi þeirra hafi lokið, er hún fór til útlanda, en hún hafi dvalizt ytra 3 mánuði sumarið 1961.

Vitnið G, kona R, segir, að henni hafi verið kunnugt um, að tíðleikar voru með R og sóknaraðilja og hafi hún sótzt eftir fundum við hann, en kveðst hins vegar ekki geta sagt um, hve náin kynni þeirra hafi verið. Hún kveður þá frásögn varnaraðilja ranga, að hún hafi komið að málsaðiljum saman í rúmi heima hjá Þ.

Að tilhlutan varnaraðilja kom fyrir dóm sem vitni X...., .. ára að aldri. Hann greindi frá því, að hann hafi á árinu 1961 búið að ...., flutzt þaðan um eða fyrir miðjan október. Síðustu 2 mánuðina, sem hann bjó þar, hafi það oft komið fyrir, að R, sem hann þekkir vel, hafi verið þar gestkomandi ásamt sóknaraðilja og hafi þau gist þar og sængað saman og haft samfarir saman. Síðast muni þetta hafa gerzt einhvern tíma í byrjun október. Hann kveðst ekki vita betur en að samband R og sóknaraðilja hafi haldizt eftir þetta. Sóknaraðili kannast við það, að hún hafi sængað tvisvar hjá R heima hjá X, í fyrra skiptið í marz 1961, en hitt skiptið líklega í júní, en hún hafi um 20. þess mánaðar farið til útlanda. Við samprófun sagðist X ekki muna, hve oft sóknaraðili og R hefðu gist hjá honum, en þó áreiðanlega oftar en tvisvar. Þau hafi gist þarna, skömmu áður en X fluttist af .....

Samkvæmt vottorði Þjóðskrár fluttist X af ..... hinn 30. september 1961, en X heldur því samt fram, að aðsetursskiptin hafi raunverulega farið fram síðar.

R var farinn til útlanda, er hér var komið, og varð því ekki spurður nánar um þessi síðasttöldu atriði.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að sóknaraðili og R hafa haft samfarir saman utan þess tíma, sem talinn er hugsanlegur getnaðartími barns þess, sem málið snýst um. Hins vegar neita bæði sóknaraðili og R því, að þau hafi haft slík mök saman á hinum hugsanlega getnaðartíma. Gegn því er í málinu aðeins fram komið vætti X, en samkvæmt því væri hugsanlegt, að R hefði legið með sóknaraðilja á hinum hugsanlega getnaðartíma, og þó að vísu aðeins í upphafi þess tímabils (september eða byrjun október 1961). Er þess þó að geta, að framburður X

er ekki ákveðinn um þessi atriði svo og þess, að X virðist hafa flutzt af ..... í lok september, en þar kveður hann samfarirnar hafa farið fram.

Samkvæmt þessu er alls eigi sannað né gert líklegt, að sóknaraðili hafi á hugsanlegum getnaðartíma barnsins haft samfarir við aðra karlmenn en varnaraðilja, hvorki R né aðra.

Verður því niðurstaða sú, að varnaraðili verður dæmdur faðir að barni sóknaraðilja, B, fæddri ...., og skyldur til að greiða samkvæmt stjórnvaldsúrskurði meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1962.

Vegna máls þessa hefur skrifstofa dómsins lagt út samtals kr. 1.325.00. Enn fremur verður lögð út þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Gústafs Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðst kr. 2.500.00. Þykir samkvæmt þessu rétt að dæma varnaraðilja til þess að greiða í sakarkostnað kr. 3.825.00, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins meybarns, B, er sóknaraðili, K, ól hinn ....., og ber honum að greiða samkvæmt stjórnvaldsúrskurði meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1962 og fæðingarstyrk til hennar. Enn fremur greiði hann í málskostnað kr. 3.825.00, er renni í ríkissjóð.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1966.

Nr. 36/1966. **Jóhanna Haraldsdóttir**
gegn
Svanbjörgu Einarsdóttur persónulega og vegna dánarbús Árna B. Björnssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál.
Frávísunardómur felldur úr gildi.
Um samaðild og vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, ódagsettri, sem barst héraðsdómaranum 23. febrúar 1966, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr. 1. b laga nr. 57/1962 frávísunardóm, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 5. febrúar s.l. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju og leggja efnisdóm á það. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var sóknaraðili einkaeigandi neðstu hæðar hússins nr. 2 við Lækjargötu hér í borg á þeim tíma, er um ræðir í málinu, og Árni Haraldsson eigandi efri hæða hússins. Varnaraðili hafði á sama tíma á leigu húsnæði bæði á neðstu og annarri hæð hússins. Í málinu krefur sóknaraðili um greiðslu vangoldinnar húsaleigu vegna þess húsnæðis, sem varnaraðili hafði á leigu á neðstu hæð hússins. Sóknaraðili á rétt til að fá efnisdóm um kröfur sínar, enda þótt Árni Haraldsson taki ekki þátt í málssókn þessari, og standa ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 því ekki í vegi.

Mál þetta var þingfest 5. nóvember 1964, en greinargerð af hendi varnaraðilja var lögð fram 29. apríl 1965. Í greinar-

gerð var þess krafizt, að málinu yrði vísað frá bæjarþinginu, og var sú krafa byggð á 46. gr. laga nr. 85/1936. Hófst þá gagnaöflun um frávísunarkröfuna, og var henni lokið 24. júní 1965. Málið er að vísu eigi reifað sem skyldi í skjölum sóknaraðilja, en þar sem aðiljum hefur enn eigi gefizt færi á að afla frekari gagna um efnisatriði þess, eru eigi ástæður til að beita 116. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dóms.

Eftir þessum málalokum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, Svanbjörg Einarsdóttir persónulega og vegna dánarbús Árna B. Björnssonar, greiði sóknaraðilja, Jóhönnu Haraldsdóttur, kr. 1.500.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 20. janúar 1966, hefur frú Jóhanna Haraldsdóttir, Túngötu 16, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 3. nóvember 1964, á hendur frú Svanbjörgu Einarsdóttur, Holtsgötu 19, hér í borg, persónulega og fyrir hönd dánarbús Árna B. Björnssonar til greiðslu á vangoldinni húsaleigu að fjárhæð kr. 180.000.00 með 8% ársvöxtum frá 1. nóvember 1960 til greiðsludags og kr. 50.00 í sáttakostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefnda hefur gert þær dómkröfur aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara krefst hún sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrund-

ið og henni dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna þann 20. janúar 1966, og var málið tekið til dóms eða úrskurðar þann dag.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þessir:

Stefnda í máli þessu er ekkja eftir Árna B. Björnsson gullsmið, sem lézt árið 1947. Árni heitinn rak skartgripaverzlun auk gullsmíðaverkstæðis í húsinu nr. 2 við Lækjargötu. Hann hafði á leigu fyrir rekstur fyrirtækisins húsnæði, sem hálfbróðir hans, Haraldur Árnason kaupmaður, faðir stefnanda, átti. Á götuhæð Lækjargötu 2 hafði Árni á leigu verzlunarpláss og 2 herbergi, en á 2. hæð hafði hann 4 herbergi á leigu. Þar uppi var gullsmíðaverkstæðið og viðgerðarverkstæðið. Er Árni lézt, rak stefnda, sem situr í óskiptu búi, fyrirtækið áfram. Hinn 1/10 1956 rýmdi stefnda 3 herbergi á efri hæð. Hinn 1/8 1957 rýmdi hún eitt herbergi á götuhæðinni. Eftir 1/8 1957 hafði fyrirtækið til afnota verzlunarplássið á götuhæð ásamt 1 herbergi þar inn af, en uppi hafði fyrirtækið eitt herbergi.

Haraldur Árnason lézt árið 1949. Ekkja hans, frú Arndís B. Árnason, sat í óskiptu búi, þar til hún lézt árið 1952. Hinn 3. des. 1952 fóru fram skipti á dánarbúi Haralds og Arndísar. Í hlut barna þeirra komu þá fasteignirnar Lækjargata 2 og Austurstræti 22 og 24. Hinn 11. des. 1952 gera erfingjar með sér skiptasamning, þar sem nefndum fasteignum er skipt þannig, að í hlut stefnanda kemur ½ Lækjargata 2, en bróðir hennar, Árni Haraldsson, fékk hinn helminginn. Sama dag gera eigendur Lækjargötu 2 með sér sameignarsamning, þar sem m. a. er tekið fram, að neðsta hæð hússins og nyrðri helmingur lóðarinnar Lækjargötu 2 skyldi vera eign Jóhönnu Haraldsdóttur, en efri hæð hússins og risið og syðri helmingur lóðarinnar skyldi vera eign Árna Haraldssonar.

Með afsali, dags. 1. nóv. 1960, seldi stefnandi Árna Haraldssyni eignarhluta sinn í húseigninni nr. 2 við Lækjargötu.

Allt það húsnæði, sem fyrirtæki stefndu hafði á leigu í Lækjargötu 2, bæði uppi og niðri, var leigt sem ein heild. Leigan var ákveðin í einu lagi án nokkurrar sundurliðunar milli hæða. Samningar allir um húsnæðið voru munnlegir og leigan oft og tíðum ekki greidd reglulega.

Málsatvik þau, sem hér hafa verið rakin, eru að finna í greinargerð stefndu, og hefur lögmaður stefnanda ekki hreyft neinum andmælum gegn þeim í munnlegum málflutningi.

Stefnda reisir frávísunarkröfu sína á ákvæðum 46. gr. laga

nr. 85/1936, þar sem stefnandi og bróðir hennar, Árni Haraldsson, eigi óskipta aðild að máli þessu, sbr. yfirlýsingu Árna á dskj. nr. 12 og vottorð Gunnars Guðmundssonar á dskj.. nr. 13, svo og það, að verzlun Árna B. Björnssonar hafði allan tímann afnot húsnæðis á efri hæð. Ekki sé sundurliðun að finna á leigu fyrir efri og neðri hæð og krafizt sé leigu fyrir allt húsnæðið. Leiguskuldin sé ekki studd neinum gögnum, hvorki séu upplýsingar um stærð húsnæðisins né heldur hvort stefnandi hafi talið sér kröfuna til eignar á skattframtali. Málið sé því svo vanreifað að vísa beri því frá dómi einnig af þeim ástæðum.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að þar sem sameigandi hennar að húseigninni hafi lýst því yfir, að hann eigi engar kröfur á hendur stefndu, geti ekki verið um samaðild að ræða. Enginn geti því verið aðili þessa máls nema stefnandi. Þá mótmælir hún því, að málið sé vanreifað. Svo sem málsatvikum hefur nú verið lýst, er ljóst, að allt hið umdeilda húsnæði hefur verið leigt út sem ein heild og leiga eftir það heimt í einu lagi. Dómkrafa stefnanda er aftur á móti, eftir því sem séð verður, fyrir leigu eftir allt húsnæðið ósundurliðað. Þar sem stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn fyrir því, hvernig leigutekjur eftir húsnæðið sundurliðuðust milli eigenda, verður ekki af þeim skjölum, sem fyrir liggja í málinu, ráðið, hver hlutur hennar er í leigutekjum þeim, sem hér er um deilt.

Verður því ekki hjá því komizt með tilvísan til 46. gr. laga nr. 85/1936 svo og þess, hve málið er vanreifað, að vísa því frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. marz 1966.

Nr. 135/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Daníel Ágúst Daníelssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna í málinu og framhaldsrannsókn farið fram. Ný vitni hafa verið leidd, og lögreglumennirnir Sigurjón Hólm Hjörleifsson og Friðhólm Kristinn Jónsson hafa gefið framhaldsskýrslur og staðfest framburði sína með eiði. Samkvæmt framburði þeirra sáust áfengisáhrif á ákærða, er þeir kl. 1740 hinn 26. marz 1964 stöðvuðu hann við akstur bifreiðarinnar A 247. Þá hafa lögreglumennirnir Erlingur Pálmason, Árni Höskuldur Magnússon og Matthías Einarsson borið það og eiðfest þann framburð sinn, að þeir hafi séð á ákærða áfengisáhrif, er komið var með hann á lögreglustöðina á Akureyri kl. 1850 sama dag. Ákærði hefur viðurkennt að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Sama dag kl. 1920 tók Ólafur læknir Ólafsson blóð úr ákærða til rannsóknar á vínandamagni í blóði hans. Var blóðsýnishornið merkt B 63 og sent Jóhanni Þorkelssyni, héraðslækni á Akureyri, til rannsóknar. Hinn 28. marz s. á. gaf héraðslæknirinn vottorð, þar sem segir, að í blóðsýnishorni þessu hafi reynzt vera „1.60‰ reducerandi efna (alkohol)". Fyrir dómi hefur héraðslæknirinn lýst því, að Ragnar Ólason, efnaverkfræðingur á Akureyri, framkvæmi blóðrannsóknir fyrir hann að honum fjarstöddum. Hann muni nú ekki um meðferð blóðsýnishorns þess, er í máli þessu greinir, eftir að það kom úr höndum lögreglumanna, og um tvo möguleika sé að ræða, annað hvort hafi lögreglumenn

komið sýnishorninu til hans og hann síðan farið með það til nefnds Ragnars eða lögreglumenn hafi komið því beint til Ragnars.

Ragnar Ólason, efnaverkfræðingur á Akureyri, hefur skýrt svo frá, að hann hafi um langt skeið annazt fyrir héraðslækninn á Akureyri rannsókn blóðsýnishorna til ákvörðunar á vínandamagni. Vitni þetta taldi „yfirgnæfandi líkur fyrir því", að það hefði framkvæmt rannsókn þá, sem hér er um fjallað, „en hafi það verið forfallað á þeim tíma, muni það hafa verið gert á sama stað og á sama hátt af efnaverkfræðingi". Þá sagði vitni þetta, „að ýmist taki það við blóðsýnishornunum úr hendi Jóhanns Þorkelssonar héraðslæknis eða lögreglunnar. Að rannsókn lokinni taki héraðslæknirinn við niðurstöðunni og gefi vottorð þar um." Ekkert kvaðst vitni þetta eiga ritað um rannsókn sína á blóðsýnishorninu B 63, og ekki mundi það, hvernig það tilkynnti héraðslækninum niðurstöður rannsóknarinnar. Annað hvort hafi það tilkynnt héraðslækninum þær „á skrifstofu sinni persónulega eða í gegnum síma".

Þar sem eigi liggur fyrir örugg skýrsla þess manns, sem rannsókn framkvæmdi, um vínandamagn í blóðsýnishorni því, er úr ákærða var tekið í umrætt sinn, og þar sem ekki er vitað um meðferð sýnishornsins frá töku þess til rannsóknar, þykir varhugavert að leggja vottorð héraðslæknisins á Akureyri um niðurstöðu blóðrannsóknar til grundvallar áfellisdómi yfir ákærða í máli þessu. Hins vegar er sannað, að hinn 26. marz 1964 ók ákærði bifreið sinni undir áhrifum áfengis um götur Dalvíkur. Varðar sú háttsemi hans við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga þykir refsins ákærða hæfilega ákveðin kr. 6.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 6 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærða til að greiða

allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Ágúst Daníelsson, greiði kr. 6.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 26. apríl 1965.

Ár 1965, mánudaginn 26. apríl, var í sakadómi Akureyrar, sem haldinn var af Ásmundi S. Jóhannssyni fulltrúa í skrifstofu embættisins með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 221/1964: Ákæruvaldið gegn Daníel Ágúst Daníelssyni, sem tekið var til dóms 20. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 21. apríl 1964, á hendur Daníel Ágúst Daníelssyni héraðslækni, Árgerði við Dalvík, fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 247 um götur á Dalvík síðdegis fimmtudaginn 26. marz 1964.

Telst þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 21. maí 1902 að Hálsi í Mosvallahreppi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málsatvik eru sem hér segir: Fimmtudaginn 26. marz 1964

kl. 1740 fékk Sigurjón Hólm Hjörleifsson, lögreglumaður á Dalvík, grun um óeðlilegt framferði ákærða við akstur bifreiðarinnar A 247. Hóf hann ásamt aðstoðarmanni sínum leit að ákærða, og mætti hann bifreið ákærða á mótum Hafnarbrautar og Sognstúns. Var bifreið ákærða stöðvuð, og er ákærði sté út úr bifreiðinni, leyndi sér það ekki, að hann var undir áhrifum áfengis. Viðurkenndi ákærði að hafa drukkið 4 bjóra. Ákærði var handtekinn, en þar sem hann neitaði að blása í öndunarbelg, var hann fluttur til Akureyrar, og var þangað komið kl. 1850 sama dag. Þar viðurkenndi ákærði að hafa drukkið 4 erlenda bjóra um kl. 1700 þennan dag, en kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Á lögreglustöðinni á Akureyri fannst lítils háttar áfengisþefur af ákærða. Enn fremur voru augu hans rauð og andlit þrútið og jafnvægi óstöðugt. Hins vegar var málfar hans skýrt og framburður greinargóður.

Blóðsýnishorn var úr ákærða tekið kl. 1920 þennan dag, og við rannsókn reyndist það innihalda reducerandi efni samsvarandi 1.60‰ af alkóhóli.

Vitnið Friðhólm Kristinn Jónsson aðstoðarlögreglumaður kvað sér hafa virzt ákærði vera undir áhrifum áfengis við handtökuna, en hann var ör í skapi og bar ótt á. Enn fremur kvað vitnið augu ákærða hafa verið rauð og þrútin og talsverð vínlykt hafi verið úr vitum hans og hreyfingar óstyrkar.

Vitnið Sigurjón Hólm Hjörleifsson lögreglumaður kvaðst hafa fundið vínlykt af ákærða við handtökuna og fannst hann örari í framkomu en hann á vanda til. Auk þess hafi hann verið fölur í andliti og daufur til augnanna.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa í greint sinn ekið bifreið sinni A 247 frá Karlsrauðatorgi að læknisstofu sinni Gimli undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar rétt færð til lagaákvæða.

Samkvæmt refsiákvæðum þeim, sem í ákæru greinir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 daga varðhald, og með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Ágúst Daníelsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 184/1965. **Geir Gunnarsson**
gegn
Einari Sigurðssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Gunnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Einari Sigurðssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 3000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 50/1965. **Stofnlánadeild Sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands** (Níels P. Sigurðsson hdl.)
gegn
Skiptaráðandanum á Ísafirði f. h. þrotabús Ísfirðings h/f
(Einar Gunnar Einarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þrotabú. Ágreiningur um veðréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1965. Gerir hann þær dómkröfur, að viðurkenndur verði „réttur" hans til tjónbóta úr hendi Almennra trygginga h/f að fjárhæð kr. 271.525.66 auk 8% ársvaxta frá 24. júlí 1963 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi, sem hefur fengið gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda, en til vara, að hann „verði einungis dæmdur til að greiða kr. 128.748.55 af tjónbótum." Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með veðskuldabréfi, dags. 15. maí 1948, veðsetti Ísfirðingur h/f áfrýjanda með 1. veðrétti togarann Ísborgu, ÍS 250, til tryggingar láni að fjárhæð kr. 2.550.000.00. Eftir kröfu áfrýjanda var togarinn boðinn upp á nauðungaruppboði þann 29. janúar 1962 til lúkningar eftirstöðvum lánsins og vöxtum, kr. 1.490.000.00. Áfrýjandi varð hæstbjóðandi og bauð kr. 940.000.00. Í uppboðsrétti Ísafjarðarkaupstaðar hinn 31. s. m. var skipið lagt áfrýjanda út sem ófullnægðum veðhafa. Áfrýjandi seldi skipið með afsali, dags. 15. apríl 1964. Kaupandi var Borgir h/f, Reykjavík, og söluverðið var kr. 2.000.000.00.

Togarinn Ísborg hafði orðið fyrir sjótjónum, sem ekki

hafði verið gert við, er nauðungaruppboðið fór fram. Af þessu efni átti þáverandi eigandi hans kröfu á hendur því vátryggingafélagi, Almennum Tryggingum h/f, sem hafði haft togarann í sjóvátryggingu. Eru aðiljar sammála um, að tjónbætur þessar nemi samtals kr. 271.525. 66, og hefur greint vátryggingafélag lagt þessa fjárhæð inn á sérstakan reikning hjá sér. Í bréfi félagsins til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 23. september 1965, er skýrt frá því, að greiðsla á bótum þessum hafi „ekki farið fram vegna ágreinings um, hver ætti að fá hana", en félagið kveðst inna hana af hendi „strax og úr þessu verður skorið."

Í héraðsstefnu var krafa áfrýjanda, „að viðurkenndur verði fyrsti veðréttur honum til handa í tjónbótum v/ tjóna í b/v „Ísborgu", ÍS 250, er urðu á nefndum togara skömmu fyrir þann tíma, er hann var seldur á nauðungaruppboði hinn 29. jan. 1962", auk vaxta. Áfrýjandi getur því eigi haft uppi viðtækari kröfur hér fyrir dómi, þar sem skilyrði ákvæða 45. gr. laga nr. 57/1962 eru eigi fyrir hendi. Úrlausnarefnið er því, hvort áfrýjandi eigi fyrsta veðrétt í greindri tjónbótakröfu.

Í veðskuldabréfinu frá 15. maí 1948 segir m. a. svo: „. . . . og eru hvers konar vátryggingarfjárhæðir hins veðsetta innifaldar í veðsetningunni." Samkvæmt þessu ákvæði veðbréfsins, sbr. og 12. gr. laga nr. 41/1946 um Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, átti áfrýjandi fyrsta veðrétt í tjónbótakröfunni. Eins og áður er greint frá, voru eftirstöðvar lánsins ásamt vöxtum á uppboðsdegi kr. 1.490.-000.00, en áfrýjanda var lagður togarinn út fyrir kr. 940.-000.00. Áfrýjandi greiddi uppboðskostnað, lögveðs- og sjóveðskröfur, samtals að fjárhæð kr. 638.748.55. Engin gögn hafa verið lögð fram um sannvirði togarans á uppboðsdegi, og um það veitir söluverð togarans 15. apríl 1964 eigi nægar upplýsingar. Eru því eigi efni til að færa kröfu áfrýjanda niður samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 32. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Úrslit málsins verða því þau, að viðurkenndur er fyrsti veðréttur áfrýjanda í greindri tjónbótakröfu, kr. 271.525.66.

Eigi eru efni til að dæma um vaxtakröfu áfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Málsvarnarlaun talsmanna stefnda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur áfrýjanda, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands, er viðurkenndur.

Stefndi, skiptaráðandinn á Ísafirði f. h. þrotabús Ísfirðings h/f, greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Málsvarnarlaun talsmanna stefnda fyrir Hæstarétti, Einars Gunnars Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. nóvember s.l., hefur Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. marz 1964, gegn Jóhanni Gunnari Ólafssyni, bæjarfógeta á Ísafirði, f. h. þrotabús Ísfirðings h/f.

Gerir stefnandi þær kröfur, að viðurkenndur verði fyrsti veðréttur honum til handa í tjónbótum vegna tjóns á b/v Ísborgu, ÍS 250, er urðu á nefndum togara skömmu fyrir þann tíma, er hann var seldur á nauðungaruppboði hinn 29. janúar 1962. Kveður stefnandi greind tjón vera í tvennu lagi, annað kr. 177.865.03, en hitt kr. 93.660.66, eða samtals kr. 271.525.66, en tjónbætur þessar hafi viðkomandi vátryggingafélag, Almennar Tryggingar h/f, Reykjavík, lagt inn á sérstakan reikning hjá sér.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og

að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður samkvæmt mati dómsins.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu:

„Hinn 29. janúar 1962 var eftir kröfu stefnanda haldið nauðungarupboð á b/v Ísborgu, ÍS 250, fyrir upphafl. kr. 2.550.000.00 láni, er tryggt var með 1. veðrétti í nefndum togara, en lán þetta var þá að eftirstöðvum kr. 1.444.000.00 auk 2½% vaxta frá 1. nóvember 1960. Hæstbjóðandi í togarann var stefnandi með kr. 940.000.00 boð, og var honum síðan í uppboðsrétti Ísafjarðarkaupstaðar hinn 31. s. m. lagt út skipið sem ófullnægðum veðhafa. Sjóveðs- og lögveðskröfur námu samtals kr. 638.748.55, og kom því aðeins upp í kröfu stefnanda kr. 301.251.45 af uppboðsandvirðinu, og nemur því nefnd skuld við stefnanda nú kr. 1.440.000.00 (sic) að frádregnum nefndum kr. 301.251.45, þ. e. kr. 1.142.748.55 auk vaxta.

Er greint uppboð fór fram, vissi enginn neitt ákveðið um tjónin á togaranum, enda hafði hann ekki verið tekinn í slipp frá því þau áttu sér stað. Fyrst er farið var að framkvæma 12 ára flokkunarviðgerðina á skipinu, varð ljóst, hver tjónin voru, og reyndust þau að peningaverðmæti vera eins og að ofan greinir og viðurkennd í einu og öllu af viðkomandi vátryggingafélagi, Almennum Tryggingum h/f í Reykjavík. Strax og ljóst var orðið, hve tjónin námu miklu, gerði stefnandi þær kröfur til nefnds vátryggingafélags, að það greiddi honum tjónbæturnar, en félagið taldi sér eigi fært að gera þetta, þar sem þá lá fyrir krafa frá stefndum f. h. nefnds þrotabús, að honum yrðu greiddar tjónbæturnar til eignar fyrir téð þrotabú. Þessu vildi stefnandi eigi una og krafðist þess, að téður skiptaráðandi afturkallaði kröfu sína, en hann taldi sig ekki geta það, nema þetta yrði samþykkt á skiptafundi í búinu. Var svo skömmu síðar haldinn skiptafundur í búinu, en þar fékkst ekki samstaða um að afturkalla téða kröfu af hendi búsins.

Á þetta getur stefnandi eigi fallizt, að greindum tjónbótum verði haldið þannig fyrir honum, og er því mál þetta höfðað, en er uppboðið á skipinu fór fram, reiknaði stefnandi með því sem sjálfsögðum hlut, að tjónbæturnar fyrir skipið fylgdu með í kaupunum, eins og föst venja er, þegar Stofnlánadeild sjávarútvegsins á í hlut m. a. vegna hinna skýlausu ákvæða 12. gr. laga um Stofnlánadeildina no. 41 frá 1946."

Eins og fram kemur í stefnu, reisir stefnandi kröfur sínar fyrst og fremst á því, að samkvæmt 12. gr. laga um Stofnlána-

deild sjávarútvegsins nr. 41 frá 1946, sbr. veðskuldabréf á dómskj. nr. 2 í máli þessu, eigi hann 1. veðrétt í tjónbótum þeim, sem mál þetta er risið af.

Stefnandi kveðst hafa selt skipið fyrir kr. 2.000.000.00, en eigi fengið út úr þeirri sölu nema kr. 1.206.698.94 nettó, þar sem sjóveðs- og lögveðskröfur, uppboðskostnaður, vátrygging og annar kostnaður hafi numið samtals kr. 793.301.06. Vanti því kr. 279.301.06 upp á enn, að hann hafi fengið fullnustu á kröfu sinni á hendur fyrri eiganda skipsins, þrotabúi Ísfirðings h/f. Þá bendir stefnandi og á það, að hann hafi haldið við tryggingu á skipinu með því að leggja út nauðsynleg iðgjöld, sbr. dómskj. nr. 7.

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því, að við sölu á b/v Ísborgu hafi þess ekki verið getið í uppboðsskilmálum, að vátryggingarfjárhæð sú, sem hér er deilt um, skyldi fylgja skipinu í sölunni. Skipið skyldi selt í því ástandi, sem það var á uppboðsdegi, og hafi ekki fylgt því annað en venjulegt fylgifé. Á uppboðinu hafi engin sala farið fram, heldur hafi stefnanda verið lagt skipið út sem ófullnægðum veðhafa fyrir óeðlilega lága upphæð, enda hafi á þeim tíma enginn kaupandi verið að skipinu.

Til vara reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi fengið veðkröfu sína greidda næstum því að fullu, þar sem hann með kaupsamningi hafi selt skipið fyrir kr. 2.000.000.00, en áhvílandi veð hafi numið kr. 1.395.000.00, vextir kr. 46.000.00, sjóveðskröfur, lögveðskröfur og kostnaður kr. 638.748.55, samtals kr. 2.079.748.55. Samkvæmt þessu sé það í hæsta lagi kr. 79.748.55, sem stefnandi gæti átt tilkall til af vátryggingarfénu. Kveður stefndi, að ekki komi þessu við kostnaður, sem stefnandi hafi haft af skipinu, eftir að hann tók við því. Enn fremur kveður stefndi, að frá afsalsdegi hafi veðsetningin ekki gildi gagnvart þrotabúinu, þar sem veðið sé orðið eign stefnanda frá þeim degi.

Við munnlegan flutning málsins upplýstist, að hið rétta er, að eftirstöðvar skuldar hins stefnda þrotabús við stefnanda voru kr. 1.144.000.00, er uppboð fór fram, en ekki kr. 1.395.000.00, eins og stefndi telur verið hafa í útreikningi sínum hér að framan.

Enn fremur upplýstist í munnlegum málflutningi, að báðum aðiljum var kunnugt um, að tjón höfðu orðið á umræddu skipi, b/v Ísborgu. Kvað stefndi þau hafa verið tilkynnt viðkomandi tryggingafélagi á sínum tíma, en umboðsmaður stefnanda gat

þess, að sézt hefði stórt gat á skipinu fyrir ofan sjólínu. Hins vegar kváðu málsaðiljar ekki hafa verið vitað, hve mikilli fjárhæð tjónin námu, er uppboðið fór fram.

Í uppboðsskilmálum við sölu á b/v Ísborgu, Ís 250, 28. júní 1960, sbr. dómskj. nr. 3, segir í 1. gr. svo:

„Skipið, ásamt tilheyrandi fylgifé selst í því ástandi, sem það nú er í ....“ o. s. frv.

Samkvæmt þessu virðist ekki fara milli mála, hvað fylgdi skipinu við söluna, en það er aðeins „tilheyrandi fylgifé,“ en ekki verður talið, að tjónbætur verði heimfærðar undir það. Þá er og sérstaklega tekið fram, að skipið og tilheyrandi fylgifé sé selt í því ástandi, sem það var í á uppboðsdegi.

Þykir því samkvæmt framanrituðu verða að leggja uppboðsskilmálana til grundvallar, þannig að ekki fylgi annað eða meira með í sölu skipsins en þar er tilgreint beint eða óbeint, enda gerði stefnandi engan fyrirvara við uppboðið um tjónbætur, þrátt fyrir það að honum var kunnugt um, að tjón hafði orðið á skipinu.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Gunnar Ólafsson, skiptaráðandi á Ísafirði f. h. þrotabús Ísfirðings h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 117/1965. **Haraldur Böðvarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Ragnar Aðalsteinsson hdl.)
gegn
Margréti Sigríði Guðjónsdóttur
(Hörður Ólafsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1965, krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að dæmd fjárhæð lækki um kr. 100.00 vegna reikningsskekkju, að því er 5. kröfulið í héraði varðar. Þá krefst stefndi og málskostnaðar af áfrýjendum hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að bótafjárhæð lækki um kr. 100.00, sbr. dómkröfu stefnda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Haraldur Böðvarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnda, Margréti Sigríði Guðjónsdóttur, kr. 46.880.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 61.880.00 frá 11. júlí 1964 til 21. desember 1964, sömu ársvöxtum af kr. 46.880.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu-

dags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr 21.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. maí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. maí, hefur stefnandi, Margrét Sigríður Guðjónsdóttir, Greniteig 14 Keflavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. jan. 1965, á hendur Haraldi Böðvarssyni útgerðarmanni, Akranesi, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 106.980.00 auk 7% ársvaxta frá 11. júlí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þess er krafizt, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæðir þessar.

Stefndu krefjast þess *aðallega*, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. *Til vara* er krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að hinn 11. júlí 1964 kl. 1940 varð árekstur milli bifreiðanna Ö 898 og E 7 á blindhæð einni í Hálsasveit með þeim afleiðingum, að stefnandi og fleiri, sem í bifreiðinni voru, slösuðust allverulega. Við lögregluranns6kn, sem fram hefur farið í málinu, hefur eftirfarandi komið í ljós.

Eigandi og ökumaður Ö 898, Óskar Pálsson, Keflavík, hefur skýrt svo frá atvikum 13. ágúst 1964 fyrir rannsóknarlögreglunni í Keflavík: Hann kveðst hafa verið á leið frá Keflavík í bifreið sinni, sem er Moskvich tegund, og ætlað að Arnheiðarstöðum í Hálsasveit. Er hann var kominn að stað, sem Merkjaholt heitir, og var á leið upp brekku, sá hann bifreiðina E 7 koma yfir blindhæð á móti sér. Hann kveðst hafa verið á skikkanlegri ferð og hemlað strax, er hann sá til bifreiðarinnar, og verið allt að því alveg stanzaður, er árekstur inn varð. Stórir steinar, er voru á vegarkantinum, vörnuðu honum að fara utar. Lögreglumenn, sem komu á vettvang, sáu þessa steina, en af einhverjum ástæðum hafi þeir ekki merkt þá inn á afstöðuteikningu. Þar sem árekstur inn skeði, var útskot á vegarhelmingi bifreiðarinnar, sem kom á móti, og sléttur melur þar út af. Við höggið snerist bifreið hans inn á veginn. Farþegar með sér í bifreiðinni hafi verið kona sín, stefnandi máls þessa, og Ólafur Ögmundsson, Sandgerði. Slösuðust þau bæði. Honum var sýnd afstöðumynd, og taldi hann hana rétta.

Ólafur Ögmundsson, Sandgerði, hefur einnig gefið skýrslu

hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík. Var frásögn hans samhljóða frásögn Óskars í öllum atriðum. Hann telur einnig, að steina þá, sem um getur í skýrslu Ólafs, vanti inn á afstöðuteikninguna. Þann 24. ágúst 1964 kom Leifur Matthías Finnsson, Akranesi, ökumaður E 7, sem er af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1958, fyrir dóm á Akranesi. Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið í skemmtiferð með eiganda bifreiðarinnar, Haraldi Böðvarssyni útgerðarmanni, Akranesi, og sat hann í framsætinu. Aftur í bifreiðinni voru kona hans, Ingunn Sveinsdóttir, og Agnar Sigurðsson skrifstofumaður. Þau voru á heimleið, og var ekið í suðurátt. Þau höfðu ekið um Hvítársíðu og voru að aka yfir flóa í Hálsasveit, er framundan var allbrött blindhæð, en ekki há. Fyrir neðan hæðina var nokkur slakki, og var því alls ekkert útsýni yfir hæðina. Hann kveðst hafa ekið upp hæðina á 40—50 km. hraða í 3. gír. Þegar bifreiðin kom upp á hæðina, mættu þeir Ö 898, sem var ný Moskvich bifreið. Hann kveðst strax hafa hemlað, en það skipti engum togum, að bifreiðarnar rákust saman. Lenti Ö 898 á framstuðara bifreiðarinnar E 7, hægra megin. Hann kveðst álíta, að bifreiðin Ö 898 hafi ekki verið stöðvuð eða við það að stanza, er áreksturinn varð. Ekki segir hann, að neinn tími hafi verið til að sveigja til vinstri handar og ekki hafi hann orðið var við, að bifreiðarnar köstuðust til við áreksturinn. Ekki voru þarna nein merki um blindhæð. Aðstæður hafi þarna verið þær, að til vinstri við akstursstefnu hans var útskot á veginum, en engin hjólför þar og hafi hann því ekið eftir hjólförum þarna, sem voru ein og greinileg. Hann telur sig hafa verið vinstra megin miðað við venjulega akstursleið þarna á staðnum. Ekki kveðst hann hafa veitt neinum steinum athygli á vegarhelmingi Ö 898. Hann gerði ekki neinar athugasemdir við afstöðuteikningu þá, sem liggur frammi í málinu. Vitnið Agnar Sigurðsson skrifstofumaður, Akranesi, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá: Það kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni E 7 í umrætt sinn og setið í aftursæti, hægra megin. Vitnið er ekki bifreiðarstjóri og treystir sér því ekki til þess að segja um hraða bifreiðanna, er áreksturinn varð. Þó hafi hraði bifreiðanna verið töluverður, er þær skullu saman, og hraði Ö 898 örugglega ekki verið minni en E 7. Áreksturinn hafi verið mjög harður. Vegurinn var þarna harður og malborinn. Uppi á hæðinni, þar sem áreksturinn varð, var hann breiður og mjög auðvelt að mætast, án þess að árekstur yrði, ef báðar bifreiðarnar hefðu verið betur úti á sínum kanti. Vitnið segir, að Ö 898

hafi ekki verið úti á sínum kanti, og ekki kveðst það muna eftir neinum steinum þeim megin á vegarbrúninni. Meðan beðið var eftir lögreglu, óku bifreiðar þær, sem leið áttu um veginn, báðum megin við hinar löskuðu bifreiðar. Ekki minnist vitnið þess, að bifreiðinni E 7 væri hemlað. Vitnið gerði ekki neinar athugasemdir við afstöðuuppdrátt. Nokkru eftir árekstur komu lögreglumenn á vettvang, gerðu vettvangsuppdrátt og tóku ljósmyndir af bifreiðunum, eins og þær voru eftir árekstur. Eftir uppdrættinum, dskj. nr. 4, virðist breidd vegarins á árekstursstaðnum vera milli 6 og 7 metrar, ef útskotið er tekið með. Vegurinn var malborinn, þurr og harður. Eftir ljósmyndunum að dæma er nokkur malarruðningur báðum megin vegarins. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stjórnandi E 7 hafi valdið árekstrinum með gálausum akstri. Hann hafi ekið of hratt, vanrækt að beita hemlum, farið fram hjá útskoti á vinstri hönd og ekið að miklu leyti á röngum vegarhelmingi. Beri því eigandi bifreiðarinnar fulla fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum árekstursins samkvæmt 67. gr. sbr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og skipti ekki máli, þótt Ö 898 hafi verið í einhverjum óréttri eða ekki.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því, að þar sem stefnandi hafi þegar fengið greiddar kr. 15.000.00, þá eigi hann ekki rétt á frekari bótum. Varakrafan sé hins vegar á því byggð öðrum þræði, að verði sú fjárhæð eigi talin hæfilegar bætur til stefnanda, þá sé aðeins um lága fjárhæð að ræða miðað við sök ökumanns. Við munnlegan málflutning hélt hann því fram, að 67. gr. umferðarlaga ætti hér ekki við, heldur 68. gr. og yrði því stefnandi, sem er eiginkona ökumanns og eiganda bifreiðarinnar Ö 898, að sæta því að fá aðeins bætt úr hendi stefnda tjón sitt að svo miklu leyti, sem það telst vera sök ökumanns E 7, þar sem bifreiðin sé sameign þeirra hjóna og engin kaupmáli þeirra í milli hafi verið gerður.

Eins og málum hefur nú verið lýst, er ljóst, að bifreiðin E 7 á sök á slysinu, enda viðurkenndi lögmaður stefndu sökina að hluta í munnlegum málflutningi. Þykir því mega fallast á þá skoðun stefnanda, að hún geti sótt eiganda E 7 til fullrar fébótaábyrgðar á tjóni því, sem hún beið við slysið, sbr. 67. gr. umferðarlaga, og skipti í því sambandi ekki máli, þótt ökumaður Ö 898 yrði að einhverju leyti talinn meðvaldur að tjóninu. Þótt stefnandi sé eiginkona hins skráða eiganda og ökumanns Ö 898, takmarkar það í engu rétt hennar til fullra bóta á hendur stefndu.

Samkvæmt þessu ber að dæma eiganda E 7 til að bæta stefnanda tjón hennar að fullu.

Kemur til álita, hvort stefnandi hefur þegar fengið bætt tjón sitt að fullu.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1, Atvinnutjón	kr.	15.000.00
2. Þjáningar og lýti	—	80.000.00
3. Fataskemmdir	—	3.980.00
4. Heimilisaðstoð	—	3.000.00
5. Útlagður kostnaður	—	5.000.00
Samtals	kr.	106.980.00

Um lið 1:

Þessum lið hafa stefndu mótmælt sem allt of háum. Strax eftir slysið var stefnandi flutt í sjúkraskýlið á Kleppjárnsreykjum, en daginn eftir í Sjúkrahús Akraness. Þar var gert að sárum hennar, og samkv. vottorði Páls Gíslasonar á dskj. nr. 7 útskrifaðist hún þaðan 17. júlí 1964. Þann 24. sept. 1964 rannsakar Þórarinn Sveinsson stefnanda og metur þá örorku hennar þannig:

Fyrir ½ mán. fyrst eftir slysið	100%	örorka
— ½ — þar á eftir	75%	—
— ½ — — - —	50%	—
— ½ — — - —	35%	—
— ½ — — - —	15%	—

Úr því 10% örorka um 2 mánaða skeið með tilliti til afleiðinga heilahristings. Ekkert tillit er tekið til þjáninga eða lýta í þessu mati. Samkvæmt vottorði frá Keflavík h/f var stefnandi ráðin til vinnu í frystihúsi félagsins tímabilið 15/6—15/10 '64. Meðaltekjur kvenna á því tímabili voru kr. 6.800.00 á mánuði. Eftir vottorði frá sama fyrirtæki, dags. 22. febr. 1965, voru tekjur stefnanda á tímabilinu 15/6—11/7 kr. 6.760.57, en meðaltekjur kvenna á sama tíma 7.482.00. Með hliðsjón af þessu þykir stefnandi hafa stillt þessum kröfulið í hóf, og ber því að taka hann til greina.

Um lið 2:

Eftir slysið var stefnandi tafarlaust flutt í sjúkraskýlið að Kleppjárnsreykjum og daginn eftir í Sjúkrahúsið á Akranesi. Þaðan útskrifaðist hún 17. júlí gegn því skilyrði að liggja áfram

heima. Þann 24. sept. 1964 rannsakaði Þórarinn Sveinsson hana, og segir svo í vottorði hans á dskj. nr. 8:

„Þann 24. sept. þ. á. mætti að tilhlutan yðar frú Margrét Sigríður Guðjónsdóttir í lækningastofu minni til skoðunar. Hún á heima á Greniteig 14, Keflavík. Hún er fædd 22/3 1938.

Þann 11. júlí 1964 var kona þessi farþegi í fólksbíl, er lenti í árekstri við annan bíl uppi í Hálsasveit í Borgarfirði. Segist hún hafa kastazt á framrúðu bílsins og skorizt við það á höfði og víðar. Var hún flutt að Kleppjárnsreykjum, og var hún þar í sjúkraskýlinu um nóttina. Daginn eftir var hún svo flutt í Sjúkrahúsið á Akranesi. Samkvæmt vottorði Páls Gíslasonar, yfirlæknis, dags. 1. sept. 1964, voru meiðsli slösuðu talin:

„Við skoðun kom í ljós að hún var all-mikið skorin í andliti, eða sem hér segir: 1/ Á hægra augnaloki 3 cm. langur skurður. 2/ og 3/ Tveir tættir skurðir á höku með mörgum glerbrotum. 4/ Á neðri vör v. megin 1 cm. skurður. 5/ Á hnakka 3—4 cm. skurður. 6/ Smáhrufl víðar á andliti. 7/ Skurður á vinstra hné, 4 cm. langur. Hægra auga sokkið í mari. Nokkur væg einkenni um heilahristing. Gert var að sárum sjúklingsins og greru þau vel. Saumur í andliti tekinn á 5. degi.

Sjúklingurinn útskrifaðist 17/7 1964."

Sjálf segist slasaða hafa fengið leyfi til heimferðar úr sjúkrahúsinu með því skilyrði að liggja áfram heima. Það gerði hún í ca. viku tíma, en fór upp úr því að stunda heimilisstörf, en hún hefur heimili og þrjú börn um að hugsa. Fyrir slysið segist hún hafa unnið lítils háttar í frystihúsi í Keflavík.

Slasaða telur sig lengi hafa haft höfuðverk eftir slysið og hafa hann meira að staðaldri en hún hafi átt vanda til áður. Ennfremur upplýsir slasaða, að hún hafi haft uppköst fyrsta kvöldið eftir slysið. Kvartanir slösuðu eru óþægindi í vinstra hné og þá einkanlega, ef hún þarf að krjúpa á það.

Skoðun: Kona í meðalholdum. Kemur eðlilega fram.

Höfuð: Smá ör sjást enn í andliti eftir meiðslið. Mest ber á tveim örum v. megin. Er annað fremst á kinnbeininu, en hitt undir hökunni. Útlit er fyrir, að sárbarmarnir hafi verið lítið eitt ójafnir. Örin eru um 2 cm. löng. Örlítið ör á neðri vör v. megin, vart merkjanlegt. Í hægri augnkrók við nefrót og upp í augnabrúnina er bogadregið ör um 1,5 cm. á lengd. Einnig sést annað ör á augnalokinu við ytri augnkrók, um 1 cm. langt, og er smá ber í því, er hún segist hafa óþægindi af. Má gera ráð fyrir að nema þurfi þetta ber í burtu (Fibroneuroma).

Þótt stærsta sárið væri upphaflega á hnakka, er það nú svo vel gróið, að ekki er unnt að finna fyrir því. Smá hárlaus blettur gefur til kynna, að þar hafi meiðslið verið. Blóðþrýstingur mældist 140/75. Hjartahljóð voru hrein og regluleg.

Vinstri ganglimur: Framan á hnéskelinni er 8 cm. langt S-laga ör, mjög vel gróið. Engin eymsli er að finna, en frekar er þunnt á beini á þessu svæði. Hreyfingar í hnéliðnum eru eðlilegar. Reflexar eru líflegir.

Ályktun: Um er að ræða konu, er varð fyrir meiðslum við samakstur bíla. Meiðslin voru aðallega skrámur og skurður í andliti og vinstra hné og léttur heilahristingur, að því er talið var."

Þann 6. maí 1965 skoðar Kjartan Ólafsson héraðslæknir stefnanda, og er vottorð hans svohljóðandi: „Margrét Guðjónsdóttir, Greniteig 14, Keflavík, 22/3 '38. Sjúkl. kvartar enn um slæm höfuðverkjaköst og eymsli í báðum hnjám. Obj. Virðist smá bris á hægri augabrún, auk þess bursa patellani bilateralis aumar, svo og .... (ólæsilegt) vottur í hnjám. Sennilega rétt að endurtaka myndatöku af hnjám. Keflavík 6/5 1965. Kjartan Ólafsson."

Hefur þá sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Áður en munnlegur málflutningur hófst, kom stefnandi á fund dómara og málflytjenda. Voru enn sjáanleg smá ör í andliti hennar og á hné. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Ljóst er, að stefnandi hefur liðið verulegar þjáningar í sambandi við slysið. Hins vegar verður að telja, að hún beri aðeins smávægileg lýti eftir áverkann. Þykja því bætur hennar hæfilega ákveðnar eftir þessum lið kr. 35.000.00.

Um lið 3:

Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina.

Um lið 4:

Stefnandi hefur lagt fram reikning fyrir þessum lið, og ber því að taka hann til greina.

Um lið 5:

Þennan lið hefur stefnandi stutt með framlögðum reikningum, sem ekki verða vefengdir, og ber því að taka hann til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að tjón stefnanda af völdum umrædds slyss nemur kr. 15.000.00 + 3.980.00 + 3.000.00 + 5.000.00, eða samtals kr. 61.980.00. Þá fjárhæð ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda að frádregnum kr. 15.000.00, sem stefndi hefur áður greitt, auk 7% ársvaxta af kr. 61.980.00 frá

11. júlí 1964 til 21/12 1964, en 7% af kr. 46.980.00 frá þeim tíma til 1/1 1965 og 6% ársvexti frá þeim tíma til greiðsludags. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.500.00.

Dóm þenna kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Böðvarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Margréti Sigríði Guðjónsdóttur, in solidum kr. 46.980.00 auk 7% ársvaxta af kr. 61.980.00 frá 11. júlí 1964 til 21/12 '64 og 7% af kr. 46.980.00 frá þeim tíma til 1/1 '65 og 6% ársvexti frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 11.500.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 210/1965. **Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda v/s Rifsness, RE 272,** (Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar v/b Eldingar og gagnsök
(Tómas Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Björgun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda einungis kr. 25.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. desember 1965, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 532.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að ársvextir verði 7% frá 1. janúar 1966 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda v/s Rifsness, RE 272, greiði gagnáfrýjanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar v/b Eldingar, kr. 150.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 44.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. nóv. 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. f. m., hefur Hafsteinn Jóhannsson, Narfastöðum í Melasveit, fyrir sína hönd og áhafnar m/b Eldingar höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 16. marz 1965, á hendur Ingvari Vilhjálmssyni, útgerðarmanni í Reykjavík, vegna eigenda m/s Rifsness, RE 272, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 532.000.00 með 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi hefur krafizt sjóveðréttar í nefndu skipi til tryggingar fjárkröfum sínum, en við hinn munnlega flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu sinni.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur hafa verið hafðar uppi gegn því, og hefur félagið heldur eigi gert kröfur í málinu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 25.000.00 án vaxta, svo og hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að hinn 11. ágúst 1964, um kl. 2215, var m/s Rifsnes að síldveiðum um 34 sjómílur SA frá Dalatanga. Kastaði skipið síldarnót sinni, en hún lenti í skrúfu þess og festist þar með þeim afleiðingum, að vél skipsins stöðvaðist. Hafði skipið þá samband við m/b Eldingu, sem var statt á Skálavík (sic) í Seyðisfirði, og beiddist aðstoðar þess við að ná nótinni úr skrúfunni. Um kl. 0430 aðfaranótt 12. ágúst var m/b Elding komin að m/s Rifsnesi. Skipstjórinn á m/b Eldingu, stefnandi Hafsteinn, kafaði í froskmannsbúningi og skar nótina úr skrúfu m/s Rifsness, og var því verki lokið um kl. 0530. Fór þá vél skipsins að vinna með eðlilegum hætti, og var skipið þegar ferðafært. Er atburður þessi átti sér stað, var logn og þoka.

Hafsteinn Jóhannsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að garn nótarinnar hafi verið mjög herpt að skrúfunni og skrúfugatið hafi verið fullt, en enginn vír hafi verið þar fastur. Kvað hann garnið hafa verið svo herpt, að ekki hafi verið mögulegt að skera það úr nema fyrstu vafningana, heldur hafi hann orðið að leggja sveðju, er hann hafði að verkfæri, á garnið og síðan slegið á hana með slaghamri og þannig höggvið garnið burt. Slaghamarinn hafi hann fengið að láni hjá skipverjum m/s Rifsness. Hann kvaðst álíta, að skrúfuöxull m/s Rifsness hafi í umrætt sinn verið ca. 3 metra undir sjávarborði. Hann kveðst telja útilokað, að skipverjar á m/s Rifsnesi hefðu getað losað nótina sjálfir úr skrúfunni. Þótt nótin hefði verið skorin frá, taldi hann óvíst, að hægt hefði verið að hreyfa skrúfuna. Og jafnvel þótt skrúfan hefði getað snúist, þá hafi svo mikið garn verið í henni, að skrúfublöðin hafi engan skurð haft. Hann kvað með sér á Eldingu hafa verið Einar S. Sigurðsson, þá 15 ára að aldri.

Ibsen Angantýsson, skipstjóri á m/s Rifsnesi, hefur skýrt svo frá, að hann hafi eigi vitað, hvernig nótin hafi verið föst í skrúfunni og vildi því ekki vefengja skýrslu Hafsteins þar um. Hann kvaðst þó álíta, að þeir á m/s Rifsnesi hefðu getað náð nótinni úr skrúfunni, en ekki reynt til þess vegna hættu á, að hún mundi rifna meira. Kvað hann þá þannig mundu hafa farið að, að þeir hefðu strekkt á nótinni, þannig að komið hefðu fram þeir búskar á henni, sem fastir voru. Þá hefðu þeir skorið frá og reynt að hífa þá úr með afli spilsins. Slíkt hefðu þeir gert áður

og gefizt vel. Kvað hann gírskrúfu vera á skipinu. Hann kvað þá skipverja hafa lánað Hafsteini slaghamar og einnig hafi þeir hjálpað honum til að brýna sveðjuna. Um borð í skipinu kvað hann hafa verið seglabúnað, fokku, þríhyrnu og messa, en hann kvaðst ekki geta sagt um það, hvernig skipið sigldi með þeim seglum. Skipstjórinn kvaðst ekki geta um það sagt, hvort hægt hefði verið að törna vélinni.

Kristófer Jóhannesson, skipverji á m/s Rifsnesi, skýrði svo frá, að hann áliti þá skipverjana mundu hafa getað losað sjálfir nótina úr skrúfunni. Mundu þeir þá hafa reynt það með því að nota spil skipsins, en hvort það hefði verið hægt, kvaðst hann ekki geta um sagt. Hann kvað vera hægt að törna vélinni með því að hafa hana í hlutlausu og spenna járn milli bolta á öxultengingu. Hvort slíkt hefði tekizt í hér um rætt skipti, kvaðst hann ekki vita, og tók hann fram, að hann hefði aldrei törnað vélinni á m/s Rifsnesi. Þá tók hann og fram, að ekki sé hægt að törna vél, nema skrúfan sé létt. Ástæðuna fyrir því, að ekki hafi verið reynt að ná nótinni með krafti spilsins í umrætt skipti, kvað hann hafa verið þá, að þeir hafi ekki viljað ofreyna gírinn.

Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands var veður á Dalatanga 12. ágúst 1964 sem hér segir: Kl. 0300 logn og skýjað, milli kl. 0600 og 0900 ESE 3 vindstig og kl. 1200 logn og þoka. Er á daginn leið, jókst veðurhæð og var komin upp í 4 vindstig um miðnætti, en áttir voru NE og ENE. Dagana 13.—15. ágúst var veðurhæð 6, 5 og 6 vindstig og áttir NNE, NW og WNW. Á Kambanesi var veðurhæð 2 og 3 vindstig hinn 12. ágúst og vindátt E, en næstu 3 dagana þar á eftir var veðurhæð um 4 vindstig. Vindátt var þá E nema hinn 15. ágúst, er hún var N. Sjólag var þannig samkvæmt sama vottorði, að á Dalatanga var sjólítið hinn 12. ágúst, en næstu dagana dálítill sjór. Á Kambanesi var yfirleitt sjólítið alla dagana.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að hjálp sú, er hann veitti m/s Rifsnesi í umrætt sinn, hafi verið björgun í merkingu siglingalaga. Vél skipsins hafi algerlega verið ónothæf og útilokað hafi verið fyrir skipverja að losa nótina úr skrúfu skipsins. Það megi því telja fullvíst, að m/s Rifsnes hefði eigi getað komizt til lands af eigin rammleik. Er björgunin fór fram, hafi verið hægviðri og þoka, en hins vegar hafi verið kominn norðan kaldi, er kom fram á daginn 12. ágúst, og næstu daga hafi verið 5—6 vindstig á Dalatanga. Þar að auki séu straumar harðir við Austurland og sunnan Gerpis óhreinindi á siglinga-

leiðum. Þá vefengir stefnandi, að seglbúnaður um borð í m/s Rifsnesi hafi verið nokkur í umrætt sinn, eða að minnsta kosti eigi svo fullkominn sem skipstjórinn telji. Að því er varðar fjárhæð björgunarkröfu, tekur stefnandi fram, að björgunin hafi tekizt fullkomlega og björgunarmenn hafi sýnt verklægni og atorku. Stefnandi hafi lagt sig í lífshættu við starf sitt og enn fremur sé m/b Elding sérstaklega útbúið til björgunar.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að starf stefnanda í margnefnt skipti geti eigi talizt björgun í merkingu siglingalaga. Mótmælir stefndi því, að m/s Rifsnes hafi verið í hættu statt. Veður hafi verið ágætt og hafi það haldizt svo næstu daga á eftir. Telur hann áhöfn skipsins sjálfa hafa getað losað nótina úr skrúfunni, en það hefði að vísu eyðilagt hana verulega. Þá telur hann m/s Rifsnes mundu hafa getað komizt til lands á seglabúnaði sínum, þó að ekki hefði tekizt að losa nótina úr skrúfunni. Skipið hafi verið búið góðum seglbúnaði, enda sé ekkert fram komið í málinu, sem hnekki skýrslu skipstjórans þar um. Þá bendir stefndi á það, að m/b Elding sé lítill bátur, sem naumast hefði getað dregið m/s Rifsnes, enda ekki tækjum búinn til þess. Búnaður allur um borð í m/b Eldingu til björgunarstarfa sé mjög ófullkominn, sem meðal annars megi marka af því, að ekki verður séð, að þar hafi verið til hamar og að sveðja sú, er stefnandi notaði, hafi verið bitlaus. Þá bendir stefndi á það, að verðmæti m/b Eldingar sé mjög lítið, skipið sé nánast talið ónýtt, og áhöfn þess aðeins kafarinn (stefnandi) og 15 ára unglingsdrengur. M/b Elding sé að nafninu til útbúið sem kafaraskip og atvinna þess og áhafnar sé að aðstoða fiskiflotann. Það hafi því eingöngu verið aðstoð, sem veitt var í margnefnt skipti, og telur stefndi kr. 25.000.00 hámarksþóknun fyrir þá aðstoð.

Af gögnum málsins má ráða, að veður og sjólag hafi verið gott, er m/s Rifsnesið festi nótina í skrúfunni, og haldizt gott næstu 3 daga. Þegar til þessara aðstæðna er litið, verður eigi talið, að m/s Rifsnes hafi verið statt í yfirvofandi hættu, þegar m/b Elding kom því til hjálpar. Hinir sérfróðu meðdómendur telja útilokað, að skipverjum hefði tekizt að losa nótina úr skrúfunni á sjó úti.

Eftir að mál þetta var dómtekið, hlutaðist dómurinn til um, að framkvæmd væri prófun á því, hvernig skip, líkt og hér um ræðir, hefði möguleika á að sigla með seglum einum saman. Við þá prófun kom fram, að skipið náði að sigla 2—3 sjómílur á klukkustund með vind aftan við þvert og vindstyrk 4—5 stig.

Var við prófunina notuð fokka og messi, og í stað stórsegls var notuð yfirbreiðsla, sem í skipinu var. Við samanburð á prófuninni og þeim aðstæðum, sem m/s Rifsnes hafði í umrætt sinn, kemur í ljós, að jafnvel þótt það skip hefði haft þau segl, sem haldið er fram, að hafi verið í skipinu, hefði það ekki getað náð betri árangri við siglingu með þeim en skip það, sem notað var við prófunina, enda var engin tilraun til þess gerð. Enn fremur ber á það að líta, að mjög þungur sjávarfallsstraumur er við Austurland. Er það því samdóma álit dómsins að telja verður allsendis óvíst, hvort eða hvenær skipið hefði getað náð til hafnar við þessar aðstæður.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja með öllu óvíst, að m/s Rifsnes hefði af eigin rammleik náð til hafnar. Verður því að telja hjálp þá, sem stefnandi veitti skipinu í umrætt sinn, björgun í skilningi siglingalaga nr. 66/1963.

Það er óumdeilt í málinu, að verðmæti m/s Rifsness hafi verið kr. 7.600.000.00.

Með hliðsjón af því öllu, sem hér að framan er rakið, og þegar önnur atriði eru virt, sem máli skipta, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 150.000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra ákveðst 6% frá 1. janúar 1965.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 22.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra. Dómsuppsögn hefur dregizt nokkuð fram yfir venju, en það á rót sína að rekja til framangreindrar prófunar dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda m/s Rifsness, RE 272, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Eldingar, kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 22.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. apríl 1966.

Nr. 46/1966. **Svava Eiríksdóttir**
gegn
Sveini Þorsteinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. marz 1966, krefst þess, að héraðsdómur verði ómerktur, málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borizt.

Með skírskotum til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., hefur Jónas A. Aðalsteinsson héraðsdómslögmaður f. h. Svövu Eiríksdóttur, Hlíðarhvammi 12, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. jan. s.l., gegn Sveini Þorsteinssyni trésmíðameistara, Heiði, Blesugróf, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 6.000.00 með 7% ársvöxtum frá 31. 12. 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar um kr. 1.000.00.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að stefndi hafi tekið að sér að tréklæða loft í íbúð stefnanda og hafi hún greitt honum kr. 10.000.00 inn á verkið. Stefndi hafi síðan hafið vinnu við verkið, en ekki lokið því og hafi hann hvorki fengizt til að ljúka því né gefa upp kostnað við vinnu sína og greiða stefnanda mismuninn. Sé vinna stefnda lauslega

áætluð af trésmið 4—5.000.00 kr. virði og stefnufjárhæðin mismunur á þessu og innborgun stefnanda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Mál þetta er svo vanreifað, að ekki þykir fært að leggja á það dóm að svo stöddu. Verður því að vísa málinu frá dómi ex officio.

Björn Friðfinnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Föstudaginn 15. apríl 1966.

Nr. 99/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
William Smith (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjókort staðarákvarðanir varðskipsins hinn 11. nóvember 1964, og reyndist

1) staður togarans kl. 0112 um 0.35 sm innan fiskveiðim.
2) — — — 0117 — 0.4 — — —
3) — — — 0140 — 1.1 — — —
4) — — — 0146 — 1.0 — — —
5) — — — 0152 — 0.9 — — —
6) — — — 0158 — 0.85 — — —
7) — — — 0204 — 0.65 — — —

8) staður togarans kl. 0210 um 0.75 sm innan fiskveiðim.
9) — — — 0216 — 0.55 — — —
10) — — — 0222 — 0.45 — — —
11) — — — 0234 — 0.3 — — —
12) — — — 0240 — 0.3 — — —
13) — — — 0246 — 0.2 — — —
14) — varð-
skipsins — 0252 á fiskveiðimörkum,
15) — — — 0348 um 2.3 sm utan fiskveiðim.

Í annan stað hefur skólastjórinn markað staðarákvarðanir varðskipsins á sjókort og þá „reiknað með þeirri ónákvæmni í ratsjárfjarlægðum, sem framleiðendur Sperry radsjár varðskipsins viðurkenna, miðað við færanlega fjarlægðarhringinn, þ. e. 2% togaranum í hag.“ Reyndust staðir nr. 1—12 innan fiskveiðimarka, nr. 1 um 0.05 sm, nr. 2 um 0.1 sm, nr. 3 um 0.85 sm, nr. 4 um 0.75 sm, nr. 5 um 0.7 sm, nr. 6 um 0.65 sm, nr. 7 um 0.4 sm, nr. 8 um 0.5 sm, nr. 9 um 0.3 sm, nr. 10 um 0.25 sm, nr. 11 um 0.1 sm og nr. 12 um 0.1 sm. Nr. 13 mældist um fiskveiðimörkin, en nr. 14 um 0.25 sm og nr. 15 um 2.6 sm utan þeirra. „Miðunarónákvæmni innan þeirra marka, sem framleiðendur ratsjárinnar viðurkenna“ kveður skólastjórinn eigi mundu „hafa nein mælanleg áhrif á fjarlægð togarans frá fiskveiðimörkunum“ og sé „því aðeins reiknað með fjarlægðarskekkju í útsetningu.“

Loks markaði skólastjórinn á sjókort staðarákvörðun varðskipsins, sem gerð var með hornamælingum hinn 11. nóvember 1964 kl. 1145 til athugunar á gyroáttavita varðskipsins. Mældist rétt miðun til enda Bjarnarnúps rúmlega 025° og fjarlægð í nesið utan við Slétteyri 10.1 sm.

Þá segir svo í skýrslu skólastjórans, dags. 14. júní 1965:

„Samkvæmt mælingum varðskipsins og miðað við beina og jafna siglingu togarans milli mælistaða reiknast mér hraði hans þannig:

1—2 sem næst kyrrstæður, 2—3 um 2.0 sml., 3—4 um 6.0 sml., 4—5 um 2.5 sml., 5—6 um 3.0 sml., 6—7 um 6.0 sml., 7—8 um 3.0 sml., 8—9 um 4.5 sml., 9—10 um 3.0 sml., 10

—11 um 3.0 sml., 11—12 um 3.5 sml., 12—13 um 2.0 sml. og 13—14 um 3.5 sml.

Hraðaútreikningar þessir verða þó alltaf háðir nokkurri ónákvæmni, þar sem þeir eru reiknaðir út frá siglingu á stuttu tímabili (6 mín. frá stað 3, nema milli 10 og 11 12 mín), og tíminn er aðeins tiltekinn með 1 mínútu nákvæmni. Því getur munað allt að ½ mín. á hvorum tíma um sig, eða allt að ± 1 mín. á tímabili. Þá þyrfti og, þegar um svona stutt tímabil er að ræða, að vera hægt að mæla vegalengdina með tveggja tugstafa nákvæmni í sjómílum, en í sjókorti nr. 41 verður að áætla síðari tugstafinn."

Hinn 3. nóvember 1965 ritaði verjandi ákærða saksóknara ríkisins og fór þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir sérfróðir kunnáttumenn til þess að láta upp álit sitt „um eftirfarandi atriði:

1. Samrýmist hraði sá, sem Jónas Sigurðsson skólastjóri reiknaði út í greinargerð, dags. 14. júní 1965, á togaranum Cape Spartel, H 79, því, að hann hafi verið að toga, og til hvers bendir hinn skrykkjótti hraði hans.

2. Eru hinar mörgu stefnubreytingar, sem virðast eftir útsetningu varðskipsmanna og skólastjórans hafa verið gerðar af togaranum Cape Spartel, H 79, eðlilegar, ef togarinn er að toga."

Með bréfi 9. nóvember 1965 til yfirsakadómarans í Reykjavík beiddist saksóknari ríkisins dómkvaðningar tveggja sérkunnáttumanna „til að láta uppi álit sitt á þeim atriðum, sem upp eru talin í bréfi verjandans, og jafnframt á eftirfarandi atriðum:

1. Hvort hinar mörgu stefnubreytingar togarans Cape Spartel, H 79, er fram koma samkvæmt útsetningum varðskipsmanna og skólastjóra Stýrimannaskólans, séu ekki líkleg orsök hins „skrykkjótta" hraða togarans.

2. Hver sé hámarkstoghraði við beztu skilyrði og hvort ekki sé unnt að auka þann hraða, a. m. k. um skemmri tíma, ef reynt væri t. d. að flýja sem hraðast undan eftirför, s. s. með því að gefa út meiri togvíra, slaka á öðrum togvírnum eða með öðrum aðgerðum."

Hinn 8. desember 1965 voru í sakadómi Reykjavíkur dómkvaddir þeir Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður og Karl Magnússon skipstjóri til að láta upp álit sitt um atriði þau, er að framan greinir.

Í álitsgerð sinni 29. desember 1965 svara hinir dómkvöddu menn spurningum þeim, sem um er að tefla, á þessa leið:

Svar við fyrri spurningu saksóknara ríkisins.

„Þegar stefnu er breytt mikið (mikið lagt á stýrið), minnkar hraði skipsins, en um leið og stýrið er sett miðskipa, eykst hraðinn aftur. Þetta á einnig við um skip, sem er laust, hraði skips minnkar alltaf, þegar mikið er lagt á stýrið. Þó geta þessar stefnubreytingar varla verið orsök hins skrykkjótta hraða togarans Cape Spartel, H 79, sem fram kemur við hraðaútreikninga Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans. Á milli staða 3 og 4 mælist hraðinn 6.0 sjómílur, sem er óeðlilega mikill, miðað við toghraða. Á það ber þó að líta, að hraðinn á milli staða 2 og 3 er aðeins 2.0 sjóm. og á milli staða 4 og 5 2.5 sjóm. Sama gildir um hraðann á milli staða 6 og 7, sem mælist 6.0 sjóm., en 3.0 sjóm. á milli staða 5 og 6 og staða 7 og 8. Frá stað 8 til 12 virðist hraðinn ekki óeðlilegur, en frá stað 12 til 13 fer hraðinn niður í 2.0 sjóm., en þá er togarinn í allhraðri beygju upp að vindi og eðlilegt, að dragi úr hraða hans.

Smáskekkjur í mælingu, tíma og útsetningu hafa mikil áhrif á hraðaútreikninginn, þegar um svona stutt tímabil og stuttar vegalengdir er að ræða, og verður hraðamismunurinn varla skýrður með öðrum hætti, því ekki verður séð, að togarinn hafi gert neina tilraun til að hraða för sinni út fyrir fiskveiðimörkin."

Svar við síðari spurningu saksóknara ríkisins.

„Hámarkstoghraða álítum við vera 4 eða rúmar 4 sjóm., meiri toghraði er ekki álitinn æskilegur með tilliti til afla. Á stóru og aflmiklu skipi er hægt að auka hraðann talsvert með því að nota meiri vélaorku. Einnig er hægt að auka

hraðann mikið með því að gefa mikið út í annan togvírinn. Þá verður mótstaða hleranna og vörpunnar miklu minni, og skipið nær þar af leiðandi meiri ferð."

Svar við fyrri spurningu verjanda.

„Er litið er á meðalhraða togarans milli mælistaða varðskipsmanna og útsetningu þeirra í sjókort .... virðist okkur meðalhraðinn geta samrýmzt toghraða, en vísum að öðru leyti til skýringa okkar í svari við fyrstu spurninga hér að framan."

Svar við síðari spurningu verjanda.

„Stefnubreytingar togarans Cape Spartel, H 79, sem fram koma við mælingar varðskipsmanna, geta að okkar áliti verið eðlilegar.

Menn haga sér á ýmsan hátt við veiðar og því ekkert óeðlilegt, þó stefnu sé breytt allmikið á togi, t. d. ef halda á ákveðnu dýpi, leita eftir lóðningum á dýptarmæli og fisksjá eða forðast botn, ef þær aðstæður eru fyrir hendi."

Ákærði hefur, eins og í héraðsdómi greinir, skýrt svo frá, að hann hafi kastað vörpu sinni kl. 0225 að Greenwich-meðaltíma, þ. e. kl. 0125 að íslenzkum tíma, og síðan „togað í um 2 klukkustundir og 20 mínútur, eða þangað til varðskipið stöðvaði hann." Eftir að ákærði kastaði vörpunni samkvæmt eigin framburði sínum og þar til hún sást í sjó frá varðskipinu, kl. 0251, mældist togarinn tíu sinnum samkvæmt staðarákvörðunum varðskipsins innan fiskveiðimarka, eins og áður getur, og er þá ákærða í hag miðað við mögulega skekkju á ratsjá varðskipsins, sbr. greinargerð skólastjóra Stýrimannaskólans. Þá verður að telja, að skýrslur skólastjórans og hinna dómkvöddu sérkunnáttumanna um siglingahraða togarans og stefnur tímabil það, sem athuganir varðskipsins taka til, geti um tog þetta samrýmzt framburði ákærða, sem að framan er lýst. Verður sá framburður ákærða því lagður til grundvallar um það, hvenær vörpu togarans var kastað og um samfellt tog hans,

unz hann var stöðvaður af varðskipinu. Þegar allt þetta er virt, telst sannað, að togari ákærða hafi verið innan fiskveiðimarka, er vörpu hans var kastað umrætt sinn.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst kr. 300.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, William Smith, greiði kr. 300.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 12. nóvember 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 12. nóvember, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómendunum Kristjáni H. Jónssyni forstjóra og Sturlu Halldórssyni skipstjóra, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 11. nóv. sl., höfðað gegn William Smith, skipstjóra á togaranum Cape Spartel, H 79, til heimilis 39 Edinbourgh Street, Hull, Yorkshire, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt

2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á nefndum togara aðfaranótt miðvikudagsins 11. nóvember 1964 úti af Barða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961.

Í ákæruskjali ákærist ákærði til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. maí 1923 í Hull á Englandi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Fulltrúi saksóknara ákvað, að málið skyldi sæta meðferð 2. töluliðs 130. gr. laga nr. 82/1961 og að hann annaðist sókn í málinu. Hann setti fram kröfur í málinu í samræmi við ákæruskjal og krafðist þess enn fremur, að ákærði yrði dæmdur til að greiða hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð eftir mati dómsins.

Verjandi ákærða krafðist algerrar sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sér yrðu dæmd hæfileg málsvarnarlaun. Hann krafðist þess enn fremur, að tillit yrði tekið til þess við ákvörðun refsingar, ef ákærða yrði dæmt áfall, að brotið væri framið af misgáningi, og framkomu ákærða.

Málið var flutt munnlega samkvæmt ákvörðun dómsins.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 11. nóvember 1964 tók varðskipið Óðinn fastan togarann Cape Spartel, H 79, frá Hull á Englandi vegna meintra ólöglegra veiða úti af Barða. Var varðskipið á leið inn á Önundarfjörð, er það gerði athuganir á togaranum, er leiddu til töku hans. Atvik að tökunni voru eins og greinir að neðan, og voru eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar á togaranum, á meðan á eftirför stóð:

1. Kl. 0112:

Togari r/v 330°,	fjarlægð	12.9	sml.
Göltur	—	4.6	—
Hrafnaskálarhnjúksendi	—	2.1	—

Þessi staðarákvörðun gaf stað togarans 0.34 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

2. Kl. 0117:

Togarinn miðast r/v 328°, fjarlægð 13.85 sml.
Hrafnaskálarhnjúksendi — 1.2 —
Næsta land að norðan — 1.55 —

Þessi mæling gefur stað togarans 0.4 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Sást, að togarinn var kyrrstæður samkvæmt þessum tveimur athugunum, og hélt varðskipið því innar á Önundarfjörð.

3. Kl. 0140:

Togarinn miðast r/v 323°, fjarlægð 13.9 sml.
Hrafnaskálarhnjúksendi — 1.65 —
Flateyri — 3.5 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 1.1 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Vélar varðskipsins voru stöðvaðar.

4. Kl. 0146:

Togarinn miðast r/v 320°5, fjarlægð 13.65 sml.
Hrafnaskálarhnjúksendi — 1.65 —
Flateyri — 3.7 —

Þessi mæling gaf stað togarans um 1.0 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Lausi hringur ratsjár var borinn saman við föstu hringana og var réttur.

5. Kl. 0152:

Togarinn miðast r/v 319°5, fjarlægð 13.45 sml.
Hrafnaskálarhnjúksendi — 1.7 —
Flateyri — 3.8 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.85 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

6. Kl. 0158:

Togarinn miðast r/v 318°, fjarlægð 13.35 sml.
Hrafnaskálarhnjúksendi — 1.7 —
Flateyri — 3.9 —

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.8 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0202 var stjórnborðsvél varðskipsins sett á fulla ferð og beygt í bakborða.

Lausi hringur ratsjár var borinn saman við föstu hringana, og var hann réttur.

Kl. 0203 gaf skipherra stöðvunarmerki K með ljósmorsi.

7. Kl. 0204:

Togarinn miðaðist r/v 315°,	fjarlægð	12.9	sml.
Flateyri	—	4.4	—
Hrafnaskálarhnjúksendi	—	2.0	—

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.6 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0207 gaf skipherra á ný stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.

8. Kl. 0210:

Togarinn miðaðist r/v 313°,	fjarlægð	11.2	sml.
Göltur	—	3.1	—
Hrafnaskálarhnjúksendi	—	3.15	—

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.7 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0211 sáust greinilega vinnuljós á togaranum.

Kl. 0214 gáfu skipherra og loftskeytamaður stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.

9. Kl. 0216:

Togarinn miðast r/v 310°,	fjarlægð	9.55	sml.
Göltur	—	3.6	—
Barði	—	3.85	—

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.5 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Þá var gefið stöðvunarmerkið K með ljósmorsi og kl. 0219 skotið púðurskoti að togaranum.

Kl. 0221 var lausi hringur ratsjár varðskipsins borinn saman við föstu hringana, og var hann réttur. Ljós togarans sáust vel.

10. Kl. 0222:

Togarinn miðaðist r/v 307°5,	fjarlægð	7.9	sml.
Göltur	—	4.8	—
Barði	—	5.2	—

Þessi mæling gefur stað togarans um 0.4 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0224 gaf loftskeytamaður stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.

Kl. 0227 var lausi hringur ratsjár borinn saman við föstu hringana og var réttur.

Kl. 0228 sást bakborðshlið togarans með berum augum. Kl. 0231 gaf skipherra stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.

11. Kl. 0234:
Togarinn miðaðist r/v 299°5, fjarlægð 4.55 sml.
Göltur — 7.95 —
Barði — 8.1 —
Gefur þessi mæling stað togarans um 0.25 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.
Kl. 0237 var lausi hringur ratsjár borinn saman við föstu hringana og var réttur. Skipherra gaf stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.
12. Kl. 0240:
Togarinn miðaðist r/v 290°5, fjarlægð 2.95 sml.
Göltur — 9.55 —
Barði — 9.55 —
Þessi mæling gefur stað togarans um 0.3 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. Skipherra gaf stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.
Kl. 0244 var skotið lausu skoti.
13. Kl. 0246:
Togarinn miðaðist r/v 286°, fjarlægð 1.5 sml.
Göltur — 11.2 —
Barði — 10.9 —
Þessi mæling gefur stað togarans um 0.2 sml. innan fiskveiðitakmarkanna.
Kl. 0247.5 gaf 1. stýrimaður stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.
Kl. 0249 beygði togarinn út um. Fram að þeim tíma hafði allt af sézt á bakborðshlið hans.
Kl. 0250 var stefna togarans orðin r/v 270°.
Kl. 0251 sást að togarinn var með stjórnborðsvörpu í sjó. Vírarnir sáust greinilega.
14. Kl. 0252: Varðskipið stöðvaðist við hlið togarans.
Staðarákvörðun:
Göltur fjarlægð 13.0 sml.
Barði — 12.2 —
Þessi mæling gefur stað togarans um fiskveiðitakmörkin.
Um leið var sett út ljósdufl. Dýpi 66 m.
Kl. 0255 gaf 1. stýrimaður stöðvunarmerkið K með ljósmorsi.
Nú sást, að togarinn var Cape Spartel, H 79. Hann hélt áfram að toga. Kallað var í hátalara varðskipsins og togaranum skipað að stanza, en hann sinnti því ekki.
Kl. 0256—0257 gaf skipherra stöðvunarmerki með skipsflautunni. Togarinn hafði nú r/v stefnu um 351°.

Kl. 0300 gaf skipherra stöðvunarmerki með skipsflautunni, og kl. 0301 var skotið lausu skoti.

Kl. 0302 kallaði togarinn varðskipið upp í talstöðinni og spurði, hvers vegna væri verið að skjóta á sig. Var skipstjóra skýrt frá því, að hann væri að ólöglegum veiðum í fiskveiðilandhelginni, og var honum fyrirskipað að stöðva og draga inn vörpuna. Svaraði togarinn engu, en kallaði upp brezkt eftirlitsskip.

Kl. 0318 og 0323 gaf skipherra stöðvunarmerkið K með skipsflautunni.

Kl. 0345 tilkynnti ákærði, að hann ætlaði að fara að taka inn botnvörpuna.

15. Kl. 0348:

Stigi	fjarlægð	16.55	sml.
Barði	—	15.0	—

Þessi mæling gefur stað togarans um 2.35 sml. utan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0355 komu toghlerar í gálga.

Kl. 0400 tók togarinn pokann inn.

Kl. 0407 var ákærða fyrirskipað að fylgja varðskipinu inn á Önundarfjörð, sakir þess að veður væri orðið svo vont.

Kl. 0426 héldu bæði skipin að ljósduflinu, sem varðskipið hafði sett út.

16. Kl. 0445 var þessi staðarákvörðun gerð við ljósduflið:

Göltur	fjarlægð	13.0	sml.
Barði	—	12.2	—

Dýpi 66 m.

Þessi mæling gefur duflið á sama stað og 14. staðarákvörðun.

Kl. 0450 hafði ákærði lokið mælingum sínum við ljósduflið og gaf varðskipinu upp stað sinn:

Barði	fjarlægð	12.4	sml.
Kópanes	—	25.0	—

Kl. 0500 var lausi hringur ratsjár varðskipsins borinn saman við föstu hringana, og var hann réttur.

Kl. 0450 var haldið inn á Önundarfjörð og kl. 0627 stanzað þar. 1. og 3. stýrimaður fóru á gúmmíbát yfir í togarann. Klukkur varðskipsins og togarans voru bornar saman, og reyndist mismunurinn 1 klst.

Kl. 0700 kom 1. stýrimaður varðskipsins með ákærða um borð í varðskipið, og voru honum sýndar staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins. Hann viðurkenndi, að staðarákvörðun duflsins væri

rétt, en aðrar ekki. Hann kvaðst hafa kastað vörpunni kl. 0125 og hafi hann þá verið í 19.5 sml. fjarlægð frá Rit, en 13.0 sml. fjarlægð frá Gelti. Síðan kvaðst hann hafa togað í misvísandi SVaV ½ V um fiskveiðitakmörkin. Ákærði kvaðst hafa haldið, að ljósmerki varðskipsins Óðins væri frá fiskibátum og því ekki sinnt þeim.

Kl. 0738 var haldið áleiðis til Ísafjarðar.

Kl. 1145 var gerð athugun á gyroáttavita varðskipsins:

Ritur, endinn	36°45′
Bjarnarnúpur, endinn	114°21′
Arnarnesviti	

Fjarlægð í nesið utan við Sléttueyri 10.1 sml.

Bjarnarnúpur endurmiðast á gyroáttavita 25°.

Rétt miðun 024° ¾

Þessa athugun gerðu skipherra, 1. stýrimaður og loftskeytamaður með Sperry ratsjá oog Sperry gyroáttavita.

Staðarákvarðanirnar voru gerðar með Sperry ratsjá og Sperry gyroáttavita af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjón skipherra. Þessir menn höfðu auga á togaranum ásamt yfirmönnunum: Hafþór Jónsson háseti, Þórir Jónsson háseti og Sveinmar Gunnþórsson viðvaningur.

Yfirloftskeytamaður Landhelgisgæzlunnar gerði 5. nóv. 1964 athugun á Sperry ratsjá varðskipsins og stillti hana.

Komið var til Ísafjarðar kl. 1020, og lagðist varðskipið að Bæjarbryggjunni, en litlu síðar lagðist Cape Spartel utan á brezkan togara við hafnaruppfyllinguna.

Veður kl. 0315 var NA—4, sjór NA—5 og skýjað.
— — 0400 — NA—7, — NA 4—5 og skýjað.

Yfirmenn varðskipsins komu í dóm og staðfestu skýrslur sínar og bættu við þær, eins og hér segir:

Skipherra skýrði frá því, að skyggni hafi verið sæmilegt, en fyrst gengið á með skúrum. Vinnuljós togarans hafi í fyrstu sést sem bjarmi og ekki greinilega fyrr en kl. 0211. Kl. 0302 hafi fyrst verið haft samband við togarann og ákærða skýrt frá, hvers vegna stöðvunarmerki voru gefin. Hann sagði frá því, að norðar og utar en ákærði og utan við fiskveiðitakmörkin hefðu verið þrír togarar og hefði engin hætta verið á því að rugla skipunum saman, því að ákærði hefði alltaf verið syðstur. Hann kvaðst hafa verið allan tímann á stjórnpalli. Hann skýrði frá því, að báðar vélar varðskipsins hefðu verið stöðvaðar, er komið var að hlið togarans, og tekið aftur á bak með stjórnborsvél til að

draga úr mesta hraða skipsins. Síðan hafi ljósduflið verið látið út og úr því fylgzt með togaranum.

Fyrsti stýrimaður kvaðst hafa verið við allar mælingar varðskipsins og farið um borð í togarann og borið þar saman klukkur varðskipsins og togarans. Hefði munað á þeim einni klukkusund. Skyggni hafi verið sæmilegt og hafi hann séð bjarma af ljósum togarans, er stefna var tekin á hann. Vélar varðskipsins hafi verið stöðvaðar við hlið togarans og stjórnborðsvél látin taka aftur á bak. Ljósduflið hafi verið látið út samstundis og vélarnar höfðu verið stöðvaðar og tekið aftur á bak. Vitnið skýrði frá því, að skip þau, sem voru í námunda við Cape Spartel, hafi a.m. k. verið 1 sml. utar. Hann fullyrti, að ekki gæti hafa orðið ruglingur milli skipa.

Annar stýrimaður varðskipsins kvaðst hafa komið á vörð kl. 0204 og eftir það unnið að öllum mælingum. Hann kvaðst að staðaldri hafa fylgzt með skipunum í ratsjánni. Utan við Cape Spartel hefðu verið tvö skip og hefði verið svo mikið bil milli þeirra, að ekki hefði verið hætta á að rugla skipunum saman.

Þriðji stýrimaður kvaðst hafa komið á vörð kl. 2330 og skrifað niður allar mælingar. Skyggni hafi verið sæmilegt og hafi sézt bjarmi af ljósum togarans við fyrstu mælingarnar. Hann fullyrti, að ekki kæmi til greina, að ruglingur hafi orðið á skipum. Hafi þrír undirmenn ásamt 1. stýrimanni fylgzt stöðugt með ljósum togarans og annar stýrimaður fylgzt með togaranum í ratsjá undir umsjón skipherra. Hann kvað varðskipið hafa verið stöðvað við hlið togarans með því að taka aftur á bak, þegar ljósduflið var sett út.

Skipherra, 1. stýrimaður og 2. og 3. stýrimaður staðfestu vætti sín með eiði.

Henry John Preston, 1. stýrimaður á Cape Spartel, bar vætti í málinu og staðfesti það með eiði. Hann kvaðst hafa komið á vörð kl. 0030 eftir brezkum meðaltíma miðað við Greenwich. Var hann á þilfari, þegar vörpunni var kastað í síðasta sinn, en síðan fór hann í brúna. Var ákærði einn í brúnni. Tók vitnið við stýrinu og stýrði SVaV ½ V eftir því sem ákærði gaf honum upp. Hafi ákærði verið við ratsjána allan tímann. Hann skýrði frá því, að breytt hefði verið um stefnu í NAaN, er skipið var í 12.4 sml. fjarlægð frá Barða og 25.0 sml. fjarlægð frá Kópanesi. Kvaðst hann sjálfur hafa gert þá staðarákvörðun. Hafi verið siglt í þá stefnu í 40—50 mínútur, þar til varðskipið stöðvaði þá,

en ekki kvaðst hann þó geta tiltekið tímann nákvæmlega. Hann sagði, að toghraði skipsins mundi vera um 3—3¼ sml. á klst., en taldi þó 3 sml. nær lagi.

Wilfred Clark, 1. vélstjóri á togaranum, kom í dóm og bar það, að toghraði skipsins væri 78 snúningar á mínútu eða um 3½ sml. á klst. Hann staðfesti vætti sitt með eiði.

Ákærði lýsti því yfir í dómi, að hann væri saklaus af því að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna.

Hann kvaðst hafa kastað vörpunni kl. 0225 eftir meðaltíma miðuðum við Greenwich og togað í tvær klukkustundir og tuttugu mínútur, eða þar til varðskipið stöðvaði hann. Meðan hann kastaði vörpunni, kvaðst hann hafa siglt í hálfhring, sem var um skipslengd í þvermál að ætlan hans.

Ákærði kvaðst hafa gert þessa staðarákvörðun, áður en hann kastaði vörpunni:

Ritur	fjarlægð	19.5	sml.
Göltur	—	13.0	—

Taldi hann sig vera samkvæmt henni 0.1 sml. utan fiskveiðitakmarkanna.

Síðan kvaðst hann hafa togað meðfram takmarkalínunni í stefnu SVaV ½ V, þangað til hann var í 12.4 sml. fjarlægð frá austurkanti Barða og 25.0 sml. fjarlægð frá Kópanesi. Þá hafi hann breytt um stefnu út á við og stýrt í NAaN og haldið þeirri stefnu í um 50 mínútur.

Ákærði kvaðst hafa séð varðskipið, þegar það var í um 5 sml. fjarlægð. Um sama leyti sá hann skip í ratsjánni og með berum augum. Var það í nokkurri fjarlægð frá varðskipinu. Taldi hann, að ljósmerki varðskipsins væru gefin því skipi. Þegar varðskipið nálgaðist, hafði hann samband við það í talstöðinni. Kvaðst hann hafa spurt, hvort ljósmerkjum varðskipsins væri beint að sér og hafi skipherra svarað því játandi og gefið honum fyrirmæli um að draga vörpuna inn. Um líkt leyti kvaðst ákærði hafa heyrt skot frá varðskipinu og aldrei heyrt nema þetta eina skot. Hann kvaðst hafa álitið, meðan varðsipið var enn í 5 sml. fjarlægð, að ljósmerkin væru frá fiskibáti, en þegar það nálgaðist, sá hann, að það var varðskip.

Ákærði bar það, að hann hefði ekki veitt því athygli, hvar varðskipið setti út ljósduflið og ekki vitað, hvar það var, fyrr en skipherra benti honum á það. Hann sagði, að mæling hans á duflinu væri rétt eftir sér höfð á dskj. nr. 1. Hann kvaðst hafa farið þess á leit við skipherra, að maður yrði sendur um borð í

togarann til þess að ákveða stað duflsins og bera saman ratsjár skipanna, en skipherra hefði ekki talið það fært vegna óveðurs.

Ákærði kvaðst hafa verið einn í brúnni, er hann gerði mælinguna, áður en vörpunni var síðast kastað. Stýrimaður hefði komið í brúna, eftir að kastað hafði verið, og kvaðst ákærði hafa skýrt honum frá mælingunni. Stýrimaður tók þá við stýrinu, og sagði ákærði honum fyrir um togstefnuna. Hann hefði ekki fylgzt með mælingum ákærða.

Ákærði kvað stýrimann hafa gert staðarákvörðunina, þegar beygt var út um og tekið að stýra í NAaN, en hann kvaðst hafa yfirfarið þá mælingu, þegar hann kom úr loftskeytaklefanum, eftir að hafa átt tal við varðskipið um talstöðina.

Ákærði lýsti yfir, að mælingar varðskipsins væru rangar nema sú staðarákvörðun, sem gerð var við ljósduflið. Þá hélt hann því fram, að varðskipið hefði, eftir að það kom upp að hlið togarans, siglt í um 10 mínútur samhliða togaranum, áður en breytt var um stefnu í NAaN, og varðskipið lagði út ljósduflinu. Hefði því verið lagt út, um leið og varðskipið kom að togaranum, mundi það hafa verið um það bil 0.2 sml. innan fiskveiðitakmarkanna, ef þær væru réttar. Ákærði vakti athygli á því, að samkvæmt staðarákvörðunum varðskipsins nr. 8 og nr. 9 sé togarinn talinn 0.7 og 0.5 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. Þetta fái ekki staðizt, því að hann geti ekki togað vegalengdina milli þessara staða á tilteknum tíma, þar sem toghraði skipsins sé um 3.5 sml. á klukkustund.

Ákærði skýrði frá því, að togarinn Churchill hefði verið að veiðum á eftir sér í um 1—1½ sml. fjarlægð og togarinn Port Vale í um 0.15 sml. fjarlægð. Hafi hann verið svo nærri sér, að hann hafi orðið að beygja, þegar ákærði beygði sínu skipi. Þessi skip hafi verið í námunda við sig allan þann tíma, sem varðskipið sigldi í átt til hans. Mörg skip hafi verið fyrir utan hann og hafi hann verið næstur varðskipinu.

Það er upplýst í málinu, að ákærði var að toga með stjórnborðsvörpu úti allan þann tíma, sem varkskipið staðsetti hann með 12 staðarákvörðunum innan fiskveiðitakmarkanna og um þau (staðarákvarðanir nr. 3—14).

Dómurinn telur, að í máli þessu beri að leggja til grundvallar vætti og staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem gerir þær tortryggilegar. Þá hefur ekki verið vefengt, að ratsjá varðskipsins og áttaviti hafi verið í fullkomnu lagi, er mælingar fóru fram.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómurinn það sannað með mælingum og vætti skipherra og stýrimanna varðskipsins Óðins, að b/v Cape Spartel, H 79, hafi verið að veiðum með botnvörpu innan íslenzku fiskveiðitakmarkanna.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 659.27 brúttósmálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 pappírskrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Cape Spartel, H 79, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, kr. 8.000.00, sem renna skulu í ríkissjóð, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00..

Dómsorð:

Ákærði, William Smith, greiði 260.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Cape Spartel, H 79, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, kr. 8.000.00, sem renna skulu í ríkissjóð og málsvarnarlaun til verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. apríl 1966.

Nr. 37/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Erik Ludvig Olsen (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærða var rétt að grennslast um farir Kristjáns Ásgeirssonar um borð í skipinu Ole Sif í umrætt sinn. Ákærði varð samt offari, er hann beitti nefndan Kristján líkamlegu ofbeldi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða.

Í málinu hefur Kristján Ásgeirsson, Sundlaugavegi 12, Reykjavík, haft uppi þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 43.450.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags og kr. 4.945.00 í innheimtulaun.

Nefndur Kristján fór í umrætt sinn um borð í skipið án leyfis og hafði þó áður um nóttina verið vísað úr skipinu. Þykir rétt, að hann beri sjálfur tjón sitt að nokkrum hluta. Er hæfilegt, að ákærði bæti honum það að ⅔ hlutum.

Ljóst er, að Kristján hefur orðið fyrir nokkru atvinnutjóni vegna meiðsla sinna. Þykir það hæfilega metið kr. 12.000.00. Að því er aðra kröfuliði varðar, má fallast á úrlausn héraðsdóms. Telst því tjón Kristjáns nema kr. 37.450.00, og ber ákærða að bæta ⅔ hluta þess, eða kr. 24.966.67, með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags. Innheimtulaun verða ekki dæmd af þessu fé, þar sem krafan er höfð uppi í opinberu máli, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Erik Ludvig Olsen, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Kristjáni Ásgeirssyni kr. 24.966.67 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. október 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 21. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4727/1965: Ákæruvaldið gegn Erik Ludvig Olsen, sem tekið var til dóms 14. þ. m..

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 5. maí 1965, höfðað gegn ákærða, Erik Ludvig Olsen stýrimanni, Nordvangsgaardsvej 11, Birkeröd, Danmörku, fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 4. marz 1965 á þilfari m/s Ole Sif í Reykjavíkurhöfn slegið til Kristjáns Ásgeirssonar, sem þar var gestkomandi, með hnefahöggum, svo að hann féll við, og síðan sparkað í hann þar liggjandi, m. a. í höfuð hans, en af árás þessari hlaut Kristján brot á tveimur stöðum á neðri kjálka.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. júní 1931 í Neksö, Danmörku.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt refsingu né ákæru.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 4. maí s.l. kærði Kristján Ásgeirsson innheimtumaður,

Sundlaugavegi 12, hér í borg, fæddur 26/5 1919, yfir því, að þann 4. marz s. á. hefði ákærði ráðizt á sig um borð í danska skipinu Ole Sif, sem þá lá í Reykjavíkurhöfn, með þeim afleiðingum, að hann kjálkabrotnaði.

Nánar skýrði kærandi svo frá málavöxtum hjá rannsóknarlögreglu, að upp úr miðnætti greinda nótt hefði honum verið gengið um borð í danska skipið Ole Sif, en ákærði vísað honum í land. Kvaðst kærandi hafa hlýtt, en á bryggjunni gefið sig á tal við skipstjóra nefnds skips, sem þar kom að í bifreið. Var kærandi að skemmta sér og undir áhrifum áfengis. Úr varð, að skipstjóri bauð honum til drykkju um borð sem og sambýliskonu hans, er að kom um líkt leyti, en hún var að svipast um eftir kæranda. Þegar setið hafði verið nokkra stund hjá skipstjóra, sagðist kærandi hafa þurft að bregða sér frá til að kasta af sér vatni og í því skyni að hætti gamals sjómanns gengið út að lunningunni sjávar megin. Kom ákærði þar að honum og spurði, hvað hann væri þar að vilja, þar sem honum hefði verið vísað í land áður. Kærandi kvaðst hafa skýrt fyrir ákærða, að hann væri um borð í boði skipstjóra, en engum togum hefði skipt, að ákærði sló kæranda tvö högg með krepptum hnefa beint í andlit, svo að hann féll á dekkið án þess þó að missa meðvitund. Við þennan hávaða komu þau sambýliskona kæranda og skipstjóri út á þilfarið, og sagði kærandi, að ákærði hefði þá verið að sparka í sig, þar sem hann lá á dekkinu. Sambýliskona hans reyndi að stilla til friðar, en ákærði sló til hennar. Einnig gekk skipstjóri á milli, en annað hvort sló ákærði skipstjóra eða stjakaði við honum, þannig að hann lenti á lunningunni og blæddi úr andliti hans. Eftir þessar aðfarir sagði kærandi, að ákærði hefði horfið á brott, en þau hin gengið aftur inn til skipstjóra, og var farið að huga að meiðslum hans. Skömmu síðar fóru þau kærandi og sambýliskona hans heim. Kærandi kvaðst fyrst í stað ekki hafa talið, að hann hefði meiðzt alvarlega af höggum ákærða, en eftir að heim kom, fór hann að finna til mikils sársauka í hökunni og náði í næturlækni, Jón Gunnlaugsson, sem taldi, að hann væri kjálkabrotinn.

Fyrir dómi var framburður kæranda hinn sami og rakinn hefur verið hér að framan að öðru leyti en því, að hann sagðist ekki geta sagt um, hvort hann hefði farið tvær ferðir um borð í skipið, áður en hann hitti skipstjóra, en hann minnti, að þeir hefðu mætzt við landgöngubrúna, en mundi ekki, hvort sambýliskona hans var þá komin. Kærandi sagði, að þegar hann

gekk frá skipstjóra og út að lunningu, hefði ákærði komið og orðalaust slegið sig í andlit með hnefanum, eitt eða fleiri högg. Meðan kærandi lá á þilfari með hendur fyrir andlitinu, kvað hann ákærða hafa tekið að sparka í höfuð sér og hann þá rekið upp vein eða kallað á hjálp, en við hávaðann komu á vettvang fyrst sambýliskona hans og síðan skipstjórinn. Hljóp konan á milli, og sá kærandi, að ákærði sló til hennar, en ekki gat hann borið um, hvort hann hitti eða hvort hún datt, enda dasaður eftir „höggið". Þó minnti kæranda, að skipstjóri hefði sagt eitthvað á þá leið: „Ertu vitlaus maður að slá kvenmann". Ekki gat kærandi sagt um, hvort ákærði hefði barið skipstjóra eða hrint honum, en alblóðugur var hann í andliti á eftir. Kærandi sagði, að umrædda nótt hefði verið mjög hált og sleipt. Þá er kærandi bar vætti í dómi hinn 5. maí s.l., kvaðst hann ekki hafa náð sér eftir meiðslin og vissi ekki, hvort hann yrði nokkurn tíma jafngóður. Kærandi sagðist hafa verið frá starfi í um 1½ mánuð og á meðan hefði sambýliskona hans gegnt þeim starfa, en hann séð um heimilisstörfin.

Sambýliskona kæranda skýrði svo frá, að hún hefði farið í leigubifreið niður að höfn til að leita kæranda, sem horfið hefði að heiman um miðnætti, aðeins hreyfur af víni, en kærandi hafði árum saman starfað á skipum. Konan sá kæranda ganga eftir landgangi í danskt skip og fór á eftir honum um borð í skipið. Heyrði hún hljóðfæraslátt, gekk á hljóðið og fann kæranda í klefa hjá mönnum, sem greinilega voru að skemmta sér. Konan bað kæranda að koma heim, og fór hann með henni upp á þilfar, þar sem þau hittu skipstjórann, sem virtist vera að koma úr landi. Að boði skipstjóra fóru þau inn til hans, þar sem kærandi fékk whiskyglas, en konan gosdrykk, enda kvaðst hún ekki hafa bragðað áfengi. Eftir nokkurn tíma þurfti kærandi að bregða sér frá. Skipti þá engum togum, þar til konan heyrði kæranda hljóða upp og heyrði einnig annan hávaða eins og af ryskingum. Snaraðist hún út á þilfar, en stuttur spölur var þangað frá klefa skipstjóra. Ekki mundi hún, hvort þilfarið var ísað, en minnti, að snjóföl hefði verið. Á þilfari var aðkoman sú, að kærandi lá með hendurnar fyrir andlitinu, en ákærði tróð á honum eða var að sparka í hann. Kvaðst konan hafa þrifið til ákærða og spurt á dönsku, hvort hann hygðist drepa manninn. Anzaði ákærði því engu, en sló með hnefanum í vinstri öxl hennar, þannig að hún hrökklaðist út að borðstokk án þess þó að verða meint af. Í þessu kom skipstjórinn og spurði ákærða, hvort hann

væri virkilega að ráðast á kvenmann. Sló eða hrinti ákærði þá skipstjóranum, svo að hann féll á þilfarið og skarst þar á einhverju járni. Eftir þetta hvarf ákærði á brott, en hin þrjú fóru inn til skipstjóra, og kvaðst konan þar hafa haft orð á, að þeir færu á slysavarðstofu og lögregla yrði kvödd á staðinn. Svaraði skipstjóri því svo, að leiðinlegt væri fyrir sig og óheppilegt, yrðu réttarhöld vegna þessa, ef ekki væri nema bólga að kæranda, en hann var þá farinn að bólgna upp í andliti. Dvöldust þau nokkra stund hjá skipstjóra, þar eð kærandi var svo illa haldinn, að hann treysti sér ekki strax heim. Konan kvaðst hafa haft orð á því við skipstjóra, að ákærði hlyti að hafa verið drukkinn og skipstjóri svarað, að ákærði væri með of háan blóðþrýsting og ætti til að verða æstur, þótt hann hefði ekki bragðað áfengi. Einnig gat skipstjóri þess, að ákærði væri vanur því „að sunnan", að um borð kæmi alls konar óþjóðalýður, sem hann hefði tekið hressilega á. Eftir að kærandi og sambýliskona hans komu heim, var náð í næturlækni, sem sagði, að kærandi mundi brotinn á kjálka, sennilega tvíbrotinn.

Skipstjóri hins danska skips skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði komið um borð í skip sitt upp úr miðnætti greint sinn, en kvaðst ekki nánar geta tiltekið tímann. Kom hann frá kunningjafólki sínu, var undir áhrifum áfengis og fór beint til herbergis síns. Ekki kvaðst skipstjóri geta sagt um, hversu löngu seinna kvatt var dyra, og inn komu maður og kona, sem hann þekkti ekkert til. Sagðist skipstjóri hafa boðið þeim veitingar, enda sjálfur verið „í góðri stemningu". Ekki vissi skipstjóri, hversu lengi þau höfðu setið, er maðurinn þurfti að skreppa út til að kasta af sér vatni, og gekk hann út á þilfar. Heyrði skipstjóri svo einhver læti við dyrnar, fór út og sá, að ákærði stóð yfir gesti hans, sem lá á þilfarinu, og sagði honum að hafa sig í land. Ekki kvaðst skipstjóri hafa séð ákærða sparka í hann. Stóð gesturinn upp, og ýtti ákærði honum í átt að lunningu, en ekki sagðist skipstjóri hafa séð ákærða slá til hans. Skipstjóri kvaðst hafa gengið á milli, en vegna ísingar á þilfari dottið, fallið utan í járnbita og meiðzt á höfði. Á þessu óhappi hefði ákærði enga sök átt, það hefði einungis orsakazt af ísingunni. Skipstjóri sagðist vera öruggur um, að ákærði hefði ekki slegið til stúlkunnar, en vera mætti, að hann hefði ýtt henni til hliðar, þegar hún kom út á þilfarið. Skipstjórinn sagðist hafa sagt ákærða, að maðurinn væri sinn gestur, og dvöldust þau maðurinn og konan eftir þetta nokkra stund inni hjá honum,

en fóru síðan frá borði, án þess að hann fylgdi þeim. Á meðan þau voru inni, kvaðst skipstjóri ekki hafa getað heyrt annað á mæli gestsins en ekkert amaði að honum, og ekki mundi hann til, að gesturinn hefði orð á, að ákærði hefði slegið sig, og taldi skipstjóri jafnvel alveg öruggt, að hann mundi hafa munað til þess, ef gesturinn hefði haft á orði, að hann væri eitthvað meiddur.

Fyrir dómi breyttist framburður skipstjóra á ýmsa lund. Hann kvaðst hafa verið alldrukkinn, er hann fór frá kunningja sínum og þaðan hefði hann farið mjög seint, en hversu seint, mundi hann nú ekki. Þá taldi hann sig ekki muna, hvort hann hefði hitt „hjónin" á hafnarbakkanum eða um borð í skipinu. Ekki mundi skipstjóri, hvernig hann komst um borð, en taldi þó frekar, að landgöngubrú hefði legið úr skipinu. Skipstjórinn kvaðst hafa heyrt hróp frá þilfarinu, farið þangað og séð kæranda liggja á þilfarinu skammt frá klefadyrum sínum og ákærða standa við hlið hans. Ekki sá skipstjóri ákærða slá eða sparka í kæranda, en eftir að einhver, sem hann mundi ekki hver var, hafði reist kæranda á fætur, sá skipstjóri ákærða hrinda kæranda og heyrði hann segja við hann, að hann ætti að hypja sig í land. Skipstjóri sagðist ekki hafa orðið var við, að ákærði slægi eða hrinti konunni, en tók fram, að þar sem hann og konan hefðu gengið á milli kæranda og ákærða, hefðu hrindingar verið óhjákvæmilegar. Sagði skipstjóri, að í þessum hrindingum hefði ákærði ýtt við sér, þannig að hann féll á þilfarið og slasaðist, en taldi, að ekki hefði verið um ásetningsverk hjá ákærða að ræða og tók fram, að þykkt íslag hefði verið á þilfarinu. Ekki kvaðst skipstjóri muna, hvort atburðirnir á þilfarinu hefðu verið ræddir, eftir að inn til hans var komið, en taldi þó líklegra, að svo hefði verið. Og ekki kvaðst skipstjóri nú muna eftir brottför „hjónanna" eða hvort hann fylgdi þeim að landgöngubrúnni. Loks tók skipstjóri fram, að þar sem hann í skýrslu rannsóknarlögreglu hefði sagt, að honum hefði ekkert virzt athugavert við kæranda eftir átökin, ætti frekar að orðast: „og að því að ég man sá ég ekki annað en að allt væri í lagi með hann."

Kunningi skipstjóra, sem hann var að koma frá greint sinn, sagði, að þeir skipstjóri hefðu verið við áfengisneyzlu. Ekki gat vitnið borið um með öryggi, hvenær skipstjóri fór frá því, en taldi það hafa verið milli klukkan 0200—0300 um nóttina og hafi hann þá virzt eitthvað undir áhrifum áfengis, en þó meira þreyttur og svefnvana.

Ákærði skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði staðið vakt um borð í skipinu umrædda nótt. Sagði ákærði, að mikill ágangur hefði verið af fólki úr landi og hann oft þurft að vísa fólki í land, en útvarpstæki hefði verið stolið frá 1. vélstjóra þessa nótt. Ákærði kvað kæranda tvívegis hafa komið um borð þessa nótt og þá farið aftur í land með góðu, en snemma morguns, eða á milli klukkan 0400—0500, að því er ákærði hugði, kom hann í þriðja sinnið. Hafði ákærði þá sett landgöngubrúna niður á bryggju, en kærandi kom úr landi og klifraði yfir lunningu. Tók ákærði sérstaklega fram, að hann hefði séð kæranda klifra um borð, en mjög hátt hefði verið orðið frá landi og um borð. Væri því sú frásögn kæranda röng, að hann hefði verið að koma frá skipstjóra. Ákærði kvaðst hafa beðið kæranda um að hverfa á brott, hann þá spurt, hver hann væri og er ákærði svaraði, að hann væri 1. stýrimaður skipsins, hefði kærandi ekkert sagzt hafa við hann að tala fyrst hann væri ekki skipstjórinn. Síðan sagði ákærði, að kærandi hefði kallað sig „feitt svín" og hann þá ýtt við kæranda, sem við það féll á þilfarið. Ekki kvaðst ákærði hafa slegið kæranda. Skipstjórinn mun hafa heyrt læti og kom út á þilfarið og með honum einhver kona, sem verið hafði inni hjá honum. Sagði ákærði, að kona þessi hefði komið fyrr um nóttina í leigubifreið að skipshlið, hann þá bannað henni að fara um borð, og vissi hann því ekki, hvernig eða hvenær hún kom um borð í skipið. Ákærði sagði, að konan hefði sparkað í sig og slegið utanundir, en hann ekkert hreyft við henni. Kom konan og kærandi ákærða svo fyrir sjónir sem þau væru ölvuð, en ekkert vildi hann þó fullyrða um ástand þeirra. Ákærði sagði, að skipstjóri hefði verið ölvaður, dottið út á lunningu og við það fengið skurð á enni. Ákærði kvað skipstjóra hafa tekið kæranda í sína umsjá og farið með hann inn til sín. Taldi ákærði útilokað, að kærandi hefði hlotið meiðsl sín af hans völdum, „því er skipstjórinn hafði tekið hann í sína umsjá, hélt hann áfram að kasta svívirðingum í minn garð, og talfæri hans virtust þá í fullkomnu lagi."

Fyrir dómi tók ákærði fram, að hann væri sá, sem bezt gæti borið um málsatvik, þar sem hin þrjú hefðu verið ölvuð, en sjálfur hefði hann ekki neytt áfengis. Ákærði sagði, að kærandi hefði komið að skipinu og klifrað upp skipshliðina, um 2 metra, þrátt fyrir að honum væri sagt, að hann mætti ekki koma um borð. Kallaði kærandi ákærða „feitt svín" og „skitna skepnu, mogdyr". Þegar kærandi sagði þessi skammaryrði, kvaðst ákærði

sennilega hafa ýtt honum „aukalega“, þar sem þolinmæði hans var á þrotum, og féll kærandi við. Tók ákærði fram, að vel mætti vera, að það hefðu verið samverkandi staðreyndir, sem ollu falli kæranda, þ. e. ölvun hans, hálkan og það, að ákærði var að ýta honum. Ákærði neitaði að hafa slegið til kæranda eða sparkað í hann. Ákærði kvað skipstjóra hafa dottið á þilfarið við að aftra konunni frá að sparka og slá og taldi útilokað, að hann hefði hrint skipstjóra. Ákærði taldi mjög ólíklegt, að kærandi hefði kjálkabrotnað um borð í skipinu, enda hefði hann setið að drykkju hjá skipstjóra eftir átökin, en fyrir þau hefði hann ekki dvalizt inni hjá skipstjóranum.

Reynt var að samræma framburði ákærða og kæranda, en hvor um sig hélt fast við sína framburði. Neitaði kærandi því, að hann hefði haft í frammi skammaryrði um ákærða og tók fram í því sambandi, að hann þekkti ekki orðið „mogdyr“ og hefði aldrei heyrt það nefnt.

Í vottorði Björns Gunnlaugssonar læknis, sem dagsett er 10. apríl 1965, segir m. a., að kærandi hafi komið til hans „þ. 4. marz eftir að hafa fengið — að sögn — hnefahögg í andlitið sama dag. Við röntgenskoðun daginn eftir kom í ljós, að hann var tvíkjálkabrotinn á neðri kjálka. Lagði ég hann inn á Landspítalann (handlæknisdeild: Læknir Árni Björnsson) til aðgerðar. Lá hann þar frá 7. 3. til 17. 3. þetta ár. Var alveg ófær til vinnu — sem nú er innheimta — frá 4. 3. til 10. 4. Taka skal fram, að áverki þessi, skurðaðgerðir og eftirmeðferð var afar sársaukafull og framúrskarandi óþægileg. Gera má ráð fyrir, að maðurinn verði lengi að ná sér.“

Í vottorði Árna læknis Björnssonar frá 21. apríl 1965 segir m. a.: „Hinn 8/3 var gert að brotunum og slasaði útskrifaðist af deildinni hinn 17/3 1965 og var þá með vírbenzli, sem lokuðu tanngörðunum. Fjórum vikum eftir slysið voru vírbenzlin tekin. Brotin liggja nú vel, en eru ekki að fullu gróin.“

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, eru framburðir aðilja um málsatvik öll yfirleitt mjög á reiki. Frásögn ákærða um, að kærandi hafi klifrað um borð í skipið þrátt fyrir bann hans fær ekki staðizt, enda staðfesti skipstjóri, að kærandi hefði verið gestkomandi í klefa hans. Gegn neitun ákærða verður ekki talið nægilega sannað, að hann hafi slegið til kæranda með hnefahöggum. Hins vegar telur dómurinn nægilega sannað með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við vætti vitna og önnur gögn málsins, að hann hafi veitzt að kæranda með líkam-

legu ofbeldi, þótt hann hefði enga ástæðu til slíks, og með því valdið meiðslum þeim, sem kærandi hlaut, enda ekkert komið fram um, að kærandi hafi orðið fyrir öðru hnjaski, þar til hann leitaði læknis þá samdægurs. Varðar atferli ákærða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans samkvæmt því ákvæði eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 45 daga, en ákveða þykir mega, að fullnustu refsingar skuli frestað og hún falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Kærandi hefur krafizt skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 43.450.00. Sundurliðar kærandi kröfurnar þannig:

1. Atvinnutjón 1½ mánuð	kr.	18.000.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	25.000.00
3. Bílkostnaður og lyf	—	450.00
Samtals	kr.	43.450.00

Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfunum.

Ad. 1: Kröfuliður þessi er ekki nægilega rökstuddur, og verður hann gegn neitun ákærða ekki tekinn til greina.

Ad. 2: Kröfulið þessum þykir í hóf stillt, og verður hann því dæmdur að fullu.

Ad. 3: Kærandi hefur lagt fram reikninga fyrir lækniskostnaði að fjárhæð kr. 450.00, og verður kröfuliður þessi því til greina tekinn.

Samkvæmt ofanrituðu verður ákærði dæmdur til að greiða kæranda skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 25.450.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags, svo sem krafizt er.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Lögreglurannsókn málsins annaðist Leifur Jónsson lögreglumaður, en Jón A. Ólafsson fulltrúi fór með dómsrannsókn þess.

Dómsorð:

Ákærði, Erik Ludvig Olsen, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar skal frestað, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt

skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Kristjáni Ásgeirssyni, Sundlaugavegi 12, Reykjavík, kr. 25.450.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1966.

Nr. 123/1965. **Magnús Haraldsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Húsgagnaverzlun Axels Eyjólfssonar og gagnsök (Einar Viðar hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1965. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 36.854.35 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. maí 1964 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 9. september 1965. Hann krefst þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að

staðfesta hann að efni til, en rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Húsgagnaverzlun Axels Eyjólfssonar, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Magnúsar Haraldssonar, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., hefur Magnús Haraldsson stórkaupmaður, Sólheimum 23 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 27. ágúst 1964, gegn Húsgagnaverzlun Axels Eyjólfssonar, Skipholti 7 í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 36.854.35 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfu sinnar í 7% frá 1. janúar 1965.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Hin umstefnda fjárhæð er andvirði viðarspóns, sem stefnandi flutti inn frá Ítalíu vorið 1964. Telur stefnandi sig hafa flutt spón þennan inn samkvæmt pöntun stefnda, en stefndi telur sig hafa tekið við honum í umboðssölu fyrir stefnanda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi fengið send frá Ítalíu sýnishorn af viðarspón. Hafi hann af því tilefni hringt til stefnda, sem hafi starfsemi sína í næsta húsi við skrifstofu stefnanda, til þess að líta á sýnishornin, en sjálfur kvaðst stefnandi ekki hafa vit á viðarspón. Hafi stefndi komið að vörmu spori, litið á sýnishornin og litist vel á þau. Hafi stefndi haft orð á því, að varasamt væri að panta of mikið magn í einu, en stefnandi hafi spurt hann, hvort hann mundi vilja taka spón þennan til reynslu. Hafi það orðið úr, að stefnandi hafi pantað það magn, sem greiðslu er krafizt fyrir í málinu, en þeir hafi orðið sammála um að panta það magn. Kvaðst hann í símtali sínu

við stefnda hafa margítrekað við hann, að spónninn yrði eingöngu pantaður fyrir hann og pöntunin gerð eingöngu með því skilyrði, að stefndi tæki alla pöntunina. Stefnandi kvaðst hafa tilkynnt stefnda, er varan hafði verið tollafgreidd og þá boðizt til að flytja hana til hans. Hafi stefndi samþykkt það. Hafi þetta verið í byrjun maímánaðar 1964. Hann kvað stefnda hafa beðið um að fá að sjá innkaupsreikninginn til þess að geta borið saman við vörusendinguna. Stefnandi kvaðst hafa reiknað út verð vörunnar sama daginn eða daginn eftir, að stefndi fékk hana til sín. Er hann hafi tjáð stefnda upphæðina, hafi stefndi haft orð á því, að honum virtist varan eitthvað dýrari en hann hafði áður fengið upp gefið. Kvaðst stefnandi þá hafa sagzt mundu gefa honum 6% afslátt. Kvaðst hann síðan hafa útbúið reikninginn og að því loknu hringt til stefnda og spurt hann, hvort víxill til greiðslu vörunnar mætti vera til tveggja mánaða, en það kvað stefnandi hafa verið venju á umræddum tíma, ef ekki var staðgreitt. Kvað stefnandi stefnda hafa svarað því til orðrétt: „Það kæmi ekki til greina, það væri allt of stuttur tími." Kvaðst stefnandi þá hafa boðið stefnda að greiða með þriggja mánaða víxli, en stefndi hafi einnig talið það of stuttan frest. Kvaðst stefnandi þá hafa tjáð stefnda, að um það gætu þeir samið, þegar hann kæmi með reikninginn. Einum eða tveim dögum síðar kvaðst stefnandi hafa farið með reikninginn til stefnda, en þá hafi stefndi neitað að samþykkja víxilinn og tjáð stefnanda, að hann hefði eingöngu tekið vöruna í umboðssölu. Kvað stefnandi sér hafa komið þetta á óvart og hafi hann krafizt þess, að stefndi samþykkti víxilinn eða að minnsta kosti kvittaði fyrir móttöku á vörunni. Kvað stefnandi stefnda hafa dregið þetta lengi við sig, en að lokum áritað reikninginn um móttöku „til sölu". Kvaðst stefnandi hafa mótmælt við stefnda þeirri áritun. Í ágústmánuði s. á. kvaðst stefnandi hafa hitt stefnda á götu og þá innt hann eftir því, hvort hann ætlaði ekki að fara að greiða reikninginn, þar sem hann hefði þá þegar haft þriggja mánaða greiðslufrest. Hafi stefndi svarað því á þá leið, að varan væri fyrir sér og hann mundi senda stefnanda hana. Hafi stefnandi þá snúið sér til lögfræðings síns, sem hafi skrifað stefnda kröfubréf. Dag inn eftir það hafi stefndi komið í skrifstofu stefnanda, fleygt í hann innkaupsreikningnum og sagzt gefa stefnanda nokkra daga frest til að taka vöruna. Um 10 dögum síðar hafi stefnandi orðið var við, að viðarspónsbúnt hafi verið komið fyrir framan dyr á skrifstofu hans, en dag þennan hafi verið hellirigning. Kvaðst

stefnandi hafa talið búnt þetta vera umrædda vöru, en ekki skipt sér frekar af því.

Axel Eyjólfsson, einkaeigandi hinnar stefndu húsgagnaverzlunar, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi hringt í hann til að skoða sýnishorn af viðarspón, sem stefnandi hafði fengið frá Ítalíu. Hafi stefnandi viljað, að hann gerði stóra pöntun af vörunni, en það hafi hann ekki viljað. Hins vegar hafi hann gefið stefnanda leiðbeiningar og ráðlagt honum að panta ekki mikið magn af hverri tegund, þar sem nýtt hafi verið að fá spón frá Ítalíu. Kvað stefndi það aldrei hafa komið til greina af sinni hálfu, að hann keypti umræddan spón. Hins vegar hafi hann samþykkt að hafa spóninn til sölu í greiðaskyni við stefnanda sem nágranna og ekki ætlazt til, að hann fengi sérstaka þóknun fyrir. Hann kvaðst hafa rekið húsgagnaverkstæði í 30 ár og kvað verkstæði sitt spónleggja fyrir ýmsa aðilja og einnig selja spón í því sambandi. Hafi hann ávallt keypt spón annað hvort af lager eða pantað beint í eigin nafni fyrir milligöngu umboðsmanns hér. Eftir að hér umrædd vara hafi verið komin til landsins, hafi stefnandi enn viljað, að stefndi keypti spóninn, en hann hafi enn neitað því, enda hafi þá verið komið í ljós, að varan var mun lakari en venja var um annan spón, t. d. frá Danmörku og Þýzkalandi, en frá þeim löndum sé mest keypt af spón hingað. Stefndi kvaðst hafa reynt að selja vöruna fyrir stefnanda með hans samþykki, en það hafi ekki tekizt. Stefndi mótmælti skýrslu stefnanda um samtöl þeirra um greiðslu og greiðslufresti á vörunni, eftir að hún kom til landsins, en þó kvaðst hann minnast þess, að rætt hefði verið um það, að varan væri dýrari en í upphafi hafi verið talið. Hann kvaðst hafa áritað reikninginn um móttöku á vörunni til sölu fyrir stefnanda. Hann kvað þá aðilja hafa eitt sinn hitzt á götu og hafi stefnandi þá krafið hann um greiðslu fyrir vöruna. Er stefndi hafi neitað greiðslu, hafi stefnandi hótað honum að fá málið í hendur lögfræðingi og hafi hann fengið síðan kröfubréf frá slíkum. Daginn eftir hafi hann farið í skrifstofu stefnanda og þá gefið honum sólarhringsfrest til þess að sækja vöruna í verkstæðið. Stefnandi hafi ekki sinnt því og hafi stefndi þá sett vöruna innpakkaða, eins og hún hafi komið til hans, við dyr skrifstofu stefnanda.

Vitnið Helgi Hallsson kvaðst vinna öðru hverju í skrifstofu stefnanda. Kvaðst hann hafa verið heyrnarvottur að samtali aðilja varðandi pöntun á viðarspóninum. Hafi stefnandi margtekið það fram við stefnda, að þar sem hann (stefnandi) hefði ekki vit á

umræddri vörutegund, þá hefði hann leitað til stefnda með það fyrir augum, að hann gerði reynslupöntun fyrir húsgagnaverzlunina. Kvaðst vitnið álíta, að stefndi hafi verið sér þess meðvitandi, að um kaup á vörunni yrði að ræða af hans hálfu. Væri það og venja stefnanda, að því er vitnið vissi til, að panta ekki vörur til umboðssölu hjá öðrum. Þó hafi það komið fyrir, ef stefnandi hafi átt lager, sem gamall var orðinn, að hann fengi verzlanir til að selja slíkar vörur í umboðssölu, en þá hefði slíks sérstaklega verið getið á reikningi. Vitnið kvað það algengt, þegar pantað sé lítið magn af vöru, að hún verði dýrari en gefið er upp í verðskrá.

Vitnið Eyjólfur Axelsson, sonur stefnda, kvaðst ekki hafa hlýtt á samtöl aðiljanna. Er stefnandi hafi komið með spóninn í verkstæðið, hafi stefndi sagt því, að hann mundi reyna að selja vöruna fyrir stefnanda. Kvaðst vitnið þá hafa farið í skrifstofu stefnanda til þess að fá þar sundurliðun á innihaldi spónapakkans. Hafi stefnandi þá sagt á þá leið, að þeir mundu ekki verða lengi að selja fyrir hann spóninn. Kvaðst vitnið hafa svarað því til, að það mundi taka þá um eitt ár, þar sem þeir seldu ekki spón nema til þeirra, sem þeir spónlegðu fyrir. Kvað vitnið reynt hafa verið að selja spóninn, en það hafi ekki tekizt, enda hafi hann ekki verið samkeppnisfær við annan spón, er til var á verkstæðinu.

Það er viðurkennt af stefnanda, að hann hafi boðað stefnda til sín til að líta á margnefnd sýnishorn, þar sem hann hafi sjálfur ekki borið skynbragð á slíkar vörur. Hins vegar heldur hann því fram, að hann hafi pantað umrætt magn af vörunni til landsins fyrir stefnda. Stefndi hefur hins vegar neitað því að hafa pantað vöruna, heldur hafi hann aðeins leiðbeint stefnanda hana varðandi og hafi ætlað að reyna að selja hana fyrir hann.

Hann hafi því aðeins kvittað á reikninginn frá stefnanda, að hann hefði tekið á móti vörunni til sölu. Í málinu er því staðhæfing gegn staðhæfingu að þessu leyti. Með tilliti til þess, hvernig atvikum öllum var háttað um viðskipti aðiljanna og hér að framan er rakið, þá þykir verða að leggja á stefnanda sönnunarbyrði um það, að um kaup á vörunni hafi verið að ræða af hálfu stefnda strax í upphafi. Stefnandi þykir hins vegar gegn eindregnum mótmælum stefnda eigi hafa fært sönnur að þessu atriði, og ber því að sýkna stefnda af kröfu hans í málinu. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sveini Helgasyni stórkaupmanni og Árna Árnasyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Húsgagnaverzlun Axels Eyjólfssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Haraldssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 20. apríl 1966.

Nr. 185/1965. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs** (Benedikt Blöndal hdl.)
gegn
Guðjóni Hólm
Jóhannesi Jóhannessen
Verzlunarbanka Íslands h/f
Dánarbúi Halldórs Ólafssonar
Gjaldheimtunni í Reykjavík og
Hauki Jónssyni (Hörður Ólafsson hdl.)..

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1965 og krafizt þess, að húsið nr. 119 við Ásgarð í Reykjavík verði á uppboði slegið borgarsjóði Reykjavíkur á kr. 464.513.73 og svo, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur eiganda hússins nr. 119 við Ásgarð, Guðna Þ. Theodórssyni, eigi verið stefnt fyrir Hæstarétt.

Verður af þeim sökum að frávísa málinu frá Hæstarétti, sbr. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefndu, Guðjóni Hólm, Jóhannesi Jóhannessen, Verzlunarbanka Íslands h/f, dánarbúi Halldórs Ólafssonar, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Hauki Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 14. október 1965.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefur f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur gert þá réttarkröfu, að húseignin nr. 119 við Ásgarð verði slegin borgarsjóði fyrir kr. 388.645.58.

Af hálfu uppboðsbeiðenda er þessari kröfu borgarstjóra mótmælt.

Var mál þetta tekið til úrskurðar 8. þ. m.

Með bréfi, dags. 10. maí s.l., krafðist Guðjón Hólm héraðsdómslögmaður þess, að fram færi nauðungaruppboð á húseigninni Ásgarði 119 hér í borg, þinglesinni eign Guðna Þ. Theodórssonar, sama stað, til lúkningar skuld samkvæmt 2 víxlum, samtals að fjárhæð kr. 179.000.00 auk vaxta og kostnaðar, og með heimild í 4. veðréttar tryggingarbréfi í fasteign þessari, útgefnu 22. október 1962 af uppboðsþola. Sjá rskj. 1—4.

Hinn 16. maí s.l. krafðist Jóhannes Jóhannessen lögfræðingur uppboðs á sömu eign til lúkningar fjárnámskröfu að upphæð kr. 25.000.00 auk vaxta og kostnaðar.

Hinn 29. maí sl. var uppboðsþola tilkynnt á tíðkanlegan hátt um framkomna uppboðsbeiðni, og var auglýsing um nauðungaruppboð þetta, sem tekið skyldi fyrir á skrifstofu uppboðshaldara 9. ágúst s.l., send til birtingar í Lögbirtingablaðinu hinn 19. júní s.l.

Þegar uppboðið samkvæmt þessu var tekið fyrir hinn 9. ágúst

s.l., hafði borizt uppboðsbeiðni Sigurðar Sigurðssonar til lúkningar skuld samkvæmt 3 víxlum, samtals að fjárhæð kr. 48.000.00 auk vaxta og kostnaðar, og með heimild í tryggingarbréfi, útgefnu af uppboðsþola til Verzlunarbanka Íslands hinn 4. september 1961. Enn fremur lá þá fyrir uppboðsbeiðni Páls S. Pálssonar f. h. tveggja fjárnámshafa í eigninni samtals til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 362.666.66 auk vaxta og kostnaðar. Loks hafði Gjaldheimtan í Reykjavík krafizt uppboðs til lúkningar lögtakskröfu fyrir fasteignagjaldi, kr. 2.413.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar. Vísast um þessar kröfur allar til rskj. 1—12 og 15.

Uppboðinu var frestað með samkomulagi aðiljanna til 28. september, og var í því réttarhaldi ákveðið, að uppboðið yrði næst tekið fyrir á eigninni sjálfri mánudaginn 4. október kl. 3 e. hád. Er uppboðið var tekið fyrir þann dag, hafði borizt uppboðsbeiðni Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns til lúkningar fjárnámskröfu að upphæð kr. 25.250.00 auk vaxta og kostnaðar, sjá rskj. 18 og 19, og gekk hann inn í uppboðið.

Við uppboðið lá fyrir bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. s. d. og framlagt sem rskj. 20, þar sem þess er krafizt, að eignin yrði slegin borgarsjóði fyrir kr. 386.589.55, og var vísað til meðfylgjandi gagna, sjá síðar. Ef ekki yrði fallizt á þessa kröfu, var því jafnframt lýst yfir, að borgarsjóður mundi krefjast greiðslu á áhvílandi skuldum til borgarsjóðs og gjaldföllnum ársgreiðslum.

Mætt var við uppboðið af hálfu allra uppboðsbeiðenda, og að kröfu þeirra fór uppboðið fram. Varð hæstbjóðandi Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Ólafs Tryggvasonar og bauð kr. 550.000.00, en að kröfu eins þeirra var ákveðið, að annað og síðasta uppboð skyldi fara fram hinn 18. þ. mán..

Greinargerð hefur komið fram um ágreining þennan af hálfu borgarstjóra svo og af hálfu uppboðsbeiðenda.

Nú er þess krafizt af hálfu borgarstjóra, að eign þessi verði slegin borgarsjóði fyrir 386.645.58 kr., og er þá reiknað með vísitölu 248 stigum, sbr. rskj. 23. Er krafa þessi rökstudd á þessa leið:

Húsið Ásgarður 119 er byggt af borgarsjóði samkvæmt lögum nr. 42/1957 um húsnæðismálastofnun o. fl. og samkvæmt reglugerð nr. 155/1957, sbr. reglugerð nr. 5/1956. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 155/1957 skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt að slíku húsi, ef eigendaskipti verða, og er söluverð reiknað út eftir ákveðnum reglum, en óháð því, hversu mikið kynni að mega fá fyrir húsnæðið á frjálsum markaði eða á ann-

an hátt. Er vísað til útreiknings á fylgiskjölum með rskj. 20 og samkvæmt því og vísitölu 248 stigum, og sú upphæð, sem boðin er fram, er þannig fundin. — Borgarsjóður hefur alltaf keypt íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt þessum lögum með þessum hætti, ef eigendur hafa óskað þess. Aðeins má selja þessar íbúðir þeim, er búa í heilsuspillandi húsnæði, og ber gaumgæfilega að líta á þann tilgang við úrskurð máls þessa og þótt umrætt ákvæði eigi við sveitarfélög þau, sem reisi íbúðir þessar, leiði af sjálfu sér, að það yrði gersamlega fánýtt, ef unnt væri að sniðganga innlausnarskyldu sveitarfélaga með því að selja íbúðirnar hæstbjóðanda á nauðungaruppboði. Enn ber á það að líta, að viðsemjendum uppboðsþola og kröfuhöfum hafi mátt vera ljós þessi annmarki, þar sem þinglýst hafði verið ákvæði um forkaupsrétt borgarsjóðs, og að auki er óeðlilegt, að fjárnámshafar geti fengið betri rétt við nauðungaruppboð en þeir, sem eiga þinglýstar veðskuldir í eign. Væri og sú niðurstaða óeðlileg, að forkaupsréttur borgarsjóðs félli niður við sölu á nauðungaruppboði, en ekki við frjálsa sölu, enda væri þar um að ræða mismun milli eigenda íbúða, sem um ræðir í þessum lögum og reglugerðum.

Uppboðsbeiðendur vísa til 9. greinar laga nr. 57 frá 1949 um nauðungaruppboð og samkvæmt þeirri grein veiti kaupréttur og forkaupsréttur ekki heimild til að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi, nema svo sé sérstaklega fyrir mælt í lögum, en því sé ekki til að dreifa. Borgarsjóður hafi svo að segja hindrunarlaust veitt veðleyfi í nefndri fasteign, áður en hún komst á nafn uppboðsþola, þar á meðal til uppboðsbeiðandans Guðjóns Hólm og sé þar athugunarvert, að borgarstjóri hafi ekkert minnzt á þennan kauprétt borgarsjóðs og standi þó svo á í því tilfelli, að verð það, er borgarsjóður vilji nú fá eignina á, fullnægi ekki einu sinni greiðslu á þeirri kröfu.

Með tilliti til ákvæða 9. greinar laga nr. 57 frá 1949, sem ekki virðist hafa verið breytt af lögum nr. 42/1957 um húsnæðismálastofnun o. fl., verður ekki talið, að rétt sé að taka til greina kröfu borgarstjóra í máli þessu. Verður henni því vísað á bug.

Kristján Kristjánsson yfirborgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa borgarstjórans í Reykjavík í þessu máli er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 22. apríl 1966.

Nr. 29/1965. **Björgvin Ólafsson** (Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Hornsteini s/f og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Riftun kaups.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. janúar s. á. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. febrúar 1965. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotum til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 6.000.00 í málskostnað hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, Björgvin Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda, Hornsteini s/f, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. þ. m., hefur Hornsteinn s/f, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. febrúar 1963, gegn Björgvin Ólafssyni, Birkimel 8, hér í borg.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði með

dómi, að kaupsamningi aðiljanna frá 20. febrúar 1962 um 2.47% húseignarinnar Hátúni 8, hér í borg, sé rift vegna lögmætra ástæðna stefnanda.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins..

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dagsettum 20. febrúar 1962, seldi stefnandi stefnda 2ja herbergja þakíbúð í vesturálmu hússins nr. 8 við Hátún, hér í borg. Taldist íbúðin með því, sem henni tilheyrði, 2.47% allrar húseignarinnar. Í kaupsamningnum eru eftirtalin ákvæði meðal annars:

„Íbúðin sé afhent einangruð með 2ja tommu plast einangrun. *Öll létt skilrúm* séu sett upp samkv. teikningu, úr 7 sm. vikurplötum. Gengið sé frá *raflögn.* .... Íbúðin sé *gróf- og fínmúrhúðuð. Að utan* sé húsið múrhúðað og málað, þ. á m. gluggar. *Gluggar* séu frágengnir (með tvöföldu gleri samanlímdu) nema í stigagöngum, svalarhurðum og opnanlegum fögum, þar séu trélistar á milli. *Útihurðir* allar, þ. á m. svalarhurðir, svo og sorpgymsluhurðir og hurðir fyrir reiðhjólageymslu. *Svalarhandrið* sé fullfrágengið. *Þak* hússins sé fullgert. Gengið sé frá þakrennuniðurföllum. Seljandi lofar að ljúka þessu stigi byggingarinnar svo fljótt sem ástæður leyfa. *Miðstöðvarvatns- og skólplagnir* samkvæmt teikningu Bárðar Daníelssonar verkfræðings. *Miðstöð* sé að fullu lögð, þ. á m. ofnar, og tilbúin með sérhitaveitu fyrir hverja íbúð. *Vatns- og skólplagnir* séu lagðar að hreinlætistækjum. Gengið sé frá öllum loftrásum .... *Lyfta.* Seljandi setur lyftu í húsið á sinn kostnað. Leyfi er fengið fyrir lyftu frá V-Þýzkalandi, og verður hún sett upp í síðasta lagi 30. júlí n.k. Sorprennur skulu fullgerðar með lokum.

Kaupverð og söluskilmálar: Umsamið kaupverð, kr. 302.000.00, lofar kaupandi að greiða, sem hér segir:

a. Við undirskrift kaupsamnings þessa	kr.	200.000.00
b. Við afhendingu íbúðar 15. apríl n.k., enda sé þá íbúðin múrhúðuð, afsal	—	50.000.00
c. Þegar lyfta er tilbúin af hendi seljanda ..	—	35.000.00
d. Þegar öllum framkvæmdum samkv. samningi þessum er lokið	—	17.000.00

Afhendingartími íbúðar: Seljandi lofar að unnið skuli að öllu sjálfráðu frátafarlaust við húsbygginguna með eðlilegum vinnu-

tíma, allt frá því, er bygging hefst og þangað til lokið er þeim byggingarstigum, sem nefnd eru í samningi þessum. Íbúðin sjálf skal afhent kaupanda, jafnskjótt og íbúðin sjálf er komin í það ástand, sem samningur þessi segir til um, þó að ekki sé lokið samningsbundnum frágangi á hinum sameiginlegu húshlutum, svo að kaupanda gefist kostur á að hefja þá þegar framkvæmdir við frágang íbúðarinnar .... Þegar íbúðin sjálf er tilbúin til afhendingar er seljanda skylt að gefa út afsal til kaupanda fyrir hinum selda eignarhluta og kaupanda samtímis skylt að standa við greiðsluskyldur sínar samkv. kaupsamningi þessum .... Öllum framkvæmdum hússins af hendi seljanda sé lokið 31. des. 1962."

Stefndi greiddi kr. 200.000.00 við undirskrift kaupsamnings.

Kaupsamningnum hefur ekki verið þinglýst.

Stefnandi kveður múrhúðun íbúðarinnar hafa verið lokið hinn 14. apríl 1962 og lyfta, dýr og vönduð, hafi verið komin í húsið og tekin út af öryggiseftirlitinu 13. september 1962. Stefndi hafi æ ofan í æ lofað að greiða áfallnar greiðslur, en af efndum hafi ekki orðið.

Hinn 28. sept. 1962 ritaði Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður stefnanda bréf. Var þar tekið fram, að stefndi hefði ekkert greitt af eftirstöðvum kaupverðsins. Í bréfinu gerir lögmaðurinn svofellda grein fyrir ástæðum til þess, að stefndi hafði ekki greitt: „Á það rót sína að rekja til þess, að honum hefur eigi enn verið afhent íbúðin í samningshæfu ástandi. Skortir þar verulega á, svo sem síðar greinir. Auk þess hefur Björgvin orðið að leggja í kostnað vegna úrbóta á göllum frá yðar hendi. Skulu nú talin þau atriði, er Björgvin gerir athugasemd við um frágang íbúðarinnar:

1) Ofnastærð íbúðarinnar er röng.
2) Gler í gluggum var bylgjað.
3) Frágangur á loftrásum gallaður.
4) Hurð vantar fyrir op að hitaveitumæli.
5) Lekur með tveim rúðum og gluggakarmi.
6) Flæðir inn með lausaspjöldum á gluggum.
7) Flintkót notað sem efsta lag á svalir.
8) Einn veggur íbúðarinnar ferlega sprunginn.
9) Pípulögn hálf í vegg og hálf út úr vegg.

Kostnað við að bæta úr ofangreindu svo og bætur fyrir af-

hendingardrátt á íbúðinni metur Björgvin á kr. 20.000.00. Vill hann gera yður það sáttaboð, að kaupverð íbúðarinnar verði lækkað sem þessu nemur, ella telur Björgvin sig knúinn til að fá dómkvadda tvo óvilhalla menn til þess að meta ofanritað til fjár. Ég skora hér með á yður að taka afstöðu til framanritaðs fyrir 7. okt. n.k.

Jafnframt tilkynnist yður, að greindur Björgvin hefur í dag afhent mér sparisjóðsbók við Útvegsbanka Íslands með innstæðu að fjárhæð kr. 50.000.00 til greiðslu á b-lið greiðslu samkomulagsins, er að framan getur, og mun ég afhenda yður sparisjóðsbókina, er samkomulag hefur náðst um úrbætur af yðar hendi svo og er greiddur hefur verið beinn kostnaður Björgvins vegna úrbóta, er hann hefur orðið að greiða vegna galla, er fram hafa komið frá yðar hendi á smíði íbúðarinnar.

Jafnframt leyfi ég mér að tilkynna yður, að ég mun annast greiðslu á þeim kr. 35.000.00 (c-lið greiðslusamkomulagsins), er Björgvin ber að greiða til yðar, er lyfta er tilbúin. Má vitja þeirrar fjárhæðar hingað á skrifstofuna, þegar þér hafið innt af hendi þá samningsskyldu yðar."

Lögmaður stefnanda, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, ritaði lögmanni stefnda af þessu tilefni bréf, sem dagsett er 12. október 1962. Mótmælti lögmaðurinn því, að stefnandi væri í óbættum sökum við stefnda og tilkynnti jafnframt, að það væri aðalkrafa stefnanda, að hann rifti kaupsamningnum, enda mundi stefnandi endurgreiða stefnda framlag hans að frádregnum hæfilegum bótum fyrir vanefndir og heimildarlausar breytingar á íbúðinni frá því, sem ákveðið var á teikningu. Til vara var boðið, að kaupin héldu áfram, enda greiddi kaupandi tafarlaust kr. 85.000.00 ásamt innheimtulaunum til lögmanns stefnanda og tæki jafnframt við afsali fyrir íbúðinni. Ekki sinnti stefndi þessu. Hins vegar ritaði stefndi yfirborgardómaranum 10. febr. 1963 bréf, þar sem hann óskaði eftir, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta ýmsa vankanta, sem hann taldi vera á íbúðinni. Þann 12. febrúar 1963 voru dómkvaddir tveir matsmenn til að meta hið umbeðna, og 16. sama mánaðar fékk stefnandi tilkynningu um að mæta með matsmönnum á vettvangi. Af hálfu stefnanda var matinu þá mótmælt sem ótímabæru, þar eð kaupunum væri þegar rift vegna vanskila kaupanda. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta með birtingu stefnu þann 25. febrúar 1963, eins og áður greinir.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna liggur frammi í málinu. Er hún dagsett 18. marz 1964. Þar segir m. a.:

„Hentugast þykir að taka hvern matslið fyrir sig til athugunar og verður byrjað á fyrri matsbeiðninni og fylgt þeirri röð, sem þar er.

1. *matsliður:* „Hvort ofnastærð íbúðarinnar hafi verið forsvaranleg samkvæmt teikningu, hvort ástæða hafi verið til að skipta um ofnastærð, hvort staðsetningu ofnanna hafi verið ábótavant og hvort tenging þeirra hafi verið forsvaranleg?"

Matsbeiðandi lét taka burtu þá ofna, er upphaflega voru í íbúðinni og setja upp aðra af annarri tegund. Þessari breytingu var lokið og fyrri ofnarnir fluttir af staðnum, þegar fyrsta skoðunargerð fór fram. Hvorki uppdrættir né útreikningar hafa verið lagðir fram. Matsmenn telja, að gögn skorti til þess að meta þennan lið.

2. *matsliður:* „Hvort gler í gluggum sé forsvaranlegt? Hvort venja sé að afhenda selda íbúð með brotnu gleri? Ef hér sé um galla að ræða, hvað kosti að bæta úr því?"

Við skoðun var upplýst, að bætt hafði verið úr þeim göllum, sem hér eru taldir að öðru leyti en því, að sprunga er í annarri rúðunni út að svölum. Þarna er um tvöfalt gler að ræða, rúðustærð 178×130 cm. Móða er á rúðunni, og telst hún ónothæf. Ekki voru aðilar sammála um það, hvenær sprungunnar hefði orðið vart. Kostnaður við að taka rúðuna úr og setja í nýja, allt efni og vinna innifalið telst hæfilega metin á kr. 3.500.00.

3. *matsliður:* „Hvort múrsmíði íbúðarinnar sé forsvaranleg? Ef svo sé eigi, hvað kosti að bæta úr því?"

Ekki sáu matsmenn neitt athugavert við frágang á múrverki. Að vísu er loft og gólf talsvert sprungið (sbr. einnig hér að neðan), en þeir telja ekki ástæðu til sérstakrar aðgerðar þess vegna.

4. *matsliður:* „Hvort frágangur á listum, gluggum og spjöldum hafi verið forsvaranlegur?"

Matsmenn telja frágang þennan óaðfinnanlegan.

5. *matsliður:* „Hvort skylt hafi verið samkvæmt samningi aðila að láta hurð fyrir op að hitaveitumæli?"

Í samningi er ekki getið um, að seljendum beri að leggja til hurð fyrir op að hitaveitumæli.

6. *matsliður:* „Hvort loftrásir og ristar séu forsvaranlegar?"

Við síðustu skoðunargerð hafði verið gengið frá loftrásum og ristum og fundu matsmenn ekkert við það að athuga.

7. *matsliður:* „Hvort málning á altani og vesturhlið hússins sé forsvaranleg?“

Við fyrstu skoðunargerð hafði ekki verið lokið við að mála húsið, en við þá síðustu var því lokið. Tilefni þessa matsliðar er fallið niður.

8. *matsliður:* „Hvort frágangur á járnrenning á altanhurð sé forsvaranlegur?“

Matsmenn gátu ekki annað séð en að frágangur þessi væri í góðu lagi. Ekki voru tök á því að prófa vatns- eða vindheldni.

9. *matsliður:* „Hvort forsvaranlegt sé að hafa eingöngu flintkote sem efsta lag á svölum íbúðarinnar og hvort ástæða sé til að bæta þar um?“

Gallar á frágangi svalanna fundust ekki. Algengt er að nota flintkote til þéttingar.

10. *matsliður:* „Hvort venja sé að skila íbúð af sér sem þeirri, er hér um ræðir, án þess að hreinsa glugga og pússa þá?“

Matsmenn vita ekki til þess, að föst venja hafi skapazt um þetta atriði, og í kaupsamningi er ekkert um það getið.

Kemur þá að framhaldsbeiðni.

1. *matsliður:* „Hvort loftið yfir fyrrgreindri íbúð sé lekt? Óskast gerð grein fyrir því, hvort svo sé og hvað kosti að bæta úr því, ef um leka er að ræða?“

Í bréfi Kristjáns Eiríkssonar, 14. marz 1963, er fyrsta setning spurningarinnar orðuð svo: „Umbj. m. staðhæfir, að loftið yfir íbúðinni sé lekt.“

Múrhúð loftsins er í öllum herbergjum íbúðarinnar allmikið sprungin og blettótt. Blettirnir virðast fylgja sprungunum að einhverju leyti. Slíkra bletta hefur ekki orðið vart í öðrum íbúðum í þakhæðinni, en á lofti stigahúss voru blettir, en þó ekki eins áberandi.

Eins og áður er getið, sáu matsmenn enga breytingu á blettunum frá því er þeir sáu þá fyrst og til síðustu skoðunargerðar. Merki um ný tilkominn raka var aldrei að finna. Á síðastliðnu sumri, eftir að rignt hafði alllengi, fóru matsmenn þess á leit, að þeir fengju að skoða íbúðina. Var þeim tjáð, að leka hefði ekki orðið vart og þeir beðnir að bíða þangað til frost gerði, en í slíkri veðráttu bæri helzt á leka. Nokkru fyrir jól s.l., en þá hafði verið frost um nokkurt skeið, óskuðu matsmenn að fá að athuga íbúðina. Var enn beðið um frest og skýrt frá því, að enginn leki hefði komið fram. Þess má geta, að aðfaranótt hins 13.

marz, þ. e. rúmum sólarhring áður en síðasta skoðunargerð fór fram, rigndi allmikið hér í Reykjavík. Regnhæðin var 7 mm. samkvæmt upplýsingum Veðurstofunnar (símtal).

Matsmenn líta svo á, að enginn leki hafi verið á loftinu síðan 16. febrúar 1963 og til 14. marz 1964. Sjálfir hafa þeir engin merki um það séð né þeim verið skýrt frá því. Blettirnir á loftinu geta tæplega stafað af öðru en vatni. Um rigningarvatn virðist ekki hafa verið að ræða, sbr. reynslu þessa tíma. Við skoðun virðist þakhúðun óskemmd og þétt. Líkur benda til þess, að hér hafi verið um slaga (kondens) að ræða í millilögum þaksins. Hvaða aðstæður kunna að hafa til þess leitt, vita matsmenn ekki. Í té látnar upplýsingar gengu skammt og voru óljósar. Séruppdráttur af þakinu eða aðrar óvefengjanlegar upplýsingar um gerð þess lágu ekki fyrir. Svo virðist sem tekið hafi fyrir þær orsakir, sem ollu lekanum, að minnsta kosti í bili.

Ekki er vitað um aðrar skemmdir en blettina. Sá skaði væri bættur með því að mála loftið og í sambandi við það eina yfirferð á veggi. Kostnaður við það er metinn á kr. 4.800.00.

2. *matsliður*: „Hvort forsvaranlegt sé, að frá pípulögn sé gengið á þann hátt, að lögnin standi að nokkru leyti út úr vegg, eftir að múrsmíði er lokið? Hvað kosti að bæta úr þessu, ef hér yrði talið um galla að ræða?"

Lagfæring hefur farið fram og tilefni til mats þar með fallið niður.

3. *matsliður:* „Hvort forsvaranlega sé gengið frá teinum í handriði á svölum íbúðarinnar? Hvað kosti að bæta úr þessu, ef hér yrði talið um galla að ræða?"

Matsmenn fundu ekkert við frágang teinanna að athuga.

Mjög hefur dregizt að ljúka þessu mati, en matsmenn eiga enga sök á því, sbr. það, sem að ofan greinir um gang málsins."

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að stefndi hafi vanefnt að greiða eftirstöðvar kaupverðsins samkvæmt b), c) og d) lið kaupsamningsins, samtals kr. 102.000.00, eða meir en ⅓ af kaupverðinu.

Þann 15. apríl 1962 hafi stefnda borið að greiða samkvæmt b) lið kr. 50.000.00 og þann 13. september 1962 kr. 35.000.00 samkvæmt c) lið kaupsamningsins og þá sé lokagreiðslan kr. 17.000.00 einnig löngu í gjalddaga fallin. Heldur stefnandi því fram, að það hafi verið forsenda fyrir kaupunum, að stefndi greiddi skilvíslega eftirstöðvar kaupverðsins. Sú forsenda hafi brostið. Van-

efndir stefnda séu svo verulegar, að stefnanda hafi verið heimilt að rifta kaupunum, sbr. meginregluna í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Verði riftunarkrafan tekin til greina, kveðst stefnandi að sjálfsögðu endurgreiða stefnda það, sem honum ber.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að verulega skorti á um efndir af hendi stefnanda. Í fyrsta lagi hafi verið um afhendingardrátt af hálfu stefnanda að ræða. Í öðru lagi hafi stefnanda borið að krefja stefnda sérstaklega um greiðslu samkvæmt b) og c) lið kaupsamningsins. Í þriðja lagi hafi íbúðin verið gölluð að ýmsu leyti og af því eigi stefndi rétt á afslætti. Stefndi kveðst hafa boðið fram greiðslu á kr. 85.000.00 að frádregnum hæfilegum bótum vegna vanefnda stefnanda. Stefnandi hafi ekki hirt um að taka við þeirri greiðslu, þegar hún var boðin fram.. Með tilvísan til þessa telur stefndi fjarri lagi, að vanefndir hans hafi verið það stórfelldar, að riftun eigi að varða. Beri því að taka sýknukröfu hans til greina.

Stefnandi hefur mótmælt því, að hann hafi vanefnt kaupsamninginn af sinni hálfu. Þá telur hann einnig, að stefndi hafi aldrei boðið fram löglega greiðslu.

Umtal lögmanns stefnda í bréfinu frá 28. sept. 1962 um greiðslu verður ekki gegn andmælum af hálfu stefnanda talið lögfullt greiðslutilboð. Verður því að líta svo á, að um algert greiðslufall sé að ræða hjá stefnda á eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 102.000.00.

Við hinn munnlega flutning var viðurkennt af hálfu stefnda, að gróf- og fínhúðun íbúðarinnar hafi verið lokið að mestu 15. apríl 1962. Þó hafi verið ólokið við að múra raufar og illa gengið frá múrhúðun sums staðar. Þá var á það bent, að stefnandi hafi ekki lokið við uppsetningu á lyftu fyrr en 13. sept. 1962 í stað 30. júlí s. á. Auk þessa hafi, eins og matsgerðin beri með sér, komið fram gallar, sem stefnandi hafi að nokkru lagfært. Hafi því verið um afhendingardrátt að ræða af hálfu stefnanda.

Gegn andmælum stefnanda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að afhendingardráttur af hálfu stefnanda hafi verið svo verulegur, að það eitt réttlæti greiðsludrátt stefnda.

Í kaupsamningnum er fram tekið, að stefnda beri að greiða kr. 50.000.00 15. apríl, enda skyldi múrhúðun þá lokið. Viðurkennt er af stefnda, að múrhúðun hafi verið lokið að mestu þann dag. Var stefnanda því ekki þörf á að krefja stefnda sérstaklega um nefnda greiðslu.

Í bréfinu frá 12. okt. 1962 skoraði lögmaður stefnanda á stefnda að greiða stefnanda samkvæmt b) og c) lið kaupsamningsins. Stefndi varð ekki við þeirri áskorun.

Að því er varðar galla íbúðarinnar, þá lagði lögmaður stefnda við hinn munnlega málflutning aðaláherzlu á eftirtalin atriði:

a. Ofnar klunnalegir og illa upp settir.

b. Allt gler hafi verið bylgjað í íbúðinni og ein rúða brotin.

c. Óhæft sé að hafa „flintkote" sem efsta lag á svölum.

d. Loftið í íbúðinni sé gallað.

Hins vegar taldi lögmaðurinn ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá galla, sem hann bað um mat á samkvæmt 3., 4., 6., 8., 10. og 3. framhaldslið matsgerðarinnar.

Um a:

Er matsmenn fóru á vettvang, hafði stefndi látið skipta um ofna. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að ofnar hafi verið haldnir göllum eða að frágangi þeirra hafi verið óbótavant.

Um b:

Stefnandi neitar því eindregið, að rúðan, sem í 2. matslið greinir, hafi verið brotin, þegar stefnda bar að taka við íbúðinni 15. apríl 1962. Stefnandi viðurkennir að hafa látið skipta um eina rúðu, en kveður rangt, að skipt hafi verið um fleiri rúður, eins og stefndi heldur fram.

Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að rúðan, sem í 2. matslið greinir, hafi verið sprungin þann 15. apríl 1962, þegar stefnda bar samkvæmt kaupsamningnum að taka við íbúðinni. Verður því að líta svo á, að rúðan hafi brotnað eftir 15. apríl 1962, en þá var íbúðin komin í ábyrgð stefnda.

Um c:

Stefnandi neitar því, að frágangur á svölum sé athugaverður. Áliti matsmanna um notkun „flintkote" og frágangi svala hefur ekki verið hnekkt. Verður það lagt til graundvallar.

Um d:

Dómendur fóru á vettvang 24. þ. m. Var þá ekki farið að mála loft íbúðarinnar. Hinir sérfróðu meðdómendur líta svo á, að sprungurnar í loftinu séu meðal annars tilorðnar vegna leka, en ekki slaga (kondens), eins og matsmenn álíta. Hverjar ástæður hafa leitt til lekans, telja hinir sérfróðu meðdómendur sig þó ekki geta sagt um, þar sem ekki lágu fyrir gögn um frágang á þakinu. Er dómendur skoðuðu loftið, var ekki að finna neinn raka í sprungunum eða kring um þær.

Frágangur á múrhúðun gólfa í íbúðinni er að áliti meðdómenda ábótavant.

Eins og áður er rakið, hefur algert greiðslufall orðið á eftirstöðvum kaupverðsins. Eftirstöðvarnar nema meiru en ⅓ af kaupverðinu. Verður að líta svo á, að þessi vanefnd stefnda á kaupsamningnum sé veruleg. Samkvæmt því, sem hefur verið rakið, þykir stefndi ekki hafa sannað, að vanefndir stefnanda séu svo verulegar, að stefnda hafi verið hinn langi greiðsludráttur heimill. Verður krafa stefnanda um, að dæmt verði, að kaupsamningi aðiljanna sé rift því tekin til greina.

Stefnandi hefur ekki í stefnu krafizt málskostnaðar. Verður hann því ekki dæmdur.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðrik Helgasyni múrarameistara og Finnboga Rúti Þarvaldssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Kaupum á 2ja herbergja þakíbúð í vesturálmu hússins nr. 8 við Hátún í Reykjavík samkvæmt kaupsamningi 20. febrúar 1962 milli stefnanda, Hornsteins s/f, og stefnda, Björgvins Ólafssonar, er riftað.

Mánudaginn 25. apríl 1966.

Nr. 152/1965. **Vilhjálmur S. Vilhjálmsson**
gegn
Málaranum h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1965. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 67.850.00 ásamt 7% árs-

vöxtum frá 9. september 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Slys það, sem í málinu greinir, varð á sléttum, en blautum palli. Eigi er í ljós leitt, að hellan á þessum palli hafi verið svo varhugaverð vegna hálku, að stefndi verði af þeim sökum talinn bera fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotum til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júlí 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Vilhjálmur S. Vilhjálmsson rithöfundur, Brávallagötu 50, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 28. janúar 1963, á hendur Málaranum h/f, hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 67.850.00 með 7% ársvöxtum frá 9. september 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að fjárhæð bótakröfu stefnanda verði lækkuð. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda..

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að föstudaginn hinn 9. september 1960 kl. rúmlega 1400 hafi hann farið ásamt eiginkonu sinni í verzlunina Málarann í húsinu nr. 7 við Bankastræti til að kaupa gólfdúk. Hafi þau hjónin staðið stutt við í verzluninni, þar sem þau hafi ekki getað fengið þann gólfdúk, sem þeim hafi hentað. Þau hafi því ákveðið, að eiginkona hans skyldi leita fyrir sér í verzlun þar nærri, en sjálfur kveðst stefnandi hafa ætlað til bifreiðar sinnar, sem staðið hafi efst í Bankastræti. Stefnandi kveður eiginkonu sína hafa gengið á undan

sér út úr verzluninni og kveður hana hafa verið komna út á Ingólfsstræti, er hann hafi gengið út um dyr verzlunarinnar. Er hann hafi stigið eitt skref á dyrapallinum, kveðst hann ekki hafa vitað fyrr til en hann hafi legið á miðjum pallinum fyrir dyrum verzlunarinnar og er hann hafi ætlað að rísa á fætur, hafi hann fundið, að hann var brotinn um læri. Stefnandi kveður umræddan pall fyrir framan dyr verzlunarinnar vera gerðan úr terrasso. Hann kveður dálítinn úða hafa verið. Er hann fyrst gerði tilraun til að reisa sig við með því að styðja niður lófanum, kveður hann höndina hafa runnið, eins og feiti, sápa eða bón væri á pallinum, og hafi höndin orðið gul. Þegar eftir slysið var stefnandi færður í slysavarðstofuna og stuttu síðar í St. Jósefsspítala, þar sem gert var að brotinu.

Af hálfu stefnanda er fébótaábyrgð stefnda byggð á því, að óforsvaranlegt sé að hafa inngöngupall í verzlun svo umbúinn sem hér. Pallurinn, sem sé úr terrasso, sé svo háll, að óforsvaranlegt sé. Hér sé um að ræða verzlunarfyrirtæki, sem óski og vænti komu manna í verzlunina og verði stefndi því að bera ábyrgð á þeirri áhættu, sem viðskiptavinum sé af því búin.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að umræddur pallur sé gerður úr viðurkenndu byggingarefni, er tíðkist í ýmsum byggingum hér í borg, m. a. verzlunarfyrirtækjum og bönkum, og sé gerður eftir viðurkenndri teikningu, sem samþykkt hafi verið af byggingaryfirvöldum. Þá er því haldið fram, að slitlag pallsins sé sízt hálla, þó að blautt sé, en t. d. bónuð gólf eða marmarahellur á stigum og anddyrum, sem víða tíðkist. Samkvæmt þessu er því haldið fram, að engin þau atvik liggi fyrir, sem leitt geti til þess, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Við munnlegan flutning málsins var því mótmælt af hálfu stefnda, að sápa eða önnur feiti hafi verið á pallinum, er slysið varð.

Að beiðni stefnanda kvaddi borgardómarinn í Reykjavík hinn 15. ágúst 1961 tvo menn til þess að framkvæma skoðunargerð á umræddri dyrahellu. Í álitsgerð skoðunarmannanna, þeirra Þórðar Runólfssonar öryggismálastjóra og Haralds Ásgeirssonar verkfræðings, segir m. a. svo:

„Dyrahella þessi er 90° geiri með 2 m. radíusi, steinsteypt og „Terraso“ lögð. Hún hefur aðeins vatnshalla út frá dyrunum. Áferð er svo sem venja er til um „Terraso“, mjög slétt. Eitt þrep er af gangstéttinni upp á dyrahelluna og annað af dyrahellunni

upp á þrepskjöld dyranna. Skygni jafnstórt dyrahellunni er yfir henni.

Varðandi slysahættu í sambandi við helluna má geta þess, að hin fægða áferð „Terraso" slitlagsins er hálli en venjulegur steinsteyptur flötur, einkum ef flöturinn er blautur og gengið er á honum á járnreknum skóm. Sérstaklega gætir þessarar hálku, þegar stigið er upp af hellunni eða niður á hana, þannig að skáspyrna kemur á hana. Enda þótt notkun þessa efnis (Terraso) sé all almenn á gólffleti, tröppur og palla, þá teljum við slíka notkun þess varhugaverða vegna hálku."

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Húsið nr. 7 við Bankastræti mun vera byggt um 1930, og skömmu síðar mun terrasso hafa verið lagt á dyrahelluna, en ekki er upplýst, hvort það hefur verið endurnýjað. Það tíðkast allmikið, að terrasso sé notað á slitfleti í steyptum stigum, stigapöllum og dyrahellum eins og þeirri, sem hér um ræðir. Það verður fallizt á það með hinum dómkvöddu skoðunarmönnum, að fletir, sem lagðir eru terrasso, séu hálli en venjulegir steinsteyptir fletir. Hins vegar verður eigi talið, að terrasso sé almennt svo hált, jafnvel þótt á það komi bleyta, að notkun á því á umrædda dyrahellu fyrir framan verzlun stefnda hafi verið óforsvaranleg. Þá verður eigi heldur talið fram komið, að dyrahellan hafi verið sérstaklega hál vegna slits eða af öðrum utanaðkomandi orsökum. Þykir því eigi í ljós leitt, að orsakir slyssins verði raktar til neinna þeirra atvika eða þeirrar áhættu, sem stefndi ber ábyrgð á gagnvart stefnanda.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jóhannesi Zoëga og Ögmundi Jónssyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, Málarinn h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vilhjálms S. Vilhjálmssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 27. apríl 1966.

Nr. 135/1965. **Árni Pálsson, Andrea Þóra Eiríksdóttir og Kjartan Magnússon**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Jóni Ragnarssyni og Höskuldi Dungal
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. október 1963, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1963 og krafizt þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefndu verði dæmt að greiða þeim óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón Ragnarsson krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hendi stefnda Höskulds Dungals hefur enginn komið fyrir Hæstarétt, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefur mál hans verið dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt ályktun bæjarráðs Reykjavíkur 31. júlí 1962 og bréfi borgarstjórans í Reykjavík 1. ágúst 1962 var þeim Árna Pálssyni, Lynghaga 8, og Höskuldi Dungal, Vífilsgötu 5, veittur réttur til leigulóðarinnar nr. 7 við Hjálmholt til að reisa á henni íbúðarhús. Leigulóð þessi er að stærð 841 fermetri. Tekið var fram í bréfi borgarstjóra, að bæjarráð mundi eigi leyfa framsal lóðarréttinda, áður en lóðarsamningur væri gerður, nema gildar ástæður væru til.

Hinn 30. janúar 1963 gerðu þeir áfrýjandi Árni Pálsson og áfrýjandi Kjartan Magnússon læknir, Eiríksgötu 19, með sér samning þess efnis, að Árni Pálsson skuldbatt sig til að selja Kjartani Magnússyni „neðri hæð hússins nr. 7 við Hjálmholt í Reykjavík ásamt hlutdeild í tilheyrandi lóðarréttindum og hitaklefa hússins í samræmi við stærð hins selda

af öllu húsinu“ og svo uppsteyptum bifreiðaskúr, 20 fermetra að stærð. Hið selda skyldi afhenda eigi síðar en 1. maí 1963, uppsteypt með járni á þaki og plasti fyrir gluggum. Kaupverðið skyldi vera kr. 600.000.00. Kr. 200.000.00 skyldu greiðast við undirskrift samnings, kr. 200.000.00 hinn 1. maí 1963 og kr. 200.000.00 á næstu 5 árum samkvæmt skuldabréfi. Stefndi Höskuldur Dungal ritaði hinn 30. janúar 1963 samþykki sitt á samning þennan „sem eigandi að lóðarréttindum ásamt Árna Pálssyni að lóðinni nr. 7 við Hjálmholt í Reykjavík“. Samdægurs rituðu þeir Árni Pálsson og Höskuldur Dungal borgarráði Reykjavíkur og fóru þess á leit, að það veitti Kjartani Magnússyni lækni heimild til að „yfirtaka rétt Höskulds Dungals til lóðarinnar og Kjartan Magnússon fái gerðan lóðarsamning við Reykjavíkurborg“. Hinn 6. febrúar 1963 tilkynnti borgarstjórinn í Reykjavík Árna Pálssyni í bréfi, að borgarráð hefði samþykkt, að Kjartan Magnússon „verði aðili að lóðarsamningi um Hjálmholt 7 í stað Höskulds Dungals, sem hefur afsalað sér rétti til lóðarinnar“. Borgarstjóri sendi Kjartani Magnússyni endurrit þessa bréfs s. d.

Hinn 17. febrúar 1962 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu Jón Ragnarsson gegn Höskuldi Dungal. Var dómsorðið svohljóðandi: „Stefndi, Höskuldur Dungal, greiði stefnanda, Jóni Ragnarssyni, kr. 30.000.00 með 9% ársvöxtum frá 14/12 1961 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 4.200.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.“ Hinn 8. febrúar 1963 háði fulltrúi borgarfógeta Viggó Tryggvason fógetadóm að Miðstræti 7 til fjárnáms samkvæmt framanrituðum dómi. Af hendi dómhafans, Jóns Ragnarssonar, kom fyrir fógetadóminn Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og krafðist „fjárnáms fyrir kr. 30.000.00 með 9% ársvöxtum frá 14. 12. '61, ⅓% í þóknun, kr. 4.200.00 í málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda“. Þá segir enn í bókun fógeta: „Gerðarþoli starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst

hann ekki geta greitt. Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, jarðhæð í húseigninni nr. 7 við Hjálmholt. Gerðarþoli tekur fram, að hann sé ekki enn skráður eigandi íbúðarinnar. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar". Samkvæmt veðbókarvottorði var fjárnámið þinglesið 25. febrúar 1963.

Með leigusamningi 23. marz 1963 leigði borgarstjórinn í Reykjavík samkvæmt ályktun bæjarráðs 31. júlí 1962 og 5. febrúar 1963 áfrýjendum Árna Pálssyni og Kjartani Magnússyni lóðina nr. 7 við Hjálmholt til 75 ára frá 1. október 1962 að telja. Borgarfógetinn í Reykjavík áritaði leigusamning þennan þannig: „Móttekið 27/3 1963, kl. 14.15, og fært í veðmálaskrá í Reykjavík s. d. ..... Jón Ragnarsson fjárnám 8/2 '63 í jarðhæð f. kr. 34.300.00. Skv. kaupmála F 80 er efri hæð séreign Andreu Þóru Eiríksdóttur, konu Árna Pálssonar". Hinn 12.. september 1963 gerðu þau áfrýjendur Andrea Þóra Eiríksdóttir, Árni Pálsson og Kjartan Magnússon með sér sameignarsamning um húseignina nr. 7 við Hjálmholt: Skyldi Andrea Þóra Eiríksdóttir hljóta 2. hæð þess ásamt tilgreindu rými í kjallara, þ. e. á jarðhæð, og hlutfallslegum lóðarréttindum, 47.846% af húseigninni, Kjartan Magnússon hlaut 1. hæð hússins ásamt tilgreindu rými í kjallara og hlutfallslegum lóðarréttindum, 37.157% húseignarinnar, og Árni Pálsson hlaut kjallara, þ. e. jarðhæð að fráskildum þeim hlutum jarðhæðar, sem féllu í hlut Andreu Þóru og Kjartans. Taldist húshluti Árna 14.997% hússins. Á sameignarsamninginn hefur borgarfógeti Reykjavíkur ritað: „Móttekið 13/9 1963 kl. 11.15, og fært í veðmálaskrá Reykjavíkur s. d. ..... Óaflýst: Jón Ragnarsson: fjárnám 8/2 '63 í jarðhæð fyrir kr. 34.300.00. Gerðarþoli Höskuldur Dungal".

Áfrýjandi Árni Pálsson og stefndi Höskuldur Dungal, tengdasonur Árna, hafa komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að stefndi Höskuldur hafi eigi lagt fram fé til byggingar hússins við Hjálmholt nr. 7. Stefndi Höskuldur kveðst hafa unnið „smávegis við bygginguna, t. d. grafa fyrir leiðslum,

hreinsa mótatimbur og þess háttar og aðeins í frístundum sínum frá annarri vinnu, t. d. að kvöldlagi og um helgar. Hann kveðst ekkert hafa fengið fyrir þessa vinnu, en ætlunin hafi verið, að hann fengi íbúð í kjallara hússins." Áfrýjandi Árni telur, að stefndi Höskuldur hafi „ábyggilega fengið þá vinnu greidda í peningum." Stefndi Höskuldur kveðst hafa afsalað Kjartani lóðarréttindunum án endurgjalds.

Svo sem rakið hefur verið, veittu borgaryfirvöld Reykjavíkur hinn 31. júlí 1962 og 1. ágúst 1962 þeim áfrýjanda Árna Pálssyni og stefnda Höskuldi Dungal rétt til að reisa íbúðarhús á leigulóðinni nr. 7 við Hjálmholt. Þeir veittu áfrýjanda Kjartani Magnússyni hinn 30. janúar 1963 rétt til að gerast eigandi neðri hæðar í hinu væntanlega húsi. Samdægurs sóttu þeir um leyfi borgaryfirvalda til, að áfrýjandi Kjartan Magnússon gengi inn í lóðarréttindi stefnda Höskulds Dungals. Veittu borgaryfirvöldin þessa heimild með bréfum 6. febrúar 1963. Borgarstjórinn í Reykjavík gerði síðan 23. marz 1963 leigulóðarsamning við áfrýjendur.

Stefndi Höskuldur Dungal hafði afsalað sér lóðarréttindum sínum að Hjálmholti nr. 7, sem eigi höfðu verið þinglesin eign hans, þá er fjárnámið fór fram hinn 8. febrúar 1963, og eigi hefur verið í ljós leitt, að hann hafi á fjárnámsdegi átt eignarhluta í jarðhæð hússins nr. 7 við Hjálmholt. Að svo vöxnu máli verður að telja, að fjárnámið hafi upphaflega brostið grundvöll og að það hafi eigi öðlazt lagagrundvöll við þinglestur. Ber því að fella það úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð í fógetadómi Reykjavíkur 8. febrúar 1963.

Ár 1963, föstudaginn 8. febrúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Miðstræti 7 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A — 535/1962
Jón Ragnarsson
gegn
Höskuldi Dungal.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 1112/1962.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 30.000.00 með 9% ársvöxtum frá 14. 12. '61, ½% í þóknun, kr. 4.200.00 í málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er mættur.

Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, jarðhæð í húseigninni nr. 7 við Hjálmholt. Gerðarþoli tekur fram, að hann sé ekki enn skráður eigandi íbúðarinnar.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 27. apríl 1966.

Nr. 186/1964. **Karl Svavar Þorsteinsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Jóni Viðari Viggóssyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Ákvörðun refsingar frestað. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1964. Eru kröfur hans þessar:

1. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnfrýjanda.

2. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 50.000.00, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til refsingar samkvæmt ákvæðum 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og vítur á hendur lögmanni gagnáfrýjanda.
3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1964.

Eru kröfur hans þessar:

1. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda.
2. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 130.629.05 með 8% ársvöxtum frá 28. apríl 1961 til greiðsludags og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til refsingar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að frestur til niðurfalls refsingar telst frá uppsögu dóms þessa..

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Karl Svavar Þorsteinsson, telst sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal fresta og hún niður falla, ef hann gerist ekki sekur um nýtt brot, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu tvö árin eftir uppsögu dóms þessa og greiðir síðargreindar bætur ásamt vöxtum og kostnaði eftir getu sinni.

Gagnáfrýjandi, Jón Viðar Viggósson, telst sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal fresta og hún niður falla, ef hann gerist ekki sekur um nýtt brot, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu tvö árin eftir uppsögu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 42.377.43 með 7% ársvöxtum frá 28. apríl 1961 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ummæli lögmanns gagnáfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem rakin eru í héraðsdómi, skulu vera dauð og ómerk.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 12. október s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 30. apríl 1963. Gagnsök var þingfest 20. júní 1963.

Aðiljar málsins eru Jón Viðar Viggósson matsveinn, Túngötu 7, Reykjavík, aðalstefnandi, og Karl Þorsteinsson bakarameistari, Ljósheimum 20, Reykjavík, gagnstefnandi.

Dómkröfur:

Aðalsök: Aðalstefnandi (Jón Viðar Viggósson) krefst þess, að aðalstefndi verði dæmdur til að:

Sæta hinni þyngstu refsingu, sem orðið getur eftir 217. gr. almennra hegningarlaga.

Greiða aðalstefnanda kr. 130.629.05 í skaðabætur ásamt 8% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1961 til greiðsludags.

Greiða aðalstefnanda málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndi (Karl Þorsteinsson) krefst sýknu og málskostnaðar.

Gagnsök: Gagnstefnandi (Karl Þorsteinsson) krefst þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að:

Greiða gagnstefnanda kr. 50.000.00 í miskabætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

Sæta refsingu samkvæmt 217. gr. sömu laga.

Greiða gagnstefnanda málskostnað.

Þá krefst gagnstefnandi þess, að ummæli í greinargerð lögmanns gagnstefnda, sem rakin verða síðar, verði dæmd dauð

og ómerk og lögmaðurinn, Gústaf A.. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, látinn sæta vítum.

Gagnstefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir:

Að kvöldi hins 4. febrúar 1961 voru aðiljar máls þessa staddir í veitingahúsinu Storkklúbbnum við Fríkirkjuveg, hér í borg, og neyttu báðir víns.

Ekki hefur aðalstefnandi skýrt frá, hversu mikils áfengis hann neytti. Vitnið Vilhjálmur Ásmundsson (fæddur 22. ágúst 1940), sem fór með aðalstefnanda á veitingahúsið, hefur hins vegar skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi keypt sér tvöfaldan sjúss, strax og þeir komu þangað, en ekki kveðst Vilhjálmur hafa séð aðalstefnanda drekka meira. Hins vegar kvaðst Vilhjálmur hafa horfið á braut um skeið, en hafa hitt aðalstefnandann aftur á hlaðinu utan við veitingahúsið um kl. 0110. Eftir það segir hann aðalstefnanda hafa farið inn í eldhúsið og komið þaðan rétt fyrir kl. 2, „og sá ég, að hann var greinilega búinn að bæta á sig einhverju víni, en hann var ekki fullur". Vitnið Reynir Guðmundsson (fæddur 18. júní 1943) hitti aðalstefnanda í Storkklúbbnum og slóst í för með honum, enda eru þeir systkinasynir. Reynir hefur skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi „neytt lítilsháttar áfengis, en það mun hafa verið mjög lítið, því lítið sást á honum". Aðalstefndi skýrir svo frá, að aðalstefnandi hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis, er þeir hittust utan við veitingastaðinn, eins og síðar greinir.

Lagt hefur verið fram í málinu áverkavottorð frá Slysavarðstofunni í Reykjavík, undirritað af Tryggva Þorsteinssyni lækni 13. febrúar 1961. Þar segir, að aðalstefnandi hafi skýrt svo frá, er hann kom í slysavarðstofuna 5. febrúar, að hann hefði dreypt á víni, en neitað því aðspurður að hafa verið ölvaður kvöldið áður. Þá segir í vottorðinu, að engin vínlykt hafi verið af aðalstefnanda, þegar komið var með hann á slysavarðstofuna, og að hann hafi ekki heldur haft „það útlit, sem bent gæti á meiri háttar áfengisneyzlu síðustu 24 klukkustundirnar."

Aðalstefndi hefur skýrt svo frá um áfengisneyzlu sína þetta kvöld, að hann hafi verið búinn að drekka a. m. k. tvo snafsa, þegar hann kom í veitingahúsið, en þangað fór hann til að sitja árshátíð Hestamannafélagsins Fáks. Hófst hún með sameiginlegu borðhaldi, en aðalstefndi kveðst aðeins hafa borðað súpuna og að því loknu staðið upp frá borðum, farið á barinn og fengið sér að drekka. Aðalstefnandi hefur sagt, að aðalstefndi hafi aug-

sýnilega verið drukkinn. Vitnið Ragnar Kristjánsson, sem kom að aðiljum, eftir að átök höfðu orðið milli þeirra á Auðarstræti og Snorrabraut, eins og síðar mun rakið, segir, að aðalstefndi hafi verið mikið drukkinn eða mikið vankaður.

Þegar aðalstefndi kom fyrir bæjarþingið 31. marz s.l., sagði hann m. a., að hann hefði verið með á að gizka 5.000.00 krónur, þegar hann fór á skemmtunina í Storkklúbbnum, þar af um 1.200.00 kr. í smáseðlum. Taldi hann sig hafa eytt 1.100.00—1.200.00 á skemmtuninni. Hann kvaðst hafa hitt ungan mann, sem séð hefði, hve mikið hann hafði af fé. Sagði hann sig gruna, að þetta hefði verið aðalstefnandi, en tók fram, að ekkert gæti hann um það fullyrt.

Fram er komið, að eftir miðnætti þessa nótt, þ. e. aðfaranótt 5. febr. 1961, hittust málsaðiljar úti fyrir veitingahúsinu, sem áður er nefnt. Telur aðalstefnandi og vitnið Vilhjálmur Ásmundsson, að klukkan hafi þá verið um tvö. Aðalstefndi segist hins vegar hafa búið sig undir að hverfa á braut, áður en skemmtuninni lyki, vegna starfs síns, en segist þó hafa tafizt. Er þeir aðiljarnir hittust, var aðalstefnandi að búast til brottfarar í bifreið sinni, sem vitnið Vilhjálmur Ásmundsson ók. Með þeim var vitnið Reynir Guðmundsson. Aðalstefndi var einnig búinn til brottferðar og svo kona hans, og var hann að svipast um eftir leigubifreið. Segja þau hjón bæði, að aðalstefnandi hafi kallað á aðalstefnda með nafni og boðið honum far. Aðalstefnandi og félagar hans segja einnig, að aðalstefnandi hafi boðið farið, en aðalstefnandi neitar því að hafa þekkt aðalstefnda, en hins vegar hafi komið upp í samtali þeirra, að þeir byggju báðir í Hlíðahverfinu.

Þau hjón fóru inn í bifreið aðalstefnanda og settust í aftursæti, aðalstefndi hægra megin. Í framsætum voru þeir félagarnir þrír, Vilhjálmur við stýrið lengst til vinstri, þá Reynir, en aðalstefnandi lengst til hægri, fyrir framan aðalstefnda. Aðeins tvær dyr voru á bifreiðinni, og þurfti að leggja fram annað tveggja sætisbaka á framsætum, svo að komizt yrði í aftursætin eða úr þeim og út úr bílnum. Vilhjálmur ók síðan af stað. Segist aðalstefnandi hafa beðið hann að fara í Auðarstræti, en kveðst ekki viss um, að aðrir hafi heyrt þau tilmæli. Vilhjálmur kveðst hafa spurt aðalstefnanda, hvert skyldi halda, „og var hann að tala um Auðarstræti, en það mun víst enginn hafa heyrt nema ég, því ekkert var talað um það frekar."

Ekið var sem leið liggur um Fríkirkjuveg, Lækjargötu, Hverf-

isgötu, Snorrabraut, síðan væntanlega um Flókagötu og beygt inn í Auðarstræti. Aðalstefnandi skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að á leið inn Hverfisgötu hefði hann farið „að tala um peningaupphæðir við Karl, en það var gert í gríni og fylgdi engin alvara, enda voru upphæðir þessar allt frá kr. 5.00 og upp úr." Í sáttakæru, sem aðalstefnandi staðfesti síðar á bæjarþingi, segir: „Á leiðinni austur Hverfisgötu hafði ég orð á því í gamni, að Karl yrði að greiða fyrir farið. Voru nefndar ýmsar upphæðir, en ekki kom mér til hugar að taka af hjónunum gjald fyrir ökuförina, enda ætlaði ég, að þau hlytu að skilja, að hér var um ræða gaman eitt og annað ekki." Þegar aðalstefnandi kom fyrir bæjarþingið og staðfesti atvikalýsinguna í sáttakærunni 30. apríl 1964, tók hann fram, að „það hafi verið Karl, sem byrjað hafi að tala um peninga, og hafi hann, þegar hann kom upp í bílinn, sagt, að hann gæti borgað bílinn." Sagði aðalstefnandi, að sig minnti, að aðalstefndi hafi í þessu sambandi talað um 25 krónur, en að hann sjálfur hefði talað um ýmsar fjárhæðir upp í 100 krónur en ekki hærri.

Aðalstefndi sagði frá ökuferðinni hjá rannsóknarlögreglunni 9. febrúar 1961, og var þá m. a. bókað: „Fljótlega eftir að við lögðum af stað, fór þessi drukkni piltur að tala um það, að þessi ökuferð yrði mér dýr, því svona ferðir kostuðu peninga. Ég tók þetta sem ölvunarröfl og anzaði því engu, þar til að bílnum var ekið inn á einhverja hliðargötu og þar stöðvaður." Þessa skýrslu staðfesti aðalstefndi fyrir bæjarþinginu 31. marz 1964, en bætti því við, að hann myndi ekki, hverjar upphæðir hefðu verið nefndar.

Kona aðalstefnda, Ólöf Markúsdóttir, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 10. febrúar 1961, og var þá m. a. bókað: „Fljótlega eftir að við vorum lögð af stað, sneri þessi drukkni piltur sér að hálfu við í sætinu og byrjaði strax að reyna að erta Karl, en Karl var það mikið drukkinn, að hann sinnti því engu. Á leiðinni var þessi piltur alltaf að tala um það, hvað Karl gæti greitt mikið fyrir bifreiðina og nefndi háar tölur í því sambandi." Í lok bókunarinnar stendur: „Ég vil geta þess hér strax, að ég varð mjög hrædd við þessa pilta, strax og farið var að heimta peninga fyrir ökuferðina, og er ekið var þessi útúrkrókur, hélt ég satt að segja, að nú ætti að ræna Karl, því annað fannst mér ekki koma til greina hjá þessum piltum." Reynir Guðmundsson, sem sat við hlið aðalstefnanda í bifreiðinni, sagði hjá rannsóknarlögreglunni 9. febr. 1961 m. a. samkvæmt bókun: „ .... var síð-

an ekið af stað, og þá fór Karl að tala um það, að bíll heim til hans mundi kosta kr. 25.00, en Jón sagði, að kostnaðurinn yrði kr. 75.00, og virtist mér það sagt í gríni. Það var svo á Hverfisgötunni, að þeir voru að ræða um kostnaðinn og voru að smá lækka hann báðir."

Bifreiðarstjórinn, Vilhjálmur Ásmundsson, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 10. febrúar 1961, og var þá m. a. bókað: „Ég ók svo upp Hverfisgötuna, og á þeirri leið var Nonni að stríða Karli með því að krefja hann um ökugjald, og nefndi hann upphæðina 125.00 kr., 75.00 kr. og 40.00 kr. Ég sá það á Nonna, að hann var að þessu pexi í gríni og var að stríða Karli."

Það er óumdeilt í málinu, að aðalstefnandi hafi beðið Vilhjálm Ásmundsson að aka í Auðarstræti. Skýrir Vilhjálmur svo frá, að hann hafi stöðvað bifreiðina hjá húsi þar við götuna að ósk aðalstefnanda, sem hafi ætlað að athuga, hvort ljós væri þar í glugga, og síðan hafi hann ekið „tvisvar aftur á bak og áfram stuttan spöl þó." Er ekki deilt um þetta atriði í málinu, en hins vegar eru framburðir að verulegu leyti samhljóða um það, sem í sama mund gerðist inni í bifreiðinni. Um þetta segir aðalstefnandi í skýrslu, sem hann gaf rannsóknarlögreglunni 18. marz 1961: „Karl var rólegur í bílnum, þar til við stöðvuðum í Auðarstræti, og hreyfði engum mótmælum, fyrr en ég bað Villa um að bakka. Við Karl fórum að munnhöggvast þarna í bílnum lítilsháttar og endaði það með því, að ég sagði við Karl: „Ef þú ætlar að yfirtaka bílinn, verður þú að greiða kostnaðinn á móti mér." Um leið og ég sagði þetta, klappaði ég Karli, og klappaði ég honum á annað hnéð. Villi var þá búinn að bakka bílnum og farinn að aka af stað aftur, þá sneri ég mér við og ætlaði að tala við Karl, en þá skipti það engum togum, að Karl sló mig eitt högg, og kom það á vinstra gagnauga. Villi stoppaði þá, og þá sagði ég Karli og konunni að fara út úr bílnum. Ég man ekki eftir því að hafa rifið í vestið hans og því síður að hafa slitið það af. Það næsta, sem ég man, var það, að við vorum komnir út úr bílnum ..." Aðalstefnandi kvað þessa atvikalýsingu rétta, þegar hann kom fyrir bæjarþingið 30. apríl 1964. Þá sagði hann einnig rétta avikalýsingu í sáttakæru, en þar segir m. a., að aðalstefnandi hafi, er hann hafi fengið högg frá Karli, setið í framsæti hægra megin og snúið baki í hurðina og því snúið vinstri vanga að Karli. Kvaðst aðalstefnandi hafa borið hendur fyrir sig og byrgt höfuðið, en sagt hjónunum að fara út úr bílnum. Aðalstefnandi segir í sáttakærunni, að sér hafi virzt hann kenna dofa

í höfðinu eftir höggið. Hann segir konu aðalstefnda hafa farið orðalaust út úr bifreiðinni, en aðalstefnda sjálfan hafa þrefað eitthvað frekar og síðan talað um, „hvort hann vildi slást."

Aðalstefndi skýrir með öðrum hætti frá því, er gerðist í bifreiðinni í Auðarstræti. Var bókað eftir honum á þessa leið hér að lútandi hjá rannsóknarlögreglunni 9. febrúar 1961: „... bílnum var ekið inn á einhverja hliðargötu og þar stöðvað. Ég spurði þá, hvort ekki væri meiningin að aka okkur heim, en þá fór þessi drukkni að tala um að ná í „skvísur", og einnig var hann að tala um benzínvöntun og einnig, að hann vantaði peninga. Þessir tveir félagar þess drukkna lögðu ekkert til málanna. Ég spurði þá ökumanninn, hvort þeir vildu ekki vera svo góðir að hleypa okkur út, því við gætum gengið það, sem eftir væri af ferðinni. Þessari bón minni var ekki anzað, og þá greip konan mín í taumana, þar sem þessi drukkni var farinn að gerast frekur, og greip hann í hálsklútinn og hélt mér. Konan mín sneri sér þá að bifreiðarstjóranum og heimtaði, að okkur yrði hleypt út, og varð hann við þeirri ósk og stóð upp, og þá komst konan út, en er ég ætlaði að nota tækifærið og komast einnig út, reif þessi drukkni í kjólvestið mitt og svipti því af. Ég gat þá náð í vestið aftur og reif það af honum, og fékk ég konunni vestið, um leið og ég ruddist út..."

Ólöf Markúsdóttir, eiginkona aðalstefnda, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 10. febrúar 1961, sem fyrr er ritað. Í bókun lögreglunnar, sem Ólöf hefur staðfest, segir m. a.: „Það var svo ekki, fyrr en stöðvað var í Auðarstræti, að ég spurði piltana, hvort ekki væri meiningin að aka okkur heim. Þessari spurningu minni var ekki svarað, og þá bað ég bifreiðarstjórann um að hleypa okkur út, en því var heldur ekki sinnt. Sá drukkni spurði Karl að því, hvort hann ætlaði ekki að borga, og um leið kippti hann í trefilinn eða vestið hans. Ég byrsti mig þá og spurði, hvort ekki væri hægt að komast út úr bílnum, og þá sagði sá drukkni: „Hleypum pakkinu út." Bifreiðarstjórinn stóð þá upp, svo að ég gat komizt út, og rétt í því rétti Karl mér vestið sitt, og munu einhver átök hafa orðið í bílnum, eftir að ég var kominn út, en hver þau voru, veit ég ekki. Rétt á eftir komst Karl út úr bílnum ..."

Reynir Guðmundsson sagði rannsóknarlögreglunni þannig frá atburðunum í bifreiðinni í Auðarstræti: „Jón sagði þá, að þeir væru komnir fram fyrir húsið, er stúlkan byggi í, og lét Vilhjálm bakka bílnum, aka síðan áfram og bakka enn. Karl varð þá stúrinn og vildi halda áfram, og þá sagði Jón, að hann væri með

bílinn, en ekki Karl. Karl og Jón fóru að rífast um þetta, og man ég, að Karl sló Jón eitt högg í andlitið, og kom það á vinstra gagnauga. Jón vankaðist eitthvað við það, og þá varð hann eins og hann væri ölvaður eftir. Ég man, að Jón greip í brjóstið á Karli, og þá rifnaði eitthvað, því að Karl tók þetta vesti sitt og fékk konunni, sem þá var komin út úr bílnum. Karl fór síðan út úr bílnum eftir nokkurt þóf ..." Reynir kom fyrir bæjarþingið 11. maí 1964 og sagði þá, að hann hefði lítið horft aftur í bílinn. Hefði það fyrsta, sem hann sá af átökum, verið, er aðalstefndi hefði slegið aðalstefnanda þarna í bílnum..

Vilhjálmur Ásmundsson sagði rannsóknarlögreglunni frá á þessa leið: „Nonni og Karl voru að pexa þarna í bílnum, og gaf ég því engan gaum. Ég man þá, að Nonni sneri sér við í sætinu og klappaði eitthvað á brjóstið á Karli og var að tala um, að hann ætti að greiða kr. 75.00 fyrir aksturinn, en svarið, sem Nonni fékk, var mikið högg, sem mun hafa komið á ennið og gagnaugað á Nonna. Ég var þá kominn af stað aftur, og strax og Karl sló, stoppaði ég bílinn. Ég sá þá, að Nonni fálmaði eitthvað í Karl og virtist mér það vera til þess að fyrirbyggja, að hann fengi annað högg, en ég er viss um, að Jón sló ekki til Karls. Ég sagði þá hjónunum að fara út úr bílnum, og um leið stóð ég upp og hleypti konunni út mín megin, en þá sá ég, að Karl rétti henni vestið sitt og hélt áfram að pexa við Nonna, og var það komið út í það, að Karl var að mana Nonna í slagsmál við sig. Einhver orðaskipti urðu um það, en engin átök frekar í bílnum ..."

Næst þarf að rekja það, sem fram er komið um atburði þá, er urðu í Auðarstræti utan við bifreið aðalstefnanda. Sjálfur sagði aðalstefnandi svo frá hjá rannsóknarlögreglunni: „Það næsta, sem ég man, var það, að við vorum komnir út úr bílnum og stóðum á gangstéttinni við bílinn, en þá sló Karl mig aftur, og kom það högg á svipaðan stað og það fyrra, en ég greip þá utan um hann, Karl, til þess að fyrirbyggja, að hann gæti slegið mig aftur, en þá fór Karl að sprikla, og þá féllum við í götuna, og þá féll Karl utan í steinvegginn þarna, en ég féll ekki alveg, heldur hraut við fót og stóð strax á fætur aftur. Karl stóð sjálfur á fætur og byrjaði strax að tala um að kæra mig fyrir eitthvað, en hvað það var, fékk ég ekki út hjá honum. Karl tók þá upp hjá sér bílnúmerið og fór síðan af stað og gekk upp þetta sund og upp á Snorrabraut, en ég fór á eftir honum og vildi fá hann með mér niður á lögreglustöð ..." Í sáttakæru segir aðalstefnandi frá með sama hætti, en bætir því við, að aðalstefndi hafi, þegar

hann var kominn út úr bílnum, talað um, hvort Jón vildi slást og að hann hafi gert sig líklegan til að slá til Jóns.

Í skýrslu þeirri, sem aðalstefndi undirritaði hjá rannsóknarlögreglu, segir: „Það skipti litlum togum, að eftir að ég var kominn út, kom þessi drukkni einnig út og réðist að mér, og mun hann hafa slegið mig, því gleraugun mín þeyttust af mér, og við féllum saman í götuna. Piltarnir tveir, er voru með þessum drukkna, komu mér til hjálpar og drógu piltinn ofan af mér og héldu honum, en ég vildi þá fara í burtu hið fljótasta og reyna að ná í hjálp konunnar vegna, því að við öllu mátti búast af þessum drukkna manni og hann þar að auki búinn að sýna tilraun til mannráns, þar sem ekið var með okkur hjónin í útkróka og bifreiðin stöðvuð þar og farið að tala um peninga. Ég bjóst sem sagt þá strax við fjárkúgun og vildi vera við öllu búinn, enda er ég 60 ára gamall og ekki byggður til sterkrar sjálfsvarnar. Konan var hins vegar að umvanda fyrir piltunum, en ég hljóp út á Snorrabraut ...“

Kona aðalstefnda segir, að aðalstefnandi hafi ráðizt að manni hennar, þeir gripið hvor í annan, en aðalstefnandi náð haustaki á Karli, snúið hann niður og haft hann undir. Hún segir, að félagar aðalstefnanda hafi tekið Jón ofan af Karli og Karl farið burt, en piltarnir tveir rétt henni trefil manns hennar, gleraugu og hatt.

Reynir Guðmundsson segir, að aðalstefndi hafi, eftir að hann var kominn út úr bílnum, manað aðalstefnanda til að koma út og slást við sig. „Jón fór þá út úr bílnum,“ segir í skýrslu Reynis til rannsóknarlögreglu, „og skipti litlum togum, að þeir Karl og Jón hlupu saman. Ég man, að Jón hélt Karli frá sér, og síðan hratt hann Karli, svo hann féll á steinvegg þarna og utan í hann, og þá fuku gleraugun af honum, og um leið og Karl féll, féll Jón ofan á hann. Ég sá ekki, að þeir Karl eða Jón hafi slegið hvor annan þarna fyrir utan bílinn. Það var Jón, sem lenti ofan á Karli, og er þeir voru fallnir, fórum við Villi til og tókum Jón ofan af Karli. Við gátum haldið þeim aðskildum, Karli og Jóni, og réttum við Karli hattinn hans og gleraugun, og fór Karl í burtu ...“

Eftir Vilhjálmi Ásmundssyni var bókað hjá rannsóknarlögreglunni 10. febr. 1961: „Nonni kom svo til okkar, og man ég ekki vel hvernig það atvikaðist, en ég man það, að Karl sló til Nonna, og kom það högg einhvers staðar í höfuðið á Nonna, og þá sá ég, að Nonni greip utan um Karl og slengdi honum til, svo Karl féll í steinvegginn, og þá missti hann gleraugun, og eitt-

hvað mun hann hafa rispast á hægra kinnbeini við það. Við Reynir hlupum strax til og skildum þá, en um leið og Karl féll á vegginn og í götuna, féll Nonni ofan á hann. Ég sá aldrei, að Nonni reyndi neitt að slá Karl þarna. Er við Reynir höfðum skilið þá að, fór Karl aftur fyrir bílinn og tók upp númerið á bílnum og sagðist ætla að kæra okkur. Ég man, að við réttum konunni, sem kom í alla staði vel fram, hattinn hans Karls og gleraugun. Við fórum að tala við konuna þarna, en Karl gekk í burtu og upp sundið, sem liggur upp á Snorrabrautina."

Aðalstefnandi skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá 18. marz 1961, að hann hefði farið á eftir aðalstefnda og viljað fá hann með sér á lögreglustöðina. „Er ég kom að Karli," segir í skýrslunni, „lagði ég hendurnar á axlirnar á honum, og þá sneri hann sér við og sló mig enn og þá nokkur högg, en í því kom bíll þarna að, og þá hætti hann að slá mig, og þá settist ég á vegginn þarna, og eftir það man ég þetta allt í slitrum ..." Í sáttakæru segir aðalstefnandi, að aðalstefndi hafi undið sér snöggt að honum og slegið hann mikið högg, sem aðalstefnandi segir, að sig minni, að komið hafi á vinstri vanga eða kjálka. Fyrir bæjarþingi 30. apríl 1964 kvaðst aðalstefnandi muna vel allt það, sem gerðist þetta kvöld, þar til hann og Karl voru komnir upp á Snorrabraut, og hann lagði hönd á axlir Karli. Sagði hann Karl þá hafa snúið sér við og slegið sig, en eftir það kvaðst hann muna slitrótt það, sem gerðist.

Aðalstefndi sagði rannsóknarlögreglunni, að hann hefði gert árangurslausa tilraun til að stöðva bifreið á Snorrabraut, „og vissi ég þá ekki fyrr til en gripið var í öxlina á mér og mér snúið við, og var þá kominn þessi drukkni einu sinni enn," eins og í skýrslunni segir, „og skipti það engum togum, að við lágum báðir í götunni, en þá bar þarna að bifreið, er í voru þrír piltar, og gripu þeir inn í þetta og komu mér til hjálpar."

Kona aðalstefnda segir, að aðalstefnandi hafi verið ofan á Karli, er hún kom á Snorrabrautina, en nokkrir bílar komið að um sama leyti. Fyrir bæjarþinginu kvað hún báða hafa legið í götunni og velzt þar.

Reynir Guðmundsson sagði rannsóknarlögreglunni, að aðalstefnandi hefði verið orðinn „stúrinn", er aðalstefndi var á braut genginn úr Auðarstræti, „og vildi endilega fá Karl með sér niður á lögreglustöð, og gátum við ekki tjónkað við Jón, og fór hann því á eftir Karli. Ég gekk í humátt á eftir Jóni, sem hljóp á eftir Karli, og er ég var kominn í þetta sund, sá ég, að Karl stóð

uppi á gangstéttinni á Snorrabraut og sneri baki í Jón, og sá ég, að Jón greip með báðum höndum í axlirnar á Karli og sneri honum við. Ég sá, að þarna mundu verða læti, og því sneri ég við og hugðist sækja Vilhjálm mér til hjálpar við að skilja þá. Er ég var kominn niður í Auðarstræti, sá ég hvergi bílinn og sneri því fljótlega við aftur, og er ég kom upp á Snorrabraut, sá ég, að bíllinn okkar var þarna rétt hjá, og um leið sá ég, að Jón hékk við grindverkið í sundinu, en Karl var að fara inn í einhvern bíl ...“

Rannsóknarlögreglan bókaði eftir Vilhjálmi Ásmundssyni: „Nonni var að tala um að fara strax niður á lögreglustöð, og er Karl fór upp sundið, fór Nonni á eftir honum, og hljóp hann. Ég reiknaði með frekari átökum og bað því Reyni um að elta þá. Reynir fór þá á eftir þeim og konan, en ég fór upp í bílinn og ók út á Miklubraut, og er ég kom á hringtorgið, sá ég, að þeir voru komnir saman Karl og Nonni og voru að slást. Ég að aka (sic) hringinn á torginu og út á Snorrabrautina, en er ég stoppaði á móts við sundið, fór ég strax út úr bílnum, en þá voru þessi átök hætt, og það var komið þarna að fólk, og sá ég, að einn maður var að leiða Karl yfir í Ford bifreið, árgerð 1955. Nonni stóð þá í sundinu utan í grindverki þar og var mikið vankaður, og hélt hann annarri hendinni fyrir munninn og undir hökuna, og var hann blóðugur.“

Það er fram komið, að bifreið sú, er var stöðvuð þar hjá, er málsaðiljarnir áttu í átökum, var leigubifreið, sem í voru þrír ungir menn auk bifreiðarstjóra. Þremenningarnir hafa allir gefið skýrslu.

Páll Kristjánsson (18) ára), skýrði lögreglunni frá á þessa leið 15. febrúar 1961:

„Við vorum þarna þrír félagar, ég, bróðir minn Ragnar og Theodór Guðmundsson. Við vorum í leigubifreið frá B.S.R. Við vorum að koma eftir Snorrabrautinni til suðurs, og er við vorum rétt komnir að akreinaskiptingunni, sagði einhver, þarna eru slagsmál. Um leið tók ég eftir tveim mönnum, er voru að slást þarna á gangstéttinni, og virtust þeir vera í hörku slagsmálum eða það sem kallað er „kýlingum“. Bílstjórinn stoppaði þarna rétt hjá og þá tók ég eftir því, að annar þeirra, er var að slást, var gamalmenni, og var hann mjög illa til reika, skítugur, blóðugur og marinn í andliti. Flibbinn á skyrtunni var einnig rifinn. Maðurinn kom að bílnum til okkar og bað okkur um að hjálpa sér, því ráðizt hafi verið á sig. Kona mannsins var með honum,

að mig minnir, og kom hún strax inn í bílinn, og þá sneri maðurinn sér við og gekk að þessum pilti, er hafði verið að slást við hann, og sló hann eitt högg, eftir því sem bílstjórinn segir, með vinstri hendinni. Maðurinn kom síðan inn í bílinn. Við fórum allir út úr bílnum, en skiptum okkur ekkert af þessum slagsmálum. Er maðurinn var kominn inn í bílinn, ókum við þeim hjónum heim til þeirra, og þá var konan að tala um það, að þessir piltar, er hefðu verið þarna, hefðu ætlað að ná peningum af gamla manninum eða orðrétt sagði hún: „Það hefur eflaust vakað fyrir þeim að hafa út úr honum peninga.“ Maðurinn var að tala um það að hafa samband við lögregluna, og þá skrifuðum við upp númerið á bílnum, er hann hafði verið í. Gamli maðurinn var mjög sár, er hann kom inn í bílinn, en ekki virtist hann reiður. Konan tók þessu furðanlega stillilega, og virtist hún vera ódrukkin.“

Páll Kristjánsson hefur ekki komið fyrir bæjarþingið.

Bróðir Hafsteins, Ragnar Kristjánsson (f. 3. febr. 1944), gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu 15. febrúar 1961. Hann skýrir svo frá, að aðalstefndi hafi beðið þá hjálpar, er í leigubílnum voru. „Hann fór síðan,“ segir í skýrslu Ragnars, „aftur að þessum pilti, er hafði verið að slást við hann, og sló hann eitt högg, en ekki tók ég greinilega eftir því, hvar höggið kom, en hann hitti hann örugglega.“ Ragnar sagði, að konan hefði talað um, „að þessir piltar, er ráðizt höfðu á gamla manninn, hefðu ætlað að ná af honum peningum. Gamli maðurinn var hins vegar mikið drukkinn eða mikið vankaður.“ Ragnar kom fyrir bæjarþingið 31. marz 1964. Hann kvaðst hafa séð áflog þeirra málsaðilja út úr bílnum og sagði, að þeir hefðu skipzt á höggum og verið að tuskast. Ekki kvað hann þá, er í leigubifreiðinni voru, hafa skilið þá Jón og Karl. Þá sagði Ragnar, að aðalstefndi hefði, þegar hann kom upp í bílinn, verið skrámaður, blóðugur og mikið vankaður. Hann taldi, að aðalstefnandi hefði staðið á gangstéttinni, þegar aðalstefndi hafði snúið við frá bílnum, gengið að Jóni og slegið hann eitt högg. Hann kvaðst hafa séð tvo pilta leiða Jón burt á milli sín, en ekki sagðist hann muna, hvort þeir hefðu verið þarna, þegar hann kom á staðinn, eða hvort þeir hefðu komið þangað á eftir honum.

Þriðji farþeginn í leigubifreiðinni var Theodór Guðmundsson (fæddur 2. ágúst 1944). Hann gaf skýrslu á bæjarþingi 31. marz 1964. Hann sagðist þá lítið muna um atburðinn, en það helzta væri, „hve honum fannst undarlegt að sjá stóran ungan mann vera að

slást við gamlan mann.“ Þá sagði Theodór, að hann hefði séð mennina slást, þ. e. skipzt á höggum, en átökunum hafi verið eins og sjálfhætt, þegar þeir Theodór og félagar hans voru komnir út úr bílnum. Hann sagði, að sig minnti, að „gamli maðurinn“ hefði legið á hnjánum, en ungi maðurinn legið utan í vegg.

Nú hafa verið raktir þeir framburðir, sem til eru um átök aðilja máls þessa aðfaranótt 5. febrúar 1961. Eftir að aðalstefndi fór heim á leið í leigubifreiðinni, sem þarna kom að, fóru þeir félagar aðalstefnanda með hann á lögreglustöðina, að því er þeir báðir segja, og þaðan heim, án þess að lögreglan hefði afskipti af aðalstefnanda. Mun ekki neitt bókað hjá lögreglunni um komu þremenninganna.

Aðalstefndi, Karl Þorsteinsson, bar nokkur merki um átökin, og segir um þau í vottorði Þórðar Þórðarsonar læknis, sem dagsett er 9. febrúar 1961:

„Hefi í dag skoðað hr. Karl Þorsteinsson ....

Hann er marinn í kringum bæði augun, einkum þó það vinstra.

Marblettur er geislabeinsmegin á h. framhandlegg, ofan við úlnlið.“

Meiðsli aðalstefnanda voru miklum mun meiri, og liggja ýmis læknisvottorð fyrir um þau. Er þar fyrst að geta vottorðs Slysavarðstofu Reykjavíkur, sem var undirritað 13. febrúar 1961 af Tryggva Þorsteinssyni lækni. Segir þar, að komið hafi verið með aðalstefnanda á stofuna 5. febrúar vegna meiðsla á höfði, enda hafi hann eftir atburðina nóttina áður stöðugt kastað upp og haft mikinn verk í vinstri neðrikjálka. Þá segir í vottorðinu:

„Skoðun: Við komuna hingað er sjúkl. fölur og allþjáður. Púls og Blþrýst. er eðlil. Virðist hann muna alla atburðarásina. Engin vínlykt er af Jóni.. Ekki hefur hann heldur það útlit, sem bent gæti á meiri háttar áfengisneyzlu síðustu 24 klukkustundirnar. Kvartar mjög um verki í vi. neðri kjálka og upp í gagnaugað vi. megin. Getur lítið opnað munninn, finnst þá braka í kjálkanum. Mikill þroti er á kinninni vinstra megin og út á kjálkabarðið og upp á gagnaugað. Tannholdið innst í neðri kjálkanum vi. megin er bólgið, en ekki sjáanleg frísk blæðing né opið sár. Tennur virðast ekki lausar í kjálkanum. Þreyfing (palpation) á neðri kjálkanum gefur svo ákveðinn grun um, að um kjálkabrot sé að ræða, að ekki þykir ástæða til að taka Rtg. mynd þá strax, heldur senda sjúkl. til Tannlæknadeildarinnar til meðferðar.

Gerð var grófari neurolog. skoðun, sem sýndi eðlilegt ástand burtséð frá svima og ógleði, þegar sjúkl. settist upp. Skoðun á út-

limum og bol sýndi eðlilegt ástand. Einnig voru hreyfingar í baki og í hálsliðum eðlilegar.

Þrem dögum síðar var tekin Rtg. mynd af vi. neðri kjálka, sem sýndi brot á kjálkanum, og staðfesti þannig hina klinisku diagnosis. Sjúkdómsgreiningin er:

Fract. mandibular sin (kjálkabrot á vi. kjálka).

Commotio cerebri (heilahristingur).

Hvað snertir framtíðarhorfur og afleiðingar (sequele) meiðslanna, þykir mér sennilegt, að Jón eigi að ná sér að fullu á næstu 4—6 mán."

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð frá röntgendeild Landspítalans um árangur myndatöku 8. og 13. febrúar og 13. marz 1961. Þá hefur verið lagt fram vottorð Jóns Sigtryggssonar prófessors, dagsett 7. desember 1962, svohljóðandi:

„Jón Viðar Viggósson var sendur til Tannlæknadeildarinnar frá Slysavarðstofunni til aðgerða á neðrikjálkabroti.

Við komuna er sjl. meðtekinn, með einkenni um léttan heilahristing (svimi, ógleði), og er því beðið í 2 daga með aðgerðina. Sjl. hefir góðar, velhirtar tennur, og 11–2–61 eru því lagðir labialbogar í efri og neðri góm, og síðan reimað saman í occlusionsstöðu, og fæst þá allgóð lega á brotinu, sem var aftan við + 7 vinstra megin.

Fljótlega fór þó að bera á bólgu, við næstu 2 jaxla framan brotsins, og þó ræktað væri frá bólgunni og sjl. fengi antibiotisk lyf, tók bólgan sig upp aftur og aftur, og þótti þá sýnt, að 2 öftustu jaxlarnir hefðu svo laskazt við brotið, að þeim myndi vart bjargað.

Fór svo, að sjl. þurfti að láta taka jaxlana tvo á ferðalagi, vegna bólgu og verkja.

Gera má ráð fyrir, að tyggingargeta Jóns hafi við það minnkað um 25—30%.

Tyggingarfletir tanna falla nú allvel saman, en nokkurrar andlitsskekkju gætir."

Í málinu hafa verið lagðir fram nokkrir reikningar vegna kostnaðar aðalstefnanda af sjúkrabifreiðarleigu, lyfjakaupum og röntgenmyndatökum, og gerir aðalstefnandi kröfu á grundvelli þeirra um endurgreiðslu á kr. 749.05, en reikningarnir virðast lítið eitt hærri samtals. Þá hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að hann hafi, áður en átökin urðu aðfaranótt 5. febr. 1961, verið í föstu starfi hjá veitingahúsinu Lidó, enda hafi hann verið matreiðslunemi. Kvaðst hann hafa tafizt frá náminu vegna veik-

inda sinna, en þó hafa getað lokið prófi á réttum tíma. Þá kveðst hann hafa tafizt frá vinnu til 28. apríl 1961, en þá hafa hafið vinnu á ný með harmkvælum. Hann hafi verið óvinnufær og kauplaus í 83 daga, en verið vanur að vinna 8 klst. á degi hverjum og fengið fyrir vinnuna 45.00 kr. á klukkustund. Telur hann sig því hafa orðið af kaupi vegna áverkanna og að fjárhæð þessa tjóns sé kr. 29.880.00. Halldór Vilhjálmsson, Stórageröi 29, hefur gefið vottorð hér að lútandi, og er það þannig:

„Það vottast hér með, að Jón Viðar Viggósson, sem var nemandi hjá mér, var fjarverandi vegna veikinda á tímabilinu frá 4. febrúar til 30. apríl 1961, og var hann í tímavinnu á 45 kr. á tímann og vann 8 stundir á dag."

Málsástæður og lagarök:

Af hálfu aðalstefnanda er byggt á þeirri atvikalýsingu hans, sem rakin er að framan. Því er haldið fram, að aðalstefnandi hafi boðið aðalstefnda og konu hans að aka þeim heim, þar sem þau hafi verið að leita að bifreið á hlaðinu utan við Storkklúbbinn við Fríkirkjuveg. Það hafi að vísu verið óþarft að hafa orð á kostnaði við ökuferðina, en þetta hafi verið í gamni mælt og upphæðirnar, er að var vikið, lágar, svo að alls engin ástæða hafi verið til að álykta, að aðalstefnandi hafi ætlað að hafa af aðalstefnda fé. Ekki hafi viðstaðan í Auðarstræti heldur gefið tilefni til ályktana í þessa átt, enda sú gata rétt við einhverja fjölförnustu umferðarbrautir Reykjavíkur og því ekki afvikinn staður. Þá er því mótmælt, að aðalstefnandi hafi talað um benzínvöntun og fjárskort. Því er haldið fram, að aðalstefnandi og félagar hans hafi allir verið vinnandi menn með sæmilegar tekjur og frá bjargálna heimilum, svo að þeir hafi sízt haft ástæðu til að afla sér fjár með glæpsamlegu framferði. Sé það firra ein, að ætlunin hafi verið að ræna aðalstefnda og hafi ekkert tilefni verið til þess, að aðalstefndi og kona hans gerðu sér slíkt í hugarlund.

Því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi hafi að tilefnislausu greitt honum högg inni í bifreiðinni í Auðarstræti og síðan slegið hann á ný utan við bifreiðina þar í götunni og á gangstéttinni á Snorrabraut. Er þetta rakið nánar í því, sem tekið hefur verið upp hér að framan úr skýrslum aðalstefnanda. Vísað er til skýrslna bræðranna Ragnars og Páls Kristjánssona um, að aðalstefndi hafi slegið aðalstefnanda að óvörum, rétt áður en hann hvarf á braut.

Kröfur aðalstefnanda eru sundurliðaðar, sem hér segir:

1. Lyfjakostnaður o. fl. samkvæmt reikningum	kr.	749.05
2. Atvinnutjón	—	29.880.00
3. Þjáningar, óþægindi og hneisa	—	50.000.00
4. Lýti	—	50.000.00
Alls kr.		130.629.05

Fyrsti liðurinn er rökstuddur með því, að bent er á framlagningu reikninga, sem áður er getið um.

Annar liður er byggður á, að aðalstefnandi hafi verið frá vinnu til 30. apríl 1961, og er áður getið um þessa fjárhæð.

Þriðji liðurinn er rökstuddur með því, að veikindi aðalstefnanda hafi verið langvinn og kvalafull. Hafi honum verið svimagjarnt eftir árásina og lengi síðan. Þá hafi orðið blaðaskrif um málsatvik og það valdið aðalstefnanda hneisu.

Fjórði liður er rökstuddur með því, að aðalstefnandi sé skakkur í andliti vegna kjálkabrots og þess að taka varð úr honum tvo jaxla.

Sýknukrafan í gagnsök er á því byggð, að aðalstefnandi hafi ekkert gert, sem refsivert sé eða hafi valdið gagnstefnanda tjóni.

Af hálfu aðalstefnda (gagnstefnanda) er byggt á þeirri atvikalýsingu hans, sem rakin er hér að framan.

Því er haldið fram, að kallað hafi verið á aðalstefnda með nafni á hlaðinu við Storkklúbbinn og að þar hafi verið kominn aðalstefnandi, er ólmur hafi viljað fá að aka aðalstefnda og konu hans heim. Hafi þeim síðan þrátt fyrir loforð um annað verið ekið úr leið gegn vilja aðalstefnda og síðan verið numið staðar í Auðarstræti eftir boði aðalstefnanda. Þar hafi hann látið aka bifreiðinni fram og aftur eftir að hafa gefið í skyn, að hann vildi hafa peninga af aðalstefnda. Síðan hafi aðalstefnandi varnað aðalstefnda að komast út úr bifreiðinni og rifið af honum vesti og flibba. Eftir að aðalstefnda hafi tekizt að komast út, hafi aðalstefnandi slegið hann og þeytt honum á steinvegg, svo að gleraugun hrukku af honum og hann fengið áverka á andlit. Þá er því haldið fram af hálfu aðalstefnda, að aðalstefnandi hafi eftir þetta komið aðalstefnda í götuna og lagzt þar ofan á hann, unz hann hafi verið dreginn þaðan af félögum sínum. Að lokum hafi aðalstefnandi veitt aðalstefnda eftirför í árásarhug og gert að honum aðför með barsmíðum og áflogum, er hann hafi verið kominn í næstu götu á flótta og verið að reyna að ná í bifreið til að komast undan.

Af hálfu aðalstefnda er því mótmælt, að lemstur þau, er fram

komu daginn eftir, að aðalstefnandi hafði hlotið, hafi verið af völdum aðalstefnda. Auk áðurrakinnar atvikalýsingar er í því sambandi tekið fram, að aðalstefndi sé maður miklu eldri en aðalstefnandi og ekki eins sterkur. Þá hafi aðalstefndi og verið undir áfengisáhrifum og því ekki líklegt, að hann hafi getað veitt aðalstefnanda slík högg, sem til hafi þurft. Þá er það og talið veita líkur fyrir því, að aðalstefnandi hafi ekki verið kjálkabrotinn, er hann hafi komið á lögreglustöðina, að ekki sé fram komið, að lögreglunni hafi verið bent á, að hann hefði hlotið slík lemstur eða hún neitt hafzt að.

Bótakrafa aðalstefnda er rökstudd með því, að hann hafi orðið fyrir miska vegna árásarinnar.

Í greinargerð lögmanns aðalstefnanda (gagnstefnda) í gagnsök er vikið að ferli aðalstefnda. Segir m. a., að hann hafi verið „gjarn til árása á menn, fyrr og síðar." Þá er vikið að því, að aðalstefndi hafi um eitt skeið rekið gistihús að Hellu á Rangárvöllum, „og fór það heldur úrhendis," eins og segir í greinargerðinni.

Þau ummæli, sem hér hafa verið tekin upp innan tilvitnunarmerkja, krefst aðalstefndi, að verði dæmd dauð og ómerk. Þá segir í greinargerðinni: „Eru auðvitað dylgjur hans og konu hans um tilraun til „mannráns" og „fjárkúgunar" uppi hafðar gegn betri vitund. Ef svo er eigi, sýna þær óvenjulega lágvaxið ímyndunarafl og benda til, að hjónin lesi lítt merkar bókmenntir". Ummælin í síðari hluta þessarar klausu, frá orðunum „sýna þær óvenjulega lágvaxið ímyndunarafl ...", krefst aðalstefndi, að verði dæmd dauð og ómerk. Enn er í greinargerðinni að því vikið, að hjónunum beri ekki saman um atvik. „Skýrist þetta sjálfsagt af því, sem getið var hér á undan um menntun og hugarflug téðra hjóna", segir í greinargerðinni. Þessi orð krefst aðalstefndi, að verði dæmd dauð og ómerk. Þá krefst aðalstefndi þess, að lögmaður sá, er ritaði greinargerð aðalstefnanda í gagnsök, Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, verði látinn sæta vítum.

Álit dómara:

Um málsatvik er þessa að geta:

Báðir málsaðiljarnir voru undir áhrifum áfengis, þegar þeir hittust utan við veitingahúsið Storkklúbbinn um tvöleytið aðfaranótt 5. febr. 1961. Aðalstefndi og kona hans þáðu boð aðalstefnanda um, að hann léti aka þeim heim í bifreið sinni. Eftir að lagt var af stað, tók aðalstefnandi að erta aðalstefnda með

því að þrátta við hann um ökugjald, og að frumkvæði aðalstefnanda var síðan numið staðar í Auðarstræti, áður en farið væri heim með aðalstefnda og konu hans.

Ekki er umdeilt, að aðalstefndi vildi ekki una viðstöðunni í Auðarstræti og að þrætur urðu milli aðilja málsins af þessu tilefni. Segja aðalstefndi og kona hans, að þau hafi, áður en til meiri tíðinda dró, beðið um, að þeim yrði hleypt út. Þessu hefur verið sérstaklega mótmælt af hálfu aðalstefnanda, og er þetta ósannað. Þá er einnig ósannað, að aðalstefnandi hafi haft orð á, að hann vantaði fé og benzín, en hins vegar er óumdeilt, að talið snerist um ökugjald og það, hvort áfram skyldi haldið.

Aðalstefndi segir, að það hafi nú borið til tíðinda, að aðalstefnandi hafi tekið í hálsklút hans og haldið honum. Kona aðalstefnda segir, að aðalstefnandi hafi gripið í trefil eða vesti manns hennar og krafið hann um ökugjald. Sjálfur segist aðalstefnandi hafa „klappað" aðalstefnda á hnéð. Reynir Guðmundsson segir ekkert hér að lútandi, en Vilhjálmur Ásmundsson segir, að aðalstefnandi hafi klappað „eitthvað á brjóstið á Karli" og krafið hann um 75 króna ökugjald. Með þessum skýrslum er sannað, að aðalstefnandi hefur snúið sér að aðalstefnda og tekið í hann.

Aðalstefnandi og vitnin Reynir og Vilhjálmur segja allir, að aðalstefndi hafi nú slegið hinn fyrstnefnda á vinstra gagnauga, en aðalstefndi og kona hans víkja ekki í framburðum sínum beint að þessu atriði. Verður að telja, að með skýrslum þeirra Reynis og Vilhjálms, sem koma heim við skýrslu aðalstefnanda og eru samrýmanlegar líkum, sem dregnar verða af því, er síðar gerðist, sé sannað, að þetta högg hafi verið greitt.

Framburðir þeirra Reynis og Vilhjálms eru síðan í samræmi við skýrslu aðalstefnda um, að aðalstefnandi hafi eftir þetta rifið af honum vesti hans, og ber því að telja það atriði sannað.

Eftir þessa atburði barst leikurinn úr bifreiðinni og út á Auðarstræti. Aðalstefndi segir, að aðalstefnandi hafi ráðizt á sig, sennilega slegið sig, þeir báðir fallið í götuna og aðalstefnandi haft hann undir, en félagar hans skilið þá. Skýrsla konu aðalstefnda er sama efnis. Aðalstefnandi segir hins vegar, að aðalstefndi hafi slegið sig, en hann þá gripið til hans og fellt hann, en í fallinu hafi aðalstefndi skollið á steinvegg. Reynir Guðmundsson segir, að aðiljar hafi hlaupið saman, fallið í götuna og aðalstefndi í fallinu lent á steinvegg. Hann segir, að aðalstefnandi hafi haft aðalstefnda undir, en kveðst ekki hafa séð aðilja skiptast á höggum. Vilhjálmur Ásmundsson segir, að aðalstefndi hafi

slegið aðalstefnanda, þeir báðir fallið, en aðalstefndi lent á steinvegg.

Með tilliti til þessara skýrslna verður að telja, að ekki sé sannað, hvernig átök hófust á ný utan við bifreiðina eða að högg hafi verið greidd. Hins vegar er óumdeilt, að báðir féllu og að aðalstefndi skall á steinvegg, sem þarna er. Þá er sannað, að aðalstefnandi hafði aðalstefnda undir, en félagar aðalstefnanda skildu þá.

Eftir þetta fór aðalstefndi um húsasund frá Auðarstræti á Snorrabraut. Aðalstefnandi fór á eftir honum, og kom á ný til átaka. Óumdeilt er, að aðalstefnandi tók í axlir aðalstefnda, en að öðru leyti er ósannað, hvernig átök hófust þarna. Hins vegar er sannað með framburðum pilta, sem áður eru nefndir og komu þarna að í bifreið, að málsaðiljar slógu hvor til annars og að aðalstefndi sneri sér að lokum, eftir að aðalátökin voru um garð gengin, að aðalstefnanda og sló hann. Með framburðum Reynis Guðmundssonar, Vilhjálms Ásmundssonar og Theodórs Guðmundssonar er og sannað, að aðalstefnandi hafi eftir þessi átök legið utan í húsvegg. Var hann síðan leiddur burt af félögum sínum.

Ekki er fram komið, að aðalstefnandi hafi þessa nótt orðið fyrir öðru hnjaski en nú hefur verið frá sagt. Verður því að telja sannað, að lemstur þau, er hann hlaut, hafi verið af völdum aðalstefnda, og þykir verða að byggja á því, að aðalstefnandi hafi hlotið þau í síðasta hluta viðureignarinnar uppi á Snorrabraut. Hins vegar er ekki fram komið, hvort þau stöfuðu beint af höggum aðalstefnda eða af því, að aðalstefnandi hafi fallið í götu eða vegg í átökunum.

Verða nú kröfur aðilja athugaðar hver fyrir sig.

Bótakröfur:

Málsaðiljar voru báðir drukknir, og á aðalstefnandi nokkra sök á tjóni sínu vegna framkomu sinnar við aðalstefnda í bifreið sinni og utan við hana í Auðarstræti með því að fara á eftir honum upp á Snorrabraut, taka þar í axlir honum og gefa sig að áflogum við hann. Þykir aðalstefndi, sem, eins og áður greinir, þykir sannur að því að hafa slegið til aðalstefnanda, eiga að bæta aðalstefnanda tjón hans að ⅗ hlutum.

Byggja verður á skýrslu aðalstefnanda um fjártjón hans (kr. 749.05 og kr. 29.880.00). Miski aðalstefnanda þykir hæfilega bættur með kr. 40.000.00, enda ber hann varanleg andlitslýti. Samkvæmt þessu ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda 60% af

kr. 70.629.05, eða kr. 42.377.43. Þá ber honum að greiða vexti 7% p. a. af fyrrnefndri fjárhæð frá þeim degi, sem krafizt er, 28. apríl 1961.

Aðalstefndi hefur í gagnsök krafizt miskabóta úr hendi aðalstefnanda. Með tilliti til þess, að aðalstefndi varð offari í samskiptum aðilja og þess, að hann hlaut ekki verulegar ákomur, þykir eiga að sýkna aðalstefnanda (gagnstefnda) af þessari kröfu.

Refsikröfur:

Dómari hefur aflað sakavottorða málsaðilja. Aðalstefnandi er fæddur 9. nóvember 1941, en aðalstefndi er fæddur 26. apríl 1900. Á s.l. fimm árum hefur aðalstefndi einu sinni gengizt með sátt undir að greiða sekt fyrir verðlagsbrot. Aðalstefndi hefur á sama tíma fjórum sinnum gengizt undir að greiða sektir fyrir brot á umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt. Hinn 14. júlí s.l. var hann hér í borg dæmdur í 5.000.00 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 18 mánuði fyrir brot á sömu réttarreglum.

Atferli aðalstefnda, sem að framan er lýst, þykir vera brot á 218. gr. laga nr. 19/1940.

Hinn 25. maí 1961 ritaði dómsmálaráðherra sakadómi Reykjavíkur á þessa leið:

„Eftir viðtöku bréfs sakadóms Reykjavíkur, dags. 17. þ. m., er fylgdi ásamt fylgiskjölum skýrsla rannsóknarlögreglunnar varðandi kæru Karls Svavars Þorsteinssonar á hendur Jóni Viðari Viggóssyni um líkamsárás, tekur ráðuneytið fram, að það fyrirskipar ekki frekari aðgerðir í máli þessu af hálfu hins opinbera."

Í 217. gr. laga nr. 19/1940 er þeim, sem misgert er við, heimiluð sókn sakar, en slík heimild er ekki í 218. gr. laganna. Milli þessara tveggja lagagreina er náið samband, og hefur sá, er brýtur gegn 218. gr., framið sams konar brot og lýst er í 217. gr., en þó verður honum refsað eftir 218. gr. vegna þess tjóns, sem hann hefur valdið. Hér hefur ekki verið gerð krafa um refsingu eftir 218. gr. af þar til bærum aðilja, og þykir því verða að refsa eftir 217. gr.

Eins og áður er lýst, hafði aðalstefndi orðið fyrir áreitni aðalstefnanda, og urðu átök þeirra í milli. Ekki er þó næg ástæða til að nota ákvæðin í 12. gr. laga nr. 19/1940. Með tilliti til atvika og svo sakavottorðs aðalstefnda þykir rétt að nota heimild 4. gr. laga nr. 22/1955 um breytingu á 57. gr. laga nr. 19/1940 og fresta ákvörðun refsingar hans. Skal sá frestur þeim skilyrðum bundinn:

1. Að aðalstefndi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö árin eftir lögbirtingu dóms þessa.
2. Að hann greiði aðalstefnanda fyrrgreindar bætur ásamt vöxtum og málskostnaði.

Atferli aðalstefnanda, sem að framan er lýst, þykir vera brot á 217. gr. laga nr. 19/1940. Eins og áður segir, sætti aðalstefnandi harðræði af hálfu aðalstefnda. Ekki er þó næg ástæða til að nota ákvæðin í 12. gr. laga nr. 19/1940. Með tilliti til sakavottorðs aðalstefnanda þykir rétt að nota heimild 4. gr. laga nr. 22/1955 um breytingu á 57. gr. laga nr. 19/1940 og fresta ákvörðun refsingar hans. Skal sá frestur því skilyrði bundinn, að aðalstefnandi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö árin eftir lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til þess til lækkunar, að dómkröfur aðalstefnda hafa að nokkru verið teknar til greina.

Hinn 31. október 1963 var lögð fram í málinu greinargerð í gagnsök af hálfu gagnstefnda (Jóns Viðars Viggóssonar), rituð af lögmanni hans, Gústafi A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni. Er þar viðhafður vítaverður ritháttur. Ekki er ástæða til að endurtaka í dómi þessum önnur ummæli en þau, sem krafizt hefur verið, að væru ómerkt, og hafa þau áður verið rakin. Ummælin hafa ekki verið réttlætt, og ber að ómerkja þau eftir lögjöfnun frá 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Málflutningsmenn aðilja voru hæstaréttarlömennirnir Páll S. Pálsson og Gústaf A. Sveinsson, en málið var munnlega flutt af lögfræðingunum Þorsteini Júlíussyni og Hauki Bjarnasyni, og var það hluti af prófraun eftir lögum nr. 61/1942.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Karl Þorsteinsson, greiði aðalstefnanda, Jóni Viðari Viggóssyni, kr. 42.377.43 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1961 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum..

Aðalstefndi, Karl Þorsteinsson, hefur gerzt sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal frestað og hún niður falla, ef aðalstefndi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö

árin eftir lögbirtingu dóms þessa og greiði aðalstefnanda fyrrgreindar bætur ásamt vöxtum og málskostnaði.

Aðalstefnandi, Jón Viðar Viggósson, hefur gerzt sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal frestað og hún niður falla, ef aðalstefnandi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö árin eftir lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli í greinargerð Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns í gagnsök skulu vera ómerk.

Miðvikudaginn 27. apríl 1966.

Nr. 17/1966. **Pétur Gauti Hermannsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1966. Hefur honum verið veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hins krafða lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í bréfi Hagstofu Íslands, dags. 12. apríl 1966, segir svo: „Samkvæmt beiðni upplýsist hér með, að Pétur Gauti Hermannsson, f. 26/6 1933, hefur haft aðsetur án lögheimilis á Drápuhlíð 21, Reykjavík, frá 20/5 1964, en lögheimili í Skriðuhreppi Eyjafjarðarsýslu, og er hann skráður svo enn.“

Í 30. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga segir: „a. Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili .... j. Eigi verður útsvar lagt á aðila nema í einu sveitarfélagi á sama ári ....“ Voru ákvæði þessi fyrst lögtekin með 30. gr. laga nr. 69/1962. Ákvæði 13. gr. laga nr. 35/1960, sem 30 gr. laga nr. 51/1964 vísar til, hljóðar svo: „Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkvæmt 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1955, um þjóðskrá og almannaskráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956“. Í 12. gr. laga nr. 35/1960 segir: „Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningu aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á“. Þá mælir 14. gr. sömu laga svo: „Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara. Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála“. Af samanburði á 30. gr., stafliðum a og j, laga nr. 51/1964 og 13. gr. laga nr. 35/1960, sem nefnd 30. gr. vísar til, er ljóst, að leggja skal útsvar á einstakling hvern í sveitarfélagi því, þar sem hann er á íbúaskrá þjóðskrár, og að við það verði að sitja, unz fyrir liggur úrskurður dóms í máli, höfðuðu samkvæmt 14. gr. laga nr. 35/1960, um, að lögheimili manns sé í öðru sveitarfélagi en þjóðskráin telur. Þar sem slík dómsúrlausn er eigi fyrir hendi að því er áfrýjanda varðar, verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, til ríkissjóðs, kr. 1.400.00, og málflutningslaun, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað lögtaks.

Stefnandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, til ríkissjóðs, kr. 1.400.00, og laun talsmanns áfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 6. janúar 1966.

Gerðarþola, Pétri Gauta Hermannssyni, Drápuhlíð 21 hér í borg, var gert að greiða hér við aukaálagningu opinber gjöld fyrir ár 1965 samkvæmt gjaldseðli nr. 7095—1738 að fjárhæð samtals kr. 5.075.00, er sundurliðast þannig:

Tekjuútsvar ..... kr. 5.000.00
Kirkjugarðsgjald ..... — 75.00

Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt gjöld þessi, hefur gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krafizt þess, að þau verði innheimt með lögtaki.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að hann hafi eigi verið gjaldskyldur hér umrætt tímabil og að umkrafin gjöld hafi því ranglega verið á hann lögð hér.

Kveðst gerðarþoli frá því ár 1940 og síðan hafa átt lögheimili að Lönguhlíð í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu, en hafa komið þaðan hingað til borgarinnar í janúarmánuði 1964. Hafi hann skömmu síðar farið að vinna hér og hér hafi hann haft atvinnu síðan, enda haft hér allan umræddan tíma herbergi á leigu og haft hér mestallar tekjur sínar. Hann kveðst þó um 3ja mánaða skeið sumarið 1964 hafa verið heima hjá sér í Lönguhlíð. Gerðarþoli kveðst hafa talið fram til skatts í Skriðuhreppi tekjur sínar á árinu 1964, enda hafi honum verið gert að greiða þar öll opinber gjöld fyrir ár 1965, er hann hafi að fullu greitt.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og hafa aðiljar lagt málið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt framanskráðu er það upplýst í máli þessu, að gerðarþoli, sem á þeim tíma, er hér skiptir máli, átti skráð lögheimili að Lönguhlíð í Skriðuhreppi, kom hingað til borgarinnar í janúarmánuði 1964, hefur haft hér herbergi á leigu síðan og haft hér atvinnu sína, enda haft hér mestallar tekjur sínar á umræddum tíma, þó að hann að vísu hafi dvalizt um 3ja mánaða skeið að Lönguhlíð sumarið 1964. Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi með framangreindri dvöl sinni og atvinnu hér orðið

gjaldskyldur hér, að því er umkrafin gjöld varðar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, sbr. a-lið 30. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, og að gjöld þessi hafi því réttilega verið á gerðarþola lögð hér. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fimmtudaginn 28. apríl 1966.

Nr. 128/1965. **Hilmar Garðars** (Gunnar Guðmundsson hrl.)
gegn
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1965. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjandi dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að honum verði dæmd sýkn af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Áfrýjandi, sem ekki sótti dómþing í málinu í héraði, byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því, að honum hafi eigi verið löglega birt héraðsdómsstefna í máli þessu, en í birtingarvottorði stefnuvotta á héraðsstefnu segir, að laugardaginn 5. júní 1965, klukkan 1336, „birtum við undirritað-

ir stefnuvottar Reykjavíkur þessa stefnu á Hilmar Garðars fyrir Margréti Jónsdóttur á heimili hennar Vesturgötu 19, hér í borg, og afhentum henni endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda, er býr í sama húsi, en var fjarverandi ....“

Kveðst áfrýjandi hafa flutzt frá Vesturgötu 19 hinn 3. júní 1960 að Sólheimum 18 og þaðan að Landholtsvegi 76 hinn 5. september 1964. Aðsetursskipti hafi hann í báðum þessum tilvikum tilkynnt í lögregluvarðstofuna, en í héraðsdómsstefnu er hann skráður að Sólheimum 18.

Að kvöldi dags 14. júní 1965 segir áfrýjandi sér hafa borizt í hendur afrit héraðsdómsstefnunnar frá móður sinni, sem búi að Vesturgötu 19, en hún hafi verið utan bæjar og eigi komið heim til sín fyrr en kvöldið áður. Enginn hafi verið heima í íbúð hennar, en á efri hæð hússins búi Margrét Jónsdóttir með föður sínum og hafi hún að beiðni stefnuvotta tekið við endurriti af stefnunni, þótt hún hefði verið treg til þess og sagt stefnuvottum, að áfrýjandi byggi ekki í húsinu og hún hefði ekki tök á að koma endurriti stefnunnar til skila.

Birting héraðsdómsstefnunnar var, eins og að framan greinir, algerlega ónóg og eigi í samræmi við 1. mgr. 95. gr. og 1. og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936, enda barst áfrýjanda endurrit stefnunnar eigi í hendur í tæka tíð, svo að hann mætti sækja þing í málinu. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði áfrýjanda, Hilmari Garðars, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. 6. 1965, hefur Samband ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 5. 6. 1965, gegn Hilmari Garðars, Sólheimum 18, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.703.37 með 8% ársvöxtum frá 10. 9. 1962 til 1. 1. 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera komna til þannig, að stefndi pantaði knastás í bifreið sína hjá véladeild S. Í. S. síðari hluta ársins 1962. Í kaupunum fylgdu einnig með undirlyftur og undirlyftustangir. Er til þess kom að afhenda skyldi nefndar vörur, hafði stefndi selt bifreið sína, en lagði svo fyrir, að vörurnar skyldu afhentar kaupanda hennar, og lofaði stefndi að standa skil á greiðslu varahlutanna.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.100.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hilmar Garðars, greiði stefnanda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, kr. 7.703.37 með 8% ársvöxtum frá 10. 9. 1962 til 1. 1. 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. maí 1966.

Nr. 84/1965. **Sigurður Ármann Magnússon, heildverzlun,**
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um skaðabætur vegna vörusendingar, er stefndi hafði tekið til flutnings, en áfrýjandi telur sig eigi hafa fengið afhenta, en hann hafi í höndum frumrit farmskírteinis.

Mál þetta hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en samkvæmt ákvæðum 200. gr. laga nr. 85/1936 skal reka fyrir sjó- og verzlunardómi mál um efni slík, sem hér um ræðir. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. okt., hefur stefnandi, Sigurður Ármann Magnússon, heildverzlun, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 13. febr. 1963, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 64.095.95 ásamt 8% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L.M.F.Í

Stefndi krefst sýknu af öllum stefnukröfunum og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum:

Hann kveðst hafa fengið vörusendingu frá A/b Björneborgs Bomull í Finnlandi með m/s Lagarfossi, sem kom til landsins 15. febr. 1962. Vörusending þessi var á farmskrá nr. 62, að þyngd 275 kg. Varan var tollafgreidd um miðjan júní 1962 og tollur greiddur 22. sama mánaðar.

Þann 23. júní fór hann með farmbréfið stimplað niður í Skúlaskála, en þar hefur stefndi vöruafgreiðslu, og ætlaði að fá vöruna afhenta, en hún fannst þá ekki. Afhenti hann þá verkstjóranum farmbréfið, svo að hann gæti leitað vörunnar, en sú leit bar ekki árangur að öðru leyti en því, að í ljós kom, að lítill balli merktur stefnanda var á afgreiðslunni. Þessi balli hafi tilheyrt stórri vörusendingu, sem hann hafði fengið í febrúar, en orðið eftir í vöruhúsinu af vangá.

Kveðst stefnandi nú hafa hafið viðræður við Eimskipafélagið, en þær hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu og sér verið að lokum tjáð, að stefndi gæti ekkert gert í málinu. Stefnandi kveðst hafa átt viðtöl við Unnstein Beck, fulltrúa tollstjóra, varðandi þetta mál. Ekki hafi þau viðtöl leitt til þess, að hægt væri að upplýsa, hvaða tollþjónn hefði skoðað vöruna eða hvenær.

Samkvæmt verðútreikningi, staðfestum af verðlagsstjóra, hafi verðmæti þessarar vörusendingar numið kr. 64.095.95 og beri stefndi bótaábyrgð á því. Þar sem stefndi hafi reynzt ófáanlegur til að greiða þessa upphæð, hafi málshöfðun verið óhjákvæmileg.

Stefndi skýrir svo frá, að strax, er kvörtun barst frá stefnanda þess efnis, að vörusending sú, sem hér um ræðir, hefði ekki komið fram, hafi verið hafin mjög rækileg rannsókn í málinu. Við þá rannsókn hafi komið í ljós, að stefnandi fékk með m/s Lagarfossi, sem kom hingað 15. febr. 1962, auk þeirrar vörusendingar, sem mál þetta fjallar um, vefnaðarvörusendingu, sem tilgreind er á farmskírteini nr. 63, sbr. dskj. nr. 13. Þessari vörusendingu er þannig lýst á farmskírteininu:

„S.A.M./10433

Reykjavík 5 cases Cotton 1.1 855 knos."

Samkvæmt vottorði Ástráðs Jónssonar verkstjóra var þessi vörusending 4 kassar og 1 pakki og farmskírteinið þar af leiðandi ranglega útfyllt að þessu leyti. Eftir vottorði ríkisendurskoðunarinnar á dskj. nr. 12 var merki á öllum kössunum, sbr. farmskírteini nr. 63, S.A.M./10433, Reykjavík, 4 cs. Nett weight 655

kg., Gross weight 835 kg. 1 cs. Nett weight 18 kg. Grossweight 20 kg. Við könnun í vöruhúsi stefnda kom í ljós, að þar er til staðar 1 pakki merktur S.A.M./10433/5, vigt um 20 kg., mál 68×35×28 cm. Samkvæmt merkingu tilheyrir þessi pakki sendingunni á farmskrá nr. 63.

Vörusendingin samkvæmt farmskrá nr. 63 var afhent stefnanda þann 24. febrúar 1962. Við móttöku þessarar sendingar hefur stefnandi kvittað fyrir 5 ks. vefnaðarvöru, samanber ljósmynd af afriti afgreiðsluseðils, dskj. nr. 15, merktum S.A.M./10433.

Verkstjóri stefnda, Ástráður Jónsson, haldi því afdráttarlaust fram, að það, sem raunverulega hafi gerzt, sé það, að stefnandi hafi veitt viðtöku 4 kössum samkvæmt farmskírteini nr. 63, dskj. nr. 13, og auk þess þeim kassa með vefnaðarvöru, sem hér er krafizt bóta fyrir (merktum S.A.M./10441).

Stefndi bendir á, að eftirfarandi staðreyndir liggi fyrir:

1) Vörusendingin samkvæmt farmskírteini á dskj. nr. 13 er 4 kassar og 1 pakki, merkt „S.A.M./10433".
2) Vörusending, sem krafizt er bóta fyrir, er 1 kassi, merktur „S.A.M./10441".
3) Stefnandi kvittar fyrir 5 kössum af vefnaðarvöru, merktum „S.A.M./10433".
4) Pakkinn úr vörusendingunni samkvæmt farmskírteini á dskj. 13 er enn í vörzlu stefnda.

Með þessu telur stefndi, að fullar sönnur séu komnar fram fyrir því, að sú staðhæfing verkstjóra stefnda sé rétt, að stefnandi hafi hinn 24. febrúar 1962 fengið þá vörusendingu afhenta, er hann nú krefst bóta fyrir.

Stefnanda var boðið að afhenda honum pakka þann, sem enn er í vörugeymsluhúsi stefnda, gegn frumriti farmskírteinis nr. 62, en því hafi hann eindregið neitað og borið því við, að verðmæti hans sé aðeins brot af verðmæti kassans, sem farmskírteini nr. 62 hljóði upp á.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi farið sjálfur til að sækja vörusendinguna 24. febrúar, sem talin er upp í farmskírteini á dskj. nr. 13. Hann kveðst hafa farið í einkabifreið sinni niður að Skúlaskála og lagt henni þar í nánd. Síðan fór hann með farmskírteinið í vörugeymsluna og fékk að sjá, hvar varan var. Kveðst hann þá hafa sagt starfsmönnunum í vörugeymslunni, að hann þyrfti að hringja á sendiferðabifreið og beðið þá að afgreiða sendinguna. Fór hann síðan og hringdi á sendiferðabifreiðina og kvittaði fyrir móttöku

sendingarinnar um leið, eins og hann kveðst undantekningarlítið hafa gert, er hann þurfti að fá sendiferðabifreiðar, en allar minni sendingar hafi hann verið vanur að keyra heim í eigin bifreið.

Stefnandi fór svo með vöruflutningabifreiðinni heim að fyrirtæki sínu við Laugaveg 31. Varan var í stórum trégrindarkössum, en pappír utan um vöruna sjálfa í kössunum. Hann kveðst hafa opnað kassana þarna úti á gangstéttinni, orðið að flýta sér, því að lögreglan hafi amazt við, að kassarnir væru teknir upp þarna úti á gangstéttinni. Umbúðunum utan af vörunni kveðst hann hafa fleygt..

Stefnandi kveðst hafa verið einn við að koma vörunni upp í vörugeymslu sína, sem sé á 3. hæð, og hafi það gengið seint. Daginn eftir kveðst hann hafa talið vörusendinguna eftir eintaki af „faktúru", er hann hafði, og virtist honum það stemma. Þann dag var hann mjög upptekinn við að koma út þessari stóru sendingu og muni því hafa dottið úr sér, að hann ætti ósóttan litla ballann, ef það sé rétt, sem sig minni, að hann hafi ætlað að taka hann í einkabifreið sína. Þá bendir stefnandi á, að í vörusendingu þeirri, sem um getur á farmskrá nr. 63, hafi eingöngu verið gardínuefni, en í kassanum, sem ekki finnst, áttu að vera sloppar og blússuefni, 45 pakkar, en litli ballinn innihaldi aðeins 3 pakka (gardínuefni) af svipaðri stærð, svo að ruglingur þar á milli komi ekki til greina.

Fyrir dómi var stefnandi spurður að, hve margir kassar hefðu komið að fyrirtæki hans með sendiferðabifreið þeirri, sem áður um getur, og taldi hann þá vera fjóra, en tók þó fram, að hann mundi það ekki nákvæmlega að öðru leyti en því, að pakkar þeir, sem komið hefðu upp úr kössunum, hefðu komið heim við „stóru faktúruna".

Í bréfi til lögmanns stefnanda á dskj. nr. 16 beinir lögmaður stefnda þeirri spurningu til stefnanda, hvernig hann vilji skýra kvittun sína á dskj. nr. 15, þar sem hann lýsi því afdráttarlaust, að hann hafi veitt viðtöku 5 kössum af vefnaðarvöru. Þessari spurningu svarar stefnandi á dskj. nr. 18 þannig: „Enn fremur skal á það bent, að ég kvittaði ekki neitt sérstaklega fyrir 5 kössum. Ég kvittaði bara fyrir sendingunni, eins og hún var. Sá, sem lætur mig kvitta niður í Skúlaskála, veit heldur ekki, hverju ég tek á móti, hann stílar bara kvittunina eftir farmskírteininu, en þar stóðu 5 kassar."

Ástráður Jónsson, verkstjóri stefnda, hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst ekki hafa afhent vöru þá, sem afgreidd var 24.

febrúar 1962, né heldur séð, er hún var afhent stefnanda. Hins vegar kveðst hann hafa átt tal við undirmenn sína í Skúlaskála og beri þeim öllum saman um, að stefnanda hafi verið afhentir 5 kassar hinn 24. febrúar 1962.

Árni Jóhannsson, starfsmaður stefnda í Skúlaskála, hefur komið fyrir dóm og borið, að hann geti ekki munað, hvort hann afhenti varnig þann, sem kvittað er fyrir á dskj. nr. 15. Vitnið tekur fram, að það sé venja við afhendingu vara í Skúlaskála að láta viðtakendur vöru kvitta fyrir mótöku, eftir að vörurnar eru komnar á bíl. Þó kveðst það vita dæmi til þess, að kvittað sé fyrir vöru, áður en hún er látin á bíl, en það sé mjög sjaldgæft.

Bergþór Pálsson, starfsmaður stefnda í Skúlaskála, hefur einnig komið fyrir dóm. Vitnið kvaðst ekki muna eftir afhendingu þeirra vara, sem kvittað er fyrir á dskj. nr. 15. Það segir, að venja sé, að viðtakendur vöru í Skúlaskála kvitti ekki fyrir móttöku hennar fyrr en eftir afhendingu, en þó geti komið fyrir, að viðtakendur spyrji, hvort ekki megi kvitta fyrir móttöku vöru, áður en hún er afhent og sé venjulega slíkum tilmælum svarað þannig, að rétt sé að finna vöruna fyrst. Vitnið kvaðst þekkja dæmi til þess, að viðtakendur vöru hafi kvittað fyrir hana, áður en hún var afhent, en þá hafi starfsmenn vörugeymslunnar verið búnir að finna vöruna og taka hana til.

Fleiri hafa ekki komið fyrir dóm. Hafa nú verið rakin í meginatriðum helztu atvik málsins.

Vara sú, sem mál þetta snýst um, var tollafgreidd 12/6 1962 og tollur greiddur 22. sama mánaðar. Ekki hefur tekizt að upplýsa, hvernig afskiptum tolleftirlitsins viðkomandi tollskoðun vörunnar var háttað eða hvenær hún fór fram.

Í málinu liggur fyrir á dskj. nr. 15 kvittun fyrir móttku 5 kassa af vefnaðarvöru merktum S.A.M./10433, en viðurkennt er, að 1 pakki af sama farmskírteini með sama merki liggi ennþá á vöruafgreiðslu stefnda. Eftir kvittun stefnanda virðist einn umfram kassi vera í vörzlum hans. En hvernig svo sem því er háttað, ber honum að sanna, að hann hafi ekki móttekið það, sem hann kvittar fyrir.

Svo sem mál þetta liggur fyrir, hefur stefnanda ekki tekizt að færa fram nægileg rök fyrir kröfu sinni, og ber því að sýkna stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. maí 1966.

Nr. 16/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðmundi Jónssyni og Ólafi Jónssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Brot gegn hafnarreglugerð. Notkun vogar.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, er ákærðu gefið að sök að hafa frá hausti 1963 til vertíðarloka tveim árum síðar notað eigin bifreiðavog til vigtunar á afla úr bátum sínum við uppskipun í Sandgerðishöfn þrátt fyrir starfrækslu Sandgerðishafnar á bifreiðavog. Hafa ákærðu og viðurkennt þetta, en samkvæmt símskeyti sveitarstjórans í Miðneshreppi 29. apríl 1966, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, var bifreiðavog Sandgerðishafnar tekin í notkun hinn 1. janúar 1963.

Í 2. mgr. 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði í Miðneshreppi nr. 64/1948, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963, er birt var í stjórnartíðindum 26. júní 1963, er svo ákveðið, að starfræki höfnin vogar- eða mælitæki, skuli allt vörumagn, sem um höfnina fer og vörugjald ber að greiða af og ekki er á farmskrá, vegið eða mælt á þeim. Verður að

telja, að ákvæði þetta hafi stoð í 15. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 29/1946 um hafnargerðir og lendingarbætur, en einkaeigendum slíkra tækja eru vitaskuld frjáls afnot þeirra að öðru leyti í sjálf sín þarfir.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1946 er og heimilt að ákveða í reglugerð gjald fyrir notkun vogar- og mælitækja hafnar, eins og gert er í 3. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 64/1948, sbr. 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963, en eigi verður refsing ákveðin fyrir að standa ekki skil á gjöldum þessum, sem heimilt er að taka lögtaki samkvæmt 6. mgr. 9. gr. laga nr. 29/1946.

Með notkun eigin bifreiðavogar í framangreindum tilvikum hafa ákærðu gerzt brotlegir við 2. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 64/1948, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963. Samkvæmt 44. gr. reglugerðar nr. 64/1948, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 29/1946, þykir refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin kr. 5.000.00 sekt til hafnarsjóðs Sandgerðis, og komi varðhald 2 daga í stað sektar hvors þeirra, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmundur Jónsson og Ólafur Jónsson, greiði hvor um sig 5.000.00 króna sekt í hafnarsjóð Sandgerðis, og komi varðhald 2 daga í stað sektar hvors þeirra, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum..

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóv. 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 18. nóvember, var á dómþingi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu embættisins af Stefáni Hirst, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 966—967/1965: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Jónssyni og Ólafi Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 14. júní s.l., verið höfðað gegn þeim Guðmundi Jónssyni útgerðarmanni, Rafnkelsstöðum í Gerðahreppi, og Ólafi Jónssyni forstjóra, Úthlíð 12 í Reykjavík, fyrir að hafa frá hausti og til vertíðarloka næstliðin tvö ár látið vigta afla úr eigin bátum, uppskipaðan í Sandgerðishöfn, á eigin bifreiðavog þrátt fyrir starfrækslu Sandgerðishafnar á bifreiðavog í Sandgerði á þessum tíma og með því eigi greitt af því aflamagni vigtargjald til hafnarsjóðs.

Telst þetta varða við 2. mgr. og 3. mgr. 34. gr. sbr. 44. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði í Miðneshreppi nr. 64/1948, sbr. breyting á þeirri reglugerð nr. 47/1963, sbr. lög um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29/1946, og er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru á sakhæfisaldri, Guðmundur fæddur 18. júlí 1892 á Hellum í Gerðahreppi og Ólafur 28. apríl 1907 á Akranesi. Guðmundur hefur ekki áður sætt kærum né refsingum, svo að kunnugt sé, en Ólafur hefur áður sætt kærum og refsingum, svo sem tiltekið er í framlögðu sakavottorði.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1964, kærði sveitarstjórinn í Miðneshreppi fyrirtækin Miðnes h/f og útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar í Sandgerði fyrir brot á 2. mgr. 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði.

Ákærðu eru fyrirsvarsmenn nefndra fyrirtækja. Hefur ákærði Guðmundur Jónsson skýrt svo frá, að útgerðarstöð hans og Miðnes h/f eigi í sameign vog, sem notuð hafi verið til að vigta afla báta fyrirtækjanna. Kveður ákærði Miðneshrepp hafa sett á stofn vog fyrir um það bil tveimur árum, að því er hann minnir, og hafi verið ætlazt til, að sú vog yrði framvegis notuð. Ákærði kveðst þó hafa þrjózkast við og hafi hann látið nota sína eigin vog áfram og sé hún notuð enn til að vigta með fisk úr bátum stöðvarinnar.

Ákærði Ólafur Jónsson hefur viðurkennt að hafa notað téða

vog fyrirtækjanna áfram í þarfir fyrirtækis síns, eftir að vog hreppsins var komin í notkun og umrædd reglugerð gefin út. Hann kveður þó eigin vog fyrirtækjanna aðeins hafa verið notaða frá því á haustin fram til vertíðarloka á vorin, en að öðru leyti hafi fyrirtæki hans notað hreppsvogina.

Af hálfu ákærðu er haldið fram, að ákvæði 2. og 3. mgr. 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði, sem ákært er fyrir brot á, eigi sér enga stoð í lögum nr. 29/1946 um hafnargerðir og lendingarbætur.

Með 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963 var gerð breyting á ákvæðum 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði nr. 64/1948. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar frá 1963 skal allt vörumagn, sem eigi er á farmskrá, en um höfnina fer og vörugjald ber að greiða af, vegið eða mælt á vogar- eða mælitækjum hafnarinnar, og skal greiða tiltekið gjald fyrir vigtunina. Með ákvæðum þessum er fyrirtækjunum Miðnesi h/f og Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar meinuð tiltekin not vogar fyrirtækjanna og þar með skertur að hluta eignarréttur þeirra að voginni. Verður eigi séð, að ákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963 eigi sér næga stoð í lögum nr. 29/1946. Af því leiðir, að ákærðu verður eigi refsað fyrir háttsemi þá, sem í ákæru er lýst. Ber að sýkna þá af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og ákveða, að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Guðmundur Jónsson og Ólafur Jónsson, skulu sýknir vera af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Föstudaginn 6. maí 1966.

Nr. 5/1966. **Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum**
f. h. hafnarsjóðs Vestmannaeyja
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Marcel Lambregt, eiganda b/v Marie José Rosette, O 285,
og til réttargæzlu:
vátryggjanda nefnds togara, Onderlinge Verzekeringsmatschappij „De Ster" S.W.V.
og
svo ábyrgðarvátryggjanda togarans, The Shipowners Protection Indemity Association Limited
(Ragnar Aðalsteinsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál. Um ábyrgð útgerðarmanns af spjöllum skipsflaks.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson og Páll Þorbjörnsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1966 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2.900.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. janúar 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, matskostnað, kr. 8.301.00, og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Marcel Lambregt krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndu krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem skilmerkilega er rakið í héraðsdómi, misstu skipsstjórnarmenn b/v Marie José Rosette, O 285, stjórntök á togara þessum fyrir utan hafnarmynnið í Vestmannaeyjum hinn 10. janúar 1961 með þeim afleiðingum, að hann rak upp á norðurhafnargarðinn og tók þar niðri. Braut togarann þar smám saman í spón, og stórspilltist hafnargarðurinn við það. Líta ber svo á, að stefndi Marcel Lambregt, eigandi togarans, hafi orðið ábyrgður á spjöllum þeim, sem togarinn olli á hafnargarðinum, en að ábyrgð hans hafi verið takmörkuð við verðmæti togarans samkvæmt samræmisályktun frá 13. gr. og 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914, sem voru í gildi á þeim tíma, er atburðir máls þessa gerðust, enda ber í þessu sambandi að líta á það, að áfrýjanda var rétt að verjast spjöllum af völdum togarans með tiltækum ráðum og það jafnvel með eyðingu hans, ef stefndi hefði eigi, um það krafinn, sett tryggingu fyrir bótum vegna spjalla, er vænta mátti af togaranum. Þar sem eigi er lengur til eign sú, b/v Marie José Rosette, O 285, er orðið gat aðfararandlag samkvæmt dómi á hendur stefnda Marcel Lambregt, ber að sýkna hann af kröfum áfrýjanda og staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Fella ber málskostnað niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 9. desember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðlaugi Gíslasyni bæjarstjóra f. h. hafnarsjóðs Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 22. október 1962, birtri í Lögbirtingablaðinu 10. nóv. 1962 og í löggiltum þýðingum í Belgíu og Englandi í des. 1962 og í febrúar og marz 1963, á hendur eiganda og útgerðarmanni belgíska togarans Marie José Rosette, O 285, Marcel Lambregt, Dr. Ed. More-

auxlaan 147, Ostende, Belgíu til heimtu skaðabóta út af skemmdum á nyrðri hafnargarðinum (Hörgeyrargarðinum) í Vestmannaeyjum af völdum togarans, eftir að hann hafði strandað þar að kvöldi þess 10. janúar 1961, samkvæmt mati kr. 2.900.000.00 auk 8% ársvaxta frá 15. janúar 1961 til greiðsludags, matskostnaðar samkvæmt reikningi, kr. 8.301.00, auk alls málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur var stefnt til réttargæzlu í málinu vátryggjanda nefnds togara, Onderlinge Verzekeringsmatschappij „DE STER" S.W.V., Pastor Pypestraat nr. 1, Ostende, Belgíu, var stjórn félagsins stefnt fyrir þess hönd, þeim Arthur Cogghe útgerðarmanni, Vaarstraat 9, Ostende, Marcel Lamgregt útgerðarmanni, Dr. Ed. Moreauxlaan 147, Ostende, Karel Lambregt útgerðarmanni,Wertingkundigestraat 42, Ostende, Alfons Vierer útgerðarmanni, Kappellstraat 80, Ostende, Henry Calcoen útgerðarmanni, Vertingstraat 42, Ostende, Henri Goutsmit útgerðarmanni, Dr. Ed. Moreauxlaan 65, Ostnde, Prosper Geryl útgerðarmanni, Ieperstraat 49, Ostende, Henri Verhaehe útgerðarmanni, Strandlaan 2, Bredene-aan-Zee og René Lenaers útgerðarmanni, Dr. Ed. Moreouxlaan 115, Ostende, og enn fremur ábyrgðartryggjanda togarans, The Shipowners Protection & Indemnity Association Ltd., Lloyds Avenue, London E.C., 3, Englandi, og var stjórn félagsins stefnt fyrir þess hönd, þeim D. F. Cartwright, M.B.E., M. C. Waveney Chambers, Lowestoft, F. Cremer, 5 Park Close Eastborne, F. W. Everard, The Wharf, Greenhithe, Kent, F. A. Everard, The Warf, Greenhithe, Kent, M. O. Gill, Canal Road, Rochester, Kent, L. H. West, "Woodlands", G. T. Horkesley, Colchester, Sussex, O. H. Whitaker, Crown Dry Dock, Towers Street, Hull og M. F. Stepton, 3 Battery Green Road, Lowestoft.

Í lok málsins breytti stefnandi kröfum sínum að því leyti, að hann krafðist 8% ársvaxta af kr. 2.900.000.00 frá 15. jan. 1961 til 31. des. 1964, en 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en að öðru leyti voru kröfur hans óbreyttar.

Mætt var í málinu af hálfu stefnda og réttargæzlustefndu. Í upphafi var af hálfu stefnda krafizt þess, að málinu yrði vísað frá dómi, og var sú krafa tekin til greina í héraði, en hrundið í Hæstarétti með dómi, uppkveðnum 29. janúar 1964. Að öðru leyti var og er þess krafizt af hálfu stefnda, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að stefnukrafan

verði lækkuð mjög verulega að mati dómsins og málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu réttargæzlustefndu er þess krafizt, að þeim verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Belgíski togarinn Marie José Rosette, O 285, lét úr höfn í Vestmannaeyjum á tíunda tímanum að kvöldi þriðjudagsins 10. janúar 1961. Vindur var úr ASA um 10 vindstig og talsverður sjór. Hafnsögumaður leibeindi togaranum út höfnina, en yfirgaf hann í hafnarmynninu og fór yfir í hafnsögubátinn. Benti hann skipstjóranum á, að hann skyldi taka stefnu SA, er hann væri kominn út úr höfninni. Togarinn setti síðan á fulla ferð, og er komið var út úr hafnarmynninu, kvaðst skipstjórinn hafa ætlað að beygja til stjórnborða, en stýri hafi þá fallið í bakborða. Jók hann þá ferðina og tók stýrið hart í borð í stjórnborða, en allt kom fyrir ekki, og lét skipið ekki að stjórn. Von bráðar rakst svo framstefnið í bergið norðan við útsiglinguna. Var þá tekið aftur á, en við það snerist afturendinn upp í vindinn og slóst þar næst í bergið. Við þetta lyftist stýrisvélin upp frá þilfarinu, og varð þá stýrið ónothæft með öllu. Barst togarinn síðan undan vindinum í átt til hafnargarðsins. Reynt var að halda honum upp í hafnarmynnið, en það tókst ekki, og rak hann upp í norðurhafnargarðinn og tók þar niðri. Björgunarsveit kom á strandstaðinn, og var áhöfnin dregin í land á björgunarstólum, og gekk það vel.

Veður var slæmt næstu daga og mikill sjór. Fyrir liggur skýrsla frá veðurstofunni um veður og sjó í Vestmannaeyjum frá og með 10. janúar til og með 31. janúar 1961. Samkvæmt henni komst vindur upp í 13 vindstig aðfaranótt miðvikudagsins 11. janúar. Var vindstaðan fyrst ASA, gekk síðan í SA og þar næst í S. Upp úr hádeginu var vindur kominn niður í 4 stig úr SA. Um kvöldið breyttist vindstaðan í VSV með 8 vindstigum. Fimmtudaginn 12. janúar var vindstaðan fyrst úr VSV, en breyttist um átta leytið að morgni í SV og færðist síðan um kvöldið í VSV. Veðurhæð var 9—10 vindstig allan daginn og hafrót, og kl. 1400 var aftaka hafrót. Á föstudag 13. janúar var vindur úr VSV fram yfir hádegi, færðist síðan í S og um kvöldið í SSV. Veðurhæð var 10 stig kl. 0200, en fór síðan minnkandi og komst niður í 4 stig upp úr hádeginu. Fór síðan vaxandi og var komin upp í 10 vindstig kl. 2300. Mikill sjór og stundum allmikill sjór var um daginn. Laugardaginn 14. janúar var stórsjór allan daginn. Vindur var úr SV eða SSV og um kvöldið úr S. Veðurhæð var

11 stig kl. 0200, en fór svo lækkandi og var komin niður í 7 stig kl. 1100. Eftir það var veðurhæðin 8—9 vindstig. Sunnudaginn 15. janúar var mikill sjór og vindur úr SSV og S og loks úr V. Veðurhæð 6—10 vindstig. Mánudaginn 16. janúar var allmikill sjór. Kl. 0200 var vindur VSV 8, en færðist síðan í SV og V, og kl. 1400 var vindur VSV 4. Kl. 1700 var komið logn. Kl. 2000 var vindur ASA 4 og kl. 2300 ASA 6. Þriðjudaginn 17. janúar var talsverður sjór og allmikill sjór. Veðurhæð var 6—9 vindstig úr ASA, A og SA. Miðvikudaginn 18. janúar var talsverður sjór. Um nóttina var vindur úr S, 5 stig, síðan úr SSA og A, 4 og 3 stig. Kl. 1700 var vindur SSV 1. Um kvöldið var komið logn. Fimmtudaginn 19. janúar var dálítill sjór, en sjólítið, er á daginn leið. Stundum var logn, en annars 1—4 vindstig úr ýmsum áttum. Um kvöldið kl. 2300 var vindur ASA 6. Föstudaginn 20. janúar var fyrst sjólítið, en síðan dálítill sjór. Vindur var úr SA, SSA, S og ASA, 5—8 vindstig. Laugardaginn 21. janúar var talsverður sjór og vindur 7—8 vindstig úr ASA og A. Sunnudaginn 22. janúar var mikill sjór og vindur úr A, 8—10 vindstig. Mánudaginn 23. janúar var mikill sjór og vindur úr ASA og A, 10—12 vindstig til kl. 2000. Síðan lægði, og kl. 2300 var vindur SSA 5. Þriðjudaginn 24. janúar var mikill sjór og vindur úr ASA, SSA og A, 5—10 vindstig. Miðvikudaginn 25. janúar var mikill sjór og vindur úr ASA, A og S, 8—10 vindstig. Fimmtudaginn 26. janúar var fyrst mikill sjór, en síðan var stórsjór og vindur úr ASA, SA, A og S, 8—13 vindstig. Föstudaginn 27. janúar var hafrót, en kl. 2300 stórsjór. Vindur var S, SSV og SV, 5—12 vindstig. Laugardaginn 28. janúar var mikill sjór um nóttina, talsverður sjór um morguninn, en dálítill sjór, er leið að hádegi og það, sem eftir var dagsins. Vindur var við norður og austur, 1—7 vindstig. Næstu tvo daga var dálítill sjór og lítil veðurhæð, mest 7 stig. 31. janúar var hægviðri, sjólítið, er kom fram á morguninn og það, sem eftir var dagsins.

Varðskipið Þór var um skeið í Vestmannaeyjum eftir strandið, og var tilætlunin að reyna að ná togaranum út. Samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæzlunnar virðist Geir H. Zoëga, sem síðar verður getið, hafa óskað eftir aðstoð varðskipsins. En vegna veðurs og sjógangs gafst varðskipinu aldrei færi á að gera tilraun til björgunar. Lá togarinn svo um skeið í brimrótinu utan í hafnargarðinum. Á fimmtudag, 12. janúar, varð þess vart, að togarinn var farinn að laska steypuna utan í garðinum. Á laugardag höfðu skemmdirnar aukist. Voru þá brotnar hliðar úr þrem

steypukerum í undirstöðum garðsins og skarð komið í steypuna ofan við kerin, og hafði þar myndast hellir á nokkuð stóru svæði. Togarinn var þá mikið brotinn, helmingur af stefninu, eða þar um bil, var farinn og skápar komnir á stjórnborðssíðu, og féll þar sjór út og inn.

Hafnarnefnd Vestmannaeyja kom saman sunnudaginn 15. janúar, og í umboði hennar sendi bæjarstjóri svohljóðandi símskeyti til Geirs H Zoëga:

„Togarinn Marie José Rosette, O 285, hefur brotið skarð í norður hafnargarðinn í Vestmannaeyjum og valdið stórtjóni. Hafnarnefnd Vestmannaeyja gerir kröfu á hendur eigendum og vátryggjendum skipsins um greiðslu fullra skaðabóta fyrir tjón það, sem þegar er orðið og kann að verða af völdum skipsins.

Jafnframt óskast samráð við yður sem umboðsmann eigenda og vátryggjenda um aðgerðir til að forða frekara tjóni, sem yfirvofandi er. Sjópróf verður kl. 10 í fyrramálið."

Sjópróf var haldið út af skemmdunum á hafnargarðinum mánudaginn 16. janúar. Komu þar meðal annars fram þær upplýsingar um skemmdirnar, sem að ofan eru raktar. Hafnarvörður mætti og kvaðst hafa farið um borð í togarann ásamt skipstjóra og fjórum mönnum öðrum á fimmtudagsmorgni á tíunda tímanum. Þá var fjara og svolítil alda á suðaustan, og skvettist dálítið yfir togarann. Flakið var þá farið að laska steypuna utan í garðinum, en ekki nema lítillega, að því er honum virtist. Hann fór aftur í flakið á sunnudagsmorgni. Var þá fjara og lítill sjór. Skemmdirnar á garðinum höfðu þá aukizt mikið frá því, sem áður var. Brotin voru hlið úr þrem steypukerum í undirstöðum garðsins, og fyrir ofan þau var komið skarð í steypuna á nokkuð stóru svæði. Skipherrann á varðskipinu Þór kvaðst hafa komið út á nyrðri hafnargarðinn á laugardagsmorgni.. Var þá kominn skápur inn í garðinn að neðan. Hann kvað togarann snúa stefni í garðinn og liggja á ská út frá honum. Togarinn virtist léttur að framan, en virtist nú liggja dýpra að aftan en áður, annað hvort hafði grafizt undan honum eða grjót flutzt að honum hlémegin (garðmegin). Hann sagði, að varðskipið hefði átt að gera tilraun til að bjarga togaranum, en veður hefði aldrei gefizt til þess. Tilætlunin hafi verið að dæla upp úr honum og ganga úr skugga um, hve mikið hann væri brotinn, en þess var ekki kostur vegna veðurs. Hann kvað togarann mikið brotinn, eins og lýst er hér að framan, og skrúfa og stýri farið. Guðmundur Gunnarsson

verkfræðingur, starfsmaður hjá vita- og hafnarmálaskrifstofunni, kvaðst hafa komið út í togarann á sunnudagsmorgni á fjörunni. Sá hann, að garðurinn var talsvert skemmdur. Tók hann myndir af togaranum og verksummerkjum, og hafa þær verið lagðar fram. Hann kvaðst telja vafalítið, að togarinn mundi halda áfram að skemma garðinn, ef hann yrði ekki fjarlægður. Þórhallur Jónsson verkfræðingur kvaðst hafa komið um borð í togarann á sunnudagsmorgni. Virtist botn togarans allmikið brotinn, og sjór flæddi þar út og inn. Hann kvað togarann hafa valdið allmiklum skemmdum á garðinum. Tvö eða þrjú ker í undirstöðu garðsins væru brotin og einnig steypuflái ofan á kerunum. Þar hafi myndast stór hellir og miklu grjóti skolað út úr kjarna garðsins, en laust grjót væri inni í garðinum og steypa utan á. Hann áleit, að togarinn mundi halda áfram að skemma garðinn, ef hann yrði ekki fjarlægður. Hann taldi einnig, að þótt togarinn yrði fjarlægður, mundi brim halda áfram að skemma garðinn, ef ekkert yrði að gert.

Mætt var af hálfu Geirs H. Zoëga við sjópróf þetta, og einnig var mætt af hans hálfu við sjóprófin út af strandi togarans. Eftir að mál hófst út af skemmdunum á hafnargarðinum, lýsti hann því hins vegar yfir, að hann væri ekki umboðsmaður togaraeiganda og hefði aldrei verið. Ekki væri hann heldur umboðsmaður vátryggjenda. Aftur á móti hefði fyrirtækið Motorvesserij í Ostende beðið hann að setja tryggingu fyrir landhelgissekt togarans og síðar að annast um heimsendingu áhafnar.

Hinn 26. janúar 1961 skrifaði Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður af hálfu stefnanda bréf til Geirs Zoëga, Vesturgötu 10, Reykjavík, og kvaðst hafa heyrt, að hann væri umboðsmaður fyrir brezkt vátryggingafélag, sem hefði ábyrgðartryggt togarann. Kvað hann hafnarnefnd Vestmannaeyja hafa falið sér að innheimta hjá eiganda og eftir atvikum vátryggjendum fullar skaðabætur fyrir allt það tjón, sem togarinn hefði valdið eða kæmi til að valda á hafnarmannvirkjum og fór fram á, að ábyrgðartryggjandi staðfesti, að hann mundi greiða fullar skaðabætur fyrir tjónið. Geir Zoëga svaraði með bréfi 2. febr. 1961 og kvaðst vera umboðsmaður vátryggingafélagsins, þar sem togarinn væri ábyrgðartryggður, en á þessu stigi gæti hann ekkert sagt um, hvort félagið vildi bæta tjónið að nokkru eða öllu, en teldi þó vafasamt, að svo yrði. Eftir móttöku bréfs þessa skrifaði Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður bréf til Geirs H. Zoëga, dags. 10. febr. 1961, og kvaðst krefjast fullra bóta á tjóninu úr

hendi eiganda togarans og óskaði eftir staðfestingu á því, að tjónið fengist bætt. Bréfi þessu svaraði Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður 15. febr. 1961 af hálfu Geirs H. Zoëga og kvað bótaábyrgð eiganda togarans gagnvart hafnarsjóði takmarkast við verðmæti skips og farms, og kvaðst hann því eindregið gera ráð fyrir, að eigandi vísi hafnarsjóði á þessi verðmæti til lúkningar bótakröfunni og ekkert greiða þar fram yfir.

Aldrei var gerð nein tilraun til að draga togarann út, og ekki var heldur reynt að eyða flakinu. Brotnaði hann smám saman niður utan í hafnargarðinum og olli um leið meiri skemmdum. Braut hann skarð langleiðina í gegnum garðinn og síðan gat á steypuna á innanverðum garðinum. Að lokum varð smástykki úr stefni hans eftir í gatinu. Að sögn Bergsteins Jónassonar hafnarvarðar hirtu starfsmenn varðskipsins Þórs allt það, sem þeir náðu úr togaranum, og hélt hann, að það hefði verið mestallt það, sem lauslegt var. Hann kvaðst aðeins hafa farið tvisvar um borð, og áleit hann, að í fyrra skiptið (á fimmtudag) hefði verið hægt að koma fyrir böndum í togaranum til þess að draga hann út. Kvaðst hann reikna með, að unnt hefði verið að draga hann eitthvað frá garðinum, þar sem varðskipið Þór var þá til staðar. Þórhallur Jónsson bæjarverkfræðingur kvaðst telja mjög sennilegt, að varðskipið Þór hefði getað dregið togarann út á flóði með því að lyfta honum upp með flotholtum og belgjum. Honum var kunnugt um, að farið var fram á við Geir H. Zoëga sem umboðsmann eiganda og vátryggjenda, að þeir hefðu samráð við hafnarsjóð um ráðstafanir til þess að forða frekara tjóni, en ekki vissi hann til, að þeir aðiljar hefðu haft neitt samráð við stefnanda í þá átt. Hins vegar hafi stefnandi ekki viljað hafast neitt að upp á sitt eindæmi, vegna þess að búast hafi mátt við skaðabótakröfum frá eiganda eða vátryggjendum.

Að beiðni stefnanda voru hinn 28 apríl 1961 dómkvaddir tveir matsmenn til þess að meta til peningaverðs tjón á nyrðri hafnargarðinum af völdum togarans. Matsmennirnir skiluðu ítarlegri matsgerð 27. maí 1961, og var niðurstaðan sú, að þeir töldu skemmdirnar hæfilega metnar á kr. 2.900.000.00. Á mati þessu byggir stefnandi kröfuupphæð sína í málinu.

Síðsumars 1961 lét stefnandi framkvæma viðgerð á garðinum. Að sögn bæjarverkfræðings var þó ekki um fullnaðarviðgerð á skemmdunum að ræða, heldur aðeins gert við hluta þeirra. Fyllt var upp í skarðið og gatið á garðinum, en steypan hafði brotnað

og misgengið ofan og framan við skarðið, og var ekki gert við þær skemmdir. Samkvæmt vottorði hafnargjaldkera nam kostnaðurinn við aðgerðina kr. 965.579.94.

Stefnandi telur, að stefndi beri fulla og óskerta ábyrgð á tjóninu. Strand togarans við hafnargarðinn megi rekja til bilunar í skipinu sjálfu, en skemmdirnar á garðinum hafi ekki hlotizt af strandinu sjálfu, heldur af því, að flak togarans var látið liggja kyrrt á strandstað. Telur hann einsýnt, að stefnda eða eftir atvikum vátryggjendum hafi borið að sjá um, að flakið yrði fjarlægt, svo að ekki hlytist af því tjón á mannvirkjum. Þetta hafi stefndi ekki gert og yfirleitt ekkert aðhafzt til að forða tjóninu á hafnargarðinum og beri honum því að bæta tjónið að fullu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að um kröfu stefnanda eigi við 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og sé hún einungis tryggð með sjóveðrétti í skipi og farmgjaldi og um persónulega ábyrgð útgerðarmanns sé ekki að ræða. Annars sé málum þannig farið, að stefndi beri enga ábyrgð á tjóninu. Eftir strandið hafi verið gerðar ráðstafanir til að bjarga skipinu og draga það frá garðinum, en varðskipið Þór hafi ekki treyst sér til að hafast neitt að í þá átt vegna veðurofsa. Komi ekki til, að stefndi beri ábyrgð á veðrinu. Í því sambandi bendir hann á, að mest af tjóninu hafi orðið fyrstu dagana eftir strandið. Svo hafi hvorki stefndi né atvinnumálaráðuneytið aðhafzt neitt til að forða tjóni og vísar í því sambandi til 30. gr. laga nr. 42/1926. Að lokum telur stefndi, að hafnsögumaðurinn, sem átti að leiðbeina skipinu út úr höfninni, hafi ekki gætt skyldu sinnar, þar eð hann yfirgaf skipið, áður en það var komið út úr hafnarmynninu. Þessi mistök hafnsögumannsins hafi átt þátt í strandi togarans og hljóti að reiknast hafnarsjóði til ábyrgðar. Leiði það einnig til sýknu.

Varðandi síðustu varnarástæðuna skal fram tekið, að fyrirliggjandi gögn gefa ekki heimild til að álykta, að strand togarans hafi hlotizt fyrir vanrækslu af hálfu hafnsögumanns, sem raunar starfar á ábyrgð útgerðarinnar. Bæði hafnsögumaður og skipstjóri togarans báru það fyrir réttinum, að hafnsögumaðurinn hefði bent skipstjóranum á að taka stefnuna SA, er hann væri kominn út úr hafnarmynninu, og kvaðst skipstjóri hafa ætlað að fylgja þessum ábendingum, en stýrið hafi þá ekki látið að stjórn. Taldi skipstjórinn, að einhver bilun hefði orðið í stýrinu, sem varð þess valdandi, að togarinn rakst á klettinn og

strandaði síðan utan í hafnargarðinum. Samkvæmt þessu virðist það ekki hafa skipt máli, þótt hafnsögumaðurinn yfirgæfi togarann, áður en komið var út úr hafnarmynninu.

Skemmdir af völdum skips eða skipsflaks geta skapað rétt til bóta úr hendi útgerðarmanns, enda hafi verið látið undir höfuð leggjast að gera nauðsynlegar og framkvæmanlegar ráðstafanir til að forða tjóninu. Af hálfu umboðsmanna aðilja er um það deilt, hvort bótakröfu málsins, ef rétt reynist, sé þannig farið, að útgerðarmaður ábyrgist hana með öllum eigum sínum eða einungis með skipi eða skipsflaki. Virðast þeir báðir sammála um, að það leiði til sýknu, ef ábyrgðin yrði talin takmörkuð, þar eð skip eða skipsflak er ekki lengur fyrir hendi, enda er málssóknninni hagað þannig, að einungis er gert ráð fyrir ótakmarkaðri ábyrgð. Um ábyrgð útgerðarmanns voru fyrirmæli í 12. og 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Ábyrgist útgerðarmaður ýmist með öllum eigum sínum eða einungis með skipi og farmgjaldi. Meðal annars er ábyrgðin takmörkuð, þegar um er að ræða tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra, og sama gildir um tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt eigi séu skipverjar. Stefndi var ekki viðstaddur, er tjónið varð á hafnargarðinum af völdum skipsins eða flaksins, og allar ráðstafanir í sambandi við skipið eftir strandið voru framkvæmdar af skipstjóra eða öðrum, sem hófust handa til aðgerða í þágu útgerðarinnar. Það er meira að segja ekki upplýst, hvort stefndi hafi fengið í hendur skeyti bæjarstjóra til Geirs H. Zoëga frá 15. jan. 1961, sem áður getur, eða hvort hann yfirleitt hafi fengið vitneskju um innan eðlilegs tíma, að skipið væri að vinna tjón á hafnargarðinum. Að svo vöxnu máli lítur rétturinn svo á, að ábyrgð stefnda hljóti að vera takmörkuð við verðmæti skips. Í þessu sambandi ber að hafa í huga reglur siglingalaganna um tjón af árekstri í 227. gr. og 228. gr. a og enn fremur 30. gr. laga nr. 42/1926, en samkvæmt því ákvæði er kostnaður við að gera skip eða skipsflak óskaðvænt einungis tryggt með skipi eða skipsflaki. Í núgildandi siglingalögum nr. 66/1963 er fram tekið í 205. gr., að útgerðarmaður beri takmarkaða ábyrgð á kröfum, sem rísa af skyldum til að fjarlægja flak af skipi, sem farizt hefur, eða eyða því, og er ábyrgðin takmörkuð við verð skips við lok ferðar, sbr. 206. gr. og 207. gr. Regla þessi verður ekki talin nýmæli, heldur nánari útfærsla á reglu, sem áður gilti.

Eins og áður er getið, átti varðskipið Þór að reyna að bjarga

togaranum og virðist hafa verið til staðar í því skyni fljótlega eftir strandið. Varðskipið er, eins og kunnugt er, sérstaklega útbúið fyrir björgunarstarfsemi, og er hér á landi ekki kostur á öðru skipi, sem betur er búið til þeirra hluta eða var líklegra til árangurs við að bjarga togaranum. Samkvæmt frásögn skipherra í sjórétti 16. janúar 1961 voru engin tök á að gera tilraunir til björgunar á þeim tíma, sem var liðinn frá strandinu, vegna sjávargangs og veðurofsa og má ganga út frá, að skipherra sé öðrum fremur dómbær um, hvað unnt var að gera við þær aðstæður, sem þá voru fyrir hendi. Upplýsingar veðurstofunnar um veðurfar og sjólag á þessum tíma hníga í sömu átt, og þykir mega líta svo á, að á tímabilinu 10. jan. til 16. jan. hafi ekki verið unnt með tiltækum ráðstöfunum að forða hafnargarðinum frá skemmdum vegna veðurs og sjógangs. Á þessu tímabili virðist skipið hafa valdið verulegum skemmdum á garðinum. Veður hélst óhagstætt fram eftir mánuðinum, og öll björgunaráform varðskipsmanna urðu að engu. Ekki liggur ljóst fyrir, hvort unnt hafi verið að draga verulega úr tjóninu með því að eyða flakinu, en atvinnumálaráðuneytið hófst ekki handa í því skyni, eins og því er heimilað í 30. gr. laga nr. 42/1926, og stefnandi virðist ekki hafa farið þess á leit við ráðuneytið, að það notaði þá heimild.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verður stefndi sýknaður að öllu leyti í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Marchel Lambregt, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, hafnarsjóðs Vestmannaeyja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 10. maí 1966.

Nr. 5/1964. **Landhelgisgæzla Íslands f. h. eiganda og áhafnar v/s Sæbjargar**
(Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn
Eldborgu h/f, eiganda v/s Eldborgar, GK 13, og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Björgun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1964. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 350.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst aðaláfrýjandi sjóveðréttar í v/s Eldborgu, GK 13, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 15. júlí 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Hann krefst lækkunar fjárhæðar, sem dæmd var í héraði, og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Matsgerð skipstjóranna Guðmundar Guðmundssonar og Halldórs Ingimarssonar, sem þar er rakin, verður eigi gegn andmælum aðaláfrýjanda lögð til grundvallar, þegar af þeirri ástæðu, að aðaláfrýjanda var ekki veitt færi á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við athuganir og tilraunir matsmanna, sbr. 1. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936.

V/s Eldborg var í rúmsjó með óvirka skrúfu og seglvana, er varðskipið Sæbjörg kom því til hjálpar. Eigi verður talið í ljós leitt, að léttbátur v/s Eldborgar hefði, eins og á stóð, mátt draga skipið í höfn eða öruggt lægi. Var v/s Eldborg því í hættu statt, og ber að telja hjálp þá, sem v/s Sæbjörg

veitti því, björgun í merkingu X. kafla siglingalaga nr. 56/1914, er þá voru í gildi.

Samkvæmt málflutningi telst verðmæti v/s Eldborgar ásamt veiðarfærum og afla hafa numið kr. 5.078.873.00. Með hliðsjón af þessu og öðrum atriðum, sem máli skipta og lýst er í héraðsdómi, þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 125.000.00. Ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 30.000.00. Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. laga nr. 56/1914 á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í v/s Eldborgu, GK 13, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Eldborg h/f, eigandi v/s Eldborgar, GK 13, greiði aðaláfrýjanda, Landhelgisgæzlu Íslands f. h. eiganda og áhafnar v/s Sæbjargar, kr. 125.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt til tryggingar dæmdum fjárhæðum í v/s Eldborgu, GK 13.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. desember 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. nóv. s.l., hefur Pétur Sigurðsson forstjóri, Reykjavík, f. h. Landhelgisgæzlu Íslands og skipshafnar v/s Sæbjargar höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 16. apríl 1963, á hendur Gunnari Hermannssyni skipstjóra, Hólabraut 10, Hafnarfirði, f. h. h/f Eldborgar, Hafnarfirði, eiganda m/s Eldborgar, GK 13, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 350.000.00 auk 8% ársvaxta frá 24. apríl 1961 til greiðsludags og málskostnaðar, þar á meðal kostnaðar við sjópróf og dómgjöld, allt eftir mati dómsins. Jafnframt er krafizt

sjóveðréttar í m/s Eldborgu, GK 13, til tryggingar framanskráðum kröfum.

Stefnandi hefur stefnt til réttargæzlu Ólafi Finsen forstjóra f. h. Vátryggingafélagsins h/f sem vátryggjanda m/s Eldborgar, GK 13, en ekki hafa verið gerðar neinar sjálfstæðar kröfur á hendur réttargæzlustefnda.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Til vara er krafizt lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður falli niður.

Réttargæzlustefndi hefur stutt framangreindar kröfur, en engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 22. apríl 1961 kl. 2150 lá varðskipið Sæbjörg við akkeri undan Kalmanstjörn. Heyrðist þá m/s Eldborg, GK 13, kalla á m/s Fanneyju á 2311 k/c, og kvaðst skipstjórinn vera með nótina í skrúfunni grunnt á Sandvík og bað Fanneyju að draga sig að landi, þar sem ekki væri hægt að hreyfa skrúfu skipsins. M/s Fanney kvaðst ekki hafa aðstæður til þess að sinna þessu og kvaðst Eldborg þá ætla að reyna að ná í v/s Sæbjörgu. Svaraði þá v/s Sæbjörg og kvaðst koma strax á vettvang. Var kl. 2155, er varðskipið lagði af stað og kom á Sandvík kl. 2220. Síðan beið varðskipið til kl. 2400, meðan Eldborg dró nótina inn og háfaði upp síldina, sem í henni var. Að því loknu var dráttartaug frá v/s Sæbjörgu fest í Eldborgu, sem þá var stödd um það bil 1.3 sml. VSV af Hafnarbergi. Gefnir voru út 110 faðmar 3½″ vír ásamt 10 föðmum tvöfaldri 4″ nylontrossu. Kl. 0007 sunnudaginn 23. apríl var svo haldið af stað áleiðis til Hafnarfjarðar og m/s Eldborgu skilað þar að bryggju kl. 0653 sama dag. Meðan á þessu stóð, var veður A 2—3, sjólítið, súld fyrst og síðan skýjað.

Skipstjóri og stýrimaður varðskipsins hafa komið fyrir dóm. Skipstjórinn kvaðst telja útilokað, að Eldborg hefði komizt til hafnar af eigin rammleik, þar sem ekki hafi verið hægt að hreyfa skrúfu skipsins. Þá kveðst hann einnig telja útilokað, að léttbáturinn hefði getað dregið jafn stórt og þungt skip sem Eldborg er. Stýrimaður varðskipsins var sömu skoðunar og skipstjóri um það, að Eldborg hefði ekki komizt til lands af eigin rammleik. Byggir hann þá skoðun sína á því, að skipið hafi ekki getað hreyft skrúfuna og verið mikið hlaðið.

Skipstjórinn á m/s Eldborgu hefur komið fyrir dóm. Hann hefur bent á, að skipsbáturinn sé útbúinn sérstaklega með það fyrir augum að draga skipið út úr nótinni, þegar þess þurfi með, og geti hann dregið skipið móti 3—4 vindstigum. Í bátnum sé 32 ha. vél. Skipstjórinn heldur því fram, að svo sem straumur og vindur var, hafi verið hægt að draga skipið með skipsbátnum inn á Kirkjuvog og fá síðan froskmann til að losa netið úr skrúfunni. En það, sem réð því, að v/s Sæbjörg var beðin um aðstoð, var síldaraflinn, sem í skipinu var. Ætlunin hafi verið að koma honum óskemmdum um borð í b/v Sigurð, sem var á leið til Þýzkalands með síldarfarm. En því fyrr sem síldin kom að landi því ferskari og verðmætari vara hafi hún verið. Skipstjórinn segir, að vél skipsins hafi verið gangfær, en ekki hafi þótt ráð að hreyfa skrúfuna, þar sem það hefði getað valdið skemmdum.

Gísli Jón Hermannsson, stýrimaður á m/s Eldborgu, hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst telja, að hægt hefði verið að draga m/s Eldborgu til lands með léttbátnum og ekki sé heldur óhugsandi, að hægt hefði verið að ná nótinni úr skrúfunni þar, sem skipið var statt. En það, sem ráðið hafi ákvörðun skipstjórans um að kalla v/s Sæbjörgu til aðstoðar, hafi verið að bjarga aflanum sem fyrst til lands.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að m/s Eldborg, GK 13, hafi verið skammt undan hættulegri strönd Reykjaness með ónothæfa skrúfu og án segla. Það sé viðurkennt í málinu, að hættulegt hefði verið að hreyfa skrúfuna, eins og ástatt var, og allsendis ósannað, að léttbátur skipsins hefði getað dregið það að neinu gagni. Hafi því hér verið um björgun að ræða í merkingu siglingalaga.

Stefndu reisa sýknukröfur sínar á því, að hjálp sú, sem v/s Sæbjörg veitti m/b Eldborgu, hafi verið aðstoð, en ekki björgun, eins og það hugtak hefur verið skilgreint. Hvorki skipi né skipshöfn hafi verið neinn háski búinn, þar sem veður var hið bezta, hægur aflandsvindur og sléttur sjór.

Með aðstoð léttbátsins hefði m/b Eldborg getað komizt hjálparlaust til hafnar eða á hvern þann stað, sem heppilegur var til að ná nótinni úr skrúfunni, hvort sem það hefði verið gert af skipverjum sjálfum eða með aðstoð kafara úr landi.

Að tilhlutun varnaraðilja í málinu var gerð tilraun til að sannreyna dráttarhæfni léttbátsins. Tilraun þessa eða athugun framkvæmdu skipstjórarnir Guðmundur Guðmundsson og Halldór Ingimarsson, og hafa þeir skilað skýrslu um hana, sem lögð hefur

verið fram sem dskj. nr. 8. Stefnandi hefur mótmælt þessari skýrslu sem rangri og tilgangslausri og telur, að sér hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur tilraunina.

Lögmaður stefndu heldur því hins vegar fram, að honum hafi verið kunnugt um, hvenær tilraunin fór fram.

Skipstjórarnir fóru um borð í m/s Eldborgu, GK 13, þar sem skipið lá í höfn í Hafnarfirði. Skipinu var síðan siglt út úr höfninni og stöðvað lítið eitt innan við Helgaskersbauju kl. 1400. Þar var m/s Eldborg tekin í drátt af léttbáti skipsins. Kl. 1407 var Helgaskersbauja þvert á bakborða í stefnunni beint á Valhúsagrunnsbauju. Fjarlægð frá Helgaskersbaujunni var ca. 220—230 faðmar.

Var þá keyrð full ferð á dráttarbátnum og dráttartaugin höfð 60 faðmar. Eftir 40 mínútur, eða kl. 1447, var m/s Eldborg komin að Valhúsagrunnsbauju, en vegalengdin, sem skipið var dregið, var 1.9 sjóm. Var þá léttbátnum gefið merki um að snúa til baka og stýrið á Eldborgu sett hart í bakborða, og tók það 4 mínútur að snúa skipinu um 180°.

Meðan á þessu stóð, var ýmist logn eða NA til ANA, 1 og 2 vindstig. Sjór mátti heita alveg sléttur, en þó aðeins hreyfing á móti, meðan keyrt var út á fjörðinn.

Flóð í Reykjavík var kl. 1707. Meðan á þessum athugunum stóð, skiptust skipstjórarnir á um að gæta þess, að kúplað væri frá vélinni og skrúfuöxullinn væri algerlega stöðvaður.

Léttbátur m/s Eldborgar var 2.03 rúml. brúttó með 24—32 ha. Marna benzínvél. Toghraði skipsins var því 2.8 sjóm. á klukkustund.

Að áliti hinna sérfróðu manna í dóminum er athugun þessi gerð af nákvæmni, og verður ekki vefengt, að hún gefi rétta hugmynd um dráttarhæfni léttbátsins.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands á dskj. 9 var veður dag þann, sem hér um ræðir (23/4 '61), ESE 3 allan daginn og sjólítið.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, telur dómurinn, að með léttbáti m/s Eldborgar hefði verið hægt að draga skipið meðfram landinu, hvort heldur hefði verið inn á Kirkjuvog eða til Sandgerðis. Er þá þess að gæta, að hvort tveggja hefði hjálpað til við dráttinn, straumur og sá litli vindblær, sem var.

Þegar litið er til þess, sem að framan greinir svo og þess, að engin hætta var á, að skipið ræki upp, verður ekki talið, að það hafi verið statt í nauð, og telst því hjálp sú, sem v/s Sæbjörg

veitti m/s Eldborgu ekki björgun í merkingu 229. gr. siglingalaganna nr. 56/1914.

Þegar ákveða skal þóknun fyrir aðstoð þá, sem v/s Sæbjörg veitti m/s Eldborgu, ber að líta á það, að skjótt var brugðið við og aðstoðin greiðlega af hendi veitt.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð Skipaútgerðar ríkisins fyrir rekstrarkostnaði v/s Sæbjargar 1961, sem talst vera kr. 11.765.67 á starfsdag. Telja má víst, að dráttartaugar hafi eitthvað tognað og slitnað við dráttinn. Að öðru leyti er ekki upplýst um neinar skemmdir á varðskipinu..

Þegar litið er til þessa og önnur atvik höfð í huga, þykir þóknun fyrir aðstoðina hæfilega ákveðin kr. 75.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau að dæma ber stefnda, eiganda m/s Eldborgar, GK 13, til að greiða Landhelgisgæzlu Íslands kr. 75.000.00 auk 7% vaxta frá 24. apríl 1961 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.000.00.

Stefndi, eigandi m/s Eldborgar, GK 13, á hins vegar að vera sýkn af kröfum stefnandans, skipshafnar v/s Sæbjargar, en rétt þykir, að málskostnaður að því leyti falli niður.

Samkvæmt 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914 á stefnandi, Landhelgisgæzla Íslands, sjóveðrétt í m/s Eldborgu, GK 13, til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Hermannsson f. h. h/f Eldborgar, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Pétri Sigurðssyni f. h. Landhelgisgæzlu Íslands, kr. 75.000.00 með 7% ársvöxtum frá 24. apríl 1961 til greiðsludags og kr. 9.200.00 í málskostnað. Stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnandans, skipshafnar v/s Sæbjargar, en málskostnaður falli niður.

Stefnandi, Landhelgisgæzla Íslands, á sjóveðrétt í m/s Eldborgu, GK 13, til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. maí 1962.

Nr. 43/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Vigfúsi Waagfjörð (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða.

Í málinu hefur Sigurbjörn Árnason, Skál á Síðu, Vestur-Skaftafellssýslu, haft uppi þær kröfur, að ákærða verði dæmt að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 47.920.50 með 7% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 1. janúar 1966 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af skýrslum ákærða, sem styðjast við vætti Auðuns Haffjörðs Jónssonar, má ráða, að nefndur Sigurbjörn hafi sýnt ákærða nokkra áreitni, áður en ákærði sló til hans. Þykir því rétt, að Sigurbjörn beri tjón sitt að nokkru sjálfur. Er hæfilegt, að ákærði bæti honum tjón hans að ¾ hlutum.

Fjárhæð kröfu Sigurbjörns er í hóf stillt, og telst tjón hans því nema kr. 47.920.00. Ber ákærða að bæta ¾ hluta þess, eða kr. 35.940.38 með 7% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 1. janúar 1966 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Waagfjörð, sæti varðhaldi 20 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að

liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sigurbirni Árnasyni kr. 35.940.38 með 7% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 1. janúar 1966 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. febrúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 20. febrúar 1964, á hendur Vigfúsi Waagfjörð vélstjóra, Hásteinsvegi 21, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa „aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1962, er ákærði var á gangi eftir Hásteinsvegi í Vestmannaeyjum ásamt Sigurbirni Árnasyni frá Skál á Síðu og þriðja manni, greitt nefndum Sigurbirni högg, svo að hann féll í götuna, en við það bögglaðist hægri fótleggur hans undir honum og brotnaði.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 17. febrúar 1930 og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum, öllum í Vestmannaeyjum:

1948	29/6:	Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
—	—	Áminning fyrir ólöglega meðferð skotvopna.
1949	29/8:	Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 23/1941 og 113. gr. hegningarlaga.
1950	10/2:	Dómur: 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og áfengislögum.

1953 30/9: Dómur: 250 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum. Sýknaður af ákæru fyrir brot á áfengislögum. Staðfest í Hæstarétti 25/10 1954.

Aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1962, laust fyrir kl. 0400, kom ákærði ásamt þrem mönnum öðrum með slasaðan mann á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Þetta var Sigurbjörn Árnason frá Skál á Síðu. Var hann lagður inn á sjúkrahúsið og meiðsli hans athuguð. Við læknisskoðun kom í ljós, að bæði beinin á hægri fótlegg voru brotin, sköflungsbeinið á mörkum mið- og neðsta þriðjungs og sperrileggurinn töluvert ofar, á mörkum mið- og efsta þriðjungs. Brotið í sköflungsbeininu var skábrot. Mjög mikið „hæmaton" var á brotstaðnum, og röntgenmynd, sem tekin var strax, sýndi mikla dislocatio brotendanna (ad latum).

Brotin greru seint, og var sjúklingurinn á sjúkrahúsinu til 16. ágúst s. á. Sjúkrahúslæknir gerði grein fyrir læknismeðferð og sjúkrasögu hans í skýrslu, dags. 15. ágúst s. á. Segir þar meðal annars:

„Vegna hinnar miklu bólgu á brotstaðnum voru spelkur lagðar á til bráðabirgða, en 28/5 var í Intravenösri Pentothalsvæfingu reynt að setja saman brotin og gipsumbúðir lagðar á frá miðju læri og fram fyrir tær. Smádreyrablaðra var yfir brotstaðnum og sár undir henni, og líkur eru til, að oddurinn á beininu hafi rekizt þar út í húðina a. m. k. Ekki tókst að koma brotunum nógu vel saman, og eftir 10 daga var aftur reynt að reponera og nýtt gips sett á fótinn. Það fór þó á sömu leið, brotið komst ekki saman, og stytting var 1—2 cm. Sjúklingurinn var með sótthita í rúma viku eftir komu og var gefið Penicillin-Streptomycin-inj. Auk þess fékk hann lýsi og B&C vitamín-inj. Þar sem ekki tókst að koma brotinu saman, var það ráð tekið 15. júní s.l. að negla brotin saman. Tókst það vel, og var sj. settur í göngugips á eftir. Við operationina kom í ljós, að vöðvahold hafði farið á milli beinendanna, og þess vegna tókst ekki að koma þeim saman. Eftir þetta gekk sj. um með hækjur og leið sæmilega. Mánud. 6. ágúst s.l. var gipsið tekið af honum, og hefur hann verið með púða úr frauðgúmmí undir holilinni og gengið í nudd. Nokkuð sígur enn á fótinn, og tær og rist blána."

Um tildrög meiðslanna skýrði Sigurbjörn svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1962 hefði hann verið á gangi um

götur bæjarins með ákærða og Auðuni Jónssyni matsveini og einhverjum fjórða manni, sem hann mundi ekki nafn á. Allir voru þeir talsvert undir áhrifum áfengis. Þeir gengu vestur Hásteinsveg. Hann og ákærði voru að þrátta um stjórnmál, en hvorugur var í æstu skapi. Síðan vissi hann ekki fyrr til en hann lá í götunni, en sagðist þó vita, að ákærði sló hann. Hann kvaðst hafa sagt þeim, sem með honum voru, að hann væri fótbrotinn og hafi þeir ekki viljað trúa honum í fyrstu. Varð þeim þó brátt ljóst, að hann gat ekki risið upp og tóku hann upp og báru í áttina til sjúkrahússins. Á Skólaveginum hittu þeir mann, sem sagði þeim, að ekki væri hægt að fara svona með hann. Maður þessi tók hann á öxlina og bar hann á sjúkrahúsið. Hann sagði, að ákærði hefði tvisvar komið til sín á sjúkrahúsið og viðurkennt að vera valdur að fótbroti hans. Hann kvaðst hafa legið á sjúkrahúsinu til 16. ágúst og verið með öllu óvinnufær til 14. nóv. 1962. Hann kvaðst hafa misst af skiprúmi á v/b Marz, VE 204, um sumarið vegna fótbrotsins og einnig hefði hann misst af vinnu við Sláturfélag Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri um haustið, en þar hafi hann átt vísa vinnu.

Ákærði skýrði svo frá, að laugardagskvöldið 26. maí hafi hann verið heima hjá matsveininum á m/b Bergi, Auðuni Jónssyni, á Kirkjuvegi 64, en sjálfur var hann vélstjóri á þeim bát. Með þeim var einnig Ólafur Guðmundsson frá Bergsstöðum. Allir voru þeir við skál. Upp úr miðnóttinni, en hvað klukkan var, vissi hann ekki, fóru þeir allir út. Þegar út kom, hittu þeir Sigurbjörn Árnason, sem var þar einn síns liðs og virtist vera undir áhrifum áfengis. Auðunn kannaðist við hann, og slóst hann í för með þeim. Gengu þeir niður Kirkjuveg að samkomuhúsinu. Þaðan fóru þeir niður á Strandveg og að húsi Ísfélags Vestmannaeyja. Þaðan héldu þeir aftur upp að samkomuhúsi. Þar skildi Ólafur Guðmundsson við þá. Gengu þeir svo vestur Vestmannabraut og upp Skólaveg og beygðu þar vestur á Hásteinsveginn. Auðunn var með hálfa flösku af brennivíni, og drukku þeir allir úr henni lítils háttar. Stuttu eftir að þeir hittust, fór Sigurbjörn að mana ákærða til slagsmála, en ákærði kvaðst ekkert hafa viljað við slíkt eiga og sagt Sigurbirni, að það þýddi ekkert fyrir hann. En er þeir komu vestur á Hásteinsveginn, hafi Sigurbjörn þrifið í aðra öxl hans og reitt til höggs. Ákærði kvaðst þá hafa slegið til hans með vinstri hendi og hafi höggið ef til vill komið í andlit Sigurbjörns, þótt hann geti ekki sagt um það með vissu.

Höggið hafi verið það lítið, að hver maður hefði átt að geta staðizt það, en Sigurbjörn stóðst það ekki, vegna þess hve drukkinn hann var. Féll hann í götuna og bögglaðist fóturinn undir honum. Er hann ætlaði að standa upp, gat hann það ekki og sagði, að fóturinn væri eitthvað snúinn. Kvaðst ákærði þá hafa tekið Sigurbjörn í fangið og ætlað að bera hann heim, en Auðunn vissi, hvar hann var til húsa. Ákærði bar hann svo dálítinn spöl vestur eftir Hásteinsveginum. Sigurbjörn kvartaði undan sársauka í fætinum, og kvaðst ákærði þá hafa lagt hann niður í götuna, enda hafi hann ekki treyst sér til að bera hann lengra í bili. Fór hann svo í næsta hús og hringdi á lögreglustöðina, en þar svaraði enginn. Fór hann þá aftur til Sigurbjörns, tók hann í fangið og ætlaði að bera hann á sjúkrahúsið. Fór hann með hann austur Hásteinsveg og inn á Skólaveg að húsinu Geysi. Þar lagði hann Sigurbjörn niður, enda kvaðst hann hafa verið orðinn uppgefinn. Þarna komu að tveir aðkomumenn, sem hann þekkti ekki. Annar þeirra tók Sigurbjörn á bakið og bar hann á sjúkrahúsið. Veinaði Sigurbjörn ofsalega, er maðurinn tók hann upp og lagði á bak sér. Daginn eftir kvaðst ákærði hafa komið til Sigurbjörns á sjúkrahúsið og spurt um líðan hans. Þá var búið að ganga frá meiðslum hans, og taldi Sigurbjörn, að þau væru ekki alvarleg. Ákærði kvaðst aldrei hafa viðurkennt, að hann ætti sök á meiðslum hans og væri frásögn Sigurbjörns röng að því leyti.

Út af framburði ákærða tók Sigurbjörn fram, að það væri ósatt, að hann hefði manað ákærða til slagsmála. Hann kvaðst ekki heldur hafa þrifið í öxl ákærða né reitt til höggs og hafi hann ekki gefið ákærða neitt tilefni til árásarinnar.

Auðunn Jónsson kvaðst hafa setið við drykkju heima hjá sér laugardagskvöldið 26. maí 1962 ásamt ákærða og Ólafi Guðmundssyni frá Bergsstöðum. Þeir gengu allir út, er klukkan var á að gizka tvö eftir miðnætti. Á götunni fyrir utan húsið hittu þeir Sigurbjörn Árnason, sem var þar einn á ferð og töluvert mikið drukkinn. Ákærði var undir áhrifum, en minna en Sigurbjörn. Sjálfur kvaðst Auðunn hafa verið undir áhrifum, en ekki mikið. Sigurbjörn varð þeim samferða. Byrjaði hann strax á skætingi við ákærða, en lét hina í friði. Ekki kvaðst Auðunn muna, hvernig orð féllu, en hann hafi verið að erta ákærða með pólitísku þrasi. Niður Kirkjuveginn kvaðst Auðunn hafa gengið á undan með Ólafi frá Bergsstöðum, en Sigurbjörn og ákærði

voru spölkorn á eftir. Var svo haldið áfram niður í bæinn og vestur Miðstræti og upp Bárugötu. Er þeir komu á Vestmannabrautina, skildi Ólafur við þá og fór austur á bóginn. Hinir gengu vestur Vestmannabraut og upp Skólaveg. Sigurbjörn hélt áfram sínu pólitíska þrasi, en ekki gerði Auðunn sér grein fyrir, hvaða flokki hann tilheyrði. Er Ólafur var farinn, kveðst Auðunn hafa gengið á milli þeirra Sigurbjörns og ákærða. Taldi hann í fyrstu, að þetta hefði atvikazt þannig fyrir tilviljun, en síðar kvaðst hann halda, að hann hefði gengið milli þeirra til þess að fyrirbyggja ryskingar, enda hafi Sigurbjörn verið að mana ákærða til slagsmála. Héldu þeir svo áfram upp Skólaveg og gengu samsíða, Auðunn í miðju, en hinir sitt hvoru megin við hann. Beygðu þeir síðan inn á Hásteinsveg. Er þeir voru skammt komnir inn á Hásteinsveg, varð Auðunn þess var, að Sigurbjörn seildist með annarri hendinni fram með baki hans og þreif í öxl ákærða og ýtti við honum. Ákærði snaraðist þá fram fyrir hann og reiddi til höggs. Er Auðunn leit við, var Sigurbjörn að hníga niður. Allt gerðist þetta í skjótri svipan. Hann fullyrti, að á því léki ekki vafi, að ákærði hefði slegið Sigurbjörn, en áður hafi Sigurbjörn seilzt til ákærða og þrifið í hann, eins og þegar hefur verið lýst. Hann kvaðst ekki hafa séð Sigurbjörn reiða til höggs, eins og ákærði heldur fram. Ekki kvaðst hann geta sagt um, hvort ákærði hefði slegið með kreftum hnefa og ekki heldur, hvora höndina hann notaði. Ekki kvaðst hann geta sagt um, hvort fast var slegið né hvar höggið kom á Sigurbjörn. Þetta gerðist úti á miðri götu, og er gatan malborin. Skuggsýnt var. Sigurbjörn reis ekki upp af götunni, heldur lá kyrr, og hélt Auðunn í fyrstu, að hann væri að leika sér að því að liggja í götunni, og hið sama hélt ákærði. Síðar sáu þeir, að svo var ekki. Hann og ákærði reyndu að reisa Sigurbjörn upp, en Sigurbjörn kvartaði þá um, að hann fyndi mikið til. Tók ákærði hann þá upp og bar hann spölkorn og lagði hann svo niður. Fór ákærði síðan í hús og ætlaði að hringja á lögregluna, en mun ekki hafa náð til hennar. Kom hann svo aftur og tók Sigurbjörn og bar hann enn kippkorn. Komu þá að tveir menn, sem hann ekki þekkti. Annar þeirra tók Sigurbjörn á bakið og bar hann í áttina til sjúkrahússins. Síðasta spölinn að sjúkrahúsinu báru þeir hann fjórir. Hann sagði, að Sigurbjörn hefði veinað, er aðkomumaðurinn tók hann á öxlina, og einnig hefði hann kveinkað sér, er ákærði bar hann. Er Sigurbjörn var kominn á sjúkrahúsið,

fór Auðunn heim. Daginn eftir fór hann með ákærða á sjúkrahúsið til að vita, hvernig Sigurbirni liði. Áttu þeir tal við hann, og kvaðst Sigurbjörn vera fótbrotinn. Ekki heyrði hann Sigurbjörn minnast á, að ákærði ætti sök á fótbrotinu, og ekki var rætt um, hvernig fótbrotið hefði viljað til. Hann heyrði, að ákærði bauðst til að tala við skipstjóra Sigurbjörns, Grétar Skaptason, og biðja hann að halda skiprúmi lausu, meðan Sigurbjörn væri að ná sér. Ekki mundi hann eftir öðru, sem þeim fór á milli. Framburð þennan staðfesti hann með eiði.

Samkvæmt framburði Auðuns Jónssonar svo og ákærða sjálfs má telja upplýst, að ákærði hafi slegið til Sigurbjörns, sem við það hafi fallið í götuna og ekki getað staðið upp aftur. Ákærði hefur vefengt, að meiðsli Sigurbjörns hafi stafað af sínum völdum og m. a. talið, að í mesta lagi hafi önnur pípan í hægri fótlegg brotnað við fallið, en hin hafi brotnað, er aðkomumaðurinn tók hann á bakið. Vitnaði hann í því sambandi til ummæla sjúkrahúslæknis. Sjúkrahúslæknir kvaðst hins vegar aldrei hafa látið nein ummæli falla í þessa átt, enda ekki gert ráð fyrir eða haft ástæðu til að ætla, að Sigurbjörn hafi brotnað við burðinn. Ekki hafa heldur verið leiddar að því líkur á annan hátt, að Sigurbjörn hafi brotnað við flutninginn á sjúkrahúsið og verður því gengið út frá, að meiðsli hans hafi atvikazt með þeim hætti, að fótur hans hafi snúizt undir honum og brotnað, er hann féll við höggið, sem ákærði veitti honum. Framburður Auðuns Jónssonar hnígur í þá átt, að Sigurbjörn hafi sýnt ákærða áreitni, en þó ekki á þann veg, að réttlætanlegt væri, að ákærði snerist gegn honum og slægi hann, eins og hann gerði. Af þessu leiðir að líta verður svo á, að ákærði eigi sök á meiðslum hans og hefur þar með gerzt brotlegur við 218 gr. alm. hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en með tilliti til málsatvika þykir rétt að ákveða, að refsingin skuli vera skilorðsbundin og falli niður að tveim árum liðnum frá lögbirtingu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla alm. hegningarlaga eru haldin.

Af hálfu Sigurbjörns Árnasonar komu fram skaðabótakröfur á hendur ákærða. Námu þær í upphafi kr. 66.263.80, en var síðan breytt til samræmis við fyrirliggjandi gögn og lækkaðar niður í kr. 66.073.80. Sú fjárhæð sundurliðaðist á þessa leið:

1. Lækniskostnaður	kr.	1.510.10
2. Sjúkrahúskostnaður	—	14.350.00

3. Vinnutap:
   A. Vinna við standsetningu 28., 29., 30. maí og 1. og 2. júní 1962, 8 st. á dag á kr. 24/80, eða 198/40 á dag í 5 daga .. kr. 992.00
   B. Aflahlutur á v/b Marz, VE, 4/7—6/9 1962 ..... — 27.698.50
   C. Vinnutap 14/9—14/10 (sic) 1962, 48 daga á kr. 198.40 .. — 9.523.20 kr. 38.213.70
4. Miskabætur og þjáninga ..... — 12.000.00

Kr. 66.073.80

Af hálfu ákærða er þess krafizt, að kröfum þessum verði vísað frá réttinum vegna vanreifunar. Ákærði hafi hlotið að fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, sem koma eigi hér til frádráttar, en þeirra sé hvergi getið. Aflahluturinn á v/b Marz sé brúttófjárhæð, en þar frá beri að draga fæðiskostnað. Krafizt sé vinnutaps fyrir 28. maí 1962, en þann dag hefði hann tæpast verið vinnufær vegna vínneyzlu daginn áður, þótt engin meiðsli hefðu komið til. Auk þess sé ekki krafizt bóta fyrir vinnutap frá 3/6 1962 til 3/7 1962 né frá 7/9 1962 til 13/7 1962. Í öðru lagi er kröfunum mótmælt af hálfu ákærða sem honum óviðkomandi, röngum og of háum.

Ekki þykir rétt að vísa skaðabótakröfum Sigurbjörns Árnasonar frá réttinum með þeim rökum, sem fram eru færð af hálfu ákærða. Verða því einstakir kröfuliðir teknir til meðferðar hér á eftir:

1. *Lækniskostnaður, kr. 1.510.10.*

Lagður hefur verið fram kvittaður reikningur frá Einari Guttormssyni sjúkrahúslækni fyrir þessari fjárhæð, og verður því þessi liður tekinn til greina að fullu.

2. *Sjúkrahúskostnaður, kr. 14.350.00.*

Lagður hefur verið fram reikningur frá Sjúkrahúsi Vestmannaeyja á hendur Sigurbirni Árnasyni fyrir þessari fjárhæð, og er hann ókvittaður. Forstöðumaður sjúkrahússins upplýsti fyrir réttinum, að reikningurinn væri ógreiddur, en tilætlunin væri að fá hann greiddan af sjúkrasamlaginu í heimilissveit Sigurbjörns. Við munnlegan flutning málsins upplýsti umboðsmaður

ákærða, að sjúkrasamlagið hefði greitt reikninginn. Samkv. þessu hefur Sigurbjörn Árnason ekki greitt reikninginn, og ekki hefur hann heldur fengið hann framseldan. Verður honum því ekki tildæmd þessi fjárhæð.

3. *Vinnutap.*

A. *Vinna við standsetningu 28/5—2/6 1962 5×198.40, kr. 992.00.*

Skipstjórinn á v/b Marz, VE 204, mætti fyrir réttinum og skýrði svo frá, að Sigurbjörn Árnason hefði ásamt öðrum hásetum unnið við standsetningu á bátnum undir síldveiðar, áður en hann slasaðist, og mundi hafa eða átt þess kost að halda þeirri vinnu, ef meiðsli hans hefðu ekki komið til. Skipstjórinn upplýsti jafnframt, að standsetningu hefði ekki verið lokið fyrr en 4. júlí 1962, er skráð var á bátinn. Samkvæmt þessu er kröfu þessari mjög í hóf stillt, og ekki verður litið svo á, að Sigurbjörn hafi hlotið að verða ófær til vinnu þann 28. maí, þótt hann hefði neytt víns aðfaranótt þess 27. maí. Kröfuliður þessi verður því tekinn til greina að fullu.

B. *Aflahlutur á v/b Marz, VE 204, 4/7 1962—6/9 1962, kr. 27.698.50.*

Skipstjórinn á Marz upplýsti, að Sigurbjörn hefði verið ráðinn á bátinn á síldveiðar um sumarið, og bókhaldari útgerðarinnar upplýsti, að aflahluturinn um sumarið hefði numið kr. 27.698.50. Með tilvísun til þessa og þar sem ekki virðist rétt að draga fæðiskostnað frá, verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

C. *Vinnutap um haustið 1962, 48 daga á 198.40, kr. 9.523.20.*

Eins og áður getur, kvaðst Sigurbjörn hafa ætlað sér að vinna hjá Sláturfélagi Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri um haustið og hafi hann átt þar vísa vinnu. Ekki þykir ástæða til að vefengja þessa frásögn. Samkvæmt læknisvottorði var Sigurbjörn óvinnufær vegna meiðslanna til 14. nóv. 1962, en samkv. reikningi umboðsmanns hans er hér farið fram á bætur fyrir vinnutap á tímabilinu 14. sept. til 14. okt. 1962 og það talið 48 dagar. Samkv. málsútlistun sækjanda mun hér vera um misritun á mánaðardegi að ræða, 14. október í stað 14. nóvember. Virðist það ekki ósennilegt. Ekki virðist það heldur ósennilegt, að á þessu tímabili hafi Sigurbjörn átt vísa vinnu í sláturhúsinu á Kirkjubæjar-

klaustri í 48 daga, og þykir því rétt að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

4. *Miskabœtur og þjáninga, kr. 12.000.00.*
Fjárhæð þessi virðist ekki ósanngjörn, og verður hún tekin til greina að fullu.

Sigurbjörn Árnason lýsti því yfir fyrir rétti 10. maí 1963, að hann hefði engar bætur fengið vegna meiðslanna, hvorki frá Almannatryggingum né annars staðar frá. Dómarinn getur þess, að eftir að málið fór í dóm, hafi hann hringt til Almannatrygginga og fengið þær upplýsingar, að ekki væri sjáanlegt, að Sigurbjörn Árnason hefði fengið neina dagpeninga úr slysatryggingunni á árinu 1962, sem varla var heldur von.

Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Sigurbirni Árnasyni kr. 1.510.10, kr. 992.00, kr. 27.698.50, kr. 9.532.20 og kr. 12.000.00, eða alls kr. 51.723.80, ásamt 8% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 31. des. 1964 og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða, þar á meðal kr. 4.000.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs og kr. 4.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Waagfjörð, sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að tveim árum liðnum frá lögbirtingu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla alm. hegningarlaga eru haldin.

Ákærði greiði Sigurbirni Árnasyni kr. 51.723.80, ásamt 8% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 31. des. 1964 og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða, þar á meðal kr. 4.000.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs og kr. 4.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1966.

Nr. 138/1965. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Baldri Ásgeirssyni og gagnsök
(Einar Viðar hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. september 1965. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 525.400.35 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum málsins þykir mega rekja meginorsakir slyssins til ófullnægjandi umbúnaðar vindunnar og ónógrar festingar hennar í jörðu, en telja má leitt í ljós, að vindan hafi kastazt til, er fallhamarinn var dreginn upp. Atvik að slysinu, hrösun gagnáfrýjanda, bendir hins vegar til þess, að gagnáfrýjandi, sem var vanur starfinu og hafði veitt því athygli, að vindan var óstöðug, hafi eigi gætt nægilegrar varúðar. Samkvæmt þessu þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að ¾ hlutum, en gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að ¼ hluta.

Gagnáfrýjandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

I.	Örorkutjón	kr. 465.457.00
II.	Bætur vegna þjáninga og lýta	— 100.000.00
III.	Ferðakostnaður og uppihald	— 41.696.85
IV.	Ýmis annar kostnaður	— 3.430.00
V.	Endurreikningur á örorkutjóni	— 2.000.00
		Alls kr. 612.583.85
	Frá þessari fjárhæð viðurkennir gagnáfrýjandi, að eigi að draga greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins	kr. 87.183.50
		Kr. 525.400.35

Fyrir héraðsdómi var krafa gagnýfrýjanda samkvæmt I. kröfulið kr. 330.459.00, án þess að hann áskildi sér rétt til að bera fram hærri kröfu. Skilyrði ákvæða 45. gr. laga nr. 57/1962 eru því eigi fyrir hendi um hærri kröfugerð hér fyrir dómi. Samkvæmt gögnum málsins þykir örorkutjón gagnáfrýjanda hæfilega metið kr. 228.000.00, þegar frá hefur verið dregin greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins, kr. 87.183.50. Rétt þykir að fallast á úrlausn héraðsdóms um II. kröfulið. Fjárhæð III. kröfuliðs ákveðst kr. 18.000.00, fjárhæð IV. kröfuliðs er viðurkennd, en V. kröfuliður telst til málskostnaðar. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 319.430.00 (228.000.00 + 70.000.00 + 18.000.00 + 3.430.00). Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda ¾ hluta þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 239.572.50, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Baldri Ásgeirssyni, kr. 239.572.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9%

ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 55.000.00.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Um kröfugerð málsaðilja hér fyrir dómi vísast til atkvæðis meiri hluta dómenda.

Slys það, sem mál þetta er af risið, varð aðfaranótt 18. júlí 1959, eins og í héraðsdómi greinir, er gagnáfrýjandi stjórnaði vélknúinni fallhamarsvindu Vegagerðar ríkisins við gerð brúar á Fossá í Barðastrandarsýslu.

Verkstjóri vegagerðarinnar, Sigfús Tryggvi Kristjánsson, gerði skýrslu um slysið hinn 19. júlí 1959 til Tryggingastofnunar ríkisins.

Af hendi Öryggiseftirlits ríkisins var framkvæmd athugun á vélvindunni og búnaði hennar, lausleg skýrsla tekin af gagnáfrýjanda og síðan lýst orsökum slyssins. Er greinargerð öryggiseftirlitsins, dags. 10. október 1959, undirrituð af starfsmanni þess, Helga Gunnarssyni tæknifræðingi.

Lögregluþróf voru engin háð í málinu fyrr en í maí og júní 1960. Tvö vitni komu fyrir sakadóm 18. ágúst 1960. Eftir það fóru engar yfirheyrslur fram fyrr en í einkamáli þessu á árinu 1964.

Rannsókn málsins af opinberri hálfu hefur eigi verið svo röksamleg, sem skyldi, sbr. 12. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála og 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Er sakarefni því miður leitt í ljós en mátt hefði. Hinn 19. maí 1960 lýsir gagnáfrýjandi slysinu fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík á þessa leið:

„Aðfaranótt 18. júlí, er ég var að hefja vinnu, átti slysið sér stað. Ég stóð við vinduna og setti skiptistöngina fram með vinstri hendinni til að draga upp hamarinn. Um leið

og slakinn fór af vírnum, kastaðist vindan til hliðar á mig, og féll ég þá inn á trommuna og bar þá ósjálfrátt hægri höndina fyrir mig, og lenti fingur þeirrar handar undir vírnum, sem vafðist upp á trommuna, sem var óvarin. Það var enginn maður til staðar til að stöðva mótorinn, og vafðist því áfram upp á trommuna, þangað til vinstri öxlin slapp inn af skiptistönginni, og gat ég þá kúplað frá með vinstri hendinni. Þá hafði ég brotnað á tveimur fingrum hægri handar og sá þriðji skemmzt mikið, handleggsbrotnað og farið úr axlarlið."

Gagnáfrýjandi og Sigfús Tryggvi verkstjóri eru samsaga um það, að gagnáfrýjandi hafi ásamt öðrum verkamönnum unnið að uppsetningu vélvindunnar á slysstað undir umsjón verkstjórans. Kveðst gagnáfrýjandi þá hafa kvartað við verkstjórann undan festingum vindunnar og farið fram á, að vírfestingu yrði komið fyrir til að hindra hliðarhreyfingar hennar, en verkstjórinn hafi „ekki viljað á það fallast, þar sem það myndi tefja verkið". Eigi kveðst gagnáfrýjandi „áður hafa farið fram á hliðarfestingar við verkstjórann, enda hafi aðstæður eigi verið slíkar sem við brú þá, er slysið varð við". En þar „hafi vegurinn", þ. e. undirstaða vindunnar, „verið harður og háll og því sérstaklega verið hætt við hliðarhreyfingum á vindunni". Sigfús Tryggvi verkstjóri „kveður sig ekki reka minni til þess", að gagnáfrýjandi „hafi kvartað yfir hliðarhreyfingum á vindunni eða óskað eftir vírfestingum til að hindra hliðarhreyfingar". Því hefur hann þó eigi neitað afdráttarlaust.

Fram er komið, að gagnáfrýjandi hafi í þjónustu Vegagerðar ríkisins unnið undir stjórn Sigfúsar Tryggva verkstjóra fjögur „sumur, áður en slysið varð. Fyrsta sumarið" kveðst gagnáfrýjandi ekki hafa komið „nálægt stjórn vindunnar", annað sumarið hafi hann „stjórnað vindunni við niðurrekstur staura undir tvær brýr", þriðja sumarið „við niðurrekstur staura undir eina brú, og sumarið, er slys varð, kveðst hann hafa stjórnað vindunni við fjórðu brúna".

Gagnáfrýjandi „kveðst engar leiðbeiningar hafa fengið um meðferð spilsins, en hins vegar hafi hann séð, hvernig

maður sá fór að, sem vann á spilinu næst á undan honum, og kveðst hafa tileinkað sér aðferðir hans". Sigfús Tryggvi verkstjóri kveðst ekki muna, hvort gagnáfrýjanda „hafi verið gefnar leiðbeiningar um meðferð vindunnar, en venja sé að gefa slíkar leiðbeiningar, þegar nýir menn taki við vindunum". Verður eigi af gögnum málsins ráðið, að gagnáfrýjanda hafi af hendi yfirboðara sinna verið settar ákveðnar reglur um stjórn vindunnar og starf sitt við hana.

Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, sem getið var, er niðurstaða eftirlitsins, að því er orsök slyssins varðar, þessi:

„Orsök slyssins verður að teljast lélegur frágangur á festingu spilsins. Spilinu var fest eingöngu með tveim vírum aftur af því og í þverbita, sem er í jörðu með fargi á, en engin festing aftur á né til að hindra hliðarkast. Spilið sat í þessu tilfelli á malarvegi, og þurfti þess vegna lítið átak til að koma af stað hliðarhreyfingu. Tvímælalaust hefði því átt að vera ein eða önnur festing, sem hindraði hliðarhreyfingu. Þó spilið sé í sjálfu sér löglega útbúið, þá væri nauðsynlegt að útbúa handfang á það (og öll álíka spil), þannig að sá, sem stjórnaði spilinu, gæti haft aðra höndina í því og fengið þar stuðning, og hefði slíkur útbúnaður sennilega hindrað slys í þessu tilfelli".

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, telst búnaður vélvindunnar og festing hennar í undirstöður eigi hafa fullnægt ákvæðum 16. gr. laga nr. 23/1952. Þykir verða að fallast á þá niðurstöðu Öryggiseftirlits ríkisins, að þessi vanbúnaður vindunnar hafi verið orsök slyssins. Hins vegar er eigi í ljós leidd nein sú vangæzla gagnáfrýjanda, er metin verði honum til sakar í máli þessu. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um fulla ábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda.

Tjón gagnáfrýjanda þykir samkvæmt gögnum málsins hæfilega metið þannig:

1. Örorkutjón, að frádregnu tryggingarfé, er í héraðsdómi getur ..... kr. 228.000.00
2. Þjáningar og lýti ..... — 70.000.00

3. Ferða- og dvalarkostnaður	kr.	18.000.00
4. Lækniskostnaður o. fl. samkvæmt 4.—8. kröfulið í héraði, sem aðaláfrýjandi hefur viðurkennt	—	3.430.00
Samtals	kr.	319.430.00

er aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og málskostnaði í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 65.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Baldri Ásgeirssyni, kr. 319.430.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. maí s.l., hefur Baldur Ásgeirsson, Bíldudal, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, áritaðri af lögmanni stefnda um löglega birtingu, en mál þetta var þingfest 1. október 1963.

Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 475.585.85 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað, en *til vara*, að tildæmd verði lægri fjárhæð en í stefnu greinir og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Svofelld grein er gerð fyrir málsatvikum í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að aðfaranótt hins 18/7 1959 var stefn-

andi að vinna að brúarsmíði á vegum Vegagerðar ríkisins við Fossá á Barðaströnd. Átti brúin að leggjast á staurum, sem reknir voru niður við árfarveginn. Til þess að reka staurana niður var notað svonefnt „rambukkaspil" til þess að hífa upp fallhamar, sem síðan var látinn falla á staurana. Vindan ásamt benzínmótor var föst á járngrind, en undir grindinni var komið fyrir tveim trjám 3″×6″, og þannig sat vindan á veginum. Til þess að festa vinduna á veginn og halda á móti þunga fallhamarsins, sem var 450 kg., var eitt tré 6″×6″ grafið niður þvert á veginn fyrir ofan spilið og borið á það grjót. Úr sitt hvoru horni vindunnar var síðan fest tveim jafnlöngum vírum á sama stað í trénu.

Er slysið skeði, stjórnaði stefnandi spilinu. Var hann að hefja vinnu um kl. 2 um nóttina. Stóð hann við vinduna og setti skiptistöngina fram með vinstri hendi til að draga upp hamarinn. Um leið og slakinn fór af vírnum, kastaðist vindan til hliðar, og féll hann þá inn á tromluna. Í fallinu bar hann ósjálfrátt fyrir sig hægri hönd, og lentu fingur þeirrar handar undir vírnum, sem vafðist upp á tromluna, sem var óvarin. Enginn var viðstaddur til þess að stöðva mótorinn og vafðist því áfram upp á tromluna, en stefnandi gat þá loks kúplað frá með vinstri hendi og losað sig undan vírnum. Var hann þá mikið slasaður, hægri upphandleggur brotinn og axlarliðurinn hálfpartinn farinn úr lið og auk þess brotinn fremsti oddurinn af ulnarbeininu, vísifingur brotinn á miðköggli og baugfingur og langatöng mjög laskaðir.

Af þessum sökum missti stefnandi rúmlega tvær kjúkur af löngutöng og baugfingri, og vísifingur skaddaðist. Handleggsbrotið hafðist mjög illa við, og var stefnandi settur 6 sinnum á spítala til aðgerðar á tímabilinu frá 18/7 1959, til þess er hann loks útskrifaðist 9/2 1961, og síðan einu sinni í maí 1962. Verður stefnandi samt aldrei jafngóður í handleggnum. Vegna slyss þessa hefur stefnanda verið metin varanleg örorka 25%, og hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón hans og telur það vera kr. 232.439.00.

Stefnukrafan sundurliðast þannig:

1.	Örorkutjón	kr. 330.459.00
2.	Þjáningar og lýti	— 100.000.00
3.	Ferðakostnaður og uppihald	— 41.696.85
4.	Reikn. Snorra Hallgrímssonar, dr. med. ..	— 300.00
5.	— Páls Sigurðssonar tryggingayfirl.	— 1.500.00
6.	— Þóris Bergssonar tryggingafræðings	— 1.200.00

7.	Reikn. Þóris Bergssonar tryggingafræðings	kr.	400.00
8.	— ríkisskattanefndar	—	30.00
		Kr.	475.585.85“

Stefnandi rökstyður kröfur sínar nánar í stefnu, sem hér segir: „Um lið 1. Þessi liður er samkvæmt örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings. Er það reiknað út frá skattframtölum stefnanda fyrir árin 1956—1958, en mestur hluti teknanna stafar frá verkamannavinnu, eða um 4/5 hlutar, en um 1/5 af sjómennsku.

Um lið 2. Meiðsli stefnanda olli honum miklum og langvarandi þjáningum. Auk þess að missa tvo fingur og skaddast á þriðja hafðist brotið á upphandleggnum illa við, og varð hann að leggjast inn á sjúkrahús samtals 6 sinnum frá slysdegi 18/7 1959, þar til hann loks útskrifaðist 9/2 1961, og síðan einu sinni í maí 1962. Var oft um meiri háttar aðgerðir að ræða, m. a. var tvisvar tekin beinspöng úr mjaðmarkambi og flutt að brotinu.

Lýtin eru mikil og áberandi, missir baugfingurs og löngutangar hægri handar og stirðnun og aflögun vísifingurs sömu handar, 18 cm. langt Y-laga inndregið ör á miðjum upphandlegg hægri handar og minni ör uppi á öxl og um olnbogann. Auk þess 4 cm. rýrnun á hægri upphandlegg og 2 cm. rýrnun á framhandlegg miðað við vinstri hönd.

Bætur samkvæmt lið þessum eru því sízt of háar.

Um lið 3. Vegna þess að stefnandi þurfti að leggjast inn á sjúkrahús í Reykjavík, varð hann að ferðast til og frá heimili sínu í Bíldudal jafnoft. Fyrstu ferðina frá slysstað til Reykjavíkur með Birni Pálssyni greiddi stefnandi ekki, en hinar 11 greiddi hann. Kostaði farið kr. 208.00, en fæði á leiðinni kr. 155.35, samtals kr. 363.35.

Stefnandi þurfti að stunda æfingar hjá Jóni Þorsteinssyni vegna slyss þessa. Meðan á þeim æfingum og öðrum lækningum stóð, bjó hann hjá systur sinni í Hafnarfirði og varð því að fara oft með leigubílum á milli. Telur hann, að það hafi verið samtals 70 ferðir fram og til baka og hafi hver ferð kostað samtals kr. 110.00, eða samtals kr. 7.700.00.

Hjá systur sinni í Hafnarfirði dvaldi stefnandi af þessum sökum ca. eitt ár og hafði hjá henni fæði og uppihald á þeim tíma, sem varlega áætlað kostar kr. 2.500.00 á mánuði, eða samtals

kr. 30.000.00. Bætur samkv. lið þessum sundurliðast því nánar þannig:

11 ferðir milli Bíldudals og Reykjavíkur	kr.	3.996.85
70 — — Hafnarfj. og Reykjavíkur	—	7.700.00
Fæði og húsnæði í Hafnarfirði í 1 ár	—	30.000.00
	Kr.	41.696.85

Um liði 4—7 þarfnast ekki skýringar.

Stefnandi telur stefnda eiga alla sök á slysi þessu og sér beri því fullar bætur. Orsök slyssins hafi verið mjög lélegur frágangur á festingu spilsins. Spilið var einungis fest með tveim vírum aftur af því í þverbita, sem var í jörðu með fargi á, en engin festing til þess að hindra hliðarkast. Í þessu tilfelli var spilið á malarvegi, og þurfti því lítið átak til þess að koma af stað hliðarhreyfingu og hliðarfestingar því bráðnauðsynlegar, enda hafa vitni borið, að spilið hafi átt vanda til hliðarkasta.

Þá telur Öryggiseftirlit ríkisins, að nauðsynlegt sé að hafa handfang á spili sem þessu, þannig að sá, sem stjórni því, geti haft aðra höndina á því og fengið þar stuðning, og hefði slíkur útbúnaður sennilega hindrað slys í þessu tilfelli, hefði hann verið.

Þá hlýtur einnig að vera hægt að útbúa hlíf á tromluna á þessum spilum, en tromlan var alveg óvarin í þessu tilfelli."

Hafa nú verið rakin rök þau, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, eins og hann sjálfur gerir grein fyrir þeim í stefnu.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að vinnuveitandi eigi ekki sök á slysinu. Það hafi hvorki orðið vegna vanbúnaðar tækja né vegna atbeina annarra starfsmanna en stefnanda sjálfs, sem af ógætni eða óhappatilviljun hafi hrasað á hlaupum sínum og orðið að bráð vélarafli, er hann sjálfur stjórnaði og bar ábyrgð á.

Varakröfuna kveður stefndi vera setta fram, fari svo, að hann verði talinn eiga einhverja sök.

Þá kveðst stefndi mótmæla vaxtakröfunni sem of hárri og stefnukröfunni sjálfri sem fjarstæðukenndri.

Rökstyður stefndi mótmæli sín m. a. á eftirfarandi hátt, orðrétt upptekið:

„1) Örorkutjón, kr. 232.433.00.

Ekkert er dregið frá vegna hagnaðar af því, að tekjur af þessu tagi eru skattfrjálsar. Svo er eigi heldur dregið frá það, sem stefn-

andi kann að eiga rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins. Mótmælt er upphæð tímabundnu örorkunnar sem of hárri og skorað á stefnanda að leggja fram gögn um tekjur sínar á sama tímabili.

2) Þjáningar og lýti, kr. 100.000.00.

Þessari áætlunarfjárhæð er mótmælt sem allt of hárri, enda langtum meiri en dómvenja segir til um í líkum tilvikum.

3) Ferðakostnaður og uppihald, kr. 41.696.85.

Mótmælt sem of háu og ósönnuðu. Sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi þurft að búa í Hafnarfirði og kosta 70 ferðir þaðan til Reykjavíkur, úr því hann þurfti að greiða systur sinni þar syðra fullt gjald fyrir fæði og húsnæði, en þeirri fjárhæð er mótmælt sem rangri. Skorað er á stefnanda að færa rök að því með framlögðum kvittunum eða á annan hátt, að hann hafi greitt eða teljist skulda systur sinni kr. 30.000.00 fyrir dvöl hans á heimili hennar, á meðan hann var undir læknishendi.

Reikningsliðum 4—7 á dskj. 1 er ekki mótmælt sérstaklega."

Eins og þegar er fram komið, reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann eigi ekki sök á slysinu, heldur eigi það rætur sínar að rekja til ógætni stefnanda sjálfs eða óhappatilviljunar.

Dómsrannsókn hefur farið fram út af umræddu slysi, og skal nú rakið það helzta, sem þar kemur fram:

Vitnið Magnús Valdimarsson, sem kveðst hafa verið að vinna með stefnanda, þegar slysið átti sér stað, en þó ekki hafa séð, þegar slysið vildi til, skýrir meðal annars svo frá, að vinda sú, sem stefnandi stjórnaði, hafi verið föst á járngrind og undir járngrindinni tveir plankar. Til að festa vinduna á veginn og halda á móti þunga fallhamarsins hafi verið grafið niður tré 6″×6″ þvert á veginn og borið á það grjót. Tveir vírstrengir hafi síðan verið festir sitt í hvort horn vindunnar og síðan í tréð, eins og teikningin á dómskj. nr. 6 sýni réttilega. Ekki hafi önnur festing verið við höfð og svona festing hafi alltaf verið höfð, síðan hann kom til Sigfúsar verkstjóra Kristjánssonar, en hann kveðst hafa unnið hjá honum s.l. 6 ár. Vitnið kveður spilið sjálft hafa viljað ganga til, um leið og hamrinum var lyft. Er slysið vildi til, kveðst vitnið hafa verið að ganga fram fyrir staurinn til að gefa stefnanda merki um að hífa hamarinn í skeið, en þá hafi stefnandi verið að rísa upp úr spilinu, en stefnandi hafi rétt áður talað við vitnið og síðan gengið að vindunni. Vitnið kveðst

telja, að stefnandi hafi hrasað á kúplingunni og þá kúplað að, því að hamarinn hafi lyfzt 5—6 tommur frá staur. Vitnið tekur fram, að tréhælar hafi ekki verið reknir sitt með hvorri hlið vindunnar og vindan hafi alltaf hreyfzt dálítið. Þá segir vitnið, að vindan hafi verið í gangi, er stefnandi gekk að henni. Ekki minnist vitnið þess, að á veginum við hliðina á vindunni væri blettur eftir koppafeiti, sem stigið hefði verið á. Hins vegar hafi plankinn undir vindunni verið fitugur og hafi plankinn staðið út undan beggja megin.

Vitnið kveðst hafa heyrt stefnanda segja, að hann hefði lent undir vinduvírnum, en minnist þess hins vegar ekki að hafa heyrt hann segja, að vindan hefði slegizt til og hann þá hrasað. Vitnið minnir, að suddi væri, er slysið vildi til, eða að minnsta kosti hafi verið blautt.

Vitnið Kristján Þórir Ólafsson, sem kveðst hafa unnið undir stjórn sama verkstjóra og stefnandi, kveðst hafa verið sofandi, er slysið varð, og því ekki geta gefið neinar upplýsingar um orsakir þess eða hvernig það vildi til. Vitnið tekur fram, að engar hliðarfestingar hafi verið og engir hælar við vinduna. Vitnið kveðst hafa verið á vindunni um kvöldið og hafi hún oftast gengið til, um leið og híft var. Þegar slakað hafi verið, hafi það komið fyrir, að vírinn hafi farið á vegkantinn og þótt hann festist þar ekki, hafi hann getað rykkt spilinu dálítið til, um leið og híft var.

Vitnið Sverrir Tómasson kveðst hafa unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, er umrætt slys átti sér stað. Ekki kveðst vitnið hafa séð, þegar stefnandi fór í vinduna, en vitnið kveðst hins vegar hafa séð, þegar stefnandi hljóp að vindunni og upp á pallinn, sem vindan var á, en í því kveðst vitnið hafa snúið sér frá. Vitnið segir sér hafa dottið í hug, án þess að geta sagt það með vissu, að stefnandi hafi runnið til á pallinum og fallið á skiptistöngina. Það hafi verið úðarigning og því sennilega sleipt. Ekki kveðst vitnið muna eftir, að stefnandi segði neitt um þetta sjálfur eftir slysið. Vitnið kveðst hafa heyrt lýsingu stefnanda á festingu vindunnar á veginum og sé hún rétt, það, sem hún nái. Aftur á móti kveðst vitnið muna það örugglega, að það hafi verið tveir vírstrengir aftur af vindunni, sinn úr hvoru horni hennar, en man ekki, hvort um nokkrar hliðarfestingar var að ræða. Vitnið kveðst aldrei hafa unnið við vinduna og því ekki geta borið um, hvort hún hafi hreyfzt nokkuð til hliðar, þegar hún hafi verið í notkun.

Vitnið Gestur Ólafsson kveðst hafa unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, þegar umrætt slys átti sér stað. Vitnið kveðst ekki hafa séð, þegar slysið varð, því að það hafi þá snúið baki að vindunni, sem það telur, að stefnandi hafi stjórnað. Vitnið kveðst hafa heyrt talað um það á eftir, að stefnandi hefði runnið á járnplötu fyrir aftan vinduna. Vitnið man ekki, hvort úðarigning var, en það hafi í öllu falli verið náttdögg og platan því aðeins rök. Ekki kveðst vitnið muna, hvort vindan hafi verið fest að aftan með einum eða tveimur vírum, og ekki man það heldur eftir neinum festingum til hliðanna.

Vitnið Arnór Þórarinn Hannesson kveðst hafa unnið við byggingu brúarinnar yfir Fossá á Barðaströnd, þegar stefnandi varð fyrir umræddu slysi. Kveðst vitnið hafa heyrt lýsingar þeirra stefnanda og verkstjórans, Sigfúsar Tryggva Kristjánssonar, á umbúnaði vindunnar. Kveður vitnið lýsingu stefnanda vera rétta, það, sem hún nái, en það sé rétt hjá verkstjóranum, að vírstrengur hafi verið úr báðum hornum vindunnar, en rangt, að vírstrengirnir hafi legið út á við í tvær festingar á trénu, sem grafið var niður í veginn, heldur hafi vírarnir komið saman í eina festingu. Aftur á móti kveður vitnið það öruggt, að ekki hafi verið reknir niður hælar sitt hvoru megin við vinduna, eins og verkstjóri segi. Kveðst vitnið hafa verið fjögur sumur við brúarsmíði undir verkstjórn Sigfúsar og hafi umbúnaður vindunnar aldrei verið þannig, að hælar hafi verið reknir niður með hliðum hennar. Vitnið kveðst ekki geta sagt um það, hvort stefnandi hafi gengið frá vindunni í þetta skipti eða séð um frágangínn, og ekki kveðst það heldur minnast þess, að stefnandi hafi talað um það, svo að vitnið heyrði, að umbúnaður vindunnar væri ekki öruggur.

Vitnið kveðst ekki hafa séð, þegar slysið átti sér stað. Kveðst vitnið hafa verið að vinna með stefnanda og hafi þeir verið nýbyrjaðir að vinna eftir að hafa drukkið miðnæturkaffi. Stefnandi hafi verið búinn að ljúka við að reka niður staur og þegar átt að byrja á öðrum. Fallhamarinn hafi legið niðri og stefnandi átt að lyfta honum upp, en um leið kveðst vitnið hafa ætlað að hækka skeiðina til þess að hægt væri að ná fallhamrinum það hátt upp, að hægt væri að koma nýjum staur undir hann. Vitnið kveður stefnanda hafa skilið við vinduna í gangi og hafi stefnandi gengið frá vitninu áleiðis að vindunni. Vitnið kveðst ekki hafa fylgzt með ferð stefnanda, nema hvað það hafi séð til hans uppi á bakkanum og hafi hann þá gengið rólega. Vitnið kveðst svo hafa haft augun á fallhamrinum og séð, að hann lyftist, þó

varla yfir 50 cm. Þegar hamarinn hafi verið kominn í þessa hæð, hafi hann titrað og síðan fallið niður. Kveður vitnið sér þá hafa verið litið að vindunni og séð, að þá hafi stefnandi verið laus úr vindunni og staðið hálfboginn yfir henni og gengið síðan fram fyrir hana og út á grasblett. Segir vitnið, að sér hafi fyrst orðið það ljóst, er það kom að stefnanda, að hann var meiddur og hafi stefnandi sagt þannig strax frá orsökinni til þess, að hann lenti undir vinduvírnum með handlegginn, að hann hefði verið byrjaður að lyfta fallhamrinum, en þá hefði vindan slegizt til og hann hrasað og lent með handlegginn undir vírnum. Vitnið kveðst hafa sagt verkstjóranum frá slysinu efnislega, eins og hann hafi nú gert og sé því allt annað, sem hann hafi eftir sér, ekki rétt. Ekki kveðst vitnið minnast þess að hafa tekið eftir fitublettum eða bletti eftir koppafeiti eða annað við vinduna. Loks tekur vitnið fram, að það hafi stundum komið fyrir, að vindan hafi kippzt til hliðar, um leið og slakinn hafi verið hífður af vírnum, og það mikið, að annað horn vindupallsins hafi lyfzt lítils háttar frá veginum.

Auk þess, sem fram kemur í málavaxtalýsingu í stefnu, hefur stefnandi skýrt svo frá við rannsókn í málinu, að sumarið, er slysið varð, hafi verið hið fjórða í röðinni, sem hann hafði með höndum stjórn vindu þeirrar, sem um ræðir, og hafi þetta verið fjórða brúin, sem hann stjórnaði vindunni við. Stefnandi kveður það vera venjulegt að standa á grind tækisins sjálfs, þegar híft sé, og hafa vinstri hönd á tengivírnum, en styðja sig með þeirri hægri við húsið. Kveður hann mann þann, sem vann á vindunni á undan honum, hafa haft þennan hátt á, og kveðst stefnandi hafa haldið því áfram. Stefnandi kveður vélarhús vindunnar vera um það bil í brjósthæð sinni, þegar staðið er við vinduna.

Stefnandi kveður enga tréhæla hafa verið við hliðar vélarinnar. Kveðst hann hafa farið fram á það við verkstjórann, að vírfestingum yrði komið fyrir til að hindra hliðarhreyfingar, en hann hafi ekki viljað fallast á það, þar sem það mundi tefja verkið. Kveðst stefnandi ekki áður hafa farið fram á þetta. Tekur hann fram, að þegar rekið hafi verið niður fyrir fyrri stöplinum, hafi vindan verið hinum megin við uppgröftinn, en aðstæður hafi samt verið verri á slysstað að því leyti, að vegurinn hafi verið harðari og hærri og því sérstaklega hætt við hliðarhreyfingum á vindunni. Stefnandi kveðst hafa haft orð á því við verkstjórann, eftir að vinna við niðurrekstur fyrri stöpulsis hófst, að vindan vildi hreyfast til hliðar.

Stefnandi telur, að nokkuð mikill rykkur hafi komið á vírinn, er hann ýtti tengiarminum fram til að lyfta hamrinum upp, þegar slysið varð. Telur stefnandi, að eigi sé unnt að tempra hraða spilsins, þegar byrjað er að hífa, heldur fari það strax á fulla ferð, þegar tengiarminum er ýtt fram. Stefnandi kveðst engar leiðbeiningar hafa fengið um meðferð spilsins, en hins vegar hafi hann séð, hvernig maður sá fór að, sem vann á spilinu næst á undan honum, og kveðst hafa tileinkað sér aðferðir hans. Stefnandi telur myndina á dómskj. nr. 5 í máli þessu sýna réttilega útbúnað spilsins og mastursins, en hins vegar komi þar ekki fram aðstaða á slysstað.

Verkstjóri stefnda, Sigfús Tryggvi Kristjánsson, hefur skýrt svo frá við rannsókn út af umræddu slysi, að lýsing stefnanda á umbúnaði vindunnar sé rétt, nema hvað vindan hafi verið fest með tveimur vírstrengjum sitt úr hvoru horni vindunnar aftur í tréð, sem fest var niður í veginn aftur að vindunni, og hafi strengirnir legið eilítið á ská út á við. Einnig kveður hann tréhæla hafa verið rekna niður í veginn sitt með hvorri hlið vindunnar og hafi hún því ekkert getað hreyfzt til, hún hafi alveg verið föst. Verkstjórinn kveður stefnanda aldrei hafa orðað það við sig, svo að hann muni, að umbúnaðurinn á vindunni væri ekki öruggur og kveður stefnanda hafa gengið frá vindunni, að minnsta kosti upp á síðkastið. Verkstjórinn kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar slysið átti sér stað og hafi stefnandi verið laus úr vindunni, þegar hann kom á staðinn. Verkstjórinn kveðst eftir slysið hafa tekið eftir því, að á veginum við hliðina á vindunni hafi verið blettur eftir koppafeiti og séð, að stigið hafði verið á þennan blett og hefði sér getað dottið í hug, að stefnandi hefði stigið þar og runnið til og það verið ástæðan til, að vindan var smurð, en sér sé ekki kunnugt um, hver gerði það síðast, en yfirleitt hafi stefnandi séð um vinduna.

Það, sem nú hefur verið rakið af framburði verkstjórans, er úr skýrslu þeirri, sem hann hefur gefið hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 20. maí 1960. Skýrslu þessa hefur hann svo staðfest fyrir dómi 27. maí 1964. En í því sama réttarhaldi segir hann, að tréhæll hafi verið rekinn niður við fremra horn vindunnar, þeim megin, sem stjórnandi spilsins standi venjulega, og hafi slíkur hæll stundum áður verið rekinn niður, en þó ekki alltaf. Þá segir verkstjórinn í sama réttarhaldi, að vindan hreyfist alltaf eitthvað til hliðar, þegar hún sé í notkun við að reka niður staura. Hann kveður sig ekki reka minni til þess, að stefnandi kvartaði

yfir hliðarhreyfingum á vindunni eða að hann hafi óskað eftir vírfestingum til að hindra hliðarhreyfingar. Hann segir, að slíkar festingar hafi hvorki verið hafðar á vindunni fyrir né eftir slysið, og kveðst hann ekki vita til, að slíkar festingar séu tíðkaðar. Verkstjórinn telur myndina á dómskj. nr. 5 sýna umbúnað vindunnar í aðalatriðum rétt. Hann kveðst ekki hafa séð stjórnendur vindunnar standa uppi á sjálfri vindugrindinni, enda hljóti það að hafa verið erfitt, þar sem grindin sé oft hál af feiti. Hann segir, að sér sé nær að halda, að stefnandi hafi yfirleitt staðið á jörð við hlið vindunnar við að stjórna henni. Kveðst hann telja, að til þess sé ætlazt, að menn hafi hægri hönd á tengiarmi og hægri fót á bremsu og standi þannig til hliðar við vinduna. Hitt kveðst hann oft hafa látið átölulaust, þótt menn til hvíldar styddu hægri hendi á vélarhús og stjórnuðu tengiarmi með vinstri hendi og bremsuðu með vinstra fæti. Hann kveðst ekki muna, hvort stefnanda hafi verið gefnar leiðbeiningar um meðferð vindunnar, en venja sé að gefa slíkar leiðbeiningar, þegar nýir menn taki við vindunum.

Við samprófun á þeim stefnanda og verkstjóranum Sigfúsi kveðst verkstjórinn ekki treysta sér til að fullyrða um, hvort gengið hafi verið öðruvísi frá festingunni á vindunni en stefnandi hefur lýst að framan á þeim tíma, sem stefnandi starfaði hjá honum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið úr framburði stefnanda og vitna, má telja sannað, að ekki hafi verið um neinar hliðarfestingar að ræða á vindu þeirri, sem stefnandi slasaðist við, þannig að hún hafi getað þess vegna hreyfzt til hliðanna, er hún var í notkun.

Samkvæmt uppdrætti á dómskj. nr. 5 og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, hefur vindan ekki verið útbúin með palli fyrir stjórnandann til að standa á né heldur verið hlíf yfir vinduási eða handfang fyrir stjórnandann að halda sér í.

Með tilliti til alls þessa líta dómendur svo á, að umbúnaður vindunnar hafi á engan hátt fullnægt þeim kröfum, sem gera verði til þess, að fyllsta öryggis væri gætt og megi rekja orsakir slyss þess, er stefnandi varð fyrir, til þessa ófullnægjandi umbúnaðar vindunnar, einkum þó að því er festingar á henni varðar. Stefnandi kveðst hafa hrasað með þeim afleiðingum, sem lýst er í máli þessu, er vindan kastaðist til við hífingu fallhamarsins. Sjónarvottar voru engir að því, hvernig slysið atvikaðist, og verð-

ur því að leggja framburð stefnanda sjálfs til grundvallar um það, enda hefur ekkert það komið fram í málinu, er gefi ástæðu til að ætla, að stefnandi skýri ekki rétt frá málavöxtum um þetta atriði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, líta dómendur svo á, að stefndi sé fébótaskyldur gagnvart stefnanda vegna tjóns þess, er hlauzt af umræddu slysi.

Snorri Hallgrímsson læknir hefur lýst meiðslum stefnanda og læknismeðferð, sem hér segir:

„Samkvæmt beiðni yðar, hr. lögfræðingur, get ég látið yður eftirfarandi umsögn í té varðandi Baldur Ásgeirsson, f. 6. 7. 1929, til heimilis að Bíldudal, vegna slyss, er hann varð fyrir 18. 7. 1959.

Sj. slasaðist að sögn við brúargerð á Barðaströnd, þannig að hægri hönd festist í spili með þeim afleiðingum, að höndin og handleggurinn laskaðist mikið. Skömmu eftir slysið var Baldur fluttur til Reykjavíkur og lagður á IV. deild Landspítalans. Skoðun hér leiddi í ljós, að um brot á miðjum upphandlegg var að ræða og auk þess var axlarliðurinn hálfpartinn farinn úr lið. Auk þess var brotinn fremsti oddinn af ulnarbeininu og vísifingur brotinn á miðköggli og langatöng og baugfingur hægri handar mjög laskaðir. Strax eftir komuna var í svæfingu gert að meiðslunum eftir því sem hægt var, axlarliðurinn var fyrst lagfærður, en síðan var gert að fingurmeiðslunum. Kom þá í ljós, að langatöng var því nær slitin af, en þó þannig, að sinarnar héldu. Æðarnar voru hins vegar slitnar í sundur. Þótt blóðrásin væri léleg, var þess þó freistað að halda fingrinum og sárin á fingrinum því saumuð og hann síðan settur í gipsspelku. Baugfingur var hins vegar það illa farinn, að engin leið var að gera við hann, og var hann því tekinn af. Þá var upphandleggsbrotið lagfært og lagðar á umbúðir vegna þess. Baldri heilsaðist eðlilega eftir þetta, en langatöng hægri handar hafði ekki nægilega blóðrás, og varð því síðar að fjarlægja þennan fingur um efsta hnúann. Hann var sendur heim til sín 30. 7. '59.

Þrem mánuðum eftir slysið kom hann að nýju á deildina, þar eð upphandleggsbrotið hafði ekki gróið. Var þá gerð skurðaðgerð á upphandleggsbrotinu, beinendarnir hreinsaðir, því fest með mergnagla og bein frá mjaðmarkambi flutt að brotinu. Hann útskrifaðist eftir þessa aðgerð 22. 10. '59.

Þá var hann enn tekinn á IV. deild 17. 2. '60. Honum hafði liðið sæmilega í handleggnum, frá því að aðgerðin var gerð í

okt. '59 og þar til í febrúar '60, en þá byrjaði efri naglaendinn að valda honum óþægindum, og naglinn byrjaði að ganga út í gegnum húðina. Eftir það bólgnaði holdið í kringum naglaendann, og ígerð myndaðist í kringum hann. Það var því ekki um annað að ræða en að fjarlægja naglann, og var það gert 18. 2. '60. Ekki var þó talið öruggt, að brotið væri gróið. Nokkru eftir að þetta var gert, kom allmikil bólga í upphandlegginn, og var talið, að um ígerð á brotstaðnum væri að ræða. Var sj. því enn að nýju tekinn á deildina 26. 2. '60, og var þá enn skorið inn á brotið, að þessu sinni í leit að grefti, sem þó ekki fannst, en bólgan hjaðnaði niður skömmu síðar, og ígerðareinkennin hurfu. 21. 3. '60 var gerð skurðaðgerð á hægri vísifingri til þess að reyna að lagfæra hreyfinguna í fremsta lið vísifingurs. Þegar sj: útskrifaðist af deildinni 23. 3. '60, var talið, að brotið væri gróið.

Fyrstu tvo mánuðina eftir að hann fór héðan af deildinni að þessu sinni, stundaði hann æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni. Í byrjun júlí s.l. fór hann síðan að vinna við brúarvinnu að nýju. Hann hafði þó ekki fullan kraft í hægri handlegg og varð að hlífa handleggnum. Um mánuði eftir að hann byrjaði að vinna, fór hann að fá verk í hægri öxl og hægri upphandlegg, en hann hélt þó áfram að vinna fram á vetur og var skárri, þegar hann vann léttari vinnu. Baldri fannst alltaf upphandleggurinn vera eitthvað losaralegur, og þetta ágerðist með haustinu, en við skoðun á handleggnum nokkru fyrir jól kom í ljós, að brotið var laust.

Hann var því enn að nýju tekinn á IV. deild Landspítalans 22. 1. '61. Skoðun leiddi í ljós, að falskur liður hafði myndast á brotstaðnum á hægri upphandlegg. Vegna þessa var svo enn gerð skurðaðgerð 27. 1. '61. Brotendarnir voru frílagðir og hreinsaðir og brotinu að nýju fest með mergnagla og síðan flutt að brotinu allmikið af mjúku beini svo og beinspöng, sem tekin var úr mjaðmarkambi. Var hér um meiri háttar aðgerð að ræða, sem var allerfið, vegna þess að mjög mikill örvefur hafði myndast í kringum brotstaðinn. Baldri heilsaðist vel eftir aðgerðina. Hann útskrifaðist 9. 2. '61 og kemur nú til eftirlits öðru hverju hingað á deildina.

Ef vel gengur, getur maður búizt við því, að brotið grói á fjórum mánuðum, en ekki styttri tíma. Hins vegar verður hann mjög lengi að ná sér og engar líkur til þess, að hann geti byrjað að vinna fyrr heldur en eftir hálft ár hér frá. Þá er ekki hægt að bú-

ast við því, að hægt verði að meta varanlega örorku fyrr en eftir 1—2 ár hér frá."

Páll Sigurðsson, fyrrv. tryggingayfirlæknir, hefur metið örorku stefnanda vegna umræddS slyss, og hefur örorkumatið verið lagt fram sem dómskj. nr. 10 í málinu, og segir þar svo:

„Örorkumat. Baldur Ásgeirsson, f. 6/7 1929, Bíldudal, V.-Barð. Vinnuslys 18/7 1959.

Samkv. slysatilkynningu varð slysið með þeim hætti, að slasaði, sem vann hjá Vegagerð ríkisins, var að vinna við niðurrekstur á staurum undir brúarsökkla og stjórnaði spili. Hann hrasaði við spilið og féll inn á vírkeflið og fór með hægri handlegg milli vírs og tromlu. Hann var samdægurs fluttur á Landspítalann í Reykjavík, og samkv. vottorði Hannesar Finnbogasonar læknis, 28/8 1959, þá var meiðslið í því fólgið, að hann hafði brot á hægri upphandlegg og brot á II., III. og IV. fingri hægri handar. Hann dvaldist í spítalanum til 30/7 1959.

Samkv. vottorði Hannesar Finnbogasonar læknis var á Landspítalanum gerð amputatio á fingrum, en lagðar gipsumbúðir á brotið. Hann var aftur lagður í Landspítalann 17/10 1959 og dvaldist þar til 5/11, og 22/10 var beinið í upphandlegg spengt. Hann dvaldist enn á Landspítala 17/2 til 22/2 1960 og 26/2 til 23/3 1960.

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum 7/11 1960. Hann skýrði frá tildrögum slyssins og meðferðinni, eins og lýst hefur verið, og kvaðst þá hafa byrjað vinnu að nýju 4/7 1960. Hann kvartaði um allmikla verki í handlegg og öxl og stirðleika í liðum handleggsins. Við skoðun þá var að finna allmikla rýrnun á upphandleggnum og ör eftir aðgerð, en þykkildi um miðjan handlegginn, og beinið virtist vera sveigt fram og til hliðar út á við. Nokkur stirðnun var í axlarlið og olnbogalið. Það stóð til að ljúka máli mannsins með örorkumati haustið 1960, en í des. 1960 fengust þær upplýsingar frá handlæknisdeild Landspítalans (próf. Snorri Hallgrímsson), að maðurinn hefði orðið fyrir óverulegum áverka og brotnað að nýju á sama stað og áður og það væri í ráði, að hann færi á handlæknisdeild Landspítalans.

Maðurinn kom til viðtals 24/10 1961. Hann skýrði frá því, að hann hefði farið á Landspítalann til aðgerðar, eins og ráðgert var, og dvalist þar 22/1—9/2 1961. Þá var að nýju gerð spenging á upphandleggsbeini. Byrjaði að vinna að nýju 1/7 1961.

Maðurinn kom síðast til viðtals hjá undirrituðum 11/10 1962. Hann var enn lagður í Landspítalann 9/5 1962 til 18/5 1962 og

var þá reynt að ná burtu teini þeim, er notaður var til að spengja upphandleggsbeinið, en það tókst ekki. Hann hefur, eins og fyrr segir, unnið síðan í júlí 1961 hjá sama atvinnurekanda, en aðeins dútlvinnu, að því er hann telur, og telur sig ekki færan til erfiðisvinnu.

Núverandi óþægindi: Kvartar um þreytuverki í handleggnum, kraftleysi og nokkurn stirðleika, en telur, að það, sem þjái sig mest, sé fingurmissir og aflleysi í handleggnum.

Skoðun:

Hægri handlimur: Það er greinileg rýrnun á upphandlegg, og mælist hún 4 cm. á þykkasta stað, miðað við vinstri, og á framhandlegg mælist rýrnun 2 cm., miðað við vinstri. Á miðjum upphandlegg er Y-laga ör, 18 cm. langt, auk þess eru smá ör upp á öxl og um olnbogann. Örið á miðjum handlegg er nokkuð inndregið, en hvergi vaxið við bein.

Hreyfing í axlarlið:	Lyfting fram:	Hægri	140°	(vinstri	180°)
	Lyfting út:	—	150°	(—	180°)
	Lyfting aftur:	—	30°	(—	40°)
	Snúningshreyfing út á við:	—	10°	(—	30°)
	Snúningshreyfing inn á við:	—	70°	(—	70°)

Það er ekki að sjá sársauki við hreyfingar.

Hreyfingar í olnbogalið: Hægri 175—60 (vinstri 180—70).

Hverfihreyfing er eðlileg.

Það er eðlileg hreyfing í úlnlið.

H-hönd: Vísifingur: Hyperext. í miðlið, en getur beygt að 90°. Yzti liður stendur í 90° beygju, og það er enginn réttikraftur. Grunnliður er eðlilegur.

Það vantar rúmlega 2 kjúkur á löngutöng og baugfingur. Það er vel gróið fyrir stúfa. Litlifingur er eðlilegur.

Kraftur í upphandleggsvöðvum og framhandleggsvöðvum er allgóður, en þó greinilega minnkaður, en gripkraftur handarinnar er mjög mikið minnkaður, mælingar með dynamometer: Hægri 4—2—2, vinstri 45—42—38.

Nokkrar umsagnir liggja fyrir um röntgenskoðanir, sem gerðar hafa verið. Síðast var gerð röntgenskoðun 7/5 1962, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Hægri upphandleggur. Osteosynthesis í hægri upphandlegg,

bæði með beinspöng, sem fest er með skrúfum og Küntschernagla, sem rekinn er að neðan upp í gegnum capitulum humeri. Situs á brotstaðnum nokkuð góður. Mikil sclerosa. Engin resorption í kringum nagla eða skrúfur."

Ályktun:

Hér er um að ræða 33 ára gamlan verkamann, sem slasaðist við brúarvinnu fyrir rúmlega 3 árum. Við slysið hlaut hann brot á hægri upphandlegg og brot á fingrum hægri handar, svo að það varð að nema burtu rúmlega 2 kjúkur á löngutöng og 2 kjúkur á baugfingri, en sem afleiðingu brota hefur hann stirðnun og aflögun á vísifingri. Það gekk illa að fá upphandleggsbrotið til að gróa, og hann lá margsinnis á sjúkrahúsi, enda þótt hann færi að vinna létta dútlvinnu u. þ. b. ári eftir slysið, þá kom í ljós, að beinið var ekki það vel gróið, að það þyldi neina áreynslu, og brotnaði hann að nýju í desember 1960 við mjög lítinn áverka. Hann lá að nýju í sjúkrahúsi í byrjun árs 1961, og tókst eftir nýja aðgerð að fá beinið til að gróa örugglega, og hann gat byrjað vinnu sína að nýju í júlí 1961 og hefur unnið síðan, nema hann var lagður á sjúkrahús í janúar 1962 og reynt að ná burtu mergnagla úr upphandleggsbeini, en hann sat svo fastur, að ekki var unnt að losa hann.

Sem afleiðingu þessa meiðslis þá hefur maðurinn nokkra stirðnun í hægri axlarlið, allmikla rýrnun á upphandlegg og framhandlegg og mikið kraftleysi í hendi og handlegg. Hann vinnur hjá sama atvinnurekenda og áður, en aðeins dútlstörf, að því er hann telur sjálfur, og hann treystir sér ekki til sömu vinnu og hann vann fyrir slysið.

Af þessum sökum verður að meta manninum tímabundna og varanlega örorku vegna slyssins 18. júlí 1959, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 8 mánuði 100% örorka
– 2 — 75% —
– 2 — 50% —
– 6 — 25% —
– 2 — 100% —
– 1 mánuð 75% —
– 2 mánuði 50% —
– 5 — 25% —
– 1 mánuð 100% —
– 2 mánuði 50% —
og síðan varanleg örorka 25%."

Ekki hefur neitt það komið fram í málinu, er þyki nægilegt tilefni til að fella hluta sakar á stefnanda sjálfan.

Skulu nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar:

Um lið 1, örorkutjón:

Stefnandi var 30 ára að aldri, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hafi beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar um bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Er greinargerð tryggingafræðingsins svohljóðandi:

„Örorkutjón Baldurs Ásgeirssonar, Bíldudal, vegna slyss 18. júlí 1959.

Baldur Ásgeirsson verkamaður varð fyrir því slysi að hrasa og lenda með hægri handlegg í „spili", er hann stjórnaði hjá Vegagerð ríkisins. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur í örorkumati, dags. 3. nóv. 1962, metið örorkumissi Baldurs vegna slyss þessa þannig:

Í 8	mánuði	100%	örorka
– 2	—	75%	—
– 2	—	50%	—
– 6	—	25%	—
– 2	—	100%	—
– 1	mánuð	75%	—
– 2	mánuði	50%	—
– 5	—	25%	—
– 1	mánuð	100%	—
– 2	mánuði	50%	—

og síðan varanleg örorka 25%.

Baldur Ásgeirsson er sagður fæddur 6. júlí 1929 og hefur þá verið 30 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Baldurs árin 1957—1959 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið	1956	kr.	61.414.00
—	1957	—	53.561.00
—	1958	—	65.198.00

Tekna þessara hefur hann að langmestu leyti aflað sem verkamaður. Um fimmti hluti þeirra stafar þó frá sjómennsku á fiski-

bátum. Ég hef umreiknað vinnutekjur þessar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu. Þann hluta, sem stafar frá sjómennsku, væri réttara að reikna um miðað við breytingar á kjörum háseta á fiskibátum, en þar eð engar öruggar tölur eru til um þær breytingar jafnframt því að gera má ráð fyrir, að kjör þessara stétta breytist svipað hlutfallslega, þegar til lengdar lætur, tel ég þetta heppilegustu umreikningsaðferðina.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 65.805.00	kr. 57.579.00
2. — — — —	66.665.00	— 30.553.00
3. — — — —	75.039.00	— 26.461.00
4. — — — —	82.647.00	— 20.662.00
og síðan árlega	— 84.663.00	— 21.166.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 98.026.00
— varanlegrar —	— 217.662.00
Samtals	kr. 315.688.00

Baldur á rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, en ég hef ekki fengið upplýsingar um, hve miklar þær eru.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1941—1950 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Vegna hækkandi kaups fékk stefnandi tryggingafræðinginn síðar til að reikna út hækkun örorkutjóns, og hljóðar sá útreikningur svo:

„Örorkutjón Baldurs Ásgeirssonar, Bíldudal,
vegna slyss 18. júlí 1959.

Þann 13. apríl 1963 reiknaði ég út verðmæti vinnutekjutaps Baldurs Ásgeirssonar vegna slyss, er hann varð fyrir 18. júlí 1959. Frá því sá útreikningur var gerður, hefur kaup verkamanna al-

mennt hækkað um 7.5%. Ég hef nú samkvæmt beiðni yðar reiknað út, hver áhrif þessi hækkun hefur á verðmætið.

Hækkunin nemur kr. 14.771.00, þannig að verðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku verður:

kr. 232.433.00 .

Notaður er sami grundvöllur og við fyrri útreikninga."

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnanda enn lagður fram nýr útreikningur á örorkutjóni stefnanda vegna breytinga á kauptaxta og vöxtum, svohljóðandi:

„Örorkutjón Baldurs Ásgeirssonar, Bíldudal,
vegna slyss 18. júlí 1959.

Vegna breytinga á kauptaxta og vöxtum síðan ég reiknaði út tjón Baldurs 24. sept. 1963 hafið þér farið þess á leit, að ég endurreikni örorkutjónið.

Baldur Ásgeirsson verkamaður varð fyrir því slysi að hrasa og lenda með hægri handlegg í „spili", er hann stjórnaði hjá Vegagerð ríkisins. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur í örorkumati, dags. 3. nóv. 1962, metið örorkumissi Baldurs vegna þessa slyss þannig:

Í	8	mánuði	100% örorka
–	2	—	75% —
–	2	—	50% —
–	6	—	25% —
–	2	—	100% —
–	1	mánuð	75% —
–	2	mánuði	50% —
–	5	—	25% —
–	1	mánuð	100% —
–	2	mánuði	50% —

og síðan varanleg örorka *25%*.

Baldur Ásgeirsson er sagður fæddur 6. júlí 1929 og hefur því verið 30 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Baldurs árin 1957—1959 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið	1956	kr.	61.414.00
—	1957	—	53.561.00
—	1958	—	65.198.00

Tekna þessara hefur hann að langmestu leyti aflað sem verkamaður. Um fimmti hluti þeirra stafar þó frá sjómennsku á fiskibátum. Ég hef umreiknað vinnutekjur þessar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu. Þann hluta, sem stafar frá sjómennsku, væri réttara að reikna um miðað við breytingar á kjörum háseta á fiskibátum, en þar eð engar öruggar tölur eru til um þær breytingar, jafnframt því að gera má ráð fyrir, að kjör þessara stétta breytist svipað hlutfallslega, þegar til lengdar lætur, tel ég þetta heppilegustu umreikningsaðferðina.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 65.805.00	kr. 57.579.00
2. — — — —	66.665.00	— 30.553.00
3. — — — —	75.039.00	— 26.461.00
4. — — — —	83.273.00	— 20.818.00
5. — — — —	99.095.00	— 24.774.00
6. — — — —	110.439.00	— 27.610.00
og síðan árlega —	112.502.00	— 28.126.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 99.541.00
— varanlegrar —	— 322.616.00
Samtals	kr. 422.157.00

Baldur á rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, en ég hef ekki fengið upplýsingar um, hve miklar þær eru.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 6% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Stefndi hefur mótmælt upphæð tímabundnu örorkunnar sem of hárri.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og með tilliti til hins nýja útreiknings á örorkutjóni stefnanda og þess

hins vegar, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 315.000.00.

Um lið 2, þjáningar og lýti:

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Sjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin í vottorðum læknanna Snorra Hallgrímssonar og Páls Sigurðssonar hér að framan. Þegar hún er virt og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 70.000.00.

Um lið 3, ferðakostnað og uppihald:

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og ósönnuðum, sérstaklega því, að stefnandi hafi þurft að búa í Hafnarfirði og kosta 70 ferðir þaðan til Reykjavíkur, úr því að hann hafi þurft að greiða systur sinni þar syðra fullt gjald fyrir fæði og húsnæði, og mótmælir stefndi þeirri fjárhæð sem rangri.

Stefnandi hefur ekki lagt fram kvittanir eða reikninga nema fyrir kr. 4.975, að því er þennan kröfulið varðar. Brestur því rök fyrir réttmæti þessa kröfuliðs að öðru leyti. Þykja því eigi efni til að taka hann til greina með hærri fjárhæð en að framan greinir.

Um liði 4—8:

Þessum kröfuliðum hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 393.408.75 (kr. 315.000.00 + 70.000.00 + 4.978.75 + 300.00 + 1.500.00 + 1.200.00 + 400.00 + 30.00).

Frá þessari upphæð ber að draga þær kr. 87.183.50, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og ber því stefnda að greiða alls kr. 306.225.25 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Sverri Björnssyni verkstjóra.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu í máli þessu vegna fjarveru annars meðdómsmannsins erlendis.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, greiði stefnanda, Baldri Ásgeirssyni, kr. 306.225.25 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. maí 1966.

Nr. 183/1965. **Ellert Magnússon og Samvinnutryggingar**
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
gegn
Magnúsi Guðjónssyni
(Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun máls frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. og krafizt þess, að „hinar dæmdu bætur í héraðsdómi verði stórlega lækkaðar“ og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 23. október 1965 veitt leyfi til að bera mál þetta undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð

nemi eigi kr. 5.000.00. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands eru nú lagaskilyrði slíks leyfis þau, að „úrslit málsins" séu „mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja". Dómendur „eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ. e. hvort yfirvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu", eins og það var orðað í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. marz 1965 í málinu María Kristmundsdóttir gegn Sigmundi M. Andréssyni. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 3. nóvember 1965 í málinu Ingibjörg Magnúsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, var við það miðað, að Hæstiréttur ætti dóm um lagaskilyrði leyfis til að bera mál undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Fallast má í einu og öllu á þann lagaskilning, sem kemur fram í hinum nefndu hæstaréttardómum. Samkvæmt honum á Hæstiréttur dóm um það, hvort lagaskilyrði eru fyrir hendi til að leyfa áfrýjun máls, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Úrslit máls þess, sem nú er til meðferðar, eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða þau sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Samkvæmt þessu og þar sem málsefnið nemur eigi kr. 5.000.00, svo sem mælt er í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Ellert Magnússon og Samvinnutryggingar, greiði óskipt stefnda, Magnúsi Guðjónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 16. gr. laga nr. 57/1962 ber að skýra þannig, að ráðherra meti til hlítar skilyrði greinarinnar fyrir veitingu

leyfis til áfrýjunar máls, er sakaefni nemur ekki áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr. sömu laga. Styðst sú skýring við aðdraganda að setningu lagaboðsins og er í samræmi við langvarandi réttarframkvæmd.

Ráðherra hefur ekki farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með veitingu leyfis til áfrýjunar máls þessa. Verður mati hans á skilyrðum til útgáfu leyfisins því ekki hnekkt og leyfinu eigi til hliðar vikið. Samkvæmt þessu er málinu réttilega áfrýjað, og verður kröfu stefnda um frávísun þess frá Hæstarétti ekki sinnt.

Ályktarorð:

Framangreind frávísunarkrafa er eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Magnús Guðjónsson, Sporðagrunni 7 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 4. desember 1963, á hendur Ellert Magnússyni, Snorrabraut 73, og Samvinnutryggingum, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 3.415.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júní 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfu sinnar í 6 af hundraði frá 1. janúar 1965.

Stefndu hafa krafizt þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð stórlega og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 21. júní 1963 ók stefnandi bifreið sinni, R 11420, eftir Miklatorgi hér í borg á vinstri akrein. Bifreið stefnda Ellerts, R 489, var ekið á hægri akrein torgsins. Báðar höfðu bifreiðarnar komið inn á torgið af Miklubraut. Um það leyti er bifreiðarnar komu að gatnamótum Flugvallarvegar, var bifreið stefnda ekið yfir á vinstri akreinina, þar eð ökumaðurinn ætlaði að aka inn í þá götu. Varð þá árekstur með bifreiðunum, þannig að vinstra framhorn R 489 lenti á hægri framhurð R 11420 og skemmdi hana nokkuð. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið á vinstri akrein Miklubrautar að torginu. Á hægri akrein hafi vörubifreiðinni R 489 verið ekið. Hann kvaðst hafa numið staðar, er að torginu kom, vegna um-

ferðar um það, en síðan ekið inn á torgið í ytri akrein (vinstri) og ætlað að aka áfram vestur Hringbraut. Hann kvaðst hafa vitað um ferð vörubifreiðarinnar inn á torgið á innri (hægri) akrein. Hann kvaðst hafa ekið sinni bifreið aðeins á undan vörubifreiðinni og því ekki séð nein merki frá bifreiðinni um það, að henni yrði beygt út á Flugvallarveginn. Hann kvað enga umferð hafa verið á undan bifreiðunum á torginu og því hafi það komið sér á óvart, er hann varð var árekstursins. Theodór Ragnar Einarsson, ökumaður R 489, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni vestur Miklubraut á hægri akrein. Er hann hafi komið að torginu, hafi hann numið staðar vegna umferðar um það, en síðan ekið inn á það á innri akrein. Áður en hann hafi komið að torginu, hafi hann veitt athygli R 11420, sem ekið var á vinstri akrein Miklubrautar. Þegar hann hafi verið kominn á torgið, hafi hann tendrað stefnuljós til vinstri, þar sem hann hafi ætlað að aka inn á Flugvallarveg. Er hann hafi beygt út úr hringnum, hafi hann ekki veitt R 11420 athygli, fyrr en sú bifreið hafi komið á móts við bifreið hans. Kvaðst hann þá hafa snögghemlað, en það hafi eigi forðað því, að bifreiðarnar lentu saman. Hafi vinstra framvarahorn bifreiðar sinnar lent á hægri hliðarhurð R 11420.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stjórnandi R 489 hafi einn átt sök á árekstrinum. Akreinaskipting hafi um árabil verið á torginu og hafi það verið merkt þannig. Akstur bifreiðarstjóranna að og inn á torgið hafi og verið með tilliti til akreinaskiptingar. Stjórnandi R 489 hafi komið að torginu eftir hægri akrein og því ekið inn í innri hring þess. Þessi akstur hans hafi verið óeðlilegur og varhugaverður með tilliti til þess, að hann hugðist aka svo fljótt af torginu, sem raun varð á. Við þessar aðstæður hafi stjórnanda R 489 borið að sýna sérstaka árvekni og varúð og breyta ekki um stefnu, fyrr en hann hafði gengið úr skugga um, að það væri óhætt vegna umferðar á ytri akreininni. Mótmælir stefnandi því, að stjórnandi R 489 hafi gefið stefnuljósmerki, en þótt svo hefði verið, þá hafi þau ekki getað komið að gagni gagnvart sér, þar sem bifreiðunum hafi verið ekið svo að segja samsíða. Telur stefnandi árekstur bifreiðanna eingöngu verða rakinn til þessa gáleysis stjórnanda R 489.

Stefndu styðja kröfu sína þeim rökum, að sérreglur umferðarlaga um akreinaakstur eigi ekki við í hér umræddu tilviki, enda verði eigi séð, að torgið hafi verið merkt til slíks aksturs. Með því

að aka vinstra megin fram úr R 489 við vegamót og án þess að gefa þá ætlun sína til kynna áður hafi stefnandi gerzt sekur um brot gegn 3. og 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga. Hins vegar verði að viðurkenna, að ökumaður R 489 ók hægra megin á torginu, andstætt fyrirmælum 1. mgr. 45. gr. sömu laga og gætti ekki upphafsákvæðis 2. mgr. 46. gr. laganna, en stefnumerki hafi hann þó gefið. Verði því eigi annað ráðið en að stefnandi hafi átt að minnsta kosti jafnmikla sök og ökumaður R 489 á árekstrinum. Ef hins vegar talið yrði, að umferðarreglur um akreinaskipti ættu hér við, þá sé fjarri því, að stefnandi hafi gætt við framúrakstur sinn hinnar sérstöku varúðarskyldu, sem boðin er í 6. mgr. 47. gr. umferðarlaganna. Ökumaður R 489 hafi ekkert brotið af sér með því að velja sér hægri akrein, þar sem hann hafi ætlað sér að beygja yfir á Flugvallarveg, enda hafi hann gefið þá fyrirætlun sína til kynna með stefnuljósmerkjum. Mótmæla stefndu því, að bifreið stefnanda hafi verið ekið á undan R 489 á torginu.

Umferðarlög nr. 26/1958 hafa eigi að geyma ákvæði um akstur á hringtorgum sérstaklega. Hins vegar eru þar sérreglur um akstur á götum, sem skipt er í tvær eða fleiri akreinar með sömu akstursstefnu. Hér umræddu hringtorgi hefur um árabil verið skipt í tvær akreinar, sem merktar hafa verið á akbrautina, og allar aðliggjandi götur hafa einnig verið merktar á sama hátt. Það er óupplýst í málinu, hvort merking hafi verið sjáanleg að þessu leyti á torginu á þeim tíma, er atburður sá gerðist, er hér um ræðir. Ökumenn beggja bifreiðanna höguðu akstri sínum að torginu og einnig eftir því sjálfu svo sem um tvær akreinar væri að ræða. Þykir með tilliti til þessara atriða bera að fara eftir reglum umferðarlaga um akreinar, að því leyti sem þær eiga við.

Þegar á það er litið, að ökumaður R 489 hugðist aka út úr torginu við Flugvallarveg, virðist hentugra hafa verið fyrir hann að velja vinstri akrein torgsins, þar sem um svo skamma vegalengd á torginu var að ræða. Þar sem hins vegar sú raun varð á, að hann valdi hægri akreinina, bar honum nauðsyn til að aka yfir vinstri akreinina til þess að komast út af torginu. Bar honum því að aðgæta vandlega, áður en hann beygði, að það væri unnt án hættu fyrir þá, sem á eftir komu. Ökumaður R 489 var sér meðvitandi um ferðir stefnanda á vinstri akrein inn á torgið um svipað eða sama leyti og hann sjálfur. Bar honum því frekari nauðsyn að gæta varúðar gagnvart honum, áður en hann beygði, enda mátti hann ætla, að stefnubreytingarmerki kynnu að vera

hulin honum. Þar sem ökumaður R 489 þykir ekki hafa gætt þessa sem skyldi, þykir bera að leggja á hann megin hluta sakar á árekstrinum.

Stefnandi ók bifreið sinni í ytri hring torgsins og hugðist aka fram hjá tveim gatnamótum. Þar sem bifreiðum, sem aka í innri akrein, á að vera jafn greið umferð út af torginu og bifreiðum, sem aka ytri akreinina, bar stefnanda að gæta varúðar gagnvart R 489 við gatnamótin, og það því frekar, sem hann vissi um ferðir hennar svo til samsíða sinni bifreið. Stefnandi þykir ekki hafa gætt þessa sem skyldi, og þykir því bera að leggja á hann nokkurn hluta sakar á árekstrinum. Að öllu framansögðu þykir bera að skipta svo sök, að stefnandi beri ¼ hluta, en ökumaður R 489 ¾ hluta. Fjárhæðum hefur eigi sérstaklega verið mótmælt. Ber því samkvæmt framansögðu að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 2.561.25 með vöxtum, eins og krafizt er. Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.800.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ellert Magnússon og Samvinnutryggingar, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Magnúsi Guðjónssyni, kr. 2.561.25 með 7% ársvöxtum frá 21. júní 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 1.800.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. maí 1966.

Nr. 45/1966. **Sigurgeir Sigurjónsson**
gegn
Gunnari Árnasyni, Birni Friðfinnssyni og Hákoni Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærð málsmeðferð héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 10. marz 1966, sem Hæstarétti barst 25. s. m., kærði Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður með skírskotun til 21. gr. in fine laga nr. 57/1962 „framferði hr. fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík Björns Friðfinnssonar í dómþingi bæjarþings Reykjavíkur, er haldið var þann 25. febrúar s.l. í bæjarþingsmálinu nr. 5215/1965: Sigurgeir Sigurjónsson gegn Gunnari Árnasyni o. fl.“ Gerir kærandi þær dómkröfur aðallega, að nefndur fulltrúi, Björn Friðfinnsson, en til vara yfirborgardómarinn í Reykjavík, Hákon Guðmundsson, verði sektaðir eða áminntir að mati Hæstaréttar samkvæmt nefndu lagaákvæði og þeim dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Hinn kærði dómarafulltrúi, Björn Friðfinnsson, krefst þess, að öllum kröfum Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns í nefndri kæru verði hafnað og hann víttur fyrir tilefnislausa kæru og kæranda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Yfirborgardómarinn, Hákon Guðmundsson, krefst sýknu af öllum kröfum kæranda.

Með stefnu, útgefinni 8. nóvember 1965 og birtri 9. s. m., höfðaði Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Gunnari Árnasyni f. h. Öskju h/f, Dugguvogi 3, Reykjavík, Gunnari Árnasyni forstjóra sjálfum, Vesturbrún 16, Reykjavík, og Gunnari Einarssyni forstjóra, Höfðatúni 12, Reykjavík, til óskiptrar greiðslu á kr. 600.000.00 ásamt 9% ársvöxtum af kr. 300.000.00 frá 17. ágúst 1964 til 8. september 1964 og af kr.

600.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 1.440.00 í stimpilgjald og svo málskostnaði. Hér var um að tefla skuld samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 300.000.00, öðrum útgefnum 17. júní 1964 til greiðslu 17. ágúst s. á. og hinum útgefnum 8. júlí 1964 til greiðslu 8. september s. á. Útgefandi víxlanna var stefndi Gunnar Árnason, samþykkjandi Gunnar Árnason f. h. Öskju h/f og ábekingur þeirra Gunnar Einarsson. Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 11. nóvember 1965. Dómþing var sótt af hendi stefnanda og stefnda Gunnars Einarssonar, en eigi af hendi stefndu Öskju h/f og Gunnars Árnasonar. Umboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar fékk nú frest til ritunar greinargerðar, er hann skilaði 18. nóvember 1965. Síðan fengu umboðsmenn stefnanda og stefnda Gunnars Einarssonar fimm sinnum framhaldsfresti til gagnaöflunar til 24. febrúar 1966.

Stefndi Gunnar Einarsson reisti vörn sína, að því er varðaði víxil þann, sem féll í gjalddaga 8. september 1964, á því, að framan við nafn útgefanda hafi verið ritað af öðrum en útgefanda „án afsagnar". Hafi þessi áritun verið framkvæmd, eftir að bæði stefndi Gunnar Einarsson og útgefandi höfðu ritað nöfn sín á víxilinn. Leiddi þessi vörn m. ö. til þess, að stefnandi hvarf á dómþingi, sem haldið var hinn 23. febrúar, frá kröfum sínum á hendur stefnda Gunnari Einarssyni vegna víxils þessa.

Stefndi Gunnar Einarsson reisti vörn sína í málinu, að því er varðaði víxil þann, sem féll í gjalddaga 17. ágúst 1964, á því, að útgefandi víxils þessa, Gunnar Árnason, hafi, eftir að stefndi Gunnar Einarsson ábakti víxilinn, ritað fyrir ofan nafn útgefanda orðin: „án afsagnar og tilkynningar". Eftir að stefndi Gunnar Einarsson hafði á dómþingi 23. febrúar 1966 gefið aðiljaskýrslu um þennan síðarnefnda víxil, gaf umboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar út samdægurs í samráði við Björn Friðfinnsson, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík, sem með málið fór, áskorun til Gunnars Árnasonar um „að mæta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið verður í skrifstofum borgardómara að Laugavegi 13 í

Reykjavík föstudaginn 25. febrúar 1966, kl. 2 eftir hádegi, til þess að gefa skýrslu í framangreindu máli". Í áskoruninni segir enn, að útivist stefnda Gunnars Árnasonar frá dómþinginu verði í málinu af hendi stefnda Gunnars Einarssonar túlkuð þannig, að stefndi Gunnar Árnason telji skýrslu stefnda Gunnars Einarssonar og kröfur í málinu réttar. Stefnuvottar birtu stefnda Gunnari Árnasyni sjálfum þessa áskorun fimmtudaginn 24. febrúar, kl. 1355. Þennan sama dag, 24. febrúar 1966, setur dómarafulltrúi, Björn Friðfinnsson, dómþing í málinu í samræmi við frestveitingu til 24. febrúar, er ákveðin hafði verið á dómþingi 10. febrúar. Dómþingið 24. febrúar sóttu af hendi stefnanda Bergur Bjarnason héraðsdómslögmaður og af hendi stefnda Gunnars Einarssonar Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður. Á dómþinginu var gerð svofelld bókun: „Lögmennirnir fengu sameiginlegan framhaldsfrest til gagnaöflunar til 10. marz s.l." Kærandi máls þessa, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, og Björn Friðfinnsson dómarafulltrúi eru sammála um, að þeir hafi rætt um dómþing það, sem dómarafulltrúinn hugðist halda 25. febrúar og Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður hafði stefnt Gunnari Árnasyni til, þá er Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður var staddur á skrifstofu dómarafulltrúans hinn 24. febrúar s. á. Kveðst kærandinn Sigurgeir hafa tjáð dómarafulltrúanum, að dómþingið hefði verið ákveðið án samráðs við sig, enda hefði hann, þ. e. Sigurgeir, lofað að vera líkmaður við jarðarför, sem fram ætti að fara á sama tíma og ákveðinn hafði verið til þinghaldsins. Kveður Sigurgeir Sigurjónsson, að fulltrúinn hafi þá lofað að fresta dómþinginu til kl. 1600 25. febrúar. Kveðst Sigurgeir Sigurjónsson að svo búnu hafa hringt til stefnda Gunnars Árnasonar og tjáð honum, að þinghaldinu væri frestað til kl. 1600 nefndan dag. Fulltrúinn, Björn Friðfinnsson, neitar því, að hann hafi lofað Sigurgeir Sigurjónssyni að fresta þinghaldinu. Hins vegar hafi Sigurgeir Sigurjónssyni verið heitið, „að Gunnar Árnason skyldi látinn „bíða" til kl. 1600, svo að stefnanda gæfist kostur á að beina til hans spurningum". Hinn 25. febrúar, kl. 1400, komu bæði

Björn Friðfinnsson fulltrúi og umboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar á þingstað. Hvorki stefndi Gunnar Árnason né stefnandi, Sigurgeir Sigurjónsson, voru þar komnir. Fulltrúinn hringdi þá til stefnda Gunnars Árnasonar að kröfu Hauks Jónssonar. Fór stefndi Gunnar Árnason þá til þinghaldsins að boði fulltrúans og gaf þar aðiljaskýrslu. Þar segir m. a.: „Mætti kveðst hafa skrifað orðin „án afsagnar og tilkynningar" á víxilinn á dskj. nr. 2, en hann kveðst eigi hafa skrifað orðin „án afsagnar" á víxilinn á dskj. 3. Mætti kveðst ekki muna, hvort hann hafi skrifað orðin „án afsagnar og tilkynningar" á víxilinn á dskj. nr. 2 eða yfirleitt, hvort hann hafi útfyllt hann með nafni samþykkjanda og útgefanda áður eða eftir, að Gunnar Einarsson ábakti hann, en mætti kveður Gunnar oft hafa ábakið fyrir sig víxla, sem einungis hafi verið búið að útfylla með tölunum. Ýtarlega aðspurður kveðst mætti ekki geta gert sér nánari grein fyrir þessu. Mætti kveðst hafa greitt víxilinn á dskj. 3 í gær og hafi stefnandi tjáð sér, að hann mundi falla frá kröfum varðandi þann víxil."

Kærandi máls þessa, Sigurgeir Sigurjónsson, telur, að með því að þinga í máli þessu án þess að láta hann vita fyrirfram um þinghaldið eða gefa honum kost á því að mæta eða láta mæta fyrir sína hönd hafi verið brotin ein megingrundvallarregla alls réttarfars, þ. e. reglan um jafnræði málsaðilja fyrir dómi (equality of arms). Björn Friðfinnsson dómarafulltrúi telur, að dómara sé ekki einungis heimilt, heldur í vissum tilvikum beinlínis skylt að taka við skýrslu aðilja, enda þótt gagnaðili hans sé ekki viðstaddur, sbr. 114. og 115. gr. laga nr. 85/1936.

Í bæjarþingsmáli því, sem hér er um að tefla, krafðist stefnandinn, Sigurgeir Sigurjónsson, samkvæmt víxli, útgefnum 17. júní 1964 til greiðslu 17. ágúst s. á., kr. 300.000.00 ásamt aukagjöldum á hendur samþykkjanda hans, Öskju h/f, útgefanda, Gunnari Árnasyni, og ábeking, Gunnari Einarssyni. Stefndi Askja h/f og stefndi Gunnar Árnason létu eigi svara til sakar af sinni hendi. Stefndi Gunnar Einarsson, sem telur stefnda Gunnar Árnason hafa ritað á víxilinn

orðin „án afsagnar og tilkynningar“, eftir að hann var ábakinn, stefnir samstefnda Gunnari Árnasyni til skýrslugjafar fyrir bæjarþing Reykjavíkur hinn 25. febrúar 1966, kl. 1400. Stefnandi málsins, Sigurgeir Sigurjónsson, var látinn vita um, að þinghaldið ætti fram að fara. Hann tjáðist eigi geta komið á dómþing, þar sem hann væri líkmaður við jarðarför, og telur, að dómarafulltrúinn hafi lofað að fresta þinghaldinu til kl. 1600. Björn Friðfinnsson dómarafulltrúi kveðst eigi hafa lofað að fresta dómþinginu, en hins vegar heitið því að halda framhaldsþinghald kl. 1600, þar sem stefnandinn, Sigurgeir Sigurjónsson, gæti framspurt stefnda Gunnar Árnason í tilefni af aðiljaskýrslu hans. Stendur hér staðhæfing gegn staðhæfingu. Ef umboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar hefði gefið út og látið birta stefnanda málsins, Sigurgeir Sigurjónssyni, stefnu til þinghaldsins 25. febrúar 1966, kl. 1400, eða málið þá verið fyrir tekið samkvæmt fyrri frestveitingu á dómþingi, hefði borgardómarafulltrúa, Birni Friðfinnssyni, verið rétt að heyja dómþingið á nefndum stað og tíma, svo sem hann gerði, enda hefði stefnanda, Sigurgeir Sigurjónssyni, þá eigi stoðað að réttlæta útivist sína með jarðarförinni. En að stefnanda, Sigurgeir Sigurjónssyni, fjarverandi og óstefndum lögmætri stefnu, bar dómarafulltrúa, Birni Friðfinnssyni, að neita um að heyja dómþingið kl. 1400 hinn 25. febrúar 1966. Verður því að finna að meðferð hans á málinu.

Yfirborgardómari, Hákon Guðmundsson, hefur ekkert aðhafzt í sambandi við mál þetta, er sæta eigi aðfinningu.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Um kærða dómsmeðferð Björns dómarafulltrúa Friðfinnssonar er vísað til framanritaðs.

Kæra á hendur Hákoni Guðmundssyni yfirborgardómara er eigi til greina tekin.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. maí 1966.

Nr. 127/1965. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
gegn
Ólafi Rósinantssyni og gagnsök
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. ágúst 1965. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 24. ágúst 1965. Hann naut gjafsóknar í málinu í héraði og hefur verið veitt gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 146.779.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. febrúar 1963 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Samkvæmt þeim rökum, sem þar eru rakin, þykir bera að skipta fébótaábyrgð vegna slyssins. Þykir eftir atvikum rétt, að gagnáfrýjandi beri sjálfur helming tjóns síns, en aðaláfrýjandi bæti honum það að hálfu. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um örorkutjón gagnáfrýjanda. Bótakröfu gagnáfrýjanda vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum þykir bera að leggja óbreytta til grundvallar.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda helming af kr. 130.000.00 (80.000.00 + 50.000.00), þ. e. kr. 65.000.00, með vöxtum, eins og krafizt er.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á

meðal laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, sem rennur í ríkissjóð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði gagnáfrýjanda, Ólafi Rósinantssyni, kr. 65.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. febrúar 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 23. júní 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 16. þ. m., hefur Ólafur Rósinantsson verkamaður, Lundargötu 11, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. sept. s.l., á hendur Sambandi ísl. samvinnufélaga vegna Ullarþvottastöðvar S.Í.S. á Akureyri og hefur uppi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða bætur fyrir síðargreint tjón að fjárhæð kr. 146.779.50 auk 7% ársvaxta frá 7. febr. 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómsins, þar með talinn kostnaður við læknisvottorð, örorkumat og útreikning vinnuteknatjóns. Hinn 1. marz s.l. fékk stefnandi gjafsókn í málinu og gerði þá samkvæmt gjafsóknarleyfinu kröfu um, að honum yrði dæmdur málskostnaður, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Einnig hefur Samvinnutryggingum g/t verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefnandi varð fyrir slysi hinn 7. febrúar 1963, er hann vann við vélgæzlustörf í Ullarþvottastöð S. Í. S. á Akureyri, og hefur höfðað mál þetta til heimtu bóta fyrir tjón af völdum þess.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans. Til vara krefst stefndi þess, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og máls-

kostnaður þá látinn niður falla. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar dómkröfur og ekki hafðar uppi sérstakar kröfur af hans hendi.

Málavextir eru að öðru leyti þessir:

Stefnandi var vélgæzlumaður við ullarþvottavélasamstæðu stefnda frá því í ágúst 1962. Áður hafði hann verið varavélgæzlumaður við sömu vél í forföllum annarra í 2 ár, en hafði þá starfað við ullarþvottastöðina síðan um 1950. Vélasalurinn er 60 m langur og 6 m breiður. Þvottavélasamstæðan er um 50 m löng og 1—3 m breið og er rafknúin. Innri endi samstæðunnar nær að vesturgafli salarins, en alllangt bil er frá fremri enda hennar að austurgafli. Rúmlega 1 m breiður gangur er meðfram norðurhlið samstæðunnar, en miklu breiðari meðfram suðurhlið. Í vélasamstæðunni eru 6 meira eða minna sjálfstæðar vélaeiningar, sem allar vinna saman við að rífa, þvo og þurrka ullina. Ullin er lögð fyrir tætara í austurenda samstæðunnar, og flyzt hún með gaffalbúnaði, færiböndum og völsum úr einu þvottakeri í annað, en þau eru 4 talsins. Við enda hvers þvottakers er keflavinda, sem vindur vatnið úr ullinni og leggur hana á færiband, sem flytur hana í næsta ker. Allt er þetta knúið rafhreyflum með tannhjóla- og keðjudrifi. Uppistöður eru báðum megin við hvert drif, og er öryggishlíf fyrir drifinu milli uppistaðanna. Öryggishlífin er á hjörum, þannig að hægt er að opna hana eins og hurð, ef á þarf að halda. Í vélasamstæðunni eru alls 22 rafknúnir hreyflar, og eru stýrisrofar fyrir gangsetningu og stöðvun á suðurvegg í þrem klösum, jafnmargir og hreyflarnir. Á norðurvegg eru 3 neyðarrofar og einn á suðurvegg, sem stöðva má vélina með í einu vetfangi, ef eitthvað óvænt ber að höndum.

Auk þess rofabúnaðar, sem nú hefur verið lýst, eru rofakassar festir á uppistöðurnar báðum megin við hvert drif. Á hverjum kassa eru tveir hnappar. Sá efri merktur start, en sá neðri stop. Efri hnappurinn er notaður til þess að gangsetja hluta af samstæðunni, og gengur sá vélarhluti, meðan hnappnum er haldið inni, en stöðvast, jafnskjótt og honum er sleppt. Er slík gangsetning notuð við prófanir eftir viðgerðir o. þ. h. Neðri hnappurinn er hnappur á sjálfvirkum útsláttarrofa. Ef þyngist um of í samstæðunni, rýfur sérstakur hitabúnaður í rofa þessum straum af hreyfli, sem þarna er, þannig að samstæðan framan við stöðvast sjálfkrafa, til þess að ullin geti ekki hlaðizt upp og valdið öngþveiti, meðan greitt er úr því, sem aflaga hefur farið. Til þess að gangsetja á ný, þegar þannig er ástatt, verður fyrst að þrýsta

á neðri hnappinn, áður en þrýst er á efri hnappinn eða áður en gangsett er með stýrisrofa á suðurvegg.

Á hinn bóginn hefur þessi neðri hnappur aðra verkun, sem sé þá, að ef á hann er stutt, stöðvast öll vélasamstæðan framan við hnappinn, en fer samstundis í gang aftur, ef af honum er sleppt. Er rofinn því einvirkur, sem svo er kallað.

Enginn sjónarvottur var að slysi stefnanda, en hann hefur skýrt svo frá, að það hafi orðið með þeim hætti, að hann hafi verið staddur sunnan við vélasamstæðuna og orðið þess var, að ull hafði vafizt upp á öxul, sem þurfti að greiða úr. Var þetta við eitt af tannhjóladrifum þeim, sem fyrr voru nefnd. Gekk hann þá fyrir austurenda samstæðunnar og meðfram norðurhlið hennar, opnaði öryggishurðina og þrýsti á hnappinn á uppistöðunni, sem merktur er stop, og stöðvaði þannig vélina og samstæðuna framan við hana. Studdi hann með fingri á hægri hendi á hnappinn og hugðist greiða ullina af öxlinum með þeirri vinstri, en til þess þurfti hann að seilast inn fyrir tannhjólin, sem áður getur. Svo slysalega vildi til, að fingur stefnanda slapp af hnappnum og fór vélin í gang samstundis. Skyrtulíning á vinstri hendi stefnanda var óhneppt, og fór líningin milli tannhjólanna og dró höndina með sér milli hjólanna. Við það mölbrotnaði og lemstraðist handleggur stefnanda ofan við úlnlið, eins og síðar verður nánar greint. Höndin losnaði sjálfkrafa, og var stefnanda tafarlaust ekið í sjúkrabifreið í sjúkrahús.

Stefnandi telur, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að stefndi beri fulla fébótaábyrgð á afleiðingum þess. Telur hann, að umbúnaður við valsa og drifhjól þvottavélarinnar sé hættulegur vélgæzlumanninum. Ullarviðjur festist einatt á völsunum, svo að ásinn stirðni og festist. Keðjan á tannhjóladrifinu, sem höfð er slök, kastist þá af hjólunum til þess að varna því, að þau verði fyrir ofraun af átökunum, þegar ásinn festist. Þetta komi oft fyrir, jafnvel oft á dag. Gæzlumaðurinn verði þá að stöðva vélina, opna öryggishurðina, sem er fyrir tannhjóladrifinu, losa ullina, sem festir ásinn, og setja keðjuna aftur á drifhjólin með höndunum. Stefnandi kannast ekki við, að sér hafi verið bannað að nota hinn einvirka rofa í þessu sambandi. Hann hafi oft, að vísu ekki alltaf, notað þennan rofa, þegar þannig stóð á að losa þurfti ullarflækjur og heldur því fram, að hann hafi séð aðalvélstjóra nota hann þannig. Aðalvélstjórinn hefur eindregið neitað því, að svo geti hafa verið, eins og síðar verður greint. Rofinn sé þannig staðsettur rétt hjá læsingu öryggishurðarinnar fyrir hjóldrifinu og

engin aðvörun fest upp þar hjá, og stefnandi telur að ætla megi, að rofinn sé einmitt til þeirra nota, sem hann hugðist hafa af honum, þegar slysið varð. Verði að telja umbúnað vélarinnar hættulegan og óforsvaranlegan, að því er tekur til hins einvirka rofa. Einnig hafi á það skort, að stefnanda, sem ekki er kunnáttumaður um vélar, hafi verið gerð ljós hætta, sem var því samfara að nota rofann.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umbúnaði á vélinni hafi í engu verið áfátt, enda hafi aldrei orðið slys við þessa vél fyrr. Slysið verði einungis rakið til þeirrar óaðgæzlu stefnanda að stöðva vélina með hinum einvirka rofa í stað þess að taka rafstraum af með stýrisrofa. Aðalvélgæzlumaður, Ólafur Stefánsson, hafi á sínum tíma lagt fyrir stefnanda að nota aldrei hinn einvirka rofa og stefnanda hafi átt að vera ljós hættan, sem slíku er samfara. Þrátt fyrir bannið hafi stefnandi þó notað rofann í þetta sinn og geti hann því engum um kennt nema sjálfum sér. Öryggiseftirlit ríkisins og öryggismálastjóri hafi og látið í ljós það álit í skjölum, sem lögð hafa verið fram í málinu, að öryggisútbúnaði sé ekki ábótavant og slysið megi telja óhappaatvik.

Varakröfu sína byggir stefndi á því annars vegar, að stefnandi verði vegna gáleysis síns að bera tjón sitt sjálfur að langmestu leyti og hins vegar, að stefnukrafan sé úr hófi há. Stefnandi hafi verið rúmlega 65½ árs, er hann varð fyrir slysinu, og stefndi hafi greitt honum fullt kaup í sex mánuði eftir það, en þá vantaði stefnanda tæpt hálft ár til þess að ná ellilífeyrisaldri. Upplýst sé, að stefnandi hafi síðustu árin fyrir slysið þjáðst af hjartveiki og hækkuðum blóðþrýstingi. Líklegt sé því, að hann hefði lagt niður störf, fyrr en töflur um líkur fyrir missi starfsorku gefa til kynna og beri að meta það atriði til lækkunar bótakröfum. Eiginkona stefnanda, sem er 8 árum yngri en hann, hafi aflað tekna með vinnu utan heimilis bæði 1960 og 1961, auk þess sem stefnandi býr í eigin húsnæði. Þá beri og að lækka bótakröfuna með tilliti til tekjuskatts- og útsvarsfrelsis bótanna svo og þess hagræðis, sem stefnanda væri að því að fá þær greiddar í einu lagi. Þjáninga- og miskabótakröfunni er og mótmælt sem of hárri. Ekki hafi verið um að ræða verulega röskun á stöðu og högum og lýti stefnanda vegna slyssins séu ekki tilfinnanleg.

Ólafur Stefánsson, vélgæzlumaður ullarþvottastöðvarinnar, hefur komið fyrir dóm út af slysi þessu, bæði þegar sakadómsrannsókn fór fram fljótlega eftir slysið og síðar fyrir bæjarþing,

eftir að mál þetta var höfðað. Hann segir, að óvarlegt sé og raunar óforsvaranlegt að nota hinn einvirka rofa til þess að stöðva vélina við lagfæringu eins og þá, sem stefnandi ætlaði að framkvæma. Rofi þessi er t. d. svo næmur, að varla finnst, er hann nær sambandi. Hann kveðst hafa beðið stefnanda að nota ekki þennan rofa sökum hættu á of miklu álagi á höfuðrofann, en mundi ekki, hvort borið hefði á góma hættuna samfara notkun hans. Sjálfur kvaðst hann aldrei hafa notað þennan rofa á sama hátt og stefnandi.

Deildarstjóri rafmagnsdeildar S. Í. S. verksmiðjanna á Akureyri, Magnús J. Kristinsson, hefur skýrt svo frá fyrir bæjarþinginu, að hann hafi að stefnanda viðstöddum látið í ljós aðvörun eða bann gegn misnotkun hins einvirka rofa, sem hann kallar neyðarrofa, vegna þess að það væri lífshættulegt, og telur, að stefnandi hafi heyrt það.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að sér hafi ekki verið bannað að nota þennan rofa, en vildi þó ekki fortaka, að sér hefði verið tekinn vari fyrir þessu. Rofan notaði hann sökum þess, að það var fljótlegra og kostaði skemmri stöðvun á vélunum. Engin sérstök fyrirmæli hafi verið gefin af hálfu aðalvélgæzlumanns eða fyrirsvarsmanna stefnda um það, hvernig með skyldi fara, þegar lagfæra þurfti á sama eða svipaðan hátt og stefnandi hugðist gera, þegar slysið varð. Hann kvaðst oftar en einu sinni hafa séð Ólaf Stefánsson aðalvélgæzlumann klifra yfir vélasamstæðuna, eftir að vélarnar höfðu verið stöðvaðar, til að stytta sér leið. Sjálfur kveðst stefnandi hafa verið of stirður til þess að viðhafa þessa aðferð og tekið þann kost að ganga meðfram vélinni fram og til baka. Hann kannaðist ekki við, að Ólafur Stefánsson hefði aðvarað hann um notkun margumtalaðs rofa. Fyrrgreinda aðvörun Magnúsar J. Kristinssonar kvaðst hann annað hvort ekki hafa heyrt eða þá, að hann væri búinn að gleyma henni.

Maður að nafni Kristján Sævaldsson tók við vélgæzlustörfunum, eftir að stefnandi slasaðist. Hann hefur skýrt svo frá fyrir bæjarþinginu, að sér hafi ekki verið kennt neitt, hvernig með skuli fara, þegar keðja hrekkur af tannhjólum. Hann kveðst þá rjúfa rafstrauminn með stýrisrofa á suðurvegg og stíga síðan upp á vélina, meðan hann lagfærir það, sem aflaga hefur farið. Hann kvaðst hafa séð, að auðveldast var að gera það með þessum hætti.

Eins og fram hefur komið, er það algengt að stöðva þarf vélarnar til þess að greiða úr flækjum og setja keðjur á tannhjól,

sem kastazt hafa af. Stefnandi var ekki kunnáttumaður um meðferð véla, og bar því brýna nauðsyn til, að yfirmenn hans létu honum í té skýlaus fyrirmæli um, hvernig með skyldi farið, þegar svo bæri við. Ekki hefur verið leitt í ljós gegn staðhæfingum stefnanda, að svo hafi verið gert, og ekki er nægilega sannað, að stefnanda hafi verið afdráttarlaust bannað að nota hina einvirku rofa, sem þarna voru hendi næstir, til þess að stöðva vélarnar.

Dómendur hafa skoðað á vettvangi vél þá, sem um ræðir í málinu. Það er skoðun hinna sérfróðu manna í dóminum, að ekki sé nauðsynlegt og jafnvel óheppilegt, að rofakassar þeir, sem festir eru á uppistöður við drif vélanna, séu á þeim stað, heldur væru þeir betur komnir í það mikilli fjarlægð frá drifinu, að útilokað sé að nota hinn einvirka rofa á þann hátt, er stefnandi gerði. Þetta styðst og við álit Ingólfs Bjargmundssonar rafvélavirkjameistara, sem skoðað hefur vélina og látið í té álit um þetta atriði í greinargerð, sem lögð hefur verið fram í málinu. Að því athuguðu, sem að framan er rakið, verður að leggja á stefnda fébótaábyrgð á slysi þessu. Hins vegar þykir stefnandi einnig hafa átt sök á slysinu, þar sem honum var kunnugt um verkun rofans og honum mátti því vera ljós hættan við notkun hans, enda hafði hann öðlazt talsverða reynslu með umgengni við vélasamstæðuna. Þykir með hliðsjón af öllum atvikum hæfilegt að skipta tjóninu þannig, að stefndi bæti ⅔ hluta þess.

Verður nú vikið nánar að meiðslum stefnanda og tjóni hans af völdum þeirra.

Guðm. Karl Pétursson yfirlæknir hefur lýst áverka stefnanda, læknismeðferð og árangri hennar í skýrslu, dags. 3. des. 1963, á þessa leið: „Ólafur Rósinantsson, f. 6. 7. 1897, kv. verkamaður, Lundargötu 11, Akureyri, var lagður inn á handlæknisdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þ. 7. 2. 1963 vegna meiðsla, er hann hafði orðið fyrir við starf sitt. Var tafarlaust náð í sjúkrabíl, sem flutti hann beint af slysstaðnum á spítalann.

Slysið vildi til með þeim hætti samkvæmt lýsingu slasaða, að þegar slasaði var að vinna í Ullarþvottastöð Gefjunar, gripu tannhjól í vinstri jakkaermi hans og drógu handlegginn inn á milli tannanna, sem tættu og krömdu holdið og mölbrutu bæði handleggsbeinin nokkru ofan við úlnliðinn. Á handarbaksfleti handleggsins var um 7×8 cm. sár, tætt og ljótt og virtist í fyrstu, að rifnað hefði burtu svona stórt stykki af húðinni. Út um þetta húðop gúlpuðu tættir vöðvar og sinaritjur. Neðan á handleggn-

um andspænis þessu sári voru 2 minni húðsár, og skein þar í rifna og kramda vöðva. Röntgenmyndir sýndu, að bæði framhandleggsbein voru brotin um 5 cm. ofan úlnliðs, og var um 3 cm. langt stykki af geislabeininu (radius) molað í fjölmörg smábrot. Í sömu hæð hafði einnig brotnað um 3 cm. langur bútur úr ölnarbeininu (ulna), og var þessi bútur auk þess klofinn eftir endilöngu. Sum smábrotin úr geislabeininu lágu allfjarri aðalbeininu inn á milli vöðvanna, og allt var þetta mjög úr lagi fært.

Höndin var dálítið bláleit, en sæmilega heit átöku og því líklegt, að aðalæðarnar væru heilar, og ef þær héldust opnar, ætti næring handarinnar ekki að vera í hættu. Sárin voru öll mjög óhrein svo og hörundið í kring og föt slasaða, allt atað allskyns óhreinindum, bæði úr ullinni og smurningu af tannhjólunum, og sást smurningsolía á sumum beinbrotunum, svo að sýnilegt var, að tennur hjólanna höfðu gengið alveg til beins, enda varla getað kurlað beinin svona smátt á annan hátt.

Eftir fljótlega ytri athugun og röntgenskoðun var slasaði svæfður, sárin hreinsuð og athuguð frekar. Reynt var eftir föngum að tjasla saman hinum tættu og krömdu vöðvum og sinum, eftir að hin brotnu bein höfðu verið lagfærð. Ölnarbrotið var fest saman með vírsaum. Ekki reyndist mögulegt að ná húðinni saman til að loka alveg sárinu handarbaksmegin, enda þótt strengt væri á henni meira en gott var. Ekki þótti fært að flytja húð að til að þekja það, sem á vantaði. Hinum megin á handleggnum var engum vandkvæðum bundið að loka sárunum. Loks var búið um handlegginn með bólstruðum gipsumbúðum, sem náðu frá miðjum upphandlegg og fram að fingrum. Slasaði hafði að vonum talsverða verki í handleggnum fyrst eftir meiðslin, og mikill bjúgur kom á höndina og nokkur bólga í sárin þrátt fyrir kröftuga meðferð bólgueyðandi lyfja. Erfitt reyndist að halda brotunum í réttum skorðum, og þau greru seint. Bjúgur hélst lengi í hendinni, og allir liðir urðu mjög stirðir bæði vegna bjúgsins og hinna miklu skemmda á vöðvunum. Það jók á veikindi slasaða og lengdi mjög sjúkrahúsvistina, að hann fékk æðabólgu í ganglimi og endurtekna blótappa (emboliur) í lungu. Hafði síðustu ár fyrir slysið verið undir læknishendi og notað lyf vegna hjartveiki og hækkaðs blóðþrýstings. Dvaldi í spítalanum til 27. júní. Átti þá að heita, að sárin væru gróin, og brotið virtist fast. Mjög lítil hreyfing var þá enn í fingrum og höndin að heita óstarfhæf til flestra hluta. Síðan hefur orðið veruleg framför á hendinni, en nú síðustu vikur finnst þó slasaða ástandið hafa haldizt óbreytt.

Röntgenmyndir teknar 28. 11. 1963 sýna, að bæði framhandleggsbein eru nú gróin. Nokkur stytting er á geislabeininu (radius), sennilega um 1.5 cm. Öxulstefna er góð á hliðarmynd að sjá, en nokkur sveigja á leggnum með opnu horni þumalfingursmegin. Um 1 cm. bil er nú á milli aðalbrotendanna á geislabeininu, en bilið milli þeirra brúast af vel festu beinstykki, hinu stærsta af smábrotum þeim, sem áður er lýst, þegar slasaði var fyrst myndaður eftir slysið. Brotið á ölnarbeininu er einnig að sjá vel gróið, stytting á leggnum er sáralítil eða engin. Millistykki það, sem áður er lýst, hefur gróið vel fast og tengt saman aðalbrotendana, en liggur dálítið skakkt á milli þeirra, en öxulstefna leggsins í heild er sæmileg, aðeins lítils háttar sveigja opin að geislabeininu. Við skoðun á handlegg og hendi slasaða sést strax, að nokkur sveigja er á handleggnum, sem líka hlýtur að vera, eftir því sem röntgenmyndir sýna.

Um 10 cm. langt húðör er ofan á handleggnum, byrjar nokkrum cm. ofan við úlnliðinn, ölnarmegin við miðju, og gengur síðan breikkandi upp á við og í kring um ölnarbeinið. Er um 3.5 cm. á breidd, þar sem það er breiðast. Bláleitt að lit, húðin þunn og föst við undirlagið. Lófamegin á handleggnum er hvítt, mjótt ör, sem liggur eftir handleggnum endilöngum, um 7 cm. langt, mjúkt og lítið áberandi. Annað 3 cm. langt ör er líka lófamegin á handleggnum, og ber lítið á því..

Allur framhandleggurinn og höndin eru mun rýrari en h. megin. Er ummál v. framhandleggs rétt framan við olnbogann 28 cm. á móti 31 cm. h. megin, en rétt ofan úlnliðs 19.5 cm. á móti 21.5 cm. h. megin.

Allar hreyfingar í úlnliðnum eru verulega takmarkaðar, svo að munar 20°—30° í hverja átt. Snúningshreyfing handarinnar er miklu minni en h. megin, einkum hverfing lófa upp á við (supinatio). Þó er meiru áfátt um hreyfingar fingranna. Litlafingur réttir slasaði nokkurn veginn alveg, en 2., 3. og 4. fingur getur hann aðeins rétt í 120° horn í efsta hnúalið (articulatio metacarpo-phalangea), en passivt réttast þeir alveg. Í mið- og fremsta hnúalið réttast þeir alveg. Getur engan fingur beygt, svo að gómur snerti lófa, en með valdi er hægt að þvinga 3.—5. fingur niður, svo að þeir snerti lófa, en vísifingur beygist með engu móti svo langt. Þumalfingur er líka stirður. Getur þó gripið saman þumalfingri og vísifingri og löngutöng, en nær aðeins að snerta miðkjúku baugfingurs með þumalgómunum og þumal- og litlifingur snertast ekki. Allar hreyfingar í fingrunum eru

mjög seinar og kosta slasaða athygli og erfiði að framkvæma þær, og lítill kraftur er í þeim. Tilfinning í hendinni er eðlileg og engir verkir, en hún er kulsæl. Nokkurt gagn hefur slasaði þó af hendinni, sem hann er farinn að nota til ýmissa hluta, er sjálfbjarga með að klæða sig og þess háttar. Gera má ráð fyrir, að höndin eigi enn eftir að æfast eitthvað og fara fram, en aldrei svo mikið, að slasaði verði fær um neina almenna erfiðisvinnu, enda tæplega treystandi til mikils erfiðis úr þessu vegna bilunar á sínu æðakerfi."

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda vegna slyssins þannig: Fyrstu 6 mán. 100% örorka, næstu 3 mán. 75%, næstu 3 mán. 50% og síðan varanleg örorka 25%.

Guðjón Hansen, cand. act., hefur hinn 25. marz 1964 reiknað örorkutjón stefnanda miðað við tekjur hans á árunum 1960, 1961 og 1962, umreiknaðar til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi. Metur hann tjónið kr. 163.943.00, reiknað með 7% töflum um starfsorkulíkur samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950. Við útreikninginn tók hann ekki tillit til greiðslna til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins né kaupgreiðslna vinnuveitanda eftir slysið.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Vinnutekna- og örorkutjón	kr.	163.943.00
Hér frá dragast greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vinnuveitanda	—	67.163.50
	kr.	96.779.50
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og miska	—	50.000.00
Samtals	kr.	146.779.50

Með hliðsjón af því, sem að framan var rakið um örorkutjón stefnanda og öðru því, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að meta tjón hans undir fyrri kröfulið á kr. 80.000.00. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, sem stefnandi fékk frá Tryggingastofnun ríkisins og vinnuveitanda.

Þegar litið er á sjúkrasögu stefnanda, sem rakin er hér að framan í rækilegri skýrslu Guðm. Karls Péturssonar yfirlæknis, og önnur atriði, er hér skipta máli, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt síðari kröfulið kr. 40.000.00.

Samtals telst tjón stefnanda samkvæmt þessu kr. 120.000.00,

og ber að dæma stefnda til að greiða ⅔ hluta þess, kr. 80.000.00, auk 7% ársvaxta frá 7. febrúar 1963 til 1. jan. 1965 og 6% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða kr. 19.714.00 í málskostnað. Er þar með talinn kostnaður við örorkumat og útreikning vinnuteknatjóns. Málskostnaður allur greiðist stefnanda sem gjafsóknarhafa, þar sem hann hafði greitt dómgjöld öll og endurrit, áður en gjafsóknarleyfi var veitt.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti ásamt meðdómendunum Stefáni Halldórssyni vélvirkjameistara og Antoni Kristjánssyni rafvirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði stefnanda, Ólafi Rósinantssyni, kr. 80.000.00 auk 7% ársvaxta frá 7. febr. 1963 til 1. jan. 1965 og 6% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 19.714.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1966.

Nr. 175/1964. **Björn Haraldsson, Erla Haraldsdóttir og Kristín Haraldsdóttir** (Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Ásbirni Ólafssyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. október 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 29. s. m. Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp hinn 27. apríl 1964, og var því liðinn 6 mánaða frestur sá, sem dóms-

málaráðherra getur veitt áfrýjunarleyfi á og um getur í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. maí 1966, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, segir svo um afgreiðslu á áfrýjunarleyfi þessu, „að eftir athugun á skjalasafni ráðuneytisins og viðræður við hlutaðeigandi starfsmenn ráðuneytisins er unnt að votta, að beiðni um veitingu áfrýjunarleyfis þessa hefur komið inn til ráðuneytisins á dagsetningardegi leyfisbeiðninnar, þ. e. 27. okt. 1964, og þá verið lofað afgreiðslu þess, en af misgáningi var það ekki vélritað og dagsett fyrr en að morgni 29. okt. 1964". Að þessu athuguðu veldur það ekki frávísun málsins ex officio frá Hæstarétti, þótt áfrýjunarleyfið sé dagsett 2 dögum, eftir að greindur 6 mánaða frestur leið, en áfrýjunarleyfisins er getið í áfrýjunarstefnu.

Áfrýjendur gera þessar kröfur hér fyrir dómi:

„*Aðallega:* Að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar dómsálagningar að nýju.

Til vara: Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og áfrýjendur verði sýknaðir af öllum þeim kröfum, sem stefndi í máli þessu hafði uppi í héraði.

Til þrautavara er krafist sýknu að svo stöddu, en til *þrautaþrautavara* er þess krafizt, að áfrýjendum verði ekki dæmt að flytja brott ein eða nein mannvirki, fyrr en samtímis því er húsið nr. 2 við Lækjargötu kann að verða rifið eða flutt brott af lóðinni.

Hver sem úrslit málsins verða, er þess krafizt, að stefnda verði gert að greiða áfrýjendum málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti".

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri einu breytingu, að frestur til þess að fjarlægja mannvirkin verði ákveðinn mánuður frá uppkvaðningu hæstaréttardóms og að áfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og í héraðsdómi greinir, eru á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu 2 skúrar, annar 11 m² að stærð, en hinn 5.6 m² að

stærð, sem stefndi, Ásbjörn Ólafsson, hefur krafizt, að verði fjarlægðir af lóðinni. Ekki er í ljós leitt, hver hafi byggt eða látið byggja skúra þessa, hvenær þeir eru byggðir né heldur, hver hafi haft afnot af skúrunum, hvort þeir hafi verið notaðir í sambandi við atvinnurekstur í Austurstræti 22, „Haraldarbúð", eða Lækjargötu 2. Í héraðsdómi er því ekki vikið að þessum atriðum.

Þá hefur héraðsdómur ekki tekið nægilega ljósa afstöðu til þeirrar varnarástæðu áfrýjenda, að það hafi verið alger og skilyrðislaus forsenda fyrir skiptasamningnum milli erfingjanna, að eigi yrði á nokkurn hátt skert eignin nr. 22 við Austurstræti og að þeir, sem hún félli til, héldu henni óskertri ásamt lóð og greindum skúrum einnig.

Þar sem málsmeðferð er svo áfátt, sem að framan getur, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm frá og með þinghaldi 27. febrúar 1964 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Eftir atvikum verður málskostnaður í Hæstarétti látinn niður falla.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 27. febrúar 1964 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur stefnandi, Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. apríl 1963, á hendur Birni Haraldssyni, Miðbraut 23 Seltjarnarnesi, Erlu Haraldsdóttur, Miðtúni 90, Reykjavík, og Kristínu Haraldsdóttur, Hrefnugötu 5, Reykjavík.

Gerir stefnandi upphaflega þær dómkröfur, að hin stefndu verði dæmd til að fjarlægja öll þau mannvirki, sem þau eiga á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík, þ. e. þann hluta af húsinu nr. 22 við Austurstræti, sem stendur á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu í

Reykjavík, ásamt öllum öðrum eignum, sem stefndu eiga á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, að undanteknum skúrnum nr. 24 við Austurstræti innan mánaðar frá dómsuppsögn að viðlögðum 3.000 króna dagsektum til sín, sem þau greiði in solidum.

Enn fremur, að þeim verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu in solidum.

Dómkröfur stefndu eru *aðallega,* að máli þessu verði vísað frá bæjarþinginu, *til vara,* að stefndu verði algerlega sýknuð af kröfum stefnanda, *til þrautavara,* að þau verði sýknuð að svo stöddu og til *þrauta-þrautavara,* að stefndu verði ekki gert að flytja á brott nein mannvirki fyrr en samtímis því, sem húsið nr. 2 við Lækjargötu verður rifið eða fjarlægt af lóðinni.

Hvernig sem málsúrslit verða, er þess krafizt, að stefnanda verði gert að greiða stefndu ríflegan málskostnað að mati dómsins.

Með úrskurði, uppkveðnum 13. nóv. 1963, var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Við munnlegan málflutning nú, 8. apríl, setti stefnandi fram kröfur sínar þannig:

1) Að stefndu verði dæmd til að fjarlægja af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík innan mánaðar frá dómsuppsögn að viðlögðum 3.000 króna dagsektum til stefnanda, sem stefndu greiði in solidum, þessi mannvirki:
   a. Þann hluta hússins nr. 22 við Austurstræti, sem stendur á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu og er að stærð 17 fermetrar.
   b. Tvo skúra, sem standa á vesturmörkum lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, annan að stærð 5.6 fermetrar og hinn að stærð 11.0 fermetrar.
2) Að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Kröfur stefndu voru óbreyttar.

Sátta var leitað, en árangurslaust.

Málsatvik eru þessi:

Með afsalsbréfi, dags. 13. des. 1917, seldi fjármálaráðherra Íslands Haraldi Árnasyni, kaupmanni í Reykjavík, húseignina Austurstræti 22, hið svokallaða Prestaskólahús, ásamt meðfylgjandi lóð, sem í virðingargerð var talin 865 ferm. Haraldur Árnason hóf síðan verzlunarrekstur í húsnæði þessu.

Hinn 6. maí 1919 afsalaði Haraldur Árnason Nýja Bíói h/f, hér í bæ, baklóðinni við Austurstr. 22, og var tekið fram í afsalinu, að hinn afsalaði skiki væri 337.1 ferm. að stærð.

Hinn 26. nóv. 1920 veitti Guðmundur Jensson skv. umboði bifreiðarstjórunum Zóphaníasi Baldvinssyni o. fl. heimild til að reisa bifreiðaafgreiðsluskúr á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu.

Byggingarnefnd og bæjarstjórn veittu leyfi fyrir byggingu skúrsins, og mun hann hafa verið reistur einhvern tíma á árinu 1921 á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, Austurstrætis megin við mörk lóðarinnar nr. 22 við Austurstræti.

Á þessum stað var skúrinn þar til árið 1925, en þá var hann fluttur upp að húsinu nr. 2 við Lækjargötu og „Haraldarbúð" lengd til austurs allt að skúrnum, eins og hann var staðsettur eftir flutninginn. Síðan hefur skúrinn staðið óhreyfður á sama stað og lengst af verið notaður sem bifreiðastöð og þá ýmist verið kallaður B.S.R.-skúrinn eða Austurstræti 24.

Með afsölum, dags. 11. og 12. febr. 1927, komst fasteignin nr. 2 við Lækjargötu hér í borg ásamt tilheyrandi mannvirkjum í eigu Haralds Árnasonar. Í afsölum þessum er stærðar lóðarinnar hvergi getið.

Með afsali, dags. 20. des. 1929, seldi Haraldur Árnason Nýja Bíói h/f suðurhluta lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu ásamt þeim mannvirkjum, er hann átti á hinum selda lóðarskika.

Eftir þetta eru fasteignirnar Austurstræti nr. 22 og Lækjargata nr. 2 óskertar í eign Haralds Árnasonar, meðan hann lifir, en hann lézt árið 1949. Búi Haralds var þó ekki skipt við lát hans, heldur fékk ekkja hans, frú Arndís E. Árnason, búsetuleyfi og sat í óskiptu búi, þar til hún lézt árið 1952.

Hinn 11. des. 1952 gerðu eftirlifandi börn þeirra hjóna, þau Erla, Jóhanna og Kristín Haraldsdætur og Árni og Björn Haraldssynir, með sér svofelldan skiptasamning, sbr. dskj. nr. 3:

„Við undirrituð erfingjar Haraldar Árnasonar og Arndísar Árnason, sem höfum átt fasteignirnar Austurstræti 22 og 24 og Lækjargötu 2 í óskiptri sameign, síðan skipti á dánarbúi foreldra okkar fóru fram hinn 3. þ. m., skiptum hér með nefndum fasteignum þannig á milli okkar:

Árni Haraldsson fær	Lækjargtu 2	að	hálfu
Jóhanna Haraldsd. —	—— 2	að	hálfu
Kristín Haraldsdóttir fær	Austurstr. 22 og 24	að	⅓ hluta
Erla Haraldsdóttir —	—— 22 og 24	að	⅓ —
Björn Haraldsson —	—— 22 og 24	að	⅓ —

Skuld við ríkissjóð kr. 180.935.00 vegna stóreignaskatts, er hvílir á ofangreindum eignum, greiðum við að ⅓ hluta hvert."

Jóhanna Haraldsdóttir og Árni Haraldsson gerðu síðan með

sér sameignarsamning. Í samningnum er tekið fram eftirfarandi m. a.:

„1. Neðsta hæð hússins og nyrðri helmingur lóðarinnar skal vera eign Jóhönnu.
2. Efri hæð hússins og risið og syðri helmingur lóðarinnar skal vera eign Árna.
3. Hvort um sig hefur forkaupsrétt að hluta hins."

Með afsalsbréfi, dags. 1. nóv. 1960, seldi Jóhanna Árna eignarhluta sinn í húseigninni Lækjarg. 2. Með afsali, dags. sama dag, seldi svo Árni Ásbirni Ólafssyni stórkaupmanni sama eignarhluta í húseigninni nr. 2 við Lækjargötu.

Eigendur Lækjargötu 2, sem ákveðið höfðu að reisa stórhýsi á lóðinni, sneru sér síðan til skrifstofu bæjarverkfræðings í Reykjavík til þess að fá nákvæma mælingu og uppdrátt af lóðinni.

Við mælingar þessar kom í ljós, að lóðin reyndist vera 294 m^2, en hafði áður verið talin 288.4m^2.

Eftir þeim uppdrætti, sem gerður var á skrifstofu bæjarverkfræðings í febr. 1961, náði lóðin nr. 2 við Lækjargötu yfir Austurstræti 24 og enn fremur austasta hluta verzlunarhúsnæðisins („Haraldarbúð") á lóðinni nr. 22 við Austurstræti.

Eigendur Austurstr. 22 vildu ekki fallast á þennan uppdrátt af lóðinni nr. 2 við Lækjargtu né heldur rífa niður greind mannvirki á hinum umdeilda lóðarskika. Leiddi þessi deila til þess, að eigendur Lækjarg. 2 höfðuðu mál fyrir merkjadómi Reykjavíkur 1961 til ákvörðunar lóðamarkanna svo og til þess að fá stefndu dæmd til að fjarlægja mannvirki þau, sem þau áttu á lóðinni Lækjargötu 2. Máli þessu var skotið til Hæstaréttar, og gekk þar dómur 17. des. 1962 á þá lund, að vesturmörk lóðarinnar Lækjargötu 2 væru samkv. uppdrætti á héraðsdómskjali nr. 3 um beina línu, 17—18, frá austurkanti steypts garðs, þar til hún sker lóðamörk við Austurstræti.

Með sama dómi Hæstaréttar voru þau Björn Haraldsson, Erla Haraldsdóttir og Kristín Haraldsdóttir dæmd til að fjarlægja skúrinn nr. 24 við Austurstræti af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu fyrir 1. jan. 1964 að viðlögðum 2.000 króna dagsektum. Í þessum Hæstaréttardómi kemur fram, að lóðin Lækjargata 2 nær yfir Austurstræti 24, og enn fremur er austasti hluti verzlunarhúsnæðisins og nokkrir smáskúrar á lóðinni.

Með afsali, dags. 19. febr. 1963 og þinglýstu athugasemdalaust þann 20/2 1963, varð Ásbjörn Ólafsson stórkaupm., stefnandi

þessa máls, einn eigandi að allri eigninni Lækjargötu 2 ásamt syðri helmingi lóðarinnar, sem öll er talin að stærð 294 fermetrar. Hann kveðst nú hafa ákveðið að reisa stórhýsi á lóðinni Lækjargötu 2 og sneri sér því til eigenda fasteignarinnar nr. 22 við Austurstræti og skoraði á þá að flytja burt öll þau mannvirki, sem þeir ættu á lóðinni Lækjargötu 2 að undanteknum skúrnum nr. 24 við Austurstræti eða semja um brottflutning á mannvirkjunum fyrir ákveðinn tíma, en þau hafi enga samninga um þetta viljað. Hafi því verið óhjákvæmilegt að höfða mál þetta.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar einkum með því, að hann hafi eignast Lækjargötu 2 kvaðalaust og ekki veitt eigendum Austurstrætis 22 neinn rétt til þess að viðhalda mannvirkjum sínum á lóðinni, enda hafi þeir ekki greitt neina leigu fyrir afnotin.

Stefndu kröfðust aðallega frávísunar. Með úrskurði, uppkveðnum 13. nóv., var frávísunarkröfu þeirra hrundið.

Varakröfu sína um algera sýknu byggja þau á því, að börn Haralds Árnasonar hafi fengið í arf eignir hans við Austurstræti og Lækjargötu í óskiptri sameign. Þegar eignunum var skipt, vissi enginn samningsaðiljanna, að hluti hússins nr. 22 við Austurstræti stóð á lóð, sem var skráð hjá lóðaskrárritara tilheyrandi lóðinni nr. 2 við Lækjargötu.

Hvað sem lóðamörkum hafi liðið, sé ljóst, að með skiptasamningnum hafi þessi lóðarskiki orðið eign stefndu, enda hafi ekki með skiptasamningnum verið ætlunin að skerða á einn eða neinn hátt eignina nr. 22 við Austurstræti. Sé enn fremur berlega ljóst, að þetta hafi verið alger og skilyrðislaus forsenda fyrir samningnum.

Í annan stað sé sýknukrafan byggð á því, að eigendur hússins nr. 22 við Austurstræti hafi unnið réttindi yfir lóð þessari fyrir hefð. Haraldur Árnason hafi á árinu 1925 byggt mannvirkin og sameinað húsi sínu nr. 22 við Austurstræti. Var það gert án nokkurra athugasemda eða skilmála af hendi þáverandi eiganda lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, en með samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Loks sé sýknukrafan byggð á því, að skerðing á húseigninni nr. 22 við Austurstræti að þessu leyti væri svo stórkostleg miðað við óhagræði stefnanda, að ekki sé ástæða til þess að taka kröfu stefnanda til greina vegna þessa munar á hagsmunum aðilja, sem í húfi eru.

Þrautavarakrafa stefndu er byggð á því, að þegar Haraldur

Árnason á sínum tíma reisti mannvirkin með þegjandi samþykki þáverandi eiganda lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu og athugasemda- og skilyrðislaust af hans hálfu, var öllum ljóst, að verið var að sameina mannvirki þessi öðru húsi og gera þau að óaðskiljanlegum hluta þess húss. Í þessu gat ekki annað falizt og leiði raunar af sjálfu sér, að honum væri heimilt að láta mannvirkin standa svo lengi sem honum sýndist, eða að minnsta kosti svo lengi sem aðalhúsið stæði.

Stefnanda hafi hlotið að vera ljós öll aðstaða þarna og að hann hafi því ekki öðlazt neinn meiri rétt en fyrri eigendur áttu. Verði hann því að þola eins og þeir, að húshlutinn standi áfram á lóðinni. Stefnandi hafi aldrei óskað eftir því við stefndu, að þau flyttu húshlutann eða nein önnur mannvirki af lóðinni.

Til ýtrustu vara gera stefndu þær dómkröfur, að stefndu verði ekki gert að flytja mannvirkin brott af lóðinni fyrr en samtímis því, sem húsið nr. 2 við Lækjargötu verði fjarlægt. Krafa þessi sé studd þeim rökum, að ekki sé leidd í ljós nein þörf stefnanda á brottflutningnum. Hann hafi að vísu haldið því fram í greinargerð, að hann ætli sér að byggja stórhýsi á lóðinni, en þessu sama hafi hann einnig haldið fram í ársbyrjun 1961 og bóli þó ekkert á því enn, enda bendi rekstur húseignarinnar Lækjargötu 2 nú enn fremur til þess, að langt verði enn í land með að hafnar verði á lóðinni byggingarframkvæmdir.

Skulu nú varnarástæður stefndu teknar til athugunar. Eins og áður greinir frá, voru vesturmörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu ákveðin með dómi Hæstaréttar um beina línu, 17—18, frá austurkanti steypts garðs, þar til hún sker lóðamörk við Austurstræti, svo sem sýnt er á dskj. nr. 7.

Leiðir þessi niðurstaða Hæstaréttar til þess, að ca. 17 m^2 af austurhluta verzlunarhúsnæðisins „Haraldarbúðar“ er á lóðinni Lækjargötu 2 ásamt þeim smáskúrum, sem þar eru, svo sem áðurgreind lína, 17—18, sýnir, enda hefur ekki verið í ljós leitt, að erfingjar Arndísar Árnason hafi gert formlega neina breytingu á upphaflegum lóðamörkum milli eignanna, áður en til skipta kom.

Þá er þess að gæta, að með afsali Árna Haraldssonar til stefnanda, dskj. nr. 15, er ekki þinglýst neinum mótmælum gegn afsalinu, en lóðin er þar, eins og áður segir, tilgreind 294 fermetrar.

Þessi dómsniðurstaða Hæstaréttar er bindandi fyrir stefndu í máli þessu, og kemur því fyrri hluti varakröfu þeirra ekki til álita.

Þá verður heldur ekki fallizt á þá skoðun stefndu, að stefndu hafi unnið réttindi yfir hinni umdeildu lóð fyrir hefð, eins og eignarrétti að þessum samliggjandi eignum var háttað.

Þá halda stefndu því fram, að skerðing á húseigninni nr. 22 við Austurstræti að þessu leyti væri svo stórkostleg miðað við óhagræði stefnanda, að ekki sé ástæða til að taka hana til greina vegna þess munar á hagsmunum aðilja, sem í húfi eru.

Með útnefningu yfirborgardómarans í Reykjavík hinn 4. sept. 1962 voru þeir Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari og Halldór H. Jónsson arkitekt dómkvaddir til álitsgerðar og mats um verðmæti fasteignarinnar Austurstr. 22, Austurstr. 24 og Lækjargötu 2. Á dskj. nr. 8, bls. 4, segir svo: „Við verðmætisákvörðun eigna þessara skyldi við það miðað, að samkv. fyrrgreindum dómi er skylt að fjarlægja húsið nr. 24 við Austurstræti með 4 mánaða fyrirvara og enn fremur, að samkv. dóminum stendur hluti hússins nr. 22 við Austurstræti á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu. Skyldi ráð fyrir því gert við matið, að krefjast mætti brottflutnings þess hluta hússins einnig með 4 mánaða fyrirvara."

Á bls. 9 á sama dskj. segir enn fremur svo: „.... telja matsmenn fasteignina nr. 22 við Austurstræti hæfilega metna, sem hér segir:

Lóð 512 ferm.	kr.	2.000.000.00	
Byggingar, verzlunarhús og geymslur	—	850.000.00	
		Samtals kr.	2.850.000.00
Frá þessari fjárhæð ber að draga:			
a) Verðmæti þess hluta bygginga, sem standa á lóð Lækjargötu 2	kr.	40.000.00	
b) Kostnað við endurbyggingu gafls vegna brottnáms austasta hluta búðarinnar	—	25.000.00	
		Samtals —	65.000.00
		Matsfjárhæð alls kr.	2.785.000.00."

Matsmennirnir láta þess getið, að þeir hafi leitast við að líta á öll matsatriði frá sjónarhóli ársins 1952.

Þótt stórkostlegar verðhækkanir hafi orðið á tímabilinu frá 1952, er alkunna, að verðlag á lóðum og húsbyggingum hefur haldizt í hendur á þessum tíma. Verður því að telja, að hagsmunir stefnanda miðað við að reisa stórhýsi á lóðinni séu langtum ríkari en óhagræði stefndu við að fjarlægja hin umdeildu hús, og verður því þessi varnarástæða stefndu ekki tekin til greina.

Þrautavarakröfu sína rökstyðja stefndu með því, að þegar Haraldur Árnason á sínum tíma reisti mannvirkin með þegjandi samþykki þáverandi eiganda lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu og athugasemda- og skilyrðislaust af þeirra hálfu, var öllum ljóst, að verið var að sameina mannvirki þessi öðru húsi og gera það að óaðskiljanlegum hluta þess húss. Í þessu felist, að honum hafi verið heimilt að láta mannvirkin standa, svo lengi sem honum sýndist, eða að minnsta kosti jafnlengi og aðalhúsið. Stefnandi hafi lýst því yfir í öðru máli, að hann hafi grandgæfilega skoðað lóðamörkin, áður en hann keypti eignina, og hafi honum því hlotið að vera ljós öll aðstaða þarna og hann því ekki öðlazt neinn meiri rétt en fyrri eigendur áttu. Verði hann því að þola, að húshlutinn standi áfram á lóðinni, enda hafi hann aldrei óskað eftir því við stefndu, að þau flyttu húshlutann eða nein önnur mannvirki af lóðinni.

Áður hefur verið lýst, hvernig háttað var eignarhaldi hinna umdeildu mannvirkja, og með vísan til þess verður þessi varnarástæða stefndu ekki tekin til greina.

Þrautaþrautavarakröfu sína rökstyðja stefndu með því, að stefndu verði ekki gert að flytja mannvirkin brott fyrr en samtímis sem húsið nr. 2 við Lækjargötu verður fjarlægt. Krafa þessi sé studd þeim rökum, að ekki sé leidd í ljós nein þörf stefnanda á brottflutningnum. Hann hafi haldið fram í ársbyrjun 1961, að hann ætlaði sér að byggja stórhýsi á lóðinni, en ekkert bóli enn á þeim framkvæmdum.

Þegar litið er til þess, að stefnandi eignaðist Lækjargötu 2 ásamt meðfylgjandi lóð hafta- og kvaðalaust, sbr. dskj. nr. 15, brestur lagarök til þess að takmarka yfirráð hans yfir eigninni, svo sem krafizt er. Verður þessi krafa stefndu því ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú að taka ber kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að frestur til að fjarlægja mannvirkin af lóðinni þykir hæfilega ákveðinn 4 mánuðir.

Þegar málskostnaður í máli þessu er ákveðinn, verður að hafa

í huga, að í áðurgreindu merkjadómsmáli voru hafðar uppi sams konar kröfur og í máli þessu, en þær dregnar út úr málinu undir rekstri þess.

Stefnandi hefur við munnlegan málflutning skýrt þetta svo, að það hafi verið gert af tilhliðrunarsemi við stefndu og að líkur væru þá meiri fyrir, að betri samvinna gæti skapazt þeirra á milli við væntanlegar byggingarframkvæmdir.

Stefndu hafa hins vegar haldið því fram, að stefnandi gæti ekki án samþykkis gagnaðilja hlutað málið í sundur í marga þætti, sem óhjákvæmilega hlytu að valda stefndu auknum kostnaði.

Þegar litið er á þessar röksemdir málsaðilja, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Ragnari Jónssyni hæstaréttarlömanni og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Birni Haraldssyni, Erlu Haraldsdóttur og Kristínu Haraldsdóttur, ber að fjarlægja af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu þann hluta hússins nr. 22 við Austurstræti, sem stendur á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu og er sagður að stærð 17 fermetrar, enn fremur tvo skúra, sem standa á vesturmörkum lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, annan sagðan að stærð 5.6 fermetra en hinn 11.0 fermetra, innan 4 mánaða frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 3.000 króna dagsektum, er þau greiði stefnanda, Ásbirni Ólafssyni, in solidum.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1966.

Nr. 127/1964. **Garður h/f, skilanefnd,**
(Barði Friðriksson hdl.),
Miðnes h/f
Dánarbú Árna Magnússonar og Berent Magnússon (Hafsteinn Sigurðsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Hafsteinn Baldvinsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Gerðardómur. Vanhæfi gerðardómsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. júlí 1964. Málsaðilinn Árni Magnússon hefur látizt, eftir að málinu var áfrýjað, og dánarbú hans komið í hans stað.

Aðaláfrýjendur krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. ágúst 1964. Hann gerir þær dómkröfur, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ógildingu gerðardómsúrskurðar og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með samningi 5. janúar 1954 seldu aðaláfrýjendur Miðnes h/f og Garður h/f gagnáfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, „á leigu landsvæði á Miðnesheiði úr landi jarðarinnar Sandgerðis“ í Miðneshreppi, „147 ha að flatarmáli“. Leigufjárhæð skyldi ákveðin af gerðardómi þriggja manna. Samkvæmt leigusamningnum og gerðarsamningi leiguaðilja, gerðum sama dag, skal gerðardómurinn þannig skipaður, að landeigendur, Miðnes h/f og Garður h/f, nefna sameiginlega einn gerðardómsmann og fjármálaráðherra annan.

Ef þessir gerðardómendur koma sér ekki saman um oddamann, skal sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu dómkveðja hann. Fjármálaráðherra skipaði í gerðardóminn Ásgeir Bjarnason alþingismann, aðaláfrýjendur Miðnes h/f og Garður h/f Ólaf Jónsson, forstjóra Miðness h/f, og oddamaður var dómkvaddur af sýslumanni Ólafur Vilhjálmsson, oddviti Miðneshrepps. Gerðardómur, sem mál þetta er af risið, var síðan uppkveðinn 14. nóvember 1954.

Þegar gerðardómendur eru nefndir samkvæmt ákvæði í gerðardómssamningi um sakarefni, slíkt sem í máli þessu greinir, þykja þeir eiga að fullnægja almennum persónulegum dómaraskilyrðum samkvæmt 1., 3. og 4. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936 og svo sérstökum dómaraskilyrðum samkvæmt 36. gr. sömu laga til að fara með mál, sem hverju sinni er um að tefla.

Samkvæmt því, er nú var rakið, var gerðardómsmaðurinn Ólafur Jónsson vanhæfur til setu í gerðardóminum, sbr. 1. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvörðun leigu fyrir landsvæði það í Miðneshreppi, er áður getur, þykir varða hagsmuni sveitarfélagsins í þeim mæli, að eigi hæfi, að oddviti þess geri um leiguna. Gerðardómsmaðurinn Ólafur Vilhjálmsson mátti því ekki eiga sæti í gerðardóminum, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, og forsendna héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. nóvember 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. október s.l., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 25. apríl 1958, gegn h/f Miðnesi og Garði h/f í Sandgerði til þess að fá hnekkt niðurstöðu gerðardóms þriggja manna frá 14. maí 1954 um leiguupphæð fyrir 157 ha. landsvæði úr landi jarðarinnar Sandgerði. Krefst stefnandi þess, að árlegt

afgjald fyrir áðurgreint landsvæði, sem ákveðið var kr. 192.000.00 í gerðarorði meirihluta gerðardómsins, verði fellt úr gildi og ómerkt, þar sem leigufjárhæðin sé bersýnilega ósanngjörn, röng og órökstudd. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndra að mati dómsins.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, hvernig sem málið fer.

Mál þetta var fyrst höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 26. apríl 1955. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1958 var málinu vísað sjálfkrafa frá dómi. Málinu var síðan stefnt fyrir aukadómþing Gullbringu- og Kjósarsýslu, eins og áður greinir, og lauk gagnasöfnun í því 10. júní 1958. Um haustið 1958 hófust málaferli út af merkjum Sandgerðisjarða og Flankastaðajarða. Þar sem landamerkjamálið snerti landsvæði það, sem hér um ræðir, beið þetta mál úrslita þess, en því lauk með dómi Hæstaréttar 10. nóvember 1961.

Við munnlegan flutning málsins lýsti umboðsmaður stefndu því yfir, að hann mætti einnig í málinu af hálfu Árna Magnússonar, Landakoti, og Berents Magnússonar, Krókskoti, Sandgerði, en þeir teldu sig báðir eiga hluta af heiðalandi Sandgerðisjarða. Jafnframt gat hann þess, að stefndir í máli þessu mótmæltu þessu tilkalli og fælist ekki í móti hans fyrir þá Árna og Berent nein viðurkenning á rétti þeirra til hlutdeildar í hinu umdeilda heiðalandi né öðru óskiptu landi Sandgerðisjarða.

Dómendur fóru á vettvang 25. okt. s.l. og skoðuðu umrætt landsvæði ásamt umboðsmönnum aðilja.

Málavextir:

Með leigusamningi, dags. 5. janúar 1954, tók stefnandi máls þessa á leigu 147 ha. landsvæði á Miðnesheiði úr landi jarðarinnar Sandgerðis, eign stefndra. Í samningnum er svo kveðið á, að leigutíminn hefði hafizt 15. ágúst 1952 og væri óákveðinn. Leigumálinn sé óuppsegjanlegur af hálfu leigusala, en leigutaki geti sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. ágúst ár hvert. Leigan skyldi greiðast í fyrsta sinn 31. des. 1952 (sic) fyrir tímabilið 15. ágúst 1952 til 15. ágúst 1953 (sic), en síðan fyrirfram árlega 15. ágúst ár hvert.

Leigufjárhæðin skyldi ákveðin af gerðardómi og hvor aðilja geta krafizt endurmats á leigunni á fimm ára fresti, en sá aðili, sem þess krefst, skal tilkynna það hinum með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 15. ágúst.

Leigutaka eru leyfð hvers konar not af hinu leigða landsvæði,

og má hann heimila öðrum not af því, en óheimilt er honum að framleigja einstaklingum landið eða hluta þess.

Samtímis þessum samningi gerðu aðiljar með sér gerðardómssamning, dags. 5. janúar 1954, þar sem kveðið var á um skipan gerðardómsins. Samkvæmt gerðardómssamningum ræður afl atkvæða og atkvæði oddamanns, komi fram þrjú atkvæði. Loks segir, að ákvörðun gerðardómsins sé fullnaðarúrskurður um leigufjárhæðina.

Samkvæmt gerðardómssamningnum tilnefndu eigendur Sandgerðis, stefndu í máli þessu, Ólaf Jónsson, framkvæmdastjóra h/f Miðness, í gerðardóminn, en fjármálaráðuneytið Ásgeir Bjarnason alþingismann. Oddamaður gerðardómsins var dómkvaddur af sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu Ólafur Vilhjálmsson, oddviti í Miðneshreppi.

Í niðurlagi gerðardómsins, sem er dags. 14. maí 1954, segir, að gerðardómsmenn hafi ekki getað orðið sammála um upphæð hins árlega eftirgjalds. Oddamaður gerðardómsins hafi talið hæfilega ársleigu fyrir landið kr. 0.45 pr. m^2 fyrir 10 ha., er teljist vera byggt land, og kr. 0.10 pr. m^2 fyrir 147 ha., sem ennþá teljist óbyggt.

Ólafur Jónsson hafi fallizt á tillögu oddamanns, enda þótt hans tillaga um ársleiguna hafi verið mun hærri, eða kr. 392.500.00. Ásgeir Bjarnason hafi talið hæfilega ársleigu vera kr. 0.30 pr. m^2 fyrir 10 ha. og kr. 0.01 pr. m^2 fyrir 147 ha., eða samtals kr. 44.700.00, og sé að því leyti ósamþykkur meirihlutanum. Samkvæmt gerðarorði meirihluta skyldi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiða eigendum Sandgerðislandareignar kr. 192.000.00 í árlegt afgjald eftir landspilduna frá 15. ágúst 1952 að telja.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að gerðarorð meirihluta sé ekki byggt á rökstuddum og raunverulegum forsendum, heldur sé það handahófsákvörðun, sem ekki hafi við neitt að styðjast. Gerðardómsmenn hafi ekki haft þá vitneskju um hið leigða landsvæði, að nægði til ákvörðunar eftirgjaldsins. Þeim hafi ekki verið fyllilega kunnugt um það, hvort möl og sandur, sem á landsvæðinu finnst, sé hæft til steinsteypu. Ekki sé tekið fram í forsendum, hvort rannsakað hafi verið, hve mikið magn af þessum jarðvegsefnum sé í landinu né hvort gengið hafi verið út frá því við ákvörðun afgjaldsins, að þessi efni væru hæf til steinsteypu eða ekki. Talað sé um það, að landið virðist hentugast til bygginga, en ekki sýnilegt, að verkfræðiaðstoðar hafi verið leitað í sambandi við þetta álit. Þá sé ekki tekið fram, að hve miklu

leyti landið henti til þeirra nota, sem leigutakar hyggist hafa af því eða hver þau not séu. Engar upplýsingar séu um það, til hvers landið hafi verið notað af leigusölum eða hvort það hafi verið nokkuð notað af þeim. Þá sé ekkert gerðarorð minnihluta að finna í dóminum.

Telur stefnandi, að vegna þessara efnis- og formgalla, er séu á gerðardóminum, beri að fella hann úr gildi og ómerkja.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að það leiði af eðli gerðardóma og samninga um þá, að niðurstaða og efni gerðar verði ekki borið undir dómstóla umfram það, hvort gerðarmenn hafi farið heiðarlega og löglega að í starfi sínu og framkvæmd gerðarinnar, en ekki verði það fært til stuðnings kröfum stefnanda, að gerðarmenn hafi farið óheiðarlega eða ólöglega að. Því sé heldur ekki til að dreifa, að þeir hafi farið rangt að við gerðina. Gerðarmenn séu sammála um forsendur, en greini aðeins á um leigufjárhæðina. Ekki skipti heldur máli, þótt minnihluti gerðarmanna hafi ekki samið sérstakt gerðarorð, þar sem hann geri glögga grein fyrir atkvæði sínu í niðurlagi og forsendum gerðar. Þá benda stefndu á það, að stefnandi hafi ekki borið fram mótmæli gegn gildi gerðarinnar, fyrr en málssókn var hafin, og hann hafi greitt án nokkurs fyrirvara tveggja ára leigu samkvæmt gerðinni. Stefnandi hafi heldur ekki notfært sér heimild leigusamningsins til þess að krefjast endurskoðunar á leigufjárhæðinni sumarið 1957, er hann átti þess fyrst kost, og eigi heldur síðar, sumarið 1962.

Stefndu mótmæla því, að gerðarorð sé handahófsákvörðun, er ekki sé byggð á rökstuddum og raunverulegum forsendum. Loks telja þeir, að leigan sé nú orðin óhæfilega lág, þar sem miklar verðbreytingar hafi orðið síðan 14. maí 1954.

Undir rekstri málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur voru að beiðni stefnanda dómkvaddir þrír hæfir og óvilhallir mats- og skoðunarmenn til þess að skoða, könnunarmæla og athuga hið umdeilda landsvæði, kanna gæði þess, gróður og annað, sem máli skiptir við ákvörðun á leigugjaldi fyrir það, þar á meðal lýsa því, til hvers landið hafi verið notað fyrir 15. ágúst 1952 og eins eftir þann tíma. Til þess að framkvæma hið umbeðna voru dómkvaddir þeir Pálmi Einarsson landnámsstjóri, Þór Sandholt skólastjóri og Guðmundur Ásmundsson hæstaréttarlögmaður. Hinir dómkvöddu menn skiluðu ítarlegri og vandaðri matsgerð, dags. 26. janúar 1956, sem hefur verið lögð fram í máli þessu. Matsgerðin greinist í fjóra meginkafla. Í fyrsta kaflanum er greint

frá skoðun, könnunarmælingu og athugun landsvæðisins svo og könnun á gróðri þess og gæðum. Lýst er stærð landsins, merkjum og mannvirkjum. Þar kemur fram, að við samanburðarmælingu, sem hinir dómkvöddu matsmenn létu framkvæma, reyndist flatarmál landsins innan merkja 158.3 hektarar, og þar af voru 12.2 hektarar afgirtir umhverfis byggingar, sem reistar höfðu verið. Þá er lýst legu landsins, jarðvegi, gróðurfari og búnytjum, fjallað um spilduna sem byggingarland og hugsanlega fiskverkun á henni.

Í öðrum kafla matsgerðarinnar er greinargerð um það, til hvers landið hafi verið notað fyrir 15. ágúst 1952 og í þriðja kafla, til hvers það hafi verið notað eftir þann tíma, byggð á upplýsingum aðilja.

Fjórði kaflinn er um öínnur atriði, er matsmenn töldu, að máli gætu skipt um ákvörðun á leigugjaldi eftir landið. Þar greina þeir frá undir- og yfirmatsgerð, er fram fór 1946 og 1948, þegar metin voru til verðs vegna eignarnáms til flugvallargerðarinnar á Reykjanesi ýmis landsvæði og ákveðnar bætur til landeigenda vegna skerðingar á hagnýtingu landanna frá þeim tíma, er herlið Bandaríkjanna tók þau til afnota. Voru fyrrnefndar undir- og yfirmatsgerðir lagðar fram ásamt uppdrætti í matsmálinu, en þar er m. a. að finna ákvæði um spildu úr Sandgerðislandi, sem liggur að því svæði, sem hér er deilt um. Loks fjalla matsmenn um kaup matsþola á Sandgerðiseigninni, uppsagnarákvæði samningsins og um afnot leigutaka og heimild til framleigu á landinu.

Í gerðardómssamningi aðilja frá 5. janúar 1954 er almenn leiðbeiningarregla um ákvörðun leigunnar, er segir, að tekið skuli tillit til legu landsins og notagildis þess nú og í framtíðinni svo og annarra atriða, er máli skipti.

Stefnandi hefur, eins og áður greinir, haldið því fram, að ákvörðun gerðardómsmanna um leigugjaldið sé handahófsákvörðun, en ekki byggð á rökstuddri eða raunverulegri forsendu. Við samanburð á fyrri matsgerðum og gerðardóminum verður ljóst, að verðhugmyndir meirihluta gerðardómsins um landið eru miklu hærri en fyrri möt á sambærilegum landsvæðum á Reykjanesskaga, þótt tekið sé tillit til verðlagsbreytinga. Enn fremur er mjög mikið ósamræmi í tillögum gerðardómsmanna sjálfra um leigufjárhæðina (392.500.00, 192.000.00 og 44.700.00), og er enga skýringu á þessu að finna í gerðardóminum.

Gerðardómsmenn gengu á landið og kynntu sér það. Einnig

höfðu þeir uppdrátt af landinu. Önnur gögn virðist gerðardómurinn ekki hafa haft undir höndum og ekki talið sig þurfa að leita sérfræðilegs álits um landsvæðið. Engin gagnasöfnun virðist hafa farið fram fyrir gerðardóminum, og aðiljar reifuðu ekki mál sitt fyrir honum. Það er fyrst, þegar mál er höfðað til ógildingar gerðarorði meirihluta gerðardómsins, sem hafizt er handa um að afla upplýsinga og gagna um hið umrædda landsvæði. Þótt meðferð máls fyrir samningsbundnum gerðardómi lúti ekki sömu reglum og fyrir almennum dómstólum, verður þó að telja, að gerðardómum beri að hlutast til um það, að mál, sem lögð eru í gerð, séu rannsökuð og skýrð eins vel og verða má með gagnasöfnun og málflutningi fyrir gerðardómi, þar sem annars er við búið, að réttur og sanngjarn dómur verði ekki lagður á úrlausnarefnið. Þessara meginatriða hefur hinn umræddi gerðardómur ekki gætt, og ber því þegar af þeim sökum að fella hann úr gildi.

Við skipun gerðardómsins er það athugavert, þótt ekki hafi verið fundið að því af leigutaka (stefnanda), að einn gerðardómsmanna er jafnframt málsaðili, eins og áður greinir.

Sú mótbára stefndu, að stefnandi hafi firrt sig rétti til að andmæla gerðinni með því að greiða tveggja ára leigu fyrir tímabilið 15/8 1952 til 15/8 1954, áður en mál var höfðað, verður heldur ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dómsins, er stafar af miklum embættisönnum.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, og samdómsmennirnir Einar Halldórsson bóndi og Jón Bergsson bæjarverkfræðingur kváðu upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Úrskurður gerðardóms þess, er í málinu greinir, er úr gildi felldur.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 23. maí 1966.

Nr. 60/1966. **Guðjón Steingrímsson**
gegn
Ólafi Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.
Um stefnubirtingu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 6. apríl 1966, sem Hæstarétti barst 29. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávísunardómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar 19. marz 1966 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili í héraði m. a. á hendur varnaraðilja til greiðslu víxils þess, sem í hinum kærða dómi greinir og varnaraðili hafði samþykkt. Sóknaraðili kveðst hafa sent stefnu í máli þessu til stefnuvotta Rangárvallahrepps í Rangárvallasýslu til birtingar. Hafi stefnuvottarnir látið stefnda, Ólaf bónda Jónsson, Oddhóli, rita á stefnuna þessa yfirlýsingu: „Mér löglega birt 28. febrúar 1966. Ólafur Jónsson." Að svo búnu hafi stefnuvottarnir sent sóknaraðilja stefnuna um hæl með bréfi 28. febrúar og kvittuðum reikningi. Þá hefur sóknaraðili lagt fram í Hæstarétti svohljóðandi „Vottorð. Ár 1966, hinn 28. dag febr. mán., var Ólafi Jónssyni, bónda Oddhóli, Rangárvöllum. birt stefna, útg. af hr. Guðjóni Steingrímssyni hrl., Linnetsstíg 3, Hafnarfirði, vegna víxilskuldar við Sparisjóð Hafnarfjarðar, að upphæð kr. 30.000.00, auk kostnaðar.

Þetta vottast hér með.

Selalæk, 23. marz 1966

Jón Egilsson (hreppstj. Rangárv.hr.) Þórður Bogason stefnuvottur“

Telur sóknaraðili sig með gögnum þessum hafa sannað, að stefnan á hendur varnaraðilja hafi verið löglega birt og því beri að taka kröfur sínar í kærumáli þessu til greina. Samkvæmt 92. gr. laga nr. 85/1936 skulu stefnuvottar, þá er þeir hafa birt stefnu, rita á hana eða blað, fest við hana, vottorð um það, hvar birting hafi farið fram, fyrir hverjum, hvenær (hvaða viku- og mánaðardag, klukkustund). Í vottorðinu skulu stefnuvottarnir skírskota til stefnuvottaheitis síns og taka það fram, að þeir staðfesti vottorðið með eiginhandar nöfnum sínum. Að lokum ber þeim að staðsetja og dagsetja vottorðið og rita síðan nöfn sín undir það. Stefnuvottar Rangárvallahrepps gættu eigi þessara reglna hinn 28. febrúar 1966, þá er þeir birtu varnaraðilja stefnuna. Héraðsdómari frávísaði því málinu á hendur varnaraðilja réttilega, og verður hinum rétta frávísunardómi eigi hrundið með því að kæra hann og leggja fram í Hæstarétti síðar gefið vottorð stefnuvotta um birtinguna. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. marz s.l., er höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1966 af Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni, Hafnarfirði, gegn Ólafi Jónssyni, Oddhóli, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og Ásgeiri Guðbjartssyni, Arnarhrauni 35, Hafnarfirði, og birtri stefnda Ásgeiri 26. febrúar s.l., til greiðslu víxils að fjárhæð 30.000.00 krónur, útgefins 7/8 1965 af stefnda Ásgeiri Guðbjartssyni og samþykkts af stefnda Ólafi Jónssyni til greiðslu í Sparisjóði Hafnar-

fjarðar hér í bæ 7/10 1965, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls, er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 30.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 7/10 1965 til greiðsludags, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Ólafur Jónsson hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Þar sem stefna, að því er varðar Ólaf Jónsson, hefur ekki verið birt með löglegum hætti, verður að vísa málinu frá, að því er hann varðar.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms í málinu.

Benedikt Sveinsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi, að því er varðar kröfur á Ólaf Jónsson.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms í málinu.

Mánudaginn 23. maí 1966.

Nr. 165/1963. **Elías Guðmundsson** (Barði Friðriksson hdl.)
gegn
Íslenzkum Aðalverktökum s/f
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum

kr. 185.011.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1959 til 29. ágúst 1961 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. marz 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Elías Guðmundsson, Heiðarbraut 10, Akranesi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 29. ágúst 1961, gegn Íslenzkum Aðalverktökum s/f til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 185.011.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1959 til stefnudags og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Á tímabilinu 11. maí til 27. júní 1959 hafði stefndi á leigu skipið Ferjuna II, eign Akraneskaupstaðar. Skip þetta er stálskip, 251 brúttórúmlest að stærð, rúml. 47½ m á lengd, tæpl. 9½ m á breidd og dýpt þess talin vera 1.95 m. Ferjan II er flatbotnaður prammi, nánast ein opin lest fyrir framan yfirbyggingu, og þiljur eru engar nema mjóir gangvegir til beggja hliða við lestina. Framan til á skipinu eru þiljur þessar nokkru hærri, og skilur þar lág brún á milli þeirra og lestarinnar. Eru þiljurnar mjóst-

ar fremst við stefni skipsins. Framhlið Ferjunnar II er útbúin sem hleri, og leikur neðri brún hennar á hjörum. Er því unnt að opna inn í lest skipsins með því að slaka framhliðinni niður og út. Er sá útbúnaður þannig, að bakborðs- og stjórnbarðsmegin eru festir vírar efst í framhliðina, og liggja þeir síðan í gegnum hjól á stefni skipsins og síðan áfram nokkra metra aftur eftir áðurnefndum þiljum skipsins og niður í spil undir þiljunum. Er spil þetta og vírarnir notað til að slaka niður framhliðinni og hífa hana upp.

Stefnandi var skipstjóri á skipinu og kveðst hafa tekið við skipstjórn á því um 20. apríl 1950. Stefndi notaði skipið á áðurgreindu tímabili til flutnings frá Aðalvík og Snæfellsnesi suður til Njarðvíkur, og voru einkum fluttar ýmsar þungavinnuvélar. Hinn 16. maí 1959 var Ferjan II stödd á Aðalvík og tók þar farm. Notaður var krani við útskipunina, og var honum komið fyrir framarlega í lest skipsins. Verið var að skipa út stórri járnplötu, og raks járnplatan í vír þann bakborðsmegin, sem notaður er til að slaka niður framhlið skipsins. Kom hreyfing á vírinn, en við það steyptist stefnandi, sem staddur var fremst á þiljunum við stefni skipsins, niður í lestina. Stefnandi kom standandi niður, en hlaut þau meiðsli á hægra fót, að hælbeinið brotnaði, og liðbönd slitnuðu um öklann.

Stefnandi skýrir svo nánar frá atvikum að slysinu, að í umrætt skipti hafi verið skipað þannig út, að vörurnar hafi verið hífðar upp og síðan hafi krananum verið snúið sólarsinnis og vörurnar verið hífðar þannig inn fyrir borðstokkinn stjórnborðsmegin og þeim síðan slakað niður í lestina. Hann skýrir svo frá, að komið hafi verið með umrædda járnplötu á bíl að ferjunni. Hann kveðst halda, að plata þessi hafi verið ca. 2 m á breidd og ca. 3 m á lengd, en þykktin verið 4—6 mm. Hann kveðst sjálfur hafa staðið fremst bakborðsmegin við hjól, er sé notað til að festa klemmu, er aftur sé notuð til að festa framhliðina. Hann kveðst hafa staðið lestarmegin við vír þann, sem áður er frá greint, en vírinn hafi ekki verið strengdur, heldur nokkur slaki verið á honum, en framhliðin hafi í umrætt skipti verið opin. Hann kveðst hafa hallað sér upp að vírnum, sem hafi náð sér í mitt læri. Stefnandi skýrir svo frá, að er platan hafi verið hífð að bílnum, hafi hún slegizt í áðurnefndan vír, sem er bakborðsmegin, og í þann hluta vírsins, sem liggur frá prammahleranum, en hann lá niðri, svo sem áður er frá skýrt, og upp í hjól á stefni skipsins. Við höggið hafi snögglega strekkzt á vírnum fyrir

aftan hjólið á stefninu, og kveðst stefnandi þá hafa orðið fyrir höggi af vírnum og steypzt við það niður í lestina. Stefnandi segir, að platan hafi verið hífð lárétt og hafi verið töluverður snúningur á henni, er hún losnaði frá bílnum, en engin bönd hafi verið á henni til að hindra hreyfingar á henni. Hann kveðst ekki vita til, að neitt hafi legið ofan á plötunni í umrætt skipti, er slysið varð. Hann segir enn fremur, að engin hreyfing hafi verið á skipinu í umrætt sinn, en það hafi verið að því komið að fljóta.

Eigi kveðst stefnandi hafa fylgzt með járnplötunni, er slysið varð, enda hafi hann verið bakborðsmegin, en vörurnar verið teknar inn stjórnborðsmegin, og eigi vitað fyrr til en hann fékk höggið af vírnum. Hann kveðst hafa verið að fylgjast með fermingu skipsins, er slysið varð, en hann hafi ekki stjórnað útskipuninni, heldur Viggó Norðquist, verkstjóri hjá stefnda.

Vitnið Halldór Þorvaldsson kranastjóri kveðst hafa unnið með krananum við uppskipun á járnplötunni, sem högginu olli. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hvernig slysið vildi til og hafi það fyrst fengið vitneskju um slysið, er það hafi séð stefnanda koma fljúgandi í loftinu og hendast ofan í lest. Vitnið skýrir svo frá, að bíllinn, sem járnplatan var tekin af, hafi ekki komizt það nálægt krananum, að hægt hafi verið að hífa beint upp. Hafi verið slegið á miðja plötuna og um leið og híft hafi verið, hafi komið sveifla á plötuna og hún lent á vírnum. Ekki kveðst vitnið muna, hve mikill halli hafi verið á bómu kranans, er slysið vildi til. Vitnið kveðst ekki hafa vitað af stefnanda þar, sem hann stóð, en telur það ekki hafa verið óvarlegt af honum. Vitnið telur, að ekki hafi verið híft óvenjuhratt, er slysið vildi til, og allir, sem verkið unnu, hafi reynt að fara sem gætilegast.

Þegar eftir slysið var stefnanda ekið upp á Straumnesfjall á fund herlæknis, sem þar var starfandi við radarstöðina. Hugði læknirinn meiðslin vera tognun, setti fótinn í teygjubindi og ráðlagði bakstra. Stefnandi fór síðan um borð aftur og tók við stjórn skipsins, sem síðan sigldi fyrst til Ísafjarðar og þá til Rifshafnar og Njarðvíkur. Kveðst stefnandi hafa leitað læknis á Ísafirði og Ólafsvík og fengið þar bakstra, en eigi aðra lækningu. Er til Njarðvíkur kom, fór stefnandi í land og síðan með bíl til Reykjavíkur og þaðan með Akraborg til Akraness. Samkvæmt vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 10/9 1960, kom stefnandi til rannsóknar á Akranesspítala 4—5 dögum eftir slysið, og kom þá í ljós, að stefnandi hafði hlotið slæmt brot á hælbeini hægri fótar. Segir enn fremur í vottorði læknisins, að stefnandi hafi

verið settur í gipsspelku og síðan legið rúmfastur um 6 vikna skeið, en verið frá vinnu í 8 vikur.

Hinn 30. október 1960 var örorka stefnanda metin af Páli Sigurðssyni lækni. Var stefnanda metin 100% örorka í 2 mánuði, 50% örorka í 4 mánuði, 25% örorka í 6 mánuði og varanleg örorka 10%. Hinn 7. júní 1961 reiknaði K. G. Guðmundsson, cand. act., út áætlað atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins á grundvelli framangreinds örkumats. Á grundvelli vinnutekna stefnanda nokkur síðustu árin fyrir slysið reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti tapaðra vinnutekna nemi á slysdegi kr. 136.688.00, þar af kr. 37.007.00 vegna tímabundinnar örorku. Leggur stefnandi fjárhæðir þessar til grundvallar 4. lið kröfu sinnar.

Stefnandi byggir skaðabótakröfur sínar á því, að hættulegri aðferð hafi verið beitt við útskipunina. Telur stefnandi, að bæði verkstjóri stefnda og sá, er hafði stjórn kranans með höndum, eigi sök á slysinu. Þá telur stefnandi, að útskipunin hljóti að falla undir hættulegan atvinnurekstur og beri stefndi skaðabótaábyrgð vegna slyssins eftir reglum þeim, sem gilda um ábyrgð atvinnurekanda á hættulegum atvinnurekstri.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1.	Far frá Keflavík til Akraness	kr.	460.00
2.	Læknishjálp og röntgenmyndir, örorkuvottorð og örorkuútreikningur m. m.	—	2.863.00
3.	Fæðiskostnaður og hjúkrun 22/5—11/7 1959, 50 dagar, 100/—	—	5.000.00
4.	Atvinnutjón og örorka	—	136.688.00
5.	Bætur fyrir þjáningar og óþægindi	—	40.000.00
	Kemur þá fram fjárhæð sú, sem krafizt er	kr.	185.011.00

Stefndi byggir sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á því, að slysið verði hvorki rakið til mistaka starfsmanna stefnda né óforsvaranlegs frágangs á vinnustað. Verði að telja slysið óhappatilviljun, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Þá sé ekki hægt að flokka vinnu þá, sem hér um ræðir, undir hættulegan atvinnurekstur. Varakröfu sína reisir stefndi á því, að ef slysið teljist ekki óhappatilviljun, þá hljóti sök eða meginhluti sakar að vera hjá stefnanda sjálfum, þar sem hann hafi að ófyrirsynju staðsett sig á mjög varhugaverðan stað og þar sem stefnanda sem skipstjóra

hafi átt að vera manna ljósast, að umræddur vír gæti hreyfzt, þegar verið væri að vinna með stór stykki fast við og allt í kringum vírinn.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að slysið hafi borið að með þeim hætti, að stefnandi hafi verið staddur fremst á þiljunum fram undir stefni skipsins og hallað sér upp að eða haft annan stuðning af vír þeim, sem rætt hefur verið um hér að framan. Síðan hafi járnplatan slegizt í þann hluta vírsins, sem liggur frá framhliðinni (en hún var niðri) og upp í hjólið á stefni skipsins, en við það komið hreyfing einnig á þann hluta vírsins, sem stefnandi stóð við, og hann þá steypzt niður í lest skipsins.

Samkvæmt framburði stjórnanda kranans, sem notaður var við útskipunina í umrætt skipti, mun bifreið sú, sem flutti járnplötuna, ekki hafa verið það nærri krananum, að plötunni yrði lyft lóðrétt upp og því komið einhver sveifla á plötuna og hún þá rekizt í vírinn. Verður þessi frásaga stjórnanda kranans lögð til grundvallar í máli þessu, enda hefur hún eigi verið vefengd.

Eigi verður fallizt á þá skoðun stefnanda, að útskipun almennt eða útskipun við þær aðstæður, sem hér um ræðir, verði talin hættulegur atvinnurekstur. Verður fébótaábyrgð vegna umræddS slyss því eigi lögð á stefnanda vegna slíkrar áhættu. Þá er dómurinn þeirrar skoðunar, að eigi hafi verið óvarlegt að koma krananum fyrir inni í lest skipsins og ferma það síðan með þeim hætti, sem á var hafður.

Eins og áður segir, telur dómurinn nægilega fram komið, að sveifla hafi komið á plötuna, er henni var lyft af bifreiðinni og platan þá rekizt í vírinn. Dómurinn lítur í því sambandi svo á, að eins og aðstæðum var háttað við útskipunina, verði framangreind sveifla eigi metin stjórnanda kranans til vangæzlu. Verður að telja, að hann hafi hvorki ætlað né mátt ætla, að slys mundi af því leiða, þótt platan kæmi við vírinn, sérstaklega þegar þess er gætt, að eigi hefur komið neitt fram, er bent geti til þess, að hann hafi vitað eða mátt vita af stefnanda þar, sem hann stóð, þegar slysið varð. Verður heldur eigi talið, að af hendi annarra þeirra manna, sem stefndi bar ábyrgð á, hafi eigi verið gætt nægilegs öryggis, er plötunni var lyft með krananum, og ber þar sérstaklega að hafa í huga, að það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að erfitt hafi verið að tryggja, að eigi kæmu einhverjar sveiflur á plötuna, um leið og henni var lyft af bifreiðinni, og að ósennilegt var, eins og öllum aðstæðum var háttað í umrætt sinn, að slys mundi af henni leiða. Hefur eigi verið

leitt í ljós, að aðbúnaði á vinnustað hafi að neinu öðru leyti verið áfátt frá hendi stefnda.

Samkvæmt framangreindu verður slysið hvorki rakið til vanbúnaðar á vinnustað né til mistaka af hálfu manna þeirra, sem stefndi ber ábyrgð á, enda verður í því sambandi að líta á, að stefnandi fór ógætilega með því að fara fremst fram á þiljur skipsins, þar sem þær eru mjóstar, en aðeins lág brún á milli þeirra og opinnar lestarinnar, og án þess að hafa annan stuðning en af framangreindum vír. Verður heldur eigi séð, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að vera á stað þessum til að fylgjast með lestun skipsins, og hefur honum verið í lófa lagið að vera þar, sem hætta var minni, t. d. aftar á þiljum skipsins. Þar sem slysið verður eigi heldur rakið til annarrar áhættu, sem stefndi lögum samkvæmt ber ábyrgð á, ber að sýkna hann af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Jóni Sigurðssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Guðmundssonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 1. júní 1966.

Nr. 11/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Svani Jónssyni
(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 28. febrúar 1966 voru í sakadómi Reykjavíkur dómkvaddir þeir Karl Magnússon og Sigurður Þórarinsson skipstjórar til að segja álit sitt um, „hvort möguleiki sé á því,

að bátur ákærða, Fram, AK 58, hafi rekið um 0.8 sjómílur að landi, inn í fiskveiðilandhelgina, á tímabilinu kl. 0545—0613 „hinn 3. október 1965“ við þær aðstæður, sem lýst er í rannsókn málsins“. Hinir dómkvöddu menn skiluðu álitsgerð hinn 14. marz 1966 og staðfestu hana fyrir dómi 1. apríl s. á. Þeir segja m. a.: „Umræddan dag, 3. október 1965, var smæstur straumur og á tímabilinu frá kl. 0545—0613, mjög nærri fallaskiptum. Við teljum því mjög ólíklegt, að umræddan bát hafi rekið 0.8 sjóm. á 28 mín., eða með 1.7 sjóm. hraða. Eins og fram hefur komið við rannsókn málsins, var logn á umræddu tímabili og því ekki um rek vegna vinds að ræða“.

Skólastjóri Stýrimannaskólans, Jónas Sigurðsson, hefur markað á sjóuppdrátt staði báts ákærða, Fram, Ak 58, hinn 3. október 1965 samkvæmt mælingum varðskipsmanna. Mældust honum staðir báts ákærða svo sem hér segir:

1. staður kl. 0613 um 0.7 sm. innan fiskveiðimarka
2. — — 0634 — 0.8 — — ——
3. — — 0658 — 1.0 — — ——

Þá markaði skólastjórinn á annan sjóuppdrátt staði báts ákærða samkvæmt mælingum varðskipsmanna, en reiknaði „þá með 2½% fjarlægðarskekkju og 1° miðunarskekkju, bátnum í hag. Er það í samræmi við þá nákvæmni, sem framleiðendur gefa upp fyrir Kelvin Hughes ratsjá v/s Alberts af gerðinni 14/9“. Mældust honum þá staðir bátsins svo sem hér segir:

1. staður kl. 0613 um 6.6 sm. innan fiskveiðimarka
2. — — 0634 — 0.6 — — ——
3. — — 0658 — 0.85— — ——

Samkvæmt eiðfestu vætti Þorvalds Birgis Axelssonar, 1. stýrimanns á v/s Albert, og Peters Guðjóns Petersens, 2. stýrimanns á v/s Albert, voru toghlerar m/b Fram, AK 58, úti, skömmu áður en v/s Albert kom að bátnum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja sannað, að bátur ákærða, Fram, AK 58, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um.

Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru greinir. Ákveðst refsing hans samkvæmt málavöxtum og með hliðsjón af því, að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 pappírskrónum, kr. 25.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir m/b Fram, Ak 58, vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Jónsson, greiði kr. 25.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, bátsins Fram, AK 58, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 12. október 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 12. október, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð var í skrifstofu embættisins af Stefáni Hirst ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarssyni og Þorsteini Eyjólfssyni kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1198/1965: Ákæruvaldið gegn Svani Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 9. þ. m., verið höfðað gegn Svani Jónssyni skipstjóra, Suðurlandsbraut 106 í Reykjavík, fyrir að hafa gerzt sekur

um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1.gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á vélbátnum Fram, AK 58, árdegis sunnudaginn 3. október 1965 suður af Reykjanesi innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 3/1961.

Ákærist því nefndur Svanur Jónsson til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1958, sbr. nú 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, fæddur að eigin sögn 28. ágúst 1923 í Höfnum, Gullbringusýslu. Hefur hann áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo að vitað sé:

1946	26/3	í Keflavík:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óeirðir.
1948	9/1	í Reykjavík:	Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga.
1950	12/9	— ——	Dómur: 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1951	6/2	— ——	Sátt, 100 kr. sekt, 575 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.
1953	10/12	— ——	Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
1954	20/7	— ——	Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1956	12/12	— ——	Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1957	10/9	— ——	Dómur: 3 mánaða fangelsi, 3.700 kr. sekt, sviptur réttindum fyrir dragnótaveiðar í landhelgi og brot á 142. sbr. 32. gr. hegningarlaga.
1958	15/5	— ——	Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1958	12/11	í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli nr. 3420/1957: 5.000 kr. sekt fyrir framangreint brot.
1960	9/11	— —— Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1961	29/7	— —— Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 3. þ. m. var varðskipið Albert á eftirlitsferð suður af Reykjanesi. Gerðu varðskipsmenn staðarmælingar kl. 0613, 0634 og 0658. Reyndist báturinn við mælingarnar 0.8, 0.9 og 1.1 sjóm. innan við fjögurra sjómílna fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum.

Kl. 0656 kom varðskipið að bátnum. Reyndist hann vera m/b Fram, skipstjóri Svanur Jónsson. Voru skipverjar þá að taka inn botnvörpuveiðarfæri.

Við yfirheyrslu í dómi hefur skipherra varðskipsins staðfest staðarmælingar varðskipsmanna og útfærslu þeirra á sjókortið. Kveðst skipherra hafa unnið að mælingunum ásamt stýrimönnum sínum. Vitnið kveðst hafa séð toghlera bátsins hangandi í gálganum kl. 0653, en kl. 0656, er varðskipið kom að m/b Fram, kveðst vitnið hafa séð „grandarana" liggja út um gálgarúllurnar, og sá vitnið, er botnvarpan var hífð um borð í m/b Fram. Ekki tók vitnið eftir, hvort fiskur var í vörpunni.

Stýrimenn varðskipsins hafa og borið vætti í málinu og staðfest staðarmælingar samkvæmt skýrslu skipherrans og útfærslu á sjókortið. Báðir kveðast þeir hafa séð toghlera bátsins úti og vörpu í sjó.

Við yfirheyrslu hér í dómi hefur ákærði ekki vefengt staðarákvarðanir Landhelgisgæzlunnar. Kveður hann bát sinn búinn ratsjá og hafi hann gert staðarmælingu, áður en hann hóf að hífa kl. 0545. Telur ákærði, að samkvæmt greindri mælingu hafi báturinn verið á línu eða rétt utan við hana. Við togið kveður ákærði bakreipi í forhlera hafa slitnað, og kveðst hann hafa orðið að setja keðjustoppara á „grandrópana" til þess að geta lásað úr. Hafi þeir bátsverjar verið að ljúka við að lagfæra þetta, er varðskipið kom að, og botnvarpa bátsins verið enn í sjó. Í vörpunni voru umrætt sinn, að sögn ákærða, kannski tvær körfur af karfa.

Aðrir bátsverjar hafa borið vætti í málinu. Bera þrír þeirra,

að umrædd hífing hafi hafizt laust fyrir kl. 0600, að því er þeir telja. Þá styður vætti bátsverja frásögn ákærða af fyrrgreindri bilun veiðarfæranna, að hífingunni hafi verið að ljúka, er varðskipið kom að, svo og, að nokkur fiskur hafi verið í vörpunni, er hún var tekin um borð í bátinn.

Samkvæmt staðfestum mælingum yfirmanna varðskipsins þykir sannað, að m/b Fram hafi verið innan fiskveiðitakmarka umrætt sinn. Hins vegar kveðst ákærði hafa verið á fiskveiðitakmörkun eða rétt utan við þau, er hann hóf að hífa kl. 0545, en hífingu þeirri var rétt að ljúka, er varðskipið kom að. Með eigin framburði ákærða, sem studdur er vætti vitna, þykir mega telja sannað, að báturinn hafi ekki verið að veiðum í merkingu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920, er varðskipsmenn gerðu staðarmælingar sínar umrætt sinn. Ber því að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 og 1. mgr. 1. gr. reglug. nr. 87/1958.

Með því hins vegar að láta bát sinn berast inn fyrir fiskveiðitakmörkin með ólöglega umbúin veiðarfæri þykir ákærði hafa gerzt sekur um brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70/1958 og 4. gr. reglug. nr. 3/1961, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. og lög nr. 44/1948.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 seðlakrónum.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans á Akranesi er m/b Fram, AK 58, 63 lestir brúttó að stærð.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1958 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. og 3. gr. laga nr. 44/1948, hæfilega ákveðin 8.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 eru ekki efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, nema hvað kostnaður við mat á afla og veiðarfærum greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Svanur Jónsson, greiði 8.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra er ekki tekin til greina.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, nema hvað kostnaður við mat á afla og veiðarfærum greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. júní 1966.

Nr. 92/1966. **Hrólfur Þórarinsson**
(Bárður Jakobsson hdl.)
gegn
Djúpbátnum h/f og Eir h/f
(Sigurður Sigurðsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skip. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. júní 1966. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 50.074.21 ásamt 9% ársvöxtum frá 5. marz 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Er áfrýjandi flutti bát sinn Pólstjörnuna í bátahöfn Ísafjarðar hinn 10. janúr 1964 kl. 1600 lá Fagranes (hið eldra) þar við hafnargarð, næst utan á því v/b Sædís og enn utan á þeim báti v/b Ölver. Sama dag kl. 2240 var v/s Fagranesi (hinu yngra), eign stefnda Djúpbátsins h/f, lagt milli Fagraness (eldra) og Pólstjörnunnar. Loks kom v/b Guðbjartur Kristján, eign stefnda Eirar h/f, í höfnina hinn 11.

janúar 1964 kl. 0010 og lagðist hann milli Fagraness (yngra) og Pólstjörnunnar. Er greindum skipum, Pólstjörnunni, Fagranesi (yngra) og Guðbjarti Kristjáni, var þannig komið fyrir í höfninni, hafði það í för með sér, að hreyft var að meira eða minna leyti við festum skipa þeirra, sem næst voru, og lægi þeirra raskað.

Af gögnum málsins og málflutningi þykir mega ráða, að á þeim tíma, er atburðir þessir gerðust, hafi það tíðkazt og verið látið viðgangast af hafnaryfirvöldum, að skipstjórnarmenn legðu skipum sínum með greindum hætti. Áfrýjanda, sem sjálfur beitti þessum aðferðum, svo sem lýst var, var vitaskuld um þetta kunnugt. Gat hann því ekki treyst því, að látinn yrði óhreyfður bátur hans, sem hann lét gæzlulausan, enda þótt þá væri að sjálfs hans sögn farið að hvessa. Þá verður að telja sannað, að festar Pólstjörnunnar hafi slitnað eða raknað upp til endanna þar um borð, en eigi er fram komið, að starfsmenn stefndu hafi hreyft við festum hennar þar, svo sem í héraðsdómi greinir. Að svo vöxnu og þar sem eigi er í ljós leitt, að festingar bátsins eða lægi hafi verið ótryggari eftir en fyrir tilfærslur þær, er um var að tefla, þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm sjó- og verzlunardómsins, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara
og Theodórs B. Líndals prófessors.

Síðari hluta dags hinn 10. janúar 1964 lágu skipin gamla Fagranesið, v/s Pólstjarnan, v/s Sædís og v/s Ölver við bryggju í bátahöfninni á Ísafirði, gamla Fagranesið næst bryggjunni, en v/s Ölver fjærst, svo sem nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Um kl. 2240 sama dag fluttu skipstjórnarmenn v/s Fagraness skipið frá svonefndri Bæjarbryggju

inn í bátahöfnina, að því er ætla verður í öryggisskyni vegna yfirvofandi hvassviðris. Var skipinu lagt við hlið gamla Fagranessins, milli þess og v/s Pólstjörnunnar. Var v/s Fagranes bundið við festarhæla á bryggjunni og við gamla Fagranesið. V/s Pólstjarnan, en við hana voru tengd v/s Sædís og v/s Ölver, var bundin við v/s Fagranes. Laust eftir miðnætti var v/s Guðbjarti Kristjáni, ÍS 268, lagt milli v/s Fagraness og v/s Pólstjörnunnar. Var v/s Pólstjarnan nú flutt til að nýju og bundin við v/s Guðbjart Kristján. Skipstjórnarmenn skipa þessara höfðu ekki samráð við hafnaryfirvöld um aðgerðir þessar, og ekki tilkynntu þeir þær umráðamönnum skipa þeirra, er þeir færðu. Þá höfðu þeir eigi varðmenn í skipum sínum um nóttina, svo sem þó er boðið í 14. gr. hafnarreglugerðar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 100/1955. Ljóst er, að raun í festar v/s Pólstjörnunnar óx, er hún og þau skip, er utar lágu, voru færð lengra frá bryggjunni en þau upphaflega lágu, enda fór veður vaxandi. Þegar þetta allt er virt, þykja skipstjórnarmenn v/s Fagraness og v/s Guðbjarts Kristjáns bera fébótaábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi varð fyrir í umrætt sinn.

Áfrýjandi flutti sjálfur festar v/s Sædísar, er hann lagði v/s Pólstjörnunni í bátahöfninni um kl. 1600 hinn 10. janúar 1964 og gat vænzt þess, að aðrir beittu sömu aðferð við hans skip. Hann gætti eigi skips síns, frá því að hann batt festar þess og þar til honum var tilkynnt um, að skipin væru á reki í höfninni kl. 0700 hinn 11. janúar 1964, enda þótt honum væri ljóst, að hvassviðri var í aðsigi. Þessa vanrækslu verður að meta honum til sakar, og er hæfilegt, að hann beri sjálfur tjón sitt af hálfu, en stefndu bæti honum það óskipt að hálfu.

Fjárhæð kröfu áfrýjanda hefur eigi verið mótmælt, en í héraði stefndi hann aðeins til greiðslu á kr. 50.045.00 og taldi þá fjárhæð tjón sitt. Þar sem eigi hefur verið aflað leyfis samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962, verður sú fjárhæð lögð til grundvallar. Samkvæmt framangreindu ber stefndu að greiða áfrýjanda óskipt helming þessarar fjárhæðar, eða kr. 25.022.50, með 7% ársvöxtum frá 5. marz 1964 til 1. janúar

1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Djúpbáturinn h/f og Eir h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Hrólfi Þórarinssyni, kr. 25.022.50 með 7% ársvöxtum frá 5. marz 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 30. nóvember 1964.

Ár 1964, mánudaginn 30. nóvember kl. 1700, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóni G. Tómassyni setudómara ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Guðmundssyni skipstjóra og Símoni Helgasyni skipaskoðunarmanni kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 19. þ. m.

Mál þetta hefur Hrólfur Þórarinsson skipstjóri, Ísafirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 5. marz 1964, á hendur Djúpbátnum h/f og Eir h/f, báðum á Ísafirði. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 50.045.00 ásamt 9% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá birtingardegi stefnu til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda svo og greiðslu málskostnaðar úr hendi hans.

Tildrög máls þessa eru þau, að um kl. 0700 að morgni hinn 11. janúar 1964 sleit upp 3 vélbáta, er lágu í bátahöfninni á Ísafirði, og rak þá á land við Hafnarstræti. Var þá á SV rok. Bátarnir voru v/b Pólstjarnan, ÍS 85, 24 rúmlestir brúttó, eigandi stefnandi í máli þessu, v/b Sædís, ÍS 67, 15 rúmlestir brúttó, og v/b Ölver, ÍS 432, 5 rúmlestir brúttó að stærð. Bátar þessir voru bundnir utan á v/b Guðbjart Kristján, ÍS 268, sem er 86 brúttó-

lestir að stærð, en hann lá utan á v/b Fagranesinu, TFKA, 144 brúttólestir, en síðasttalda skipið lá utan á v/b Fagranesinu (gamla), sem legið hefur bundið við bryggju nú um hríð.

Fyrrnefndir 3 bátar, er ráku á land, urðu allir fyrir skemmdum, og er skemmdum á v/b Pólstjörnunni lýst í vottorði Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga, dags. 4. febr. s.l., á þennan veg: „Brotið er á b.b. síðu lunning, skjólborð, skansklæði, efsta umfar súðar, og brotið er frá upphækkun að framan og næstum aftur úr. Aðrir smávægilegir skaðar urðu að bátnum, meðal annars kom leki að honum, svo að skipið varð að fara í slipp til viðgerðar."

Hefur stefnandi sundurliðað dómkröfu sína þannig:

1.	Hluti skipseiganda af viðgerðarkostnaði (1/10 hluti)	kr. 7.700.00
2.	Greiðsla skipseiganda vegna aðstoðar, er vsk. Albert veitti við að ná Pólstjörnunni af strandstað	— 345.00
3.	Meðalafli á rækjuveiðum þá 17 daga, er veiðar féllu niður vegna strandsins, 6 lestir á kr. 7.000.00 lestin	— 42.000.00
	Samtals	kr. 50.045.00

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að um kl. 1600 hinn 10. janúar 1964 var farið með skip hans, v/b Pólstjörnuna, í bátahöfnina á Ísafirði, og var farið á milli v/b Sædísar og Fagranessins gamla, sem Sædís var fest í, og sneri bakborðssíðan að. Utan á Sædísinni lá þá, eins og áður greinir, v/b Ölver. Stefnandi kveðst nú hafa fest skipi sínu í gamla Fagranesið að framan með sverri grastóg og vír, en auk þess með afturenda og spring. Segir stefnandi að Sædísin hafi verið fest að aftan með 2 nylonendum í gamla Fagranesið, og kveðst hann ekki hafa hreyft við þeim. Framenda Sædísar festi hann hins vegar í skut Pólstjörnunnar, en bátarnir lágu andfætis. Telur stefnandi, að samkvæmt þessu hafi átök frá Sædísi og Ölvi fyrst og fremst lent á nylonendunum tveimur, sem bundnir voru yfir í gamla Fagranesið, en festar Pólstjörnunnar hafi ekki orðið fyrir öðrum átökum en frá skipinu sjálfu svo og frá framenda Sædísar, sem bundinn var í skut Pólstjörnunnar. Kveðst stefnandi hafa talið sig hafa gengið vel frá öllum festum, er hann skildi við skip sitt síðari hluta dags hinn 10. janúar s.l., en þá var tekið að hvessa.

Stefnandi fylgdist nú ekki frekar með málum, fyrr en hann var vakinn kl. rúml. 0700 að morgni 11. janúar og honum tilkynnt, að bátur hans ásamt Sædísi og Ölvi væri laus og á reki út úr bátahöfninni. Er stefnandi kom á staðinn, sá hann, að bátarnir áttu skammt í land við Hafnarstræti undan Mánagötu. Strax og hægt var að komast um borð, voru gerðar tilraunir til að ná Pólstjörnunni fram, en það tókst ekki af eigin vélarkrafti, og var þá skipið dregið út með aðstoð vsk. Alberts og hafnsögubátsins.

Samkvæmt útdrætti úr dagbók v/b Fagranessins (nýja) hinn 10. janúar 1964 var farið með skipið þann dag kl. 1040 (sem mun vera kl. 2240) frá Bæjarbryggjunni svonefndri í bátahöfnina og lagzt utan á síðu gamla Fagranessins, en utan á því lágu Pólstjarnan ásamt Sædísi og Ölvi. Voru þeir bátar færðir utan á síðu Fagranessins, og voru festingar Pólstjörnunnar, tveir endar gras og vír að framan og nylonendi að aftan, sem allir voru bundnir í gamla Fagranesið, teknir um borð í Fagranesið og þar gengið vel frá þeim.

Samkvæmt útdrætti úr dagbók v/b Guðbjarts Kristjáns var skipinu lagt í bátahöfnina að lokinni löndun kl. 0010 hinn 11. janúar 1964. Var lagzt inn á milli nýja Fagranessins og Pólstjörnunnar. Var Pólstjarnan fest með tveim endum, grastógi og vír, að framan og afturenda upp í Fagranesið. Segir í útdrættinum, að endar þessir hafi verið mjög ósjálegir. Grastógið og vírinn voru fest fram á hvalbak Guðbjarts Kristjáns, án þess að hreyft væri við festingunni í Pólstjörnunni, afturendinn var festur í klussholt að aftan á Guðbjarti Kristjáni. Segir enn fremur, að er skipstjóri og stýrimaður komu niður í höfnina um kl. 0830 að morgni 11. janúar, væru slitrur úr öllum endum Pólstjörnunnar um borð í Guðbjarti Kristjáni, en festingar eins og frá þeim var gengið.

Í stefnu og greinargerð svo og undir munnlegum flutningi málsins byggir lögmaður stefnanda fébótarétt umbj. síns að höfuðstefnu á því, að það atferli skipstjórnarmanna á v/b Fagranesinu, eigandi stefndi Djúpbáturinn h/f, og á v/b Guðbjarti Kristjáni, eigandi stefndi Eir h/f, að leysa festar báts stefnanda og flytja hann til í heimildarleysi og án þess að gera stefnanda eða hafnarverði aðvart skapi þeim ábyrgð á festingum og frágangi bátsins, hvernig sem honum var í upphafi lagt við festar. Hafi því fébótaábyrgð stefndu í máli þessu skapazt, um leið og hreyft var við festingum Pólstjörnunnar, sem eigandi hennar, stefnandi, hafði talið tryggar. Hins vegar telur lögmaðurinn einnig, að að-

stæður og átök á festingar Pólstjörnunnar hafi breytzt verulega, eftir að skipið hafði tvívegis verið fært til og bundið, en ekki telur hann það skipta meginmáli um skaðabótaábyrgð stefndu. Eins hefur stefnandi haldið því fram, að fyrir hafi legið munnleg fyrirmæli hafnarvarðar um legupláss báta í höfninni og hafi stefndu brotið gegn þeim fyrirmælum.

Umboðsmaður stefndu heldur því fram í greinargerð, að skipverjar á v/b Fagranesinu eða v/b Guðbjarti Kristjáni hafi enga sök átt á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir, enda hafi þeir notað sömu festingar fyrir Pólstjörnuna, sem eigandi hennar hafði notað, og þyki greinilegt, að þær hafi ýmist slitnað eða raknað úr lykkju, en hnútar ekki losnað. Bendi það til þess, að endarnir hafi verið haldlitlir eða svo ónýtir, að þeir hafi ekki þolað þau átök, sem aðstæður í Ísafjarðarhöfn krefjist. Þá er því haldið fram af stefndu, að algengt sé, að skip séu færð til í höfninni með sama hætti og gert hafi verið í umrætt sinn, enda teljist það til undantekninga, ef maður frá hafnaryfirvöldunum sé nærstaddur, er skipum er lagt að í höfninni.

Nokkrar vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu, m. a. til upplýsinga á því, hvort festum v/b Sædísar hafi verið breytt, eftir að stefnandi hafði flutt bátinn utan á v/b Pólstjörnuna.

Vitnið Ólafur Guðmundsson, einn af eigendum Sædísar, kveðst hafa hugað að festum bátsins, eftir að stefnandi hafði fært hann til. Segir vitnið, að þá hafi Sædís verið bundin með 2 endum að aftan í gamla Fagranesið. Vitnið kom einnig að bátunum, eftir að þá hafði rekið, og sá það þá annan endann slitinn, og hafði honum verið fest í „vantskrúfuna" á Pólstjörnunni. Hinn afturendann sá vitnið ekki.

Vitnið Guðjón Loftsson hefur borið, að það hafi veitt því athygli, að Sædísin var bundin með nylonenda í gamla Fagranesið.

Samkvæmt vottorði Ólafs Sigurðssonar, sem lagt hefur verið fram, var Sædís bundin með tvöföldum nylonkaðli úr skut bátsins yfir í gamla Fagranesið, eftir að Pólstjörnunni hafði verið lagt á milli báta þessara.

Vitnið Ásberg Kristjánsson, skipstjóri á v/b Fagranesinu, ber, að skipverjar hans hafi ekki hreyft við festum Sædísar, er skipi vitnisins var lagt á milli Pólstjörnunnar og gamla Fagranessins. Sama ber vitnið Kristján Jón Jónsson, stýrimaður á Fagranesinu, en það vann við frágang festa Fagranessins þetta kvöld ásamt vitninu Borgari Guðna Halldórssyni háseta, sem ber, að það minnist þess ekki að hafa hreyft við festum Sædísar.

Vitnið Ólafur Guðjónsson, stýrimaður á v/b Guðbjarti Kristjáni, hefur borið, að það hafi ekki athugað festar Sædísar, enda hafi skipið eingöngu verið bundið í Pólstjörnuna, er vitnið kom að.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að unnt hafi verið að leggja v/b Pólstjörnunni á þann hátt, sem lýst hefur verið, án þess að flytja margnefnda nylonenda, er lágu úr skut Sædísar, þótt hætt hafi verið við því, að endarnir hefðu þá núizt við framstefni Pólstjörnunnar. Dómurinn lítur hins vegar svo á, að ómögulegt hafi verið að leggja nýja Fagranesinu án þess að hreyfa við endum Sædísar. Með hliðsjón af framburði vitna og þrátt fyrir staðhæfingar skipverja á v/b Fagranesinu verður því að telja sennilegast, að festar Sædísar hafi verið færðar úr gamla Fagranesinu yfir í Pólstjörnuna, er nýja Fagranesinu var lagt á milli. Á hinn bóginn er ekki unnt að staðhæfa, að þessi tilfærsla á festum Sædísar hafi valdið því, að bátana sleit upp. Ber þá og á það að líta, að stefnandi hafði sjálfur fært framenda Sædísar yfir í sitt skip og þannig lagt aukið átak á festar þess.

Festar Pólstjörnunnar hafa verið athugaðar í dóminum, en þær tók lögreglan á Ísafirði í sínar vörzlur 3. febrúar 1964 um borð í v/b Guðbjarti Kristjáni, og hefur stefnandi lýst því yfir, að þar sé um sömu enda að ræða og hann batt bát sinn með hinn 10. janúar s.l.

Endar þessir voru mældir af lögreglunni, og er þeim þannig lýst: „Vír, 1.5 þuml. að sverleika, 14 metrar á lengd. Lykkja á öðrum enda, en á hinum hefur hún raknað upp eða slitnað. Grastóg (svert) 4.00 metrar á lengd frá lykkju. Rækjutóg 2.90 m frá lykkju. Á þessum tógum sést greinilega, að þau hafa slitnað."

Stefnandi hefur lýst því yfir, að fyrrnefndur vír sé óskemmdur, enda ber hann það með sér. Verður því að telja, að hann hafi raknað úr lykkju um borð í Pólstjörnunni. Á hinn bóginn hefur stefnandi engar sönnur leitt að því, að starfsmenn stefndu hafi hreyft við festunum um borð í skipi stefnanda.

Samkvæmt framansögðu og athugun dómsins á festum Pólstjörnunnar verður ekki séð, að um sé að kenna frágangi skipverja á v/b Fagranesinu eða v/b Guðbjarti Kristjáni á endum Pólstjörnunnar, að bátinn sleit frá og rak upp ásamt Sædísi og Ölvi.

Eins og áður er greint, byggir lögmaður stefnanda málflutning sinn að höfuðstefnu á þeim skilningi, að tilfærsla bátanna ein út af fyrir sig skapi fébótaábyrgð, án þess að fleira þurfi til

að koma. Telur stefnandi þannig, að frágangur hans sjálfs á festum báts síns svo og könnun á frágangi starfsmanna stefndu á festum bátsins sé algjört aukaatriði. Dómurinn getur ekki fallizt á þessar röksemdir stefnanda og lítur svo á, að þær samrýmist ekki grundvallarreglum skaðabótaréttarins, enda verði verknaður sá, sem bótaskyldur er, ávallt að standa í ákveðnu orsakasambandi við tjón það, sem bæta á. Lítur dómurinn svo á, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að tjón hans hafi verið afleiðing þess verknaðar starfsmanna stefndu að flytja bát stefnanda til í bátahöfninni með þeim hætti, sem lýst hefur verið.

Reglur um legupláss báta er ekki að finna í hafnarreglugerð Ísafjarðar. Munnleg fyrirmæli hafnarvarðar, sem ósannað er, að skipstjórnarmenn hafi almennt haft vitneskju um, og meðdómsmönnum er kunnugt um, að hefur ekki verið fylgt eftir nú um sinn, geta eðlilega ekki skipt máli um fébótaábyrgð í máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu hefur stefnandi ekki fært þau rök fyrir máli sínu, sem lögð verði til grundvallar fébótaábyrgð stefndu. Ber því að sýkna þá af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndu, Djúpbáturinn h/f og Eir h/f, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Hrólfs Þórarinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 11. júní 1966.

Nr. 80/1965. **Dánarbú Soffíu E. Haraldsdóttur**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Ármann Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómari Jónatan Hallvarðsson, Ármann Snævarr prófessor, Bjarni K. Bjarnason og Emil Ágústsson borgardómarar og Halldór Þorbjörnsson sakadómari.

Stóreignaskattur. Fyrning lögtakskröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1965, og eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa, að úrskurður fógeta verði ómerktur og að málinu verði vísað frá fógetadómi.

1. varakrafa, að synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðar.

2. varakrafa, að lögtak verði leyft aðeins fyrir kr. 9.864.00.

Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. apríl 1965 og krafizt þess, að lögtak verði heimilað til tryggingar skatti á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1957 að fjárhæð aðallega kr. 223.559.00, en til vara kr. 89.653.00, auk dráttarvaxta, 6% p. a. frá 16. ágúst 1958 til 30. janúar 1959 og 12% p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Engin efni eru til að sinna aðalkröfu aðaláfrýjanda í máli þessu.

Fyrri varakröfu sína styður aðaláfrýjandi m. a. þeim rökum, að lögtakskrafa gagnáfrýjanda sé fyrnd.

Skattur á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1957 fyrnist á 4 árum samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1885. Skattkrafa, sem gagnáfrýjandi kunni að eiga á hendur aðaláfrýjanda, féll í gjalddaga 16. ágúst 1958, sbr. auglýsingu fjármálaráðuneytis nr. 194/1958. Hefði hún því fyrnzt 16. ágúst 1962, ef eigi hefðu komið til lögtaksgerðir þær, er hófust í fógetadómi Reykjavíkur 5. ágúst 1960 og slitu fyrningu. Úrskurður fógeta um framkvæmd lögtaks, uppkveðinn 2. apríl 1962, var ómerktur með dómi Hæstaréttar 10. febrúar 1964 og málinu vísað „heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju". Fyrningarfrestur var þá liðinn, en enn mátti varna fyrningu með því „að fá málið tekið fyrir á ný innan 6 mánaða" samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 14/1905 sbr. 12. gr. sömu laga, en því aðeins var lagaboðum þessum fullnægt, að réttargerðir hæfust fyrir lok nefnds frests. Með bréfi 25. júlí 1964, þ. e. áður en greindur 6 mánaða frestur var liðinn, sendi gagnáfrýjandi yfirborgarfógetanum í Reykjavík endurrit af heimvísunardómi Hæstaréttar með beiðni um, að málið yrði tekið „fyrir hið allra fyrsta". Eigi hófst fógeti þó handa um upptöku málsins fyrr en 16. október 1964, er hann þingaði í málinu, en lengri tími en 6 mánuðir var þá liðinn frá heimvísun þess. Að svo komnu mátti gagnáfrýjandi ekki halda til laga skattkröfu sinni, þar sem hún var þá fyrnd samkvæmt lagareglum þeim, sem raktar voru. Ber því að fella úrskurð fógeta úr gildi og synja um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er. Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og skal lögtak ekki framkvæmt.

Gagnáfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, dánarbúi Soffíu E. Haraldsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 8. marz 1965.

Mál þetta var þingfest hinn 5. ágúst 1960 og var síðan varið og sótt fyrir réttinum og var að lokum tekið til úrskurðar hinn 12. marz 1962, að afloknum málflutningi. Mánudaginn 2. apríl 1962 var kveðinn upp í því úrskurður. Gerðarbeiðandi skaut úrskurði þessum til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m., og gerðarþoli gagnáfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 27. ágúst 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Hinn 10. febrúar 1964 kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu. Þar segir: „Hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1960 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.“ Með bréfi, dags. 25. júlí 1964, fór umboðsmaður gerðarbeiðanda þess á leyt við yfirborgarfógeta, að hann léti taka mál þetta fyrir hið allra fyrsta. Mánudaginn 16. nóvember 1964 var málið svo tekið fyrir í fógetaréttinum. Af hálfu gerðarbeiðanda, tollstjórans í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, voru þá gerðar þær dómkröfur: að gert verði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar vangoldnum skatti á stóreignir samkv. lögum nr. 44/1957 að fjárhæð kr. 223.559.00 auk dráttarvaxta, 6% á ári frá 16. ágúst 1958 til 31. janúar 1959 og 12% á ári frá þeim degi til greiðsludags, kostnaði við lögtaksmálið, þar á meðal málskostnaði í máli þessu að mati fógeta, svo og kostnaði við uppboð, er til kemur. Í greinargerð sinni, sem lögð er fram í þinghaldi 15. desember 1964, gerir gerðarþoli, dánarbú Soffíu E. Haraldsdóttur, hins vegar þær dómkröfur: A) Principaliter, að máli þessu verði frá vísað fógetarétti, B) en in subsidum: 1) Aðallega, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, 2) en til vara, að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 9.864.00. C) Hversu sem málið fer, krefst hann þess, að gerðarbeiðanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, verði með úrskurði dómsins gert að greiða umbjóðanda sínum kostnað sakarinnar að mati dómsins.

Það skal tekið fram, að við upphaf þessa máls sat frú Soffía E. Haraldsdóttir, Tjarnargötu 36, hér í bæ, í óskiptu búi, að fengnu búsetuleyfi, en maður hennar, Sveinn M. Sveinsson forstjóri, hafði látizt 21. nóvember 1951. Á meðan á rekstri máls þessa stóð, hefur hún einnig látizt, hinn 19. maí 1962, og hefur dánarbú hennar tekið við rekstri máls þessa. Mál þetta hefur verið sótt og varið fyrir fógetaréttinum, unz það var tekið til

úrskurðar hinn 9. febr. s. l., að afloknum munnlegum málflutningi. Almennur lögtaksúrskurður fyrir stóreignaskatti hér í Reykjavík var kveðinn upp hinn 28. apríl 1959 og birtur í dagblöðum bæjarins.

Í byrjun ágústmánaðar 1960 krafðist tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs lögtaks hjá öllum þeim gjaldendum, er vangoldinn áttu skatt sinn á stóreignir skv. lögum 44/1957. Voru þá þingfest 286 slík mál hér fyrir fógetaréttinum. Veittur var frestur í öllum þessum málum með fullu samþykki gerðarbeiðanda, aðallega þar sem hvergi nærri var svo komið málum, að endanlegar tölur um skattfjárhæðir greiðenda lægju fyrir af hendi skattstjórans í Reykjavík, enda hefur orðið að endurreikna skatt þennan oftsinnis, aðallega vegna úrskurða þeirra og dóma, er um hann hafa gengið. Mál þessi höfðu flest samflot í fyrstu, en skiptust síðan í flokka með nokkurri sérstöðu. Hefur nú flestum þessum málum verið lokið með úrskurðum, sætt (greiðslu skv. ákvæðum 1. 44/1957) eða lögtaki hjá gerðarþola. Tvö þessara mála eru ennþá rekin fyrir dómstólum, og er þetta mál annað þeirra. Skýrir ofanritað ef til vill að nokkru, hversu háttað er um frest í máli þessu og hversu háttað er um málsmeðferð fógeta.

Með lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir var fjölmörgum skattgreiðendum gert að greiða skatt á stóreignir. Samkvæmt bréfi skattstofunnar í Reykjavík, dags. 15. febr. 1958, var frú Soffíu E. Haraldsdóttur, Tjarnargötu 36, tilkynnt, að henni bæri að greiða stóreignaskatt að fjárhæð kr. 252.214.00. Hún kærði álagningu þessa með bréfi til skattstjórans í Reykjavík, dags. 5. marz 1958. Þar krefst hún þess m. a., að dánarbúi Sveins M. Sveinssonar verði skipt samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 4. gr. l. 44/1957. Við aðra álagningu stóreignaskatts lækkaði skattstjórinn í Reykjavík skattálagninguna niður í kr. 250.859.00. Hún kærir enn skattálagninguna til ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 11. sept. 1958. Hinn 29. nóv. 1958 gekk dómur í máli Guðmundar Guðmundssonar o. fl. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Með dómi þessum voru felldar úr gildi reglur laga nr. 44/1957 um verðmætismat á eignum í hlutafélögum og talið, að hlutabréf skyldu við álagningu skattsins metin á sannvirði. Dómur þessi breytti þó í engu grunnskattseign gerðarþola, og var skattur hennar því óbreyttur, kr. 250.859.00 (þriðja álagning). Þá ritar gerðarþoli enn bréf til skattstjórans í Reykjavík, dags. 1. apríl 1959, þar sem þess er farið á leit, að mál þetta verði tekið upp að nýju, þar sem ríkisskattanefnd hafi úrskurðað, að um skattálagn-

ingu á eignir búa, þar sem maki siti í óskiptu búi samkvæmt búsetuleyfi, skuli fara sem dánarbú samkvæmt 1. 44/1957. Úrskurður ríkisskattanefndar út af kæru gerðarþola gekk hinn 21. nóvember 1959 (dskj. 18), og var úrskurðað, að grunnskattur hennar skyldi lækka niður í kr. 89.486.00, og er það sú skattfjárhæð, sem lögtaks er krafizt fyrir, þegar mál þetta er þingfest. Í ofannefndum úrskurði ríkisskattanefndar segir svo: „Seta í óskiptu búi skoðast sem dánarbú, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um stóreignir. Skulu því eignir skiptast samkvæmt reglum erfðalaga þannig:

Soffía Haraldsdóttir fær:

a. búshelming	4/8	= 50.000%	af búinu öllu
b. bréfarf	1/8	= 12.500%	— — —
c. lögarf 1/4 af	3/8	= 9.375%	— — —
		Samtals 71.8750%	af búinu öllu

4 börn fá lögarf 3/4 af 3/8, eða hvert um sig 1/4 af 3/4 af 3/8 = 9/128 = 7.031225% × 4 = 28.1250% af búinu öllu

Alls 100.0000% af búinu öllu

Kvöð, sem hvílir á bréfarfi Soffíu Haraldsdóttur til handa Guðrúnu Haralz, nemur 670100/814.197 samkv. útreikningi tryggingafræðings miðað við 6% ársvexti. Kvöð þessi reiknast þó ekki af hærri upphæð en sem nemur arfahluta hvers barns. Kvöðin nemur því 670100/814197 af 7.03125% eða 5.78685% af búinu öllu, og lækkar því bréfarfur Soffíu Haraldsdóttur sem því nemur og verður 6.71315%. Arfahlutar Soffíu Haraldsd. nema því samtals 16.08815%. Samkvæmt framansögðu skiptist grunnskattseign þannig:

Soffía Haraldsdóttir:	Búshelm.	50.00000%	kr.	1.189.469.00
	Arfahl.	16.08815%	—	382.785.00
	Samtals	66.08815%	kr.	1.572.434.00
Guðrún Haralz		5.78685%	—	137.686.40
Bergljót Sveinsdóttir		7.03125%	—	167.294.40
Haraldur Sveinsson		7.03125%	—	167.294.40
Leifur Sveinsson		7.03125%	—	167.294.40

Sveinn K. Sveinsson	7.03125%	kr. 167.294.40
Alls	100.00000%	kr. 2.379.298.00

Grunnskattseign Soffíu E. Haraldsdóttur verður kr. 1.572.434.00, en var kr. 2.379.298.00. Grunnskattur var kr. 250.859.00, en verður kr. 89.486.00. Þar af skal dánarbúið annast greiðslu á kr. 61.039.00 samkv. síðustu mgr. 7. gr. laga nr. 44/1957. Eignir búsins í hlutabréfum skiptast að nafnverði í sömu hlutföllum." Samkvæmt ofanrituðu skiptist því heildareign búsins samkv. reglum laga nr. 44/1957 þannig:

	Af grunnskattseign	Af hlutafé	Samtals
1. Soffía Haraldsd., búshelmingur og arfahluti kr.	1.572.434.00	2.732.246.00	4.304.680.00
2. Guðrún Haralz	137.686.00	239.244.00	376.930.00
3–6. Fjögur börn	669.176.00	1.162.656.00	1.831.832.00
7. Deiliskekkja	2.00	134.00	136.00
	7.232.246.00	4.134.280.00	6.513.578.00

Með bréfi til ríkisskattanefndar, dags. 28. des. 1959, kærir gerðarþoli enn stóreignaskatt þann, er á hana var lagður. Hinn 21. júní 1960 kvað ríkisskattanefnd upp úrskurð, þar sem hún synjar kærum gerðarþola. Hinn 21. okt. 1960 kvað ríkisskattanefnd upp úrskurð að nýju (dskj. 24), og samkvæmt honum er Soffíu E. Haraldsdóttur gert að greiða í stóreignaskatt kr. 223.599.00 (þar af v. db. kr. 76.597.00), og hækkaði þar með lögtakskrafa gerðarbeiðanda upp í kr. 223.559.00, og stendur svo enn.

Í ofannefndum úrskurði ríkisskattanefndar segir svo: „Með bréfi, dags. 21 nóv. 1959, var yður tilkynntur úrskurður Ríkisskattanefndar um skiptingu eigna dánar- og félagsbús yðar og Sveins M. Sveinssonar til skatts á stóreignir samkv. reglum erfðalaga miðað við neðanskráð erfðahlutföll: ..... Samkvæmt ákvæðum síðustu mgr. 3. töluliðar 2. gr. nefndra laga var þá með eignum búsins talin fyrirframgreiðsla upp í arf á árinu 1956, hlutabréf í Klappareignin h/f, að nafnverði kr. 12.000.00 til hvers barns, eða alls kr. 48.000.00. Bréf þessi voru metin á 3975%, þ. e. alls kr. 1.908.000.00, eða að hluta hvers barns á kr. 447.000.00, sem er kr. 19.042.00 hærra en erfða-

hluti samkvæmt ofanskráðu. Samkv. Hrd. 7/12 1959 skal fyrirfram greiddur arfur eigi talinn með eign þess, er greiðsluna innti af hendi, og kemur því upphæðin öll kr. 477.000.00 × 4 = kr. 1.908.000.00 til frádráttar eignum yðar, áður en skattur er á þær lagður. Líta verður svo á, að hinn fyrirfram greiddi arfur hafi verið af þeim arfi, sem fallinn var, sbr. bréf Ríkisskattanefndar til yðar, dags. 21. júní s.l., og að þér hafið auk þess greitt áðurnefndar kr. 19.042.00 af yðar búshluta fyrirfram til hvers barns. Vegna þess að hin fyrirfram greiddu hlutabréf eru hlutfallslega meira en erfingjum bar af hlutabréfum búsins í nefndu félagi, kemur í yðar hlut tilsvarandi meira af öðrum eignum (þ. e. af grunnskattseign búsins og eign í öðrum hlutabréfum) og þar sem matsverð bréfanna var hærra en arfahluti barnanna, kemur í yðar hlut allt, sem börnunum var áður reiknað af grunnskattseign búsins (kr. 167.294 × 4 =669.176.00) ásamt þeim hluta, sem börnunum var reiknaður af hlutabréfum í öðrum hlutafélögum. Erfðafjárskattur af hlutabréfum, kr. 1.260.00, var við fyrri útreikning færður til frádráttar eignum búsins, en til hækkunar á eign hjá erfingjunum. Sú millifærsla fellur niður, og hækkar því grunnskattseign búsins og verður kr. 2.380.558.00. Af nefndum kr. 1.260.00 koma 94.21315% í yðar hlut, en í hlut Guðrúnar Haralz koma 5.78685%. Arfahluti Guðrúnar er að öðru leyti óbreyttur. Skipting verður þá þannig:

Erfingjar fá	Af grunnskatts eign	Af hlutafé (matsverð)	Samtals
Soffía Haraldsd.			
Búshelm.	kr. 1.190.279.00		
v/skipta	— 669.532.00		
Samtals	kr. 1.859.811.00		
Arfahl.	— 382.988.00		
Alls	kr. 2.242.799.00	1.987.036.00	4.229.835.00
Guðrún Haralz			
Arfahl.	137.759.00	239.244.00	377.003.00
Hvert barn (× 4)			
Arfahl.	0.00	477.000.00	477.000.00
Alls	kr. 2.380.558.00	4.134.280.00	6.514.838.00

....."

Hér er í stuttu máli sögð saga þessarar margbreytilegu skattálagningar.

Í málflutningi sínum heldur umboðsmaður gerðarbeiðanda því fram, að hér sé um að ræða skatt, sem lagður hafi verið á lögum samkvæmt og úrskurðaður af þar til bærum yfirvöldum, og vísar hann til 1., 6. og 10. gr. laganna um það, hverjir skyldu greiða skattinn, við hvaða tíma eignamat þeirra skyldi miða, um gjalddaga skattsins, hverjir aðiljar skyldu leggja hann á og loks, til hvaða aðilja skyldi áfrýja um þá álagningu. Rak hann síðan sögu stóreignaskattsálagningarinnar á gerðarþola og vísaði til framlagðra skjala um það efni. Viðvíkjandi kröfu sinni um greiðslu dráttarvaxta þá byggðist sú krafa á ákvæðum 1. mgr. 45. gr. laga nr. 46/1954, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/1957. Gjalddaga skattsins telur hann hafa verið 15. ágúst 1958 og vísar til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 44/1957. Hann mótmælir því eindregið, að málinu sé vísað frá dómi, enda hafi ekkert það komið fram í málinu, er valdið geti frávísun þess. Þá mótmælir hann öllum framkomnum fasteignamötum, bréfum húsaleigunefnda og öðrum skjölum og útreikningum viðvíkjandi verðmæti fasteigna sem máli þessu algerlega óviðkomandi, enda sé um engar lóðir í eigu gerðarþola að ræða, sem sérstaklega hafa verið hækkaðar í verði af matsnefndum. Sama máli gegni um önnur skjöl þau og skýrslur, er gerðarþoli heimti í greinargerð sinni, að lögð verði fram í réttinum, þau skipti engu máli um niðurstöðu máls þessa. Lög 44/1957 um skatt á stóreignir séu sett á formlega stjórnskipulegan hátt og brjóti ekki í bág við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 né neinar aðrar greinar hennar. Um heildarlagagildi þeirra sé enginn vafi, enda hafi Hæstiréttur oftsinnis dæmt eftir lögunum. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 hafi ekkert lagagildi á Íslandi og geti engu áorkað um lögmæti íslenzkra laga, þótt íslenzka ríkið gæti ef til vill orðið brotlegt við hana sem samningsaðili með setningu slíkra laga. Þá hefur deilan um lögmæti laganna verið lögð fyrir nefnd þá, sem ákveði, hvaða mál skuli tekin til dóms hjá Mannréttindadómstóli Evrópu, en hún hafi úrskurðað hinn 20/12 1960, að hvert ríki skyldi frjálst um tilhögun skattheimtu sinnar og deilan um lögmæti laga nr. 44/1957 því ekki tekin fyrir. Þá minnir hann einnig á, að Hæstiréttur hafi þegar staðfest, að hér sé ekki um eignaupptöku, heldur venjulega skattálagningu að ræða. Þau ákvæði 9. gr. laga 44/1957, að skattur á stóreignir skuli renna að ⅓ hluta til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og

að ⅔ hlutum til byggingarsjóðs ríkisins, valdi í engu ógildi skattálagningarinnar — hér sé um tvær ríkisstofnanir að ræða. Ríkisvaldið leggi skattinn á, innheimti hann og verji honum fyrirfram til ákveðinna þarfa, þarna sé aðeins verið að binda ráðstöfunarrétt framkvæmdarvaldsins um ráðstöfun skattfjár. Þá hefur og Hæstiréttur staðfesti lögmæti 9. gr. laga nr. 44/1957 með dómi sínum frá 29. nóv. 1958 og fleiri dómum. Þá hafi Hæstiréttur enn fremur (29. nóv. 1958) ekki talið þá mismunun félagsforma, sem í lögunum felst, geta valdið ógildi þeirra. Reglur þær, sem notaðar hafi verið til að finna sannvirði hlutabréfa, séu aðeins verklagsreglur ríkisskattanefndar, en gæti á engan hátt valdið ógildi laganna. Hann telur ekkert fram komið í máli þessu, sem valdi ógildi laganna í heild né skattálagningu samkv. þeim. Hann mótmælir eindregið, að krafan sé fyrnd. Báðir aðiljar fallist á það, að gjalddagi skattsins sé 15. ágúst 1958 og miðist fyrningarfrestur því við þann dag, málið hafi verið þingfest fyrir fógetaréttinum hinn 5. ágúst 1960. Með dómi Hæstaréttar frá 10. febr. 1964 hafi málið einungis verið ómerkt frá og með þinghaldi 15. desember 1960. Það mál, sem nú sé til úrskurðar fyrir fógetaréttinum, sé sama málið og þingfest hafi verið 15. ágúst 1960. Eigi því önnur málsgrein 11. gr. laga nr. 14 frá 1905 alls ekki við um þetta mál. Þá kveður hann skatt þennan álagðan stjórnskipulega. Skattfjárhæð ákveðna af þar til bærum yfirvöldum og innheimta framkvæmd í samræmi við ákvæði l. 44/1957 og reglug. 95/1958.

Umboðsmaður gerðarþola kvaðst mundu nota orðið „stóreignaskattur“ um gjald það, sem á var lagt og innheimt samkv. lögum um skatt á stóreignir nr. 44 3. júní 1957. Í þessu felist hins vegar engin viðurkenning þess, að umrætt gjald sé skattur, enda mótmælir hann, að svo sé. Hann kveður auðsætt, að fógetarétturinn teljist til þeirra dómstóla, sem gera megi út um þau efni, er um ræðir í lögum nr. 44/1957, sjá 10. gr., sbr. og 23. gr. reglug. 95/1957. Hefur því rétturinn vald til að dæma um gildi sjálfra laganna svo og um hugsanlega greiðsluskyldu gjaldþegnsins og um upphæð gjalds. Hann telur að vísa beri málinu frá fyrir margra hluta sakir. Samkv. 2. gr. 1. tölulið laga nr. 44/1957 skal landsnefnd sú, sem starfaði samkv. lögum nr. 33/1955, endurskoða mat á lóðum og hækka það, ef henni lízt svo. Um lóðamat er þess að geta, að ekki hafa verið lögð fram gögn um framkvæmd þess. Það er þó eigi á valdi umbjóðanda hans að bæta úr áminnztum skorti hinna nauðsynlegustu upplýsinga, með því

að þær eru annað hvort hjá fjármálaráðuneytinu eða matsnefndum, sem starfað hafa undir þess umsjá. Hann telur, að ekki verði kveðinn upp úrskurður í málinu, fyrr en öll þessi gögn liggi fyrir og enn fremur önnur þau skjöl og skilríki, er hann hafi skorað á umboðsmann gerðarbeiðanda að afla í málinu. Verði eigi orðið við þessari áskorun, beri að vísa málinu frá dómi. Þá kveður hann, að stóreignaskatturinn sé ekki skattur, heldur eignaupptaka, enda brjóti lögin í bág við stjórnarskrána svo og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1958 og loks við Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins frá 4. nóvember 1950 og lokabókun við hann frá 20. marz 1952, sbr. auglýsingu nr. 11 9. febrúar 1954. Hæstiréttur hafi ógilt með dómum sínum mjög þýðingarmikil ákvæði laganna, enda þótt hann afnæmi ekki lögin í heild. Lögin hafi verið sett á óstjórnskipulegan hátt, skattstigi þeirra sé það hár, að hér sé fremur um eignaupptöku en skatt að ræða. Mismunun skattþegna sé gífurleg, eignamatsreglur laganna valdi ofmati á eignum skattgreiðenda og þá aðallega um mat fasteigna. Hann taldi algers handahófs gæta um lóðamat og einkum um hækkanir lóðamatsnefnda. Hann taldi sig ekki hafa haft aðgang að gerðarbókum eða öðrum gögnum matsnefndanna og því ekki getað nánar skýrt, hvernig þeir hefðu getað fengið þessar niðurstöður sínar. Taldi hann sig sanna það með skjölum þeim, er hann legði fram í málinu, að þar gætti slíks misræmis og handahófs að ónýta beri allar þær matsgerðir, sem lagðar væru til grundvallar um verðmæti fasteigna stóreignaskattsgreiðenda í Reykjavík, og þar með lögin sjálf og alla skattálagninguna. Hann telur enn fremur, að jafnvel þótt gjaldið skv. lögum nr. 44/1957 væri löglegur skattur, þá væri þó sú fjárheimta fyrnd samkv. lögum nr. 14/1905. Samkvæmt 3. tölul. 3. gr. téðra laga fyrnast á fjórum árum kröfur, er lögtaksrétt hafa, samkv. 5. gr. telst fyrningarfrestur frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Það er óumdeilt, að gjalddagi stóreignaskattsins, sem um er fjallað í þessu máli, er 15. ágúst 1958, enda beri að reikna frá þeim degi fyrningarfrestinn. Til þess að halda lögtaksrétti var byrjað á lögtaki hjá frú Soffíu 5. ágúst 1960. Eftir sókn og vörn var upp kveðinn úrskurður hins háttvirta dóms 2. apríl 1692. Þennan úrskurð og alla meðferð fógetamálsins frá og með þinghaldi 15. desember 1960 ómerkti Hæstiréttur með dómi sínum, uppkv. 10. febrúar 1964, og vísaði hann heim málinu til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Hefði nú þurft að taka upp aftur málið af fógetarétti inn-

an sex mánaða frá 10. febr. 1964 að telja, ef eigi ætti að fyrnast sökin, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 14/1905. Málið var þó fyrst upp tekið að nýju 16. október 1964, og voru þá fyrndar allar kröfur gerðarbeiðanda af þessu efni. Beri þannig að synja um framgang lögtaksgerðar þessarar sökum fyrningar, þótt ekkert kæmi til annað. Þá heldur hann því fram, að þær sífelldu breytingar, sem gerðar hafi verið á skattinum, og fullkomin óvissa um endanlegar niðurstöður eða hvort þær séu raunverulega fengnar ennþá ættu að valda synjun um framgang lögtaksins.

Þá kvaðst umboðsmaður gerðarþola vilja geta atriðis, sem sanni, að fjárheimtan sé ólögmæt í eðli sínu, en sýni jafnframt, að gjaldið beri að fella niður eða lækka, jafnvel þótt lög nr. 44/1957 væru gild lög. Frú Soffía E. Haraldsdóttir sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Svein M. Sveinsson forstjóra, sem andaðist 21. nóv. 1951, með börnum þeirra hjónanna, Bergljótu, Haraldi, Leifi og Sveini. Þessum börnum sínum afhenti hún 15. des. 1956 sem fyrirframgreiðslu upp í arf þeirra eftir sig hlutabréf í Klappareigninni h/f, og fékk hún hverju þeirra hlutabréf að nafnverði kr. 12.000.00, sjá rskj. 6—9. Því var haldið fram af ríkisskattanefnd, að hér væri um að ræða arfinn eftir Svein M. Sveinsson og gæti eigi eign umbjóðanda hans lækkað um hér greinda eign. Þetta sé bersýnilega rangt. Þá benti hann um efnið á yfirlýsingu frú Soffíu á rskj. 56, enda tjái hún sig hafa tekið það skýrt fram við lögfræðinga sína, „að hinn fyrirfram greiddi arfur, sem ég greiddi með bréfum þessum, væri af eignarhluta mínum í félagsbúi mínu og mannsins míns heitins ...., en eigi af eignarhluta mannsins míns.“ Auðvitað var frú Soffíu samkv. 13. gr. erfðalaga nr. 42 23. maí 1949 heimil hér greind ráðstafan, og eru marklaus með öllu andmæli ríkisskattanefndar þar um. Benti hann á það ákvæði 13. gr.: „... skal upphæðin dregin frá arfshluta barnsins eftir annað eða hvort tveggja foreldri“. Er með þessu staðfest, að frú Soffía réð því, að fyrirframgreiðslan yrði reiknuð af arfinum eftir hana. Raunar er það rökleysa ein að tala um fyrirframgreiðslu af arfi eftir látinn mann, og er furðulegt að sjá, að skattayfirvöld skuli eigi skilja þetta. Vant er að skilja ákvæði 29. gr. erfðalaga nr. 8 14. marz 1962 (sic), en engu geta þau lög ráðið um efnið, þar sem þau eru sett nærri fimm árum eftir lög nr. 44/1957. Og sjálf gera lög nr. 44/1957 ráð fyrir, að fyrirfram greiddur arfur sé goldinn af fé þess hjóna, er lengur lifir, sjá niðurlag 2. gr.: „... leggst við eign þess, er greiðsluna innti af hendi“. Hversu sem velt er þessu efni, þá sé einsætt,

að frú Soffía mátti og vildi ráðstafa arfi eftir sjálfa sig, enda hafi eigi skattayfirvöld neitt yfir þessu að segja né megi þau rifta gerðum hennar hér um. Þá hafi Hæstiréttur með dómi sínum 7. des. 1959, Hrd. XXX., bls. 759, fellt úr gildi síðustu málsgrein 2. gr. laga nr. 44/1957. En af þessu öllu er það auðsætt, að verð hér greindra hlutabréfa beri að draga frá mati ríkisskattanefndar á eignum Soffíu E. Haraldsdóttur í sambandi við útreikning á gjaldi samkv. lögum nr. 44/1957, enda séu bréfin eigi lengur eign hennar sjálfrar, heldur barna hennar.

Með lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir var ákveðið að leggja sérstakan skatt á ýmsa gjaldendur, sem féllu undir viss ákvæði laganna. Allir þeir einstaklingar, sem áttu meira en eina milljón í hreinni eign, skyldu greiða skatt þennan, og geyma lögin ýmis fyrirmæli um það, hvernig sá skattstofn skuli fundinn. Ein af þeim, sem gert var að greiða skatt þennan, var frú Soffía E. Haraldsdóttir, Tjarnargötu 36, hér í bæ, og var henni upphaflega gert að greiða kr. 252.214.00. Er fram komið í máli þessu, að hún hefur á ýmsan hátt reynt að hnekkja skattálagningu þessari með kærum til skattstjórans í Reykjavík og síðan með kærum til ríkisskattanefndar. Hefur skattálagning hennar tekið miklum breytingum á tímabilinu, ýmist til lækkunar eða til hækkunar, en nemur nú, er úrskurður þessi er upp kveðinn, kr. 223.559.00, þar af vegna dánarbús látins eiginmanns hennar, Sveins M. Sveinssonar, kr. 76.597.00 og vegna hennar sjálfrar kr. 146.762.00. Þótt gerðarþoli neyti ekki þess réttar síns samkv. 10. gr. 1. mgr. laga 44/1957, sbr. 23. gr. 3. málsgr. reglug. nr. 95/1957, að skjóta úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar ríkisskattanefndar, verður ekki séð, að við það hafi hún misst neinn rétt til þess að bera fyrir sig varnir um lögmæti skattálagningarinnar, enda ekki allir úrskurðir ríkisskattanefndar gengnir, þegar tollstjórinn í Reykjavík f. h. rkissjóðs hefst handa um innheimtu skattsins með kröfu sinni um lögtaksgerð fógetaréttarins. Ekki verður séð neitt um það í frumvarpi laganna, greinargerð né umræðum um þau á Alþingi frekar en segir í 10. gr. laganna, hvernig löggjafinn hefur ætlazt til að líta bæri á ákvæði um málskotsfrest. Ekki virðist 23. gr. reglugerðar um skatt á stóreignir nr. 95/1957 skýra þetta neitt nánar. Segir þar aðeins, að skattgreiðadi og fjármálaráðherra geti hvor um sig skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna, enda sé málið höfðað innan þriggja mánaða, frá því ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð sinn.

Gildi laga 44/1957 varð þegar frá setningu þeirra mjög umdeilt, bæði einstakra ákvæða laganna og lögin í heild. Hafa þegar gengið dómar í nokkrum málum um þessi atriði. Hæstiréttur hefur ógilt ýmis ákvæði laganna, en ekki talið ástæðu til að ógilda þau í heild. Ekki verður séð, að neitt það hafi komið fram í máli þessu, sem ótvírætt geti valdið ógildi laganna og þar með skattálagningarinnar samkvæmt þeim. Verður málinu því eigi frá vísað af þeim sökum. Ekki verður séð, að áskorun umboðsmanns gerðarþola til umboðsmanns gerðarbeiðanda um framlagningu ýmissa frumgagna á matsgerðum og yfirlitsskýrslna geti valdið frávísun málsins, enda liggur ekkert fyrir um það, að framlagning ofannefndra gagna gæti haft neina úrslitaþýðingu um niðurstöðu máls þessa.

Það er óumdeilt í máli þessu, að frú Soffíu E. Haraldsdóttur var tilkynnt um fyrstu stóreignaskattsálagningu sína með bréfi skattstjórans í Reykjavík, dags. 15. febr. 1958. Samkv. 6. gr. laga nr. 44/1957 skal greiða skattinn í síðasta lagi sex mánuðum, eftir að skattfjárhæðin var tilkynnt gjaldanda. Gjalddagi skattsins er því 15. ágúst 1958. Mál þetta var þingfest hér fyrir réttinum eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík f. h. ríkissjóðs hinn 5. ágúst 1960. Í dómi Hæstaréttar frá 10. febr. 1964 segir svo í dómsorði: „Hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1960 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.“ Þinghald það, hinn 5. ágúst 1958, er mál þetta var þingfest á, stendur því óhaggað, og dskj. þau, beiðni um lögtakið og stóreignaskattsreikningur, er þar voru lögð fram, eru enn réttarskjöl nr. 1 og 2 í málinu. Eigi verður séð, að ákvæði 2. mgr. 14. gr. l. nr. 14/1905 eigi við um mál þetta né geti á nokkurn hátt valdið því, að lögtaks verði synjað í því eftir fyrningarreglum laganna.

Í máli þessu hefur verið deilt um mat lóða og fasteigna. Þótt því hafi verið haldið fram í málinu, að misræmis gæti um lóðamat í Reykjavík, liggur ekkert fyrir í málinu, sem sanni, að svo hafi verið um slíkar eignir gerðarþola í máli þessu. Eigi verður séð, að neitt hafi komið fram í málinu, sem ótvírætt valdi ógildingu fasteigna- og lóðamats samkv. reglum laga nr. 44/1957 og þar með skattálagningunni samkv. þeim. Útreikningur skattsins, sem byggður er á nokkrum öðrum reglum um mat eigna til stóreignaskatts en segir í lögum nr. 44/1957, hefur enga stoð í

lögum, og verða engar kröfur, sem byggðar eru á slíkum útreikningi, teknar til greina.

Hinn fyrirfram greiddi arfur:

Með dómi Hæstaréttar 7/12 1959 er því slegið föstu, að löglega og kvaðalaust fyrirfram greiddur arfur á árinu 1956 skuli ekki talinn með eignum arflátans, þegar þær eru metnar til stóreignaskatts. Eigi verður séð af gögnum málsins, að afhending gerðarþola á hlutabréfum í Klappareigninni h/f til fjögurra barna hennar og látins eiginmanns hennar hafi verið neinum skilyrðum bundin, enda hefur því aldrei verið haldið fram undir rekstri máls þessa hér fyrir réttinum. Hvert barn fær að nafnverði hlutabréf að upphæð kr. 12.000.00, eða samtals greitt úr búinu upp í fyrirfram greiddan arf hlutabréf að nafnverði kr. 48.000.00. Hinn 15. des. 1956 fer afhending hlutabréfanna fram. Þá situr frú Soffía E. Haraldsdóttir í óskiptu dánar- og félagsbúi, að fengnu búsetuleyfi, en eiginmaður hennar, Sveinn M. Sveinsson forstjóri, andaðist hinn 21. nóv. 1951. Engum mótmælum hefur verið hreyft um lögmæti arfsafhendingarinnar undir rekstri máls þessa.

Því verður að líta svo á, að gerðarþoli, sem situr í óskiptu búi, hafi haft heimild til að afhenda hvern þann hluta eigna búsins, sem hún sjálf óskaði, upp í fyrirfram greiddan arf, enda hafi hún fullt frjálsræði til hvaða ráðstafana um meðferð fjármuna búsins, svo fremi að þær brjóti ekki í bág við lög almennt. Jafnframt verður að líta svo á, að löglega og kvaðalaust fyrirfram greiddur arfur sé ekki lengur eign arfláta né félags- og dánarbús þess, sem hún situr í. Samkv. 3. mgr. 4. gr. laga 44/1957 skal eignum dánarbúa skipt niður á erfingja samkvæmt reglum erfðalaga við útreikning á skattskyldri eign. Í úrskurði ríkisskattanefndar, dags. 21. nóv. 1959, segir svo: „Seta í óskiptu búi skoðast sem dánarbú, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um skatt á stóreignir. Skulu því eignir skiptast samkvæmt reglum erfðalaga þannig: ...“ Úrskurði þessum, hvað viðvíkur því atriði, að seta í óskiptu búi skuli skoðast sem dánarbú, hefur verið látið ómótmælt undir rekstri þessa máls, og virðist því eiga að skipta eignum búsins niður á erfingja samkvæmt reglum erfðalaga. Allt það, sem hér að ofan hefur verið sagt um hinn fyrirfram greidda arf, virðist vera fullt samkomulag um í máli þessu. Það, sem um er deilt, er, hvort líta beri á hinn fyrirfram greidda arf greiddan fyrst af hinum fallna föðurarfi, svo langt sem hann nær, og síðan það, sem upp á vantar, af móðurarfinum eða hvort

það beri að líta á hann einungis greiddan af móðurarfi. Í bréfi ríkisskattanefndar, dags. 21. júní 1960, segir svo: „Líta verður svo á samkvæmt þeim venjum, sem skapazt hafa, að fyrirfram greiddur arfur hafi verið af þeim arfi, sem fallinn var, enda í erfðafjárskýrslum, sem fyrir liggja, ekki tekið fram um annað. — Breytingum á stóreignaskatti vegna hins greidda arfs er því synjað...“ Reglur þær, er erfðalög geyma um fyrirfram greiddan arf, virðast fyrst og fremst miðaðar við það að koma í veg fyrir, að erfingjum arfláta sé mismunað, en ekki beinast að því að takmarka rétt arfláta til afhendinga hverra þeirra verðmæta, er hann óskar, af eignum sínum eða hversu mikils hluta af þeim. Í úrskurði ríkisskattanefndar frá 21. júní 1960 er aðeins talað um „þær venjur, sem skapazt hafa,“ en hvergi minnzt á nein lagafyrirmæli um þetta atriði. Hæstiréttur hefur með dómi slegið því föstu, að löglega afhentur fyrirfram greiddur arfur á árinu 1956 skuli ekki teljast með eignum arfláta, er eignir hans eru metnar til stóreignaskatts. Hinn fyrirfram greiddi arfur er því alveg óviðkomandi eignum arfláta, er þær eru metnar til stóreignaskatts. Eigi verður séð, að þær verði á neinn hátt tengdar stóreignaskattsálagningu gerðarþola — ekki heldur til þess að búa til skiptahlutföll — né til þess að hafa áhrif á það, hvers konar eignahutföll gildi milli erfingja um innistandandi arf. Eigi verður séð, að það hafi verið sannað gegn fullyrðingu Soffíu E. Haraldsdóttur, að það hafi alltaf verið vilji hennar og ætlun, að hinn fyrirfram greiddi arfur væri af hennar eign í búinu, enda virðist það mun eðlilegra, enda kemur ekki fram í erfðaskýrslum, að það hafi verið af hinum fallna arfi eftir Svein M. Sveinsson, sem hún greiddi. Telja verður, að sá, sem greiðir arf fyrirfram, sé að ráðstafa sinni eigin eign, og þykir eftir eðli málsins rétt að telja, að hún hafi ráðstafað sinni eign í búinu við fyrirframgreiðsluna. Virðist það öllu eðlilegri lausn, því að óeðlilegt má telja, eins og ríkisskattanefnd gerir, að við fyrirframgreiðsluna sé aðallega greitt af föðurarfi og að hluta af móðurarfi.

Að öllu þessu athuguðu lítur rétturinn svo á að telja verði, að hinn fyrirfram greiddi arfur sé af búshluta Soffíu. E. Haraldsdóttur, enda annað ekki sannað gegn fullyrðingu hennar. Stóreignaskatt búsins ber því að reikna svo sem hér segir:

I. Skiptahlutföll:
1. Soffía E. Haraldsdóttir:
Búshelmingur 50.00000%

	Arfahluti 16.08815%	66.08815%
2.	Guðrún Haralz	5.78685%
3–6.	Fjögur börn, 7.03125% hvert, ...	28.12500%
		100.00000%

II. Heildareign búsins metin samkv. reglum laga nr. 44/1957:
1. Grunnskattseign ..... kr. 2.380.558.00
2. Hlutafjáreign ..... — 4.128.282.00

Kr. 6.508.840.00

Að 2: Fyrirfram greiddur arfur, kr. 1.908.000.00 hér með talinn.

III. A. Skipting eftir erfðahlutföllum:

1. Soffía E. Haraldsdóttir:
Búshelmingur og arfahlutar:

	Af grunnskatts-eign	Af hlutafé kr.	Samtals kr.
	1.573.267.00	2.728.297.00	4.301.564.00
2. Guðrún Haralz: Arfahluti	137.759.00	238.897.00	376.856.00
3–6. Fjögur börn: Arfahluti	669.532.00	1.161.076.00	1.830.608.00
7. Deiliskekkja	0.00	12.00	12.00
Kr.	2.380.558.00	4.128.232.00	6.508.840.00

Að 1: Arfahluti frú Soffíu, kr. 382.988.00. Reiknað er með því, að frú Soffía hefði fengið í sinn hlut öll hlutabréf í Klappareigninni h/f að frádregnum hluta Guðrúnar Haralz.

Að 3–6: Arfahlutar barnanna eru kr. 167.383.00 af grunnskattseign og kr. 290.269.00 af hlutafjáreign.

B. Skipting, eftir að frú Soffía greiðir fjórum börnum sínum sem fyrirfram greiddan arf kr. 12.000.00 að nafnverði í hlutabréfum Klappareignarinnar hverju barni, eða kr. 477.000.00 að skattmatsverði:

1. Soffía E. Haraldsdóttir:
Búshelmingur og arfahluti:

Af grunnskatts-eign	Af hlutafé kr.	Samtals kr.
1.573.267.00	820.297.00	2.393.564.00

2. Guðrún Haralz:			
Arfahluti	137.383.00	238.897.00	376.280.00
3–6. Fjögur börn:			
Föðurarfur og fyrirfram gr. arfur	669.532.00	3.069.076.00	3.738.608.00

IV. Soffía E. Haraldsdóttir: Skattur á stóreignir:

1. Grunnskattseign	kr.	1.573.267.00
2. Eign í hlutafélögum	—	820.297.00
	Kr.	2.393.564.00

Skattur samkv. 5. gr. laga nr. 44/1957 kr. 253.712.00.

Skipting skatts:

1. Soffía E. Haraldsdóttir	kr.	89.653.00
2. Skattar, er hlutafélög greiða	—	164.059.00
	Kr.	253.712.00

Ad 1: Skattur, er greiða ber vegna arfahluta frú Soffíu úr db. Sveins M. Sveinssonar, er hér með talinn, en hann nemur kr. 61.111.00.

Eigi verður séð, að neitt það hafi komið fram í málinu, er raskað geti kröfu gerðarbeiðanda um dráttarvexti. Sátta var leitað án árangurs. Eftir ástæðum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fram fara fyrir kr. 89.653.00 á ábyrgð gerðarbeiðanda auk dráttarvaxta 6% p. a. frá 16. ágúst 1958 til 31. janúar 1959 og 12% p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Þriðjudagur 14. júní 1966.

Nr. 40/1964. **Akraneskaupstaður**
(Kristinn Sigurjónsson hdl.)
gegn
Trolle & Rothe f. h. eigenda m/s Dacia og gagnsök
(Sigurður Sigurðsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. marz 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. marz 1964 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum danskar krónur 20.454.38 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. september 1958 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hefur verið lögð fram eftirfarandi álitsgerð Gunnars Bergsteinssonar sjómælingamanns, dags. 31. maí 1966, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar hef ég gert meðfylgjandi skýringarmynd, er sýnir sjávarhæð yfir stalli steinkers í Akraneshöfn síðdegis hinn 18. september 1958.

Við gerð þessarar skýringarmyndar hef ég stuðzt við línurit úr flóðmæli, sem staðsettur er í Reykjavíkurhöfn og sýnir sjávarhæðina þar hinn sama dag. En sjávarföllin haga sér því sem næst eins í Reykjavík og á Akranesi.

Til frekari athugunar fór ég til Akraness hinn 29. þ. m. og mældi þá hæð SA-horns áðurnefnds steinkers og gerði um leið samanburð á sjávarhæð þar og því, sem flóðmælirinn í Reykjavík sýndi á sama tíma.

Eins og skýringarmyndin ber með sér, hefur sjávaryfirborð verið um 0.8 m yfir stalli steinkersins kl. 1718 hinn 18/9 1958. Staður sá á steinkerinu, sem skrúfa m/s DACIU hefur

rekizt í, hefur því verið um 1.8 m undir sjávaryfirborði, eða um 6 fet. Þótt mér sé ókunnugt um djúpristu m/s DACIU, þykir mér ekki ósennilegt, miðað við skipsstærð, að skrúfuöxull hennar hafi verið um 6—8 fet undir sjávaryfirborði.

Sem svar við fyrirspurn yðar um, hvort áðurnefndur stallur hefði getað komið í ljós vegna öldugangs um og eftir kl. 1700, skal yður tjáð, að bylgjuhæðin hefði þá þurft að vera um 1 til 1½ m. En mér þykir ólíklegt, að svo mikil bára hafi verið inni í höfninni, þótt ég af skiljanlegum ástæðum geti ekkert sagt um, hvernig sjólagi var háttað þar á þeim tíma".

Með tilvísun til álitsgerðar þessarar og annarra gagna málsins verður eigi talið, að skipstjórnarmenn á m/s Dacia hafi mátt vara sig á neðansjávar þröskuldi þeim, sem skrúfa skipsins rakst á í Akraneshöfn hinn 18. september 1958 og eigi hafði verið auðkenndur. Að þessu athuguðu og þar sem skipstjóra m/s Dacia var eigi skylt að taka hafnsögumann um borð, áður en hann sigldi inn í höfnina, sbr. 16. og 31. gr. auglýsingar nr. 64/1956 um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akraneskaupstað nr. 207 7. nóv. 1947, verður að taka kröfur gagnáfrýjanda í málinu til greina og dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum d. kr. 20.454.38 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. september 1958 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, greiði gagnáfrýjanda, Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda m/s Dacia, d. kr. 20.454.38 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. september 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. desember 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Eiríkur Stephensen f. h. Trolle & Rothe h/f, hér í borg, vegna eigenda skipsins

m/s DACIA frá Danmörku höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 28. marz 1960, á hendur bæjarstjóranum á Akranesi f. h. bæjarsjóðs til greiðslu á dönskum kr. 20.454.38 auk 6% ársvaxta frá 18. september 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði færðar niður til mjög verulegra muna og vextir aðeins reiknaðir frá stefnudegi, 28. marz 1960, og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að hinn 18. september 1958 varð m/s DACIA frá Danmörku fyrir skaða í Akraneshöfn. Jess Hounstrup, sem hafði á hendi stjórn skipsins, hefur skýrt nánar frá atvikum þannig, að skipið hafi verið statt hér í Reykjavík umræddan dag eftir að hafa losað hér sement, en skipið var í leigu hjá Sementsverksmiðju ríkisins til sementsflutninga. Um kl. 1530 hafi komið boð frá leigutökum um það, að skipið kæmi til Akraness. Hvassviðri (hörð kuling) var af suð-austri og hafi hann því af þeim sökum vakið máls á þeirri áhættu, sem væri því samfara að leggjast að bryggjunni, ef hún væri ekki auð. Leigutakarnir hafi svarað því til, að bryggjan væri auð og möguleiki væri fyrir hendi að leggjast að henni. Hafi hann því lagt af stað héðan kl. 1545. En er hann hafi komið inn í höfnina á Akranesi kl. 1700, hafi í ljós komið, að annað skip lá við bryggju þá, sem venjulegast var legið við. Hafi hann þá strax ákveðið að fara aftur út úr höfninni og leggjast við legufæri úti á læginu, þar til bryggjan yrði auð. Í hvassviðri þessu hafi verið nauðsynlegt fyrir þá að nota bakborðsakkeri til að snúa skipinu í höfninni. Einnig hafi vél skipsins verið notuð samhliða til þess að halda skipinu fríu af nyrðri garðsendanum. Rétt í því að skutur skipsins snerist frítt af garðsendanum með vélina í áfram stöðu, heyrðust högg og slög frá skrúfunni, og vélin stöðvaðist. Við nánari athugun hafi í ljós komið, að skrúfan hafði rekizt í hindrun, sem var undir yfirborði sjávarins og ekki sjáanleg.

Af nánari upplýsingum, sem fyrir liggja, er ljóst, að endi nyrðra hafnargarðsins er myndaður af steinkeri, sem sökkt var í höfnina. Er garður þessi næstum þvert út af bryggju Sementsverksmiðjunnar, í um 70 metra fjarlægð frá henni. Myndast við þetta eins konar mynni inn í bátahöfn. Steinker þetta er þannig að gerð, að efri helmingur þess er mjórri en neðri helmingurinn. Myndast þannig stallur á því, sem er 1.85 metrar á breidd út

frá hliðum þess og enda. Hæð alls kersins er 12 metrar, og eru 6.10 metrar niður að stallinum. Við meðalstórstraumsfjöru er stallurinn um 0.25 metra yfir sjávarmáli. Á stallinum eru pollar á hverju horni, 30 cm. á hæð, en langs með hliðum kersins eru á stallinum járnstengur. Í horn þessa stalls á kerinu og/eða polla hefur skrúfa m/s DACIA rekizt.

Skipstjórinn, Jess Hounstrup, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hafnsögumaður hafi ekki verið um borð í skipinu við umrædda innsiglingu. Kvað hann hafnsögumann hafa verið um borð, þegar skipinu var í fyrsta sinn siglt inn í höfnina á Akranesi, en ekki eftir það. Gizkaði hann á, að skipið hefði verið búið að fara um 30 ferðir inn á höfnina og að bryggju þar. Hann kvað töluverðan sjógang hafa verið í höfninni, þar sem vindur hafi staðið beint á hafnarmynnið, en hann kvaðst hafa haft fullt vald yfir skipinu, þar sem hann hafi haft akkeri úti. Skipstjórinn taldi nægilegt pláss hafa verið fyrir skipið til þess að snúa í höfninni, ef ekki hefði eitthvað staðið út úr bryggjuendanum, er skipið var í nálægð hans.

Vitnið Hallfreður Guðmundsson, hafnsögumaður á Akranesi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að á þeim tíma, er hér um ræðir, hafi ekki verið skylda að hafa hafnsögumann við innsiglingu í Akraneshöfn, en hafnsögumaðurinn hafi jafnan verið til reiðu, ef um var beðið. Hann kvaðst hafa leiðbeint við innsiglingu m/s DACIA í fyrsta skipti, sem skipið kom til Akraness, en eftir það hafi aldrei verið beðið um aðstoð hans. Hafi hann þá aðvarað skipstjórann um gerð kersins, svo sem vandi hans hafi jafnan verið, er hann leiðbeindi skipum um höfnina. Í það skipti hafi annar maður verið skipstjóri en sá, er stjórn þess hafði með höndum í margnefnt skipti, sem vitninu hefur verið sagt, að væri 1. stýrimaður skipsins. Vitnið kvað engin aðvörunarmerki hafa verið á eða við kerið sjálft. Hafi það verið sett á umræddan stað árið 1946 og verið í sinni upprunalegu mynd allt fram til 1960, en þá hafi verið steypt ofan á stallinn, þannig að kerið allt hafi fengið sömu gerð og neðri helmingur þess, svo sem til hafi staðið í upphafi. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að skip hafi áður fengið skaða af kerinu eða það á nokkurn hátt skemmzt. Eftir umræddan atburð kveðst vitnið hafa skoðað kerið ásamt fleirum mönnum. Hafi þá í ljós komið, að nýlega hafði brotnað stykki úr horni kersins, ca. 1 metra fyrir neðan brún stallsins. Stykki þetta hafi verið um 50—60 cm. á lengd og um 20 cm. á dýpt. Brotsárið hafi verið hreint og að sjá mjög nýlegt. Einnig hafi sézt á

járnpolla á stallhorninu, að þar hefði skip komið við, þar sem hrúðurkarl og gróður var núið af. Svo og hafi botnfarvi verið sýnilegur á pollanum. Við athugun vitnisins hafi einnig í ljós komið, að skammt frá stallhorninu hafi verið út af beygt eitt vinkiljárn um ca. 50 cm., en ekkert hafi sézt á því, að skip hefði nýlega á það rekizt. Hafi járn þetta verið í um 1.5 metra fjarlægð frá hinu brotna stallhorni. Kvaðst vitnið fullvisst af athugun þessari, að skemmdin á kerinu væri eftir m/s DACIA. Vitnið kvað hvorki skipstjóra né leigutaka skipsins hafa tilkynnt hafnaryfirvöldum um ferðir þess í umrætt sinn.

Vitnin Einar Eggertsson kafari og Björgvin Sæmundsson verkfræðingur gerðu athuganir á kerinu ásamt vitninu Hallfreði og bera um þá athugun á sama hátt og vitnið Hallfreður hér að framan.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að skaði sá, er m/s DACIA varð fyrir, verði einvörðungu rakinn til hirðuleysis og ógætni af hálfu hafnaryfirvalda Akraness, en á því beri stefndi fébótaábyrgð. Staðreynd sé, að skrúfa skipsins rakst í kerið eða einhvern hluta á því. Óforsvaranlegt hafi verið að hafa ekki aðvaranir fyrir sjófarendur um gerð kersins, sem þeim var stórhættulegt og eigi unnt að varast, þar sem hinn breiðari og lengri hluti þess var undir yfirborði sjávar nema rétt um stórstraumsfjöru.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hafnaryfirvöldum Akraness verði á engan hátt kennt um það óhapp, sem m/s DACIA varð fyrir í margnefnt skipti. Hafnarmannvirki hafi öll verið í fullkomnu lagi. Margnefnt steinker var búið að vera í höfninni í um einn tug ára í sinni upphaflegu mynd. Lögun kersins hafi að vísu verið þannig, að á því var stallur, sem sjór féll yfir með aðfalli, en var sýnilegur um fjöru. Um þennan stall hafi allir skipstjórar á Akranesi vitað og þeir, sem kunnugir eru í höfninni. Hafnsögumaður hafði skýrt hinum reglulega skipstjóra m/s DACIA sérstaklega frá honum, en sá skipstjóri hafði farið inn og út úr höfninni án hafnsögumanns. Í hér umræddri ferð hafi annar verið við stjórn skipsins. Sá hafi siglt rakleitt inn í höfnina, þótt hvassviðri væri á, án þess að leita aðstoðar hafnsögumanns og einnig án þess að hafa samband við hafnaryfirvöld. Hafi þessi sigling m/s DACIA því algerlega verið á hans ábyrgð.

Varakrafa stefnda er á því atriði byggð, að óhappið verði að

mestu leyti rakið til óaðgæzlu skipstjórans og af þeim sökum verði stefnandi að bera verulegan hluta tjónsins sjálfur.

Margnefndan dag var síðdegisfjara á Akranesi um kl. 1550, eða rúmri klukkustund áður en m/s DACIA var siglt inn í höfnina.

Hér að framan hefur verið lýst gerð og umbúnaði steinkersins. Af þeirri lýsingu er ljóst, að það var hættulegt sjófarendum, sem eigi voru því gerla kunnugir og eigi máttu sjá hættueiginleika þess, sem lengstum var hulinn sjó. Verður að telja, að við svo búið hafi nauðsyn borið til að hafa hann auðkenndan og vekja með því athygli sjófarenda á því, að þörf væri varúðar og það því fremur sem þeim hafi eigi borið skylda til að leita leiðbeininga hafnsögumanns. Þetta var vanrækt, og ber af þeim sökum að leggja fébótaábyrgð á stefnda.

Á hinn bóginn verður að telja, að skipstjórinn, sem stjórn skipsins hafði með höndum í fjarveru hins reglulega skipstjóra, eða nánar tiltekið á tímabilinu ca. 12. til ca. 20. september 1958, hafi eigi sýnt tilhlýðilega aðgæzlu við siglingu þess með því að fara inn í höfnina í því veðri, sem þá var, án þess að leita öruggra upplýsinga um aðstæður. Enn fremur verður að telja, að með skyldri aðgæzlu hefði hann átt að verða aðstæðna var við steinkerið, eins og á stóð sjávarfalli, en á þessu gáleysi skipstjórans ber stefnandi sjálfur ábyrgð. Samkvæmt þessu framansögðu þykir rétt, að hvor aðili beri helming tjónsins.

Fjárhæðum í máli þssu hefur eigi verið mótmælt, og verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda danskar kr. 10.227.19 með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilega ákveðst kr. 7.500.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Sigurðssyni og Agli Þorgilssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Akraness, greiði stefnanda, Trolle & Rothe h/f vegna eigenda m/s DACIA, danskar kr. 10.227.19 með 6% ársvöxtum frá 18. september 1958 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1966.

Nr. 60/1965. **Snæbjörn Sigurðsson**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
og svo
Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Ágreiningur um eignarrétt að landi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1965 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að kveðið verði svo á með dómi, að áfrýjandi „sem eigandi hálfrar Grundar (sem nefnd er Grund II) hafi eignarrétt að Grundarfjalli til helminga á móti sameiganda sínum að Grund (en hans hluti kallast nú Grund I), en með Grundarfjalli er hér átt við allt það land, sem liggur vestan svonefndrar fjallsgirðingar fyrir löndum eftirtalinna jarða, talið frá suðri til norðurs: Árbæjar, Finnastaða, Holtsels, Grundar (gegnum Grundarland), Miðhúsa og Hólshúsa. Hér miðar „áfrýjandi" við girðinguna, eins og hún liggur nú með 2 stöllum, þar sem hann gerir ráð fyrir, að téðir stallar (landaukar til fjalls) hafi verið endanlega lagðir til viðkomandi jarða (þriggja hinna fyrstnefndu). Að öðru leyti takmarkist „Grundarfjall" að sunnan af landamerkjum Möðrufells (Finnastaðadalur því hér innifalinn í heitinu Grundarfjall), að norðan af merkjum Dvergstaða og Espihóls (Stórhóls), en að vestan af aðliggjandi fjallabrúnum (hinum næstu).

Varakrafa: Að viðurkennt verði með dómi, að „áfrýj-

andi“ sem eigandi hálfrar Grundar hafi eignarrétt að fyrrtöldu landsvæði í sameign með sameiganda sínum að Grund og eiganda Finnastaða eftir þessum hlutföllum: Grund I 41.70%, Grund II 41.70%, Finnastaðir 16.60%.

Í báðum tilvikum er þess krafizt, að „áfrýjanda“ verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu og eftir mati Hæstaréttar“.

Stefndu Óttar Ketilsson, Ketill Guðjónsson, Egill Halldórsson og Helgi Schiöth krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndu Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms og með hliðsjón af, að Grundarmenn hafa eigi um langan aldur sýnt viðleitni til að reka þess réttar, er áfrýjandi vill nú láta dæma sér, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00, og svo stefndu Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Snæbjörn Sigurðsson, greiði stefndu Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Áfrýjandi greiði einnig stefndu Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadóms Eyjafjarðarsýslu 10. febrúar 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 20. maí 1960, af Snæbirni Sigurðssyni, bónda á Grund II í Hrafnagilshreppi, eiganda þeirrar jarðar, gegn eftirfarandi aðiljum:

1. Margréti Sigurðardóttur, Ránargötu 22, Akureyri, eiganda ¼ Grundar, ¼ jarðanna Holtsels og Miðhúsa og ½ jarðarinnar Holts.
2. Aðalsteinu Magnúsdóttur, Grund, Hrafnagilshreppi, eiganda jafnstórra hluta í sömu eignum og Margrétar Sigurðardóttur.
3. Óttari Ketilssyni, eiganda og ábúanda Árbæjar, Hrafnagilshreppi.
4. Katli Guðjónssyni, eiganda og ábúanda Finnastaða í sama hreppi.
5. Agli Halldórssyni bónda, Holtseli, sama hreppi, eiganda að ½ hvorrar jarðanna Holtsels og Miðhúsa.
6. Helga Schiöth bónda, Hólshúsum, sama hreppi, eiganda jarðarinnar Hólshúsa, sama hreppi.

Í stefnu kveðst stefnandi höfða málið til viðurkenningar á því, að hann sem eigandi hálfrar jarðarinnar Grundar sé þar með eigandi að helmingi svonefnds Grundarfjalls, en með því sé átt við allt það land, sem liggur vestan svonefndrar fjallsgirðingar fyrir löndum eftirtalinna jarða: Árbæjar, Finnastaða, Holtsels, Grundar, Miðhúsa og Hólshúsa. Hér miðar stefnandi við girðinguna, eins og hún er nú með tveimur stöllum, þar sem hann gerir ráð fyrir, að téðir stallar (landaukar til fjalls) hafi endanlega verið lagðir til viðkomandi jarða (tveggja hinna fyrstnefndu). Að öðru leyti takmarkist Grundarfjall að sunnan af landamerkjum Möðrufells (Finnastaðadalur því hér innifalinn í heitinu Grundarfjall), að norðan af merkjum Dvergstaða og Espihóls (Stórhóls), en að vestan af aðliggjandi fjallabrúnum (hinum næstu). Þótt svo væri, að undir Grund teldist liggja einhver landsvæði á hálendinu þar vestur af, óskar stefnandi ekki eftir, að dómur fjalli um það að svo komnu.

Enn fremur segir svo í stefnunni: „Til skýringar því, er áður greinir um stalla á girðingunni (þ. e. uppfærslur fyrir löndum þriggja jarðanna), vill stefnandi taka fram, svo eigi verði um afstöðu hans villzt: Upphaflega (fyrst lögð 1908) var girðing þessi bein eftir stefnu þeirri, sem norðurhlutinn, sá óhreyfði, hefur enn. Landauki sá, er felst í uppfærslunum var veittur af Grund-

areigendum, áður en stefnandi keypti Grund (þ. e. helminginn 1947). Framanritað samþykki stefnanda á gildi uppfærslnanna miðast við það, að krafa hans um hálft Grundarfjall sér til eignar nái fram að ganga. Verði hins vegar þau málalok, að undir jarðir þær, sem hér eiga í hlut, aðrar en Grund, heyri einhvers konar hlutdeild í Grundarfjalli (eign, ítak eða þess háttar), geymir stefnandi sér þá kröfu, að uppfærslusvæði hverrar jarðar verði reiknað henni upp í hlut hennar í fjalllendinu (Grundarfjalli), sem skert var við uppfærslurnar."

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar sér til handa úr hendi stefndu eftir reikningi eða mati dómsins.

Lögmenn allra varnaraðilja hafa mótmælt í greinargerðum sínum kröfum stefnanda og kröfðust sýknu til handa umbjóðendum sínum í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir reikningi eða mati dómsins.

Með bókun í réttarhaldi í málinu 1. september 1960, sbr. dskj. nr. 29, gerir stefnandi þá varakröfu, að réttur býla stefndu, hver sem hann annars væri, næði ekki til efri hluta fjallsins ofan Dvergstaðamerkja né Finnastaðadals.

Með nýju skjali, sbr. dskj. nr. 39, orðar stefnandi varakröfu sína þannig:

„Varakrafa þessi ræðir einvörðungu um landið vestan fjallsgirðingarinnar hinnar upphaflegu vestur að línu, sem hugsast dregin norðan frá staðnum, þar sem Espihóls- og Grundarlönd koma saman austast, beint til Finnastaðaár gegnum svon. Stakaklett, sem talinn hefur verið liggja á norðurmörkum Finnastaðalands. Syðsti hluti landsvæðis þessa: Frá Finnastaðaáa norður að núverandi norður-markalínu Finnastaða framlengdri til Stakakletts falli í hlut Finnastaða og Árbæjar. Hinn (nyrðri) hluti svæðisins skiptist með dóminum, óstaðbundið að svo stöddu, milli Grundar I, Grundar II og hjáleignanna hverrar fyrir sig samkv. hlutföllum í jarðamati frá 1861, sundurliðun milli hjáleignanna Holts, Holtsels, Miðhúsa og Hólshúsa færi eftir mati frá 1847 (Johnsen) með því fororði, hvað Holtsel snertir, að því býli skuli reiknast upp í hluta þess landauki sá á svæðinu, er Holtselsbóndi afgirti um 1940 samkv. munnlegri heimild frá þáverandi eigendum Grundar.

Til þrautavara: Ofanritað án áskilnaðarins gagnvart Holtseli.

Um aðra hluta landsvæðis þess, sem málið snýst um, ítreka ég kröfur samkv. stefnu."

Umboðsmenn stefndu mótmæltu framangreindri varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda, sbr. dskj. nr. 41, og kröfðust þess, að kröfum þessum, þ. e. varakröfu og þrautavarakröfu, væri vísað frá dómi. Byggðu þeir þessa kröfu sína á eftirfarandi atriðum: Varakrafan og þrautavarakrafan miði við land vestan hinnar upphaflegu fjallsgirðingar, en stefna málsins miðar hins vegar við land vestan fjallsgirðingarinnar, eins og hún sé nú með tveim stöllum vestan Finnastaða og Holtsels. Kröfur þessar gangi því lengra og séu víðtækari að þessu leyti en sjálf stefnukrafan og verði því ekki hafðar uppi í þessu máli. Kröfum stefnanda um viðurkenningu á ákveðnum merkjalínum innan sameignarlandsins, þ. e. fjalllendisins, var af sömu ástæðum mótmælt, enda hafi stefnukrafan ekki að geyma aðrar kröfur en kröfu um viðurkenningu á eignarrétti á ákveðnum óskiptum hluta í sameignarlandinu. Einnig byggðu varnaraðiljar frávísunarkröfu sína á því, að þeir eigi rétt á samkvæmt meginreglum réttarfarslaga, að mál sé rekið á þeim grundvelli, er lagður sé í stefnu og greinargerð, og vísuðu jafnframt til 2. mgr. 70. gr. eml. Loks bentu stefndu á, að með þessum kröfum væri málinu beint inn á svið landamerkjadóms, án þess að að því sé vikið í stefnu.

Sóknaraðili mótmælti frávísunarkröfunni með þeim rökum, að helmingaskiptakrafan (þ. e. milli Grundar I og II) nái nú til minna lands en áður, þ. e. aðeins til landsins vestan línunnar um Stakaklett, og að hann falli með öllu frá hlutdeild í landi því, er hann leggur til, að Finnastöðum verði úthlutað innan ákveðinna merkja.

Eftir að frávísunarkrafan hafði verið sótt og varin af aðiljum, var atriðið tekið til úrskurðar, og var niðurstaðan þessi: „Framangreindum kröfum um ákveðna línu um Stakaklett og ákveðnar merkjalínur gagnvart Finnastöðum vísast sjálfkrafa frá dómi.“ Ekki var úrskurður þessi kærður til Hæstaréttar, en hins vegar höfðaði stefnandi þessa máls landamerkjamál gegn eigendum Finnastaða og Árbæjar, og hafa fallið í því máli dómar bæði í héraði og Hæstarétti, sbr. dskj. nr. 65 og 66. Þegar höfðun þessa máls var ráðin, ákvað þessi dómur með bókun í réttarhaldi í málinu 19. maí 1961 að láta mál þetta hvíla, meðan téð mál væri fyrir landamerkjadóminum, og að málið yrði næst fyrir tekið eftir tilkynningu dómarans. Málið var svo aftur fyrir tekið 1. þ. m. eftir töluvert langan undirbúning af hálfu sóknaraðilja utan réttar.

Í því landamerkjamáli voru kröfur stefnanda þessar, sbr. dskj.

nr. 65, að merki milli Finnastaða og Grundar ofan fjallsgirðingar verði: „Bein lína frá merkjum Finnastaða og Holtsels vestur í svonefndan Stakaklett, þaðan bein lína í áttina að Finnastaðaá við vesturenda gljúfursins". Lyktir þess máls voru, að varnaraðiljar voru sýknaðir af kröfum sóknaraðilja í héraði, og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti. Byggist sú niðurstaða á því, að ekki voru færðar sönnur á, að nein merki væru til eða hefðu verið til á því svæði, er um var deilt.

Eftir að mál þetta var tekið upp að nýju, við munnlegan flutning þess, hélt stefnandi fast við aðalkröfu sína í stefnu, en gerði þá varakröfu, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi sem eigandi hálfrar Grundar hafi eignarrétt að fyrrtöldu landsvæði í sameign með meðeiganda sínum að Grund og eiganda Finnastaða eftir þessum hlutföllum: Grund I 41.70%, Grund II 41.70%, Finnastaðir 16.60%. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að stefndu verði dæmdir til málskostnaðargreiðslu.

Tveir af lögmönnum varnaraðilja viku að því í greinargerðum, að athugandi væri, hvort ekki bæri að vísa málinu frá dómi, sbr. 46. gr. eml. nr. 85/1936, en dómurinn taldi ekki vera efni til þess.

Jarðir þær, sem hlut eiga að þessu máli, eru þær, er að framan greinir, og eru eigendur að þeim eða hlutum þeirra aðiljar þessa máls, eins og fram kemur að framan og framlögð afsöl gefa til kynna. Allar tilheyrðu jarðir þessar hinni svokölluðu Grundartorfu og eru á svæði milli Finnastaðaár að sunnan og suðurmerkja Dvergstaða og Espihóls að norðan og milli Eyjafjarðarár og fjalls (að vestan). Árið 1908 var sett svokölluð fjallsgirðing ofan við alla bæina frá Finnastaðaá út að Dvergstaðamerkjum. Síðar, 1919, var girðing þessi færð upp (vestur) fyrir landi Finnastaða og síðar (1937) fyrir landi Holtsels, en þó mismunandi mikið, svo að nú eru tveir stallar á girðingunni. Land það, sem deilt er um eignarrétt að í máli þessu, er allt vestan þessarar girðingar, og er enginn ágreiningur um landamerki þessa svæðis.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Nýrri jarðabók fyrir Ísland, sem staðfest var 1861, eru Finnastaðir taldir sjálfstætt býli, en Hólshús, Holt, Miðhús og Holtsel partar úr Grund eða hjáleigur hennar, og er jafnvel talið, að Grundartorfan með greindum hjáleigum hafi verið orðin til á síðari hluta 15. aldar. Má telja víst, að býlin hafi síðan haldizt sem hjáleigur alla tíð, þar til farið var að selja þau á síðari árum, sbr. fram-

lögð afsöl. Árbær er nýbýli úr Finnastaðalandi frá 1952. Jafnframt því að Finnastaðir væru sjálfstætt býli, voru þeir um margra alda skeið eign Grundarkirkju, en hún hefur jafnan verið bændaeign, þ. e. eign Grundarbænda, og er svo enn. Eru heimildir fyrir því, að Finnastaðir eru orðnir eign kirkjunnar 1318, og virðist svo af máldögum kirkjunnar og öðrum gögnum, að kirkjan hafi átt jörðina, þar til núverandi eigendur Grundar sem eigendur kirkjunnar seldu meðstefnda Katli Guðjónssyni jörðina árið 1950.

Verða nú rakin nánar helztu gögn málsins:

Í málinu hefur verið lögð fram skiptagerð í db. Magnúsar Sigurðssonar, þar sem úthlutað er ⅝ hlutum jarðarinnar Grundar með hjáleigum, afsal fyrir 1/16 hluta Grundar, 2 afsöl fyrir Finnastöðum, sínum helmingnum í hvoru, kaupsamningur og afsal, þar sem Magnús Aðalsteinsson selur Snæbirni Sigurðssyni hálfa jörðina Grund ásamt hálfri jörðinni Holt og hálfri prestsmötu af Finnastöðum og hálfa jörðina Hólshús, samningur, þar sem Snæbjörn Sigurðsson afsalar Ragnari Davíðssyni og Aðalsteinu stjúpdóttur hans hálfri jörðinni Holt, og Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir afsala Snæbirni Sigurðssyni hálfri jörðinni Hólshús, afsal fyrir hálfum Miðhúsum, afsal fyrir hálfu Holtseli, kaupsamningur ásamt afsali Snæbjarnar Sigurðssonar til Helga Schiöth á jörðinni Hólshúsum.

Í engu þessara skjala kemur neitt fram, er bendir til, hvernig eignarráðum að hinu umdeilda landi hafi verið háttað eða afstöðu fyrrverandi hjáleigna eða Finnastaða verið varið til afnota af landinu í Grundarfjalli. Hólmgeir Þorsteinsson og Valgerður Magnúsdóttir taka þó fram í afsali sínu fyrir 1/16 hluta Grundar ásamt tilsvarandi hluta í hjáleigunum, að þau afsali jarðarhlutunum með „mannvirkjum og öðrum þeim gögnum og gæðum, er jörðum þessum hefur fylgt og eins og ég hef eignast þær". Að öðru leyti er í afsalsgerningum þessum ekki skilgreint nánar, hvað selt er, en tilgreind eru nöfn jarðanna, og í sumum afsalanna er tekið fram, að þær séu seldar með mannvirkjum og gögnum og gæðum.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er öllum þessum jörðum lýst sérstaklega og taldar partar úr Grund, sbr. bls. 224—7 og dskj. nr. 53. Þar er fram tekið, að býlin séu afdeild einasta að túni og engjum.

Í bók Klemenzar Jónssonar, Grund í Eyjafirði, útg. Sögufélagið 1926, er lýsing á jörðinni Grund frá árinu 1849 tekin upp

eftir frumbókum í Þjóðskjalasafni til undirbúnings nýju fasteignamati, er síðan kom út 1861 og staðfest með tilsk. 1. apríl sama ár.

Þar segir: „Grund, bóndaeign, nú talin 45 hdr. Henni fylgir ein óbyggð hjáleiga, nefnd Grundarkot, og 4 byggðar hjáleigur, nefnilega Holt 10 hdr., Holtssel 6 hdr., Miðhús 8 hdr. og Hólshús 12 hdr. nú á tíð. Úthagi er óskiptur".

Þá skal vikið að fasteignamatsskjölum frá 1917, sbr. dskj. nr. 30—35. Þar segir beint um býlin Holt, Holtsel, Miðhús og Finnastaði, að búfjárhagi sé sameiginlegur við hinar jarðirnar í torfunni og að samgirðing sé ofan við tún og engi og þetta síðastgreinda einnig tekið fram um Hólshús. Um Grund segir: „Fjallsgirðingin um beitiland allrar Grundartorfunnar er ca. 5700 faðmar og tilheyrir ½ hennar Grund, en hjáleigum hinn helmingurinn". Og enn fremur: „Sambeit er við hinar jarðirnar í Grundartorfunni, en engjamerki greind fyrir hverja jörð". Matið á landi Grundar er kr. 10.500, en á hinum býlunum 5 kr. 9.500.

Í fasteignamatinu 1930 er landverð Grundar metið samtals kr. 18.000, land hjáleigna samtals kr. 14.800 og land Finnastaða kr. 6.500. Í fasteignamati 1940 er landverð Grundar kr. 16.600, hjáleignanna kr. 15.600 og Finnastaða kr. 7.800. Ekki er beint fram tekið í matsskýrslunni 1930, að búfjárhagar séu sameiginlegir eða annað því um líkt, en beitilandi hverrar jarðar er lýst og metið með hverri jörð, og virðist svo, þegar höfð eru í huga fyrri möt, að hlutdeild hverrar jarðar í hinu sameiginlega beitilandi, þ. e. Grundarfjalli, sé þar í.

Á dskj. nr. 53 og 54 eru endurrit úr dagbók séra Skúla Þorlákssonar, AM. 255, 4to., með vitnisburðum tveggja tilgreindra manna, þar sem þeir votta, að Grund í Eyjafirði eigi „alla landareign ið efra til fjalls vtj midia Skipalág", og var það kennileiti talið á merkjum Grundar gagnvart Stórhóli (Espihóli). Vottorðum þessum hefur verið mótmælt af varnaraðiljum, þar sem sóknaraðili hefur ekki getað gert grein fyrir, hvaða menn þetta séu eða tilefni vottorðanna. Virðist því ekkert verða upp úr þessum skjölum lagt í máli þessu, enda virðist hér hafa verið um að ræða landamerki milli Stórhóls annars vegar og Grundar eða Grundartorfu hins vegar.

Svipuðu máli gegnir um dóm úr dómsmálabók Vaðlaþings, sbr. dskj. nr. 14. Þar er fjallað um merki Grundartorfu, þar á meðal Finnastaða gagnvart Möðrufelli, er eigi sker úr um eign á landi norðan þeirra merkja. Enn er svipuðu máli að gegna um lög-

festu Jóns Jakobssonar frá 1787, sbr. dskj. nr. 56, að þar er um að ræða landamerki allrar Grundartorfunnar gagnvart nágrannajörðum, auk þess sem skjali þessu hefur verið mótmælt sem gagnslausri heimild vegna eðlis síns.

Í ritgerð Júlíusar Ólafssonar frá 1936 um örnefni í Grundarlandi segir m. a.: „Innan þessara takmarka er jörðin Finnastaðir, sem er eign Grundarkirkju og hefur aldrei verið talin hjáleiga, sbr. jarðamat af 1. apr. 1861, þó hún eigi sameiginlegan bithaga með hinum jörðunum, síðan Magnús heitinn Sigurðsson eignaðist torfuna". Af þessu má ráða, að höfundi hafi verið kunnugt um sameiginlega beit Finnastaða og Grundartorfujarða, frá því að Magnús Sigurðsson eignaðist Grundartorfuna á árinu 1888 og 89, en ekki er heimilt að gagnálykta af þessu orðalagi höfundar á þá leið, að honum hafi verið kunnugt um, að landið hafi verið nytjað með öðrum hætti fyrir þann tíma, sbr. ummæli hans í sama skjali, að Einstaki klettur hafi „til forna" skipt löndum á þessu svæði, sbr. hæstaréttardóm á dskj. nr. 66.

Á dskj. nr. 21 er svokölluð útektargerð á fjallsgirðingunni. Samkvæmt gerðinni er hlutverk úttektarmannanna það að mæla upp og skipta vörzlugirðingu þeirri, sem lögð var 1908 fyrir ofan bæina frá Finnastaðaá og út að Dvergstaðamerkjum og þaðan til fjalls. Í öðru lagi að meta til peningaverðs efni helmings þvergirðingarinnar og í þriðja lagi að gera álit á þann hluta girðingarinnar, sem tilheyrir Finnastöðum. Fjallsgirðingin út og suður mældist 1.204 faðmar, en þvergirðingin upp eftir 1.284 faðmar. Sú girðing, sem talin var tilheyra Grundarsvæðinu, var þannig talin 1.846 faðmar, og var henni skipt þannig, að heimajörðinni voru taldir 626 faðmar, en hinni var skipt niður á hjáleigurnar og Finnastaði. Einnig á býlið Holt, sem ekki á úrskipt land, að girðingunni.

Þá skal á það minnzt, að stefnandi hefur aflað álitsgerðar sögufróðra og málfræðifróðra manna. Dr. Jakob Benediktsson hefur gefið skýringu á orðinu „sambeit", og telur hann, að það hafi þýtt bæði á fyrri og síðari tímum sameiginlega beit, sbr. dskj. nr 47. Eiður Guðmundsson bóndi, Þúfnavöllum, hefur í álitsgerð sinni komizt að þeirri niðurstöðu, að þar sem sé aðeins um sambeitarrétt að gera og engir nánari samningar um landið, hafi hann engin áhrif á eignarréttinn á landinu, heldur sé það aðeins réttur til ítaks. Magnús Már Lárusson prófessor, sem hefur gefið alllanga álitsgerð, sbr. dskj. nr. 61, telur, að þrátt fyrir tiltölulega hátt mat á hjáleigunum þá séu þær ósjálfstæðar. Jarð-

eigandinn eigi land undir og það sé á hans valdi að ákveða nánar um notkun eða breyta, þó innan þess ramma, sem venjur hafa skapað. Orðtakið sambeit telur hann, að þýði sameiginleg beit, en taki enga afstöðu til, hver eigi land undir. Enn fremur segir þar: „Um Grund er ljóst, að réttur hjáleigna til sambeitarinnar muni vera ítaksréttur, þar sem engum efa er undirorpið, að eigandi torfunnar eigi landið undir. Landfræðilega virðist haga svo til, að sambeitin sé þægilegasta lausnin á útvegun bithaga."

Stefnandi, sem kom að Grund 1928, en bjó á Hólshúsum frá 1930—1948, að hann flutti að Grund, hefur m. a. borið eftirfarandi í aðiljaskýrslu sinni. Um hið umdeilda land segir hann, að það hafi verið notað til beitar fyrir allar skepnur af öllum býlum í Grundartorfu og Finnastöðum, nema hvað kýr frá Grund hafi ekki verið reknar þangað á þessu tímabili, en hann vissi til, að það hafi verið gert um 1920. Ekki vissi hann til, að neinar reglur hafi gilt um notkun landsins. Ekki mundi stefnandi eftir annarri notkun landsins en til beitar, en kvaðst þó vita til, að mótekja hafi verið þar fyrir hans daga frá býlunum og einnig frá Dvergstöðum. Ekki kvaðst stefnandi minnast þess, að hann hafi gefið Helga Sciöth nokkrar upplýsingar um rétt Hólshúsa til fjallsins, en tók fram, að á þeim tíma, þ. e. þegar hann seldi Helga, hafi verið ótvíræður beitarréttur í fjallinu fyrir Hólshús ásamt hinum býlunum.

Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi á sínum tíma fengið vitneskju um það, að Eggert í Holtseli hafi fengið uppfærzlu í fjallsgirðingunni fyrir ⅓ af svökölluðum Kotavelli. Þegar stefnandi heyrði þetta, hafði hann tal af Magnúsi Aðalsteinssyni, eiganda og ábúanda hálfrar Grundar, og kvartaði undan þessari afhendingu af hálfu Grundar til Holtsels, en Magnús hafi brugðizt illa við og sagt, að stefnanda kæmi þetta ekkert við. Kvaðst stefnandi hafa haft mótmæli þessi uppi sem ábúandi (leiguliði) að Hólshúsum, enda hafi hann þá litið svo á, að fjallið ofan girðingar væri sameiginlegt land allra býlanna. Hins vegar hafi hann skilið framangreint svar Magnúsar Aðalsteinssonar svo, að Grundarfjall væri einkaeign Grundar. Hann kvað sig af þessu mega fullyrða, að Grundarbændur hafi ekki haft samráð við hjáleigubændurna um uppfærslurnar.

Fyrir liggja aðiljaskýrslur fimm varnaraðilja þessa máls, Ragnars Davíðssonar, eiginmanns stefndu Margrétar Sigurðardóttur, Gísla Björnssonar, eiginmanns stefndu Aðalsteinu Magnúsdóttur, Ketils Guðjónssonar, Egils Halldórssonar og Helga Schiöth, og

hafa þeir allir borið, að notkun fjallsins, sem hafi aðallega verið beit fyrir búfénað, hafi verið sameiginleg frá öllum jörðum í Grundartorfu og án nokkurra takmarkana fyrir neina af jörðunum eða sérréttinda fyrir aðra. Sama hefur Ingólfur Guðmundsson, fyrrv. bóndi í Miðhúsum og þáverandi eigandi jarðarinnar, borið. Einnig kemur fram í skýrslum þessara aðilja, að áður fyrr hafi verið eitthvað af slægjum, mótekjum og torfristu, a. m. k. frá sumum býlanna, í fjallendinu. Einnig hefur Helgi Schiöth, sem keypti jörðina Hólshús af stefnanda, borið, að þegar hann hafi keypt jörðina, hafi stefnandi margsinnis tekið fram, að allar jarðirnar í torfunni ættu sambeit eða sameign að fjalllendinu, en mundi þó ekki, hvort orðið hann hafi haft um þetta.

Nokkur fleiri vitni hafa gefið skýrslur í máli þessu, og verður nú vikið að því helzta í þeim:

Valdimar heitinn Antonsson, fyrrv. bóndi á Finnastöðum og uppalinn þar — einnig bóndi á Grund um 3ja ára skeið — hefur borið, að hann hafi álitið, að Finnastaðir ættu sameiginlegt beitiland með Grund, þannig að ofan fjallsgirðingarinnar hafi verið sameiginleg beit allra jarðanna í Grundartorfu ásamt Finnastöðum og að sama hafi gilt um mótekju. Ekki kveðst hann hafa vitað til, að Grund hafi haft neina sérstöðu gagnvart landinu ofan fjallsgirðingarinnar. Torfristu kvað hann hafa verið litla ofan girðingar nema frá Holti. Vitnið kannaðist við, að beitarhús frá Grund hafi verið áður fyrr á þessu landi, en ekki vissi hann til, að Grundarmenn hefðu haft neinn sérstakan rétt til þess.

Vitnið kveðst hafa verið á Finnastöðum, þegar uppfærslan var gerð á fjallsgirðingunni fyrir Finnastaðalandi, og stóð hann sjálfur að þessu ásamt Magnúsi heitnum á Grund. Kvað vitnið Magnús hafa samþykkt þetta með því skilyrði, að vitnið talaði við bændurna í Holtseli og Miðhúsum og að þeir færu ekki fram á sams konar kröfur fyrir sínar jarðir og hafi þeir lofað því. Ekki kvað vitnið neitt hafa verið talað við bændurna í Holti og Hólshúsum í þessu sambandi. Ekki kvað vitnið neitt hafa verið á það minnzt, að uppfærslan skerti rétt Finnastaða til óskipta beitilandsins.

Vitnið Jón Antonsson, bróðir síðastgreinds vitnis, nú á áttræðisaldri, fæddur á Finnastöðum og uppalinn, hefur borið eftirfarandi: Meðan hann vissi til, var allt landið ofan fjallsgirðingar notað sameiginlega til beitar af býlunum í Grundartorfu og Finnastöðum, án þess að nokkurn tíma hafi verið ágreiningur þar

um og muni svo hafa verið, frá því að faðir hans hóf búskap á Finnastöðum árið 1888.

Um aðrar nytjar en beit af landi þessu sagði vitnið, að faðir þess og þeir í Holtseli hafi stundum slegið ofan fjallsgirðingarinnar án nokkurs samráðs við aðra þar um og hafi hvor slegið þar, sem honum bezt þótti. Þá kvað vitnið þá á Finnastöðum og Hólshúsum hafa haft mótekju nyrzt í landinu. Einnig mundi vitnið eftir beitarhúsum frá Grund í fjallinu, en vissi ekki, hvort Grundarmenn hafi einir haft rétt til slíks.

Hólmgeir Þorsteinsson, fyrrv. bóndi á Hrafnagili, sem var sem ungur maður fyrst á Grund að mestu árin 1905—16 og síðan bóndi þar frá 1925—29, hefur borið eftirfarandi: Hann kvað hið umrædda land hafa verið notað sem sameiginlegt beitarland frá öllum býlunum í Grundartorfu ásamt Finnastöðum fyrir fé, kýr og hesta, án þess að nokkrar reglur eða takmarkanir væru fyrir hvert einstakt býli, en afréttarfé hafi að jafnaði verið rekið í burtu. Um aðrar nytjar þessa lands mundi vitnið ekki annað en að Hólshús hefðu haft þar mótekjur, en sagði, að verið gæti, að eitthvað hafi verið slegið þar, og það mundi eftir beitarhúsatóftum frá Grund í fjallinnu. Um þetta sagði vitnið enn fremur, að heimajörðin hafi haft mesta þörf fyrir þetta, því að hún lá fjærst landinu, en sagðist álíta, að ef hin býlin hefðu viljað hafa beitarhús þar, þá hefðu þau mátt það líka.

Öllum þessum vitnaskýrslum hefur verið mótmælt af hálfu sóknaraðilja.

Vitnið Karl Friðriksson, f. 1906, er átti heima á Finnastöðum frá 1906 til 1920 og var þar hjá foreldrum framangreindra vitna, Valdimars og Jóns, hefur borið, að fénu frá Finnastöðum og bæjunum í Grundartorfu hafi á vetrum verið beitt á þessu svæði og hafi fé og annar búpeningur frá bæjunum gengið allt saman.

Enn fremur kvað vitni þetta alla bæina hafa haft mótekju fyrir ofan Miðhús í þessu landi og slegið hafi verið þar frá Holti.

Stefnandi hefur einkum byggt kröfur sínar á eftirfarandi atriðum: Í landamerkjalýsingu gagnvart jörðum utan Grundartorfu og landamerkjadómi frá 1886 um merki milli Möðrufells og Grundar sé alltaf talað um Grund, en ekki Grundartorfu eða þ. u. l.

Þá hefur hann bent á, að ekki geti eigendur hjáleignanna byggt neinn rétt til fjalllendisins á afsölum sínum, þar sem hvergi sé á það minnzt þar. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að hjáleigubændum hafi löngum verið meinuð sumarbeit fyrir sauðfé í

Grundarfjalli og Grund ein átt þar beitarhús, enda sé það regla, að höfuðbólin eigi ein landið til fjalls, en hjáleigurnar aðeins ákveðnar spildur neðar og hefur bent á dæmi þess í nágrenni við Grund. Höfuðáherzlu hefur stefnandi lagt á það, að býlin hafi verið hjáleigur allt til þess tíma, sem þær voru seldar, en eignarréttur landsins jafnan tilheyrt höfuðbólinu og geti hann ekki hafa yfirfærzt nema með sérstökum gerningi, en slíkt hafi varnaraðiljar ekki getað sannað. Hins vegar hvíli öll sönnunarbyrðin á þeim í því efni.

Þá hefur stefnandi skírskotað til þess, að eigendur heimajarðarinnar hafi haft allt með uppfærzlurnar á fjallsgirðingunni að gera. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að beitarafnot býlanna aðeins hafi verið ítök. Sóknaraðili hefur þó viðurkennt, að aðstaða Finnastaða kunni að vera önnur í þessu efni en hjáleignanna.

Varnaraðiljar hafa einkum skírskotað til eftirgreindra atriða: Allar jarðirnar í Grundartorfu hafa nytjað hið óskipta land í sameiningu svo lengi sem menn vita til og sennilega alla tíð, síðan býlin urðu til, bæði til beitar og annarra nytja. Jarðirnar eiga allar fjallsgirðinguna saman og hafa haldið henni við. Samkvæmt jarðamatsbókum og fasteignamötum hafa jarðirnar allar verið metnar til verðs hver fyrir sig og bendi allar líkur til þess, að hlutdeild hverrar jarðar í óskipta landinu hafi verið metin með hverri jörð eftir orðalaginu í mötunum að dæma og matsupphæðunum, miðað við mat Grundar.

Varnaraðiljar hafa eindregið mótmælt því, að sambeitin hafi byggzt á ítaksrétti, því að allt til þess tíma, að farið var að selja býlin, hafi þau verið leigð með hlutdeild í hinu umdeilda landi og sé svo sumpart enn og geti því ekki verið, að neinn ítaksréttur hafi myndast, enda sé hans hvergi getið í heimildum.

Ekki verður svo á litið, að framlagðir afsalsgerningar eða landamerkjabréf skeri úr um sakarefnið, enda hefur lengst af verið sami eigandi að öllum jörðunum. Ekki verður heldur talið, að hin sögulegu rök, er stefnandi hefur fært fram um afstöðu hjáleigna til höfuðbóla almennt eða sérstaklega innan Grundartorfu, sanni rétt stefnanda til landsins, enda virðast þær ályktanir fara í bág við það, sem vitað er, að gilt hafi annars staðar og dómar fallið um. Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi með öðrum gögnum og málsútlistunum fært sönnur á kröfur sínar, þótt gagnaðiljar hans hafi ekki getað lagt fram ótvíræða afsalsgerninga fyrir hlutdeild sinni í landinu.

Með vætti nokkurra nákunnugra vitna og skýrslum aðilja

máls þessa, þar á meðal stefnanda, hefur land þetta alltaf verið nytjað af öllum býlunum án átölu og ekki aðeins til beitar, heldur hafa einnig fram komið nokkrir vitnisburðir um ýmis önnur afnot, svo sem slægjur og mótekju. Þá þykir mega ganga út frá því, að við þær sölur, er fram hafa farið á býlunum, hafi allir kaupendurnir verið í góðri trú um, að landið væri sameign allra jarðanna, og verður eigi annað séð en að sú hafi einnig verið skoðun stefnanda, er hann keypti Hólshús, enda höfðu allir þessir menn verið lengri eða skemmri tíma á viðkomandi jörðum að einum, Helga Schiöth, undanskildum, þegar þeir keyptu. Einnig þykir orðalag jarðamata benda til þess, að talið hafi verið, að býlunum tilheyrði meira en hið úrskipta land, svo og þykir hið háa mat á býlunum, miðað við heimajörðina, benda til varanlegrar hlutdeildar býlanna í hinu umdeilda landi. Þegar á þetta er litið ásamt öðrum gögnum og rökum, er fram hafa komið, þykir það nægilega leitt í ljós, að hið umrædda land tilheyri öllum jörðum í Grundartorfu og tilheyri aðiljum þessa máls eftir réttu mati lands hverrar jarðar, og verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina. Með tilvísan til framangreindra raka verður varakrafa stefnanda ekki heldur tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum upp í málskostnað, og þykir hæfilegt, að hann greiði Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur kr. 8.000.00 og Katli Guðjónssyni, Óttari Ketilssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth kr. 12.000.00.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi sýslumanns, og meðdómsmennirnir Magnús E. Guðjónsson bæjarstjóri og Guðmundur Blöndal skrifstofumaður.

Dómsorð:

Stefndu, Margrét Sigurðardóttir, Aðalsteina Magnúsdóttir, Óttar Ketilsson, Ketill Guðjónsson, Egill Halldórsson og Helgi Schiöth, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Snæbjarnar Sigurðssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu upp í málskostnað þannig: Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur kr. 8.000.00 og Óttari Ketilssyni, Katli Guðjónssyni, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth kr. 12.000.00.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum, að því er varðar málskostnað.

Mánudaginn 20. júní 1966.

Nr. 44/1965. **Magnús Thorlacius**
(sjálfur).
gegn
Einari Braga Sigurðssyni og gagnsök
(sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1965 og gert þessar dómkröfur:

Í *gagnsök, að* gagnsök verði vísað frá Hæstarétti og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Í *aðalsök, að* áminnzt blaðagrein ásamt fyrirsögn verði í heild dæmd dauð og ómerk, *að* gagnáfrýjanda verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, *að* gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1963 til greiðsludags, *að* gagnáfrýjanda verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjálsri þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til aðaláfrýjanda og *að* gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara er krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m., og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd alger sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að honum verði dæmt að greiða Slysavarnafélagi Íslands táknlega smáupp-

hæð, t. d. kr. 500.00, og málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Um formhlið gagnsakar.

Aðaláfrýjandi styður kröfu sína um frávísun gagnsakar þeim rökum, að dómsmálaráðuneytið hafi farið út fyrir embættistakmörk sín, þá er það veitti gagnáfrýjanda leyfi til áfrýjunar málsins 15 mánuðum eftir uppsögu héraðsdóms, þótt skilyrði slíks leyfis samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 væru eigi fyrir hendi, þar sem gagnáfrýjanda hefði verið unnt að áfrýja fyrr. Það er vitað mál, að dómsmálaráðuneytið hefur verið sérstaklega örlátt á að veita áfrýjunarleyfi, þótt 9 mánaða fresturinn samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 væri liðinn. Hefur þetta leitt til þess, að málsaðiljar hafa dregið áfrýjun mála í trausti þess, að áfrýjunarleyfi fáist. Tillaga hæstaréttardómara um breyting á reglunum um áfrýjunarleyfi hefur verið felld á Alþingi. Frávísun sakar frá Hæstarétti, vegna þess að skilyrði 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 séu eigi fyrir hendi, gæti þannig leitt til réttarspjalla. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að beita frávísun. Verður frávísunarkrafan því eigi til greina tekin.

Um efnishlið málsins.

Ummæli þau, sem gagnáfrýjanda eru gefin að sök í héraðsdómi, felast í blaðagrein, þar sem veitzt er harðlega að lögfræðingastéttinni. Eru störf aðaláfrýjanda nefnd sem dæmi um ávirðingar stéttarinnar. Ummælin um störf aðaláfrýjanda eru röng og villandi og þungbærari fyrir þá sök, að gagnáfrýjandi telur þau einkennandi um lágt siðferðisstig stéttarinnar. Að þessu athuguðu þykir rétt að staðfesta héraðsdóminn um refsingu og ómerkingu og dæma gagnáfrýjanda samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 til að greiða aðaláfrýjanda fébætur, sem ákveðast kr. 25.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1963 til greiðsludags.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 ber að dæma gagnáfrýjanda til að birta „Niðurstöður" og dómsorð héraðsdóms og svo forsendur og dómsorð Hæstaréttar í málinu, og

skal birting fara fram í fyrsta eða öðru tölublaði Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu og ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Gagnáfrýjandi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Thorlacius, kr. 25.000.00 í fébætur ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 7. september 1963 til greiðsludags.

Gagnáfýjanda er skylt að birta „Niðurstöður" og dómsorð héraðsdóms og svo forsendur og dómsorð Hæstaréttar í 1. eða 2. tölublaði Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 22.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara
um formhlið gagnsakar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. marz 1966, útgefnu af dómsmálaráðherra með heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962.

Dómsmálaráðherra metur til hlítar skilyrði nefnds lagaboðs fyrir veitingu áfrýjunarleyfis á þar greindum fresti. Ráðherra hefur ekki farið út fyrir valdmörk sín með veitingu áfrýjunarleyfis þess, sem getið var, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Áfrýjunarleyfinu verður því eigi hnekkt af dómstólum.

Samkvæmt þessu eru eigi efni til að sinna frávísunarkröfu aðaláfrýjanda.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur dómsatkvæði meira hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 3. desember s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 5. október 1963, af Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni gegn Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Bjarnarstíg 4 í Reykjavík. Tilefni málshöfðunarinnar er grein, sem birtist 7. september 1963 í blaðinu Frjálsri þjóð, en stefndi var þá ábyrgðarmaður þess. Rétt þykir að taka greinina í heild upp í dóm þennan, áður en sagt er frá dómkröfum aðilja. Blaðagreinin sjálf var leturbreytingalaus (með tveim undantekningum, eins og síðar greinir), en til að spara endurtekningar síðar eru hér gerðar leturbreytingar með tilliti til dómkrafna stefnanda. Greinin er þannig:

„Otur skrifar:

STAFAR ALMENNINGI HÆTTA AF LÖGFRÆÐINGUM?

Skömmu eftir að Frjáls þjóð kom út síðast, þar sem birt var kæra Ágústs Sigurðssonar út af viðskiptum hans við Jóhannes Lárusson hrl. og Búnaðarbankann, barst blaðinu eftirfarandi bréf:

„Herra ritstjóri.

Ég er yður mikið þakklátur fyrir þann manndóm sem þér hafið sýnt með því að taka að yður að róta uppí því *braski* og *fjármálaspillingu, sem allir vita að um lengri tíma hefur þróast og magnast ár frá ári innan lögfræðingastéttarinnar og í ýmsum tilfellum að því er virðist með vinsamlegri aðstoð ýmissa háttsettra manna í ríkisbönkunum.*

Það er staðreynd að *lögfræðingastétt okkar er stórspillt. Meiri hluti hinna yngri lögfræðinga lítur svo á, að lagakunnátta þeirra sé aðeins tæki til að komast sem bezt af í lífinu, til að afla sér tekna án tillits til heiðarleika og réttlætis í samskiptum við meðborgara sína.*

Það hlýtur að vera *eitthvað bogið við fræðslu þessarar stéttar í háskóla vorum, að þaðan skuli útskrifast jafnmargir menn og raun er á, sem hagnýta þekkingu sína til fjárdráttar og alls kyns klækjabragða í stað þess að standa á verði um heiðarleik og réttlæti í viðskiptum.*

Glöggt dæmi þessa er meðferð lögfræðinga á Ágústi Sigurðssyni,

þar sem hann fátækur verkamaður er féflettur af tveim lögfræðingum um yfir 100 þúsund krónur.

Hvernig má það ske, að *lögfræðingur sá, sem rekur skaðabótamálið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk tildæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bæturnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að VINNA málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á í lögum.*

Þá er það hlutur formanns lögfræðingafélagsins, sem tekur að sér milligöngu um að skila Ágústi hluta af afföllunum. Stöðu sinnar vegna og sem heiðarlegum manni bar honum vitanlega að krefja Jóhannes um fulla greiðslu til baka, en hóta honum ella brottrekstri úr lögmannafélaginu og málshöfðun fyrir verknaðinn. Nei, hann leggur í raun og veru blessun sína yfir þennan dáindisverknað og hilmar yfir hann.

Ég vænti þess, að þér takið þennan hlut málsins vel í gegn í blaði yðar. *Brýnið fyrir prófessorum lagadeildar að leggja stund á að kenna nemendum sínum almenna siðfræði ásamt lögfræðinni.*

Allt sem þér gerið til að stinga á kýlunum í okkar spillta þjóðfélagi fáið þér þakkir fyrir frá þeim fáu heiðarlegu mönnum sem enn fyrirfinnast.

Vinsamlegast.
Lesandi blaðs yðar."

Hér lýkur þessu athyglisverða og rösklega bréfi. Verður ekki sagt, að það sé vonum fyrr, að einhver rís upp til að vekja athygli á þeirri staðreynd, að það *er engu líkara en að þeir ungu menn, sem Háskóli Íslands útskrifar og vígir gyðju réttvísinnar, séu sumir þegar frá byrjun staðráðnir í því að gerast meðlimir í eins konar bófafélagi, sem fávísum almenningi stendur ógn af.*

Til blaðsins hafa komið mjög margir menn og konur, *sem lent hafa í klóm lögfræðinga, sem blátt áfram hafa leikið sér að því að féfletta þetta fólk með svo lævíslegum brögðum, að lítilli eða engri raunhæfri vörn varð við komið. Voru sögur þess í senn átakanlegar og ógnvekjandi, en þannig lagaðar að tilgangslítið eða tilgangslaust var að hreyfa málinu. Þegar þetta fólk hafði uppgötvað, að það hafði verið svikið og féflett af þeim lögfræðingi, sem það hafði upphaflega leitað til, og vildi leita annars lögfræðings til að rétta hlut sinn gagnvart hinum fyrri, voru svörin sem það fékk þau, að þetta væri nú stéttarbróðir og*

því miður vildu nú lögfræðingar ógjarnan verða til þess að eyðileggja atvinnu og framtíð kollega sinna.

Jafnvel dómurum er engan veginn treystandi í þjóðfélagi okkar í dag. Í dómarasætum geta setið hinir verstu bógar, sem aðrir sekir lögfræðingar vita allt um og geta því með hótunum um uppljóstranir neytt til rangdæmis, eða eyðileggingar á upplögðu máli gegn lögfræðingi.

Það atriði í kæru Ágústs Sigurðssonar sem bréfritari vekur athygli á hér að framan, að *lögfræðingur eða lögfræðingar hirða af honum allar skaðabætur og meira til, auk tildæmds málskostnaðar í máli, sem hann vinnur að fullu, er aðeins eitt sýnishorn af því, hvernig sumir lögfræðingar nútímans leika sér með hrekklausa og varnarlitla skjólstæðinga sína.*

Lögfræðingur sá, sem þetta mál vann fyrir Ágúst, er Magnús Thorlacius hrl. Kynni þá að vera nokkuð forvitnilegt að rifja það upp hér, að fyrir nokkrum árum skýrði þetta blað frá því, að sá hinn sami Magnús Thorlacius hrl. hafði að skjólstæðingi fráskilda konu Jóhannesar Jósefssonar á Hótel-Borg í skiptamálum út af Borginni. Fyrir sitt „starf" í því máli setti hann upp mörg hundruð þúsundir króna. Konunni þótti nóg um og leitaði aðstoðar lögfræðinga. Loks fékkst Guðmundur Ingvi Sigurðsson til að taka að sér mál hennar gagnvart fyrri lögfræðingi hennar. *En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega" sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins.* Sá dómstóll lækkaði að vísu kröfu Magnúsar alla leið niður í 570 þúsund krónur, eftir því, sem löggiltur embættismaður hefur tjáð blaðinu.

Loks þykir blaðinu rétt að vekja athygli á því, að meðan *þetta skuggalega ástand í lögfræðingastétt hefur þróazt,* hefur Bjarni Benediktsson verið dómsmálaráðherra lengst af."

Eins og áður er getið, eru ekki leturbreytingar í greininni í Frjálsri þjóð. Þó eru fyrirsagnir með sérstöku letri og undirskriftin (Lesandi blaðs yðar) undir bréfið, sem birt er sem hluti af greininni, er með sérstöku letri. Orðið VINNA er eins og hér að ofan ritað með upphafsstöfum í blaðinu.

Dómkröfur:

Stefnandi, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, gerir í máli þessu eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega,

að áminnzt blaðagrein ásamt fyrirsögn verði í heild dæmd dauð og ómerk,

að Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, sem lög standa til,

að honum verði dæmt að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1963 til greiðsludags,

að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjálsri þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda,

að honum verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að mati bæjarþingsins.

Til vara,

að þau ummæli, sem hér að framan eru með breyttu letri, verði dæmd ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson rithöfundur, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega,

að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda,

að stefnandi verði víttur fyrir „ólögmannslegan munnsöfnuð og ástæðulaus gífuryrði jafnt í stefnu sem greinargerð,"

að stefnda verði tildæmdur málskostnaður.

Til vara,

að stefndi verði sýknaður af hvers konar bótakröfum stefnanda,

að stefnda verði tildæmdur málskostnaður.

Í greinargerð sinni krafðist stefndi frávísunar málsins. Með úrskurði, sem upp var kveðinn 30. desember 1963, var þeirri kröfu hafnað. Stefndi gerði enn frávísunarkröfu 2. október s.l., en henni var hafnað með úrskurði 15. sama mánaðar.

Málavextir:

Grein sú, sem varð tilefni þessarar málsóknar, hefur verið tekin upp í heild hér að framan. Um þau atriði, sem um ræðir í greininni, hefur þetta komið fram:

Hinn 31. ágúst 1963 birtist í Frjálsri þjóð grein eftir Ágúst Sigurðsson, Drápuhlíð 48 í Reykjavík. Nefndist greinin *Féflettur á refsiverðan hátt.* Verður af henni ráðið, að hér er um að ræða kæru til yfirsakadómarans í Reykjavík. Greinin hefst þannig:

„Með afsali 15. sept. 1958 keypti ég rishæð hússins nr. 48 við Drápuhlíð og seldi samtímis braggaíbúð mína nr. 7 við Bústaðaveg.

Út af viðskiptum þessum risu mikil málaferli, aðallega vegna leyndra galla, er reyndust vera á rishæðinni. Með hæstaréttar-

dómi frá 14. maí 1962 voru mér dæmdar bætur fyrir þá, kr. 35720.00, ásamt vöxtum og 15 þúsund krónum í málskostnað. Nam þetta samtals 61 þúsund krónum.

Dýr málarekstur.

Kostnaður minn vegna málarekstursins varð hins vegar 64 þúsund krónur, svo að ég tapaði á þessu 3000 krónum auk allrar fyrirhafnar minnar og skapraunar í rúm þrjú ár. Hinir leyndu gallar í risíbúðinni voru aðallega fólgnir í óforsvaranlegri einangrun hennar svo að nær óbúandi var í henni vegna kulda. Varð ég þó að hafa þetta lengi svo búið, þar eð mig skorti alveg fé til aðgerðar og nægilegt bankalán var hvergi að fá."

Síðan er í greininni sagt frá á þá leið, að Ágúst hafi neyðzt til að taka lán með miklum afföllum. Varðar sá hluti greinarinnar ekki þetta mál og verður því ekki rakinn hér.

Nánari skýringar hafa komið fram af hálfu stefnda á því, hvernig fundinn er sá kostnaður, sem Ágúst kveðst hafa haft af málarekstri sínum. Voru þær skýringar fram bornar í framhaldi af skýrslu stefnanda um málavexti, og þykir gleggzt að víkja næst að henni. Segir á þessa leið í greinargerð stefnanda:

„Það er upphaf viðskipta okkar Ágústs Sigurðssonar frá Snældubeinsstöðum í Reykholtsdal, að hann kom til mín með bréf borgardómara, dags. 11. marz 1960, þar sem honum var tilkynnt, að bæjarþingsmál Reykjavíkur nr. 238/1959: Ágúst Sigurðsson gegn Olgu Halldórsdóttur, Hafsteini Halldórssyni og Agli Skúla Ingibergssyni, yrði fellt niður á bæjarþingi 24. marz 1960, ef hann sækti ekki þing eða einhver fyrir hans hönd. Tilefni þessarar undarlegu tilkynningar var, að lögmaður Ágústs hafði neyðzt til að segja upp umboði til flutnings málsins, þar sem hann hafði margsinnis frá Ágústs hendi sætt aðfinnslu og að lokum beinum aðdróttunum um sviksemi í sambandi við rekstur málsins. Áður hafði slitnað upp úr milli Ágústs og annars lögmanns, er annazt hafði undirbúning málsins. Ágúst kom til mín í vandræðum þessum og bað mig um að taka að mér að flytja málið. Ég kvaðst þurfa að athuga málið, áður en ég gæti svarað beiðni hans. Að lokinni athugun tók ég að mér flutning þess.

Þann 25. okt. 1960 höfðaði Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur mál gegn Ágústi. Ágúst fól mér að verja það mál.

Í fyrrnefnda málinu hafði Ágúst gert kröfu á hendur Olgu Halldórsdóttur, Hafsteini Halldórssyni og Agli Skúla Ingibergssyni til greiðslu á skaðabótum út af byggingargalla á rishæð húseignarinnar nr. 48 við Drápuhlíð, að fjárhæð kr. 50.000.00 auk

vaxta og málskostnaðar. Ég fékk Ágúst til að lækka kröfu sína niður í kr. 41.320.00 með 6% ársvöxtum frá 15. sept 1958 til 22. febr. 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, þar á meðal matskostnaðar, að skaðlausu.

Ég vann þetta mál á bæjarþingi Reykjavíkur að fullu, því að kröfur þessar voru teknar til greina auk kr. 12.100.00 í málskostnað.

Olga Halldórsdóttir, Hafsteinn Halldórsson og Egill Skúli Ingibergsson áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar, og fól Ágúst mér að flytja málið þar. En þar tapaði ég málinu að nokkru leyti, því að skaðabótakrafa Ágústs var lækkuð niður í kr. 35.720.00 með 6% ársvöxtum frá 16. sept. 1958 til 22. febr. 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. dec. 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað. Þessi fjárhæð málskostnaðar samanborin við málskostnaðarákvæði héraðsdóms sýnir það, að málskostnaður var felldur niður að nokkru leyti.

Í síðarnefnda málinu gerði Egill Skúli Ingibergsson kröfu á hendur Ágústi til greiðslu á skaðabótum út af heimildargalla á bragganum á Bústaðahverfi 7, að fjárhæð kr. 35.200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1958 til 22. febr. 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Ég tapaði þessu máli á bæjarþingi Reykjavíkur, því að úrslit málsins urðu þau, að Ágústi var dæmt að greiða Agli Skúla Ingibergssyni kr. 32.000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1958 til 22. febr. 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. dec. 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.800.00 í málskostnað. Ágúst áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar og fól mér að flytja það þar. Þar vann ég málið, því að Ágúst var algerlega sýknaður af kröfum Egils Skúla Ingibergssonar, en málskostnaður var felldur niður. En það merkir, að hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu.

Svo er stundum til orða tekið í fornbókmenntum Íslendinga: „ok ló víða frá". Þau orð þykja hafa sannazt átakanlega á Ágústi Sigurðssyni og fjórða lögmanni hans. Í kæru Ágústs, saminni af Páli Magnússyni héraðsdómslögmanni, er mjög hallað réttu máli.

Í kærunni er sagt, að Ágúst hafi keypt rishæð Drápuhlíðar 48 15. sept. og selt samtímis braggaíbúð sína Búðstaðahverfi 7. Þetta er ekki rétt. Afsal um braggaíbúðina er gefið út 15. júlí 1958.

Í kærunni er sagt, að út af viðskiptum þessum hafi risið mik-

il málaferli, aðallega vegna leyndra galla á rishæðinni. Hér er ekki sagður nema hálfur sannleikur. Talað er um málið, er Ágúst höfðaði út af byggingargöllum á Drápuhlíð 48, en þagað um málið, er gegn Ágústi var höfðað út af heimildargalla á Bústaðahverfi 7.

Í kærunni er sagt, að kostnaður Ágústs af málarekstrinum hafi orðið kr. 64.000.00. Í átalinni blaðagrein er gefið í skyn, að þetta fé hafi runnið í minn vasa. Allt er þetta ósatt. Ég hef sett upp fyrir fjóra málflutninga kr. 24.000.00. Útlögð gjöld í báðum málunum í héraði og fyrir Hæstarétti námu kr. 20.297.10.

Í kærunni er sagt, að Ágúst hafi tapað „á þessu" 3.000 krónum. Þetta er ósatt. Þann 3. júlí 1962 borgaði ég Ágústi kr. 35.000.00. Þar að auki slapp hann við greiðslu á kr. 51.838.55, þegar dómi bæjarþings Reykjavíkur var hrundið með hæstaréttardómi 27. maí 1963. En um þann dóm þegja þeir Ágúst og núverandi lögmaður hans, Páll Magnússon héraðsdómslögmaður.

Ég hef nú sýnt fram á, hvað er hið sanna í því, er að mér snýr í þessari kæru þeirra félaga Ágústs og Páls. Um leið er sannað, að allt málæðið í greininni: „Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?" er fleipur eitt, álygar og atvinnurógur."

Sem fyrr segir hafa í máli þessu komið fram ýmsar upplýsingar um kostnað af þeim tveim dómsmálum, sem Ágúst Sigurðsson var aðili að og að framan eru nefnd. Skv. gögnum, sem stefnandi hefur lagt fram, hefur hann sett upp fyrir að flytja mál þessi bæði í héraði og fyrir Hæstarétt, þ. e. fjórum sinnum alls, kr. 24.000.00. Þá hefur stefnandi lagt út vegna málanna skv. gögnum frá honum kr. 20.297.00. Er þetta áður fram komið. Hefur stefnandi því alls fært Ágústi til skuldar kr. *44.297.10*. Ekki deila aðiljar þessa máls um þessa tölu og ekki heldur um, að stofnað hafi verið til eftirfarandi kostnaðar að auki:

Vegna undirmats á rishæð	kr.	2.400.00
— yfirmats á rishæð	—	3.000.00
Eldri málskostnaður	—	1.222.00
	Kr.	6.622.00

Er því ekki ágreiningur um kostnaðarliði, sem eru samtals að fjárhæð kr. *50.919.10*. Þess er hins vegar getið, að af þessari fjárhæð skuldar Ágúst Sigurðsson stefnanda kr. 3.502.72 og öðrum lögmanni kr. 772.00 skv. gögnum þeim, er liggja í málinu.

Stefndi heldur því fram, að kostnaður vegna þessara tveggja

dómsmála Ágústs Sigurðssonar hafi verið meiri og nemi það a. m. k. þessum fjárhæðum:

Eldra lögmannskaup	kr.	1.000.00
Vaxtatap	—	3.500.00
Eigin fyrirhöfn og vinnutap	—	1.800.00
Bílkostnaður	—	500.00
Óviss útgjöld	—	1.000.00
	Kr.	7.800.00

Stefnandi mótmælir þessum liðum. Stefndi ber fyrir sig frásögn Ágústs Sigurðssonar varðandi eldra lögmannskaup, en hefur sjálfur áætlað aðra liði og gert nánari grein fyrir þeirri áætlun.

Ef kr. 7.800.00 eru lagðar við kr. 50.919.10, kemur út talan *kr. 58.719.10.* Heldur stefndi því fram, að Ágúst Sigurðsson hafi haft þann kostnað, a. m. k. „vegna málarekstursins". (Við flutning málsins byggði stefndi á tölunni kr. 59.169.10, en gerðar hafa verið tvær óumdeilanlegar leiðréttingar, sem ekki þykir þurfa að gera hér sérstaka grein fyrir).

Í máli þessu hefur bæði í skjölum og við málflutning verið gerð nokkur grein fyrir viðskiptum stefnanda og frú Karólínu Guðlaugsdóttur, Fornhaga 17 í Reykjavík. Stefnandi máls þessa var lögmaður frúarinnar á árunum 1958—1960, er hún átti í deilum við þáverandi eiginmann sinn, Jóhannes Jósefsson gistihússtjóra. Frú Karólína höfðaði mál gegn Jóhannesi vegna ákvörðunar hans um að selja Hótel Borg í Reykjavík án hennar samþykkis. Vann stefnandi að máli þessu og flutti það bæði í héraði og Hæstarétti. Þá höfðaði frú Karólína annað mál vegna þess, að maður hennar hafði án hennar samþykkis afsalað þremur öðrum fasteignum. Það mál var hafið, eftir að dómur gekk um sölu Hótels Borgar, en stefnandi hafði þá unnið að málinu um nokkurt skeið. Loks var stefnandi umboðsmaður frú Karólínu við skipti á búi þeirra Jóhannesar Jósefssonar, en því var skipt opinberum skiptum. Voru eignir þess alls rúmar 19 milljónir króna.

Eftir að störfum stefnanda í þágu frú Karólínu Guðlaugsdóttur lauk, varð ágreiningur um lögmannskaup stefnanda. Lagði stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurð á málið skv. 8. grein laga um málflytjendur nr. 61/1942. Úrskurði stjórnarinnar skaut stefnandi til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 31. janúar 1962.

Fyrir stjórn Lögmannafélagsins var þess krafizt af hálfu frú Karólínu, sem bar málið undir stjórnina, að þóknun stefn-

anda fyrir störf hans yrði ákveðin kr. 147.611.19 eða önnur fjárhæð eftir mati stjórnarinnar. Stefnandi gerði þá kröfu, að endurgjald hans yrði ákveðið kr. 799.589.50, en til vara, að það yrði ákveðið kr. 728.922.83. Fyrir Hæstarétti gerði stefnandi þessar sömu kröfur, en af hálfu frú Karólínu var krafizt staðfestingar á úrskurði stjórnar Lögmannafélagsins. Niðurstaða stjórnarinnar og Hæstaréttar varð sú, að lögmannskaup stefnanda skyldi vera kr. 502.087.00.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi heldur því fram, að í greininni í Frjálsri þjóð 7. september 1963 sé „hrúgað saman ærumeiðingum og svívirðingum" um sig og honum berum orðum brigzlað um glæpi. Um leið sé lögfræðingastéttin í heild borin æruleysissökum. Allt sé þetta ósatt og með öllu tilefnislaust. Verði að telja blaðagreinina fleipur eitt, álygar og atvinnuróg. Telur stefnandi stefnda hafa gerzt sekan um brot gegn 234., 235. og 236 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Áður er rakin skýrsla stefnanda um viðskipti þeirra Ágústs Sigurðssonar. Koma málsástæður stefnanda, að því er varðar ummæli Frjálsrar þjóðar um þessi viðskipti, fram í því, er tekið var upp úr greinargerð stefnanda hér að framan.

Varðandi blaðaummælin um viðskipti þeirra frú Karólínu Guðlaugsdóttur, heldur stefnandi því fram, að þau feli í sér róg og dylgjur um refsivert athæfi. Engu slíku hafi verið til að dreifa. Þeim frú Karólínu hafi báðum verið frjálst að láta rétta aðilja meta endurgjaldið fyrir lögmannsstörfin, en slíkt mat sé oft erfitt, m. a. vegna ónákvæmni lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

Ómerkingarkröfu sína styður stefnandi með því að vitna til 241. greinar almennra hegningarlaga. Kröfu sína um skaða- og miskabætur byggir hann á 264. grein sömu laga og kröfuna um birtingu dóms í málinu á 22. grein laga um prentrétt nr. 57/1956.

Eins og fyrr segir, krefst stefndi sýknu. Hefur hann skipt blaðagrein þeirri, sem leiddi til máls þessa, í þrjá hluta, er hann hefur fært rök fyrir kröfu sinni. Í fyrsta hlutanum kveður hann vera 147 línur af 206 línum greinarinnar. Er þar um að ræða höfundarnafn, fyrirsögn og meginmál greinarinnar, allt að undanskildum þremur málsgreinum, þeim er hefjast á orðunum: „Hvernig má það ske ...", „Það atriði í kæru Ágústs ..." og „Lögfræðingur sá ..." Stefndi heldur því fram um þessar 147

línur, að efni þeirra sé stefnanda óviðkomandi, ekki sé þar að honum sérstaklega vikið og geti hann því þeirra vegna hvorki gert kröfu um ómerkingu né annað. Sérstaklega mótmælir stefndi því, að við stefnanda sé átt í málsgrein þeirri, sem hefst á orðunum: „Glöggt dæmi þess ...“. Hafi Ágúst Sigurðsson skýrt svo frá í kæru þeirri, sem birt var í Frjálsri þjóð 31. ágúst 1963, að lögfræðingur hafi tekið af honum kr. 65.000.00 í afföll af víxilláni. Með vöxtum og kostnaði hefði þessi fjárhæð orðið meiri en 100.000.00 kr. Þá hafi það verið á margra manna vitorði, að annar lögfræðingur var við málið bendlaður og hafi hvorugur þessara manna verið stefnandi.

Annar hluti greinarinnar er tvær málsgreinar, og eru upphafsorð þeirra: „Hvernig má það ske ...“ og „Það atriði í kæru Ágústs ...“. Stefndi heldur því fram, að ummæli í þessum málsgreinum hafi ekki orkað tvímælis frá sjónarhóli þess, er greinina samdi. Tilefni hafi verið ummæli Ágústs Sigurðssonar í kærunni, sem Frjáls þjóð birti 31. ágúst. Eru ummælin tekin upp framar í þessum dómi. Erfitt hafi verið að skilja þessi ummæli með öðrum hætti en þeim, að lögmaður Ágústs hafi tekið 64.000.00 kr. í ómakslaun, þótt síðar hefði komið fram, að Ágúst ætti við annað. Vegna misskilnings hafi greinarhöfundi orðið á óviljaverk. Þess sé þó að geta, að raunverulegur kostnaður Ágústs Sigurðssonar „vegna málarekstursins“ fari mjög nærri því, sem í kærunni segir. Er áður rakið það, sem fram er komið um kostnaðinn. Heldur stefndi því fram, að ekki sé hægt að áfellast blaðamann fyrir að byggja á orðum kærunnar og að blöskrun greinarhöfundar yfir kostnaðinum hafi verið eðlileg. Þá hafi og verið rætt í einu um allan málarekstur milli Ágústs Sigurðssonar og þeirra, er átt höfðu fasteignakaup við hann, enda það eðlilegt og ekki ástæða til annars, þó að út af viðskiptum þessum hafi verið rekin tvö dómsmál. Telur stefndi þau atriði, sem nú hafa verið rakin, fram til stuðnings sýknukröfu sinni, að því er varðar þær tvær málsgreinar í margnefndri blaðagrein, sem að framan eru nefndar.

Þriðji hluti greinarinnar er ein málsgrein, hin næstsíðasta, og hefst hún með orðunum: „Lögfræðingur sá ...“. Stefndi heldur því fram, að af vangá hafi verið nefnd skökk tala, „570 þúsund“ í stað 502.087.00, en með því hafi hlutur stefnanda verið gerður betri en efni hafi staðið til. Stefndi heldur því fram, að hér sé að öðru leyti aðeins um að ræða hófsama endursögn staðreynda. Hafi ekkert verið eðlilegra en að minnzt væri á þessar staðreynd-

ir í sambandi við kæru Ágústs Sigurðssonar og frásögn hans þar um viðskipti þeirra stefnanda. Eru þessi atriði færð fram til stuðnings sýknukröfu stefnda, að því er varðar áðurnefnda málsgrein.

Krafa stefnda um sýknu af bótakröfum stefnanda er studd þeim rökum, að ummælin í blaðagrein þeirri, sem málið er af risið, séu ekki til þess fallin að baka stefnanda tjón, enda hafi hann hvorki sannað né gert sennilegt, að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni.

Niðurstaða:

Grein sú, sem varð tilefni þessa máls, birtist, sem fyrr segir, í blaðinu Frjálsri þjóð 7. september 1936. Höfundur greinarinnar er nefndur Otur, og fyrirsögn hennar er: „STAFAR ALMENNINGI HÆTTA AF LÖGFRÆÐINGUM?" Í greininni er minnt á, að blaðið hafi, þegar það kom síðast út, birt kæru Ágústs Sigurðssonar út af viðskiptum hans við Jóhannes Lárusson og Búnaðarbanka Íslands. Hafi blaðinu skömmu síðar borizt bréf, og er bréfið tekið upp í greinina. Bréf þetta er undirritað með orðunum „Lesandi blaðs yðar". Í því er vikið að „því braski og fjármálaspillingu, sem allir vita að um lengri tíma hefur þróast og magnast ár frá ári innan lögfræðingastéttarinnar". „Það er staðreynd" segir síðar í bréfinu „að lögfræðingastétt okkar er stórspillt". Í framhaldi af ummælum um þetta efni segir síðan:

„Glöggt dæmi þessa er meðferð lögfræðinga á Ágústi Sigurðssyni, þar sem hann fátækur verkamaður er féflettur af tveim lögfræðingum um yfir 100 þúsund krónur.

Hvernig má það ske, að lögfræðingur sá, sem rekur skaðabótamálið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk tildæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bæturnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að VINNA málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á í lögum".

Bréfið heldur áfram, og síðan taka við hugleiðingar greinarhöfundar um efni þess. Þar segir m. a.:

„Til blaðsins hafa komið mjög margir menn og konur, sem lent hafa í klóm lögfræðinga, sem blátt áfram hafa leikið sér að því að fléfletta þetta fólk með svo lævíslegum brögðum, að ltilli eða engri raunhæfri vörn var við komið."

Nokkru síðar í greininni standa þessi orð í framhaldi af ásökunum í garð lögfræðingastéttarinnar:

„Það atriði í kæru Ágústs Sigurðssonar sem bréfritari vekur

athygli á hér að framan, að lögfræðingur eða lögfræðingar hirða af honum allar skaðabætur og meira til, auk tildæmds málskostnaðar í máli, sem hann vinnur að fullu, er aðeins eitt sýnishorn af því, hvernig sumir lögfræðingar nútímans leika sér með hrekklausa og varnarlitla skjólstæðinga sína.

Lögfræðingur sá, sem þetta mál vann fyrir Ágúst, er Magnús Thorlacius hrl. Kynni þá að vera nokkuð forvitnilegt að rifja það upp hér, að fyrir nokkrum árum skýrði þetta blað frá því, að sá hinn sami Magnús Thorlacius hrl. hafði að skjólstæðingi fráskilda konu Jóhannesar Jósefssonar á Hótel Borg í skiptamálum út af Borginni. Fyrir sitt „starf" í því máli setti hann upp mörg hundruð þúsundir króna. Konunni þótti nóg um og leitaði aðstoðar lögfræðinga. Loks fékkst Guðmundur Ingvi Sigurðsson til að taka að sér mál hennar gagnvart fyrri lögfræðingi hennar. En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega" sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins. Sá dómstóll lækkaði að vísu kröfu Magnúsar alla leið niður í 570 þúsund krónur, eftir því, sem löggiltur embættismaður hefur tjáð blaðinu."

Stefnandi máls þessa, Magnús Thorlacius hrl., var á sínum tíma lögmaður Ágústs Sigurðssonar, Drápuhlíð 48 í Reykjavík. Fluttti hann fyrir hann bæði í héraði og fyrir Hæstarétti mál, sem Ágúst höfðaði gegn þremur mönnum, er selt höfðu honum íbúð. Í héraði voru menn þessir dæmdir til að greiða Ágústi kr. 41.320.00 auk vaxta og kr. 12.100.00 í málskostnað. Í Hæstarétti urðu úrslit málsins þau, að Ágúst skyldi fá kr. 35.720.00 auk vaxta og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Er ljóst, að Ágústi var sjálfum ætlað að bera málskostnaðinn að hluta. Þegar dómkrafa þessi var greidd til stefnanda f. h. Ágústs, var hún með vöxtum og innheimtukostnaði kr. 61.094.38.

Þá flutti stefnandi annað mál fyrir Ágúst Sigurðsson, og voru aðiljar þess hinir sömu og í áðurgreindu máli. Ágúst var varnaraðili í héraði, og var hann krafinn um skaðabætur vegna bragga nokkurs, sem hann hafði selt. Í héraði var Ágústi gert að greiða kr. 32.000.00 auk vaxta og kr. 7.800.00 í málskostnað. Ágúst var hins vegar sýknaður í Hæstarétti, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti var látinn niður falla.

Það er fram komið í máli þessu, að stefnandi, Magnús Thorlacius hrl., hefur sett upp kr. 24.000.00 fyrir að flytja þessi tvö mál bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Ummæli þau um viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, sem birtust í Frjálsri þjóð 7. september 1963, eru því ekki rétt. Stefnandi tók ekki

„auk tildæmds málskostnaðar .... allar bæturnar og meira til". Þá er þess ekki getið í blaðinu, að stefnandi flutti tvö mál fyrir Ágúst Sigurðsson, og ekki er heldur nægilega glögglega greint frá úrslitum þeirra til að fá megi rétta mynd af atvikum. Er hlutur stefnanda gerður verri en rétt er.

Um einstakar málsgreinar í blaðagreininni, þær er varða viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, er þetta að segja:

Málsgrein sú, sem hefst á orðunum: „Glöggt dæmi þessa ....", varð eftir stöðu sinni í greininni og með tilliti til þess, er blaðið hafði áður birt um mál Ágústs Sigurðssonar, ekki skilin með öðrum hætti en þeim, að annar þeirra manna, sem um er rætt, hafi verið stefnandi. Þar sem talað er um, að féfletting hafi átt sér stað og hún tekin sem dæmi um alvarlega spillingu stéttar stefnanda, felst í ummælunum í þessari málsgrein aðdróttun í garð stefnanda, sem er refsiverð eftir 235. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber og eftir 241. grein sömu laga að dæma ummælin í þessari málsgrein ómerk, að því er stefnanda varðar.

Í málsgreininni, sem hefst á orðunum: „Hvernig má það ske ....", felst einnig aðdróttun í garð stefnanda, refsiverð skv. 235. grein almennra hegningarlaga. Ummælin ber að ómerkja eftir 241. grein sömu laga frá orðunum „... lögfræðingur sá..." og til loka málsgreinarinnar.

Í málsgrein þeirri, sem hefst með orðunum: „Það atriði í kæru Ágústs Sigurðssonar...", stendur, sem fyrr segir: „... lögfræðingur eða lögfræðingar hirða af honum allar skaðabæturnar eða meira til ...". Orðin „eða lögfræðingar" gefa til kynna, að fleiri lögmenn kunni að hafa komið við sögu í þeim málarekstri, sem Ágúst Sigurðsson átti í vegna áðurnefndra húsakaupa. Svo var og, þar sem tveir lögmenn munu hafa verið Ágústi til aðstoðar, áður en hann leitaði til stefnanda. Stefndi í máli þessu skýrir svo frá, að Ágúst hafi tjáð sér, að hinn fyrri þessara lögmanna hafi tekið 1.000.00 krónur fyrir aðstoð sína, en því er mótmælt af stefnanda. Ekki verður séð, enda ekki haldið fram, að sá lögmaður, sem Ágúst leitaði næst til, hafi tekið af honum lögmannskaup. Virðist Ágúst Sigurðsson því í mesta lagi hafa verið krafinn um kr. 25.000.00 í lögmannskaup. Er því ekki rétt með farið í þeirri málsgrein, sem hér er til athugunar. Þá er þess enn fremur að geta, að ekki er á öðrum stað í greininni í Frjálsri þjóð 7. september 1963 að því vikið, að fleiri lögmenn hafi átt hér hlut að máli, og frásögnin í málsgreininni er sett fram sem endurtekn-

ing þess, sem áður hefur verið sagt um stefnanda. Felst því í henni aðdróttun í garð stefnanda, sem refsiverð er skv. 235. grein almennra hegningarlaga. Ber og skv. 241. grein sömu laga að ómerkja ummæli málsgreinarinnar frá orðunum: „... lögfræðingur eða lögfræðingar ...“ og til loka málsgreinarinnar.

Í málinu er komið fram, að kostnaður Ágústs Sigurðssonar af þeim tveimur dómsmálum, sem áður eru nefnd, hafi, svo að vitað sé með vissu, numið kr. 51.019.10. Stefndi vill þó telja, að kostnaðurinn hafi verið um kr. 59.000.00, sem fyrr segir, og byggir það m. a. á áætlunum sínum um vaxtatap og eigin fyrirhöfn Ágústs. Kostnaður Ágústs, annar en lögmannskaupið, var matskostnaður, kostnaður við fjölritun o. fl. Kr. 20.297.10 af þessum kostnaði lagði stefnandi út og færði Ágústi til skuldar á reikningi hans. Skv. skjölum frá stefnanda skuldar Ágúst honum enn kr. 3.502.72. Í þeim ummælum, sem hér að framan hafa verið talin refsiverð, er ekki rætt um heildarkostnað Ágústs Sigurðssonar af þeim tveim dómsmálum, sem um er að ræða, heldur um það, sem stefnandi á að hafa tekið fyrir starf sitt í þágu Ágústs. Verður þetta ráðið af því, að notuð eru orðin „féflettur“, „taka“ og „hirða“, sem eftir almennri málvenju mundu ekki hafa verið notuð, ef höfundur blaðagreinarinnar hefði viljað ræða um allan kostnað Ágústs vegna málarekstrar hans. Ekki hefðu þau heldur verið notuð skv. almennri málvenju, ef höfundurinn hefði viljað ræða um lögmannskaupið og að auki þann kostnað, sem stefnandi lagði út fyrir Ágúst. Þegar af þessari ástæðu getur það ekki haft áhrif á úrslit málsins, hver heildarkostnaður Ágústs af málarekstrinum var.

Áður er það rakið, sem fram er komið um viðskipti frú Karólínu Guðlaugsdóttur og stefnanda. Það er tekið fram í greininni í Frjálsri þjóð 7. september 1963, að þar séu þessi viðskipti rifjuð upp til frekari skýringar á því, sem áður segir um lögfræðinga almennt og Magnús Thorlacius sérstaklega. Byggir greinarhöfundur bersýnilega á því, að það sé dæmi um þá spillingu, sem hann hefur áður talið sig geta skýrt frá, að stefnandi skyldi setja upp „mörg hundruð þúsundir króna“ fyrir „sitt“ starf „í því máli“. Þá eru viðhöfð ummæli, sem í felst, að hér hafi stefnandi gerzt sekur um refsivert athæfi. Frásögnin af viðskiptum frú Karólínu Guðlaugsdóttur og stefnanda er ónákvæm og einhliða, og ekkert er fram komið til réttlætingar ummælunum um refsiverða háttsemi. Þegar ummælin í málsgreininni eru lesin í samhengi við blaðagreinina að öðru leyti, felst í þeim aðdrótt-

un í garð stefnanda, refsiverð skv. 235. grein almennra hegningarlaga.

Stefnandi hefur krafizt þess, að ómerkt verði orðin: „En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega" sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins". Ummæli aftur að „... hann rak málið ..." eru óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau eftir 241. grein almennra hegningarlaga. Þá er það móðgun, refsiverð skv. 234. grein laganna, er ritað er um „starf" stefnanda innan tilvitnunarmerkja.

Ekkert er fram komið, er sýni, að stefndi hafi mátt ætla, að ummæli þau, sem talin hafa verið refsiverð hér að framan, yrðu sönnuð. Hann hefur sjálfur skýrt svo frá, að heimildir hafi verið kæra Ágústs Sigurðssonar, er birt var í Frjálsri þjóð 31. ágúst 1963, svo og fyrri ummæli blaðsins og upplýsingar nafngreinds manns um dóm Hæstaréttar um viðskipti stefnanda og frú Karólínu Jósefsson. Dómurinn réttlætir ekki þau ummæli, sem viðhöfð eru í margnefndri blaðagrein um þau viðskipti. Engar réttarheimildir styðja þá málsástæðu stefnda, að réttir aðiljar þurfi ekki að bera ábyrgð á ummælum, sem byggð eru á heimildum slíkum sem þeim, er hann hefur að öðru leyti tilgreint.

Stefnandi hefur krafizt þess, að margumrædd blaðagrein ásamt fyrirsögn verði í heild dæmd dauð og ómerk. Þá hefur hann til vara krafizt ómerkingar tiltekinna ummæla í greininni, annarra en rætt hefur verið um hér að framan, og eru þessi ummæli tilgreind áður. Fleiri ummæli en þau, sem rætt hefur verið um, varða að vísu lögfræðingastéttina, sem stefnandi er tekinn sem fulltrúi fyrir. Þó þykja þau vera svo almenns eðlis, að stefnandi geti ekki krafizt ómerkingar þeirra og þá ekki heldur greinarinnar í heild.

Þess er áður getið, að refsivert atferli hefur verið framið með því að birta tiltekin ummæli á áðurnefndri grein. Önnur ummæli í greininni eða birting hennar sem heildar þykja ekki varða refsingu í máli þessu.

Hinn 7. september 1963 var stefndi ábyrgðarmaður Frjálsrar þjóðar. Ber hann því refsiábyrgð á þeim ummælum, sem refsiverð teljast, skv. 16. grein laga um prentrétt nr. 57/1956. Stefndi hefur ekki áður sætt refsingu. Þykir hæfilegt að gera honum að greiða kr. 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests.

Ummælin um stefnanda, sem áður eru rakin, fjalla um, hvernig hann hafi rækt starf það, sem hann hefur að atvinnu. Eru þau

fallin til að valda honum fjártjóni, hneisu og óþægindum. Ber að dæma stefnda til að gjalda honum fébætur skv. 264. grein almennra hegningarlaga, sbr. 16. grein laga um prentrétt. Bæturnar þykja hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00. Taka ber til greina kröfu stefnanda um 7% vexti p. a. frá 7. september 1963 til greiðsludags. Ber stefnda að greiða vextina af fyrrgreindri fjárhæð.

Eftir kröfu stefnanda er rétt að ákveða með heimild í 1. málsgrein 22. greinar laga um prentrétt, að a. m. k. síðasti kafli dóms þessa skuli birtur í blaðinu Frjálsri þjóð, þ. e. sá hluti dómsins, sem nefnist „Niðurstöður", svo og dómsorðið. Fer um birtinguna eftir lagagreininni, og eru ekki efni til að kveða á um dagsektir í því sambandi, sbr. 4. málsgrein greinarinnar.

Báðir aðiljar hafa viðhaft allstór orð við rekstur málsins, en ekki þykja efni til, að þeir sæti viðurlögum af þeim sökum.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.00 í málskostnað.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði 2.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs. Varðhald í 6 daga komi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan aðfararfrests.

Stefndi greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, kr. 10.000.00 í fébætur ásamt 7% vöxtum p. a. af þeirri fjárhæð frá 7. september 1963 til greiðsludags svo og kr. 3.000.00 í málskostnað.

Skylt er að birta í blaðinu Frjálsri þjóð áðurnefndan hluta dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 105/1965. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Leslie Alfred Cumby
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Brot gegn 1. og 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 56/1963 um lögreglumenn, og svo gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð eftir uppsögu héraðsdóms.

I.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 1. og 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 56/1963 um lögreglumenn, og svo gegn 4. mgr. 220. gr. nefndra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Lögð hefur verið fyrir Hæstarétt skýrsla Jóns Jónssonar, skipherra á varðskipinu Þór, dags. 29. maí 1965, og er meginmál hennar svohljóðandi:

„Fimmtudaginn 27/5 '65, var varðskipið að slæða eftir botnvörpu, sem talið var, að togarinn ALDERSHOT, GY-612, hefði höggvið frá sér 11. maí 1965.

Kl. 1315 kom festa á krókuna, og var þá vírinn hífður inn. Kom þá í ljós, að trollvír var á krókunni. Þegar niðurstaða var komin á trollvírinn, var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Kollumúli, fjarl. 23.2 sjóm. Digranes 23.7 sjóm. Dýpi 136 metrar. Hringir voru bornir saman á ratsjánni, og reyndust þeir réttir.

Kl. 1355 var afturhleri togara kominn inn á þilfar varð-

skipsins. Á hleranum sáust ógreinilega skrifaðir stafirnir SA eða SH með gulri krít.

Kl. 1645 var lokið við að ná vörpunni inn á þilfar varðskipsins. Á framhlera sáust skrifaðir stafirnir SHOT með gulri krít.

Í pokanum voru um 3 körfur af morknum fiski, en í belgnum um 2 körfur af lifandi fiski.

Vírar voru þverhöggnir.

Staðarákvarðanir voru gerðar af 1. og 2. stýrim. undir umsjá skipherra. Mælingar voru gerðar með Sperry-ratsjá.

Veður: Hægviðri, sjór 1—2, þoka".

Nefndir yfirmenn varðskipsins komu fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 4. júní 1965. Jón Jónsson skipherra staðfesti skýrslu sína. Ummælin: „þegar niðurstaða var komin á trollvírinn" í skýrslu sinni kvað hann merkja, „að þá hafi togvírarnir legið beint niður frá afturstefni skipsins". Þá skýrði skipherra frá því, „að gerð hafi verið staðarákvörðun, um leið og sást, að vír hafi festst á krókunni, og hafi sú staðarákvörðun verið sú sama", sem greind er í skýrslu hans. Höskuldur Skarphéðinsson, 1. stýrimaður, staðfesti skýrslu skipherra og kvað sig minna, „að gerð hafi verið staðarákvörðun, þegar ljóst var, að vír var fastur í krókunni", en mundi „ekki niðurstöður þeirrar mælingar". Peter Guðjón Petersen, 2. stýrimaður, staðfesti skýrslu skipherra svo og framburð hans um framkvæmd og niðurstöðu staðarákvörðunar, er „ljóst varð, að trollvír var fastur á krókunni ..."

Hinn 14. maí 1965 kvaddi héraðsdómur skipstjórana Guðjón Marteinsson og Hauk Ólafsson til athugunar á því, hver veiðarfæri, þ. á m. togvírar, væru um borð í togaranum Aldershot, GY 612, svo og hvert væri ásigkomulag þeirra veiðarfæra. Enn fremur skyldu hinir dómkvöddu menn ganga úr skugga um, hvern afla togarinn hefði innanborðs. Skýrsla skoðunarmanna um greint efni er dagsett 14. maí 1965 og svohljóðandi:

„Við undirritaðir höfum yfirfarið og athugað veiðarfæri og afla togarans Aldershot, GY 612.

Togvír stb. megin á togvindu mældist 350 faðmar. Frá höggnum enda að fyrsta merki mældust 39.63 metrar. BB á togvindu mældist vírinn frá enda að fyrsta merki 45.85 metrar. Þennan enda var búið að undirbúa til splæsingar í hlerakeðju. Vírinn mældist 3¼" og virtist nýlegur. Undir bakka reyndist vera ca. 100 fm. af merktum togvír. Í netjalest voru ca. 100 fm. af ómerktum vír, hvort tveggja 3¼". Stjórnborðsmegin voru 3 bobbingjalengjur á nýjum fótreipum. BB voru 13 bobbingar. Í netjalest voru 11 stk. járnbobbingar og 7 stk. trébobbingar, einnig voru þar gúmmífótreipi og grandrópar, fixaður toppur, belgur og vængjasett. Í skipinu voru 4 trollhlerar og tvær kúlur, er tengjast grandrópum (ross). Athugaðar voru allar rúllur fyrir stb. troll. Sáum við ekkert athugavert við þær, utan síðupollarúlluna, á henni sáum við för, sem gæti verið eftir meitilhamar eða eitthvað slíkt. Í fisklest skipsins var fiskur í 10 stíum, þar af voru 8 fullar, að langmestu leyti var þetta smár þorskur, þó var ofan á einni stíu lítils háttar af flatfiski. Í einum og hálfum undirsteis var saman steinbítur, hlíri, langa og karfi. Áætlað magn aflans 40—50 tonn".

Skoðunarmenn heitfestu skýrslu þessa fyrir sakadómi Neskaupstaðar hinn 17. maí 1965 og kváðu næg veiðarfæri hafa verið um borð í togaranum til að halda áfram veiðum.

Í bréfi saksóknara ríkisins til yfirsakadómarans í Reykjavík, dags. 3. júní 1965, var þess beiðzt, „að við framhaldsrannsókn í máli þessu verði dómkvaddir tveir óvilhallir og hæfir kunnáttumenn um botnvörpuveiðar til að skoða botnvörpu þá, sem varðskipið Þór slæddi upp á Digranesflaki hinn 27. f. m., lýsa henni og mæla togvíra bæði í heild og að merkjum og láta uppi álit sitt á því, hvort hún sé líkleg til að vera frá b.v. Aldershot, GY 612, höggvin frá skipi, og sé þá tekið tillit til skoðunargerðar Guðjóns Marteinssonar og Hauks Ólafssonar í Neskaupstað, dagsettrar 14. f. m., dskj. nr. 5, á veiðarfærum nefnds togara. Óskast skrifleg greinargerð skoðunarmannanna um framanskráð.

Þá er þess krafizt, að þér hlutist til um rannsókn á framangreindum veiðarfærum um borð í varðskipinu Þór, eink-

um merkingum þeirra og vírendum og að teknar verði af þessu ljósmyndir, eftir því sem ástæða þætti til.

Að öðru leyti óskast málið rannsakað, eftir því sem tilefni kann að gefast til, og verður við þá framhaldsrannsókn málsins mætt af hálfu þessa embættis".

Í sakadómi Reykjavíkur 3. júní 1965 voru til „þeirra starfa, sem um getur í bréfi saksóknara", kvaddir skipstjórarnir Steindór Árnason og Karl Magnússon. Jafnframt „var tæknideild rannsóknarlögreglunnar falið að leita eftir og ljósmynda merkingar og annað, er finnast kann á vörpuhlutum þeim, er varðskipið Þór slæddi upp á Digranesflaki hinn 27. f. m.". Þá var með bréfi sakadóms Reykjavíkur 4. júní 1965 Guðmundi Halldóri Guðmundssyni efnaverkfræðingi falið að veita „tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík tæknilega aðstoð við ljósmyndun og greiningu á einkennum á trollhlerum þeim, sem varðskipið Þór slæddi upp ..."

Skýrsla skoðunarmannanna Steindórs Árnasonar og Karls Magnússonar er dagsett 15. júní 1965 og hljóðar svo:

„Við undirritaðir, sem dómkvaddir vorum á dómþingi sakadóms Reykjavíkur hinn 3ja júní 1965 af fulltrúa, hr. Jóhanni Níelssyni, til að rannsaka og semja nákvæma lýsingu á vörpustrengjum, hlerum og botnvörpu þeirri, sem varðskipið Þór slæddi upp á Digrensgrunni hinn 27da maí s.l., höfum framkvæmt þetta verkefni samkvæmt meðfylgjandi skoðunargerð.

1. Togvírar:

Togvírarnir eru 3″ stálvír, 6 þátta og í hverjum þætti 19 þræðir, 9 grannir og 10 yfirspunnir, gildari þræðir. Enginn mergur er í þáttunum, en venjulegur mergur, kaðalþáttur í miðjum vír.

Togvírarnir eru talsvert notaðir, og standast því ekki lengur sitt upphaflega mál. Við mældum ummál þeirra mjög víða, og reyndist það vera frá $2\frac{15}{16}$″ niður í $2\frac{7}{8}$″ á þeim stöðum, sem við mældum þá.

Togvírarnir eru merktir með nylonkaðalþætti. Merkin eru

víðast mjög slitin, sem bendir til þess, að þeir séu talsvert notaðir.

Togvírarnir eru þannig merktir: 15 faðma frá augasplæsi eru tvö merki, 50 faðma frá augasplæsi eru þrjú merki, en síðan eitt merki á 25 faðma bili.

Togvírarnir eru splæstir í grandrópakeðjurnar. Báðir togvírarnir eru í heilu lagi, án splæsa.

Lengri togvír mældist 275 faðmar frá augasplæsi að síðasta merki og þaðan til enda 149 fet, eða alls 299 faðmar og 5 fet. Við nákvæma athugun á þessum enda virtist okkur, að vírinn hefði verið höggvinn sundur. Að sjálfsögðu var vírinn ekki eins í sárið og þegar við höggvum lausan vír á steðja, en þættirnir voru mjög víða með greinilegum meitilförum.

Styttri togvír mældist 275 faðmar frá augasplæsi að síðasta merki, þaðan til enda 127 fet, eða alls 296 faðmar og eitt fet. Þessi endi er mjög ólíkur endanum á hinum vírnum. Svo virðist sem hann hafi verið höggvinn að hálfu leyti, eða 3 þættir hans, en slitinn að hálfu. Sennilega hefur vírinn slitnað í gálga eða togblökk. Þeir þættir, sem okkur virtist við nákvæma rannsókn, að hafi verið höggnir, eru uppraktir og gormlaga, líkast því sem híft hafi verið í vírinn, eftir að annar vírinn var í sundur og þessi að hálfu, og vírinn þannig slitinn við fyrirstöðu, togblökk eða gálga.

2. Grandrópar:

Grandrópar eru 40 faðma langir, sami gildleiki á togvírum.

Grandrópaleggir mældust 20 fet á lengd úr 2½″ stálvír. Leggjunum var lásað í grandrópakeðjurnar.

3. Hlerar:

Tveir hlerar, 5×10 fet að stærð, talsvert notaðir, með ásoðnum slitjárnum á skó.

4. Botnvarpan, stærð hennar og gerð:

a- *Höfuðlína:* Vængir 41 fet×2 plús miðja, 18 fet, =100

fet. Höfuðlína er úr 1¾″ stálvír, klædd með sísalgarni. Hún er samanlásuð úr 5×20 feta leggjum.

b- *Toppnet:* Miðskver 270 upptökur við höfuðlínu og toppvængi, en 200 upptökur við belg. Dýpt 60 möskvar, 26.5 fet.

Toppvængir 95 upptökur við skver, 10 upptökur við gafl. Hnýttur á legg við höfuðlínu.

c- *Undirvængir:* Á undirvæng eru 55 upptökur við belg en 18 við gafl. Hnýttur á legg við fiskilínur.

Toppnet og undirvængir eru úr manillagarni.

d- *Belgur:* Lengd 50 fet, efni nylon. Belglínuleggir 13 fet 1¾″ stálvír. Belglínur á leysum úr 3″ gerfiefni.

e- *Poki:* Lengd poka 18 fet, efni nylon. Pokalínur úr 3″ gerfiefni. Skiptigjörð ca. 14 feta löng úr tvöföldum 3¾″ vírkaðli. Pokavasar eru úr vírkaðalsþáttum. Skiptileggur 10 feta langur úr 2″ stálvír. Aluminium netjakúla benzluð í auga á leggnum. Codlínan er úr gerfiefni.

f- *Fótreipi:* Á miðju 20 feta fótreipi 3″ stálvír, á fótreipinu eru 6 stk. járnbobbingar 21″, 4 stk. gúmmí-bobbingar 21″ og 12 stk. járn-millibobbingur með keðjum. Fastavængsfótreipi, lengd 14 fet 3″ stálvír, á fótreipinu eru 6 stk. járnbobbingar 21″ og 6 stk. járn-millibobbingar með keðjum, til viðbótar 6 feta fótreipi með gúmmíkörtum, 6″ að þvermáli, fótreipið úr 3″ stálvír. Lausavængsfótreipi: 20 feta fótreipi með 6″ gúmmíkörtum og einum 18″ járnbobbing. Annað 20 feta fótreipi með 6″ gúmmíkörtum. Þessi fótreipi eru úr 2¾″ stálvír. 10 keðjur eru á lausavængsfótreipunum. Þessi lýsing á við báða vængi. Leggur frá fótreipi að klafa, 15 fet 3″ stálvír, eins á báðum vængjum.

g- *Netjakúlur:* 26 stk. aluminiumkúlur eru á milli kvarta. 36 stk. á öðrum vængnum, en 33 stk. á hinum, eða alls 95 kúlur.

Kúlurnar eru dregnar upp á sísalkaðal 2¾″, og hann benzlaður við höfuðlínuna með manillagarni.

h- *Fiskilínur:* 3 stk. fiskilínur 20.5 fet á bobbingalengjum, 2 stk. á lausavængjum 42 fet. Línurnar eru úr 3¼″ vírkaðli.

Rópstroffur á höfuðlínu úr 2¾″ sísalkaðli. Rópaleggir 6 feta úr 3¼″ virkaðli. Gafllínur 5 feta langar úr 3″ gerfiefni.

Botnvarpan er af mjög venjulegri gerð og ýmislegt við útbúnað hennar, t. d. pokagjörð, pokavasar, belglínur og leggir í rópakeðjum ásamt fleiru bendir eindregið til þess, að varpan sé af enskum togara. Botnvarpan er í sæmilegu standi, mjög lítið rifin. Ekki verður séð á vörpunni, hvort hér er um bb. eða stb. vörpu að ræða. Eina sönnunargagnið, sem gæti skorið úr um það, hvort varpan hefur verið notuð á stb. eða bb., eru róparnir, séu þeir mislangir, vegna þess að lengri rópurinn er alltaf forrópur.

Róparnir voru skornir frá vörpunni um borð í varðskipinu Þór og eru að okkar áliti einskisvert sönnunargagn, þótt þeir kæmu síðan í leitirnar.

Auk ropanna voru eftirtaldir hlutir fjarlægðir frá vörpunni um borð í varðskipinu, og hafa ekki komið í land: 2 stk. höfuðlínu-leggir ásamt lásum, 2 stk. fiskilínuleggir ásamt lásum, útbúnaður til að festa rópum í klafana, báðir hlerakrókarnir ásamt brakketlásum, önnur hlerabakstroffan og allir viðkomandi lásar, auk þess húðir af pokanum.

Bæði „rossin“ komu í land sundurlásuð, þ. e. 2 stk. 24″ bobbingar, 2 stk. stautar og 2 stk. klafar. Enn fremur önnur hlerabakstroffan. Hún er 10 feta löng úr 2½″ stálvír.

Við höfum lesið og athugað skoðunargerð þeirra Guðjóns Marteinssonar og Hauks Ólafssonar og leyfum okkur að gera við hana eftirfarandi athugasemdir:

Í fyrsta lagi virðist lengd togvírs bb.-megin á spili ekki hafa verið mæld, nema frá síðasta merki að enda. Í öðru lagi vantar veigamikið atriði, varðandi splæs og merkingar á báðum togvírum. Í þriðja lagi eru engar upplýsingar um stærð og gerð þeirra botnvörpuhluta, sem taldir eru upp í skoðunargerðinni, og ólíklegt er, að enginn spotti af kaðli eða vírkaðli hafi fundizt um borð í skipinu. Í fjórða lagi er greint frá 4 stk. toghlerum um borð í togaranum, en ekki hafa þeir verið mældir.

Af þessum athugasemdum verður ljóst, að um engan samanburð, varðandi gerð veiðarfæranna, sem voru um borð

í b/v Aldershot, GY 612, og þeirra, er við gefum skýrslu um, getur verið að ræða.

Eins og skoðunargerð þeirra Hauks Ólafssonar og Guðjóns Marteinssonar ber með sér, er ummál togvíranna samkvæmt þeirra mælingu 3¼". Eins og greinir í okkar skýrslu, er mesta ummál togvíra þeirra, er við mældum, $2^{15}/_{16}$".

Hér virðist okkur svo miklu muna á ummáli togvíranna, sem þeir mældu um borð í b/v Aldershot, GY 612, og togvíranna, sem við mældum og varkskipið Þór slæddi upp á Digranesgrunni 27/5 s.l., að vart geti verið um sömu togvíra að ræða, hafi þeir verið mældir með réttum áhöldum.

Þessi skoðunargerð okkar, ásamt greinargerð við dómsskjal nr. 5, dags. í Neskaupstað 14. f. m., er gerð eftir beztu vitund."

Við skoðunargerð þessa hefur skoðunarmaðurinn Steindór Árnason samið sérgreinargerð, dags. 16. júní 1965, viðbót við 1, „Togvírar", svohljóðandi:

„Á eftir — báðir togvírar eru í heilu lagi án splæsa — komi:

Þess skal getið, að venjulegustu lengdir togvírsrúllna eru 200, 300 og 400 faðmar. Lengd togvíranna, sem við mældum, sá lengri 299 faðmar og 5 fet, er það nálægt 300 föðmum, að fullvíst verður að telja, að þeir hafi ekki verið splæstir þar, heldur á 400 föðmum. Þar af leiðir, að splæs hefur mjög sennilega verið á fyrstu 100 föðmum á spili b/v Aldershot, GY 612, sé reiknað með því, að þessir togvírar tilheyri honum.

Einnig er rétt að upplýsa, að togvírar eru alltaf hafðir jafnlangir á báðum spiltromlum.

Sú lengd, sem upp er gefin á dskj. nr. 5, dags. í Neskaupstað 14. f. m., 350 faðmar á stb.-tromlu, og síðar staðfest í sakadómi Neskaupstaðar 11. júní s.l., það sé öll lengd vírsins og þeir jafnlangir á báðum tromlum, er ekki sannfærandi, þar sem um 6.22 metra lengdarmismun er að ræða frá síðustu merkjum að vírendum.

Aftur á móti verður útkoman önnur, ef við tengjum saman styttri togvírinn, sem við mældum, og togvírinn á bb.-

megin á togvindu b/v Aldershot, og hins vegar lengri togvírinn, er við mældum, og togvírinn stb.-megin á togvindu b/v Aldershot, þá verður heildarlengd beggja togvíranna mjög nálægt því að vera jöfn.

En til þess að þetta fái staðizt, þá verður lengd togvíranna á togvindu b/v Aldershot að hafa verið jöfn, — t. d. 350 faðmar —, að síðustu merkjum næst höggnum endum, en vírendarnir frá síðustu merkjum ekki innifaldir í heildarlengd víranna, sbr. dskj. nr. 5, dagsett í Neskaupstað 14. f. m.

Greinargerð þessi er gerð eftir bezt vitund."

Hinn 11. og 12. júní 1965 komu skoðunarmennirnir Guðjón Marteinsson og Haukur Ólafsson af nýju fyrir dóm og staðfestu, að lengd togvírs á stjórnborðvindu b/v Aldershots, GY 612, hefði verið alls 350 faðmar, þar í innifalin lengd enda að fyrsta merki, 39.63 metrar. Bakborðsvírinn allan kváðust þeir hins vegar ekki hafa mælt, en töldu hann hafa verið svipaðrar lengdar og stjórnborðsvírinn. Þeir staðfestu, að endi bakborðsvírsins að fyrsta merki hefði mælzt 45.85 metrar.

Enn komu sömu skoðunarmenn fyrir dóm hinn 16. ágúst 1965, og lýstu þeir því, að þeir hefðu tvívegis mælt gildleika togvírs á vindu b/v Aldershots þannig, að þeir hefðu slegið spotta um vírinn, síðan lagt spottann á tommustokk og þá fengið út ummálið, 3¼". Á dómþingi þessu voru lagðir fram spottar af togvírum þeim, sem varðskipið Þór slæddi upp hinn 27. maí 1965. Skoðunarmennirnir mældu gildleika þeirra með greindri aðferð, og reyndist ummálið að sögn þeirra rúmar þrjár tommur (3⅛"), en 2.8" til rúmlega 3", er mælt var með skriðmáli, eftir því hvernig skriðmálið var lagt á vírinn. Töldu skoðunarmennirnir fyrri aðferðina nákvæmari. Þá töldu þeir nefnda vírspotta af sama gildleika sem vírana á togvindu b/v Aldershots. Annars kváðu skoðunarmennirnir athugun sína á veiðarfærum togarans aðallega hafa miðað að könnun þess, hvort togarinn hefði næg veiðarfæri um borð til að halda veiðum áfram.

Skoðunarmennirnir Karl Magnússon og Steindór Árnason

heitfestu skýrslur sínar, er að framan greinir, í sakadómi Reykjavíkur hinn 18. júní 1965. Þeir komu aftur fyrir sakadóminn hinn 6. nóvember 1965. Í þingbók er þá skráð þetta:

„Aðspurðir um mælingar þær á togvírunum, er í skoðunargerð þeirra greinir, kveðast þeir hafa notað við þær 3 gerðir af mælitækjum, þ. e. svonefnd skotmát, sem mæla þvermálið, og voru tvö þeirra þannig, að þau eru jafnframt reikningsstokkar, er gefa ummálið.

Skoðunarmönnum er nú kynntur framburður Guðjóns Marteinssonar í sakadómi Neskaupstaðar 16. ágúst s.l., og þeir eru beðnir að gera mælingar með sömu aðferð og Guðjón lýsir, þ. e. með því að slá spotta um vírinn og mæla spottann. Vírarnir eru til staðar í dóminum.

Gera skoðunarmennirnir nú umbeðnar mælingar með 3 mm gildum Manila-þræði. Þeir kveða gildleika vírsins, mælda með þessari aðferð, vera 3¼". Þá gera þeir sams konar mælingu með bréfræmu í stað þráðarins, og er útkoman þá 3".

Skoðunarmennirnir lýsa yfir því, að þeir telji þetta engan veginn hæfa mælingaaðferð.

Sækjandi spyr skoðunarmennina: Teljið þið misræmi milli mælinga ykkar og mælinga skoðunarmanna í Neskaupstað á þeim togvírsendum, er frammi liggja í dóminum?

Skoðunarmennirnir benda á, að vírinn hafi nú áðan mælzt 3¼" með sömu aðferð og hann var mældur með fyrir austan, en þar virðist hann hafa mælzt 3⅛". Þeir leggja áherzlu á, að hér sé um óhæfa mælingaraðferð að ræða, og útkoman breytist eftir því, með hvað gildum spotta sé mælt.

Þeir gera nú á ný mælingu með mjórri spotta en áður (rúmlega 1 mm gildleiki), og mælist nú vírinn 3⅛"."

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð, sbr. ákvörðun héraðsdóms 3. júní 1965, er áður getur, svofelld

„SKÝRSLA

um rannsókn á letri á botnvörpuhlerum, sem varðskipið Þór slæddi upp 27. maí 1965 fyrir austan land.

Til fulltrúa yfirsakadómara, Jóhanns Níelssonar.

Rannsókn á letri á botnvörpuhlerum, sem varðskipið Þór slæddi upp 27. maí 1965.

Vinnulýsing:

Fimmtudaginn 3. júní hringdi fulltrúi yfirsakadómara, Jóhann Níelsson, í Hörpu og bað Guðmund Halldór Guðmundsson efnaverkfræðing að aðstoða Ragnar Vigni aðalvarðstjóra og Guðmund Erlendsson rannsóknarlögregluþjón við að skýra eða fríska upp letur, sem hafði verið skrifað á botnvörpuhlera, sem varðskipið Þór hafði slætt upp ásamt botnvörpu fyrir austan land 27. maí 1965.

Þá þegar voru athugaðir, hvaða möguleikar væru fyrir hendi á því að fá stafina skýrar fram eingöngu með því að nota mismunandi bylgjulengdir af ljósi, og voru sérstaklega athugaðar þær leiðbeiningar, sem gefnar eru í „Physical and Chemical Examination Paints Varnishes, lacqers, colors", tólfta útgáfa, eftir Gardner og Sward.

Föstudaginn 4. júní, kl. 900 árdegis, var byrjað að fylgjast með því, hvernig gengi að koma hlerunum fyrir. Fengið var húspláss fyrir þá hjá Landhelgisgæzlunni á flugvelli Reykjavíkur.

Síðdegis var hægt að byrja á því að ljósmynda hlerana, sem voru tveir, stjórnborðshleri fremri (mynd no 2) og stjórnborðshleri aftari (mynd no 1) (stjórnborðshliðin er hægri hlið skipsins, þegar horft er fram eftir skipinu). Á stjórnborðsframhlerann var skrifað á tveim stöðum á sinn hvorri hliðinni, sjá mynd no 2. Stafirnar á stjórnborðsafturhleranum voru öllu ógreinilegri, svo að aðal athyglinni var beint að framhleranum. Þó sást, að skrifað hafði verið eitthvað á afturhlerann, og þar undir sást greinilega SA, sjá mynd no 3.

SA skammstöfun, sem gæti þýtt starboard aft. Á áðurnefndum þrem stöðum var alls staðar skrifað með sams konar gulri vaxkrít, sem er líka kölluð olíukrít eða vaxlitur. Slíkt efni er tiltölulega mjúkt og viðkvæmt fyrir öllu hnjaski.

Teknar voru ljósmyndir af áðurnefndum stöðum, og voru notaðar til þess panchromatiskar filmur með grænum, gulum og rauðum fulterum auk þess á filters.

Teknar voru líka myndir á filmu, sem var næm fyrir innfrarauðu ljósi, og prufað misjafnlega langur lýsingartími. Þessar filmur voru síðan framkallaðar. Þessar filmur sýndu, að reyna þufti meira, og voru þá þegar teknar fleiri myndir. Blár filter var ekki fáanlegur, þótt leitað hafi verið víða.

Gerðar voru ráðstafanir til að taka myndir í ultravioletttu ljósi með því að byrgja hlerana, svo dagsljós kæmist ekki að þeim.

Þar sem ekki var sjáanlegur neinn fluoricens, sem orsakaði kontrast, voru ekki teknar neinar myndir með ultravioletttu ljósi. Þessu var öllu lokið kl. 2400.

Laugardaginn 5. júní voru síðustu filmurnar framkallaðar.

Mánudaginn 7. júní.

Tilraunir voru gerðar með að framkalla skrift, sem hafði verið skrifuð með litlausu parafinvaxi á eikarspýtur. Slík skrift er ósýnileg. Parafinvax er aðalbindiefnið í vaxlit, svo æskilegt var að vita um möguleika á því að framkalla alla þá staði, þar sem sporefni af vaxi væri fyrir hendi á eikarhlerunum, og fá þannig skriftina skýrari.

Reyndir voru nokkrir litir og valinn sá litur, sem virkaði mjög vel á prufuspýtunni og lofaði því mestum árangri.

Þriðjudaginn 8. júní.

Filmurnar voru athugaðar og ákveðið að reyna enn að ná skriftinni betur fram með því að ljósmynda stafina betur og nota í þeim tilgangi sterkt sólarljós, sem var þann dag. Aðalerfiðleikarnir við myndatöku á letrinu voru þeir, hvað stafirnir og hlerarnir voru samlitir. Allar hinar filmurnar höfðu verið teknar við lýsingu frá mismunandi lömpum. Auk panchromatiskra filma voru nú notaðar kommercial orthochromatiskar filmur.

Þegar þessum myndatökum var lokið, og sýnt var, að ekki næðust betri myndir með því að auka kontrastana með því að filtera vissar bylgjulengdir í burtu, var litnum úðað á hlerana, þar sem letur var fyrir hendi, og staðirnir ljósmyndaðir.

Að þessu loknu voru nýir framkallarar lagaðir og einn special harður til þess að auka kontrastana.

Þessu var lokið kl. 1900. Byrjað var að framkalla síðustu filmurnar miðvikudaginn 9. júní. Síðan voru teknar prufumyndir af filmunum.

Fimmtudaginn 10. júní.

Haldið var áfram að taka prufumyndir af filmunum og þær valdar, sem komu bezt út.

Föstudaginn 11. júní.

Stækkaðar voru myndir af þeim filmum, sem lofuðu mestum árangri.

Mánudaginn 14., þriðjudaginn 15. og miðvikudaginn 16. júní voru myndirnar teknar saman í möppu og niðurstöðurnar teknar saman.

Haft var samband við hleragerðarmenn frá Rúllu- og Hleragerðinni, Flosaporti, og frá Vélsmiðjunni Klettur, Hafnarfirði.

Þeir upplýstu, að venjulega væru íslenzkir togarar með botnvörpuhlera, sem væru 157 cm í hæð og 335 cm að lengd. Stærðin gæti þó verið breytileg eftir stærð skipsins.

Þessir hlerar, sem varðskipið slæddi upp, voru 164 cm í hæðina og 301 cm að lengd.

Þessir hleragerðarmenn upplýstu enn fremur, að botnvörpuhlerarnir væru aldrei merktir með vaxkrít hjá þeim. Ef þeir merktu þá, skæru þeir í þá tölustafi eða merktu þá með sérstakri spýtu, sem þeir negldu á hlerana.

Árangur:

Aftari stjórnborðshlerinn:

Á aftari stjórnborðshleranum var greinilega S A (sjá mynd 3). Þessir stafir geta þýtt starboard aft.

Fyrir ofan þessa stafi var sýnilegt, að skrifað hafði verið, en letrið var ólæsilegt.

Fremri stjórnborðshlerinn bracket megin:

Greina mátti á fremra hlera stjórnborðsmegin eftirfarandi stafi eða hluta úr stöfum, sem voru skrifaðir á milli tveggja járna á 52 cm kafla.

I. stafurinn var **A**. A-ið var greinilegt og myndaði hvassan odd. Þverstrikið á A-inu lá á ská upp á við og náði yfir báða leggina.

Á mynd nr. 7 sést A-ið. Þverstrikið er þó ekki sýnilegt á myndinni.

II. stafurinn á eftir A-inu, mátti greina neðri hluta af lóðréttum legg. Út frá neðri enda hans sáust nokkrir vaxpunktar, svo að vel hefði getað staðið þar stórt L, skrifað með prentstöfum. Eini stafurinn í stafrófinu, sem er með slíkan legg og út frá neðri hluta hans hliðarstrik, er stórt E, svo að aðeins þessir tveir stafir koma til greina. Neðri hlutinn af leggnum er sýnilegur á mynd nr. 4. Á myndinni er hliðarstrikið x útfrá neðri endanum á leggnum ekki sýnilegt, enda fellur það ofan í vigingarnar í viðnum.

III. stafurinn. Aftan við II. stafinn sást móta fyrir vaxpunktum, sem voru þannig, að þeir gætu hafa verið neðri hluti af stóru D-i, sem var skrifað með prentstöfum. Aðeins stórt B myndar sams konar boga, svo að aðeins þessir stafir koma til greina. Ekkert af þessum staf kom fram á myndunum, sem teknar voru.

IV. stafurinn var stórt E, skrifað með prentletri. Þessi stafur kom fram á mynd nr. 4 og er þar númeraður með tölustafnum tveim.

V. stafurinn. Á eftir E-inu kom stórt R. R-ið var skýrt og leggur þess boginn aftur og greinilegt, að byrjað var að skrifa legginn neðan frá og boginn tekinn í einu lagi í áframhaldi af leggnum.

Á mynd nr. 4 sést R-ið. Leggurinn er greinilegur, og boginn sést, ef vel er að gáð, og strikið niður úr boganum til hægri, og er það styttra en leggurinn.

Á mynd nr. 4 er R-ið merkt með tölunni þrem.

VI. stafurinn. Á eftir R-inu komu punktar úr vaxi, sem hægt var að greina með berum augum. Þessir punktar lágu í boga, svo að þeir hefðu vel getað verið neðri hluti af S-i. Þessir punktar komu ekki fram á myndunum.

VII. stafurinn var stórt H, skrifað með prentstöfum. H-ið sást greinilega og var áberandi, hvað leggirnir liggja nærri

hvor öðrum og hvað hallinn á þverstrikinu vísaði mikið upp hægra megin, alveg eins og þverstrikið á A-inu gerði líka. Á mynd nr. 4 sést H-ið og er merkt þar með tölunni fjórum. H-ið sést líka á mynd nr. 5.

VIII. stafurinn var greinilegt O. O-ið kom líka fram á mynd nr. 4 og er merkt þar með tölunni 5. Á mynd nr. 5 sést það líka vel.

IX. stafurinn var greinilega T, skrifað með stóru prentletri, eins og allir hinir stafirnir. Þetta var greinilega síðasti stafurinn í þessu orði, og hafði aldrei staðið neitt þar fyrir aftan, sem sést á því, að ekki er pláss fyrir fleiri stafi, vegna þess að hleraskrúfurnar taka við við enda stafsins. Auk þess sáust engin merki þess, að skrifað hafi verið þar fyrir aftan. T-ið kemur skýrt fram á myndunum nr. 4 (þar merkt með tölunni 6) og nr. 5.

Fyrir neðan þessa stafi var skrifað með stærra letri SF, stórt S og stórt F, skrifað með prentletri. Þetta gæti verið skammstöfun og þýtt starboard forward, sem þýðir fremri stjórnborðshleri.

Fremri stjórnborðshleri bakhlið:

Á bakhlið fremra stjórnborðshlerans (sjá mynd nr. 2) var líka skrifað í efra horni hans hægra megin (ef staðið er fyrir framan hann, eins og mynd nr. 2 sýnir hlerann) með stóru prentletri O, brotastrik og stórt H. Þetta gæti verið skammstöfun, sem kæmi frá enska orðinu „over-haul", sem þýðir yfirfarinn eða prófaður.

Beint undir þessari skammstöfun stóð dagsetning 9/3 (tala niu, brotastrik og þar undir þrír).

Af skammstöfuninni O/H og dagsetningunni má ráða, að hlerarnir hafi verið merktir á viðgerðarverkstæði eða af mönnum, sem hafa gert við hlerana, og að viðgerðin hafi átt sér stað 9/3 árið 1965. Þótt ártalið standi ekki, má telja öruggt, að það hafi verið á þessu ári, því slík skrift eins og þessi með olíukrít mun örugglega ekki halda nema mjög fáar veiðiferðir og myndi hverfa við vatnsnúning í sjónum smátt og smátt og við annað hnjask. Þar sem hægt var

að sjá stafina sums staðar, gerir mjög sennilegt, að þetta hafi verið jafnvel fyrsta veiðiferðin, sem hlerarnir hafi verið í notkun, eftir að viðgerð hafi átt sér stað.

Greinilegt er því, að þessi varpa, sem varðskipið Þór slæddi upp 27. maí, hefur aðeins getað tilheyrt togara, sem hafi misst botnvörpu sína fyrir skömmu.

Stafirnir hinum megin á botnvörpuhleranum voru líka skrifaðir með sams konar krít og voru líka skrifaðir á viðgerðarverkstæðinu til þess að merkja hlerana því skipi, sem þeir tilheyrðu.

Fram kom greinilega, að nafn skipsins var með níu bókstöfum. Af þessum níu voru sex læsilegir, en af þrem mátti aðeins greina hluta.

Þessir læsilegu stafir voru:

1. stafurinn A
4. — E
5. — R
7. — H
8. — O
9. — T

Þar sem 2. stafur orðsins getur bara verið L eða E og 3. stafurinn í orðinu aðeins D eða B, má telja öruggt, að þarna hafi staðið ALDERSHOT.

Þessar athuganir voru framkvæmdar af Ragnari Vigni aðalvarðstjóra, Guðmundi Erlendssyni rannsóknarlögregluþjóni og Guðmundi Halldóri Guðmundssyni efnaverkfræðingi, sem eru reiðubúnir að staðfesta allt þetta í hvívetna."

Matsmennirnir unnu eið að þessari skýrslu sinni í sakadómi hinn 18. júní 1965.

Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur framkvæmt athugun á staðarákvörðunum í máli þessu og markað þær á sjókort. Skýrsla skólastjórans um þetta efni, dags. 24. nóvember 1965, er á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 70 staðarákvarðanir varðskipsins Þórs, eins og um getur í hæstaréttarmálinu:

Ákæruvaldið gegn Leslie Alfred Cumby, skipstjóra á brezka togaranum Aldershot, GY 612.

Á kortinu eru staðir varðskipsins auðkenndir með svörtum lit, en staðir togara ákærða með rauðum lit. Í kortinu eru:

A = staður v/s Þórs kl. 0850 h. 11/5 1965. Þá mælist togarinn á stað **a**, um 1.55 sml. innan fiskveiðimarkanna.

B = staður varðskipsins kl. 0856. Þá mælist togarinn á stað **b**, um 1.35 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 0902. Þá mælist togarinn á stað **c**, um 1.15 sml. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 0908. Þá mælist togarinn á stað **d**, um 0.6 sml. innan fiskveiðimarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 0914. Þá mælist togarinn á stað **e**, um 0.3 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Einnig hef ég sett út staðarákvörðun skipstjóra togarans, er hann kveðst hafa gert um kl. 9 um morguninn, fjarl. í Kollumúla 24 sml., en 23 sml. í Digranes (staður **X** í kortinu, auðk. með grænum lit). Sá staður mælist um 0.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég sett út staðarákvörðun v/s Þórs, þar sem hann slæddi upp botnvörpu hinn 27/5 1965, staður **V** í kortinu. Sá staður mælist um 0.1 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Þá hef ég sett út í annað sjókort nr. 70a staðarákvarðanir varðskipsins, er reiknað er með þeirri ónákvæmni í ratsjárfjarlægðum, miðað við færanlega fjarlægðarhringinn, sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna, þ. e. 2% togaranum í hag. Miðunarónákvæmni innan þeirra marka, sem framleiðendur ratsjárinnar viðurkenna, mundi ekki hafa nein mælanleg áhrif á fjarlægð togarans frá fiskveiðimörkunum, og er því aðeins reiknað með fjarlægðarskekkjum í útsetningu. Staðir varðskipsins eru eins og áður auðkenndir með svörtum lit, en staðir togarans með rauðum lit. Samkvæmt þeim útsetningum mælast staðir togarans, miðað við fiskveiðimörkin, sem hér segir:

a_1 = staður	togarans	kl. 0850	um	1.0	sml.	innan	fiskveiði-markanna.
b_1 = —	—	— 0856	—	0.85	—	—	—
c_1 = —	—	— 0902	—	0.7	—	—	—
d_1 = —	—	— 0908	—	0.1	—	—	—
e_1 = —	—	— 0914	—	0.25	—	utan	—
V_1 = —	botnvörpu	h. 27/5	—	0.4	—	—	—

Við samanburð á sjókorti nr. 70 og danska herforingjaráðskortinu yfir Vopnafjörð í mælikvarða 1:100000 kom í ljós nokkurt ósamræmi í kortunum á strandlengjunni fyrir ofan Skálatóftarsker, en til hennar var önnur fjarlægðarmælingin gerð við allar athuganir varðskipsins. Virðist sem strandlengjan sé dregin nokkru utar í korti nr. 70 en í danska herforingjaráðskortinu. Ég hef því sett allar athuganir einnig út í sjókort nr. 14, sem gefið var út s.l. sumar í mælikvarða 1:100000. Í því korti mælast staðir togarans, miðað við fiskveiðimörkin, þannig:

a staður	togarans	kl. 0850	um	1.62	sml.	innan	fiskveiði-markanna.
b —	—	— 0856	—	1.50	—	—	—
c —	—	— 0902	—	1.25	—	—	—
d —	—	— 0908	—	0.72	—	—	—
e —	—	— 0914	—	0.50	—	—	—
X staðarákv.	skipstj.	kl. 9	—	0.48	—	—	—
V staður	botnvörpu	27/5	—	0.20	—	—	—

Meðalhraði varðskipsins og togarans milli mælistaða, miðað við beina siglingu milli þeirra, reiknast mér þannig: A—B um 13.5 sml., B—C um 15.0 sml., C—D um 18.5 sml. og D—E um 12.4 sml.
a—b um 1.6 sml., b—c um 3.7 sml., c—d um 10.5 sml. og d—e um 2.2 sml.

Við þessa hraðaútreikninga er það að athuga, að þeir eru reiknaðir út frá stuttu tímabili, 6 mín., og tíminn er aðeins tiltekinn með 1 mín. nákvæmni. Getur því munað allt að

1 mín. á tímabili. Þá þyrfti og að vera hægt að mæla vegalengdina milli mælistaða með tveggja tugstafa nákvæmni í sml., þegar um svona stutt tímabil er að ræða, en í sjókorti nr. 14 verður að áætla seinni tugstafinn. Getur því gætt talsverðrar ónákvæmni í hraðaútreikningnum.

Staður vörpunnar, sem v/s Þór slæddi upp h. 27/5, mælist um 1.05 sml. frá næsta mælistað togarans.

Í annað sjókort nr. 14a hef ég sett út staðarákvarðanir varðskipsins, ef reiknað er með 2% fjarlægðarskekkju, togaranum í hag. Samkvæmt því mælast staðir togarans, miðað við fiskveiðimörkin, þannig:

a_1	staður	togarans	kl.	0850	um	1.15	sml.	innan fiskveiðimarka.
b_1	—	—	—	0856	—	1.05	—	— —
c_1	—	—	—	0902	—	0.78	—	— —
d_1	—	—	—	0908	—	0.23	—	— —
e_1	—	—	—	0914	á fiskveiðimarkalínunni.			
V_1	—	botnvörpu h. 27/5 um 0.25 sml. utan fiskveiðimarkalínunnar.“						

Hinn 19. apríl 1966 ritaði saksóknari ríkisins yfirsakadómaranum í Reykjavík beiðni um, að dómkvaddir yrðu þrír sérkunnáttumenn til að láta upp álit sitt um eftirfarandi:

„Verður það samræmt siglingu togarans Aldershot, GY 612, hinn 11. maí 1965 samkvæmt mælingum varðskipsins Þórs, miðað við allar aðstæður, að varpa sú, sem varðskipið Þór slæddi upp hinn 27. maí 1965, hafi verið skilin eftir í sjó af togaranum, meðan á eftirför varðskipsins stóð?“

Til þessa starfa kvaddi sakadómur sama dag þá Ingólf Þórðarson stýrimannaskólakennara, Einar Thoroddsen yfirhafnsögumann og Sigurð Kristjánsson skipstjóra. Er álitsgerð hinna dómkvöddu manna dagsett hinn 23. apríl 1966, og segir þar svo:

„Við höfum athugað staðarákvarðanir varðskipsins Þórs á togaranum Aldershot, GY 612, við umrædda eftirför svo

og siglingu togarans og staðarákvörðun varðskipsins Þórs, þar sem varpan var slædd upp. Á milli staða togarans kl. 0902 og 0908 samkvæmt mælingum varðskipsins eru 1.05 sml., sem samsvarar 10.5 sml. hraða, miðað við beina siglingu. Á milli staðar togarans kl. 0902 samkvæmt mælingu varðskipsins og þess staðar, sem varðskipið slæddi vörpuna upp samkvæmt staðarákvörðun þess, eru um 1.05 sml., og frá þeim stað í stað togarans kl. 0908 samkvæmt mælingu varðskipsins eru um 1.1 sml. Samtals eru því um 2.15 sml. frá stað togarans kl. 0902 til staðar togarans kl. 0908 með siglingu yfir stað þann, sem varpan fannst á, og ef fara ætti það á 6 mínútum, þyrfti hraði togarans að vera um 21.5 sml.

Það verður því ekki samræmt siglingu togarans samkvæmt mælingum varðskipsins Þórs hinn 11. maí 1965, að varpa sú, sem varðskipið Þór slæddi upp hinn 27. maí 1965, hafi verið skilin eftir í sjó af togaranum Aldershot, GY 612, *á þessum stað,* meðan á eftirför varðskipsins stóð."

Hinir dómkvöddu menn staðfestu greinda álitsgerð sína með eiði og lýstu jafnframt því, að þeir teldu útilokað, „að hreyfingar sjávar hafi hreyft vöruna úr stað".

Er hér var komið, voru eftirgreindir yfirmenn varðskipsins Þórs kvaddir fyrir dóm og inntir eftir því, hvort þeir gætu „gefið einhverja skýringu á því misræmi, sem fram kemur milli þess staðar, þar sem varðskipið Þór slæddi upp vörpu hinn 27. maí 1965, og siglingarleiðar togarans Aldershots, GY 612, hinn 11. maí 1965 samkvæmt mælingum varðskipsins, ef um vörpu frá því skipi væri að ræða". En auk varðskipsins Þórs hafði varðskipið Albert einnig slætt eftir vörpu á þessum slóðum.

Fram er komið, að til viðmiðunar við leit vörpunnar var sett út dufl, en engin staðarákvörðun var af hendi varðskipsmannanna gerð við dufl þetta, að því er virðist.

Jón Jónsson skipherra skýrði svo frá, „að varðskipið Þór hafi verið að slæða á þessum slóðum í rúman sólarhring, áður en varpan kom upp. Á þessu tímabili hafi mörgum sinnum verið fest í einhvern hlut og hann dreginn til og frá án þess að koma upp á yfirborðið." Eigi kvaðst skipherr-

ann geta fullyrt, að um vörpu hefði verið að tefla, en taldi mjög sennilegt, að svo hefði verið. Dufl það, er áður getur, kvað skipherrann hafa verið sett í sjó, „þar sem álitið var, að togarinn hefði sleppt vörpunni".

Guðmundur Hjaltason Kjærnested skipherra skýrði svo frá, „að sett hafi verið út bauja í nánd við þann stað, þar sem togarinn hafi aukið ferðina, og út frá þeim punkti var leitað í rúmar 2 sjómílur allt í kring". Á þessu svæði segir skipherrann, „að oft hafi verið fest í hluti".

Höskuldur Skarphéðinsson, 1. stýrimaður, kveður oft hafa „verið fest í hlut eða hluti á hafsbotni og þeir dregnir fram og til baka, án þess að hluturinn kæmi upp á yfirborðið". Segir stýrimaður festur oft hafa verið með þeim hætti, að hann áleit, að um vörpu gæti verið að ræða. Stundum hafi festst í grjóti, og eitt sinn komu upp slitur af vír.

Peter Guðjón Petersen stýrimaður minntist þess, að á varðtíma sínum hefði tvisvar festst í hluti á hafsbotni, er eigi komu upp. Þegar „varpan var slædd upp", kvað hann varðskipið hafa „ togað suðlæga stefnu með fastan hlut í slæðunni einhverja stund, áður en varpan kom upp".

Þorsteinn Jónsson, 3. stýrimaður, bar, að festur hefðu orðið, áður en varpan fannst, „en þær hafi losnað og ekki komið upp".

Með bréfi til hinna dómkvöddu manna 28. apríl 1966 óskaði saksóknari ríkisins umsagnar þeirra um það, „hvort varpan, sem slædd var 27. maí 1965, hafi getað færzt svo mikið til á sjávarbotni við slæðingartilraunir þær, sem greinir í skýrslum varðskipsmanna, að hún geti hafa verið skilin eftir í sjó af togaranum Aldershot, GY 612, hinn 11. maí 1965, miðað við mælingar varðskipsins Þórs á siglingu togarans nefndan dag og með hliðsjón af framburði varðskipsmanna", er getið var.

Álitsgerð hinna dómkvöddu manna um greint efni er dagsett 30. apríl 1966, og segir þar m. a. svo:

„Við höfum kynnt okkur mjög rækilega framburð varðskipsmanna í þinghöldum 23., 25. og 28. apríl 1966 og getum ekki séð, að neitt í framburði þeirra gefi ástæðu til að ætla,

að varðskipin hafi við slæðingartilraunir sínar fært vörpuna til eftir sjávarbotninum um þá vegalengd, sem nemur því misræmi, er hér um ræðir.

Ekki virðast miklar líkur fyrir því, að varðskipin hafi fest oft í vörpunni sjálfri og slitið úr henni, því að samkvæmt skoðunargerð Steindórs Árnasonar og Karls Magnússonar hinn 15. júní 1965 var varpan í sæmilegu standi og mjög lítið rifin. Hafi festur þær, sem varðskipin fengu og alltaf losnaði úr, verið í þessu veiðarfæri, væri því hugsanlegt, að fest hefði verið í togvírunum nálægt enda og þeir því runnið af slæðunni.

Af skýrslum varðskipsmanna, sem fram koma fyrr í réttarhöldunum, verður ekkert ráðið varðandi færslu vörpunnar eftir sjávarbotninum".

Hefur nú verið rakið það, er leitt hefur verið í ljós um sakarefni eftir uppsögu héraðsdóms.

III.

Samkvæmt gögnum málsins í heild eru fram komnar sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi framið fiskveiðibrot það, sem hann er sóttur um í máli þessu. Þetta telst þó ekki sannað, þegar til þess er litið, að varðskipsmenn sáu eigi togara ákærða með veiðarfæri í sjó og dómkvaddir sérkunnáttumenn kveða það samkvæmt mælingum varðskipsmanna ekki geta samrýmzt siglingu togarans, að hann hafi skilið við sig, meðan á eftirför varðskipsins stóð, vörpu þá, sem slædd var upp 27. maí 1965, eins og áður greinir. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða af ákæru um ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðimarka.

IV.

Refsing ákærða fyrir brot þau, er í I. kafla greinir, er hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 4 mánuði.

V.

Ákærði torveldaði rannsókn sakargifta um fiskveiðibrot með því að óhlýðnast boði varðskipsforingjans um að sigla

togaranum á ætlaðar veiðislóðir og síðan með flótta til hafs á skipi sínu, þar sem innanborðs voru löggæzlumenn varðskipsins, er hann jafnframt beitti stórkostlega ólögmætu ofríki og þvingun, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi. Af þessum sökum eru eigi efni til að beita ákvæðum 2. mgr. 141. gr. laga nr. 82/1961 um greiðslu málskostnaðar, sem því með hliðsjón af 2. málslið 1. mgr. 140. gr. sömu laga verður allur lagður á ákærða bæði í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals kr. 48.000.00, og laun verjanda ákærða, samtals kr. 48.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Leslie Alfred Cumby, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 48.000.00, og laun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 48.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 18. maí 1965.

Með ákæruskjali saksóknara ríkisinsí, útgefnu 17. þ. m., er Leslie Alfred Cumby, skipstjóri á togaranum Aldershot, GY 612, til heimilis 54 Westfield Road, Waltham, Lincolnshire, Englandi, fæddur 26. júní 1930 í Goldston on Sea Norfolk, Englandi, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1 gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara um kl. 0900 þriðjudaginn 11. maí 1965 á Digranesflaki innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961, er ákærði stöðvaði ekki skip sitt fyrr en um kl. 1230, og sáu varðskipsmenn þá, að báðir togvírar voru nýhöggnir, stjórnborðsvörpuna vantaði og ýmis ummerki þess, að hún hefði verið höggvin frá skipinu.

Þá ákærist nefndur skipstjóri enn fremur fyrir að hafa greint sinn með ofbeldi og hótunum um ofbeldi gagnvart tveimur stýri-

mönnum og tveimur hásetum af varðskipinu Þór, er komnir voru um borð í togarann að skipan skipherra síns í því skyni að stöðva togarann og færa til hafnar, siglt með þá áleiðis til Grimsby í Englandi og með því gert þeim tálmanir í því að gegna skyldustörfum sínum og með áframhaldandi siglingu togarans undan varðskipinu stofnað lífi þeirra, er um borð í togaranum voru, í yfirvofandi og augljósa hættu með því að láta koma til fullra harðræða af hálfu varðskipsins, sem veitti togaranum stöðuga eftirför, unz ákærði lét undan byrjuðu áhlaupi varðskipsmanna eftir um 11 klst. siglingu, er skipin voru stödd um 120 sjómílur ASA af Gerpi.

Þykir þetta varða við 1. mgr. og 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1963, og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærist nefndur skipstjóri til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugeraðr nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, og enn fremur samkvæmt nefndum ákvæðum hegningarlaga, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og honum tildæmdur málskostnaður.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. júní 1930 í Goldston on Sea Norfolk á Englandi.

Í sakadómi Ísafjarðar hinn 5/11 1964 var hann dæmdur í 260 þúsund króna sekt fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, og afli og veiðarfæri b/v Aldershot, GY 612, voru gerð upptæk, en hefur ekki sætt öðrum kærum né refsingum hér á landi, svo að kunnugt sé.

Mál þetta er tvíþætt. Annars vegar ákæran út af meintu broti á íslenzkri fiskveiðilöggjöf (I) og svo ákæran út af meintu broti á ákvæðum 106. gr. og 220. gr. almennra hegningarlaga (II).

Verður nú fyrri þáttur þessa máls rakinn.

Í skýrslu Guðmundar Kjærnested, skipherra á varðskipinu Þór, kveður hann málavexti þessa:

„Þriðjudaginn 11. maí 1965 tók varðskipið Þór brezka togarann Aldershot, GY 612, fastan fyrir meintar ólöglegar fiskveiðar innan fiskveiðitakmarkanna á Digranesflaki. Skipstjóri togarans Leslie Alfred Cumby, fæddur 26. júní 1930 í Goldston on Sea Norfolk, til heimilis 32 Beelay Road í Grimsby.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Kl. 0850, þegar varðskipið var á suðurleið út af Bakkaflóa, sást togari innan fiskveiðimarkanna, en þá var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Togari r.v. 073°, fjarl. 6.7 sjóm.
Kollumúli, fjarl. 16.45 sjóm.
Digranes, fjarl. 15.55 sjóm.

Gefur það stað togarans um 1.6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna á þessum slóðum. Skömmu áður var gefið stöðvunarmerkið K með ljósmerkjum, sem beint var að togara I, sem getið er um síðar í skýrslunni og var norðar og utar. Á þeim togara höfðu verið gerðar tvær staðarákvarðanir, fyrst kl. 0830 og síðan kl. 0843, sem gaf hann fyrir innan fiskveiðimörkin. Var þá þegar augljóst að bæði skipin höfðu svipaðan hraða og stefnu.

Kl. 0856 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á togara II:

Togarinn r.v. 077°5, fjarl. 5.6 sjóm.
Kollumúli, fjarl. 17.7 sjóm.
Digranes, fjarl. 16.7 sjóm.

Gefur það stað togarans um 1.4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Var þá jafnframt stöðvunarmerki K gefið með signal flaggi, þar sem augljóst var, að ljósmerki gat ekki gefið jafngóða raun, eins og aðstæðum var háttað, en flaggið vísaði 45° frá stefnu varðskipsins.

Kl. 0902 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á togara II:

Togarinn r.v. 081°5, fjarl. 4.4 sjóm.
Kollumúli, fjarl. 18.9 sjóm.
Digranes, fjarl. 18.2 sjóm.

Gefur það stað togarans um 1.1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Eykur þá togarinn ferðina og beygir til bakb.

Kl. 0908 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á togara II:

Togari r.v. 084°, fjarl. 3.25 sjóm.
Kollumúli, fjarl. 20.8 sjóm.
Digranes, fjarl. 19.75 sjóm.

Gefur það stað togarans um 0.6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 0914 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á togara II:

Togarinn r.v. 088°, fjarl. 2.25 sjóm.
Kollumúli, fjarl. 21.8 sjóm.
Digranes, fjarl. 21.0 sjóm.

Gefur það stað togarans um 0.3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna á þessum slóðum.

Samtímis öllum framangreindum mælingum voru jafnframt

gerðar mælingar á togara I, en er hér var komið, var sýnt, að ekki væri unnt að fylgja þeim báðum eftir óslitið, þar eð togari I var kominn innan um önnur veiðiskip á þessum slóðum, en togari II hafði alla tíð fram að þessu verið syðstur og innstur.

Kl. 0925 var skotið 3 lausum skotum að togara II, sem stöðvar ekki, en jafnframt sézt þá, að togarinn heitir Aldershot, GY 612, og var þegar kallað á togarann í talstöð varðskipsins og honum sagt að stoppa, því bátur yrði sendur yfir til hans. Sinnti hann því engu og hélt SA-læga stefnu á fullri ferð. Á tímabilinu frá kl. 0925 til kl. 1230 var skotið að togaranum fjórum lausum skotum og sjö föstum skotum, og einnig var togarinn kallaður upp í talstöð varðskipsins og hann beðinn að stöðva ferð sína, sem hann gerði ekki fyrr en kl. 1230.

Kl. 1232 fóru I. og II. stýrimaður yfir í togarann, og lýsa þeir eftirfarandi atriðum, sem hér segir:

Er komið var um borð í togarann, kom í ljós, að stjórnborðsvörpuna vantaði. Voru þó mörg ummerki þess, að varpa hefði verið höggvin frá skipinu. Engin varpa var á bakborða, en hlerar auðsjáanlega ekki í notkun. Nokkrir bobbingar, sem nota á til vara, voru benzlaðir á síðuna. Gálgarúllur stjórnborðsmegin, þilfarsrúllur svo og ferliður voru fægðar og auðsjáanlega notaðar fyrir skammri stundu. Togblökk var úrslegin, lokuð og fægð. Svo var og gengið frá „græjunni", sem venja er til, þegar varpa er úti. Báðir togvírar voru nýhöggnir. Á rúllu í síðupolla stjórnborðsmegin sáust greinileg för eftir meitil, og voru þau ný og fægð. Í pokapontinu var lifandi steinbítur, og á lúkusteisnum var slatti af aðgerðum og þvegnum fiski, en ófrágengnum.

Uppi í brú stóð togklukkan á 0817. Þess má hér geta, að skipherra varðskipsins og skipstjóri togarans báru saman klukkur sínar, og bar þeim saman.

Um kl. 1300 kom skipstjóri togarans yfir í varðskipið, og voru honum sýndar staðarákvarðanir varðskipsins á ferðum hans. Viðurkenndi hann að hafa verið á þessum slóðum, en að hann hafi ekki verið að fiska, heldur aðeins á hægri ferð. Sagðist hann hafa misst vörpuna SA af Langanesi um kl. 0600 um morguninn. Var honum nú tjáð, að varðskipið myndi fara með hann á hinn ætlaða togstað og freista þess að slæða vörpuna upp. Féllst hann á það, en óskaði eftir að fara yfir í skip sitt til að tala við eigendur skipsins. Var það fúslega veitt.

Kl. 1335 var haldið að togstaðnum.

Kl. 1430 stöðvar skipstjóri togarans skip sitt og neitar að halda áfram.

Kl. 1715 setur togarinn á hæga ferð í SA-læga stefnu þrátt fyrir mótmæli varðskipsmanna.

Kl. 1830 tilkynnir skipstjóri togarans skipherra varðskipsins, að hann muni setja á fulla ferð og halda styztu leið til Grimsby. Var því harðlega mótmælt og honum bent á, að hann eyddi aðeins tíma sínum til einskis með þessu háttalagi.

Frá kl. 1830 til kl. 0400 var verið í stöðugu sambandi við togarann og öll hugsanleg ráð reynd til þess að fá hann til að hlýða fyrirmælum varðskipsins með góðu, m. a. fengin ströng fyrirmæli frá útgerð togarans um að hlýða varðskipinu, en það bar engan árangur.

Kl. 0400 fyrirskipaði skipherra varðskipsins varðskipsmönnum um borð að stöðva hann með valdbeitingu.

Kl. 0410 stöðvuðu varðskipsmennirnir togarann, og jafnframt voru sjö vopnaðir varðskipsmenn settir yfir í togarann.

Að eigin ósk var skipstjóri togarans fluttur yfir í varðskipið. Var honum þar tjáð, að varðskipsmenn myndu sigla togaranum til Seyðisfjarðar. Gerði hann enga athugasemd við það.

Kl. 0455 var haldið af stað til Seyðisfjarðar, en skipin voru þá stödd um 120 sjóm. r/v 116° frá Gerpi.

Um kl. 1100 var ákveðið að halda til Neskaupstaðar. Var lagzt þar að bryggju kl. 1620.

Staðarákvarðanir voru gerðar með Sperry radar samstilltum með Sperry Gyro-áttavita. Við mælingar voru notuð 15 og 40 sjóm. svið radarsins, þegar mælt var til lands, en 6 sjm. svið, er mælt var til togarans, að undantekinni staðarákvörðun kl. 0850. Þá notað 15 sml. svið.

Kl. 0815 var gerð athugun á Sperry Gyro-áttavitanum, og var hann réttur. Meðan á mælingum stóð, reyndist skekkja á lausa hring ratsjárinnar í samanburði við föstu hringina vera — 0.1 sjm. á öllum mælikvörðum radarsins, og er svo enn, og eru allar mælingar í þessari skýrslu leiðréttar fyrir þeirri skekkju.

Mælingarnar voru framkvæmdar af I. og II. stýrimanni undir umsjá skipherra. III. stýrimaður skrifaði mælingarnar niður.

Veður frá kl. 0900 til 1000 SA 4—5, sjór 3, rigning, skyggni 6—7 sjm. Eftir kl. 1200 til 2400 hægviðri, þoka. Frá kl.0000 til 0400 SA 3, þoka".

Skipherrann á varðskipinu, Guðmundur Hjaltason Kjærnested, Höskuldur Skarphéðinsson, I. stýrimaður, Peter Guðjón Peter-

sen, II. stýrimaður, og Þorsteinn Jónsson, III. stýrimaður, mættu allir fyrir sakadómi Neskaupstaðar og kváðu skýrslu þessa að öllu leyti rétta. Til viðbótar því, sem fram kemur í þessari skýrslu, kom þetta fram hjá þessum vitnum:

Vitnið Guðmundur Hjaltason Kjærnested, Þorfinnsgötu 8, Reykjavík, kvað lýsinguna á umbúnaði í togaranum vera tekna upp eftir skýrslu I. stýrimanns á varðskipinu. Varðandi mælinguna í Digranes tók vitnið fram, að hún hefði verið gerð í bergið fyrir ofan Skálatóftarsker (Viðvíkurbjörg). Það kveðst aldrei hafa séð vörpu togarans Aldershots, en hann hafi verið á eðlilegum toghraða, eða um 3 sjm. á þrem fyrstu mælingunum, en síðan aukið hraðann.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson, I. stýrimaður á varðskipinu Þór, kvaðst heldur eigi hafa séð togvíra togarans í sjó, en hann hafi verið á eðlilegri togferð og hagað sér eins og togarar gera, er þeir eru að veiðum.

Er þeir varðskipsmenn hafi komið um borð í togarann, hafi þeim þótt ljóst af umbúnaði þar, að togarinn hafði nýlega verið að veiðum, eins og lýst er í skýrslu skipherrans.

Það segir, að ákærði hafi komið um borð í skip sitt eftir að hafa rætt við skipherra varðskipsins, sett á hæga ferð og stefnan sett til baka til ætlaðs togstaðar. Hafi hann verið rólegur og kveðið sig þurfa að hafa samband við útgerðarfélag togarans. Var honum veitt leyfi til þess. Það kvað skipherra á Þór hafa gefið ströng fyrirmæli um, að ákærði mætti ekki nota loftskeytastöð né sjókort togarans nema með sérstöku leyfi hans. Hafi því einn maður af varðskipinu verið settur á vörð í kortaklefa og hafi hann getað haft yfirlit yfir það, er gerðist í loftskeytastöð og herbergi skipstjóra. Er ákærði hafði fengið leyfi til að hafa samband við útgerðarfélagið, hafi hann farið inn í loftskeytaklefa og lokað á eftir sér. Taldi vitnið hann með þessu brjóta þau fyrirmæli, er skipherra hafði gefið, og kveðst það hafa opnað hurðina og krafizt þess, að þau viðskipti, sem hann hefði leyfi til að hafa, yrðu að þeim varðskipsmönnum áheyrandi. Þessu hafi ákærði reiðzt og stimpingar orðið á milli þeirra um hurðina. Eftir þetta hafi vitnið haft samband við v/s Þór og spurzt fyrir um, hvort þeir gætu ekki hlerað samtalið og látið vita, ef ákærði færi út fyrir þann ramma, er ákærða hafði verið settur. Eftir þetta hafi ákærði fengið að loka hurðinni. Eftir að samtalinu var lokið, hafi það krafið ákærða um skipsskjölin, en hann neitað og sagzt vera skipstjóri á sínu skipi og stjórna því eftir sínu höfði.

Eftir þetta, eða kl. 1430, hafi ákærði stöðvað skipið og tilkynnt, að hann færi ekki lengra og kl. 17 sett á ferð til Grimsby.

Nánari skýrsla þessa vitnis um atburði um borð í togaranum verður rakin í síðari þætti þessa máls.

Vitnið Peter Guðjón Petersen, II. stýrimaður á varðskipinu Þór, Laugateigi 40, Reykjavík, fæddur 20. nóvember 1938, skýrði svo frá, að það hafi farið af vakt kl. 8 á þriðjudagsmorgun, en komið á vakt svo til strax aftur og unnið að öllum staðarmælingum á togaranum Aldershot, GY 612. Segir það, að á sama tíma og mælingin kl. 0856 var gerð hafi það séð stoppflaggið K dregið upp á varðskipinu. Það segir, að togarar I og II samkvæmt skýrslu skipherra hafi haft svipaða stefnu og hraða eða 2.5—3 sjm.

Vitnið Þorsteinn Jónsson, III. stýrimaður á varðskipinu Þór, Bólstaðarhlíð 52, Reykjavík, hefur borið, að er það og I. stýrimaður á varðskipinu hafi komið um borð í togarann, hafi ástand á búnaði þar verið á þann veg, er lýst er í skýrslu skipherrans. Allt hafi bent til þess, að togarinn hafi verið að veiðum, en höggvið trollið frá sér. Það segir stýrimann togarans hafa verið andvígan því, að það athugaði í lest togarans, en hins vegar hafi för þess þangað ekki verið hindruð.

Öll þessi vitni staðfestu vætti sín með eiði.

Ákærði mótmælir því að hafa verið að veiðum, er varðskipið kom að togaranum. Kveðst hann s.l. sunnudagskvöld hafa komið á skipi sínu, togaranum Aldershot, GY 612, sem er 426.67 lestir, til Neskaupstaðar og lagt þar á land tvo slasaða menn, en síðan haldið á miðin út af Vopnafirði. Á þriðjudagsmorgun 11. maí hafi hann farið á miðin út af Langanesi og kastað þar um kl. 5 um morguninn GMT. Hafi það verið misvísandi aust-suð-austur af Langanesi og hann kastað þar einu sinni og þá hafi það óhapp hent, að botnvarpan hafi festst og togvírar slitnað og eftir að hafa stoppað fáeinar mínútur, eða um kl. 7, haldið aftur á miðin út af Vopnafirði og komið þar eftir kl. 8 og siglt þar með fjölda annarra skipa, er þar voru að veiðum. Um þetta leyti hafi hann siglt á hægri ferð og verið að ræða við skipsmenn sína, en þeir hafi verið óánægðir og viljað fara heim og tilkynnt honum um það eftir morgunverð, sem er klukkan 7. Hafi skipsmennirnir verið fúsir til að slá undir nýju trolli, en neitað að kasta aftur. Hafa allmargir skipverja hans staðfest þessa frásögn hans. Hann hefur ekki getað gert grein fyrir því, hvað klukkan var, er hann varð varðskipsins fyrst var, né heldur, hvar hann var

þá. Hafi hann gert eina staðarákvörðun þennan morgun um kl. 9 og fjarlægðin frá Kollumúla þá verið 24 sjómílur, en 23 sjómílur í Digranes.

Ákærði kvaðst ekki treysta sér til að tjá sig um staðsetningar þeirra varðskipsmanna á togaranum, er þær voru sýndar honum í réttinum. Mótmælti hann því eindregið að hafa verið að veiðum eftir kl. 7 um morguninn, enda hafi eigi verið búið að slá undir nýju trolli. Hins vegar hafi verið nægar birgðir veiðarfæra um borð, þannig að þess vegna hafi verið unnt að halda áfram veiðum.

Um kl. 9 á þriðjudagsmorgun hafi hann orðið við óskum skipverja um að fara heim.

Hann kvaðst ekki hafa séð stöðvunarmerki frá varðskipinu, fyrr en hann heyrði fallbyssuskot frá því. Þrátt fyrir skotið hafi hann haldið ferðinni áfram, enda hafi hann þurft að ná til hafnar í Englandi fyrir laugardag. Hann segir, að eftir fyrsta skotið hafi skipherra varðskipsins kallað hann upp í talstöð og fyrirskipað honum að stoppa, en hann neitað. Hafi þetta endurtekið sig nokkrum sinnum. Þá hafi verið skotið að skipinu nokkrum lausum skotum og væntanlega tveim föstum.

Kl. 1230 hafi hann stöðvað skip sitt samkvæmt fyrirskipun eigenda togarans og þá hafi 4 varðskipsmenn komið um borð, en hann sjálfur farið um borð í varðskipið. Síðan hafi hann aftur farið um borð í skip sitt, beðið fram eftir degi, eða til kl. 1715, en síðan haldið áleiðis til Færeyja þrátt fyrir andmæli skipherrans, en á þeirri siglingu hafi hann neitað öllum fyrirmælum um að stöðva skipið, þar til skipherrann hafi hótað að sökkva skipinu, enda hafi hann þá verið búinn að fá ítrekuð fyrirmæli frá útgerðinni um að halda til íslenzkrar hafnar.

Ákærði hefur borið, að enginn hafi verið á dekki togarans, er togvírar slitnuðu, enda sé venja á enskum togurum, að ekki sé höfð vakt á þilfari, meðan togað er. Hafi hann verið einn í brúnni, er þetta óhapp varð. Hann tók fram, að eftir að togvírar slitnuðu, hafi hann látið höggva enda þeirra með öxi, svo að unnt væri að splæsa þá. Hefur bátsmaðurinn á togaranum staðfest með eiði, að hann hafi unnið það verk.

Allir skipverjar á Aldershot, GY 612, að einum unglingi undanskildum, hafa verið kvaddir fyrir dóm út af máli þessu. Þykir ekki ástæða til að rekja hér framburði hvers og eins þeirra, en þeir eru flestir á sama veg. Enginn þeirra kvaðst hafa séð, er botnvarpan tapaðist, enda nokkuð sammála um, að þeir séu ekki

á þilfari, meðan verið er að toga. Enn fremur, að óhapp þetta hafi skeð fyrir kl. 7 um morguninn og ekki hafi verið búið að koma upp nýju trolli, er varðskipið kom að togaranum. Þeir eru sammála um, að ekki hafi átt að veiða meira í þessari veiðiferð, aðeins að koma botnvörpu upp. Þá kemur og fram hjá fleirum en einum skipverja, t. d. vitninu Bernhard Woodhouse bátsmanni, að unnið hafi verið af kappi við að slá botnvörpunni undir, enda þótt skipið væri á heimleið. Segir þetta vitni, að þrátt fyrir skothríð varðskipsins hafi verið haldið áfram vinnu við trollið, dregið sig í hlé, meðan varðskipið skaut á togarann, en hafið vinnu aftur, er skothríð linnti. Vitnið Leonard Kurz stýrimaður kvaðst hafa verið í fiskilest, er togvírar botnvörpu togarans slitnuðu og heyrt, er það gerðist. Hafi það skeð um kl. 0630 um morguninn (11. maí). Þetta vitni kvaðst hafa orðið fyrst vart við varðskipið milli kl. 8 og 9 um morguninn og hafi ákærði sagt vitninu frá því. Það kvaðst hafa séð skipið með berum augum, en skyggni hafi verið 2—3 sjómílur. Ekki sá það stöðvunarmerki varðskipsins. Það segir, að um þetta leyti hafi verið keyrt á hægri ferð og svo hafi verið gert einhverja stund, eftir að varðskipsins varð vart, en er skotið var að skipinu, hafi verið sett á fulla ferð. Vissi vitnið eigi, hvers vegna var sett á fulla ferð né hvert skyldi halda, en síðar hafi ákærði sagt því að halda ætti til Grimsby. Um það leyti, sem ferðin var aukin, hafi fyrirmæli ákærða til skipshafnar verið að hafa veiðarfæri tilbúin. Hafi skipverjar hlýtt þessu, en farið af dekki, meðan skothríð stóð. Vitni þetta kvaðst hafa fylgzt með því, er skipherra hafi fyrirskipað ákærða að stöðva togarann, en hann ekki viljað verða við þeirri skipun, þar sem hann hafi þurft að ná í mark að í Grimsby og auk þess ekki séð neina ástæðu til að stöðva skipið. Vitnið sagði, að skipið hefði ekki verið að veiðum eftir kl. 0630 umræddan morgun og kæran á ákærða ekki á rökum reist.

Í tilefni af upphaflegri áætlun ákærða um að halda áfram veiðum voru kvaddir til tveir menn til að kanna, hvað til væri af veiðarfærum um borð í togaranum og ástand þeirra. Þessir menn, Haukur Ólafsson og Guðjón Marteinsson, báðir skipstjórar héðan úr bænum, töldu, að þrátt fyrir það að togarinn hafði misst botnvörpu sína og mikið af togvír, væru nægar birgðir veiðarfæra í skipinu og hefði það þess vegna getað haldið áfram veiðum.

Verjandi ákærða hefur haldið því fram, að er stöðvunarmerki

var gefið, hafi fjarlægðin á milli varðskipsins og togarans verið það mikil og skyggni það slæmt, að útilokað hafi verið að greina merkið frá togaranum. Sé ekki nóg að gefa merki — það verði að vera möguleiki fyrir, að það sjáist eða heyrist á skipi því, sem veitt er eftirför, og það áður en það fer út fyrir fiskveiðimörkin. Hefur hann bent á, að samkvæmt veðurlýsingu kl. 9 umræddan morgun hafi skyggni aðeins verið 4 km. í Skoruvík og á Dalatanga og 20 km. á Vopnafirði og mjög slæmt þar, sem togarinn var.

Samkvæmt eiðfestum framburði skipherra og þriggja stýrimanna varðskipsins var stöðvunarmerki K gefið kl. 0856, en þá er fjarlægðin á milli skipanna 5.6 sjómílur og skyggni talið 6—7 mílur. Kl. 0902 er togarinn enn um mílu innan fiskveiðitakmarkanna og er þá að auka hraðann. Um þetta leyti gerir ákærði sína staðarákvörðun, og samkvæmt henni er hann á stað, sem er innan fiskveiðimarkanna, en nokkuð norðar en varðskipsmenn telja. Þegar mælingin kl. 0902 er gerð, er fjarlægðin í togarann samkvæmt skýrslu skipherra 4.4 sjm. og hann sjáanlegur samkvæmt eiðfestum framburðum hinna fjögurra yfirmanna varðskipsins. Þá hefur stýrimaður togarans staðfest með eiði, að togarinn hafi keyrt á hægri ferð um stund, eftir að hann sá varðskipið. En það er kl. 0902, sem togarinn eykur ferðina samkvæmt vætti varðskipsmanna, og hefur ákærði ekki andmælt, að sá tími sé réttur.

Verður að telja sannað, að stöðvunarmerki var gefið og verið sjáanlegt frá togaranum, áður en hann fór út fyrir fiskveiðitakmörkin og eftirförin hófst. Verður ekki annað séð en eftirförin hafi verið lögleg.

Margt er það, sem bendir til þess, að togarinn Aldershot, GY 612, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, er varðskipið kom að honum. Hann er þarna á venjulegum toghraða, á sama hraða og annar togari, sem þarna var að veiðum. Bendir hegðun ákærða, eftir að varðskipið kom í námunda við togara hans, flótti hans og það, hvernig umhorfs var í togaranum, og til þess, að hann hafi verið þarna að ólöglegum veiðum.

Á hinn bóginn er þess að gæta, að varðskipsmenn sáu veiðarfæri togarans ekki í sjó innan fiskveiðitakmarka og svo það, að veiðarfærin hafa ekki fundizt þrátt fyrir leit.

Þykja gögn málsins ekki veita fulla sönnun fyrir ólöglegum veiðum ákærða í umrætt skipti. Ber því að sýkna ákærða af

ákæru um brot á þeim ákvæðum fiskveiðilöggjafarinnar, sem rakin eru í fyrri hluta ákæruskjals.

II.

Um þennan þátt máls þessa segir m. a. svo í skýrslu yfirstýrimannsins á varðskipinu Þór, Höskulds Skarphéðinssonar:

„... Um kl. 1330 kom skipstjóri togarans um borð í skip sitt, og var þá sett á hæga ferð og stefnan sett til baka til ætlaðs togstaðar. Virtist hann þá vera rólegur og kvaðst þurfa að hafa samband við útgerðarfélag sitt. Var honum veitt leyfi til þess. En skipherra á v/s Þór hafði gefið ströng fyrirmæli þess efnis, að ekkert af tækjum loftskeytastöðvarinnar né heldur sjókort mætti skipstjóri nota nema með sérstöku leyfi hans. Varðskipsmönnum var nú skipað í stöður í brúnni eftir því sem bezt þótti. Meðal annars var einn maður settur á vörð í kortaklefa, og gat hann haft yfirlit yfir það, sem gerðist í loftskeytastöð og herbergi skipstjóra. Þegar skipstjórinn hafði fengið leyfi til að hafa samband við útgerðarfélagið, fór hann inn í loftskeytastöðina og lokaði að sér. Ég taldi hann þarna brjóta þau fyrirmæli, sem skipherra varðskipsins hafði gefið mér. Ég opnaði því hurðina og sagði honum, að ég krefðist þess, að þau viðskipti, sem hann hefði leyfi að hafa, yrðu að mínum mönnum áheyrandi. Hann reiddist við þessari skipun, og það tókust stimpingar milli okkar um hurðina. Ég spurði hann, hvort hann vildi stofna til vandræða. Hann neitaði því, en lét sig ekki. Ég hafði samband við v/s Þór og spurði, hvort þeir gætu ekki hlerað samtalið og látið mig vita, ef notkun stöðvarinnar færi út fyrir þann ramma, sem settur hafði verið. Skipherrann á v/s Þór kvaðst skyldu gera það, en bað mig að ná skipsskjölunum. Er samtalinu við útgerðarfélagið var lokið, krafðist ég skipsskjalanna af skipstjóranum. Hann neitaði eindregið og kvaðst vera skipstjóri á sínu skipi og stjórna því eftir sínu höfði. Hann fyrirskipaði skipshöfninni, sem var í vinnu niðri á þilfari, að vera til taks, og í sama mund kom maður inn í kortaklefann, sem stýrimaður togarans skipaði að halda vörð um varðskipsmanninn. Ég tjáði skipherra varðskipsins, hvernig komið væri og bað um frekari fyrirmæli. Skipherra bað mig að bíða með frekari aðgerðir, en varaði mig við að hleypa fleirum inn í brúna. Kl. 1430 stöðvar skipstjóri togarans skipið og kveðst ekki fara lengra. Ég tilkynnti það yfir í v/s Þór. Frá kl. 1430 til kl. 1715 óx spennan um borð í togaranum, jafnframt því sem orðsendingum og skeytum fjölgaði. Rétt fyrir

kl. 1700 rýkur skipstjórinn upp, skellir hurð klefa síns aftur, kemur síðan fram í brú, þrífur þar málmhlut, mér sýndist það vera stýrispinninn, og tilkynnir mér, að hann sé óhræddur að berjast. Fer síðan inn til sín og skellir hurð á eftir sér. Eftir nokkrar mínútur kemur hann fram í brú, segir stýrimanninum að hafa mannskapinn tilbúinn á brúarvængjunum og vopna hann. Um leið og hann setur á hæga ferð í átt til Grimsby.

Rétt í því hópuðust menn upp á brúarvængina með spanna og axir sér að vopni og létu ófriðlega. Ég tjáði skipherra v/s Þórs þetta og bið hann að koma nær okkur, sem hann gerði og bað mig að hleypa ekki með nokkru móti fleiri mönnum inn í brúna. Í þeim andartökum er eitthvað af skipshöfninni skipað að koma inn, stjórnborðsmegin, en á bakborða höfðu þeir fleygað aftur hurðina. Ég átti því engra kosta völ aðra en að nota vald byssunnar og tók hana því úr slíðrum og skipaði þeim mönnum, sem reyndu inngöngu, að halda sig úti. Var því hlýtt. Kl. rétt fyrir 1830 bað skipstjóri togarans mig að tilkynna skipherra v/s Þórs, að kl. 1830 mundi hann setja á fulla ferð, því hann gæti ekki misst markað í Grimsby. Kl. 1830 var sett á fulla ferð og maður kallaður að stýrinu, sem ég lét afskiptalaust. Staðan var þá maður gegn manni. Við varðskipsmenn skiptum okkur þannig, að 3 voru bakborðsmegin, en einn gætti hurðarinnar stjórnborðsmegin. Ég hafði stöðuga hönd á byssunni, þar sem ég óttaðist stýrimann togarans, en hann stóð við ratsjána bakborðsmegin rétt hjá okkur. En þegar hér var komið, var skollin á þoka. Skipstjóri togarans skipar nú stýrimanni togarans að stöðva ratsjána bakborðsmegin og kveikja á þeirri stjórnborðsmegin. Og fer þess á leit við mig, að ég taki höndina af byssunni. Ég féllst á það, þar sem við höfum nú mun frjálsari hendur, og einnig fannst mér ástæða til að minnka spennuna. Um kl. 2030 birtist skipstjóri togarans í dyrum kortaklefans og heldur á stórri línubyssu, sem hann hampar með miklum myndugleik og miðar á okkur bakborðsmegin og á varðskipsmanninn stjórnborðsmegin, um leið og hann lýsir því mörgum orðum, hve ógnar kraftur sé í þessu verkfæri. Hann segir stýrimanni togarans, að hann hafi séð svona eldflaug fara gegnum svona þök og benti á brúarloftið.

Eftir það neitaði hann mér um aðgang að talstöðinni og sagðist hér eftir stjórna viðskiptum sjálfur. Á þessum tíma fóru fram stöðugar orða- og skeytasendingar, þar sem skipstjóri togarans var beðinn að hlýða varðskipinu. Um kl. 2353 hafði skipherra v/s Þórs samband við skipstjóra togarans og bað hann að stöðva.

Rétt á eftir talaði skipstjóri togarans um að v/s Þór mætti sökkva skipinu og ég mætti skjóta í höfuð hans. Hann mundi ekki stöðva skipið.

Kl. um 0135 fékk skipstjóri togarans skeyti í gegnum Seyðisfjörð um að fara að ráðum varðskipsins. Kl. um 0230 var orðið það langt síðan ég hafði haft samband við v/s Þór, að ég neyddist til að taka stöðina með hótun um að nota byssuna. Skipherra v/s Þórs spurði mig um möguleika á að nota valdbeitingu, og tjáði ég honum, að ég teldi slíkt fært, ef ég mætti nota öll tiltæk ráð. Hann bað mig að bíða frekari fyrirmæla, en kvaðst eindregið standa með mér, ef ég neyddist til valdbeitingar, á meðan beðið væri fyrirmæla.

Rétt fyrir kl. 0400 hafði skipherra v/s Þórs samband við mig, og komum við okkur saman um framkvæmd valdbeitingar um borð í togaranum. Kvaðst skipherrann kalla í talstöðina, er áhlaupið skyldi hefjast. Skipherrann talaði einnig við skipstjóra togarans og reyndi að telja um fyrir honum, en án árangurs.

Kl. 0400 kom skipun um vopnaða valdbeitingu í gegnum talstöðina og skipstjóra togarans aðeins gefinn frestur til að gera vél skipsins klára. Við framkvæmdum skipun skipherrans, og uppgjöf skipstjórans var skilyrðislaus ...“

I. og III. stýrimaður á varðskipinu hafa staðfest þessa skýrslu rétta í öllum greinum og unnið eið að framburði sínum.

Höskuldur Skarphéðinsson yfirstýrimaður, Sólheimum 27, Reykjavík, kvað það hafa verið Gunnar Scheving Þorsteinsson háseta, er settur hafi verið á vakt í kortaklefa. Hafi komið til orðahnippinga milli hans og ákærða, er ákærði fór í loftskeytaklefann. Einnig, að ákærði hafi haft orð á því oftar en einu sinni, að hann mundi neyðast til að flytja þá til Grimsby.

Vitnið Þorsteinn Jónsson, Bólstaðarhlíð 52, Reykjavík, III. stýrimaður á Þór, sagði, að það teldi ekki beint, að þeir varðskipsmenn hefðu verið fangar á togaranum, en þarna hafi verið mjög mikil spenna, meðal annars hafi ákærði eitt sinn skipað mönnum sínum að vera „stand by“ og þeir þá vopnazt öxum, spönnum o. fl., veifað þessum hlutum fyrir utan brúardyrnar og látið ófriðlega.

Ákærði hefur viðurkennt skýrslu yfirstýrimanns í stórum dráttum. Þeir atburðir, sem þar er lýst, hafi flestir skeð, en hann telur þá ýkta. Hann viðurkennir að hafa komið stutta stund með línubyssu skipsins í brú skipsins, en það hafi verið í gamni gert vegna fyrirspurnar frá einum skipverja hans um, hvar hans

byssa væri. Hafi hann rætt um það við einn skipverja sinn, hve langt hún mundi draga, en ekki beint byssunni að neinum sérstökum, enda viti hann, hver ábyrgð fylgi skotvopni. Hann kvað ekki hafa verið hægt að skjóta úr byssunni, eins og hún var útbúin.

Ákærði sagði, að engin bein átök hefðu átt sér stað um borð í togaranum fyrir utan smástimpingar um hurð að loftskeytaklefa, er skipverji af varðskipinu hafi sett fót í hurðina og jafnframt haft í hótunum að binda hann og beita hann fantabrögðum. Kvaðst hann hafa reiðzt þessu og eftir þetta verið staðráðnari en áður í að halda ferð skipsins áfram. Þá hefur hann neitað því að hafa fyrirskipað áhöfn sinni að vopnast áhöldum og koma upp í brúna. Hann hefði aðeins kallað á einn mann. Hann kvaðst ekki vita, hver hefði sett sperru við hurð í dyrum úr brú á brúarvæng bakborðsmegin, en kvaðst ekki telja ólíklegt, að togaramenn hefðu gert það, en varðskipsmenn gætu einnig hafa gert það. Hann hafi ekkert um þetta vitað, fyrr en komið var langleiðina til Norðfjarðar.

Ákærði viðurkenndi, að hann setji á fulla ferð kl. 1830 á þriðjudag og hafi ferðinni verið heitið til Grimsby. Hann kveðst ekki hafa litið á sig sem handtekinn mann — hann sé skipstjóri á sínu skipi og þann rétt geti enginn tekið frá honum.

Hann viðurkenndi einnig að hafa verið að handleika látúnsbolta, er verið hafi í brúnni, en aðeins farið með hann í herbergi sitt, en ekki haft í hótunum við nokkurn mann.

Vitnið Gunnar Scheving Thorsteinsson háseti, Hofsvallagötu 61, Reykjavík, fæddur 13. apríl 1947, var einn hinna fjögurra varðskipsmanna, er komu um borð í togarann um hádegi 11. maí s.l.

Það kveðst hafa fengið þann starfa að gæta þess, að enginn færi í sjókort né talstöð togarans og hafi það staðsett sig í kortaklefa, en þaðan hafi sézt inn í loftskeytaklefa og skipstjóraherbergi. Vitni þetta hefur staðfest þá frásögn, að eftir að ákærði hafði farið í loftskeytaklefa og lokað hurð hans, hafi komið til orðahnippinga milli þess og ákærða. Hafi yfirstýrimaðurinn beðið það að segja ákærða, að hann væri á valdi þeirra varðskipsmanna og ef hann ekki hlýddi, yrði hann beittur valdi. Kveðst vitnið hafa sagt ákærða, að ef hann ekki hlýddi, fengi hann kúlur í líkamann og er ákærði hafi ekki þótzt skilja þetta, hafi vitnið sagt, að það yrði að binda hann. Eftir þetta hafi verið settur sérstakur maður til að gæta vitnisins.

Vitnið Bernhard Woodhouse, 37 Tumard Str., Grimsby, há-

seti á togaranum Aldershot, GY 612, segir m. a., að ákærði hafi eitt sinn komið með hlaðna línubyssu í dyr að brú skipsins, en ekki miðað henni á neinn, og haft orð á, að hægt væri að skjóta með þessari byssu gegnum þakið á brúnni. Telur það, að þetta hafi verið gert í gríni. Það segir, að 3 eða 4 skipsmenn togarans hafi komið á brúarvæng og verið með axir, spanna og lúgujárn, en þeir hafi ekki látið ófriðlega. Hafi það verið vegna misskilnings, að þeir komu á brúarvænginn og farið aftur eftir skamma viðdvöl. Það sagði og, að ákærði hafi haft í huga að sigla beint til Grimsby og hafi heyrt ákærða orða, að hann mundi fara með varðskipsmenn þangað og einungis stoppa til að láta þá varðskipsmenn um borð í varðskipið, ef skipherra vildi fá þá.

Vitnið Leonard Kurz, 7 St. Martin Cresent, Grimsby, stýrimaður á togaranum Aldershot, GY 612, staðfesti, að ákærði hefði eitt sinn, meðan varðskipsmenn voru í brú togarans, komið í gætt dyra að brúnni með línubyssu og verið að sýna vitninu hana og getið þess, hve langdræg hún væri, en ekki beint henni að neinum. Ekki vissi það, hvort hún var hlaðin.

Vitni þetta kvaðst ekki minnast þess að hafa fengið fyrirmæli um að vopna mannskapinn né heldur minnast þess, að skipverjar togarans kæmu vopnaðir á brúarvæng.

Framburður William Frederick Hall, háseta á b/v Aldershot, um atburði um borð í togaranum, eftir að ákærði sigldi af stað til Englands, er á sama veg og stýrimannsins.

Ákærði hefur játað og sýnt í framkvæmd þá ætlun sína að sigla áleiðis til erlendrar hafnar með hina fjóra varðskipsmenn, er komnir voru um borð í togarann að skipun skipherra varðskipsins og voru þar að skyldustörfum. Gerði hann þetta þrátt fyrir skipanir skipherra varðskipsins og útgerðar togarans um að stoppa og halda til íslenzkrar hafnar. Tálmaði hann þannig þessum mönnum að gegna skyldustörfum sínum.

Ljóst er, að með því að halda ferð skipsins stöðugt áfram þrátt fyrir sífelldar skipanir skipherra á varðskipinu um að stoppa hefur ákærði lagt varðskipsmenn þá, er um borð voru, og áhöfn sína í augljósa hættu, enda gat hann búizt við því, að varðskipið héldi áfram skothríð á skipið, auk þess sem hann gat búizt við átökum um borð og átti að vera ljós sú spenna, er þar ríkti sannarlega. Hann gerir ekkert, að séð verður, til að draga úr henni, nema síður sé, og var framkoma hans og skipverja hans mjög ógnandi, t. d. er hann kemur í dyr að brúnni vopnaður hlaðinni

línubyssu, sem hann samkvæmt eiðfestum framburði stýrimanna varðskipsins beindi að þeim, er í brúnni voru, og verður að líta á þessa framkomu ákærða sem beina hótun um ofbeldi.

Var byssan hlaðin eldflaug, en hins vegar er ósannað, hvort raunverulega var hægt að skjóta úr henni. En búin eldflaug er hún að ytra útliti sem nothæf hlaðin byssa. Sú háttsemi ákærða að koma með þetta vopn inn í brúna hlaut með tilliti til ástandsins á skipinu að hafa áhrif sem hótun, og átti ákærða að vera það ljóst. Kemur fram í vætti yfirstýrimanns, að hann óttast þetta vopn og að ákærði muni beita því.

Ákærði hefur viðurkennt skýrslu yfirstýrimannsins um atburði um borð rétta í stórum dráttum, en hann skýrt atburði á annan veg en varðskipsmenn, t. d. taldi hann komu sína með byssuna vera grín, það hafi verið misskilningur, er áhöfnin þyrptist upp á brúarvænginn, og látúnsboltann, sem hann tók í brúnni, hafi hann aðeins verið að flytja inn í íbúð sína og ekki verið með hótanir við nokkurn mann. Miðað við atburði þá, sem þarna voru að gerast, þ. e. flótta ákærða, eru allar þessar skýringar ósennilegar, og verður að telja atburði þessa sannaða, svo sem þeim er lýst í skýrslu yfirstýrimannsins.

Sú háttsemi ákærða að sigla á brott með þessa löggæzlumenn til erlendrar hafnar og tálma þeim þannig að gegna skyldustörfum sínum og sú háttsemi hans að vera með hótanir um ofbeldi við þá, eins og að framan er rakið, varðar við 1. og 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1963.

Þá verður að telja, að með áframhaldandi siglingu togarans undan varðskipinu hafi ákærði stofnað lífi þeirra, er um borð í togaranum voru, í augljósan háska, enda gat ákærði búizt við því, að varðskipið léti koma til fullra harðræða, m. a. með skothríð að togaranum. Var áhlaup að hefjast til að ná yfirráðum yfir togaranum, er ákærði lét loks undan. Þessi háttsemi ákærða varðar við 220. gr. 4. mgr. almennra hegingarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt fyrrgreindum refsiákvæðum og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Þá þykir eftir atvikum verða að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal saksóknarlaun til saksóknara ríkisins, kr. 12.000.00, er gangi í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóm þennan kvað upp Ófeigur Eiríksson bæjarfógeti ásamt

meðdómsmönnunum Sveinbirni Á Sveinssyni og Sigurjóni Ingvarssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Leslie Alfred Cumby, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 74/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hjörvari Þór Jóhannessyni
(Örn Clausan hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lögreglumennirnir Páll Janus Pálsson, Guðmundur Þ. Sigurðsson og vitnið Örn Friðriksson gefið skýrslu fyrir dómi og staðfest vætti sín. Þá hefur ákærði gefið framhaldsskýrslu fyrir dómi.

Aðfaranótt sunnudagsins 6. marz 1966 var ákærði á samkomu á Patreksfirði. Neytti hann þar áfengis, og um kl. tvö um nóttina, er samkomunni var lokið, ók hann bifreið sinni, B 349, um götur á Patreksfirði, unz bifreiðin stöðvaðist hjá húsinu nr. 97 við Aðalstræti. Lögreglumennirnir, Páll Janus Pálsson og Guðmundur Þ. Sigurðsson, hafa borið, að í umrætt sinn hafi þeir verið í bifreið í leit að ákærða vegna gruns um akstur hans undir áhrifum áfengis og handtekið hann, þegar akstri hans lauk. Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 11. marz 1966, reyndist vínandamagn í blóði ákærða nema 1.93‰.

Þykir ákærði sannur að sök um brot gegn lagaákvæðum þeim, sem í ákæru greinir. Er refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00

Það athugast, að héraðsdómari ákveður ákærða sektarrefsingu, þótt hann færi brot ákærða undir 4. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörvar Þór Jóhannesson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 31. marz 1966.

Ár 1966, fimmtudaginn 31. marz kl. 1700, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Patreksfirði af hinum reglulega dómara, Ásbergi Sigurðssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 11/1966: Ákæruvaldið gegn Hjörvari Þór Jóhannessyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali saksóknara ríkisins 26. þ. m. höfðað gegn Hjörvari Þór Jóhannessyni, Stekkum 13, Patreksfirði, fæddum 2. júlí 1943 á Patreksfirði, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 6. febrúar 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni B 349 um Urðargötu, Strandgötu og að húsinu nr. 97 við Aðalstræti á Patreksfirði, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. júlí 1943. Hann hefur áður sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1962 25/10 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ofmarga farþega hjá ökumanni.

1964 5/11 — — Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Samkvæmt eigin játningu ákærða fyrir dómi svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 6. marz s.l. kl. 0230 var lögreglan á Patreksfirði á eftirlitsferð um Aðalstræti og veitti þá eftirtekt bifreiðinni B 349, sem var ekið með hærri ljósunum. Hafði lögreglan tal af ökumanninum, Hjörvari Þór Jóhannessyni, sem viðurkenndi að vera undir áhrifum áfengis, og fór með hann til blóðtöku hjá héraðslækni. Ákærði hafði ásamt kunningja sínum komið niður að Samkomuhúsinu Skjaldborg um kl. 0100. Komust þeir félagar inn í anddyri hússins, og þar drakk ákærði 4—5 sopa af Vodka hjá kunningja sínum. Dansleiknum í samkomuhúsinu lauk kl. 0200, og voru þeir félagar meðal þeirra síðustu, sem fóru frá samkomuhúsinu. Fóru þeir félagar í bifreið ákærða, B 349, þar sem hún var í Urðargötu, og ók ákærði bifreiðinni yfir á Strandgötu og eftir henni endilangri og inn í Aðalstræti að húsinu nr. 97, en þar drap bíllinn á sér, og lögreglan tók ákærða, sem fyrr segir.

Ákærði mætti í sakadómi 21. marz s.l. og viðurkenndi, að hann hefði ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Ákærði vefengdi ekki, að blóðrannsóknin ætti við hann né heldur mótmælti hann niðurstöðu hennar, sem sýndi, að í blóði hans hafi fundizt „reducerandi“ efni, er samsvari 1.93‰ af alkóhóli. Dómari ákvað að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og afhenti hann ökuskírteini sitt í dóminum 21. marz s.l.

Samkvæmt framansögðu verður að teljast nægjanlega sannað, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Með því að broti er rétt lýst í ákæru og það fært til réttra refsiviðurlaga, ber að taka til greina allar kröfur ákæruvaldsins í máli þessu. Refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr.

58/1954 og 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.000 króna sekt í ríkissjóð, en vararefsing 10 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá 21. marz 1966 að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Ásberg Sigurðsson sýslumaður.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörvar Þór Jóhannesson, greiði 2.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 21. marz 1966 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 24/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Ferdinand Guðmundssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, og hafa endurrit þeirra verið lögð fram í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að

staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Ferdinand Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 29. nóvember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. þ. m., er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 8. janúar 1965, á hendur Gunnari Ferdinand Guðmundssyni verkamanni, Álfhólsvegi 66, Kópavogi, fyrir að hafa síðdegis sunnudaginn 6. september 1964 án nægilegrar varkárni ekið bifreiðinni Y 1568 frá biðskýlinu á Digraneshálsi og inn á Reykjanesbraut með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar R 15637, sem ekið var norður Reykjanesbraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 45. gr. og 5. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 12 júní 1912 að Háhamri í Öngulstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1941 2/7 á Akureyri: Dómur: 125 kr. sekt fyrir brot á 39. gr. bifrl. og 21. gr. áfl.

1948 26/4 í Reykjavík: Áminning fyrir ólæsilegt skrásetningarmerki bifreiðar.

1950 15/6 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
1950 7/7 — — Dómur: 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1951 20/11 — — Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. áfengislaga og 1. gr. laga nr. 47/1935.
1953 29/10 — — Sátt, 25 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.
1961 28/6 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1962 10/4 — — Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1964 10/7 — — Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. umferðarlaga.

Verða nú raktir málavextir:

Kl. 1808 sunnudaginn 6. september 1964 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um árekstur bifreiða á Reykjanesbraut þá rétt áður. Fóru lögregluþjónar nr. 5 og 8 á staðinn, og gerði hinn síðarnefndi skýrslu um áreksturinn, en lögregluþjónn nr. 5 gerði afstöðumynd af vettvangi.

Hér reyndist vera um að ræða árekstur milli bifreiðanna Y 1568, er ákærði ók, og R 15637, sem ekið var af Sigríði Á. Björnsdóttur, Austurbrún 2, Reykjavík.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar virtist áreksturinn hafa skeð þannig, að bifreiðin R 15637 ók norður Reykanesbraut, en bifreiðin Y 1568 ók frá biðskýlinu á Digraneshálsi og inn á Reykjanesbraut, og rákust bifreiðarnar saman við norðurenda grindverks, sem er eftir miðri brautinni. Ökumaður Y 1568 hafði fært bifreið sína af árekstrarstað, áður en lögreglan kom á vettvang, og hafði lagt henni utan götunnar.

Ökumaður R 15637 sagðist hafa ekið norður Reykjanesbraut og á móts við biðskýlið á Digraneshálsi hefði hann séð bifreiðina Y 1568, sem hafi ekið á malbikuðu akreininni, sem er fyrir strætisvagnana. Skyndilega hafi Y 1568 beygt í veg fyrir R 15637 án þess að gefa stefnumerki. Sagðist ökumaður R 15637 hafa hemlað samstundis, en samt hafi bifreiðarnar skollið saman. Kvaðst ökumaður R 15637 hafa ekið á 35—40 km. hraða á klst.

Ökumaður Y 1568 kvaðst hafa ekið frá biðskýlinu og eftir malbikuðu akreininni, sem er nær skýlinu. Sagðist hann hafa gáð aftur fyrir sig, en ekki séð neina bifreið og því hafi hann ekið inn á brautina, en þegar hann hafi verið kominn inn á hana

og orðinn beinn á henni, hafi hann heyrt hvin fyrir aftan sig og um leið hafi vinstra frambretti R 15637 kræktz í hægra hornið á afturstuðara Y 1568.

Eigandi bifreiðarinnar R 15637, Gunnar Jóhannsson, Langholtsvegi 35, Reykjavík, sem var farþegi í bifreiðinni, kvað bifreiðina Y 1568 hafa sveigt fyrir R 15637, er hún var komin á móts við afturhurð hennar og hafi ökumaður R 15637 þá hemlað og sveigt eins mikið til hægri og unnt var vegna grindverksins á hægri hönd. Kvað hann bifreiðina R 15637 hafa verið á 30 km. hraða á klst. Hann taldi og, að bifreiðin Y 1568 hefði ekki gefið stefnumerki.

Skemmdir á bifreiðinni R 15637 voru á vinstra frambretti og á framstuðara, en á bifreiðinni Y 1568 var hægra horn afturstuðara beyglað og svunta fyrir innan það beygluð. Flyksa úr bretti R 15637 var föst við stuðarahorn Y 1568.

Ákærði mætti á lögreglustöðinni í Kópavogi hinn 11. sept. 1964 og óskaði þá, að tekið yrði fram, að hann hefði gefið stefnuljós til hægri, áður en hann ók inn á brautina.

Hinn 12. október s. á. kom hann svo fyrir sakdóm Kópavogs og ítrekaði þar fyrri framburð sinn. Þá kvað hann það rangt, að R 15637 hefði verið komin á móts við afturhurð bifreiðar sinnar, enda hlyti hún þá að hafa ekið inn í bifreið hans miðja. Hann kvað bifreið sína hafa runnið eitthvað áfram, eftir að árekstur inn varð.

Vitnið Gunnar Helgi Jóhannsson, er fyrr var nefndur, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 18. marz s.l. Skýrði vitnið svo frá, að þegar bifreið þess hafi verið stödd á Digranesháls i Reykjanesbraut, hafi það séð þar bifreið, sem stóð til vinstri við veginn á útskoti, sem ætlað er strætisvögnum. Hafi bifreiðinni síðan verið ekið af stað, og segir vitnið, að ökumaður hennar hafi ekki virzt líta neitt eftir umferð um götuna, áður en hann ók inn á hana. Kveðst vitnið þó aðeins álykta þetta af akstursmáta hans og þar sem hann hafi ekið hiklaust af stað og ekkert hægt ferðina, frá því að hann ók af stað og þar til árekstur inn varð. Segir vitnið, að bifreiðarnar hafi verið að nokkru leyti samhliða, er bifreiðinni Y 1568 var ekið inn á götuna. Kvað vitnið hraða bifreiðarinnar R 15637 hafa verið um eða yfir 40 km. á klst., er árekstur inn varð.

Sama dag kom fyrrgreind ökukona bifreiðarinnar R 15637, Sigríður Ása Björnsdóttir, fyrir sakadóm Reykjavíkur sem vitni. Kvað vitnið bifreiðina Y 1568 hafa verið á ferð, er það sá hana,

og hafi hún ekið eftir útskoti því, sem sé til hliðar við aðalakbrautina. Kveðst vitnið hafa haldið viðstöðulaust áfram, þar sem engin merki hafi sézt á bifreiðinni Y 1568 um, að hún ætlaði að beygja inn á brautina. Henni hafi hins vegar verið ekið viðstöðulaust í veg fyrir R 15637, og kveðst vitnið bæði hafa hemlað og sveigt til hægri, en ekki hafi verið ráðrúm til að forðast árekstur. Vitnið kveður bifreiðarnar hafa verið að nokkru leyti samhliða, þegar áreksturinn varð. Vitnið kveðst hafa ekið á u. þ. b. 35 km. hraða, áður en áreksturinn varð.

Bæði ofangreind vitni staðfestu framburði sína með eiði.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, lögregluskýrslu ásamt vettvangsuppdrætti og framburði vitna, þykir mega telja sannað, að ákærði hafi ekki sýnt þá varúð og aðgæzlu, er honum bar, er hann ók af útskoti því, er um ræðir, inn á Reykjanesbrautina. Verður að telja, að ákærða hafi borið að sýna sérstaka varúð, er hann ók inn á svo fjölfarna götu af útskoti þessu, sem reyndar er ætlað strætisvögnum eingöngu. Þykir ákærði með akstri sínum hafa brotið öll þau ákvæði umferðarlaga, er í ákæru greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns P. Emils lögfræðings, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Ferdinand Guðmundsson, greiði kr. 1.000.00 í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhadi í 5 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns P. Emils lögfræðings, kr. 1.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 66/1066. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hannesi Þóri Hávarðssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hannes Þórir Hávarðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. apríl 1966.

Ár 1966, mánudaginn 4. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 206/1966: Ákæruvaldið gegn Hannesi Þóri Hávarðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 21. febr. s.l., gegn Hannesi Þóri Hávarðssyni, atvinnu- og heimilislausum, fæddum 28. ágúst 1934 í Reykjavík, fyrir þjófnað og skjalafals, sem þannig er rakið í ákæru:

„I. Fyrir að stela í síðari hluta janúar 1966 frá Sigfinni Karls-

syni, framkvæmdastjóra Sæsilfurs h/f í Neskaupstað, úr herbergi hans á Hótel Borg í Reykjavík tveimur tékkávísanaeyðublöðum úr ávísanahefti nefnds fyrirtækis á útibú Landsbanka Íslands á Eskifirði, A Nr. 58305 og A Nr. 58306, en eyðublöðin voru óútfyllt að því undanteknu, að við undirritunarstaðinn hafði verið settur stimpillinn „pr. pr. Sæsilfur h.f.“

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Að falsa á nefnd eyðublöð ódagsettar ávísanir og nota þær í viðskiptum, sennilega báðar 21. janúar 1966 eða um það bil, þannig:

A. Rita á eyðublaðið A Nr. 58305 kr. 2.500.00 ávísun á hlaupareikning nr. 262 til handa „Haldóri Bjarnasini“, undirrita sem útgefanda nafnið Helgi Bjarnason og framselja með nafninu „Haldór Bjarnason, Safamíri 16“. Nöfn þessi og reikningsnúmer valdi ákærði af handahófi. Með ávísunina, þannig úr garði gerða, fór hann í verzlun Silla & Valda í Austurstræti í Reykjavík og keypti þar eitthvað smávegis, sem hann greiddi með ávísuninni, en fékk mismuninn í peningum.

B. Rita á eyðublað A Nr. 58306 kr. 1.500.00 ávísun á hlaupareikning nr. 265 til handhafa, undirrita sem útgefanda nafnið Helgi Magnússon og framselja með nafninu Þorvaldur Magnússon 12469. Nöfn þessi og reikningsnúmer valdi ákærði af handahófi. Með ávísunina þannig úr garði gerða fór hann í verzlunina Herrahúsið h/f í Aðalstræti 4 í Reykjavík, keypti þar skyrtu, sem hann greiddi með ávísuninni, en fékk mismuninn greiddan í peningum.

Teljast þessir verknaðir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er leitt í ljós, að einhvern tíma síðari hluta janúarmánaðar s.l. tók ákærði í heimildarleysi tvö tékkaeyðublöð úr eyðublaðahefti Sigfinns Karlssonar frá Neskaupstað, framkvæmdastjóra Sæsilfurs h/f, en hefti þetta var frá útibúi Landsbanka Íslands á Eskifirði. Eyðublöðin voru stimpluð „pr. pr. Sæsilfur h.f.“, en ekki útfyllt að öðru leyti. Sigfinnur var á umræddum tíma hér í borg og bjó á Hótel Borg. Kveðst ákærði hafa komið í herbergi

Sigfinns með öðrum manni og tekið þá eyðublöðin, en heftið hafi verið í opinni tösku í herberginu.

Ákærði ritaði síðan tékka á bæði eyðublöðin. Fjárhæð annars tékkans var kr. 2.500.00, og var hann gefinn út til Haldórs (sic) Bjarnasonar á reikning nr. 262 og undirritaður Helgi Bjarnason og framseldur þannig: „Haldór Bjarnason, Safamíri 16". Tékka þennan seldi ákærði í verzlun Silla & Valda í Austurstræti.

Hinn tékkinn er kr. 1.500.00, útg. til handhafa á reikning 265 og undirritaður Helgi Magnússon og framseldur þannig: „Þorvaldur Magnússon 12469". Þennan tékka seldi ákærði í verzluninni Herrahúsinu í Aðalstræti 7. Hvorugur tékkinn var dagsettur.

Ákærði kveðst sjálfur hafa ritað tékkana að öllu leyti og ritað reikningsnúmer og nöfn af handahófi.

Niðurstöður:

Ákærði tók tékkaeyðublöðin í heimildarleysi, en þar eð fjárverðmæti þeirra er lítið sem ekkert, verða þau ekki talin geta verið andlag þjófnaðar. Ber að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði notaði tvö skjöl, er hann hafði falsað, til þess að blekkja með þeim í lögskiptum. Varða þessi brot við 155. gr. alm. hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur áður, 10 sinnum, verið dæmdur til refsingar, svo sem hér greinir:

1954 15/5: 9 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir brot gegn 231., 244. og 245. gr. alm. hegningarlaga.
1955 2/11: 2.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur.
1955 13/12: 15 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1956 25/1: 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
1957 3/6: 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1962 26/1: 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
1963 13/5: 45 daga fangelsi, skilorðsb. (svo) fyrir nytjastuld og áfengis- og umferðarlagabrot.
1964 26/5: 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
1964 23/11: 2 mán. hegningarauki fyrir líkamsárás.
1965 2/3: 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skilasvik.

Auk þess hefur hann 12 sinnum sætzt á greiðslu sekta fyrir ölvun.

Með hliðsjón af 72. og 77. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákærði hefur í gærdag verið úrskurðaður í gæzluvarðhald. Er

samkvæmt 76. gr. hgnl. rétt, að vist þessi komi refsingu hans til frádráttar.

Eftir kröfu Herrahússins h/f verður ákærði dæmdur til greiðslu fébóta að fjárhæð kr. 1.500.00 og eftir kröfu Silla & Valda til greiðslu kr. 2.500.00 í bætur.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þórir Hávarðsson, sæti fangelsi 10 mánuði. Til frádráttar komi gæzluvarðhald 1 dagur.

Ákærði greiði Herrahúsinu h/f kr. 1.500.00 og Silla & Valda kr. 2.500.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 59/1965. **Samvinnutryggingar**
(Sigurður Sigurðsson hdl.)
gegn
Skipaútgerð ríkisins
(Kristinn Sigurjónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 138. gr. Dansk Söforsikringskonvention frá 2. apríl 1934, sem gilti um húfhagsmunatryggingu m/s Heklu, má, sé tjón meiri háttar, reyna að ákveða viðgerðarkostnaðinn með útvegun tilboða, og skal þá gilda sem mat á viðgerðarkostnaðinum lægsta tilboð, sem með sanngirni má krefjast, að vátryggður gangi að. Sjótjónsviðgerð var framkvæmd á m/s Heklu 1958, og var leitað tilboða um viðgerðina. Tilboð barst frá Aalborg Værft A/S. Stjórnvöld Íslands ákváðu, að gjaldeyrir skyldi eigi veittur til viðgerðar í Álaborg, heldur skyldi hún framkvæmd á Íslandi. Varð viðgerðarkostnaðurinn á Íslandi það hærri en hið danska tilboð sem nemur stefnufjárhæð máls þessa. Íslenzka ríkið er eigandi m/s Heklu og er í skiptum sínum við áfrýjanda, þeim er í máli þessu greinir, samningsbundið af 138. gr. hinnar dönsku sjóvátryggingarsamþykktar. Fyrirsvarsmenn ríkisins kusu allt að einu að hlíta eigi ákvæðum 138. gr. samþykktarinnar, heldur láta viðgerðina á m/s Heklu fara fram á Íslandi. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að dæma áfrýjanda til að greiða hærri tryggingarbætur en honum hefði borið að greiða, ef hinu danska tilboði hefði verið tekið. Leiðir þetta til sýknu hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Skipaútgerðar ríkisins, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 50.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
prófessors Magnúsar Þ. Torfasonar.

Stefndi hugðist láta framkvæma viðgerð á m/s Heklu hjá Aalborg Værft A/S samkvæmt tilboði frá þeirri skipasmíðastöð. Sótti hann í þessu skyni um gjaldeyrisleyfi hjá Innflutningsskrifstofunni, en fékk synjun. Þeirri ákvörðun var

skotið til ríkisstjórnarinnar, en henni fékkst ekki breytt. Tókst stefnda þannig ekki að afla sér nauðsynlegra gjaldeyrisleyfa til að greiða kostnað af viðgerð m/s Heklu hjá Aalborg Værft A/S. Ósannað er, að stefnda hafi staðið til boða, að áfrýjandi greiddi kostnað þennan með erlendum gjaldeyri, sem honum væri að lögum heimilt að ráðstafa í því skyni. Að svo vöxnu máli verður ekki talið, að tilboðið frá Aalborg Værft A/S hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru í 138. grein Dansk Söforsikringskonvention frá 2. apríl 1934, til þess að áfrýjandi megi krefjast þess, að tilboðsupphæðin verði lögð til grundvallar við ákvörðun tjónbóta til handa stefnda.

Að vísu var það á valdi gjaldeyrisyfirvalda að veita gjaldeyrisleyfi vegna viðgerða m/s Heklu, sem er eign ríkissjóðs og gerð út af stefnda. Eigi verður þó talið, að þau atriði rýmki rétt áfrýjanda til þess að krefjast uppgjörs tjónbóta eftir framkomnum tilboðum samkvæmt fyrrnefndri 138. grein, og ósannað er, að synjun gjaldeyrisyfirvalda um gjaldeyrisleyfi hafi verið reist á ólögmætum sjónarmiðum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnutryggingar, greiði stefnda, Skipaútgerð ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. desember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Guðjón F. Teitsson forstjóri f. h. Skipaútgerðar ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. júní 1961, gegn Ásgeiri Magnússyni forstjóra f. h. Samvinnutrygginga g/t í Reykjavík til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 369.761.96 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum

frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1944—1957 og fyrri hluta árs 1958 hafði m/s Hekla, sem er eign stefnanda, orðið fyrir mörgum sjótjónum. Skip þetta var vátryggt hjá stefnda árin 1956—1958, og samkvæmt skipaskírteinum og kaskóinteressuskírteinum, sem gefin voru út um tryggginguna, giltu fyrir trygginguna ákvæði í Dansk Söforsikringskonvention frá 2. apríl 1934 svo og ákvæði, sem skráð eru í skírteinunum sjálfum. Árið 1954 og tímabilið frá 1. marz til 31. desember 1955 var skipið hins vegar tryggt hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Í ársbyrjun 1958 ráðgerði stefnandi að láta fara fram fullnaðarviðgerð á sjótjónunum vorið 1958 og leitaði tilboða í viðgerðina innanlands og utan, en ekkert mat fór fram á sjótjónum þessum. Tilboð barst frá Aalborg Værft A/S 12. febrúar 1958, og var áætlað verð á viðgerðinni samkvæmt tilboði þessu 75 þúsund danskar krónur og viðgerðartími 16 vinnudagar. Þá barst 20. febrúar s. á. sameiginlegt tilboð frá þremur innlendum aðiljum, Landssmiðjunni, Stálsmiðjunni h/f og Slippfélaginu í Reykjavík h/f. Nam viðgerðarkostnaðurinn samkvæmt síðastgreindu tilboði ísl. kr. 1.045.000.00, og var áætlað, að viðgerðin stæði yfir frá 22. apríl til 1. júní 1958.

Með bréfi, dags. 11. marz 1958, sótti stefnandi um gjaldeyrisleyfi til Innflutningsskrifstofunnar fyrir viðgerðarkostnaðinum í Danmörku. Var í bréfi þessu m. a. tekið fram, að af hálfu stefnanda væri talið sjálfsagt að taka því tilboði Aalborg Værft A/S um viðgerð á m/s Heklu, sem fyrir lægi. Tilkynnti stefnandi stefnda um umsókn þessa með bréfi, dags. 12. marz 1958. Stefndi svaraði bréfinu daginn eftir, og var þar meðal annars sagt, að lögð væri rík áherzla á, að tilboði Aalborg Værft A/S yrði tekið. Síðan segir orðrétt í bréfi þessu:

„Í því sambandi viljum vér taka fram, að m/s „Hekla“ er tryggð samkvæmt reglum dönsku Söforsikrings Konventionarinnar frá 2. apríl 1934. — Í 138. gr. hennar, sbr. 143. og 144. gr., er oss veittur réttur til að ákveða, hvaða viðgerðatilboðum skuli tekið, og teljum vér, að heimildin taki sérstaklega til slíkra tilvika, sem hér liggja fyrir.

Í öðru lagi viljum vér vekja sérstaka athygli á því, að vér

teljum oss ekki geta varið annað en að taka ofangreindu tilboði gagnvart endurtryggjendum vorum, sem greiða mikinn hluta viðgerðarinnar.

Loks viljum vér taka fram, að vér munum gefa yfirlýsingu um greiðslu tjónabóta í erlendri mynt til Landsbanka Íslands eða annars innlends banka, er þér hafið viðskipti við, enda fari viðgerð fram samkvæmt oftnefndu tilboði Aalborg Værft A/S".

Jafnframt lýsir stefndi því í bréfi til Landsbanka Íslands, dags. 15. marz s. á., að hann skuldbindi sig til að greiða þær tjónbætur í erlendri mynt, sem honum beri að inna af hendi út af viðgerð m/s Heklu, til Landsbanka Íslands vegna ábyrgðar bankans á greiðslu kostnaðar af viðgerð skipsins gagnvart umræddri skipasmíðastöð. Fyrrgreind gjaldeyrisbeiðni var tekin til afgreiðslu í Innflutningsskrifstofunni 18. marz 1958, og var henni synjað. Afgreiðslu þessari var skotið til ríkisstjórnarinnar, sem staðfesti synjun Innflutningsskrifstofunnar.

Næst gerist það í málinu, að stefndi óskar eftir því við Aalborg Værft A/S, að það geri fast tilboð í viðgerðina. Tilkynnti nefnt fyrirtæki með símskeyti hinn 1. apríl 1958, að það sambykkti að framkvæma alla viðgerðina fyrir fast verð, 83 þúsund danskar krónur, og að viðgerðartíminn yrði sá sami og áður var lofað. Stefndi skýrði stefnanda frá síðastgreindu tilboði í bréfi, dags. 2. apríl s. á. Er þar lögð áherzla á, að stefnandi taki málið upp að nýju við ríkisstjórnina til þess að fá samþykki hennar til að taka danska tilboðinu, og loks tekur stefndi fram í bréfinu, að stefndi muni ekki greiða hærri tjónbætur en þær, sem stefndi þyrfti að greiða, ef hinu danska tilboði væri tekið. Þessi sjónarmið sín áréttar stefndi sama dag í bréfi til fjármálaráðherra og enn fremur í bréfi til stefnanda hinn 13. sama mánaðar. Málalok urðu endanlega þau, að umbeðið gjaldeyrisleyfi fékkst ekki. Stefnandi hafnaði þessu næst innlenda tilboðinu og lét fara fram viðgerð á sjósköðum m/s Heklu fyrir eigin reikning. Fór viðgerðin fram á tímabilinu frá 9. apríl til 28. maí 1958.

Þegar komið var að því að jafna skyldi niður kostnaðinum af viðgerð tjónanna, var óskað eftir því við tjónaniðurjöfnunarmanninn, að hann jafnaði niður kostnaðinum af viðgerð tjónanna, sem tilheyrðu ábyrgðartímabili stefnda, á tvennan hátt, þ. e. í fyrsta lagi, eins og viðgerðin kostaði samkvæft reikningum og í öðru lagi, eins og tilboð Aalborg Værft A/S gæfi tilefni til. Af tjónaniðurjöfnun Björns Helgasonar, löggilts niðurjöfnunarmanns, kom fram, að viðgerðarkostnaður vegna tjóna tilheyrandi

ábyrgðartímabili stefnda var samkvæmt uppgjöri, byggðu á reikningum, sem raunverulega voru greiddir af stefnanda, kr. 369.761.96 hærri en viðgerðarkostnaður samkvæmt uppgjöri miðuðu við áætlun, ef viðgerð hefði farið fram í Danmörku. Telur stefndi, að sér sé ekki skylt að greiða þennan mismun, og er málið höfðað til heimtu hans.

Stefnandi telur sig samkvæmt ákvæðum tryggingarskírteina og ákvæðum Dansk Söforsikringskonvention frá 2. apríl 1934 eiga rétt á að fá tjón sitt bætt samkvæmt kostnaðarverði á viðgerð viðurkenndra tjóna, þar sem viðurkennt og óvefengt sé, hver kostnaðurinn hafi verið í raun og veru. Í 139. gr. dönsku tilskipunarinnar sé sú meginregla sett fram, að til grundvallar bótaútreikningi beri að leggja raunverulegan viðgerðarkostnað, en hafi viðurkennt mat hins vegar farið fram, þá eigi að leggja það til grundvallar, en því sé ekki til að dreifa hér. Í 138. gr. nefndrar tilskipunar segi að vísu, að sé tjónið tilfinnanlegt, megi reyna að ákveða viðgerðarkostnaðinn með útvegun tilboða í viðgerðina. Gildi þá lægsta tilboðið, sem með sanngirni megi krefjast, að vátryggður samþykki sem mat á kostnaðinum. Ekki verði hins vegar talið, að nein sanngirni mæli með því, að ákvæði þessu verði beitt. Megi í því sambandi benda á, að fyrir liggi hreinir, óhrekjanlegir reikningar um kostnað við viðgerðirnar. Þá hafi með óviðráðanlegum hætti verið gert ókleift að nota tilboð það, sem barst frá Aalborg Værft A/S. Þá hafi heldur aldrei verið um það talað að skoða hafi átt tilboðið sem mat. Loks er í þessu sambandi mótmælt af hálfu stefnanda, að venja hafi verið, að viðgerðir færu fram erlendis, þegar um væri að ræða slíkar meiriháttar viðgerðir og tiltölulega stór skip.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að hann verði ekki skyldaður til greiðslu hærri fjárhæðar en greinir í hinu danska tilboði. Ber hann fyrir sig ákvæði 138. gr. dönsku samþykktarinnar frá 2. apríl 1934, en þar segir, að sé tjónið tilfinnanlegt, megi reyna að ákveða viðgerðarkostnaðinn með útvegun tilboða í viðgerðina. Gildi þá lægsta tilboðið, sem með sanngirni megi krefjast, að vátryggður samþykki sem mat á kostnaðinum. Telur stefndi, að ákvæði þetta eigi beint við, enda mæli allar sanngirnisástæður með þeirri niðurstöðu, að lægsta tilboðið, þ. e. hið danska tilboð, verði lagt til grundvallar ákvörðun á viðgerðarkostnaðinum. Bendir stefndi í því sambandi á, að raunverulegur eigandi skipsins sé íslenzka ríkið, en samkvæmt tryggingarskilmálum og hlutarins eðli sé skipseigandi skyldur til að sæta

hagstæðasta tilboði, sem hann geti fengið. Ríkisstjórnin hafi haft algerlega frjálsar og óbundnar hendur um að samþykkja tilboðið og heimila greiðslu í erlendri mynt eða veita gjaldeyrisleyfi. Hafi engin hindrun eða ómöguleiki verið fyrir hendi hjá ríkisstjórninni á því að ganga að umræddu tilboði. Þá er í þessu sambandi vísað til þess af hálfu stefnda, að gjaldeyrisleyfi í þessu tilviki hafi nánast verið formsatriði eitt, þar sem stefndi hefði staðið undir erlendum greiðslum, án þess að íslenzkir bankar þyrftu þar að leggja nokkuð af mörkum og yrði m. a. af þeim ástæðum ekki séð, að raunhæf athugun á gjadeyrisþörf til viðgerðar á skipinu í Danmörku réttlætti synjun ríkisstjórnarinnar á veitingu gjaldeyrisleyfis. Enn fremur er á það bent af hálfu stefnda, að óvenjulegt sé, að sótt sé fyrirfram um veitingu gjaldeyrisleyfis til viðgerðar sem þessarar og sé venja, að tryggingafélögin sendi gjaldeyrisyfirvöldum ársfjórðungslega yfirlit um tekjur og gjöld, er sýni m. a. tjónaviðgerðir erlendis, og hafi aldrei verið gerðar athugasemdir af hálfu gjaldeyrisyfirvalda, þótt þessi háttur væri hafður á. Loks er því haldið fram af hálfu stefnda, að þegar um meiriháttar viðgerðir sé að ræða, svo sem þá, er í máli þessu greinir, fari þær fram erlendis í stærri skipasímastöðvum, þar sem aðstaða sé betri til að framkvæma meiriháttar viðgerðir og á ódýrari hátt. Raunveruleg ástæða ríkisstjórnarinnar á synjun gjaldeyrisleyfis hafi og verið sú, að til hafi komið krafa í þá átt frá Félagi járniðnaðarmanna hér á landi. Við slík sjónarmið telur stefndi sig ekki vera bundinn. Hafi afstaða hans frá upphafi verið skýr um það, að hann teldi sig ekki skyldan til að greiða hærri bætur en samkvæmt hinu danska tilboði.

Ekkert mat fór fram á tjónunum, enda mun það ekki venja. Skemmdirnar voru hins vegar skoðaðar af skoðunarmönnum aðilja, og fylgdust þeir einnig með viðgerðum, bæði bráðabirgðaviðgerð og endanlegri viðgerð. Var síðan samin um þær skrifleg skýrsla, og er ekki ágreiningur um viðgerðarkostnaðinn í sjálfu sér.

Eigi liggur neitt fyrir um það í málinu, að af hálfu gjaldeyrisyfirvalda hafi verið beitt óefnislegum sjónarmiðum við afgreiðslu umsóknar um gjaldeyrisleyfi fyrir kostnaði af viðgerð þeirra tjóna, sem ræðir um í máli þessu. Verður því ekki talið, að synjun ríkisstjórnarinnar um veitingu gjaldeyrisleyfa af tilliti til atvinnu- og efnahagslífs þjóðarinnar heimili vátryggjanda að krefjast þess, að ákvæðum 138. gr. dönsku samþykktarinnar

verði beitt þannig, að til grundvallar bótum verði ekki lagður raunverulegur kostnaður af viðgerð hér á landi, heldur lægra tilboð erlendis frá. Eftir því sem á stendur, verður því ekki fallizt á, að hér breyti nokkru um, þótt í hlut eigi skipafélag, sem er ríkisfyrirtæki. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að stefnandi eigi skv. 139. gr. nefndrar samþykktar að fá bættan raunverulegan viðgerðarkostnað samkvæmt framlögðum reikningum. Samkvæmt 88. gr. samþykktarinnar ber stefnanda 6% vextir af þeirri fjárhæð og frá þeim tíma, sem krafizt hefur verið.

Málsúrslit verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 369.761.96 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000.00.

Hákon Guðmundsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni og Gunnari Guðjónssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 369.761.96 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. júní 1966.

Nr. 57/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurjóni Sigurðssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga. Ákæra um brot gegn ákvæðum um lokunartíma sölubúða. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

A.

Dómendur eru allir sammála um það, sem segir undir I.

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 17/1936 er bæjarstjórnum og hreppsnefndum rétt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða. Ber slíkar samþykktir samkvæmt 3. gr. laganna undir félagsmálaráðuneytið til staðfestingar. Samþykkt skal halda gildi sínu í 10 ár, nema breytt sé eða afnumin áður, en endurnýja má hana á sama hátt, sem hún var sett á, jafnlangan tíma. Slíkar samþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Á þeim tíma, er atburðir máls þessa gerðust, var í gildi samþykkt nr. 240/1963 um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. með breytingum samkvæmt auglýsingu nr. 15/1964 og samþykkt nr. 151/1964. Samkvæmt 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 er borgarráði rétt að veita tilteknum verzlunum heimild til að hafa opna sölubúð frá kr. 1800 til kl. 2200 alla daga, nema tilgreinda helgidaga og hátíðis. Þá er svo mælt í ákvæði til bráðabirgða í samþykkt nr. 151 28. júlí 1964, að borgarráði sé rétt að veita verzlunum, sem hafa til sölu sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, að hafa opið með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr., að fengnum meðmælum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Rétt er borgarráði að taka árlegt gjald samkvæmt 11. gr. samþykktar nr. 240/1963, kr. 10.000.00, sem greiðist fyrir-

fram fyrir hálft ár í senn fyrir leyfi, sem veitt er samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu í samþykkt nr. 151/1964.

Samkvæmt bréfi borgarlögmanns 11. maí 1966 hafði ákærði kvöldsöluleyfi samkvæmt heimild í a-lið 1. gr. auglýsingar nr. 90/1957. Auglýsing þessi var felld úr gildi með 13. gr. samþykktar nr. 240/1963. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum samþykktar nr. 240/1963 héldu kvöldsöluleyfi, sem í gildi voru við gildistöku samþykktarinnar, gildi sínu til og með 31. janúar 1964, og með auglýsingu nr. 15/1964 var gildi þessara leyfa framlengt til 1. apríl 1964. Samkvæmt ályktun borgarráðs 17. ágúst 1964 og samþykkt borgarstjórnar 3. september 1964 ritaði borgarstjórinn í Reykjavík verzlun ákærða, Örnólfi, bréf hinn 4. september 1964, þar sem Verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86, var veitt heimild til „sölustarfsemi skv. bráðabirgðaákvæðum samþykktar um afgreiðslutíma verzlana o. fl. með þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri setja. Leyfisgjaldið er kr. 10.000.00 á ári og greiðist hálfsárslega fyrirfram. Ber að greiða nú þegar það, sem áfallið er af gjaldinu fyrir þetta ár". Eigi er ágreiningur um, að með bréfi þessu var ákærða veitt heimild til kvöldsölu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 og ákvæði til bráðabirgða í samþykkt nr. 151/1964 um breytingu á fyrrnefndri samþykkt. Eigi er því haldið fram í málinu, að ákærði hafi vanrækt skilyrði, sem rétt yfirvöld hafa sett honum um framkvæmd kvöldsölunnar. Samkvæmt kvittun, er fyrir liggur í málinu, greiddi Verzlunin Örnólfur 25. janúar 1965 „borgarsjóði Reykjavíkur: Kvöldsöluleyfi 1/3 '65—28/2 '66 kr. **10.000.00**". Þar sem borgaryfirvöld Reykjavíkur hugðust koma nýrri skipun á kvöldsölumál Reykjavíkur, ritaði borgarstjórinn í Reykjavík Verzluninni Örnólfi hinn 21. maí 1965 svohljóðandi bréf: „Samkvæmt ályktun borgarstjórnarinnar 6. maí s.l. afturkallast hér með bráðabirgðaleyfi, sem yður var veitt til kvöldverzlunar að Snorrabraut 48 frá og með 1. júlí n.k. Ofgreitt leyfisgjald verður yður endurgreitt". Ákærði andmælti uppsögninni í bréfi 4. júní 1965. Benti hann á, að Verzlunin Örnólfur hefði eigi fengið kvöldsölu-

leyfi á Snorrabraut 48. Hins vegar kvaðst hann hafa greitt fyrir kvöldsöluleyfi á Njálsgötu 86 til 28. febrúar 1966 og væri allur rekstur fyrirtækisins miðaður við keyptan rétt til þess tíma. Hinn 5. júlí 1965 ritaði borgarstjóri Verzluninni Örnólfi af nýju og afturkallaði „bráðabirgðaleyfi" hennar til kvöldsölu að Njálsgötu 86 frá og með 5. júlí 1965. Ofgreitt leyfisgjald kvað hann mundu verða endurgreitt. Endurgreiðsla á kvöldsöluleyfisgjaldinu fyrir tímabilið 1/3 '65 til 28/2 '66 hefur eigi fram farið.

Með ályktun borgarráðs 17. ágúst 1964, staðfestingu borgarstjórnar 3. september 1964 og bréfi borgarstjóra 4. september 1964 var ákærða, sem rekur Verzlunina Örnólf, veitt kvöldsöluleyfi á Njálsgötu 86 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 og ákvæði til bráðabirgða í samþykkt nr. 151/1964, án þess að greint væri tímamark leyfisins. Ákærði bauð fram hinn 25. janúar 1965 í grandleysi, að því er ætla verður, leyfisgjald fyrir tímabilið frá 1. marz 1965 til 28. febrúar 1966. Var gjaldinu veitt viðtaka af hendi Reykjavíkurborgar skilorðslaust og réttur ákærða til kvöldsölu um nefnt tímabil síðan eigi vefengdur fyrr en á borgarstjórnarfundi 6. maí 1965. Afturköllun á kvöldsöluleyfinu var eigi send ákærða fyrr en 21. maí 1965. Að svo vöxnu máli verður að telja, að ákærði hafi mátt treysta því, að hann hafi öðlazt kvöldsöluleyfi til 1. marz 1966. Varð hann því eigi sviptur leyfinu með þeim hætti, sem reyndur hefur verið, enda ekkert fram komið um, að hann hafi misfarið með leyfið. Hann hefur því eigi brotið gegn 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 12. gr. samþykktar nr. 240/1963 og lög nr. 17/1936, með kvöldsölu á þeim tíma, er í máli þessu greinir.

B.

Hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson eru sammála um það, sem segir í II. og III. kafla og svo um eftirfarandi dómsorð.

II.

Innsigli það, er ákærði rauf, hafði verið sett fyrir sölu-

búð ákærða að tilhlutan yfirvalds, sem til þess var bært. Ákærða var skylt, eins og á stóð, að hlíta innsiglun í bráð, en leita mátti hann úrlausnar dómara um ágreiningsefni, sbr. m. a. 73. gr. laga nr. 82/1961. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að nefnt hátterni ákærða varði við 1. mgr. 113 gr. laga nr. 19/1940. En samkvæmt málavöxtum og 1. málslið 75. gr. sömu laga þykir mega ákveða, að refsing ákærða falli niður.

III.

Eftir úrslitum málsins er rétt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 82/1961, að ákærði greiði í ríkissjóð saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, en annar málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að 1/5 hluta af ákærða og að 4/5 hlutum úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Sigurjóns Sigurðssonar, fellur niður.

Ákærði greiði í ríkissjóð saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00. Annar kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist af ákærða að 1/5 hluta og úr ríkissjóði að 4/5 hlutum, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Ákærði hafði samkvæmt því, er segir í I að framan, gilt kvöldsöluleyfi, sem hann hafði greitt fyrir, þá er lögreglumenn lokuðu sölubúð hans hinn 16. nóvember og 15. desember 1965 og innsigluðu. Hafði lokun og innsiglun lögreglumanna hvorki stoð í lögum formlega né efnislega. Var ákærða heimil nauðvörn gegn lokuninni, og var því samkvæmt sjónarmiðum lögraka og réttlætis rétt að fara aftur inn í sölubúðina og opna hana þrátt fyrir innsiglislokun-

ina. Þar sem þannig stóð á, eru eigi skilyrði til að beita ákvæðum 113. gr. laga nr. 19/1940 gegn ákærða.

Samkvæmt þessu og því, sem rakið er í I, ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og dæma allan sakarkostnað á hendur ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 5. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartún 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 219/1966: Ákæruvaldið gegn Sigurjóni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Málið er höfðað á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 22. nóvember 1965. Ákæran hljóðar svo:

„SAKSÓKNARI RÍKISINS

gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Sigurjóni Sigurðssyni, kaupmanni í verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86 og Snorrabraut 48, til heimilis að Bólstaðarhlíð 68 í Reykjavík og fæddum þar í borg 18. nóvember 1916, fyrir að hafa frá því í byrjun nóvember 1965 haft daglegan afgreiðslutíma mánudaga — fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga í verzluninni Örnólfi á horni Njálsgötu og Snorrabrautar til kl. 2100, þriðjudaginn 9. nóvember, miðvikudaginn 10. nóvember og fimmtudaginn 11. nóvember, opnað verzlunina aftur til almennrar sölustarfsemi milli kl. 1800 og 2100, eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni, og fyrir að hafa þriðjudaginn 16. nóvember rofið innsigli af báðum dyrum verzlunarinnar, skömmu eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni og innsiglað báðar verzlunardyrnar kl. 1930, og haldið áfram almennri sölustarfsemi til kl. 2100.

Brot ákærða þykja varða við 1. mgr. 113. gr. almennra hegn-

ingarlaga nr. 19, 1940 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 1. gr. sbr. 12. gr. samþykktar um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. nr. 240, 1963, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 15, 1964, sbr. lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17, 1936.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Einnig er málið höfðað með framhaldsákæru, dagsettri 27. desember 1965, svohljóðandi:

„SAKSÓKNARI RÍKISINS

gjörir kunnugt: Samkvæmt heimild í 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82, 1961 og með vísan til ákæru, útgefinnar 22. nóvember s.l., í máli ákæruvaldsins gegn Sigurjóni Sigurðssyni, kaupmanni í verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86 og Snorrabraut 48, til heimilis að Bólstaðarhlíð 68 í Reykjavík, fæddum þar í borg 18. nóvember 1916, framhaldsákærist ákærði í máli þessu fyrir að hafa mánudagskvöldið 6. desember, þriðjudagskvöldið 7. desember og miðvikudagskvöldið 15. desember 1965 haft framangreinda verzlun opna til almennrar sölustarfsemi eftir kl. 1800 og þangað til lögreglumenn lokuðu verzluninni og innsigluðu verzlunardyrnar um kl. 1920 þann 6. desember, um kl. 2030 þann 7. desember og um kl. 2125 þann 15. desember og fyrir að hafa það kvöld rofið innsigli af dyrum verzlunarinnar, skömmu eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni með innsigli og þá haldið áfram sölustarfsemi, þangað til lögreglumennirnir innsigluðu dyr verzlunarinnar á ný um kl. 2135.

Brot ákærða þykja varða við 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 1. gr. sbr. 12. gr. samþykktar um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. nr. 240, 1963, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 15, 1964, sbr. lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17, 1936.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 18. nóvember 1916 í Reykjavík. Á sakavottorði hans er ekkert, sem áhrif gæti haft á refsimat í máli þessu.

Málsatvik eru eftirfarandi:

I.

Með ákæru, dagsettri 22. nóvember 1965, er ákærði sakaður um að hafa frá því í byrjun nóvember 1965 haft daglegan afgreiðslutíma mánudaga—fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga

í Verzluninni Örnólfi á horni Njálsgötu og Snorrabrautar hér í borg til klukkan 2100. Með framhaldsákæru, dagsettri 27. desember 1965, er hann ákærður fyrir að hafa mánudagskvöldið 6. desember, þriðjudagskvöldið 7. desember og miðvikudagskvöldið 15. desember 1965 haft framangreinda verzlun opna til almennrar sölustarfsemi eftir klukkan 1800 og þar til um klukkan 1920 þann 6. desember, um klukkan 2030 þann 7. desember og um klukkan 2125 þann 15. desember sem og fyrir verzlun síðasttalinn dag frá klukkan um 2125 til klukkan um 2135.

Ákærði hefur fyrir dómi sagt rétt vera, að Verzlunin Örnólfur á horni Njálsgötu og Snorrabrautar hafi almennt verið opin viðskiptamönnum til venjulegrar smávöruverzlunar mánu — fimmtudaga og laugar — sunnudaga s. l. nóvembermánuð til kl. 2100 sem og á þeim dögum og tíma, sem í framhaldsákæru greinir. Framburður ákærða er í samræmi við margar lögregluskýrslur, sem fram hafa verið lagðar í málinu, og vætti þrettán lögreglumanna, sem komið hafa fyrir dóm og borið um málsatvik. Eru framburðir lögreglumanna á einn veg, staðfesta efnislega réttmæti þessara ákæruatriða, og þykir því ekki nauðsyn bera til að rekja vætti hvers um sig.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann væri einn af eigendum Verzlunarinnar Örnólfs, en verzlunin væri sameignarfélag. Sagðist ákærði stjórna daglegum rekstri verzlunarinnar og bera ábyrgð á því, að verzlunin hafi verið opin eftir klukkan 1800, þegar slíkt hefur átt sér stað. Ákærði kvaðst hafa haft leyfi til kvöldverzlunar frá árinu 1960 eða 1961 og jafnan greitt fyrir það tilskilin leyfisgjöld til borgarsjóðs. Sagðist ákærði hafa búizt við, að kvöldsöluleyfi hans héldist til frambúðar, á meðan hann fullnægði settum skilyrðum og greiddi ákvörðuð leyfisgjöld, enda hefði hann miðað verzlunarreksturinn, svo sem varðandi starfsmannahald og innréttingu verzlunarinnar, við keyptan rétt sinn. Ekki taldi ákærði sig hafa rofið skilyrði fyrir kvöldsöluleyfi, enda aldrei verið sakaður um slíkt.

Á fundi borgarráðs Reykjavíkur mánudaginn 17. ágúst 1964 var „... Samþ. að veita eftirtöldum aðilum leyfi til sölustarfsemi, skv. bráðabirgðaákvæðum samþykktar um afgreiðslutíma verzlana o. fl.: .... Verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86 ...“ Fengu alls 11 verzlanir slík leyfi á þessum fundi borgarráðs. Hinn 3. september sama ár var samþykkt borgarráðs staðfest af borgarstjórn með 11 atkvæðum gegn 4. Óskaði einn borgarfulltrúanna, Sigurður Magnússon, bókað í því sambandi: „Ég tel það

mjög óæskilegt hlutskipti borgarstjórnar að eiga þátt í aðgerðum, sem til þess eru fallnar að skapa misrétti milli fyrirtækja og geta beinlínis leitt til þess, að samningsaðilar að kjarasamningi telji, að um samningsbrot sé að ræða." Verzluninni Örnólfi var með bréfi næsta dag tilkynnt eftirfarandi: „Borgarstjórn hefur á fundi sínum í gær heimilað verzluninni Örnólfi, Njálsgötu 86, sölustarfsemi skv. bráðabirgðaákvæðum samþykktar um afgreiðslutíma verzlana o. fl. með þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri setja. Leyfisgjaldið er kr. 10.000.00 á ári og greiðist hálfsárslega fyrir fram. Ber að greiða nú þegar það, sem áfallið er af gjaldinu fyrir þetta ár". Bréfið undirritar borgarritari, Gunnlaugur Pétursson.

Á fundi borgarráðs hinn 6. maí 1965 er eftirfarandi bókað: „... Lagt fram að nýju bréf Kaupmannasamtaka Íslands og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, dags. 30. marz s.l., með tillögum um kvöldþjónustu verzlana í Reykjavík; enn fremur lagt fram bréf Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 14. f. m., þar sem mælt er með tillögunum. Borgarráð samþykkir tillögurnar með 4 samhlj. atkv. Kristján Benediktsson greiðir ekki atkvæði, þar sem hann telur óráðlegt að afturkalla bráðabirgðaleyfi, meðan sú tilhögun, sem ráðgerð er, hefur ekki fengið fastara form. Guðm. Vigfússon bar fram þá tillögu, að bráðabirgðaleyfi þau, sem veitt hafa verið 14 aðilum (17 verzlunum), skv. bráðabirgðaákvæðum í samþ., dags. 28. júlí 1964, yrðu afturkölluð þegar í stað. Sú tillaga var felld með 4 : 1 atkv. Hins vegar var samþykkt með 4 samhlj. atkv. að afturkalla umrædd leyfi frá og með 1. júlí n.k. ..." Á fundi borgarstjórnar sama dag var ályktun borgarráðs samþykkt með 9 : 1 atkvæði. Einn borgarfulltrúa, Guðjón Sigurðsson, bar fram tillögu um, að borgarstjórn léti fram fara skoðanakönnun meðal kosningabærra borgara Reykjavíkur um það, hvað þeir teldu heppilegastan afgreiðslutíma verzlana og borgarstjórn ákvæði síðan afgreiðslutíma í Reykjavík eftir niðurstöðum þeirrar skoðanakönnunar. Var tillögu þessari vísað til sérstakrar nefndar.

Verzluninni Örnólfi, Snorrabraut 48, Reykjavík, var hinn 21. maí 1965 sent svohljóðandi bréf: „Samkvæmt ályktun borgarstjórnarinnar 6. maí s.l. afturkallast hér með bráðabirgðaleyfi, sem yður var veitt til kvöldverzlunar að Snorrabraut 48, frá og með 1. júlí n.k. Ofgreitt leyfisgjald verður yður endurgreitt." Bréfið undirritað: Geir Hallgrímsson, borgarstjóri. Ákærði mótmælti ákvörðuninni með bréfi, dags. 4. júní 1965, þar sem Verzlunin

Örnólfur hefði aldrei fengið kvöldsöluleyfi á þeim stað, sem tilgreindur væri í bréfinu, en fyrir kvöldsöluleyfi að Njálsgötu 86 hefði verið greitt „án fyrirvara til 28. febrúar 1966, enda allur rekstur fyrirtækisins miðaður við keyptan rétt til þess tíma." Rétt er að geta þess, að verzlunin er sums staðar, t. d. í símaskrá, talin að Snorrabraut 48, enda aðrar verzlunardyrnar að þeirri götu. Borgaryfirvöld rituðu verzluninni bréf að nýju hinn 5. júlí 1965, og er það efnislega samhljóða bréfinu frá 21. maí 1965 að öðru leyti en því, að leyfi til kvöldverzlunar að Njálsgötu 86 er afturkallað frá og með 5. júlí 1965. Bréfi þessu mótmælti ákærði samdægurs með bréfi til borgarstjórnar. Loks hefur ákærði hinn 11 október 1965 skrifað borgarstjórn svohljóðandi bréf: „Þar sem ég er af eðlilegum ástæðum ekki í Kaupmannasamtökunum, leyfi ég mér að tilkynna ykkur, að verzlun mín mun taka þátt í skiptiverzlun þeirri, er þið hafið leyft. Verzlanir kaupmannasamtakanna fara nú brátt að byrja sína fjórðu opnunarviku. Með hliðsjón af því og bréfi yðar, dags. 4. september 1964, tilkynni ég borgarstjórn hér með, að ég mun hafa verzlun mína opna á kvöldin í Nóvembermánuði næstkomandi á sama tíma og verzlanir kaupmannasamtakanna. Ég vona, að þið virðið minn tvöfalda rétt til þessarar opnunar, enda mun ég leggja sérstaka áherzlu á, að fólk geti fengið greiðan aðgang að nauðsynjavörum þeim, er ég hef á boðstólum, samanber 3. gr. samþykktar um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík."

Lögð hefur verið fram í málinu greiðslukvittun borgarsjóðs Reykjavíkur nr. 271, þar sem fyrirvaralaust er kvittað fyrir „Kvöldsöluleyfi 1/3 '65—28/2 '66 kr. 10.000. ..."Verzlunarinnar Örnólfs, Njálsgötu 86. Borgarlögmaður hefur í bréfi til dómsins, dags. 28. desember 1965, talið, að viðtaka gjalds fyrir tímabilið til 28. febrúar 1966 byggðist á misskilningi hlutaðeigandi starfsmanns borgargjaldkera, sem ekki hefði verið kunnugt um gang mála. Í því sambandi er rétt að taka fram, að greiðsla gjaldsins fer fram hinn 25. janúar 1965, en borgarstjórn samþykkir ekki að afturkalla leyfi ákærða fyrr en 6. maí sama ár. Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 17/1936 segir, að stjórnarráðið skuli ákveða hæfilegt árgjald samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar fyrir eitt ár í senn og renni það í bæjarsjóð. Í samþykkt nr. 151/1964 er áskilnaður um greiðslu gjalds skv. 11. gr. samþykktar nr. 240/1963, en í þeirri grein segir, að greiða skuli gjald í borgarsjóð „kr. 10.000.00 á ári, er greiðist fyrirfram fyrir hálft ár í senn." Ákvæði þetta eitt sér um vissan greiðslumáta verður

ekki skýrt á þá lund, að lengri fyrirframgreiðsla til rétts aðilja geti ekki haft ákveðna réttarvirkni.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 17/1936 geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum og kauptúnum, en stjórnarráðið þarf að samþykkja þær og staðfesta, og það ákveður, hvenær þær skuli koma til framkvæmda, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. s. l. Birta skal slíkar samþykktir í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 4. mgr. 3. gr. s. l.

Með stoð í lögum nr. 17/1936 gildir nú, að því er Reykjavík varðar, samþykkt nr. 240 frá 6. desember 1963 um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl. Breytingar á samþykkt þessari hafa verið gerðar með auglýsingu nr. 15 frá 31. janúar 1964 og samþykkt nr. 151 frá 28. júlí 1964. Í ákærum máls þessa er vitnað til samþykktar nr. 240/1963 og einnig til auglýsingar nr. 15/1964, enda þótt sú auglýsing sé í sjálfri sér málinu óviðkomandi. Hins vegar er samþykktar nr. 151/1964 ekki getið, þrátt fyrir að hún varði málið mjög, m. a. hefur borgarlögmaðurinn í Reykjavík, Páll Líndal, í bréfi til dómsins, dags. 28. desember 1965, talið, að með áðurnefndri leyfisveitingu borgarstjórnar til Verzlunarinnar Örnólfs hinn 3. september 1964 væri átt við sölustarfsemi samkvæmt 1. mgr. ákvæða til bráðabirgða í samþykkt nr. 151/1964. Skylt er að taka fram í þessu sambandi, að samþykktin, sem prentuð er í B-deild Stjórnartíðinda 1964, bls. 282—283, er hvorki nefnd í efnisyfirliti né registri. Ákvæðum samþykktar nr. 151/1964 hefur ekki verið breytt né þau afnumin, og sjálf marka ákvæðin sér ekki ákveðinn gildistíma. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 17/1936 heldur samþykkt gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður.

Í sakamáli gegn ákærða getur samþykkt nr. 151/1964 samkvæmt framansögðu ekki komið til álita, að svo miklu leyti sem ákvæði hennar kynnu að verða skýrð ákærða í óhag.

Í bréfi Páls Líndals borgarlögmanns til dómsins, dags. 28 desember 1964, segir m. a.: „... Þar sem leyfisveitingar þær, er um ræðir í fundargerð borgarráðs frá 17. ágúst 1964, byggðust á tímabundnu ástandi, var að sjálfsögðu gengið út frá því, að þær væru til bráðabirgða, enda afturkallaðar jafnskjótt sem það ástand var breytt. .... Sýnt var, að unnt mundi að koma á þeirri skipan („skiptiverzlun"), sem gert var ráð fyrir í 3. gr. samþykktar nr. 240/1963. Af hálfu Kaupmannasamtaka Íslands og Kaupfélags Reykjavíkur var því þó lýst yfir, að forsenda þess, að skiptiverzlun yrði upp tekin, að öll bráðabirgðaleyfi væru

afturkölluð (sic). — Hinn 1. des. s.l. féll úr gildi samkomulag það, sem Kaupmannasamtökin og Kaupfélag Reykjavíkur höfðu gert við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, og er nú unnið að samningu (sic) milli þessara aðila. Eru því engin leyfi nú í gildi, skv. 3. gr. ...".

Lög nr. 17/1936 reisa borgarstjórn Reykjavíkur engar skorður við því, hverjum verzlunum hún geti veitt leyfi til að inna af höndum söluþjónustu utan venjulegs afgreiðslutíma sams konar verzlana, en skv. 3. gr. laganna ber Stjórnarráðinu að sjá um, að ákvæði í samþykktum gangi ekki of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi eða brjóti í bág við almennar grundvallarreglur laga.

Í 3. gr. samþykktar nr. 240/1963 segir, að „borgarráð" geti heimilað tilteknum fjölda verzlana að hafa opið til klukkan 2200 alla daga nema vissa, tiltekna helgi- og hátíðisdaga. Í greininni segir enn fremur að stefna skuli að því, að íbúar í skipulögðum íbúðahverfum borgarinnar geti náð til verzlunar, þar sem á boðstólum sé sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, enda sé verzlunin ekki óhæfilega langt frá heimilum þeirra. Við það skal miðað, að verzlanir í borginni hafi sem jafnastan rétt til þessarar verzlunarþjónustu, þó innan þeirra marka, sem heildarskipan þessara mála setur. Borgarráð skal, áður en heimild er veitt, leita tillagna vissra, nafngreindra aðilja og gefa öðrum nafngreindum aðiljum kost á að láta í ljós álit sitt um tillögurnar. Sýnt er af greininni, að borgarráð er óbundið af tillögum og álitum þessara aðilja. Greinin gerir þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 17/1936 ekki ráð fyrir greiðslu árlegs leyfisgjalds. Í bráðabirgðaákvæði samþykktar nr. 151/1964 um breytingu á samþykkt nr. 240/1963 segir, að borgarráð geti heimilað verzlunum, sem hafi til sölu sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, að hafa opið með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og lögreglustjóra, og ekki má veita leyfi, nema meðmæli þeirra komi til. Um framkvæmd að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum samþykktarinnar, eftir því sem við getur átt. Enda þótt borgarráði sé í ákvæðum þessum heimilaðar leyfisveitingar þrátt fyrir ákvæði 1. gr. l. nr. 17/1936, getur valdþurrð ekki komið til álita, þar sem borgarstjórn hefur samþykkt veitingu og afturköllun kvöldsöluleyfis þess, sem mál þetta snýst um.

Í 3. mgr. 11. gr. samþykktar nr. 240/1963 segir, að brjóti leyfishafi samþykktina eða skilyrði, sem borgarráð, heilbrigðisnefnd

eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, megi borgarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Borgarlögmaður hefur lýst yfir því, að honum vitanlega hafi ákærði ekki brotið gegn ákvæðum þessum, enda afturköllunin ekki verið byggð á því.

Í 5. mgr. 1. gr. samþykktar nr. 240/1963 er ákvæði um, að rísi ágreiningur um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, skuli borgarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, úrskurða um hann, en þeim úrskurði megi skjóta til ráðherra og sé úrskurður hans endanlegur. Ákvæði þetta getur engin áhrif haft í máli þessu, sbr. 12. gr. samþykktarinnar og 3. gr. i. f. laga nr. 17/1936.

Ákærða hefur verið veitt kvöldsöluleyfi af réttum valdhöfum á lögskipaðan hátt. Hann hefur greitt allhátt leyfisgjald til eins árs og kveðst hafa miðað verzlunarrekstur sinn við, að leyfið héldist þann tíma. Ekkert er fram komið um, að ákærði hafi nýtt leyfið á þann hátt, að við lög varði. Borgarlögmaðurinn í Reykjavík hefur skýrt dóminum svo frá, að „skiptiverzlun" sú, sem var ákvörðunarástæða til afturköllunar á leyfi ákærða, hafi fallið niður hinn 1. desember 1965, og mun því nú raunverulegt ástand í kvöldsölumálum Reykjavíkur vera hið sama og þá, er leyfið var veitt.

Þegar framantalin atriði eru virt og með hliðsjón af málsatvikum í heild, verður litið svo á, að ákærða hafi verið heimil sölustarfsemi sú, sem í ákærum greinir. Ber því að sýkna hann af brotum gegn 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 12. gr. samþykktar nr. 240/1963, sbr. auglýsingu nr. 15/1964, sbr. lög nr. 17/1936.

II.

Ákærði er í ákæruskjali, dagsettu 22. nóvember 1965, sérstaklega ákærður fyrir að hafa „þriðjudaginn 9. nóvember, miðvikudaginn 10. nóvember og fimmtudaginn 11. nóvember, opnað verzlunina aftur til almennrar sölustarfsemi milli kl. 1800 og 2100, eftir að lögreglumenn höfðu lokað verzluninni" sem og að hafa „haldið áfram almennri sölustarfsemi" frá klukkan 1930 til klukkan 2100 þriðjudaginn 16. nóvember 1965.

Ákærði mundi ekki, þá er hann var yfirheyrður í dómi, að greina frá sölutímum nefnda daga að undanskildum þriðjudeginum 16. nóvember, en þann dag kvaðst hann hafa verzlað, svo sem í ákæru greinir. Samkvæmt lögregluskýrslum og vættum lögreglumanna mun ákærði hafa opnað verzlunina aftur, eftir að lög-

reglan hafði lokað henni hinn 10. og 11. nóvember, en hins vegar ekki hinn 9. nóvember.

Þar sem ekki er vitnað til sérstakra refsiviðurlaga, sem ákærði er talinn hafa brotið með nefndri háttsemi, kemur ákæruliður þessi ekki til frekari úrlausnar.

III.

Þriðjudaginn 16. nóvember 1965 á milli klukkan 1900 og 2000 innsiglaði lögreglan báðar dyr Verzlunarinnar Örnólfs, og miðvikudaginn 15. desember s. á. klukkan um 2125 voru verzlunardyrnar á horni Snorrabrautar og Njálsgötu innsiglaðar. Lögreglumenn komu að verzluninni hinn 17. nóvember klukkan um 0745, og höfðu innsigli þá verið rofin, og klukkan um 2135 hinn 15. desember komst lögreglan að raun um, að ákærði hafði brotið innsigli.

Ákærði hefur játað að hafa rofið innsiglin greind skipti, litlu eftir að lögreglumenn höfðu sett þau á. Ákærði kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að hann hefði með þessu verið að fremja réttarbrot, þar sem hann taldi sig hafa fullan rétt til verzlunar samkvæmt keyptu leyfi. Hann kvaðst hafa mótmælt innsiglun og tjáð lögreglumönnum, að hann mundi rjúfa það, er þeir væru farnir. Fram er komið í málinu, að verzlunin hefur oftar verið innsigluð, án þess að innsigli væri þá rofið.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar hefur gefið skýrslu um húsakynni Verzlunarinnar Örnólfs. Segir þar m. a.: „... Önnur verzlunin er kvöldsala, og er inngangur í hana frá horni Njálsgötu og Snorrabrautar. Verzlun þessi er á jarðhæð hússins og engar aðrar inngöngudyr fyrir viðskiptavini eru í hana, en gengt er fyrir starfsfólk milli hennar og nýlenduvöruverzlunar um dyr innan afgr.borðs. Inn í nýlenduvöruverzlunina er gengið frá Snorrabraut. Einnig þessi verzlun er á jarðhæð hússins, um annan inngang fyrir viðskiptavini er ekki að ræða. Úr nýlenduvöruverzluninni er gengt í kjallara beggja húsanna, Snorrabraut 48 og Njálsgötu 86, en þar er vörulager fyrir báðar verzlanirnar. Úr vörulagernum í kjallara Snorrabrautar 48 eru dyr út í stigagang hússins, en um þær er ekki hægt að ganga, þar sem vörum hefur verið hlaðið fyrir hurðina. Úr vörulager í kjallara Njálsgötu 86 er hægt að komast út í ytri gang hússins um dyr og þaðan út á Njálsgötu. Hurðin er læst með smekklási. Einnig er renniloka að innanverðu fyrir dyrunum ...".

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki haft lykla að

útgöngudyrum í kjallara. Væru báðar verzlunardyr innsiglaðar, hefði hann engan aðgang að verzluninni og gæti ekki tekið þar til o. þ. h. að loknum starfsdegi. Hann kvaðst því hafa leitað á náðir Ólafs Jónssonar, aðalfulltrúa lögreglustjóra, og eftir það hefðu dyrnar að Snorrabraut ekki verið innsiglaðar. Ólafur Jónsson hefur í bréfi til dómsins staðfest þetta, og segir þar m. a.: „... Þegar innsiglun á búðardyrum verzlunarinnar Örnólfur fór fram, þótti lögreglumönnum, sem hana framkvæmdu, nauðsynlegt að innsigla báðar áðurgreindar dyr, svo að viðskitamenn kæmust ekki inn um dyrnar milli verzlananna. Þar sem kaupmaðurinn taldi innsiglun á dyrunum við Snorrabraut mjög óþægilega fyrir starfsfólkið og myndi valda miklu tjóni í sambandi við flutninga á vörum að og frá þeirri verzlun, var fallist á að svo stöddu að innsigla ekki þá hurð, enda loforð kaupmannsins fyrir því, að hann myndi ekki hleypa neinum viðskiptavinum þar inn eftir lögboðinn lokunartíma."

Ekki er fram komið í málinu, að í verzlunardeild þeirri, sem einasta snýr að Snorrabraut, hafi átt sér stað sölustarfsemi utan venjulegs afgreiðslutíma.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um innsiglisrof, svo sem rakið er í ákærum. Varðar sú háttsemi við 1. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til framburðar ákærða og málsatvika í heild þykir rétt samkvæmt 3. tl. 74. gr. sömu laga að ákveða, að refsing hans skuli niður falla.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur í skriflegri vörn sinni farið ósæmilegum orðum um lögreglustjórinn í Reykjavík, Sigurjón Sigurðsson, og ber að víta það.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Sigurjóns Sigurðssonar, skal niður falla.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. júní 1966.

Nr. 98/1966. **Ármann Friðriksson f. h. Ingimundar h/f**
gegn
Húsatryggingum Reykjavíkurborgar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómkvaðning yfirmatsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. maí 1966, sem hingað barst 18. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1966, þar sem synjað er beiðni sóknaraðija um dómkvaðningu yfirmatsmanna. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að dómkveðja yfirmatsmenn. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Ekki verður fullyrt, að framkvæmd yfirmats dómkvaddra manna um brunatjón það, sem í máli þessu greinir, geti ekki skipt sóknaraðilja máli, og matsdómaranum bar ekki fyrir fram úrlausn um gildi yfirmatsgerðar í lögskiptum sóknaraðilja við varnaraðilja. Synjun dómarans um að dómkveðja yfirmatsmenn var þannig ekki á rökum reist, og verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að framkvæma dómkvaðninguna.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber héraðsdómaranum að framkvæma greinda dómkvaðningu yfirmatsmanna.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1966.

Málavextir eru þessir: Hinn 19. apríl 1964 varð brunatjón á húseigninni nr. 6 við Súðarvog í Reykjavík, sem er eign hluta-

félagsins Ingimundar. Hús þetta var tryggt hjá Húsatryggingum Reykjavíkur. Mat hinna dómkvöddu virðingarmanna Húsatrygginga Reykjavíkur fór fram á tjóninu, og nam tjónfjárhæðin skv. matinu kr. 626.000.00. Tjónþola var tilkynnt niðurstaða matsins bréflega hinn 14. maí 1964. Í bréfi þessu var þess sérstaklega getið, að tjónþola væri heimilt að krefjast yfirmatsgerðar innan sjö sólarhringa, frá því að honum bærist tilkynningin um niðurstöðu brunabótamatsins.

Tjónþoli gerði engar athugasemdir við matsgerðina, heldur fór strax að veita tjónbótum viðtöku. Fékk hann tjónið bætt með tólf greiðslum, hinni fyrstu 19. maí, en síðustu 30. október 1964. Ármann Friðriksson kvittaði sjálfur fyrir móttöku 2. greiðslunnar, en eiginkona hans, Ragnhildur Eyjólfsdóttir, kvittaði fyrir hinum ellefu. Undir kvittun fyrir síðustu greiðslunni ritaði Ragnhildur Eyjólfsdóttir svofellda yfirlýsingu: „Vegna brunatjóns nr. 60/1964 að Súðarvogi 6. XII. greiðsla. Lokagreiðsla."

Með þessum greiðslum taldi matsþoli mál þetta endanlega útrætt og afgreitt.

En hinn 11. janúar 1965 ritaði tjónþoli Húsatryggingum Reykjavíkur bréf, þar sem hann hélt því fram, að viðgerðarkostnaður hússins hefði numið kr. 1.317.036.38 og krafðist þess, að sér yrði greiddur mismunurinn, kr. 691.036.38. Húsatryggingarnar töldu ástæðulaust að sinna þessari málaleitan, en hinn 15. febrúar 1966 gerðist það, að Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður ritaði Húsatryggingunum kröfubréf um sama efni. Í bréfi þessu er þess getið, að strax og viðgerð hafi verið lokið, hafi framkvæmdastjóra tryggginganna verið sendir viðgerðarreikningarnir og hafi hann lofað að láta matsmenn yfirfara reikningana og matið á brunatjóninu, en svar hafi ekkert borizt frá honum. Var þess því krafizt í bréfinu, að yfirmat yrði þegar látið fara fram og bent á það, að skv. lögum nr. 25/1954 um brunatryggingar í Reykjavík gæti hvor aðilja um sig krafizt yfirmats og væri það ekki bundið við ákveðið tímamark skv. lögunum.

Húsatryggingar Reykjavíkur svöruðu bréfi þessu hinn 10. marz 1966, þar sem því var mótmælt, að yfirmat færi fram með tilvísun til 23. gr. í almennum vátryggingarskilmálum, sem settir voru hinn 20. október 1955 skv. 6. gr. laga nr. 25/1954. Í 23. gr. vátryggingarskilmála þessara segir svo:

„Vilji annar hvor aðilja ekki hlíta matinu, getur hann krafizt yfirmats innan 7 sólarhringa, frá því að honum varð kunnugt um matið."

Áður en bréf þetta var ritað, hafði borgarlögmaður óskað eftir því við undirmatsmennina, að þeir létu í té álit um endurbætur þær, er fram hefðu farið á húsinu nr. 6 við Súðarvog eftir brunann.

Álitsgerð matsmannanna er dagsett 8. marz 1966. Í henni geta þeir þess, að þeir hafi skoðað viðgerðina á húsinu og yfirfarið reikningana. Segja þeir viðgerðina hafa verið framkvæmda þannig, að húsið sé nú mun vandaðra að gerð heldur en það hafi verið fyrir brunann. Þakið hafi verið endurbyggt á allt annan hátt en áður. Hitunarkerfið og rafmagn sömuleiðis. Innréttingar auknar. Bekkir og borð í kaffistofu og lampar talið til tjónsins. Að athuguðu máli telja matsmenn því ekki grundvöll fyrir breytingu á bótafjárhæðinni.

Með bréfi til yfirborgardómarans í Reykjavík, dags. 17. marz 1966, óskaði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður þess, að dómkvaddir yrðu þrír menn, óvilhallir og sérfróðir, til þess að meta margnefnt brunatjón yfirmati.

Matsþoli, Húsatryggingar Reykjavíkur, hefur andmælt því, að dómkvaðningin fari fram. Var málið tekið til úrskurðar um það atriði hinn 31. marz 1966 samkvæmt kröfu matsbeiðanda.

Matsbeiðandi byggir kröfu sína um útnefningu yfirmatsmanna á því, að samkvæmt almennum reglum eigi þolandi mats rétt á að óska yfirmats. Frestur settur í „almennum vátryggingarskilmálum" Húsatrygginga Reykjavíkur sé allt of skammur, sé um mikið tjón að ræða, svo sem verið hafi í þessu tilviki, enda eigi þessi frestur sér ekki stoð í lögum og sé hann því óskuldbindandi fyrir matsbeiðanda, enda hafi hann aldrei afsalað sér rétti til yfirmats.

Endurteknar umkvartanir um framkvæmd undirmats hafi leitt til þess, að undirmatið hafi verið endurupptekið. Og með því að taka aftur upp undirmatið hafi raunverulega verið framkvæmt nýtt undirmat og innan 7 daga frá endurupptöku matsins hafi verið beðið um yfirmat. Eigi matsbeiðandi því rétt á því, að dómkvaðningin fari fram. Samtímis falli niður sem haldlausar mótbárur matsþola þess efnis, að matsbeiðandi sé þegar búinn að gefa lokakvittun fyrir greiðslu bótanna, þar sem kvittun þessi hafi ekki verið gefin af aðilja, sem bær hafi verið að skuldbinda Ingimund h/f.

Að endingu hefur matsbeiðandi bent á það, að dómkvaðning yfirmatsmanna þjóni þeirri réttlætiskröfu sinni, að sannreynt verði, hverju tjóni húsbruninn hafi valdið, en matsþoli eigi að

bæta það tjón að fullu. Þess vegna séu mótmælin gegn dómkvaðningunni ekki reist á haldbærum rökum, enda sé hin síðferðilega undirstaða þeirra ekki tiltakanlega traust.

Matsbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar.

Matsþoli reisir mótmæli sín gegn dómkvaðningunni á því, að matsbeiðandi hafi eigi óskað eftir yfirmati nægilega snemma, því að skv. 23. gr. alm. vátryggingarskilmála fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur sé frestur þessi ákveðinn 7 dagar. Þessa grein vátryggingarskilmálanna kveður matsþoli byggða á 6. gr. laga nr. 25/1954 um brunatryggingar í Reykjavík, en samkvæmt þeirri grein eigi bæjarstjórn að setja nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd nefndra laga. Þessa lagaheimild hafi bæjarstjórn Reykjavíkur notfært sér með setningu almennu vátryggingarskilmálanna, en þeir voru settir hinn 20. október 1955. Vátryggingarskilmálar þessir séu því reistir á traustum lagaheimildum. En auk þess hefur matsþoli bent á, að hér komi til athugunar almennar reglur um tómlætisverkanir.

Þá mótmælir matsþoli því, að nokkur endurupptaka á undirmatinu hafi átt sér stað og bendir að endingu máli sínu til stuðnings á skilyrðislausar greiðslukvittanir tjónþola fyrir bótunum. Allt það, sem nú hefur verið rakið, telur matsþoli benda til þess, að útnefning yfirmatsmanna eigi ekki að fara fram í máli þessu.

Fallast má á það með matsbeiðanda, að frestur sá, sem tjónþola er settur í 23. gr. margnefndra vátryggingarskilmála til þess að krefjast yfirmats, kunni í sumum tilvikum að vera of skammur, þegar um umfangsmikið tjón er að ræða, enda styðst frestur þessi ekki við beina lagaheimild.

Hins vegar ber í þessu máli að hafa það í huga, að matsbeiðanda er tilkynnt undirmatið bréflega hinn 14. maí 1964, og er þá engin athugasemd við það gerð af hans hálfu, heldur þegar nokkrum dögum síðar tekið að veita móttöku greiðslum samkvæmt matinu og kvittað fyrir lokagreiðslu hinn 30. október 1964. Það er fyrst í bréfi 17. marz 1966, tæpum tveim árum eftir framkvæmd undirmatsins, að óskað er eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna. Að svo vöxnu máli þykir matsbeiðandi hafa fyrirgert rétti sínum til yfirmats, þegar krafa um það var gerð, enda verður ekki talið, að síðari könnun undirmatsmanna á matinu og viðgerðunum fái hér um breytt. Ber samkvæmt þessu að synja yfirmatsbeiðninni. Matsbeiðanda verður ekki dæmdur málskostnaður. Matsþoli hefur ekki krafizt málskostnaðar.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri yfirmatsbeiðni Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Ármanns Friðrikssonar v/Ingimundar h/f er synjað.

Föstudaginn 24. júní 1966.

Nr. 7/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hugh Lafferty
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti bréf Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, dags. 2. febrúar 1966, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 70 staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar TF-SIF, eins og um getur í hæstaréttarmálinu: Ákæruvaldið gegn Hugh Lafferty, skipstjóra á brezka togaranum St. Andronicus, H-241.

Í kortinu eru:

1 = staður TF-SIF kl. 1747 h. 22/10 '65. Þá mælist togarinn á stað 1 um 1.9 sml. innan fiskveiðimarkanna.

2 = staður TF-SIF yfir togaranum kl. 1755 um 1.95 sml. innan fiskveiðimarkanna.

3 = staður TF-SIF yfir togaranum kl. 1803 um 1.25 sml. innan fiskviðimarkanna.
4 = staður TF-SIF yfir togaranum kl. 1814 um 0.6 sml. innan fiskveiðimarkanna.
5 = staður TF-SIF yfir togaranum kl. 1819 um 0.3 sml. innan fiskveiðimarkanna.
6 = staður TF-SIF yfir togaranum kl. 1826 um 0.2 sml. utan fiskveiðimarkanna.
7 = staður togarans kl. 2054, samkv. staðarákvörðun TF-SIF til v/s Óðins.
8 = staður togarans kl. 2236, samkv. skýrslu skipherra Óðins.

Staður togarans kl. 2236 er settur út samkv. skýrslu skipherrans á Óðni r/v 098° og fjarl. 61.5 sml. frá Langanesi. Þótt sá staður sé sennilega fundinn með leiðarreikningi, hef ég fremur sett hann út en fjarlægðarákvarðanir flugvélarinnar á sama tíma, eða kl. 2237, þar sem erfitt er að segja til um, hvaðan frá landinu á að setja út fjarlægðirnar, þegar um svona miklar fjarlægðir er að ræða.

Stað þann um kl. 1823, er skipstjóri togarans hefur merkt með krossi í kort sitt, hef ég fært yfir í sjókort nr. 70, staður **X**, sem mælist um 0.3 sml. utan fiskveiðimarkanna. Í framburði skipstjórans er aðeins getið einnar staðarlínu fyrir þann stað, AaN3/4N, en ekki nánar tilgreint, hvernig staðurinn var ákveðinn.

Er stýrimaður togarans kom í brúna rétt fyrir kl. 1750, sýndist honum fjarlægð í Kollumúla 24.1 til 24.3 sml., og jafnframt virtist honum stefnan í Kollumúla vera VSV. Svo virðist af framburði stýrimannsins sem þessi staðarákvörðun hafi verið nokkuð flausturslega gerð, þar sem hann leit snöggvast í ratsjána, en til þess að ákveða miðun eftir ratsjánni þarf að stilla miðunarþráðinn á staðinn og lesa jafnframt af stefnu skipsins á kompásnum. Þá þarf skipið að liggja stöðugt á stefnunni, meðan miðað er. Í útsetningu hef ég miðað við fjarlægð 24.2 sml. og segulmiðun VSV, staður **Y** í kortinu. Sá staður mælist um 1.0 sml. utan fiskveiðimarkanna.

Um fjarlægðarnákvæmni og miðunarnákvæmni ratsjár flugvélarinnar liggja ekki fyrir neinar tölulegar upplýsingar, en að sjálfsögðu er þetta ratsjártæki háð nákvæmnitakmörkunum eins og önnur slík tæki. Vil ég í þessu sambandi geta þess, að h. 8. ágúst 1961 voru gerðar athuganir á nákvæmni í fjarlægðarmælingum ratsjártækis gæzluflugvélarinnar Ránar af gerð An/APS-3 af þar til dómkvöddum mönnum. Athuganirnar voru gerðar í 500 feta flughæð, og reyndist mesta skekkja + 3.9% af mældri fjarlægð. Gera má þó ráð fyrir, að nákvæmni ratsjár TF-SIF sé meiri en þetta, þar sem það tæki er af nýrri og fullkomnari gerð og útbúið með færanlegum fjarlægðarhring, sem gerir aflesturinn nákvæmari, en á ratsjá Ránar voru aðeins fastir fjarlægðarhringir. Hvaða nákvæmni reikna megi með við ratsjármælingar TF-SIF, er þó ekki hægt að segja um, þar sem ekki liggja fyrir neinar athuganir eða upplýsingar um það.

Sé miðað við beina og jafna siglingu milli mælistaða, reiknast mér meðalhraði togarans þannig: 1—2 um 6.0 sml., 2—3 um 5.2 sml., 3—4 um 4.1 sml., 4—5 um 3.6 sml. og 5—6 um 4.7 sml.

Við þessa hraðaútreikninga er það að athuga, að þeir eru reiknaðir út frá stuttu tímabili, mest 11 mín., og tíminn er aðeins tiltekinn með 1 mín. nákvæmni. Getur því munað allt að 1 mín. á tímabili. Einnig þyrfti að vera hægt að mæla vegalengdina nákvæmar en hægt er í sjókorti nr. 70. Þá hefur togarinn breytt talsvert um stefnu á tímabilinu milli mælistaða 1 og 6. Getur því gætt talsverðrar ónákvæmni í hraðaútreikningunum."

Hinn 11 febrúar 1966 ritaði forstjóri Landhelgisgæzlunnar saksóknara ríkisins svohljóðandi bréf:

„Samkvæmt beiðni fylgja hér með eftirfarandi upplýsingar um radartæki gæzluflugvélarinnar TF-SIF, gerð AN/APS-33A, og AVQ-10.

1. Ljósrit af nokkrum síðum handbókarinnar An 16-30 APS 33-12, útgefinni 1. desember 1956, um radartæki af gerðinni An/APS-33A, sem er annað af tveimur radartækj-

um TF-SIF og mest notað við staðsetningar. Ýmsar síðari endurbætur hafa verið gerðar á tækinu. Tvær sjónskífur eru við tækið, önnur 12″ en hin 4″ (auk stækkunarglers) í þvermál, og eru færanlegir hringir á báðum skífum. Sama mynd og með sama fjarlægðarkvarða er samtímis á sjónskífunum.

Radartæki þetta er mjög vandað að allri gerð og eins og hinar tæknilegu upplýsingar sýna, mun margbreytilegra og fullkomnara en venjuleg radartæki í skipum.

Hitt radartækið er svonefndur veður-radar, af gerðinni AVQ-10, og hefur það einnig tvær sjónskífur, hvor um sig 4″ í þvermál, og hefur önnur stækkunargler. Þessar sjónskífur hafa aðeins fasta hringi til fjarlægðarákvarðana. Radar þessi er aðallega notaður við almennt flug gæzluvélarinnar.

Bæði þessi radartæki eru undir stöðugu eftirliti sérfróðra manna, og hafa þeir m. a. sérstök tæki, annað lánað frá Varnarliðinu, en hitt í eigu Landhelgisgæzlunnar, til þess að stilla föstu fjarlægðarhringina nákvæmlega.

2. Hér með fylgir einnig afrit af skýrslu, dags. 2/11 1965, um athugun, sem áhöfn TF-SIF gerði 28/10 1965 á radartæki því, sem hún notaði við staðsetningu brezka togarans ST. ANDRONICUS, H-241, hinn 22/10 1965. Var athugunin framkvæmd við fyrstu hentugleika eftir komu flugvélarinnar til Reykjavíkur af sömu áhöfn á svipuðum vegalengdum og áður, en nokkuð hafði verið hreyft við radartækinu.

Samkvæmt þeim athugunum hefur meðalskekkja á 25 sjóm. kvarða radarsins verið undir ½% af kvarðanum, sem er mjög gott.“

Hinn 28. október 1965 framkvæmdi áhöfn gæzluflugvélarinnar TF-SIF prófanir á aðalradartæki hennar. Er skýrsla Þrastar Sigtryggssonar skipherra, dags. 2. nóvember 1965, svohljóðandi:

„Sunnudaginn hinn 28. okt. 1965 voru gerðar eftirfarandi mælingar með aðalradartæki TF-SIF, sem er af gerðinni AN/APS-33A.

Tími	Mælt yfir Garðskagavita í:	Sjókort Sjó-mílur:	Radar Sjó-mílur:	Mism. Sjó-mílur:	% af 25
1749	Þormóðssker, viti	23.33	23.40	÷0.07	÷0.28
1749	Eldey, miðja	21.66	21.70	÷0.04	÷0.16
1753	Þormóðssker, viti	23.33	23.20	+0.13	+0.52
1753	Eldey, miðja	21.66	21.75	÷0.09	÷0.36
1757	Þormóðssker, viti	23.33	23.38	÷0.05	÷0.20
1757	Eldey, kantur	21.58	21.50	+0.08	+0.32
1800	Þormóðssker, viti	23.33	23.45	÷0.12	÷0.48
	Ingólfsgarði í:				
2016	Innrihólm, radar-merki	9.05	9.08	÷0.03	÷0.12
Meðaltal mismuna frá Garðskagavita að Þormóðsskersvita					±0.39%
Meðaltal mismuna frá Garðskagavita að Eldey					±0.29%
Meðaltal allra mismuna					±0.33%

Mælingarnar voru gerðar, eins og venja er við staðsetningar í gæzluflugi að öðru leyti en því, að flogið var því sem næst beint að eða beint frá mælistöðunum, til þess að mögulegar mælingarskekkjur vegna hraða flugvélarinnar yrðu sem mestar.

Við mælingarnar voru notaðar báðar sjónskífur radartækisins og færanlegir fjarlægðarhringir, sem stilltir voru eftir föstu fjarlægðarhringjunum.

Mælikvarði radars 25.0 sjómílur.

Mældar vegalengdir teknar úr sjókorti númer 13.

Veður: Hægviðri, ágætt skyggni.

Flughæð um 500 fet, flughraði um 150 hnútar.

Áhöfn: Þröstur Sigtryggsson skipherra.
Höskuldur Skarphéðinsson stýrimaður.
Guðjón Jónsson flugstjóri.
Ásgeir Þorleifsson aðstoðarflugmaður.
Ásgeir Halldórsson loftskeytamaður.
Ingi Loftsson flugvélstjóri".

Skýrslu þessa staðfestu framangreindir menn fyrir saka-

dómi Reykjavíkur hinn 18. marz 1966, aðrir en Ásgeir Þorleifsson og Ingi Loftsson.

Þröstur Sigtryggsson skipherra lét þess getið, að venjulega sé flogið með um 130 hnúta hraða við mælingar á skipum, en flogið hafi verið við athugunina á Garðskaga með um 150 hnúta hraða. Guðjón Benedikt Jónsson flugstjóri kveðst hafa sagt mælingarmönnum til, er flugvélin var yfir Garðskagavita á sama hátt og hann gerir þeim viðvart, þá er vélin er stödd yfir skipi því, sem mæla á. Um niðurstöður af framangreindri prófun hefur saksóknari lagt fram greinargerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra, dags. 13. apríl 1966, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 70 (sem ég hef merkt a) staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar TF-SIF á brezka togaranum St. Andronicus, H-241, hinn 22. okt. 1965, þar sem lögð er til grundvallar sú mesta fjarlægðarskekkja, er fannst á radartæki flugvélarinnar við athuganir hinn 28. s. m. Þessi skekkja reyndist +00.13 sml. á 23.20 sml. fjarlægð á radartækinu. Svarar það til + 0.56% fjarlægðarskekkju af mældri fjarlægð, og er hún togaranum mest í hag. Hef ég reiknað með þeirri skekkju í útsetningunni.

Samkvæmt því mælast staðir togarans þannig:

1_1 =	staður	togarans	kl. 1747	um 1.7	sml.	innan	fiskveiðimarkanna.
2_1 =	—	—	— 1755	— 1.75	—	—	—
3_1 =	—	—	— 1803	— 1.05	—	—	—
4_1 =	—	—	— 1814	— 0.45	—	—	—
5_1 =	—	—	— 1819	— 0.15	—	—	—
6_1 =	—	—	— 1826	— 0.35	—	utan	— “

Hinn 31. maí 1966 ritaði saksóknari ríkisins yfirsakadómaranum í Reykjavík svolátandi bréf:

„Jafnframt því hér með að senda yður, herra yfirsakadómari, ágrip ásamt sjókortum í Hæstréttarmálinu nr. 7/1966: Ákæruvaldið gegn Hugh Lafferty, er þess — að tilmæl-

um Hæstaréttar — krafizt, að dómkvaddir verði þrír sérfróðir menn til að kanna og kveða upp álit um, hvort mælingar löggæzlumanna á flugvél TF-SIF hafi verið framkvæmdar með tryggilegum hætti við töku b/v Andronicus, H-241, hinn 22. október 1965."

Hinn 3. júní 1966 dómkvaddi sakadómari þá Harald Sigurðsson rafmagnsverkfræðing, Hauk Pétursson mælingaverkfræðing og Jónas S. Þorsteinsson stýrimannaskólakennara til að vinna nefnt verk.

Hinn 8. júní 1966 ritaði forstjóri Landhelgisgæzlunnar saksóknara eftirfarandi bréf:

„Sem svar við bréfi yðar, dags. 31. maí þ. á., vegna Hæstaréttarmálsins nr. 7/1966, Ákæruvaldið gegn Hugh Lafferty, getum við gefið eftirfarandi upplýsingar um nákvæmni radartækja flugvélarinnar TF-SIF.

Eins og fram kom í bréfi okkar, dags. 11. febr. þ. á., var radartæki af gerðinni AN/APS-33A notað af TF-SIF við staðsetningu togarans St. Andronicus hinn 22. október 1965.

Radartæki þetta er upprunalega byggt samkvæmt smíðalýsingu bandaríska hermálaráðuneytisins af einum eða fleiri framleiðendum, sem okkur er ókunnugt um, hverjir eru, og síðan endurbætt af starfsmönnum Landhelgisgæzlunnar hér.

Í þeim ritum bandaríska hermálaráðuneytisins um þetta tæki, notkun þess og viðhald, sem Landhelgisgæzlan hefur í fórum sínum, er þess hvergi getið, innan hvaða nákvæmnismarka það sé upprunalega byggt.

Eigin athuganir Landhelgisgæzlunnar hafa hins vegar allar sýnt nákvæmni þess vel innan við ±1% af notuðum mælikvarða."

Hinn 9. júní 1966 ritaði saksóknari yfirsakadómaranum í Reykjavík þetta erindi:

„Vegna Hæstaréttarmálsins nr. 7/1966: Ákæruvaldið gegn Hugh Lafferty og í framhaldi af bréfi embættisins, dagsettu 31. f. m., þar sem krafizt var, að dómkvaddir væru þrír sérfróðir menn til að kanna og kveða upp álit um, hvort mælingar löggæzlumanna á flugvél TF-SIF hafi verið fram-

kvæmdar með tryggilegum hætti við töku b/v St. Andronicus, H 241, hinn 22. október 1965, sendi ég yður hér með bréf forstjóra Landhelgisgæzlunnar, dagsett 8. þ. m., þar sem fram koma frekari upplýsingar um radartæki það, sem notað var við töku togarans í umrætt sinn.

Þess er óskað, að hinir dómkvöddu sérfróðu menn láti jafnframt upp álit um nákvæmni radartækisins."

Samdægurs dómkvaddi sakadómarinn áðurgreinda sérfræðinga, þá Harald Sigurðsson, Hauk Pétursson og Jónas S. Þorsteinsson, til að framkvæma einnig þetta verk.

Sérfræðingarnir skiluðu hinn 16. júní 1966 álitsgerð, er svo hljóðar:

„Samkvæmt athugunum okkar á dómsskjölum og tækjum TF-SIF virðast mælingar löggæzlumanna hafa verið framkvæmdar með nákvæmni sem hér greinir:

I. Fjarlægðarmælingar:

Með hliðsjón af að gera athugun á eftirtöldum atriðum fórum við undirritaðir í reynsluflug þann 15. júní s.l.

1. Nákvæmni í staðsetningu yfir mælipunkti.
2. Nákvæmni APS-33A ratsjár til fjarlægðarmælinga, miðað við sjókort.
3. Áhrif skálínu á fjarlægðarákvörðunina.
4. Áhrif flugsins á mælingar með ratsjá.

Ljóst er, að skekkjur við fjarlægðarmælingar, sem hér um ræðir, ætti að gefa upp sem einhverja fasta stærð + einhvern hundraðshluta af mældri fjarlægð. Til ákvörðunar á þessum stærðum þyrfti hins vegar mjög umfangsmiklar mælingar og útreikninga. Við teljum það ekki í okkar verkahring að gera svo umfangsmiklar rannsóknir, og er ósennilegt, að þær breyttu þessu mati okkar verulega.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum metum við, að skekkjan við fjarlægðarmælingarnar sé ekki stærri en $\pm$ 2% af mældri fjarlægð.

II. Miðanir:

Þar sem miðunarnákvæmnin er háð miðunarhorninu frá flugstefnunni, fjarlægð miðunarstaðar og flughraða, er ekki

hægt að gefa upp miðunarskekkju, sem gildir í öllum tilvikum, en hún verður að ákvarðast hverju sinni með hliðsjón af þessum þremur greindu atriðum.

Sé staða TF-SIF kl. 1747 á dómsskjali nr. 2 frá sakadómi Reykjavíkur, dags. 23/10 1965, athuguð með hliðsjón af ofangreindum atriðum, metum við miðunarskekkjuna ±5°.

Þegar staðseting b/v St. ANDRONICUS kl. 1747 er ákvörðuð með ofangreindum skekkjum (± 2% af mældri fjarlægð og ± 5° af miðun), kemur í ljós, að hann er minnst 1.2 sml. innan fiskveiðitakmarkanna. Við staðarákvarðanir kl. 1755 og 18.26 er einungis stuðzt við fjarlægðarmælingar með nákvæmninni ± 2%, og gefur það stað kl. 1755 1.54 sml. innan fiskveiðitakmarkanna, en stað kl. 1826 0.54 sml. utan þeirra.

Við útsetningar með ofannefndum skekkjum, hefur þess verði gætt, að skekkjustærðirnar væru b/v St. ANDRONICUS í hag."

Hinir dómkvöddu sérfræðingar komu fyrir sakadóm hinn 16. júní 1966 og staðfestu þar álitsgerð sína með eiði. Verjandi ákærða spurði nú hina dómkvöddu menn, hvort það hafi verið „tryggilegur háttur á mælingum" við töku togara ákærða, er einungis „einn maður skoði ratsjármyndina í hvorri sjónskífu og athugi aflestra á fjarlægðartölum, einn maður skrifi niður mælingarnar og einn maður segi til um það, hvenær flugvélin sé yfir hinum mælda togara." Vitnið Jónas Sigfús Þorsteinsson segir, að frá siglingafræðilegu sjónarmiði sé ekkert við þetta að athuga. Vitnið Haukur Pétursson kveður, að frá sjónarmiði mælingarfræðinnar sé ekkert athugavert við að hafa einn mælingarmann (observator), en hins vegar sé viðurkennt í fræðgrieininni, að til sé í dæminu í einstaka tilviki, að mælingarmaður sjái eitt og skrifi annað (grófskekkjur). Vitnið Haraldur Sigurðsson bendir á, „að við athuganir, sem gerðar voru" 15. júní, „undir umsjá hinna dómkvöddu manna, hafi verið notuð sama aðferð, og árangur kemur fram í álitsgerðinni."

Í erindi til saksóknara ríkisins 19. júní 1966 segir Jónas Sigurðsson skólastjóri:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 70 (sem ég hef merkt b) staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar TF-SIF á brezka togaranum St. Andronicus, H-241, hinn 22. október 1965, þar sem reiknað er með 2% fjarlægðarskekkju og 5° miðunarskekkju, hvorttveggja togaranum í hag. Eru þetta hámarksskekkjur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna eftir athuganir á radar flugvélarinnar í reynsluflugi hinn 15. júní s.l.

Samkvæmt því mælast staðir togarans þannig:

1_2 = staður	togarans	kl.	1747	um	1.2	sml.	innan fiskveiðimarkanna.
2_2 = —	—	—	1755	—	1.45	—	— —
3_2 = —	—	—	1803	—	0.6	—	— —
4_2 = —	—	—	1814	—	0.1	—	— —
5_2 = —	—	—	1819	—	0.25	utan	—
6_2 = —	—	—	1826	—	0.6	—	— “

Með hinum margendurteknu mælingum varðflugvélarmanna, sem staðizt hafa rækilega könnun, verður að telja sannað, að ákærði sé sannur að sök um brot það, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við þau lagaboð, sem í héraðsdómi greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 300.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000.00, og laun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hugh Lafferty, greiði kr. 300.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í

stað sektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra staðfestast.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 27. október 1965.

Árið 1965, miðvikudaginn 27. okt. kl. 0925, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var á bæjarfógetaskrifstofunni af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt meðdómendunum Þorgeir Jónssyni og Guðlaugi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Hugh Lafferty, sem dómtekið var í gær.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í gær, höfðað gegn Hugh Lafferty, skipstjóra á brezka togaranum St. Andronicus, H 241, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkv. 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. greinar laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að vera að botnvörpuveiðum á togaranum St. Andronicus síðdegis 22. október 1965 út af Vopnafirði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961. Ákærist því nefndur Hugh Lafferty til að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur í Fleetwoood 2. maí 1937. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt kæru Þrastar Sigtryggssonar, skipherra á TF-SIF, sást úr flugvélinni grunsamlegur togari austur af Digranesi föstudaginn 22. október 1965 kl. 1745.

Kl. 1747 var gerð á umræddum togara svofelld staðarákvörðun:
Digranes, fjarlægð 16.7 sjóm. (Á.H.)
Ósfles — 21.4 — (Þ.S.)
Togari r/v 058°, fjarl. 5.9 sm. (Á.H. — H.S.).
Þetta gefur stað togarans um 1.9 sjómílur innan fiskveiðimarka.
Um kl. 1749 sást grænt ljós í frammastri togarans, og virtist hann vera að toga í suðlæga stefnu.
Kl. 1753 var lýst á togarann, og sáust þá greinilega vírar liggja úr stjórnborðstogblökk í sjó. (S.H.).
Kl. 1754 var gefið stöðvunarmerki (K) með morselampa (S.H.), en togarinn sinnti því ekki.
Kl. 1755 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:
Digranes, fjarlægð 22.1 sjóm. (Þ.S.)
Kögur — 25.0 — (Á.H.).
Þetta gefur stað togarans um 1.95 sjómílur innan fiskveiðimarka.
Kl. um 1757 var varðskipið Óðinn beðinn að koma á staðinn.
Kl. 1800 var lýst á togarann, og sást þá greinilega eftirfarandi: Einkennisstafir togarans, aftarlega á stjórnborðshlið, H 241, vírar úr stb.blökk í sjó og að hann hafði beygt til bakborða (Þ.S. — G.J. — S.H.).
Kl. 1803 var gefið stöðvunarmerki (S.H.) og eftirfarandi staðarákvörðun gerð yfir togaranum, er stefndi þá í um það bil r/v 040°:
Langanes, fjarlægð 29.4 sjóm. (Þ.S.)
Bjarnarey — 21.2 — (Á.H).
Þetta gefur stað togarans um 1.25 sjómílur innan fiskveiðimarka.
Kl. 1810 var enn lýst á togarann, og sáust greinilega einkennisstafir hans, H 241, (Þ.S. — G.J. — S.H.).
Kl. 1814 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:
Langanes, fjarlægð 29.2 sjóm. (Þ.S.)
Bjarnarey — 21.9 — (Á.H.).
Þetta gefur stað togarans um 0.6 sjóm. innan fiskveiðimarka.
Kl. 1819 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:
Langanes, fjarlægð 29.1 sjóm. (Þ.S.)
Bjarnarey — 22.2 — (Á.H.).
Þetta gefur stað togarans um 0.3 sjómílur innan fiskveiðimarka.
Kl. 1821 var lýst á togarann, og sáust greinilega vírar liggja úr stb.blökk í sjó (Þ.S. — G.J. — S.H.).
Kl. 1823 var haft samband við togarann og honum sagt eftirfarandi: „We have fixed you inside the 12 miles fishery limit, stop your engine, signed captain."

Þessu svaraði togarinn á þessa leið, að því er segir í kæru: „We ar now outside the fishery limit. The skipper is checking our position now.“ En ákærði fullyrðir, að í orðasambandinu: „We are now outside“, sé orðinu „now“ ofaukið.

Kl. 1826 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Langanes, fjarlægð 29.25 sjóm. (Þ.S.)

Bjarnarey — 22.7 — (Á.H.).

Þetta gefur stað togarans um 0.2 sjómílur utan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1830 var lýst á togarann og tekin mynd no. 4 af honum.

Kl. 1844 var togarinn á stefnu r/v 070°, hafði slökkt græna ljósið í frammastrinu og siglingaljós.

Kl. 1849 var togarinn kominn á fulla ferð.

Kl. 1854 var lýst á togarann, sem var á fullri ferð á sömu stefnu með forhlera í gálga (Þ.S.).

Milli kl. 1922 og 1940 var kallað nokkrum sinnum á togarann, en ekkert svar heyrðist.

Um kl. 2027 hafði togarinn slökkt siglingaljósin.

Kl. 2036 sáust ljós togarans mjög illa.

Kl. 2100 og 2125 var flogið yfir togarann, en engin ljós sáust.

Kl. 2220 var verið yfir togaranum, og sáust þá ljós hans.

Kl. 2235 var lýst á togarann, og var það rétt áður en Óðinn kom að honum.

Kl. 2237 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir Óðni, sem var við H 241:

Langanes, fjarlægð 64.0 sjóm.

Gerpir — 80.0 —

Meðan á eftirförinni stóð, var stöðugt fylgzt með togaranum, ýmist í ratsjá eða með berum augum, og stöðvunarmerki gefin öðru hverju, meðan sást til hans með berum augum.

Kl. 2237 var eftirförinni hætt og haldið áleiðis til Reykjavíkur.

Fyrir, eftir og meðan á mælingum stóð, voru lausu fjarlægðarhringirnir bornir saman við föstu fjarlægðarhringina, og reyndust þeir réttir.

Staðarákvarðanir voru gerðar á APS-33A ratsjá af Þ.S. og A.H., en H.S. ritaði allar athuganir niður jafnóðum.

Veður frá kl. 1730—2030 SSA-2-4 og ágætt skyggni. Frá kl. 2030—2240 SSA-3-5, þokuruðningar og slæmt skyggni.

Flughraði um 130 sjómílur á klst. Flughæð um 500 fet.

Ekki er þörf á að rekja hér skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni, sem færði skip ákærða til Seyðisfjarðar.

Ákærði hefur hér fyrir dómi játað að hafa verið að veiðum á

skipi sínu frá kl. 1600 til kl. 1840 umræddan dag. En á því tímabili var hann samkvæmt mælingum TF-SIF í 36 mínútur innan fiskveiðimarka. Þessu hefur ákærði staðfastlega neitað. Ber þá að athuga, hverjum vitnisburðum er studd kæra skipherrans á TF-SIF.

Telja verður nægilega sannað með vitnisburði áhafnar TF-SIF, að hún hafi gert þær ráðstafanir, sem til var hægt að ætlazt til að stöðva skip ákærða og veita því óslitna eftirför, en ákærði og skipverjar hans hafi hins vegar ekki sinnt fyrirmælum um að nema staðar, sem honum hlutu að berast frá TF-SIF. Og átti þessi óhlýðni ákærða sér stað bæði fyrir og eftir að TF-SIF fékk hann til að svara.

Vitnum ber saman um það, að við fjarlægðarmælingar til staðsetningar á togaranum mældu athugarar ekki sömu fjarlægð samtímis, heldur sína fjarlægð hvor, en höfðu hins vegar allgóða möguleika á að fylgjast hvor með annars vinnubrögðum, þótt hvorugur gæti lesið á teljara hins. Með því að stilla á viðmiðunarstaði til skiptis gefur þessi aðferð miklar líkur fyrir því, að rétt sé mælt. En um fulla sönnun er ekki að ræða samkv. 110. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 129. gr. laga nr. 85/1936. Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga þau atriði, sem minna máli skipta, að einungis flugstjórinn gat borið um það, að flugvélin væri beint yfir togaranum, þegar hann gaf merki um það, og aðeins einn maður vann að því að rita niður mælingar. Ber því að athuga, hver fleiri sönnunargögn en mælingar áhafnar flugvélarinnar séu fyrir hendi um staði skips ákærða á togtímanum.

Framburður ákærða og stýrimanns hans hér fyrir dómi bera með sér, að frá því milli kl. 1715 og 1730 og til kl. 1823 umræddan dag togaði ákærði í austlæga stefnu. Að því er hann sjálfur telur, var togstefnan SSA. En stýrimaður hans, sem var á verði áðurgreint tímabil, gefur upp enn austlægari stefnu nokkurn hluta tímans. Stað skips síns kl. 1823 merkti ákærði með krossi á sjókort sitt, og er merki þetta fast utan við fiskveiðimörkin. Með hliðsjón af stefnu markalínunnar á þessu svæði og með hliðsjón af fjarlægðarmælingum á Kollumúla, sem ákærði kveðst hafa gert með ratsjá á milli kl. 1715 og 1730 og aftur nokkru síðar, gat togstefna hans og hraði ekki leitt hann á hinn merkta stað, þar sem skip hans var statt kl. 1823, nema hann hefði togað fyrir innan fiskveiðimörkin.

Með tilliti til þeirra atriða, sem nú hafa verið rakin, þ. e. staðarákvarðana áhafnar á TF-SIF, framburða ákærða og stýri-

manns hans um togstefnu og staði togarans og loks með hliðsjón af því, að ákærði fékkst ekki til að svara TF-SIF, fyrr en staður togarans mældist utan við fiskveiðimörk og hlýddi ekki heldur fyrirmælum frá flugvélinni eftir það, en sigldi brott, verður að teljast nægilega sannað, að botnvörpuveiðar ákærða umrætt skipti hafi farið fram innan 12 sjómílna fiskveiðilögsögu.

Verknaður ákærða varðar við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt því hefur hann gerzt sekur við 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. greinar laga nr. 5 18. maí 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959. Varðar þetta hann refsingu samkv. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af stærð togarans St. Andronicus, H 241, sem er 575.94 brúttórúmlestir, og með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 260.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans St. Andronicus, H 241, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málflutningslaun verjanda, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hugh Lafferty, greiði kr. 260.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans St. Andronicus, H 241, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudagurinn 23. september 1966.

Nr. 145/1966. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Austmanni Símonarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur með bréfi, dags. 18. júlí 1966, samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. júlí 1966. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu verði vísað aftur til sakadóms Reykjavíkur til meðferðar þar og uppsögu efnisdóms og svo að kostnaður af málinu verði dæmdur á hendur ákærða bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi ákærða hafa Hæstarétti hvorki verið sendar kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður í Hæstarétti verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti er eigi dæmdur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 5. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 317/1966: Ákæruvaldið gegn Jóni Austmanni Símonarsyni, sem tekið var til úrlausnar 1. þ. m.

Í bréfi saksóknara ríkisins til yfirsakadómara í Reykjavík, dagsettu 23. marz s.l., er fylgdi ásamt málsskjölum ákæra, dagsett sama dag, á hendur Jóni Austmanni Símonarsyni sjómanni,

Kirkjuvegi 13, Keflavík, fæddum 24. janúar 1945 í Ytri-Njarðvík, er þess krafizt, eftir atvikum með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, að yfirsakadómari ljúki rannsókn málanna og taki þau síðan til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru. Í bréfi þessu er eigi sagt, fyrir hvaða dómi málið er höfðað, en orðalag þetta verður þó að skilja þannig, að það sé höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur, sbr. bréf saksóknara, dagsett 22. f. m., er síðar mun getið.

Ákæran á hendur Jóni Austmanni Símonarsonar er fyrir eftirfarandi atferli:

„I... aðfaranótt laugardagsins 19. febrúar 1966 tekið vöruflutningabifreiðina V 43, þar sem hún stóð við afgreiðslu Eyjaflugs á Kirkjuvegi í Vestmannaeyjum, og undir áhrifum áfengis og sviftur rétti til að öðlast ökuleyfi ekið eða reynt að aka bifreiðinni, sem rann nokkurn spöl aftur á bak, en ákærði sofnaði ölvunarsvefni undir stýri bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. ... aðfaranótt laugardagsins 12. marz 1966 í róðri á m/b Mjöll, RE 10, stolið kr. 685.00 úr fötum Marinós Sigmundssonar matsveins, sem voru í skáp í lúkar bátsins.

III. .... aðfaranótt sunnudagsins 13. marz 1966 heimildarlaust tekið m/b Mjöll, RE 10, 46 tonna eikarbát, þar sem hann lá við gömlu verbúðarbryggjuna í Reykjavíkurhöfn, og undir áhrifum áfengis, enda neytt áfengis á siglingunni, siglt bátnum einn síns liðs án skipstjórnarréttinda inn Viðeyjarsund, unz báturinn strandaði á Gelgjutanga og á honum urðu verulegar skemmdir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga, 4. gr. sbr. 58. gr. laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum nr. 66/1946 og 1. mgr. 85. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

IV. ... á siglingu þeirri, er greinir í lið III, skorið upp læsta tösku, sem vélstjórinn á bátnum átti, og stolið úr henni einni rommflösku, einni flösku af genever og 3 pökkum af vindlingum.

Brot ákærða, þau er í liðum II og IV greinir, teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Dómsrannsókn út af atferli því, sem ákærða er gefið að sök í III. lið ákærunnar, fór fram í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 21. marz s.l. Voru þá yfirheyrðir 3 menn, en frekar ekki aðgert í málinu fyrir þeim dómi. Málið kom fyrir sakadóm Reykjavíkur þriðjudaginn 26. apríl s.l., og var þá tekin skýrsla af ákærða.

Fimmtudaginn 2. fyrra mánaðar var Jónas Aðalsteinsson, héraðsdómslögmaður hér í borg, skipaður verjandi ákærða að beiðni hans. Í þinghaldi sama dag gerði hann kröfu til þess, að máli þessu yrði vísað frá sakadómi. Byggir verjandi kröfu þessa á því, að ákærða sé gefið að sök í III. lið ákærunnar að hafa orðið valdur að sjóslysi og skuli því siglingadómur dæma um það atferli samkvæmt 3. tl. 46. gr. laga nr. 50/1959 um eftirlit með skipum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1962. Eigi siglingadómur því skv. 3. mgr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 82/1961 að dæma um málið í heild. Verjandinn gerir kröfu til þess, að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun til sín.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 82/1961 var saksóknara ríkisins gefinn kostur á að tjá sig um þessa kröfu verjandans. Voru honum með bréfi, dagsettu 14. f. m., send málsskjölin. Í svarbréfi sínu til dómsins, dagsettu 22. f. m., segir saksóknari á þessa leið: „Af ákæruvaldsins hálfu er mótmælt framkominni frávísunarkröfu verjandans og ítrekuð sú krafa í bréfi embættisins til yfirsakadómarans í Reykjavík, dagsettu 23. marz s.l., að lokið verði rannsókn máls þessa og það verði síðan í heild — samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 — tekið til dómsálagningar í sakadómi samkvæmt meðfylgjandi ákæru.

Með því að brot ákærða er í III. lið ákæru m. a. talið varða við 1. mgr. 85. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 hefur málið samkvæmt 2. mgr. 89. gr. þeirra laga verið lagt fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, og fylgir umsögn ráðuneytisins, dagsett í dag, málsskjölunum. Umsögn ráðuneytisins hefur ekki í för með sér breytingar á ákærunni."

Í nefndri umsögn samgöngumálaráðuneytisins segir á þá leið, að ráðuneytið vilji taka fram, að það feli saksóknara að annast um, að mál verði höfðað á hendur ákærða fyrir gert atferli.

Kemur þá til athugunar, hvort sakadómur Reykjavíkur skuli fara með mál þetta.

Samkvæmt 3. tl. 46. gr. laga nr. 50/1959 um eftirlit með skipum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1962 um breyting á þeim lögum, skal siglingadómur dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru út af sjóslysum eða brotum á lögunum. Eins og í III. lið ákærunnar hér að framan greinir, er ákærða gefið að sök að hafa heimildarlaust og undir áhrifum áfengis tekið m/b Mjöll og siglt bátnum án skipstjórnarréttinda, unz báturinn strandaði á Gelgjutanga og á honum urðu verulegar skemmdir. Þar sem hér er um sjóslys að ræða, ætti það að koma í hlut siglingadóms að fjalla um það eitt sér. Í ákærunni hér að framan eru ákærða auk framangreinds brots gefin 3 önnur brot að sök, sem sæta eiga meðferð sakadóms. Kemur þá til álita, hvort það eigi að valda því, að sakadómur skuli fara með málið í heild.

Í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála segir, að komi það upp í almennu refsimáli eða ástæða þyki til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- og verzlunarbrot, skuli rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skuli þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. mgr. greinarinnar.

Af ákvæði þessu leiðir þegar, að kunnáttumenn verða eigi kvaddir til dómsstarfa í máli þessu samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961. Verður þá að taka til úrlausnar, hvort meðdómsmenn í siglingadómi skuli kvaddir til dómsstarfa í sakadómi í málinu. Siglingadómur er sérdómstóll, sem falið er það hlutverk að dæma í tilteknum flokki mála. Eru formaður dómsins og meðdómsmenn skipaðir af ráðherra með sérstökum hætti, sbr. 45. gr. laga nr. 50/1959. Flutningur mála fyrir siglingadómi er munlegur og opinber, þ. e. sókn og vörn skal fara fram fyrir siglingadómi, en slíkt væri eigi skylt, ef málið ætti að sæta meðferð sakadóms.

Þykir leiða af því, sem nú hefur verið rakið, að ekki er unnt að leggja þann skilning í ákvæði 3. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 82/1961, að meðdómsmenn siglingadóms skuli kvaddir til að dæma mál þetta í sakadómi. Ber því samkvæmt framansögðu að vísa málinu frá sakadómi.

Allan málskostnað ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin

málflutningsþóknun til talsmanns ákærða, Jónasar Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns, er þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 kr.

Dómsorð:

Mál ákæruvaldsins gegn Jóni Austmanni Símonarsyni er vísað frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur málskostnaður, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs verjanda ákærða, Jónasar Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 23. september 1966.

Nr. 157/1966. **Ákæruvaldið**
gegn
Gesti Elíasi Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. ágúst 1966. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að heyja dómsrannsókn á hendur Gesti Elíasi Jónssyni skipstjóra samkvæmt kröfum saksóknara í bréfum 29. júní, 13. júlí og 4. ágúst 1966.

Saksóknari kveður kröfu sína um dómsrannsókn í máli Gests Elíasar Jónssonar eigi bundna við ætlað brot gegn 24. gr. og 45. gr. laga nr. 58/1954, eins og yfirsakadómari ætlar.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavík 9. ágúst 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 9. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Samkvæmt skýrslu Ólafs L. Baldurssonar lögreglumanns kom Benjamín Jóhannesson, Melabraut 46, Seltjarnarnesi, inn á lögreglustöðina hér í borg kl. 2000 laugardaginn 2. apríl s.l. og tilkynnti, að bátur væri strandaður við Gróttu. Fór Ólafur ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, nr. 14 og nr. 114, á vettvang. Hafði bátinn þá rekið frá landi ca. 800 metra, og virtist hann vera mannlaus. Skammt frá honum var annar bátur á leið til lands, og eftir að lögreglumennirnir höfðu vakið athygli skipverja á hinum rekandi báti með því að setja rautt ljós og sírenur á lögreglubifreiðina, tóku þeir bátinn í tog. Um kl. 2150 voru bátarnir komnir inn í höfn, og dró dráttarbáturinn Jötunn bátinn seinasta spölinn til lands. Báturinn reyndist vera Jón Gestsson, GK 341, og var einn maður á honum, Gestur Elías Jónsson skipstjóri, til heimilis að Odda á Seltjarnarnesi, fæddur 10. nóvember 1905. Ólafur kveður, að við strand bátsins hafi leki komið að honum og hafi töluverður sjór verið í honum. Gestur Elías hafi verið illa til reika og virzt vera áberandi ölvaður, því að málfar hans hafi verið mjög ógreinilegt og hafi hann talað um, að verst væri, að allt væri búið úr vínflösku, sem hann hefði verið með í ferðinni. Hann var fluttur á slysavarðstofuna, þar sem tekið var af honum blóðsýnishorn og búið var um sár, sem hann hafði hlotið á fæti.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens fundust í blóðsýnishorninu reducerandi efni, er samsvara 1.81‰ af alkóhóli.

Málið var síðan sent sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til meðferðar.

Hinn 16. maí s.l. var málið tekið fyrir og kærði Gestur Elías yfirheyrður í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af fulltrúa sýslumanns og bæjarfógeta án meðdómsmanna. Framburður kærða var þessi: Hann kveðst hafa lagt af stað um kl. 1630 greindan dag á bátnum frá Hafnarfirði. Hafi þá verið sunnanátt og gengið á með éljum,

en þó nokkuð bjart. Þegar hann hafi verið kominn út undir Valhúsagrunn, hafi bylur skollið á aftur. Hafi hann haldið grunnslóð og farið með hægri ferð í éljunum og séð land við og við. Síðar hafi hann séð Suðurnesvörðuna á Seltjarnarnesi og tekið stefnu fyrir hana, en þá hafi skollið á bylur aftur. Hann hafi haldið áfram á hægri ferð, þar eð hann hafi haldið sig vera á réttri leið, enda hafi hann haft dýptarmælinn alltaf í gangi. Litlu síðar hafi hann séð bauju á bakborða og farið í námunda við hana til að vera viss um, hvaða baugja þetta væri og hafi þá komið í ljós, að þetta var baujan norðan við Kerlingarsker, en hún sýni grænt ljós. Hafi hann þá talið allt vera í lagi og haldið fyrir Gróttu, en rétt í því hafi birt til, svo að hann hafi séð Gróttu og alveg inn undir Akurey. Hann hafi svo haldið frekar djúpt fyrir Gróttu og síðan innan til á Akurey. Hann hafi síðan farið fram í lúkar, sem er sambyggður við stýrishúsið, til að ná sér í vindlinga og epli, sem hann geymdi þar. Hann hafi tekið vindlingana, en misst síðan meðvitund. Tekur hann fram í því sambandi, að í lúkarnum hafi verið gasvél í gangi og því þungt loft þar inni og hafi stundum ekki verið hægt að kveikja á eldspýtu, ef lúkarinn hafði lengi verið lokaður. Hann kveðst svo ekki hafa munað eftir sér, fyrr en komið var inn í Reykjavíkurhöfn, og var hann þá að horfa á tærnar á sér berar og sárar, en ekki kveðst hann vita, hvernig hann komst úr stígvélinu eða meiddi sig. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa eða neytt áfengis við siglinguna eða eftir að báturinn strandaði, enda hafi hann ekki haft hugmynd um strandið. Hann kveðst hafa verið drukkinn daginn áður og drukkið þá um tvær flöskur af brennivíni fram til kl. 2200 um kvöldið. Hann hafi ætlað sér að mála bátinn um kl. 1130 daginn eftir (2. apríl), en verið þá þunnur og illa fyrirkallaður, svo að hann hafi hætt því verki, þegar hann var búinn að mála sjólínuna á bátinn. Um hádegisbilið hafi hann drukkið smálögg af áfengi, sem hann átti eftir, og ætlar hann, að það hafi verið einn tvöfaldur áfengisskammtur miðað við mæla þá, sem notaðir eru á vínveitingastöðum. Kl. 1600 hafi veðrið verið farið að versna, svo að hann hafi ekki þorað annað en að fara með bátinn úr Hafnarfjarðarhöfn og halda til Reykjavíkur.

Með bréfi, dags. 8. júní s.l., sendi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu endurrit af dómsrannsókn þessari til saksóknara ríkisins.

Með bréfi, dags. 29. júní s.l., til yfirsakadómarans í Reykja-

vík krafðist saksóknari ríkisins þess, að hinn fyrrnefndi héldi „rannsókn málsins áfram með því einkum að taka skýrslur af lögreglumönnum þeim, er á vettvang fóru, upplýsa þarf, hvaða bátur það var, sem dró bát kærða að landi, eftir að hann tók að reka út af Gróttu, hvort þeir bátsverjar hafi haft einhver samskipti við kærða, þegar þeir tóku að draga bát hans að landi og hvað þeir þá viti um ástand kærða og meint ölvunareinkenni, jafnframt því sem lögreglumennirnir verði eftir því inntir og málið að öðru leyti rannsakað, eftir því sem tilefni gefst til.“ Loks óskaði saksóknari þess, að málsskjölin yrðu honum endursend að rannsókn lokinni.

Yfirsakadómari endursendi saksóknara ríkisins málið með bréfi, dags. 11. f. m., og segir þar, að „mál þetta hefur af misgáningi verið sent yfirsakadómara með bréfi, dags. 29. f. m., í stað þess að senda það til yfirborgardómara, sem er bæði formaður siglingadóms og sjódóms Reykjavíkur.“

Með bréfi, dags. 13. f. m., sendi saksóknari ríkisins málið á ný til yfirsakadómara, og segir í bréfinu m. a., að „með því að í máli þessu er um að ræða meint brot á 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sem skv. 49. gr. sömu laga skal fara með að hætti opinberra mála, eru málsskjölin endursend yður og ítrekuð krafa um, að þér hlutizt til um, að teknar verði í sakadómi Reykjavíkur skýrslur af framangreindum vitnum, a. m. k. þeim, sem dvalarstað hefðu hér í borginni.“ Jafnframt var þess óskað, að málsskjölin yrðu endursend að rannsókn lokinni.

Hinn 22. f. m. var tekin fyrir í sakadómi Reykjavíkur krafa saksóknara ríkisins um, að dómurinn tæki skýrslur af fyrrgreindum vitnum. Dómurinn taldi rétt, að úrskurður gengi um það, hvort þessi krafa skyldi tekin til greina, og með bréfi dómsins, dags. 29. f. m., var saksóknara ríkisins sent endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur varðandi málið og skýrt frá því, að rétt þætti með hliðsjón af ákvæðum 74. gr. laga nr. 82/1961 að veita honum kost á því að skýra málið frekar, áður en greindur úrskurður gengi.

Með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 4. þ. m., endursendi hann sakadómi Reykjavíkur skjöl málsins, og segir í bréfinu m. a.:

„Vegna þessa skal hér með af ákæruvaldsins hálfu enn vísað til fyrri bréfa embættisins til yfirsakadómara, dagsettra 29. júní s.l. og 13. f. m., um mál þetta, um leið og skírskotað er til 3. mgr. 25. gr laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála, sem leggur það á vald saksóknara að kveða á um það, hvar eða fyrir

hvaða dómi rannsókn opinbers máls skuli fram fara, sbr. og upphaf 74. gr. sömu laga, enda vafasamt samkvæmt þeim greinum, hvort hér sé um úrskurðaratriði að ræða á þessu stigi málsins.

Komi það hins vegar upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, skal samkvæmt 3. mgr. 6. gr. fyrrnefndra laga rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, sbr. í því efni til athugunar Hrd., bls. 601 og 593 (sic).

Þess er því krafizt, að rannsókn máls þessa, sem hafin var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 16. maí s.l., verði fram haldið í sakadómi Reykjavíkur í samræmi við fyrri kröfur þessa embættis til dómsins."

Samkvæmt vottorði skipaskoðunarstjóra, dags. 29. f. m., er Jón Gestsson, GK 341, smíðaður í Bátastöðinni á Akranesi 1962 og hefur vél Ford-B. H. K.-Diesel, 54 h. ö. Lengd bátsins er 10.30 m, breidd 2.96 og dýpt 1.31 metri. Eigandi er Gestur Elías Jónsson.

Kemur þá til athugunar, hvort unnt er að verða við framangreindri kröfu saksóknara ríkisins um yfirheyrzlu nokkurra vitna í sakadómi Reykjavíkur í máli þessu. Við mat á því þykir verða að hafa í huga eftirtalin atriði:

1. Í 206. gr. 3. mgr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði er svo mælt fyrir, að ef skip hefur farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, beri sjó- og verzlunardómi að rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm framferði skipstjóra og skipshafnar o. s. frv. Samkvæmt 47. gr. 3. mgr. laga nr. 50 31. júlí 1959 um eftirlit með skipum annast hinir reglulegu sjódómar sjópróf og rannsóknir sjóslysa, en samkvæmt 4. mgr. sömu greinar fer þó siglingadómur á I. eftirlitssvæði (sbr. 13. gr. laganna) með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklga stendur á.

2. Í fyrrgreindri lögregluskýrslu Ólafs L. Baldurssonar, sem samkvæmt fyrirsögn er um „bátsstrand, björgun og ölvun við stjórn báts", er lýst sjóslysi, sem siglingadómur eða sjódómur skal rannsaka. Sér í lagi þarf að rannsaka, hvort kærði hefur orðið valdur að sjóslysinu með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu og þannig gerzt brotlegur gegn 239. gr. siglinga-

laga nr. 66 31. desember 1963 og þá í því skyni rannsaka meðal margra annarra atriða, hvort hann hefur verið undir áhrifum áfengis við það tækifæri og þar með einnig brotið gegn 24. gr. 1. mgr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954. Fyrrnefnda brotið varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum auk réttindamissis, ef um stórfellt brot er að ræða, en hið síðarnefnda aðeins smávægilegum sektum auk réttindamissis.

3. Það þykir ekki mega skilja bréf saksóknara ríkisins, dags. 13. f. m., á þann veg, að þess sé krafizt, að sakadómur rannsaki alla mögulega refsiþætti eða brot þessa máls, heldur að dómurinn rannsaki aðeins meint brot kærða gegn 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, eða með öðrum orðum meinta stjórn hans á bátnum undir áhrifum áfengis.

Rökstuðningur saksóknara ríkisins fyrir þeirri kröfu sinni, að sakadómur Reykjavíkur rannsaki meint brot kærða gegn 24. gr. áfengislaganna er sá, að í 49. gr. laganna er svo mælt fyrir að fara skuli með mál út af brotum á þeim „að hætti opinberra mála". Dómurinn telur, að ákvæði þetta beri að skilja með sama hætti og ákvæði 47. gr. 5. mgr. laga nr. 50/1959, sbr. 2. gr. a-lið laga nr. 24 7. apríl 1962 um breyting á þeim lögum, þar sem svo er mælt fyrir, að öll sjópróf fari fram að hætti opinberra mála. Í hvorugu tilvikinu er verið að mæla fyrir um, hvaða dómstóll skuli fara með þar greind mál eða próf, heldur er í báðum tilvikum verið að mæla fyrir um, hvaða réttarfarsreglur og réttarfar skuli gilda við dómpróf og meðferð máls.

4. Í bréfi, dags. 4. þ. m., skírskotar saksóknari ríkisins enn fremur til 25. gr. 3. mgr. laga nr. 82/1961 fyrrnefndri kröfu sinni til stuðnings.

Dómurinn fær eigi séð, að stuðning fyrir kröfunni sé að finna í þessu ákvæði. Þessi málsgrein 25. gr. og aðrar greinar í IV. kafla laga nr. 82/1961 mæla fyrir um rannsóknarstað máls og varnarþing. Fyrrnefnd málsgrein varðar ekki það efni, hvort sakadómur, sjódómur eða siglingadómur skuli rannsaka mál, heldur rannsóknarstað, þ. e. hvaða sakadómur skuli rannsaka sakadómsmál, t. d. hvort mál skuli rannsaka í sakadómi Reykjavíkur eða í sakadómi Kópavogs.

5. Í bréfi saksóknara ríkisins, dags. 29. júní sl., segir m. a.: „ . . . upplýsa þarf, hvaða bátur það var, sem dró bát kærða að landi, eftir að hann tók að reka út frá Gróttu," og í bréfi sama, dags. 13. f. m., segir m. a.: „ . . . en óupplýst er í málinu, hvaða bátur það var."

Dómurinn fær ekki séð, að hér séu að finna nokkur rök fyrir því, að þetta atriði eigi á þessu algera frumstigi málsins að rannsaka í sakadómi frekar en í siglingadómi eða í sjódómi. Þvert á móti gæti hér verið um að ræða björgun eða aðstoð við bát, sem lent hefur í sjóslysi og því rannsaka skal í siglingadómi eða sjódómi. Þá þykir alls ekki vera tímabært að fullyrða að „óupplýst" sé um, hvaða bát hér var um að ræða, því að eftir er að yfirheyra Ólaf L. Baldursson lögreglumann og lögreglumenn nr. 14 og nr. 114, sem á vettvang fóru, svo og skipverja á dráttarbátnum Jötni um bát þennan. Ef hins vegar kæmi fram í siglingadómi eða sjódómi við yfirheyrslu lögreglumannanna þriggja og skipverjanna á Jötni, að þeir gætu ekki gefið nógu glöggar upplýsingar um bátinn, þannig að dómstóll gæti ekki kvatt skipverja hans fyrir sig, væri eðlilegt, að dómstóllinn leitaði til yfirstjórnar lögreglunnar í því skyni, að hún reyndi að hafa upp á bátnum og skipverjum hans í þetta skipti. Þá aðstoð mundi rannsóknarlögreglan í Reykjavík, sem lýtur yfirstjórn yfirsakadómara, að sjálfsögðu láta í té, ef um væri beðið. Er það allt annað mál en það, „að teknar verði í sakadómi Reykjavíkur skýrslur af framangreindum vitnum", eins og krafizt er í bréfi saksóknara ríkisins, dags. 13. f. m.

6. Þess var getið hér að framan, að kærði Gestur Elías var yfirheyrður í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu um málsatvik, og voru engir meðdómsmenn tilkvaddir. Þetta dómþing og rannsóknarhættir við það þykja ekki leiða til þess, að af þeim ástæðum sé skylt eða rétt að láta frekari rannsókn málsins fram fara í sakadómi, en ekki í siglingadómi eða sjódómi.

7. Í meðferð hvers máls, sem siglingadómur fer með, taka þátt auk formanns fjórir dómendur með sérþekkingu, sbr. nánar 45. gr. laga nr. 50/1959. Í meðferð hvers máls, sem sjódómur fer með, taka þátt auk formanns tveir dómendur með sérþekkingu, sbr. nánar 201. gr. laga nr. 85/1936.

Ef til vill mætti hreyfa því, að sakadómur, sem skipaður væri auk reglulegs dómara tveimur sérkunnáttumönnum samkvæmt heimild í 5. gr. 3. mgr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, væri bær um að fara með mál í stað siglingadóms eða sjódóms. Á þetta verður eigi fallizt vegna hinna áðurgreindu skýlausu lagafyrirmæla um tvo síðastnefndu dómstóla, þar sem meðal annars kemur fram, að meðdómendur í þeim eru hverju sinni valdir (fyrst og fremst) úr hópi manna, sem dóms-

málaráðherra skipar, en svo er ekki um meðdómendur í sakadómi.

8. Ætla má, að það, hvort kærði var undir áhrifum áfengis við stjórn bátsins, geti skipt máli um orsakir að strandi hans svo og um það, hvort talið yrði, að kærði hefði orðið valdur að því með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu. Það rannsóknaratriði, hvort kærði var undir áhrifum áfengis, er svo ofið saman við önnur rannsóknarefni málsins, að vart verður þar greint á milli. Eðli málsins samkvæmt á því einn og hinn sami dómstóll að hafa á hendi rannsókn málsins í heild.

9. En þó að reynt væri að kljúfa í sundur rannsóknarefni máls þessa og tveir dómstólar færu með sinn hvorn rannsóknarhluta, væru það óhagkvæm vinnubrögð, sem valdið gætu tvíverknaði, með því að báðir dómstólarnir færu að rannsaka sama atriðið, eða þá torveldun rannsóknar á þann veg, að hvorugur dómstóllinn rannsakaði nauðsynlegt atriði, af því að hvor þeirra héldi, að hinn mundi gera það.

10. Hér við bætist, að rannsókn tveggja dómstóla á málinu yrði til þess, að kærða og vitnum yrði bökuð fyrirhöfn og mögulegt óþægindi með því að skylda þau til að mæta fyrir tveimur dómstólum á sitt hvorum stað og á sitt hvorum tíma, sem komast mætti hjá, ef einn dómstóll færi með rannsókn málsins. Þá hlyti tveggja dómstóla rannsókn að tefja rannsóknina.

11. Ef svo færi, að höfðað yrði refsimál á hendur kærða Gesti Elíasi út af sjóslysinu, væri það hlutverk siglingadóms að dæma og eftir atvikum að rannsaka málið, sbr. 46. gr. laga nr. 50/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1962, en ef fullnægt væri skilyrðum 47. gr. mætti fela sjódómi rannsóknina, sbr. 47. gr. 4. mgr. laga nr. 50/1959. Í þessu falli gæti orðið vafamál um, í hve ríkum mæli unnt væri að leggja til grundvallar í málinu rannsókn sakadóms án endurprófunar fyrir siglingadómi eða sjódómi.

12. Af ákvæðum 6. gr. 2. mgr. laga nr. 82/1961 þykir mega leiða það, að ef uppvíst verður í siglingadómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðra refsiverða háttsemi, skuli þá einnig rannsaka og dæma þá háttsemi í þeim dómi ásamt siglingadómsbrotunum.

Á hinn bóginn þykir ekki fært að draga ályktanir af 6. gr. 3. mgr. nefndra laga um mál þetta, eins og gert er í bréfi saksóknara ríkisins, dags. 4. þ. m., þar sem hér er ekki um að ræða „almennt refsimál", heldur sjóslys og atvik að því — enda verður vart séð, hvernig sakadómur ætti að „nefna meðdóm-

endur samkvæmt 1. málsgrein" þeirrar lagagreinar, þar sem yfirborgardómari er formaður siglingadóms og sjódóms Reykjavíkur.

13. Niðurstöður dómstóla og lagaframkvæmd ákæruvalds þykja vera því til styrktar, að mál þetta sé ekki rannsakað í sakadómi, heldur í siglingadómi eða sjódómi.

Nefndir verða þessir dómar:

a. Mál var risið af verzlunarviðskiptum umboðs- og heildsala annars vegar og verksmiðjueiganda hins vegar. Sjó- og verzlunardómur átti því að fara með málið og dæma það, sbr. 200. gr. 2. tl. laga nr. 85/1956. Héraðsdómari fór hins vegar með málið og dæmdi það á bæjarþingi án samdómsmanna. Bæjarþingsdómurinn og meðferð málsins frá þingfestingu þess voru því ómerkt. Hrd. XVIII, bls. 51 o. áfr.

b. Siglingadómur fer með mál á hendur skipstjóra, sem sakaður var um að hafa með vanrækslu í starfi valdið sjóslysi og ákærður var um að hafa gerzt brotlegur gegn 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hrd. XXVII, bls. 189 o. áfr., sbr. Hrd. XXI, bls. 404 o. áfr., Hrd. XXIV, bls. 587 o. áfr., og Hrd. XXVI, bls. 83 o. áfr.

c. Loks þykir rétt að geta máls þess, sem fjallað er um í dskj. nr. VIII. Sjó- og verzlunardómar Ísafjarðar, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og Reykjavíkur rannsökuðu meinta siglingu vélstjóra nokkurs undir áhrifum áfengis á mótorbáti einum, óheimila töku hans á bátnum svo og strand hans í Súgandafirði. Með ákæru, dags. 27 maí 1964, höfðaði saksóknari ríkisins mál fyrir siglingadómi gegn vélstjóranum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, áfengislögum nr. 58/1954, lögum nr. 66/1946 og sjómannalögum nr. 41/1930, sbr. lög nr. 67/1963. Hinn 23. júní s.l. tók siglingadómur málið til dómsálagningar samkvæmt ákærunni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með því að sakadómur Reykjavíkur vill ekki gera neitt það, sem fallið er til þess að ganga á rétt og skyldu siglingadóms og sjódóms til að fara með mál samkvæmt gildandi íslenzkri dómaskipan og lagaframkvæmd, synjar dómurinn kröfu saksóknara ríkisins um framangreinda dómsrannsókn.

Ályktarorð:

Sakadómur Reykjavíkur synjar kröfu saksóknara ríkisins um að heyja dómsrannsókn þá, sem getur í fyrrgreindu

bréfi hans, dags. 13. f. m., sbr. bréf hans, dags. 29. júní s.l. og 4. þ. m.

Þriðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 146/1966. **Gunnar M. Guðmundsson**
gegn
Matthíasi Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Með kæru 15. júní 1966, sem Hæstarétti barst hinn 27. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu á hendur varnaraðilja. Krefst saksóknari þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hinn 27. desember 1964 gaf Teppi h/f út tvo víxla á hendur varnaraðilja, hvorn að fjárhæð kr. 12.015.00, annan til greiðslu 10. febrúar 1965, en hinn til greiðslu 27. febrúar 1965. Samþykkti varnaraðili víxla þessa. Teppi h/f framseldi víxlana Iðnaðarbanka Íslands h/f. Var fyrrnefndi víxillinn afsagður sökum greiðslufalls hinn 12. febrúar 1965, en hinn síðarnefndi hinn 2. marz 1965. Fyrrnefnda víxilinn leysti Teppi h/f til sín hinn 25. febrúar 1965, en hinn síðarnefnda hinn 7. apríl 1965. Eru vottorð bankans um innlausnina rituð á víxlana. Hinn 22. apríl 1966 sendi Teppi h/f hvorn tveggja víxilinn sóknaraðilja máls þessa til innheimtu á hendur varnaraðilja, sem er samþykkjandi þeirra. Hvorki ritaði Teppi h/f innheimtuframsal til sóknaraðilja á víxlana, sbr. 18. gr. laga nr. 93/1933, né almennt framsal til hans, sbr. 20. gr. sömu laga.

Því er yfir lýst af hendi sóknaraðilja, að hann hafi víxla þá, er í málinu greinir, til innheimtu fyrir Teppi h/f. Teppi h/f hefur hins vegar eigi veitt honum heimild til að höfða víxilmál á hendur varnaraðilja til innheimtu víxlanna á sjálfs sín, þ. e. sóknaraðilja, nafni. Að svo vöxnu máli þykir rétt að láta dóm héraðsdómara standa óraskaðan.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. maí s.l., af Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, Reykjavík, gegn Matthíasi Einarssyni, Víðimel 29, Reykjavík, til greiðslu tveggja víxla, samtals að fjárhæð krónur 24.030.00 (hvor að fjárhæð kr 12.015.00), útgefinna 27. desember 1964 af Teppi h/f og samþykktra af stefnda til greiðslu hér í bæ 10. febrúar 1965 og 27. febrúar s. á., en á víxlum þessum, sem voru afsagðir vegna greiðslufalls 12.2. og 2.3. 1965, er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxlanna, kr. 24.030.00, með 8% ársvöxtum af kr. 12.015.00 frá 10. febrúar 1965 til 27. febrúar s. á., en af kr. 24.030.00 frá þeim degi til 1. júlí s. á. og 12% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 344.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, og bera þeir það með sér, að útgefandi hefur innleyst víxlana úr banka, en ekki er ritað á víxlana neitt framsal eftir innlausnina, og þykir því verða að vísa máli þessu frá dómi, þar sem stefnanda skortir formlega heimild að víxlunum.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Þriðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 204/1966. **Bjarni Ó. Pálsson**
gegn
Sveinbirni Þórðarsyni og
Guðmundi Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. júlí 1966, er hingað barst 19. september 1966, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, kveðinn upp á aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. júlí 1966 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um sakarefnið.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, krefst sóknaraðili greiðslu úr hendi varnaraðilja á eftirstöðvum kostnaðar við smíði og innbúnað í húsi varnaraðilja að Grundarbraut 24 í Ólafsvík. Varnaraðiljar telja hins vegar kostnaðarreikninga sóknaraðilja of háa og að nokkuð hafi verið unnið, sem þeim beri eigi að greiða, en á það brestur, að málflutningur varnaraðilja hafi verið nægilega skýr. Málinu er þannig háttað, að rétt var, að héraðsdómari kveddi sérfróða menn til að dæma málið með sér, sbr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem málið hefur eigi sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, verður að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð frá og með þinghaldi 11. febrúar 1966 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og verður hann því eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 11. febrúar 1966 eru ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Dómur aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 7. júlí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Bjarni Ó. Pálsson, Stórholti 26, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með stefnu, birtri 22. desember 1964, gegn Sveinbirni og Guðmundi Þórðarsonum, báðum til heimilis að Grundarbraut 24, Ólafsvík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 46.537.87 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Munnlegur flutningur málsins fór fram þann 11. febrúar s.l., en málið var síðan endurflutt í dag.

Málavextir eru þeir, að þann 1. janúar 1962 gerðu málsaðiljar með sér húsaleigusamning um leigu á kjallaraíbúð í húsi stefndu nr. 24 við Grundarbraut í Ólafsvík. Samkvæmt leigusamningnum tók stefnandi íbúðina á leigu fyrir 1.000 króna leigugjald á mánuði, og skyldi leigan ganga til greiðslu kostnaðar við innréttingu á íbúðinni, sem stefnandi hafði framkvæmt. Í húsaleigusamningnum er og ákvæði um, að ef húsið verði selt eða einhver hluti þess og leigutaki þurfi þar af leiðandi að flytja úr húsnæðinu, skuli eftirstöðvar fyrrnefnds innréttingarkostnaðar greiddar að fullu.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að kostnaður við innréttinguna hafi numið kr. 73.563.67 og hafi reikningar fyrir þeirri upphæð legið fyrir, þegar húsaleigusamningurinn var gerður, og hafi þeir beinlínis verið samþykktir með undirskrift leigusamningsins. Stefnandi kveðst hafa dvalizt í íbúðinni í 21 mánuð og leigugjaldið fyrir allt tímabilið því verið kr. 21.000.00, sem draga beri frá ofangreindri upphæð. Enn fremur kveðst hann skulda stefndu kr. 6.025.80 fyrir olíureikninga og komi sú fjárhæð einnig til frádráttar heildarupphæðinni og þannig sé stefnukrafan fundin.

Stefndu rökstyðja kröfur sínar með því, að þeir hafi aldrei samþykkt reikningana yfir innréttingarkostnaðinn og að þeir

reikningar séu allt of háir og hafi ekki legið fyrir, þegar húsaleigusamningurinn við stefnanda var gerður. Enn fremur sé innifalinn í reikningsupphæðunum kostnaður vegna vinnu og efnis við breytingar á pípulögnum og öðrum innréttingum, sem þegar var búið að framkvæma, en þær breytingar hafi stefnandi gert leyfislaust og verði þær því að vera á hans kostnað. Þá benda stefndu og á, að sumir þeir reikningar, sem stefnandi hefur lagt fram, séu hvorki stílaðir á hann né stefndu og enn fremur séu sumir reikninganna dagsettir eftir 1. janúar 1962, þ. e. eftir að leigusamningur aðiljanna var gerður.

Málsaðiljar hafa ekki komið fyrir dóm og framlagðir reikningar ekki verið skýrðir, svo að viðhlítandi sé, til þess að hægt sé að leggja dóm á málið. Sökum þessarar vanreifunar verður óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindu máli vísast frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 99/1966. **Heildverzlun Andrésar Guðnasonar**
gegn
Helga Scheving Hallssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. maí 1966 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, kveðinn upp 17. maí 1966, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á

málið. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu, var eigi næg ástæða til að vísa því frá dómi. Er því hinn kærði dómur felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl s.l., hefur Heildverzlun Andrésar Guðnasonar, Hverfisgötu 72, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. marz s.l., gegn Helga Scheving Hallssyni, Hólavegi 7, Sauðárkróki, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 107.335.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 30/8 1965 til 30/12 1965 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi kveður skuld þessa vera vegna úttektar á vörum hjá stefnda 30/8 1965.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og eru þau í samræmi við dómkröfur stefnanda að öðru leyti en því, að nokkur vafi virðist vera um aðild stefnda. Pöntun á vörum þeim, sem mál þetta er af risið, er gerð í nafni Verksmiðjunnar Yls, Sauðárkróki, en undirrituð af stefnda. Reikningur yfir vörurnar er stílaður á stefnda vegna Verksmiðjunnar Yls h/f, Sauðárkróki. Á víxileyðublöðum þeim, sem fram hafa verið lögð, er skorað á Verksmiðjuna Yl h/f, Sauðárkróki, að greiða tilgreindar fjárhæðir. Innheimtubréf stefnanda er stílað á stefnda c/o Ylur h/f, Sauðárkróki. Innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 21. des. 1965, er stílað á Verksmiðjuna Yl h/f, Sauðárkróki. Annað innheimtubréf lögmanns stefnanda, dags. 19. jan. 1966, er stílað

á stefnda, og því bréfi er svarað með bréfi, dags. 16. febr. 1966, undirrituðu af stefnda pr. pr. Ylur h/f.

Af því, sem nú hefur verið rakið, þykir það nokkuð ljóst, hver sé hinn raunverulegi skuldari og hvert sé samband stefnda og Verksmiðjunnar Yls h/f á Sauðárkróki, og þykir því verða að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna óljóss málatilbúnaðar.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Árnasyni kaupmanni og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Mánudaginn 3. október 1966.

Nr. 142/1965. **Sigurður G. Steinþórsson**
gegn
Karli Guðmundssyni og
Bjarna Jóhannesi Krüger.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður G. Steinþórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1966.

Nr. 97/1966. **Hótel Borg**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Hótel Borg, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1966.

Nr. 131/1966. **Kristín Gissurardóttir**
gegn
Guðbjörgu Þórðardóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristín Gissurardóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1966.

Nr. 132/1966. **Jakob Árnason**
gegn
Uppboðshaldaranum í Reykjavík Kristjáni Kristjánssyni, Jóni B. Jónssyni og Hjalta Stefánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jakob Árnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1966.

Nr. 207/1966. **Baldur Guðmundsson**
gegn
Einari Sigurjónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Baldur Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 10. október 1966.

Nr. 107/1965. **Gluggar h/f** (Þorvaldur Ari Arason hrl.)
gegn
Sjúkrasjóði Iðju (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m.

Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 3. júní 1965 veitt leyfi til að bera mál þetta undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00 og áfrýjunarfrestur sé liðinn. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands eru nú lagaskilyrði leyfis til áfrýjunar máls, þá er sakarefni nemur eigi áfrýjunarfjárhæð, þau, „að úrslit

málsins“ séu „mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja“. Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eiga dómendur dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ. e. hvort yfirvöld hafi gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu. Samkvæmt þessu á Hæstiréttur dóm um það, hvort lagaskilyrði eru fyrir hendi til að leyfa áfrýjun máls, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00, enda er það í samræmi við áður gengna dóma. Úrslit máls þess, sem nú er til meðferðar, eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða þau sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Samkvæmt þessu og þar sem málsefnið nemur eigi kr. 5.000.00, svo sem mælt er í 2. mgr. 13. gr laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Gluggar h/f, greiði stefnda, Sjúkrasjóði Iðju, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 16. gr. laga nr. 57/1962 ber að skýra þannig, að ráðherra meti til hlítar skilyrði greinarinnar fyrir veitingu leyfis til áfrýjunar máls, er sakaefni nemur ekki áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr. sömu laga. Styðst sú skýring við aðdraganda að setningu lagaboðsins og er í samræmi við fyrri réttarframkvæmd.

Ráðherra hefur ekki farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með veitingu leyfis til áfýjunar máls þessa. Verður mati hans á skilyrðum til útgáfu leyfisins því ekki hnekkt og leyfinu eigi til hliðar vikið. Samkvæmt þessu er málinu réttilega áfrýjað, og ber að dæma það að efni til.

Ályktarorð:
Leggja ber efnisdóm á mál þetta.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. janúar 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 14. þ. m., hefur Sjúkrasjóður Iðju, félags verksmiðjufólks hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 7. nóvember 1963, gegn Gluggum h/f, Skipholti 5 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 1.050.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. maí 1963 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að samkvæmt kjarasamningi Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks, beri stefnda sem félaga í hinu fyrrgreinda félagi að greiða 1% af greiddum launum fyrir dagvinnu þeirra félaga Iðju, sem hjá honum starfa, í sjúkrasjóð Iðju. Fjárhæð sú, sem stefnda beri að greiða í þessu sambandi fyrir árið 1961, sé kr. 1.050.00 og hafi hún verið reiknuð út af skattstofunni í Reykjavík og stefnda sendur gjaldseðill, en hann hafi reynzt ófáanlegur til að greiða.

Kröfur stefnda eru studdar þeim rökum, að fyrir stofnun greinds sjúkrasjóðs hafi fyrirsvarsmaður stefnda lýst sig mótfallinn henni og hafi hann síðan greitt atkvæði gegn stofnun sjóðsins. Þrátt fyrir það þótt meirihluti Félags íslenzkra iðnrekenda hafi samþykkt stofnun sjóðsins, hafi fyrirsvarsmaður stefnda mótmælt aðild stefnda að sjóðnum og ætíð talið stefnda óbundinn af slíkri samþykkt. Þá er á það bent, að stefndi hafi jafnan haft slysa- og veikindatryggingu fyrir starfsfólk sitt hjá tryggingafélagi sínu og muni hann því hvorki greiða til sjóðsins né þiggja greiðslur frá honum fyrir starfsfólk sitt.

Þá er því haldið fram, að stefndi hafi kært álagningu umræddra iðgjalds til skattstofunnar í Reykjavík innan tilskilins kærufrests. Kæru þessari hafi þó ekki verið svarað, svo sem skylt sé samkvæmt lögjöfnun frá ákvæðum skatta-, útsvars- og söluskattslaga og hafi stefnandi með því firrt sig öllum rétti til kröfugerðar í máli þessu. Þá er á það bent af hálfu stefnda, að

í lok 5. mgr. 18. gr. samnings Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju frá 1. júlí 1961 segi, að stofnatriði sjóðsins og væntanleg reglugerð skuli tekin til endurskoðunar við lok gildistíma kjarasamningsins eða við næstu samningsgerð félaganna og einnig sé sams konar ákvæði í 17. gr. reglugerðar fyrir sjóðinn. Þrátt fyrir það þótt félögin hafi síðan á árinu 1961 gert fimm nýja samninga, þá hafi ákvæði sjúkrasjóðsins aldrei verið endurskoðuð. Er því haldið fram, að með því að skerða þannig ótvíræð og óskilyrt ákvæði stofnsamnings sjóðsins þá sé sjóðsstofnunin úr sögunni og allar gerðir hans markleysa. Þá er því haldið fram, að af hálfu Félags íslenzkra iðnrekenda hafi enginn verið kosinn eða tilnefndur til að taka sæti í stjórn sjóðsins og sé því sjóðurinn ólöglegur. Þá er því að lokum haldið fram, að eignum sjóðsins sé, a. m. k. að nokkru leyti, varið á þann hátt, að það samrýmist ekki tilganginum með stofnun hans.

Undir rekstri málsins hefur því verið hreyft af hálfu stefnda, að úrlausn ágreinings aðiljanna heyri ekki undir hina almennu dómstóla, heldur beri Félagsdómi að fjalla um málið. Krafa stefnanda í máli þessu er fjárkrafa, byggð á ákvæðum kjarasamnings Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks. Verður að telja, að heimilt sé hér á bæjarþinginu að meta atriði þau, er fjárkröfuna varða, og skýra þau ákvæði samningsins, sem fjárkrafan byggist á, og veita efnislega úrlausn í málinu.

Stefndi gerðist félagi í Félagi íslenzkra iðnrekenda á árinu 1954 og hefur verið það síðan. Kjarasamningur sá milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, er gekk í gildi hinn 1. júní 1961, var því bindandi fyrir stefnda, þar á meðal ákvæðið um stofnun umrædds sjúkrasjóðs og greiðslu iðgjalda til hans. Ákvæði þetta, sem er 18. gr. samningsins, er svohljóðandi:

„1. Stofna skal slysa- og sjúkrasjóð Iðju, félags verksmiðjufólks, er hafi það að markmiði að styrkja Iðjufólk, er forfallast frá vinnu vegna veikinda og slysa.

2. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af Iðju, einum af F. Í. I. og einum af þessum aðilum sameiginlega. Komi Iðja og F. Í. I. sér eigi saman um skipun oddamanns, skal hann skipaður af borgardómara. Endurskoðendur skulu vera tveir, 1 tilnefndur af hvorum samningsaðila.

3. Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í Iðnaðarbanka Íslands h/f. Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán, ef ekki fer í bága við tilgang sjóðsins til byggingar hugsanlegs félagsheimilis Iðju, félags verksmiðjufólks, gegn fullum fasteignatryggingum.

4. Iðnrekendur greiða til sjóðsins sem svarar 1% af greiddu kaupi Iðjufólks fyrir dagvinnu.

5. Fyrir 1. desember n. k. skulu samningsaðilar setja sjóðnum reglugerð, sem hafi m. a. að geyma ákvæði um greiðslur úr sjóðnum skv. lið 1 og um útreikning og innheimtu gjaldsins, en reynt skal að ná samningum við hlutaðeigandi aðila um, að gjaldið sé álagt og innheimt með sama hætti og gjald til atvinnuleysistryggingarsjóðs, sbr. 6. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Standi sjóðurinn straum af þeim kostnaði, sem verða kann af innheimtunni.

Framangreind atriði og væntanleg reglugerð sjóðsins skulu tekin til endurskoðunar við lok gildistíma samningsins eða við næstu samningsgerð F. Í. I. og Iðju."

Mótmæli stefnda og aðgerðir þær, sem hann hefur haft uppi gegn ákvæði þessu, m. a. innan félags síns, geta ekki leyst hann undan skyldu til að greiða gjald þetta. Ekki verður heldur talið, að annmarkar þeir, sem stefndi telur hafa verið á lögmætri stofnun sjóðsins og starfrækslu hans, valdi því, að greiðsluskylda hans sé niður fallin. Er á það að líta í þessu sambandi, að í samningi þeim, sem gerður var milli félaganna hinn 18. desember 1963, er enn ákvæði um starfrækslu sjúkrasjóðsins samkvæmt sérstakri reglugerð. Um álagningu umrædds gjalds segir svo í ódagsettri reglugerð fyrir sjóðinn, sem lögð hefur verið fram í málinu:

„Gjöld til sjóðsins skulu ákvörðuð af skattayfirvöldum á þann hátt, að reiknað skal út 1% af dagvinnukaupi verksmiðjufólks, sem skylt er að vera í Iðju skv. 21. gr. samnings F. Í. I. og Iðju.

Þegar gjaldið hefur verið ákvarðað af skattayfirvöldum, sjá þau um útsendingu kröfubréfs til gjaldskyldra fyrirtækja, sem þá skulu greiða gjaldið inn á reikning Sjúkrasjóðsins í Iðnaðarbankanum.

Nú kemur það í ljós, að ákvörðun skattayfirvaldanna á gjaldi til Sjúkrasjóðsins hefur einnig náð til launa greiddra fyrir yfirvinnu, og skal þá viðkomandi fyrirtæki heimilt að kæra álagninguna til skattayfirvaldanna. Kærunni skal fylgja sundurliðun á launagreiðslum fyrirtækisins fyrir dagvinnu og yfirvinnu, og skal sundurliðunin vera staðfest af löggiltum endurskoðanda. Ákvarða skattayfirvöldin síðan gjald viðkomandi fyrirtækis að nýju."

Stefndi kærði umrædda álagningu til skattstjórans í Reykja-

vík, sem hafði framkvæmd hennar með höndum hér í Reykjavík. Var kæra þessi eingöngu byggð á því, að stefndi væri ekki gjaldskyldur og þá byggt á sömu ástæðum og fram hafa komið í máli þessu. Kæru þessari var ekki svarað. Það verður að telja, að skattstjóranum hafi borið að svara kæru þessari. Hins vegar verður eigi talið, eins og háttað er ákvæðunum um kæru í reglugerð fyrir sjóðinn, að brestur á þessu valdi því, að greiðsluskylda stefnda sé niður fallin. Ekki verður heldur talið, að kæruákvæði útsvars-, skatta og söluskattslaga verði beitt um atvik þetta.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða varnarástæður stefnda ekki teknar til greina. Fjárhæð kröfu stefnanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verða kröfurnar því teknar til greina, þó þannig, að vextir reiknast 7% frá 6. maí 1963 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.000.00

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gluggar h/f, greiði stefnanda, Sjúkrasjóði Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, kr. 1.050.00 með 7% ársvöxtum frá 6. maí 1963 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. október 1966.

Nr. 68/1965. **Hýsir s/f** (Hafsteinn Baldvinsson hdl.)
gegn
Jóhönnu Jónsdóttur og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteign. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. marz 1965. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 1. júní 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 22.532.90 með 8% ársvöxtum frá 6. marz 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi reisti húsið nr. 6 við Ljósheima hér í borg og seldi gagnáfrýjanda íbúð í því með kaupsamningi 23. september 1959 og afsali 31. janúar 1960. Gallar þeir á íbúð gagnáfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi, virðast eiga rót sína að rekja til missmíða á gerð hússins, sem aðaláfrýjandi ber ábyrgð á. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hýsir s/f, greiði gagnáfrýjanda, Jóhönnu Jónsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. febrúar s.l., hefur Jóhanna Jónsdóttir, Ljósheimum 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. janúar 1964, gegn fyrirsvarsmönnum Byggingafélagsins Hýsis s/f, Reykjavík, þeim Einari Magnússyni bifreiðarstjóra, Bárugötu 35, og Tómasi Tómassyni húsasmíðameistara, Skúlagötu 54, báðum hér í borg, vegna félagsins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 22.532.90 auk 8% ársvaxta frá 6. marz 1962 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í aðiljaskýrslu hefur stefnandi enn fremur krafizt þess, að meiðandi og móðgandi ummæli um sig í greinargerð lögmanns stefnda verði dæmd dauð og ómerk og lögmaðurinn, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa fyrir þau.

Stefndu hafa krafizt þess, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hennar.

Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu á þá leið, að með kaupsamningi, dags. 23. september 1959, sbr. afsal dags. 31. jan. 1960, hafi hún keypt af stefndu tveggja herbergja íbúð á 1. hæð fjölbýlishússins Ljósheimar 6 hér í borg, er stefndu létu reisa. Í samningi og afsali sé lýst allnákvæmlega í hvers konar ástandi íbúðin átti að vera á afsalsdegi, t. d. hafi sumir skilrúmsveggir átt að vera úr steinsteypu, en aðrir úr 7 sm. vikurplötum. Stefnandi kveður snemma hafa farið að bera á göllum í hinni seldu íbúð, aðallega sprungum í gólfum og veggjum, og hafi orðið þvílík brögð að þessu, að á sumum veggjum hafi opnast stórar og alllangar rifur, múrhúðun losnað frá, karmar skekkzt, svo að hurðir hafi ekki fallið að stöfum, málning skemmzt o. s. frv.

Stefnandi kveðst þegar í stað hafa vakið athygli stefndu á þessum göllum og krafizt bóta úr hendi þeirra eða viðhlítandi lagfæringa sér að kostnaðarlausu. En margítrekaðar tilraunir hafi ekki borið annan árangur en þann, að í ársbyrjun 1962 hafi stefndu boðizt til að endurkaupa íbúðina á upphaflega verðinu. Kveðst stefnandi ekki hafa viljað una þessu boði, en krafizt

efnda samkvæmt samningi og venju. Hafi því hinn 1. október 1962 verið dómkvaddir menn til að skoða íbúðina og meta tjón stefnanda. Niðurstaða þeirra hafi ekki þótt viðunandi og því hafi verið óskað yfirmats. Yfirmatsmennirnir hafi skilað áliti sínu 14. júní 1963. Hafi þeir talið skemmdir á íbúðinni hæfilega metnar á kr. 10.868.00, en afnotamissi kr. 1.200.00, þ. e. samtals kr. 12.068.00. En með hliðsjón af gífurlegri hækkun á byggingarkostnaði síðan í júní 1963, kveðst stefnandi telja óhjákvæmilegt að hækka niðurstöðuna um 30% og sundurliðar því kröfu sína þannig:

1.	Bætur skv. niðurstöðu yfirmatsmanna	kr. 12.068.00
2.	Álag v. hækkunar á byggingarkostnaði, 30%	— 3.620.40
3.	Matskostnaður skv. reikningum	— 6.844.50
	Samtals	kr. 22.532.90

Í aðiljaskýrslu tekur stefnandi fram, að stefndu hafi tekið að sér að koma umræddri íbúð í endanlegt horf, þ. e. að hún væri íbúðarhæf, þegar stefnandi veitti henni viðtöku, og hafi stefndu sjálfir annazt allt, er að verkinu laut. Kveðst stefnandi hafa greitt þann viðbótarkostnað, er af þessu leiddi, umyrðalaust samkvæmt reikningi stefndu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að umræddir gallar stafi af óvandvirkni og beri því stefndu fébótaábyrgð á þeim, þar sem þeir hafi að öllu leyti annazt smíði íbúðarinnar og selt stefnanda hana.

Stefndu reisa hins vegar sýknukröfu sína á því, að ekki verði ráðið af matsgerð undirmatsmanna, sem lögð hefur verið fram í málinu, að sprungur þær, sem um er rætt, séu afleiðingar af byggingargalla, er sé sök húsbyggjenda. Matsgerð undirmatsmanna gefi miklu fremur til kynna, að engir byggingargallar séu á hinni seldu íbúð, heldur sé um að ræða ágalla, sem komið geti fram á byggingum, án þess að nokkru sérstöku sé um að kenna og algengir séu hérlendis og erlendis.

Þá segir enn fremur svo í yfirmatsgerðinni: „Gallar eru þeir sömu og taldir eru í matsgerð undirmatsmanna að því er viðkemur veggjum, en að auki var laus pússning á bletti á steinvegg í eldhúsi. Yfirmatsmenn álíta gólf ekki gallað í íbúðinni, og það þrátt fyrir sprungu þá, sem er í gólfi í stofu.“ Enn fremur

taka yfirmatsmenn fram, að gólf í stofu hafi reynzt „mjög vel lárétt."

Kveðast stefndu því mótmæla stefnukröfunum í einu og öllu sem röngum og tilhæfulausum. Aðalkrafan, kr. 12.068.00, eigi ekki við rök að styðjast, þar sem umræddir gallar verði ekki á sannanlegan hátt raktir til byggingargalla, er þeir sem seljendur íbúðar í ófullgerðu ástandi beri ábyrgð á. Álag vegna hækkunar á byggingarkostnaði sé haldlaus átylla, því að stefnandi geti sjálfum sér um kennt að hafa ekki látið gera við þetta fyrir löngu, enda mótmælt sem ósönnuðu, að kostnaðurinn við viðgerðina sé hærri en matsgerð segir. Þá kveðast stefndu mótmæla matskostnaðarreikningnum að formi til, vegna þess að slíkar kröfur beri að taka með málskostnaði, og efnislega séð vegna þess, að niðurstaða matsgerða, að því er snerti lýsingu á ágöllum, gefi tilefni til að ætla, að þeim beri ekki að greiða tilkostnaðinn.

Eins og þegar er fram komið, hafa farið fram tvær matsgerðir, þ. e. undirmat og yfirmat, vegna umræddra galla á íbúð stefnanda. Hafa tveir af þremur yfirmatsmönnum komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína, dómsskjal nr. 15. Jafnframt lýsti lögmaður stefndu því yfir, að hann félli frá því að mótmæla undirmatsgerð sem óstaðfestri.

Í matsgerð undirmatsmanna, þeirra Ögmundar Jónssonar og Einars Sveinssonar, segir svo meðal annars:

„Framkomnir gallar eru sprungur í veggjum og gólfi. Skal fyrst vikið að sprungum veggjanna. Hér er um skilveggi íbúðarinnar að ræða (sbr. hústeikningu). Skilveggur milli stofu og eldhúss er heill, en ekki með dyraopi, eins og sýnt er á teikningunni. Veggirnir eru úr hlöðnum vikursteini, 7 cm. þykkum, og múrhúðað báðum megin. Á þverveggjum stofunnar ganga aðalsprungurnar frá gólfi út undir útvegg og skáhallt upp veggina og eru í dyrahæð við skálavegginn. Smærri sprungur eru ofan við þessar, einkum á vegg milli stofu og eldhúss. Stefna þeirra er nokkuð samhliða aðalsprungunum. Víðust er aðalsprungan á vegg milli stofu og svefnherbergis, vídd ca. 2—3 mm. Á vegg milli skála og stofu er sprunga í framhaldi af aðalsprungum þverveggja. Sprungan er í dyrahæð, næstum lárétt. Brúnir þessarar sprungu eru greinilega misbrýndar. Neðri brún sprungu í skála gengur út fyrir þá efri. Yfir stofudyrum er lóðrétt sprunga, næstum fyrir miðju. Sprunga er neðarlega á

vegg að baðherbergi. Allar sprungurnar eru þvert í gegnum vegginn.

Allir skilveggir íbúðarinnar hvíla á einni stórri krossbentri plötu, sem spennir milli útveggjar og steinsteyptra innveggja. Styttra haf plötunnar er ca. 6.00 m og það lengra ca. 8.00 m. Þvert yfir þessa plötu er sprunga. Í stofunni hefst hún við útvegginn í punkti, sem er 1.75 m frá stofuhorni, er veit að svölum. Síðan er sprungan skáhallt inn á gólfið á punkt ca. 1.00 m frá útvegg og ca. 1.60 m frá skilvegg að eldhúsi. Frá þeim punkti er sprungan nokkurn veginn bein og samhliða skilveggnum og nær út í ásetuvegg plötunnar við skálann. Frá plötusprungunni er sprunga nokkuð upp vegginn, en er þrengri og óljósari en í plötunni.

Í kjallara nær sprungan í veggnum niður að kjallaragólfi. Sprungan er þvert í gegnum vegginn bæði á hæðinni og í kjallara. Platan er klædd af í kjallara, og var ekki hægt að athuga hana þar. Á þeim hluta plötusprungunnar, sem er samhliða veggnum, er hún nokkuð jafnvíð, og má stinga hnífsblaði niður í hana. Við útvegg er hún nokkuð þrengri. Sprungan í kjallaravegg er álíka víð og í plötunni.

Í stofuhorni við svalirnar er önnur sprunga, óglögg, þvert yfir hornið ca. 0.60 m frá horni.

Undir glugga í svefnherberi eru óreglulegar sprungur í pússlaginu og hljómar holt, þegar slegið er á pússið með hamri.

Sprungur skilveggjanna munu aðallega orsakast af svignun plötunnar. Gerð og lega sprungnanna bendir til þessa og einnig það, að dyrakarmar, bæði á eldhúss- og svefnherbergisdyrum, hafa skekkzt. Er skekkjan það mikil, að hurðirnar falla ekki að stöfum.

Svignun plötunnar var mæld um það bil á þeirri línu, þar sem sprungan er í plötunni. Punktur ca. 2.70 m frá ásetuvegg í skála var 1.3 m lægri en við vegginn, og punktur ca. 2.40 m frá útvegg var 0.8 m lægri en punktur við vegginn þar. Vegna aðstæðna varð að mæla frá tveimur stöðum. Mæling þessi er ekki mjög nákvæm og þarf ekki að sýna raunverulega svignun plötunnar, því að ekki verður um það sagt, hve vel platan hefur verið „afréttuð“ við pússningu.

Uppdráttur af járnalögn plötunnar lá fyrir. Plötuþykktin er 16 cm. Þykkt plötunnar og bending er í samræmi við algengar venjur hér til lands.

Engin íslenzk ákvæði eru til um það, hve mikið járnbentar

plötur megi svigna. Í flestum erlendum stöðlum (normum) er kveðið á um það, hve svignunin megi vera mikil miðað við styttra hafið. Nokkuð er þetta mismunandi eftir stöðlun, en yfirleitt á bilinu 1/300—1/500 af styttra hafinu. Hér er það haf ca. 6.00 m og því leyfileg svignun 1.2—2.0 cm. Gefi hin mælda svignun rétta hugmynd um svignun plötunnar, ætti að láta nærri, að hún yppfyllti strangari kröfurnar. Steinsteyptar plötur halda nokkuð lengi áfram að svigna. Þessi plata er steypt fyrir rúmum 3 árum, og ætti svignun hennar að vera að mestu lokið.

Efri hluti veggjanna er borinn uppi af skífuverkun. Það getur verið ótryggt, og er því lagt til að setja múrtappa í gegnum veggina, að minnsta kosti á stærstu sprungunum, bil ca. 0.50 m.

Að öðru leyti þarf að sparsla sprungurnar og slípa rendurnar þar, sem þær eru misbrýndar. Hurðarkarm (eldhúss- og svefnherbergisdyr) þarf að taka úr og rétta. Alla veggi verður að mála . . .“

Hefur nú verið rakin lýsing undirmatsmanna á göllum umræddrar íbúðar stefnanda.

Yfirmatsmenn, þeir Einar Kristjánsson, Ragnar Finnsson og Sveinn Torfi Sveinsson, segja í matsgerð sinni, að gallar séu þeir sömu og taldir eru í matsgerð undirmatsmanna, að því er við kemur veggjum, en að auki hafi verið laus pússning á bletti á steinvegg í eldhúsi. Yfirmatsmenn álíta gólf ekki gallað í íbúðinni og það þrátt fyrir sprungu þá, sem er í gólfi stofu. Þá kveða þeir ekki vera hægt að mæla sig á gólfi, þar eð ekki sé unnt að segja fyrir um það, er matsgerð fór fram, með hve mikilli „kúpu“ hafi verið slegið undir loftið, áður en það var steypt. Aftur á móti hafi lóðbretti verið borið á gólf stofunnar og hafi það reynzt mjög vel lárétt. Þá taka yfirmatsmenn fram, að í matsgerð undirmatsmanna séu taldar tvær gallaðar hurðir, en við yfirmatið hafi komið í ljós, að þær hafi verið orðnar þrjár (dagstofuhurð að auki).

Eins og áður er tekið fram, hafa tveir yfirmatsmanna, þeir Sveinn Torfi Sveinsson og Einar Kristjánsson, komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína. Báðir töldu þeir þá sérstaklega aðspurðir, að umræddar sprungur í gólfi og veggjum í íbúð stefnanda mundu bæði stafa af sigi plötunnar og samdrætti í veggjum, en kváðust ekki geta sagt um, í hvaða hlutföllum orsakir þessar hafi verið. Að gefnu tilefni kváðu þeir allar sprungur hafa verið teknar með í yfirmati.

Bótakrafa stefnanda er í þremur liðum, eins og áður er fram komið, og skulu nú einstakir liðir kröfunnar athugaðir hver fyrir sig:

Um 1. lið, bætur samkvæmt niðurstöðu yfirmatsmanna.

Eins og lýst er í stefnu, keypti stefnandi umrædda íbúð af hinum stefndu, sem sáu um smíði hennar og tóku síðar að sér að skila stefnanda íbúðinni í íbúðarhæfu ástandi, þ. e. fullgera hana.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað galla þá, sem mál þetta er risið af. Líta þeir svo á, að gallar þessir, sem lýst er í matsgerðum undir- og yfirmatsmanna, eins og rakið er að framan, eigi rætur sínar að rekja til leyndra galla, sem stefnandi hafði ekki tök á að sjá fyrir, er kaupin um íbúðina voru gerð, og beri því stefndu fébótaábyrgð á tjóni því, sem af þeim hefur leitt fyrir stefnanda. Verður því þessi liður kröfunnar tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. lið, álag vegna hækkunar á byggingarkostnaði, 30%.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að neitt hafi verið því til fyrirstöðu, að stefnandi léti viðgerð fara fram á íbúð sinni, þegar eftir að yfirmatið lá fyrir. Þykja því ekki efni til að taka þennan kröfulið til greina.

Um 3. lið, matskostnað samkvæmt reikningum.

Svo sem venja er til, verður afstaða til þessa kröfuliðs tekin við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verður því niðurstaða málsins sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 12.068.00 með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá þeim degi, sem krafizt er, til 1. janúar 1965, en 6% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.000.00, þar í innifalinn matskostnaður vegna undir- og yfirmats.

Eins og áður er tekið fram, hefur stefnandi krafizt þess, að meiðandi og móðgandi ummæli um sig í greinargerð lögmanns stefndu verði dæmd dauð og ómerk og lögmaðurinn, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir þau.

Ummælin, sem stefnandi krefst sérstaklega ómerkingar á og refsingar fyrir, eru þessi:

„Málatilbúnaðurinn er af því tagi, sem gjalda ber varhuga við af dómstólum í vaxandi mæli, vegna þess hve fyrirbærið kemur tíðum fyrir upp á síðkastið . . .'

En þegar seljandi hefur leyst af hendi allar þessar skyldur, kaupandi hefur fengið íbúðina afhenta og hefur stórþénað á kaupunum vegna síhækkandi íbúðarverðs, lætur hann líða nokkurn tíma, unz hann þykist öruggur um, að fram séu komnar steypusprungur, er geti veitt honum hagnað í aðra hönd, ef rétt sé á haldið.

Þannig fer stefnandi máls þessa að. Hún skirrist ekki við að greiða kr. 6.844.50 í kostnað til matsmanna og eitthvað dálítið í kostnað til lögfræðings síns til þess að koma kr. 12.068.00 kostnaði á seljanda íbúðarinnar, af því hún þykist örugg um, að venjan sé, að allur kostnaðurinn dæmist á seljandann.

Henni finnst fjarstæða og ekki svaravert, er umbj. m. vill losna við kvabb hennar og leysa hana frá ímynduðu tjóni með því að taka íbúðina aftur og endurgreiða henni allt, sem hún hefur kostað til íbúðarinnar. Það sem hún vill sérstaklega fá úr hendi seljanda, auk alls útlagðs kostnaðar við bröltið, kemur raunverulega fram í þessari setningu í undirmatsgerð, *„Alla veggi verður að mála.“*

Það skyldi þó ekki vera, að æskilegt væri að mála veggina, hvað sem byggingarmáta líður ...“

Telja verður framangreind ummæli lögmanns stefndu í greinargerð hans óviðurkvæmileg. Ekki þykja þó næg efni til ómerkingar þeirra eða dæma lögmanninum refsingu vegna þeirra. Hins vegar ber að átelja lögmanninn vegna greindra ummæla.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ólafi Jenssyni verkfræðingi og Kristni R. Sigurjónssyni trésmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Magnússon og Tómas Tómasson f. h. Byggingafélagsins Hýsis s/f, greiði stefnandanum, Jóhönnu Jónsdóttur, kr. 12.068.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 6. marz 1962 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1966.

Nr. 143/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Óskari Agnari Ólafssyni og
Sigurði Þorkelssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umboðs- og skilasvik.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 10. þ. m., um kröfu H/f Eimskipafélags Íslands á hendur Raftækni h/f vegna innflutnings bifreiða þeirra, er mál þetta fjallar um. Segir í í bréfinu, „að upp í kröfu þessa hafa verið greiddar til H/f Eimskipafélags Íslands, í peningum og verðbréfum, kr. 2.699.900.88 samtals. Þá eru til innheimtu hér á skrifstofunni nokkrir víxlar, og er ekki ólíklegt, að takast muni að innheimta af þeim um 80 þús. krónur. Mál þetta hefur verið til meðferðar á skrifstofu okkar í nærfellt 3 ár, eða frá því í janúar 1964. Er útlagður kostnaður, þ. e. kostnaður við löghaldsgerðir, stimpilgjöld og önnur réttargjöld, kr. 95.768.30. Er þessi kostnaður að fullu greiddur.

Lögmanni skuldunauts, hrl. Kristjáni Eirikssyni, mun síðar verða gerð grein fyrir vöxtum af kröfunni og málskostnaði, en upp í þessa 2 kröfuliði hafa greiðst kr. 216.338.68".

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi.

Varða brot ákærða Óskars Agnars Ólafssonar við 249. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og við þau ákvæði laga nr. 68/1956 og reglugerðar nr. 41/1957, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, er í ákæru greinir.

Brot ákærða Sigurðar Þorkelssonar varða beint við 249. gr. og við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga svo og við þau ákvæði laga nr. 68/1956 og reglugerðar nr. 41/1957, er í ákæru getur.

Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma þeirra svo og um ævilanga sviptingu smásöluleyfis ákærða Óskars Agnars Ólafssonar.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknaralaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málflutningslaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu, Óskars Agnars Ólafssonar og Sigurðar Þorkelssonar, og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma þeirra svo og um ævilanga sviptingu smásöluleyfis ákærða Óskars Agnars Ólafssonar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknaralaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 22.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1966.

Árið 1966, þriðjudaginn 15. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 74—75/1966: Ákæru valdið gegn Óskari Agnari Ólafssyni og Sigurði Þorkelssyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 30. nóvember f. á., er opinbert mál höfðað á hendur Óskari Agnari Ólafssyni bifreiðarstjóra, Hraunbraut 34, Kópavogi, og Sigurði Þorkelssyni verkamanni, Bólstaðarhlíð 36, Reykjavík,

„fyrir að hafa með eftirgreindum hætti gerzt sekir um auðgunar- og tolllagabrot sumarið 1963 í Reykjavík:

I. A. Ákærða Sigurði er gefið að sök að hafa á sviksamlegan hátt misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður Eimskipafélags Íslands h/f í vörugeymslu þess við Borgartún í

júní- og júlímánuðum með því að afhenda í heimildarleysi og í eiginhagsmunaskyni meðákærða Óskari Agnari eftirgreindar 25 ótollafgreiddar bifreiðir, sem voru þar í vörzlum Eimskipafélags Íslands h/f og fluttar höfðu verið til Reykjavíkur frá Hull með skipum Eimskipafélagsins á vegum Raftækni h/f frá Rootes Ltd., London:

I. Flutningsskip:	II. Frá:	III. Komu dagur skips:	IV. Farm-skrár-númer:	V. Verksmiðjunúmer:
1. „Tröllafoss“	Hull	17/7 '62	B/L 594	B 7103348/OD/I SO (T)
2. ”	”	4/3 '63	” 114	VT 224891/2 CO 6388
3. ”	”	” ”	” 215	VT 225033 2 CO 6553
4. „Mánafoss“	”	15/3 ”	” 68	VT 224571 2 CO 6117
5. „Anne Nübel“	”	24/4 ”	” 233	B 7205767/L/L SO
6 ” ”	”	” ”	” 363	B 7201227/L/ SO
7. „Hegra“	”	25/5 ”	” 2	B 620234/H/LVO
8. ”	”	” ”	” 23	B 620290/H LVO
9. „Tröllafoss“	”	1/6 ”	” 189	B 7206391/L/LSO
10. ”	”	” ”	” 190	B 620235/H/LVO
11. ”	”	” ”	” 191	B 620206/H/LVS
12. ”	”	” ”	” 192	B 620324/H/LVS
13. ”	”	” ”	” 193	B 620355/H/LVS
14. ”	”	” ”	” 194	B 620342/H/LVS
15. ”	”	” ”	” 195	B 620351/H/LVS
16. ”	”	” ”	” 196	B 620362/H/LVS
17. ”	”	” ”	” 197	B 7206588/L/LSO
18. ”	”	” ”	” 198	B 7206330/L/LSO
19. ”	”	” ”	” 199	B 7206368/L/LSO
20. ”	”	” ”	” 200	B 7206316/L/LSO
21. ”	”	” ”	” 206	B 3065996/L/ x (G.B.)
22. „Mánafoss“	”	21/7 ”	” 175	B 3105120/L/OD/ LSO (T)
23. ”	”	” ”	” 176	B 3105059/L/OD/ LSO (M)
24. „Tröllafoss“	”	9/8 ”	” 149	B 1329791/H/ LSD (T)
25. „Fjallfoss“	”	17/9 ”	” 129	B 7206391/L/LSO

VI. *Merki á farmskrá:*	VII. *Tegundarheiti:*	VII. (sic) *Seldur til:*	VIII. *Skrásetning:*
Rootes 18	Singer Vogue	Hrl. Ágúst Fjeldsted, Rvík	R-393
— 5	Commer 1500 F/C Van	Stefán Rafn, Hafnarfirði	G-1541
— 6	— — — —	Teppi h.f., Rvík	R-14250
— 9	— — — —	Geir G. Geirsson, Kópavogi	Y-1185
— 58	Singer Vogue	Guðbjartur Pálsson, Rvík	R-14021
— 68	— —	Jón Þorgrímsson, Húsavík	Þ-340
— 46	Commer B	Sigmundur K. Rikardsson, Rvík	R-14246
— 72	— —	Ólafur Júlíusson, Kópavogi	Y-390
— 70	Singer Vogue		
— 47	Commer B	Raftækni h.f., Rvík	R-14786
— 64	Singer Auto Car		
— 66	Commer B	Hjól h.f., Rvík	R-14086
— 73	— —	Jón Strandberg, Hafnarfirði	G-2874
— 74	— —	Finnur Magnússon, Ísafirði	Í-221
— 75	— —	Guðni Einarsson, Vestm.eyjum	V-404
— 76	— —	Byggingavöruverzl. Kópavogs	Y-1298
— 78	Singer Vogue	Cecil V. Jensen, Rvík	R-9456
— 77	— —	Kaj Lorange, Rvík	R-6291
— 79	— —	Arthur Jónatansson, Rvík	R-6146
— 80	— —	Guðbjartur Pálsson, Rvík	R-14204
— 83	Sunbeam Rapier Saloon		
— 89	Humber Sceptye	Áburðarverksmiðjan, Rvík	R-3585
— 90	— —	— —	R-3032
— 92	Singer Vogue	Valtýr Þórólfsson, Reyðarf.	U-53
— 88	Hillman Super Minx Saloon		

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 248. gr. eða 249. gr. sömu laga, svo og 33. gr., sbr. 45. gr. laga nr. 68, 1956 um tollheimtu og tolleftirlit og 46. gr. og 2. mgr. 48. gr. i.f., sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41, 1957 um sama efni, sbr. 32. gr. og 50. gr. nefndra laga nr. 68. 1956.

B. Ákærða Óskari Agnari er gefin að sök hlutdeild í fyrrgreindu atferli meðákærða Sigurðar, sem rakið er hér að framan í A-lið, með því að hafa á þargreindum tíma, en þá veitti hann fyrirtækinu Raftækni h. f. í Reykjavík forstöðu, hvatt meðákærða Sigurð til fyrrgreinds atferlis, bæði með fullyrðingum við Sigurð um, að hann (Óskar Agnar) myndi sjá um löglega tollafgreiðslu bifreiðanna innan nokkurra daga án þess að hafa fyrirsjáanlega möguleika til þess, enda reyndist það ókleift, svo og með áfengisgjöfum til Sigurðar við afhendingu hverrar bifreiðar.

Telst þetta aðallega varða við 247. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaganna, en til vara við 248. gr. eða 249. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, svo og við 33. gr., sbr. 45. gr. laga nr.

68, 1956 og 46. gr. og 2. mgr. 48. gr. i.f., sbr. 102. gr. reglugerðar nr. 41, 1957, sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaganna, og ennfremur við 1. mgr. 39. gr. laga nr. 68, 1956.

II. Skilasvik.

A. Ákærða Óskari Agnari er gefið að sök að hafa, að lokinni móttöku bifreiða þeirra, sem um ræðir í I-A, selt þær eða ráðstafað til viðskiptavina Raftækni h/f, sbr. dálka VIII og IX í þargreindum lista, og áður en aflétt yrði vörzlu og haldsrétti Eimskipafélags Íslands h/f yfir bifreiðunum, þar sem þær höfðu þá enn eigi hlotið lögmæta tollafgreiðslu og Eimskipafélagið bæri sem farmflytjandi ábyrgð á aðflutningsgjöldum og andvirði bifreiðanna, en vangreidd aðflutningsgjöld af þeim námu kr. 2.509.785.00, ógreitt af innkaupsverði kr. 269.384.75 og vangreidd flutningsgjöld kr. 112.454.70, eða samtals kr. 2.891.624.70.

Telst þetta varða við 250. gr., 2. töl. 1. mgr., hegningarlaganna.

B. Ákærða Sigurði er gefin að sök hlutdeild í fyrrgreindu broti meðákærða Óskars Agnars, sem greint er hér að framan í A-lið, með því að hafa afhent honum umræddar bifreiðir til ráðstöfunar á þann hátt sem rakið er í A-lið fyrri kafla ákærunnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 250. gr., 2. töl., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar. Þá er þess einnig krafizt, að ákærði Óskar Agnar verði sviptur verzlunarleyfi samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 68, 1956 og 2. og 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna."

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er fæddur 29. nóvember 1930 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1950 6/11 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1953 20/3 — —— Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki.

1956 15/9 í Reykjavík: Sátt, 11.500 kr. sekt fyrir brot á 3. sbr. 33. gr. áfengislaga.
1960 14/3 — —— Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1961 14/8 — —— Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1962 12/7 — —— Áminning fyrir ökuhraða.
— 5/9 — —— Dómur: 3.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1964 12/3 — —— Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
— 22/4 — —— Sátt, 800 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
— 23/10 — —— Dómur: Fangelsi í 12 mánuði, sviptur smásöluleyfi ævilangt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga og 39. gr. laga nr. 68/1956.
1965 17/5 — —— Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir vanrækslu á verðútreikningum.
— 23/6 — —— Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 23/10 1964: Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Ákærði Sigurður Þorkelsson er fæddur 10. apríl 1925 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1944 21/7 í Reykjavík: Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13/1941, 2. sbr. 27. gr., 1. mgr., og 15. sbr. 33. gr. áfengislaga.
1945 23/4 — —— Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 14. gr. áfengislaga.
— 25/5 — —— Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1946 20/3 — —— Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1947 4/1 — —— Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 27/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.

1952 29/3 — —— Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1953 27/11 — —— Dómur: 1.800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

1964 23/10 — —— Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 249. gr. hegningarlaga og 46. og 48. gr. reglugerðar nr. 41/1957.

1965 23/6 — —— Dómur Hæstaréttar í framangreindu máli: Hinn áfryjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Árið 1961 var stofnað fyrirtækið Raftækni h/f hér í borg, og var tilgangur þess: rafvélaviðgerðir og verzlun með ýmiss konar varahluti og annar skyldur rekstur. Ákærði Óskar Agnar Ólafsson varð formaður félagsstjórnar og annar af tveimur framkvæmdastjórum félagsins, og átti hann og eiginkona hans þriðjung hlutafjár þess, eða 20 þús. kr.

Árin 1962 og 1963 flutti félagið til landsins nokkuð af bifreiðum frá Rootes Ltd. í Englandi. Voru þar á meðal þær 25 bifreiðar, sem taldar eru í ákæru máls þessa, og voru þær fluttar inn með þeim skipum H/f Eimskipafélags Íslands og á þeim tíma, sem þar greinir. Það athugast þó, að tegundarheiti bifreiðarinnar í 24. lið var Hilman Super Minx Saloon og bifreiðarinnar í 25. lið í ákæru Singer Vogue. Tollar og aðflutningsgjöld af þessum 25 bifreiðum námu samtals kr. 2.509.785.00.

Greindar bifreiðar voru færðar í vörugeymslu skipafélagsins í svonefndum Borgarskála við Borgartún hér í borg. Ákærði Sigurður Þorkelsson, sem þar hafði starfað í 5—6 ár, tók þá við þeim, og skyldi hann afhenda þær gegn framvísun farmskírteina, sem á hefði verið stimplað, að flutningsgjöld bifreiðanna væru greidd (stimpill H/f Eimskipafélags Íslands), að tollar og aðflutningsgjöld væru greidd (stimpill tollyfirvalda) og að verð bifreiðanna væri greitt (stimpill banka).

Á tímabilinu frá því seinast í júní og fram í september 1963 fékk ákærði Óskar Agnar ákærða Sigurð til að afhenda sér greindar 25 bifreiðar úr vörugeymslu skipafélagsins án framvísunar nokkurra heimildarskjala. Bifreiðarnar voru dregnar í burtu, stundum 2—3 eða nokkrar sama dag, af bifreið, sem ákærði Óskar Agnar ók, en annar maður, sem með honum var, stýrði bifreiðunum. Ákærði Óskar Agnar lét ákærða Sigurð fá eina flösku af hvannarótarbrennivíni í hvert skipti, áður en hann fékk bifreið afhenta. Bauð hann ákærða Sigurði áfengið að fyrrabragði, en hinn síðarnefndi kveðst drekka þó nokkurt áfengi og ekki hafa fengið aðra umbun eða þóknun fyrir afhendingu bifreiðanna.

Ákærði Óskar Agnar kveður, að upphaf þessa hafi verið það, að hann hafi þurft mjög að fá eina bifreið afhenta og þá, án vitundar annarra eigenda Raftækni h/f, beðið ákærða Sigurð um að láta hana af hendi án heimildarskjala, en því mundi verða kippt í lag eftir nokkra daga. Fyrirtækið Raftækni h/f hafi verið í fjárþröng á þessum tíma, en hann hafi gert sér vonir um, að úr þeim vandræðum mundi rætast, því að vonir hefðu staðið til, að inn í fyrirtækið kæmi maður með nokkurt reiðufé, þó að það brygðist. Hefur hann færzt undan því að nafngreina mann þennan. Enn fremur kveður hann, að margir af hinum væntanlegu kaupendum bifreiðanna hafi verið búnir að greiða fyrirtækinu um helming kaupverðsins fyrirfram og því verið farnir að ganga eftir þeim. Þá hafi um mánaðamótin apríl og maí 1963 tollur af bifreiðunum hækkað úr 40% í 90%, eða um ca. 20 þús. kr. Hafi því orðið tap á sölu þeirra, því að tollahækkunin hafi lent á fyrirtækinu, þar sem kaupsamningar um bifreiðarnar hafi verið miðaðar við hina eldri tolla. Kaupendur bifreiðanna hafi síðan greitt fyrirtækinu eftirstöðvar kaupverðsins, þegar þeir fengu þær í hendur.

Ákærði Sigurður kveður ákærða Óskar Agnar hafa lagt að sér að afhenda honum greindar bifreiðar og lofað honum (ákærða Sigurði) því, að hann skyldi koma með stimpluð farmskírteini eftir mjög stuttan tíma. Kveðst ákærði Sigurður hafa látið undan honum, „vegna þess að hann er meinlaus maður", eins og hann hefur komizt að orði um sig. Ákærði Óskar Agnar hafi þó aldrei komið með farmskírteinin.

Þegar bifreiðarnar voru afhentar úr vörugeymslunni til ákærða Óskar Agnars, voru ógreidd öll flutningsgjöld þeirra til H/f Eimskipafélags Íslands og allir tollar og aðflutningsgjöld,

en verð þeirra var, að því er hann telur, þegar greitt í Útvegsbanka Íslands að undanskildum 342 þús. kr., en í þeirri upphæð var innifalið verð þriggja bifreiða, er voru enn geymdar hjá skipafélaginu. Ákærði Sigurður kveðst hafa gert sér ljóst, þegar hann afhenti bifreiðarnar án framvísunar farmskírteina, að framangreind gjöld höfðu eigi verið greidd. Hafi hvarflað oftar en einu sinni að sér, að hann mundi baka skipafélaginu fjárhagstjón með háttsemi sinni og hafi sér þá eigi liðið vel, en hins vegar hafi hann treyst því til hins síðasta, að ákærði Óskar Agnar kæmi með stimpluð farmskírteini og kippti málunum þannig í lag.

Af hálfu H/f Eimskipafélags Íslands hefur verið upplýst, að gagnvart því hafi Raftækni h/f verið eigandi allra hinna 25 bifreiða, þegar þær voru afhentar úr vörugeymslu félagsins. Þá kveðst ákærði Óskar Agnar halda, að allar bifreiðarnar hafi verið greiddar Rootes Ltd. og því verið eign Raftækni h/f, þegar þær fóru úr vörzlum skipafélagsins, en bankaábyrgð hafi þó verið óuppgerð. Hann telur sig þá hafa haft í höndunum farmskírteini fyrir hverja einstaka bifreið.

Útgjöld H/f Eimskipafélags Íslands vegna framangreinds afterlis ákærðu eru sem hér segir:

1. Krafa tollstjórans í Reykjavík um greiðslu á vangreiddum tollum og aðflutningsgjöldum af 25 bifreiðum	kr.	2.509.785.00
2. Krafa Útvegsbanka Íslands um greiðslu á eftirstöðvum af ógreiddu innkaupsverði bifreiðanna ásamt vöxtum	—	282.988.60
3. Vangreidd farmgjöld, uppskipunar- og vörugjöld	—	129.192.00
Samtals	kr.	2.921.965.60

Hér fyrir utan er útlagður kostnaður félagsins vegna málarekstrar þessa og vaxtakostnaður.

Með dómsátt afhenti ákærði Óskar Agnar skipafélaginu víxla samtals að fjárhæð kr. 746.360.00 og setti að veði húseignina Háagerði 77 með II. veðrétti fyrir kr. 1.000.000.00, húseignina Háagerði 35 með VI. veðrétti fyrir kr. 800.000.00 og húseignina Langholtsveg 113 með IV. veðrétti fyrir kr. 700.000.00.

Hefur skipafélagið fengið nú greiddar upp í fyrrgreind út-

gjöld þess um kr. 2.700.000.00 í peningum og verðbréfum auk nokkurra víxla, sem félagið hefur ennþá til innheimtu, og lögfræðingur þess telur, að takast muni að innheimta af kr. 100.000.00 til kr. 150.000.00.

Félagið hefur því ekki haft uppi fébótakröfur í máli þessu.

Kemur þá til athugunar, hvort ákærðu hafa gerzt brotlegir gegn þeim ákvæðum laga og reglugerðar, sem í ákæru greinir.

Telja verður, að ákærði Sigurður hafi misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður í vörugeymslu H/f Eimskipafélags Íslands sér til nokkurs ávinnings með því að afhenda í heimildarleysi ákærða Óskari Agnari fyrrgreindar 25 bifreiðar, sem voru í eigu Raftækni h/f í nefndri vörugeymslu, en ekki höfðu verið greiddir af tollar, flutningsgjöld og hluti af innkaupsverði. Verknaður þessi var fyrst og fremst í þágu Raftækni h/f, sem ákærði Óskar Agnar stýrði og átti að hluta, og hvatti hann ákærða Sigurð til verknaðarins, bæði með fullyrðingum, sem ætla verður, að hinn fyrrnefndi hafi hlotið að sjá fyrir, að ekki mundu standast, svo og með áfengisgjöfum ákærða Sigurði til handa.

Ákærði Óskar Agnar lét síðan bifreiðarnar af hendi við kaupendur þeirra, áður en aflétt yrði haldsrétti skipafélagsins yfir bifreiðunum, þar sem þær höfðu þá enn eigi hlotið lögmæta tollafgreiðslu og félagið bæri sem farmflytjandi ábyrgð á aðflutningsgjöldum og andvirði þeirra. Ákærði Sigurður gerði hins vegar ákærða Óskari Agnari mögulegt að framkvæma verknað þennan með því að afhenda honum bifreiðarnar, og hlaut hinum fyrrnefnda að vera ljós þau réttarspjöll eða fjártjón, sem verknaðurinn gat haft í för með sér fyrir skipafélagið.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn að sýkna verði ákærðu af ákæru um brot gegn 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en atferli þeirra varðar við lög og reglugerð sem hér segir:

Ákærði Sigurður þykir hafa gerzt brotlegur gegn 249. gr. og gegn 250. gr., 1. mgr. 2. tl., sbr. 22. gr., 1. mgr., hegningarlaganna, en atferli hans verður ekki einnig heimfært undir þær greinar laga nr. 68/1956 og rgj. nr. 41/1957, sem í ákæru er gert, þar sem talið verður, að með „afgreiðslumanni" í þeim ákvæðum sé ekki átt við verkamanninn (ákærða Sigurð), heldur við vöruinnflytjandann (skipafélagið).

Ákærði Óskar Agnar þykir hafa gerzt brotlegur gegn 249. gr. sbr. 22. gr., 1. mgr., og gegn 250. gr., 1. mgr. 1. tl., hegningarlaganna, en atferli hans verður ekki einnig heimfært undir þær

greinar laga nr. 68/1956 og rgj. nr. 41/1957, sem í ákæru er gert.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 22. júní 1964, var opinbert mál höfðað á hendur ákærðu fyrir háttsemi þá, sem ræðir um í ákæru máls þessa. Hinn 23. október sama ár gekk dómur í málinu í sakadómi Reykjavíkur, og var ákærði Óskar Agnar dæmdur í 12 mánaða fangelsi, en ákærði Sigurður í 7 mánaða fangelsi. Ákærðu áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar, og gekk dómur þar hinn 23. júní f. á. Var ákæran ekki talin fullnægja ákvæðum 2. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 82/1961 um glögga skilgreiningu á sakarefni og því ekki verða lögð til grundvallar dómi um efni málsins. Var hinn áfrýjaði dómur því ómerktur og málinu vísað frá sakadómi, en sakarkostnað skyldi greiða úr ríkissjóði. Þykir rétt að hafa í huga við ákvörðun refsinga ákærðu, að þeir eru nú sóttir til saka í annað skipti fyrir háttsemi sína.

Refsing ákærða Óskars Agnars þykir samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af því, að hann hefur greitt og sett tryggingar fyrir fjártjóni af atferli sínu, hæfilega ákveðin fangelsi í 11 mánuði.

Refsing ákærða Sigurðar, sem var látinn hætta starfi hjá H/f Eimskipafélagi Íslands 29. janúar 1964, eftir að komst upp um háttsemi hans, þykir samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af fyrri brotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Óskar Agnar sat í gæzluvarðhaldi frá 29. janúar til 5. febrúar 1964 og ákærði Sigurður frá 30. janúar til 4. febrúar sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist þeirra að koma með fullri dagatölu refsingum þeirra til frádráttar.

Hinn 30. júní 1961 fékk ákærði Óskar Agnar leyfi til smásöluverzlunar í Reykjavík, og gilti verzlunarleyfi þetta fyrir Raftækni h/f hér í borg. Fyrrgreint atferli ákærða Óskars Agnars er það stórfelt, að rétt þykir samkvæmt 68. gr., 2. og 3. mgr., hegningarlaganna, sbr. 6. gr. laga nr. 31 24. marz 1941 og 39. gr., 3. mgr., laga nr. 68/1956, að svipta hann framangreindu smásöluleyfi ævilangt.

Ákærða Óskari Agnari ber að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00. Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson sæti fangelsi í 11 mánuði,

en gæzluvarðhaldsvist hans frá 29. janúar 1964 til 5. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Sigurður Þorkelsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 30. janúar 1964 til 4. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er sviptur framangreindu smásöluleyfi ævilangt.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1966.

Nr. 136/1965. **Karl Ó. Jónsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Vopnfirðinga og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sáttir. Ómerking og frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. Kröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð öll í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 14. september 1965, hefur samþykkt kröfur aðaláfrýjanda.

Sáttamenn hafa ekki leitað um sáttir í málinu, en af

málsgögnum verður eigi ráðið, að heimilt hafi verið að ganga fram hjá þeim með sáttatilraun í málinu.

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð öll í héraði verða því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 7. september 1964.

Fulltrúi sýslumanns, Ólafur Björnsson, kvað upp dóm þennan.

Mál þetta, sem er dómtekið í dag, er höfðað með stefnu, útgefinni 27. marz 1963, af Karli Ó. Jónssyni, Vopnafirði, á hendur Kaupfélagi Vopnfirðinga, Vopnafirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 192.900.00 ásamt 9% ársvöxtum af kr. 167.400.00 frá 15. október 1962 til greiðsludags og af kr. 25.500.00 frá 15. febrúar 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndi, Kaupfélag Vopnfirðinga, hefur gert þá kröfu til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms, að stefnanda, Karli Ó. Jónssyni, verði gert að greiða stefnda kr. 191.050.00 auk 7% ársvaxta frá 17. maí 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 31. marz 1960, seldi stefndi stefnanda á leigu þann hluta af frystihúsi Kaupfélags Vopnfirðinga á Vopnafirði, sem ætlaður er til frystingar á fiski og síld. Leigutíminn var ákveðinn frá 1. apríl 1960 til ársloka 1961 og áskilinn 3 mánaða uppsagnarfrestur. Þá var kveðið svo á í leigusamningnum: „Verði samningnum þá sagt upp, skal leigutaki að öðru jöfnu sitja fyrir áframhaldandi leigu, og skal þá samið að nýju um leigu fyrir árið 1962 ...“

Hinn 26. maí 1961 barst stefnanda bréf frá stefnda með uppsögn á ofangreindum samningi miðað við árslok 1961. Með bréfi 4. nóvember 1961 tilkynnti stefnandi stefnda, að hann óskaði að neyta forleiguréttar skv. því ákvæði í leigusamningi, er að ofan greinir.

Þessu svaraði stefndi með bréfi, er barst stefnanda í hendur hinn 15. desember 1961, á þá leið, að stjórn Kaupfélags Vopnfirðinga hefði á fundi 30/11 1961 ákveðið að auglýsa ofannefnt frystihús til leigu og væri stefnanda sem öðrum frjálst að gera

leigutilboð. Jafnframt var stefnandi minntur á að gera upp viðskiptareikning sinn við stefnda.

Með auglýsingu, er birtist í Morgunblaðinu 15/12 1961, var nefnt frystihús auglýst til leigu af stefnda.

Þessum ráðstöfunum stefnda mótmælti stefnandi með skeyti til stefnda 30/12 1961 og hélt fram forleigurétti sínum.

Í janúar 1962 var frystihúsið selt öðrum aðilja á leigu og stefnanda tilkynnt það af stefnda. Stefnandi hélt enn fram mótmælum út af framferði stefnda og höfðaði að lokum mál þetta.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og byggir mótmæli sín á því, að stefnandi hafi verið í vanskilum við sig með greiðslu á geymslugjaldi vegna fiskbirgða, frystigjaldi, svo og vegna úttekta í viðskiptareikningi.

Varðandi kröfur stefnanda er það að segja, að af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja og óumdeildar eru, er ljóst, að stefnanda hefur ekki verið gefinn kostur á að neyta forleiguréttar í frystihúsi stefnda fyrir árið 1962, svo sem ákveðið var í samningi aðilja 31. marz 1960. Hins vegar verður ekki talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna, að fjárhagstjón hans hafi verið slíkt, sem hann gerir kröfur til greiðslu á, m. a. hefur hann ekki sýnt, að honum hafi tekizt að reka frystihúsið með hagnaði þann tíma, er hann hafði það á leigu. Verður því ekki hægt að taka stefnukröfuna til greina að fullu. Hins vegar verður að telja, að stefnandi eigi tilkall til miskabóta vegna þess, að hann var sviptur samningsbundnum forleigurétti. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um gagnkröfu stefnda liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar til þess, að dómur verði lagður á þær í máli þessu.

Niðurstaða málsins verður því, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 20.000.00 með 9% ársvöxtum frá 15. október 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Vopnfirðinga, greiði stefnanda, Karli Ó. Jónssyni, kr. 20.000.00 með 9% ársvöxtum frá 15. október 1962 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1966.

Nr. 137/1965. **Karl Ó. Jónsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Vopnfirðinga
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sáttir. Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. Kröfur hans eru þær, að héraðsdómur og málsmeðferð í héraði frá þingfestingardegi, 2. marz 1963, verði ómerkt.

Stefndi hefur samþykkt kröfur áfrýjanda.

Samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 5. gr. sbr. 82. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, var nægilegt, að héraðsdómari leitaði sátta um dómkröfur aðilja. Sáttatilraun héraðsdómara skal gerð, þegar kröfugerð er fram komin af hendi stefnda. Hins vegar brestur sönnur á, að héraðsdómari hafi þá eða síðar leitað sátta í málinu. Þykir því rétt að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð stefnda var lögð fram hinn 23. marz 1963, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð stefnda var lögð fram, eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 7. september 1964.

Fulltrúi sýslumanns, Ólafur Björnsson, kvað upp dóm þennan.

Mál þetta, sem er dómtekið í dag, er höfðað af stjórn Kaupfélags Vopnfirðinga f. h. kaupfélagsins með stefnu, útgefinni

1. marz 1963, gegn Karli Ó. Jónssyni, Kirkjubóli, Vopnafjarðarkauptúni, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 58.870.63 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags. Skuld þessa kveður stefnandi vera tilkomna vegna vöruúttektar stefnda persónulega og vegna firmans Jóns og Arnar, Vopnafirði, sem var einkafirma stefnda með ótakmarkaðri ábyrgð.

Stefndi hefur ekki mótmælt kröfum stefnanda í heild, heldur aðeins nokkrum einstökum liðum þeirra:

1. Ofreiknað lestunar- og losunargjald hjá skipaafgreiðslu stefnanda ..... kr. 1.443.14
   Stefnandi hefur fallizt á lækkunarkröfu þessa.
2. Lagfæring á húsi, áföstu frystihúsi stefnanda, framkvæmd af stefnda skv. nótu ..... — 1.928.00
   Stefnandi mótmælir lækkunarkröfunum á þeirri forsendu, að hér sé um að ræða óbeðinn erindisrekstur og auk þess hafi komið á móti húsafnot umfram afnot skv. leigusamningi aðilja 31/3 1960.
3. Útskipunarvinna, sem stefndi telur, að skipaafgreiðslu stefnanda beri að greiða ..... — 3.738.40
   Stefnandi hefur viðurkennt, að í þessum kröfulið sé tvítalin greiðsla til verkstjóra, kr. 565.74, og féllst á að lækka liðinn um þá fjárhæð. Hins vegar telur stefnandi, að um sé að ræða vinnu, áður en útflutningsvara var komin að skipi, og beri stefnda því að greiða liðinn
4. Ofreiknaðir vextir ..... — 210.64
   Stefndi féllst á lækkunarkröfu þessa.
5. Ranglega færðir vextir vegna síldarmjölspoka — 576.38
   Stefnandi mótmælir lækkunarkröfu þessari á þeirri forsendu, að upphæðin hafi þegar verið færð stefnda til tekna.
6. Geymslukostnaður ..... — 670.19
   Stefnandi telur stefnda eiga að greiða kostnað þennan.
7. Úttekt á sementi og hnífum árið 1962 ..... — 4.251.50
   Stefnandi bendir á, að þótt stefndi minnist þess ekki að hafa tekið við vörum þessum, sé augljóst, að starfsmenn hans hafi tekið við þeim og mótmælir því lækkunarkröfunni.

Niðurstaða dómsins varðandi einstaka liði í lækkunarkröfum stefnda verður þessi:

1. Lækkunarkröfuna ber að taka til greina með kr. 1.443.14.
2. Gegn mótmælum stefnanda er ekki hægt að taka lækkunarkröfu þessa til greina.
3. Skv. viðurkenningu stefnanda verður krafan tekin til greina, að því er varðar kr. 565.74. Frekari lækkun er ekki hægt að taka til greina gegn mótmælum stefnanda.
4. Lækkunarkrafan tekin til greina með kr. 210.64.
5. Lækkunarkrafan ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnanda, enda hefur stefndi ekki fært sönnur fyrir kröfunni.
6. Skv. viðskiptavenju verður að telja stefnda skyldugan til að greiða kostnað þennan, og er lækkunarkrafan ekki tekin til greina.
7. Með hliðsjón af vottorðum þeirra Valdimars Stefánssonar, Kristjáns Höskuldssonar og Arnbjargar Jónsdóttur, sem stefndi hefur ekki mótmælt sem óstaðfestum, er lækkunarkrafan ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af því, að stefndi hefur haft viðskiptareikning hjá stefnanda árin 1960—1962, og hefur sá reikningur verið lagður fram í málinu, verður niðurstaða málsins sú, að skuld stefnda við stefnanda verður réttilega reiknuð þannig:

Úttekt skv. viðskiptareikningi Karls Ó. Jónssonar	kr.	13.397.14
Úttekt skv. viðskiptareikningi einkafirma stefnda, Jóns og Arnar	—	45.473.49
	Kr.	58.870.63

en til frádráttar kemur:

Ofreiknað lestunar- og losunargjald	kr.	1.443.14
Ofreiknuð þóknun til verkstjóra	—	565.74
Ofreiknaðir vextir	—	210.64
	Kr.	2.219.52

Eftir þessa niðurstöðu verður skuld stefnda við stefnanda kr. 56.651.11.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda 9% ársvexti frá 1. janúar 1963 til greiðsludags af þeirri fjárhæð, kr. 56.651.11.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda einnig að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Karl Ó. Jónsson, greiði stefnanda, Kaupfélagi Vopnfirðinga, kr. 56.651.11 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1966.

Nr. 192/1966. **Guðmundur Magnússon**
(Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
Svani Jónssyni (enginn)
og til réttargæzlu
Geir goða h/f (Björn Sveinbjörnsson hrl.)
og
Karli Karlssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fyrning sjóveðréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1965. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er fjárhæðir varðar, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi og þess, að sjóveðréttur verði dæmdur í v/b Björgvin, áður KE 82, nú ÁR 21, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt, og er honum þó löglega stefnt.

Réttargæzlustefndu krefjast þess, að sjóveðréttarkröfu áfrýjanda verði hrundið og að honum verði dæmt að greiða þeim málskostnað hér fyrir dómi.

Samkvæmt sakargögnum og málflutningi þykir mega við það miða, að stefndi hafi verið eigandi og útgerðarmaður greinds fiskibáts þann tíma, sem kröfur áfrýjanda taka til. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir málavöxtum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. október 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 13. 11. 1964, er höfðað með stefnu, birtri 31. október 1964, af Guðmundi Magnússyni, Sörlaskjóli 46, Rvík., gegn Svani Jónssyni, Suðurlandsbraut 106, Rvík., til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í. Enn fremur er þess krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Björgvin, KE 82, sem verður ÁR 21, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Í þinghaldi þann 27. september lækkaði stefnandi stefnukröfuna í kr. 17.800.00, en hélt fast við kröfur sínar að öðru leyti. Stefnandi hefur stefnt til réttargæzlu í málinu Ólafi Loftssyni f. h. Geirs goða h/f, Keflavík, og Karli Karlssyni, Þorlákshöfn, „vegna kröfu minnar um viðurkenningu sjóveðréttar í m/b Björgvin, KE 82, er verður ÁR 21, fyrir tildæmdum fjárhæðum". Stefndi Svanur hefur látið sækja þing í málinu, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að andmælum væri hreyft gegn stefnukröfunni.

Verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkv. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Réttargæzlustefndi Karl hefur látið sækja þing í málinu.

Af hans hálfu hefur kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti verið mótmælt sem fyrndri og honum óviðkomandi. Einnig hefur hann krafizt málskostnaðar.

Af hálfu réttargæzlustefnda Geirs goða h/f hefur ekki verið sótt þing.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi verið ráðinn háseti á m/b Björgvin og hafi hann byrjað störf á nefndum báti 22. marz 1963. Stefnandi kveðst hafa verið á bátnum nákvæmlega 4 mánuði. Báturinn hafi verið við humarveiðar. Stefnandi kveðst síðan hafa verið á skipinu til 22. júlí 1963, en hætti þá, vegna þess hve illa gekk um greiðslur á kaupi úr hendi stefnda Svans. Stefnandi fékk aldrei viðskiptareikning né neins konar uppgjör frá stefnda Svani, en telur, að heildartekjur sínar fyrir vinnu sína á m/b Björgvin fyrir umrætt tímabil hafi numið kr. 40.000.00. Upp í þá kröfu hafi hann þegar fengið greitt, þannig að eftir standa nú aðeins kr. 17.800.00. Samkvæmt frásögn stefnanda mun stefndi Svanur hafa fengið afsal fyrir bátnum snemma á árinu 1963 frá seljanda hans, Geir goða h/f. M/b Björgvin hætti síðan veiðum í byrjun ágústmánaðar sama ár, og hafði þá verið beðið um uppboð á bátnum til lúkningar veðskuldum.

Sjóveðkröfu stefnanda hafi verið lýst í uppboðsréttinum, en uppboðinu síðan frestað nokkrum sinnum og síðan verið fellt niður að lokum 2. júlí 1964. Á meðan uppboðið frestaðist í uppboðsréttinum, voru kaupin látin ganga til baka til Geirs goða h/f, en hann síðan framselt bátinn Karli Karlssyni.

Svo sem stuttlega er vikið að hér að framan, hefur krafa stefnanda um greiðslu á kr. 19.000.00 úr hendi stefnda eigi sætt neinum andmælum, og með því að hún má teljast sennileg, verður hún tekin til greina með vöxtum, eins og í stefnu greinir.

Að því er varðar sjóveðréttinn, þá er það ljóst, að fyrninguna ber að telja frá tíma, er stefnandi hætti störfum á skipinu, eða frá 22 júlí 1963. Fyrningarfrestur sjóveðréttarins er eitt ár frá ofangreindum tíma, sbr. 6. tl. 1. mgr. 232. gr. l. nr. 63/1963, en mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 31. 10. 1964. Stefnandi hefur haldið því fram, að lýsing kröfunnar í uppboðsréttinum, sem drepið er á hér að ofan, hafi rofið fyrningu sjóveðréttarins, en á þá skoðun getur dómurinn ekki fallizt, þar eð nefndar aðgerðir stefnanda voru ekki lögsókn í skilningi 232. gr. l. nr. 66/1963. Sjóveðrétturinn í m/b Björgvin var því fyrndur og verður því ekki dæmdur.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfir-

borgardómara, ásamt sjódómsmönnunum Eiríki Kristóferssyni, fyrrverandi skipherra, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Svanur Jónsson, greiði stefnanda, Guðmundi Magnússyni, kr. 17.800.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum

---

Miðvikudaginn 19. október 1966.

Nr. 193/1965. **Pétur Breiðfjörð** (Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
Svani Jónssyni (enginn)
og til réttargæzlu
Geir goða h/f (Björn Sveinbjörnsson hrl.)
og
Karli Karlssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fyrning sjóveðréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1965. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, að því er fjárhæðir varðar, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi og þess, að sjóveðréttur verði dæmdur í v/b Björgvin, áður KE 82, nú ÁR 21, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt, og er honum þó löglega stefnt.

Réttargæzlustefndu krefjast þess, að sjóveðréttarkröfu áfrýjanda verði hrundið og að honum verði dæmt að greiða þeim málskostnað hér fyrir dómi.

Samkvæmt sakargögnum og málflutningi þykir mega við það miða, að stefndi hafi verið eigandi og útgerðarmaður

greinds fiskibáts þann tíma, sem kröfur áfrýjanda taka til. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir málavöxtum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. október 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 13/11 1964, er höfðað með stefnu, birtri 31. október 1964, af Pétri Breiðfjörð, Laugateigi 56, Rvík., gegn Svani Jónssyni, Suðurlandsbraut 106, Rvík., til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 29.500.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í. Enn fremur er þess krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Björgvin, KE 82, sem verður ÁR 21, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Í þinghaldi þann 27/9 s.l. lækkaði stefnandi stefnukröfuna í kr. 19.000.00, en hélt fast við kröfur sínar að öðru leyti.

Stefnandi hefur stefnt til réttargæzlu í málinu Ólafi Loftssyni f. h. Geirs goða h/f, Keflavík, og Karli Karlssyni, Þorlákshöfn „vegna kröfu minnar um viðurkenningu sjóveðréttar í m/s Björgvin, KE 82, er verður ÁR 21, fyrir tildæmdum fjárhæðum."

Stefndi Svanur hefur látið sækja þing í málinu, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að andmælum væri hreyft gegn stefnukröfunni. Verður því að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkv. 118. gr. l. 85/1936.

Réttargæzlustefndi Karl hefur látið sækja þing í málinu. Af hans hálfu hefur kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti verið mótmælt sem fyrndri og honum óviðkomandi. Einnig hefur hann krafizt málskostnaðar.

Af hálfu réttargæzlustefnda Geirs goða h/f hefur ekki verið sótt þing.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hann hafi verið ráðinn stýrimaður á m/b Björgvin og byrjað störf á nefndum báti 22. maí 1963. Hafi hann verið ráðinn af skipstjóranum, Svani Jónssyni, eða til 22. júlí 1963, en þá hætti stefnandi, vegna þess hve illa gekk um greiðslur á kaupi úr hendi stefnda Svans. Stefnandi hafi aldrei fengið viðskiptareikning né neins konar

uppgjör frá stefnda Svani, en telur, að heildartekjur sínar fyrir umrætt tímabil á m/b Björgvin hafi numið kr. 33.000.00. Stefndi hafi greitt upp í þá kröfu þannig, að eftir standi nú stefnufjárhæðin.

Samkvæmt frásögn stefnanda mun stefndi Svanur hafa fengið afsal fyrir bátnum snemma á árinu 1963 frá seljanda hans, Geir goða h/f. M/b Björgvin hætti síðan veiðum í byrjun ágústmánaðar 1963, og hafði þá verið beðið um uppboð á bátnum til lúkningar veðskuldum. Sjóveðkröfu stefnanda hafi verið lýst í uppboðsréttinum, en uppboðinu verið frestað nokkrum sinnum og síðan látið niður falla að lokum 2. júlí 1964. Á meðan uppboðið frestaðist í uppboðsréttinum, voru kaupin látin ganga til baka til Geirs goða h/f, en hann síðan selt bátinn Karli Karlssyni.

Svo sem stuttlega er vikið að hér að framan, hefur krafa stefnanda um greiðslu á kr. 19.000.00 eigi sætt neinum mótmælum, og með því að hún má teljast sennileg, verður hún tekin til greina með vöxtum, eins og í stefnu greinir.

Að því er sjóveðréttinn varðar, þá er það ljóst, að fyrninguna ber að telja frá þeim tíma, er stefnandi hætti störfum á skipinu, eða frá 22. júlí 1963. Fyrningarfrestur sjóveðréttarins er eitt ár frá ofangreindum tíma, sbr. 6. tl. 1. mgr. 232. gr. l. nr. 63/1963, en mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 31. okt. 1964. Stefnandi hefur haldið því fram, að lýsing kröfunnar í uppboðsréttinum, sem drepið var á hér að ofan, hafi rofið fyrningu sjóveðréttarins, en á þá skoðun getur dómurinn ekki fallizt, þar eð nefndar aðgerðir voru ekki lögsókn í skilningi 232. gr. l. nr. 63/1963. Sjóveðrétturinn í m/b Björgvin var því fyrndur og verður því ekki dæmdur. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður að öðru lyti.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, ásamt sjódómsmönnunum Eiríki Kristóferssyni, fyrrverandi skipherra, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Svanur Jónsson, greiðir stefnanda, Pétri Breiðfjörð, kr. 19.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1966.

Nr. 26/1966. **Alfred Eymundsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hjörtur Torfason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1966 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framgang lögtaksgerðar og stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti og seldi á árinu 1963 fimm notaðar bifreiðar, þannig að hann átti að jafnaði eigi nema eina þeirra í einu. Var kaupverð allra bifreiðanna kr. 558.000.00, en söluverð kr. 605.000.00 og hagnaður því kr. 47.000.00, sem áfrýjandi hefur talið fram til tekjuskatts. Skattayfirvöld hafa talið áfrýjanda söluskattskyldan af söluverði bifreiðanna og gert honum að greiða kr. 18.150.00 í söluskatt. Er nú krafizt lögtaks hjá honum fyrir fjárhæð þessari auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Með kaupum og sölu nefndra bifreiða hefur áfrýjandi, sem enga sjálfstæða starfstöð með bílasölu rak, svo að vitað sé, hvorki stundað „sjálfstæða starfsemi“ í merkingu 4. gr., stfl. d., laga nr. 10/1960 né „atvinnurekstur“ í merkingu 6. gr., 13. tl., sömu laga, er honum bæri að tilkynna sem söluskattskylda starfsemi eða atvinnurekstur til skattayfirvalda samkvæmt 11. gr. sömu laga. Var áfrýjanda því eigi skylt

að greiða söluskatt af söluverði bifreiðanna. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Alfred Eymundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 7. janúar 1966.

Gerðarþola, Alfreð Eymundssyni, Stóragerði 34, hér í borg, var gert að greiða hér viðbótarsöluskatt fyrir ár 1963 að fjárhæð kr. 18.150.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt skattgjald þetta, hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt þess, að löktak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri kröfu, kr. 18.150.00, ásamt dráttarvöxtum, kr. 4.083.00, og kostaði, kr. 100.00, fram til 18. júní 1965, eða samtals kr. 22.333.00, svo og síðari dráttarvöxtum og kostnaði við lögtaksgerðina, eftirfarandi uppboð, ef til kemur, og kostnaði við flutning málsins fyrir fógetaréttinum, gerðarbeiðanda að skaðlausu.

Í upphafi máls þessa krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda þess (rskj. nr. 5), að umbeðið lögtak yrði framkvæmt þegar í stað, án þess að gerðaraþola yrði leyft að halda uppi vörnum um efnishlið málsins. Þessu mótmælti umboðsmaður gerðarþola (rskj. nr. 6), og féll um þetta atriði úrskurður fógeta í réttarhaldi í málinu 7. júlí 1965 á þá leið, að gerðarþola væri heimilt að halda uppi efnislegum vörnum í málinu. Úrskurður þessi var eigi kærður til Hæstaréttar, og hófst þá efnislegur flutningur málsins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 6) og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist á því, að umrædd skattálagning sé án lagaheimildar. Úrskurður ríkisskattanefndar hafi komið gerðarþola algerlega á óvart, enda virðist úrskurður nefndarinnar ganga í berhögg við úrskurð hennar í öðru máli, þessu hliðstæðu. Það sé viðurkennt, að einstaklingar geti átt eina eða tvær bifreiðar hverju sinni til eigin afnota og ánægju. Slíkt sé eigi talið til útgerðar bifreiða eða annars atvinnurekstrar. Á sama hátt verði að telja, að sömu einstaklingar megi skipta um bifreiðar svo oft sem þá lysti, án þess að ástríða af því tagi leiði til söluskattskyldu. Þó að maður sé sífellt að skipta um bifreið til einkaafnota, sanni þessi árátta engan veginn, að kaup og sala bifreiða sé atvinna mannsins, jafnvel þó að hann eignist að lokum verðmætari bifreið eða hafi hlotnazt milligjafir í peningum, sem vitanlega sé lagður á tekjuskattur og útsvar. Megi líkja þessum viðskiptum við hestakaup, sem margir hafi yndi af. Spurningin sé í þessu máli sú, hvort lausafé, notað í eigin þágu seljanda, sé söluskattskylt. Þessu svari löggjafinn neitandi. Samkvæmt 4. gr. d. og 6. gr., 13. tölul., laga nr. 10/1960 sé sala á lausafé, sem seljandi hafi notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, ekki söluskattskyld. Þó sé gerð undantekning að því leyti, ef salan teljist til atvinnurekstrar. Engar sannanir liggi fyrir um það í þessu máli, að hér hafi verið um atvinnurekstur að ræða, en hins vegar mæli allar líkur gegn því.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 7) og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann um hina umræddu skattkröfu vísað til laga nr. 10/1960 og reglugerðar nr. 15/1960 um söluskatt, en samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar hafi umrædd skattálagning verið gerð. Skattgjaldið sé miðað við heildarandvirði 5 bifreiða, er gerðarþoli hafi keypt og selt á árinu 1963, sbr. 9. gr. söluskattslaganna, og sé sú upphæð óumdeild. Álagningin hafi verið framkvæmd að ákvörðun skattstjóra samkvæmt 5. mgr. 12. gr. laganna á grundvelli upplýsinga, er fram hafi komið við tekjuskattsframtal gerðarþola í ársbyrjun 1964. Sé talið sýnt, að hann hafi stundað kaup og sölur bifreiða í atvinnuskyni á árinu 1963, enda þótt hann hafi þá haft aðra aðalatvinnu, og eigi tilkynnt um þessa starfsemi sína. Samkvæmt 2. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 10/1960 sé hver sá aðili söluskattskyldur, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti með þeim takmörkunum einum, er í lögunum

greini. Til áréttingar séu í 4. gr. laganna rakin nokkur dæmi um skattskylda sölu, sbr. hér einkum d-lið ákvæðisins, þar sem tilfærð sé sala eða önnur afhending vöru af hálfu aðilja, er stundi sjálfstæða starfsemi, þótt hvorki teljist smásala, heildsala né iðnrekstur í venjulegum skilningi. Sé ljóst af þessu og öðrum ákvæðum laganna og tilheyrandi reglugerðar, að hugtakið „atvinnurekstur" í merkingu söluskattslaganna hafi mjög víðtækt gildi. Sú sé helzt takmörkun á söluskattskyldunni, að hún sé almennt bundin við síðasta stig viðskipta, þ. e. sölu til neytanda, sbr. 3. gr. laganna, en neytandi teljist sá, er eigi endurselji vöru í atvinnuskyni. Í 6. gr. laganna séu síðan tæmandi taldar þær sérstöku undanþágur, sem til greina komi við vörusölu og verðmæta, þó þannig, að ráðherra kveði nánar á um það í reglugerð, hvað undir þær skuli falla, sbr. niðurlag 7. gr. Í 13. tölulið 6. gr. sé þess þannig getið, að undanþegin sé sala á lausafé, sem seljandi hafi „notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar." Segja megi, að þetta leiði þegar af öðrum ákvæðum laganna. Það sé sala til neytanda, sem skattskyld sé, og endursala hans á verðmæti, er hann hafi keypt og notað í eigin þágu, verði eigi skattskyld, nema hún falli inn í sjálfstæða starfsemi hans sem seljanda. Það, sem geri ákvæði þetta athygilisvert, sé útfærsla þess í 13. tölul. 9. gr. reglugerðar nr. 15/1960, en þar segi, að með því sé t. d. undanþegin sala á notuðum munum einstaklinga og á vélum og áhöldum atvinnufyrirtækja. Sé sala nefndra fjármuna hins vegar meiri eða örari en eðlilegt geti talizt með tilliti til aðstæðna hverju sinni, verði að líta svo á, að um skattskylda starfsemi sé að ræða. Megi segja, að fyrirmæli þessi skýri flestum betur, hvað átt sé við í lögunum, þegar talað sé um sölu í atvinnuskyni. Um gerðarþola liggi það fyrir, að hann hafi keypt og selt 5 bifreiðar á árinu 1963 auk þess sem hann hafi selt bifreið þá, er hann hafi átt í ársbyrjun, og keypt þá bifreið, sem hann hafi átt í árslok. Allar hafi bifreiðarnar verið keyptar og seldar með stuttu millibili, þar af ein sama daginn. Hagnaður hans af sölu bifreiðanna fimm hafi alls numið kr. 47.000.00, eða sem svari þriðjungi af öðrum atvinnutekjum gerðarþola, sem alls hafi numið kr. 146.340.00. Gerðarþoli hafi eigi leitt neinar líkur að því, að honum hafi gengið annað til þessara viðskipta en atvinnusjónarmið. Verði því að telja, að hann hafi verið réttilega skattlagður samkvæmt hinum almennu reglum laganna. Honum sé síður en svo nokkur stoð í undanþáguákvæði 13. tölul. 6. gr. sölu-

skattslaganna, enda bersýnilegt, að bifreiðasölur hans hafi verið bæði meiri og örari en eðlilegt sé um slíka neyzlumuni. Auk þess hafi gerðarþoli eigi fært sönnur á það grundvallaratriði þessa ákvæðis, að hann hafi raunverulega notað umræddar bifreiðar í eigin þágu.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Eins og að framan greinir, er um það deilt í máli þessu, hvort kaup og sala gjörðarþola á bifreiðum á árinu 1963 hafi verið þess eðlis, að heimilt hafi verið að gera gerðarþola að greiða söluskatt af bifreiðasölum hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 10/1960 og reglugerðar nr. 15/1960 um söluskatt. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að umrædd skattálagning hafi réttilega verið gerð samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar, og hefur hann í því efni meðal annars vísað til 2. gr. sbr. 5. gr. laganna, enn fremur til d-liðs 4. gr. og 13. töluliðs 6. gr. sömu laga svo og 13. töluliðs 9. gr. nefndrar reglugerðar. Umboðsmaður gerðarþola hefur hins vegar haldið því fram, að umrædd bifreiðaviðskipti gerðarþola hafi eigi verið söluskattskyld, og hefur hann um það vísað til d-liðs 4. gr. og 13. töluliðs 6. gr. söluskattslaganna, þar sem segir, að undanþegin söluskatti sé sala á lausafé, sem seljandi hafi notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.

Samkvæmt framanskráðu hafa bifreiðaviðskipti gerðarþola á árinu 1963 verið sem hér segir (sbr. rskj. nr. 4. og nr. 9):

R 6466, Chervolet	'59,	kaupdagur	22/3	söludagur	13/7
X 44 —	'60,	—	24/7	—	2/8
R 12445, Opel Caravan .	'63,	—	3/8	—	21/9
R 14273, Volkswagen ...	'63,	—	30/9	—	15/11
R 7905, Landrover	'62,	—	26/10	—	26/10

Gerðarþoli hefur þannig samkvæmt þessu keypt og selt á árinu 1963 fimm bifreiðar og selt þær allar, skömmu eftir að hann keypti þær og eina samdægurs. Með vísan til þessa verður réttarinn að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að framangreind bifreiðaviðskipti gerðarþola hafi verið meiri og örari en eðlilegt geti talizt um sölu slíkra fjármuna með tilliti til aðstæðna og af því verði að líta svo á, að viðskipti þessi hafi verið gerð í atvinnuskyni, enda þótt gerðarþoli hafi á sama tíma haft aðra aðalatvinnu og enda þótt hann kunni að hafa notað bif-

reiðarnar eitthvað í eigin þágu, og að umræddar bifreiðasölur gerðarþola hafi því verið söluskattskyldar skv. 2. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. d-lið 4. gr. sömu laga, enda falli sölur þessar eigi undir undanþáguákvæði 13. töluliðar 9. gr. reglugerðar nr. 15/1960 um söluskatt, en þar segir svo um sölur þær, sem undanþegnar eru söluskatti: „Lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.

Með þessu ákvæði er t. d. undanþegin sala á notuðum munum einstaklings, enn fremur sala véla og áhalda atvinnufyrirtækja, sem notuð hafa verið í atvinnurekstri, ef salan getur talizt eðlilegur þáttur í endurnýjun og viðhaldi þeirra eða ef fyrirtæki hættir starfsemi. Sé sala nefndra fjármuna meiri eða örari en eðlilegt getur talizt með tilliti til aðstæðna hverju sinni, verður að líta svo á, að um skattskylda starfsemi sé að ræða".

Samkvæmt þessu lítur rétturinn svo á, að umkrafinn söluskattur vegna bifreiðasölu gerðarþola á árinu 1963 hafi réttilega verið á hann lagður samkvæmt ákvæðum laga nr. 10/1960 og reglugerðar nr. 15/1960 um söluskatt. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir skattkröfunni, kr. 1.8150.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði frá gjalddaga til greiðsludags á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð fyrir kr. 18.150.00 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði frá gjalddaga til greiðsludags á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 21. október 1966.

Nr. 27/1966. **Guðmundur Sigurðsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hjörtur Torfason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1966 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framgang lögtaksgerðar og stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi seldi á árinu 1963 fjórar notaðar bifreiðar, en þrjár þeirra hafði hann keypt á sama ári. Eigi átti hann nema eina þeirra að jafnaði í einu. Var söluverð bifreiðanna samtals kr. 386.000.00 og hagnaður af sölunum kr. 44.800.00, sem áfrýjandi hefur talið fram til tekjuskatts. Skattayfirvöld telja áfrýjanda söluskattskyldan af söluverði bifreiðanna og hafa gert honum að greiða kr. 11.242.00 í söluskatt. Er nú krafizt lögtaks hjá honum fyrir fjárhæð þessari auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Með kaupum og sölu nefndra bifreiða hefur áfrýjandi, sem enga sjálfstæða starfstöð með bílasölu rak, svo að vitað sé, hvorki stundað „sjálfstæða starfsemi“ í merkingu 4. gr., stfl. d., laga nr. 10/1960 né „atvinnurekstur“ í merkingu 6. gr., 13. tl., sömu laga, er honum bæri að tilkynna sem söluskattskylda starfsemi eða atvinnurekstur til skattayfirvalda samkvæmt 11. gr. sömu laga. Var áfrýjanda því eigi skylt að greiða söluskatt af söluverði bifreiðana. Sam-

kvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Guðmundi Sigurðssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 6. janúar 1966.

Gerðarþola, Guðmundi Sigurðssyni, Háaleitisbraut 26 hér í borg, var gert að greiða hér viðbótarsöluskatt fyrir ár 1963 að fjárhæð kr. 11.242.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt skattkröfu þessa, hefur tollstjórinn í Reykjavík krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri kröfu, kr. 11.242.00, ásamt dráttarvöxtum, kr. 2.529.00, og kostnaði fram til 18. júní 1965, eða samtals kr. 13.871.00, svo og síðari dráttarvöxtum og kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, og kostnaði öllum við flutning málsins fyrir fógetaréttinum, gerðarbeiðanda að skaðlausu.

Í upphafi máls þessa krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda þess (sbr. rskj. nr. 5.), að umbeðið lögtak yrði framkvæmt þegar í stað, án þess að gerðarþola yrði leyft að halda uppi vörnum um efnishlið málsins. Þessu mótmælti umboðsmaður gerðarþola (rskj. nr 6), og féll um þetta atriði úrskurður fógeta í réttarhaldi í málinu 7. júlí 1965 á þá leið, að gerðarþola væri heimilt að halda uppi efnislegum vörnum í málinu. Úrskurður þessi var eigi kærður til Hæstaréttar, og hófst þá efnislegur flutningur málsins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 6) og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist

á því, að umrædd skattálagning sé án lagaheimildar. Úrskurður ríkisskattanefndar hafi komið gerðarþola algerlega á óvart, enda virðist úrskurður ríkisskattanefndar ganga í berhögg við úrskurð nefndarinnar í öðru máli, þessu hliðstæðu. Það sé viðurkennt, að einstaklingar geti átt eina eða tvær bifreiðar hverju sinni til eigin afnota og ánægju. Slíkt sé eigi talið til útgerðar bifreiða eða annars atvinnurekstrar. Á sama hátt verði að telja, að sömu einstaklingar megi skipta um bifreiðar svo oft sem þá lysti, án þess að ástríða af því tagi leiði til söluskattskyldu. Þó að maður sé sífellt að skipta um bifreið til einkaafnota, sanni þessi árátta engan veginn, að kaup og sala bifreiða sé atvinna mannsins, jafnvel þó að hann að lokum eignist verðmætari bifreið eða hafi hlotnazt milligjafir í peningum, sem vitanlega sé lagður á tekjuskattur og útsvar. Megi líkja þessum viðskiptum við hestakaup, sem margir hafi yndi af. Spurningin sé í þessu máli sú, hvort lausafé, notað í eigin þágu seljanda, sé söluskattskylt. Þessu svari löggjafinn neitandi, sbr. 4. gr., d-lið, og 13. tölul. 6. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt. Gerð sé þó undantekning að því leyti, ef salan verði talin til atvinnurekstrar. Engar sannanir liggi fyrir um það í máli þessu, að hér hafi verið um atvinnurekstur gerðarþola að ræða, en hins vegar mæli allar líkur gegn því.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 7) og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann um hina umræddu skattkröfu vísað til laga nr. 10/1960 og reglug. nr. 15/1960 um söluskatt, en samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar hafi umrædd skattálagning verið gerð. Skattgjaldið sé miðað við heildarsöluverð 4 bifreiða, er gerðarþoli hafi selt á árinu 1963, sbr. 9. gr. nefndra laga, og sé sú fjárhæð óumdeild. Álagningin hafi verið framkvæmd samkvæmt ákvörðun skattstjóra í samræmi við 5. mgr. 12. gr. laganna á grundvelli upplýsinga, er fram hafi komið við tekjuskattsframtal gerðarþola í ársbyrjun 1964 (rskj. nr. 8). Sé talið sýnt, að gerðarþoli hafi stundað kaup og sölu bifreiða í atvinnuskyni á árinu 1963, enda þótt hann hafi þá haft nokkra aðra atvinnu og eigi tilkynnt um þessa starfsemi sína. Samkvæmt 2. gr. sbr. 5. gr laga nr. 10/1960 sé hver sá aðili söluskattskyldur, sem selji eða afhendi í atvinnuskyni vöru eða verðmæti með takmörkunum einum, er í lögunum greini. Til áréttingar séu í 4. gr. laganna rakin nokkur dæmi um skattskylda sölu, sbr. hér einkum d-lið ákvæðisins,

þar sem tilfærð sé sala eða önnur afhending vöru af hálfu aðilja, er stundi sjálfstæða starfsemi, þótt hvorki teljist smásala, heildsala né iðnrekstur í venjulegum skilningi. Sé ljóst af þessu og öðrum ákvæðum laganna og tilheyrandi reglugerðar, að hugtakið „atvinnurekstur" eða „atvinna" í merkingu söluskattslaganna hafi mjög víðtækt gildi. Sú sé helzt takmörkun á söluskattskyldunni, að hún sé almennt bundin við síðasta stig viðskipta, þ. e. sölu til neytanda, sbr. 3. gr. söluskattslaganna, en neytandi teljist sá, er eigi endurselji vöru í atvinnuskyni. Í 6. gr. laganna séu síðan tæmandi taldar þær sérstöku undanþágur, sem til greina komi við vörusölu og verðmæta, þó þannig, að ráðherra kveði nánar á um það í reglugerð, hvað undir þær skuli falla, sbr. niðurlag 7. gr. laganna. Í 13. tölulið 6. gr. sé þess þannig getið, að undanþegin sé sala á lausafé, sem seljandi hafi „notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar". Segja megi, að þetta leiði þegar af öðrum ákvæðum laganna. Það sé sala til neytanda, sem skattskyld sé, og endursala hans á verðmæti, er hann hafi keypt og notað í eigin þágu, verði eigi skattskyld, nema salan falli inn í sjálfstæða starfsemi hans sem seljanda. Það, sem geri ákvæði þetta athyglisvert, sé útfærsla þess í 13. tölul. 9. gr. reglugerðar nr. 15/1960, en þar segi, að með því sé t.d. undanþegin sala á notuðum munum einstaklinga og á vélum og áhöldum atvinnufyrirtækja. Sé sala nefndra fjármuna hins vegar meiri og örari en eðlilegt geti talizt með tilliti til aðstæðna hverju sinni, verði að líta svo á, að um skattskylda starfsemi sé að ræða. Megi segja, að fyrirmæli þetta skýri flestum betur, hvað átt sé við í lögunum, þegar talað sé um sölu í atvinnuskyni. Um gerðarþola liggi það fyrir, að hann hafi, að eigin sögn, selt 4 bifreiðar á árinu 1963. Þrjár þeirra hafi hann keypt á árinu, en hina fjórðu muni hann hafa átt í ársbyrjun. Allar hafi bifreiðar þessar verið keyptar og seldar með stuttu millibili, eftir því sem skráningarskýrslur bendi til, þar af ein sama daginn. Hagnað sinn af þessum viðskiptum hafi gerðarþoli talið vera samtals kr. 44.800.00, eða sem svari meiru en helmingi af öðrum atvinnutekjum hans, sem alls hafi verið kr. 77.584.00. Gerðarþoli hafi og eigi leitt neinar líkur að því, að honum hafi gengið annað til þessara viðskipta en atvinnusjónarmið. Að hér hafi verið um atvinnusjónarmið að ræða, verði enn ljósara, þegar litið sé til bifreiðaviðskipta gerðarþola árin 1962 og 1961. Samkvæmt skattframtali fyrir fyrra árið kaupi hann bifreið (Volkswagen '58) og

selji hana aftur með kr. 4.000.00 hagnaði. Eftir það reki hver bílasalan aðra. Hann kaupi og selji aðra bifreið á árinu og kaupi þá þriðju, er hann selji á árinu 1962. Á því ári selji hann alls 4 bifreiðar með hagnaði, er hann reikni sér á kr. 11.000.00. Auk þess kaupi hann þá bifreið, er hann eigi í ársbyrjun 1963, sem áður segi. Megi því segja, að gerðarþoli hafi samfellt stundað viðskipti með bifreiðar þessi 3 ár. Auk þess beri að líta á tengsl þessara viðskipta við þau störf, sem hann hafi unnið fyrir aðra aðilja, en það virðist einkum hafa verið bifvélaviðgerðir. Af framtalsskýrslunni fyrir ár 1965 (rskj. nr. 11) megi sjá, að gerðarþoli hafi haldið þessum viðskiptum áfram á árinu 1964. Á því ári selji hann 5 bifreiðar með hagnaði, er hann reikni sér á kr. 25.208.00, eða sem svari þriðjungi af öðrum atvinnutekjum hans. Auk þess hafi hann haft tekjur af viðgerð á þessum bifreiðum, er hann reikni á kr. 21.000.00. Með vísun til framanritaðs verði að telja, að gerðarþoli hafi verið réttilega skattlagður samkvæmt hinum almennu reglum söluskattslaganna. Honum sé síður en svo nokkur stoð í undanþáguákvæði 13. tölul. 6. gr. laganna, enda bersýnilegt, að bifreiðasölur hans hafi verið bæði meiri og örari en eðliilegt sé um slíka neyzlumuni. Auk þess hafi gerðarþoli eigi fært sönnur á það grundvallaratriði þessa ákvæðis, að hann hafi raunverulega notað umræddar bifreiðar í eigin þágu.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Eins og að framan greinir, er um það deilt í máli þessu, hvort kaup og sala gerðarþola á bifreiðum á árinu 1963 hafi verið þess eðlis, að heimilt hafi verið að gera gerðarþola að greiða söluskatt af bifreiðasölum hans samkvæmt ákvæðum söluskattslaganna nr. 10/1960 og reglugerðar nr. 15/1960 um söluskatt. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að umrædd skattálagning hafi réttilega verið gerð samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar, og hefur hann í því efni meðal annars vísað til 2. gr. sbr. 5. gr. laganna, enn fremur til d-liðs 4. gr. og 13. tölul. 6. gr. sömu laga svo og 13. tölul. 9. gr. nefndrar reglugerðar. Umboðsmaður gerðarþola hefur hins vegar haldið því fram, að umrædd bifreiðaviðskipti gerðarþola hafi eigi verið söluskattskyld, og hefur hann um það vísað til d-liðs 4. gr. og 13. töluliðs 6. gr. söluskattslaganna, þar sem segir, að undanþegin söluskatti sé sala á lausafé, sem seljandi hafi notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.

Samkvæmt framanskráðu hafa bifreiðaviðskipti gerðarþola á árinu 1963 verið sem hér segir (sbr. rskj. nr. 4, bls. 2):

1.	Selur	R 10287,	Volkswagen ..	'60,	en keypti þá	bifreið	1962
2.	—	R 10309,	Volkswagen ..	'62,	kaupd. 22/3	sölud.	30/4
3.	—	R 2156,	Merc. Benz ..	'56,	— 16/9	—	16/9
4.	—	G 1744,	Opel Capitan ..		— 11/3	—	12/12

og var söluverð þessara bifreiða samtals kr. 386.000.00. Gerðarþoli hefur þannig skv. þessu á árinu 1963 keypt 3 bifreiðar, en selt 4. Fyrstu bifreiðina (liður 1 hér að ofan) selur hann, að því er virðist, einhvern tíma skömmu eftir áramót, en hefur eignast hana fyrir áramót. Óvíst um kaup- og söludag. Eina bifreiðina (liður 2) selur hann rúmum mánuði, eftir að hann eignast hana. Aðra bifreið (liður 3) selur gerðarþoli sama dag og hann kaupir hana, en að því er varðar bifreiðina G 1744, þá er hér talið, að gerðarþoli kaupi hana 11. marz og selji hana 12. desember 1963. Þess skal getið, að framanritað er skv. upplýsingum frá bifreiðaskráningunni hér (sbr. rskj. nr. 4.). Hins vegar hefur gerðarþoli í réttarhaldi í málinu 27. sept. 1965 aðspurður gefið þær upplýsingar, að hann hafi selt bifreiðina R 10287 í marzmánuði (eða febrúar) 1963. Þá upplýsti hann og, að hann hefði skömmu síðar keypt bifreiðina G 1744 og átt hana mun skemur en afskráningin segi til um, eða í mánuð eða svo. Þá gat gerðarþoli þess, að það muni á misskilningi byggt, að skráning og afskráning á bifreiðinni R 2156 hafi borið upp á sama dag, enda hafi viðgerð á bifreiðinni tekið hálfan mánuð og auk þess hafi hann farið á bifreiðinni í sumarleyfi. Að því er varðar viðgerðarkostnað á bifreiðunum á dómsskj. nr. 8, tók gerðarþoli í sama réttarhaldi það fram, að sumar viðgerðirnar hafi hann sjálfur annazt, aðrar ekki, t. d. alls ekki body-viðgerðir og málningu, og viðgerðina á bifreið R 10309 hafi aðrir alveg séð um. Með vísan til þess, sem fram hefur komið í máli þessu og að framan er skráð um bifreiðasölur gerðarþola á árinu 1963, verður rétturinn að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, eigi sízt þegar hliðsjón er höfð af allmiklum bifreiðakaupum og sölum gerðarþola árin 1961 og 1962, að þessi bifreiðaviðskipti gerðarþola á árinu 1963 hafi verið meiri og örari en eðlilegt geti talizt um sölu slíkra fjármuna með tilliti til aðstæðna og af því verði að líta svo á, að viðskipti þessi hafi verið gerð í atvinnuskyni, enda þótt gerðarþoli

hafi á sama tíma haft aðra atvinnu og jafnvel þó að hann hafi notað bifreiðarnar eitthvað í eigin þágu, og að umræddar bifreiðasölur hans hafi því verið söluskattskyldar samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. d-lið 4. gr. sömu laga, enda falli sölur þessar eigi undir undanþáguákvæði 13. tölul. 9. gr. reglugerðar nr. 15/1960 um söluskatt, en þar segir svo um sölur þær, sem eru undanþegnar söluskatti: „Lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.

Með þessu ákvæði er t. d. undanþegin sala á notuðum munum einstaklinga, enn fremur sala véla og áhalda atvinnufyrirtækja, sem notuð hafa verið í atvinnurekstri, ef salan getur talizt eðlilegur þáttur í endurnýjun og viðhaldi þeirra eða ef fyrirtæki hættir starfsemi. Sé sala nefndra fjármuna meiri eða örari en eðlilegt getur talizt með tilliti til aðstæðna hverju sinni, verður að líta svo á, að um skattskylda starfsemi sé að ræða".

Samkvæmt þessu lítur rétturinn svo á, að hinn umkrafði söluskattur vegna bifreiðasölu gerðarþola á árinu 1963 hafi réttilega verið á hann lagður. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir skattfjárhæðinni, kr. 11.242.00, ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags svo og öllum kostnaði á ábyrgð gerðarbeiðanda. Rétt þykir þó eftir atvikum, að málskostnaður sé látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð fyrir kr. 11.242.00 ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags svo og öllum kostnaði á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. október 1966.

Nr. 28/1966. **Guðjón Guðjónsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hjörtur Torfason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1966 og krefzt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framgang lögtaksgerðar og stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi seldi á árinu 1963 fimm notaðar bifreiðar, en fjórar þeirra hafði hann keypt á sama ári. Eigi átti hann nema eina þeirra í einu. Var söluverð bifreiðanna samtals kr. 627.000.00, og hagnaður af sölunum var kr. 12.000.00 samkvæmt skattframtali. Skattayfirvöld telja áfrýjanda söluskattskyldan af söluverði bifreiðanna og hafa gert honum að greiða kr. 18.262.00 í söluskatt. Er nú krafizt lögtaks hjá honum fyrir fjárhæð þessari auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Með kaupum og sölum nefndra bifreiða hefur áfrýjandi, sem enga sjálfstæða starfstöð rak með bílasölu, svo að vitað sé, hvorki stundað „sjálfstæða starfsemi“ í merkingu 4. gr., stfl. d., laga nr. 10/1960 né „atvinnurekstur“ í merkingu 6. gr., 13. tl., sömu laga, er honum bæri að tilkynna sem söluskattskylda starfsemi eða atvinnurekstur til skattayfirvalda samkvæmt 11. gr. sömu laga. Var áfrýj-

anda því eigi skylt að greiða söluskatt af söluverði bifreiðanna. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Guðjóni Guðjónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 5. janúar 1966.

Gerðarþola, Guðjóni Guðjónssyni, Sigluvogi 4 hér í borg, var gert að greiða hér viðbótarsöluskatt fyrir ár 1963 að fjárhæð kr. 18.262.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt fjárhæð þessa, hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri kröfu, kr. 18.262.00, ásamt dráttarvöxtum, kr. 4.108.00, og innheimtukostnaði, kr. 100.00, fram til 18. júní 1965, eða samtals kr. 22.470.00, svo og síðari dráttarvöxtum frá 18. júlí 1965 til greiðsludags og kostnaði við lögtaksgerðina, eftirfarandi uppboð, ef til kemur, svo og málflutningskostnaði fyrir fógetaréttinum, gerðarbeiðanda að skaðlausu.

Í upphafi máls þessa krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda þess (sbr. rskj. nr. 4), að umbeðið lögtak yrði framkvæmt þegar í stað, án þess að gerðarþola yrði leyft að halda uppi vörnum um efnishlið málsins. Þessu mótmælti umboðsmaður gerðarþola (rskj. nr. 5), og féll um þetta atriði úrskurður fógeta í réttarhaldi í málinu 7. júlí 1965 á þá leið, að gerðarþola væri heimilt að halda uppi efnislegum vörnum í málinu. Úrskurður þessi var eigi kærður til Hæstaréttar, og hófst þá efnislegur flutningur málsins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 5) og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist

á því, að umrædd skattálagning sé án lagaheimildar. Úrskurður ríkisskattanefndar hafi komið gerðarþola algerlega á óvart, enda virðist úrskurðurinn ganga í berhögg við úrskurð nefndarinnar í öðru máli, þessu hliðstæðu. Það sé viðurkennt, að einstaklingar geti átt eina eða tvær bifreiðar hverju sinni til eigin afnota og ánægju. Slíkt sé eigi talið til útgerðar bifreiða eða annars atvinnurekstrar. Á sama hátt verði að telja, að sömu einstaklingar megi skipta um bifreiðar svo oft sem þá lysti, án þess að ástríða af því tagi leiði til söluskattskyldu. Þó að maður sé sífellt að skipta um bifreið til einkaafnota, sanni þessi árátta engan veginn, að kaup og sala bifreiða sé atvinna mannsins, jafnvel þó að hann eignist að lokum verðmætari bifreið eða hafi hlotnazt milligjafir í peningum, sem vitanlega sé lagður á tekjuskattur og útsvar. Megi líkja þessum viðskiptum við hestakaup, sem margir hafi yndi af. Spurningin sé í þessu máli sú, hvort lausafé, notað í eigin þágu seljanda, sé söluskattskylt. Þessu svari löggjafinn neitandi, sbr. 4. gr., d-lið, og 13. tölul. 6. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt. Gerð sé þó undantekning að því leyti, ef salan verði talin til atvinnurekstrar. Engar sannanir liggi fyrir um það í máli þessu, að hér hafi verið um atvinnurekstur gerðarþola að ræða, en hins vegar mæli allar líkur því gegn.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 7) og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann um hina umræddu skattkröfu vísað til laga nr. 10/1960 og reglugj. nr. 15/1960 um söluskatt, en samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar hafi umrædd skattálagning verið gerð. Skattgjaldið sé miðað við heildarsöluverð 5 bifreiða, er gerðarþoli hafi selt á árinu 1963, sbr. 9. gr. nefndra laga, og sé sú fjárhæð óumdeild. Álagning hafi verið framkvæmd samkvæmt ákvörðun skattstjóra í samræmi við 5. mgr. 12. gr. laganna á grundvelli upplýsinga, er fram hafi komið við tekjuskattsframtal gerðarþola í ársbyrjun 1964 (rskj. nr. 8). Sé talið sýnt, að gerðarþoli hafi stundað kaup og sölu bifreiða í atvinnuskyni á árinu 1963, enda þótt hann þá hafi haft aðra aðalatvinnu og eigi tilkynnt um þessa starfsemi sína. Samkvæmt 2. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 10/1960 sé hver sá aðili söluskattskyldur, sem selji eða afhendi í atvinnuskyni vöru eða verðmæti með þeim takmörkunum einum, er í lögunum greini. Til áréttingar séu í 4. gr. laganna rakin nokkur dæmi um skattskylda sölu, sbr. hér einkum d-lið ákvæðisins, þar sem tilfærð sé sala eða önnur afhending vöru af hálfu aðilja,

er stundi sjálfstæða starfsemi, þótt hvorki teljist smásala, heildsala né iðnrekstur í venjulegum skilningi. Sé ljóst af þessu og öðrum ákvæðum laganna og tilheyrandi reglugerðar, að hugtakið „atvinnurekstur" eða „atvinna" í merkingu söluskattslaganna hafi mjög víðtækt gildi. Sú sé helzt takmörkun á söluskattskyldunni, að hún sé almennt bundin við síðasta stig viðskipta, þ. e. sölu til neytanda, sbr. 3. gr. söluskattslaganna, en neytandi teljist sá, er eigi endurselji vöru í atvinnuskyni. Í 6. gr. laganna séu síðan tæmandi taldar þær sérstöku undanþágur, sem til greina komi við vörusölu og verðmæta, þó þannig, að ráðherra kveði nánar á um það í reglugerð, hvað undir þær skuli falla, sbr. niðurlag 7. gr. laganna. Í 13. tölulið 6. gr. sé þess þannig getið, að undanþegin sé sala á lausafé, sem seljandi hafi „notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar." Segja megi, að þetta leiði þegar af öðrum ákvæðum laganna. Það sé sala til neytanda, sem skattskyld sé, og endursala hans á verðmæti, er hann hafi keypt og notað í eigin þágu, verði eigi skattskyld, nema salan falli inn í sjálfstæða starfsemi hans sem seljanda. Það, sem gerir ákvæði þetta athyglisvert, sé útfærsla þess í 13. tölul. 9. gr. reglugerðar nr. 15/1960, en þar segi, að með því sé t. d. undanþegin sala á notuðum munum einstaklinga og á vélum og áhöldum atvinnufyrirtækja. Sé sala nefndra fjármuna hins vegar meiri og örari en eðlilegt geti talizt með tilliti til aðstæðna hverju sinni, verði að líta svo á, að um skattskylda starfsemi sé að ræða. Megi segja, að fyrirmæli þetta skýri flestum betur, hvað átt sé við í lögunum, þegar talað sé um sölu í atvinnuskyni. Um gerðarþola liggi það fyrir, að hann hafi, að eigin sögn, selt 5 bifreiðar á árinu 1963. Eina þeirra hafi hann eignazt rétt fyrir áramótin, en hinar 4 hafi hann keypt á árinu. Allar hafi bifreiðarnar verið keyptar og seldar með stuttu millibili, eftir því sem skráningarskýrslur benda til, þar af tvær á um tveggja vikna fresti. Hagnaður gerðarþola af sölum þessum hafi numið alls kr. 12.000.00, eftir því sem skattframtal segi til um. Gerðarþoli hafi eigi fært sönnur á, að hann hafi notað bifreiðar þessar til aksturs í eigin þágu, enda virðist hann hafa haft bifreið til umráða frá atvinnufyrirtæki því, er hann vinni hjá. Gerðarþoli hafi eigi leitt neinar líkur að því, að honum hafi gengið annað til þessara viðskipta en atvinnusjónarmið. Að svo hafi verið, verði enn ljósara, þegar athuguð séu bílaviðskipti gerðarþola árin 1962 og 1961. Samkvæmt skattframtali fyrir fyrra árið hafi hann keypt og selt 4

bifreiðar með hagnaði, er hann reikni sér kr. 14.200.00. Auk þess hafi hann keypt fimmtu bifreiðina, er hann hafi selt síðara árið með hagnaði, kr. 18.000.00. Á því ári hafi hann og keypt aðra bifreið og selt hana í makaskiptum fyrir þá þriðju, er hann hafi átt í ársbyrjun, sem áður segir. Megi segja, að gerðarþoli hafi samfellt stundað viðskipti með bifreiðar þessi 3 ár. Með vísun til framanritaðs verði að telja, að gerðarþoli hafi réttilega verið skattlagður samkvæmt hinum almennu reglum söluskattslaganna. Honum sé síður en svo nokkur stoð í undanþáguákvæði 13. tölul. 6. gr. laganna, enda bersýnilegt, að bifreiðasölur hans hafi verið bæði meiri og örari en eðlilegt sé um slíka neyzlumuni. Auk þess hafi hann eigi fært sönnur á það grundvallaratriði þessa ákvæðis, að hann hafi raunverulega notað umræddar bifreiðar í eigin þágu. Því beri að leyfa framgang lögtaksgerðarinnar.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Eins og að framan greinir, er um það deilt í máli þessu, hvort kaup og sala gerðarþola á bifreiðum á árinu 1963 hafi verið þess eðlis, að heimilt hafi verið að gera gerðarþola að greiða söluskatt af bifreiðasölum hans samkvæmt ákvæðum söluskattslaganna nr. 10/1960 og reglugj. nr. 15/1960 um söluskatt. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að umrædd skattálagning hafi réttilega verið gerð samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar, og hefur hann í því efni meðal annars vísað til 2. gr. sbr. 5. gr. laganna, enn fremur til d-liðs 4. gr. og 13. tölul. 6. gr. sömu laga svo og 13. tölul. 9. gr. nefndrar reglugerðar. Umboðsmaður gerðarþola hefur hins vegar haldið því fram, að umrædd bifreiðaviðskipti gerðarþola hafi eigi verið söluskattskyld, og hefur hann þessu sjónarmiði sínu til stuðnings vísað til d-liðs 4. gr. og 13. tölul. 6. gr. söluskattslaganna, þar sem segi, að sala á lausafé, sem seljandi hafi notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, sé eigi söluskattskyld, nema ef salan geti talist til atvinnurekstrar.

Samkvæmt framanskráðu hafa bifreiðaviðskipti gerðarþola á árinu 1963 verið sem hér segir:

1. Selur bifreiðina R 401 (Fíat '60) 21/1 fyrir kr. 117.000.00, en bifreið þessa keypti hann 21/11 1962 fyrir kr. 110.000.00. Hagnaður kr. 7.000.00.

2. Selur bifreiðina K 360 (Landrover '62) 29/4 fyrir kr. 130.000.00, þ. e. sama verð og hann keypti bifreiðina 28/1.

3. Selur bifreiðina G 333 (Opel Capitan '60) 10/6 fyrir kr.

130.000.00, en keypti þá bifreið 20/5 fyrir kr. 135.000.00 Halli kr. 5.000.00.

4. Selur bifreiðina R 401 (Mercury '61) 10/10 fyrir sama verð og hann keypti hana 18/6, eða kr. 135.000.00.

5. Selur bifreiðina R 13480 (Landrover '62) 25/11 fyrir sama verð og hann keypti hana 8/11 og kaupir bifreiðina R 1237 29/11, kaupverð kr. 72.000.00.

Gerðarþoli hefur þannig á tímabilinu frá 21. janúar til 29. nóvember 1963 selt 5 bifreiðar og keypt 5. Fyrstu bifreiðina, sem hann selur á árinu, hefur hann eignazt 21. nóvember 1962 og selur hana 21. janúar 1963. Hinar bifreiðarnar fjórar kaupir hann á árinu og selur þær allar aftur með stuttu millibili, frá því að hann eignast þær, Landrover (liður 2 hér að ofan) eftir 3 mánuði, Opel Capitan (liður 3) eftir 21 dag, Mercury (liður 4) eftir tæpa 4 mánuði, Landrover (liður 5) eftir 17 daga, allt ef miðað er við afsal á bifreiðum þessum til kaupenda. Rétturinn verður að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að þessi bifreiðaviðskipti gerðarþola hafi verið meiri og örari en eðlilegt geti talizt með tilliti til aðstæðna (sbr. 13. tölul. 9. gr. reglug. nr. 15/1960) um sölu slíkra fjármuna og af því verði að líta svo á, að þau hafi verið gerð í atvinnuskyni, enda þótt gerðarþoli hafi á sama tíma haft aðra fasta atvinnu, eigi sízt þegar hliðsjón er höfð af sams konar bifreiðaviðskiptum gerðarþola á árinu 1961 og 1962, sem virðast eigi hafa verið minni en á árinu 1963 (sbr. rskj. nr. 9 og 10 og rskj. nr. 4). Slíkar sölur eru að áliti réttarins söluskattskyldar samkvæmt 2. gr. laga nr 10/1960 um söluskatt, sbr. d-lið 4. gr. sömu laga. Umræddar sölur gerðarþola geta að áliti réttarins samkvæmt framansögðu eigi fallið undir undanþáguákvæði 13. tölul. 6. gr. nefndra laga, sbr. 13. tölul. 9. gr. reglug. nr. 15/1960 um söluskatt, en þar segir m. a. svo um þær sölur, sem undanþegnar eru söluskatti:

„Lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.

Með þessu ákvæði er t. d. undanþegin sala á notuðum munum einstaklinga, enn fremur sala véla og áhalda atvinnufyrirtækja, sem notuð hafa verið í atvinnurekstri, ef salan getur talizt eðlilegur þáttur í endurnýjun og viðhaldi þeirra eða ef fyrirtæki hættir starfsemi. Sé sala nefndra fjármuna meiri eða örari en eðlilegt getur talizt með tilliti til aðstæðna hverju sinni, verður að líta svo á, að um skattskylda starfsemi sé að ræða."

Samkvæmt framanskráðu lítur rétturinn svo á, að hinn umkrafði söluskattur vegna bifreiðasölu gerðarþola á árinu 1963 hafi réttilega verið á hann lagður. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir skattfjárhæðinni, kr. 18.262.00, ásamt dráttarvöxtum, kr 4.108.00, og kostnaði, kr. 100.00, fram til 18. júní 1965, eða samtals kr. 22.470.00, svo og síðari dráttarvöxtum til greiðsludags og kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. október 1966.

Nr. 155/1965. **Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Magnúsi Pálssyni og Diter Rot og gagnsök
(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar óskipt úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 1. júní 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. maí s. á. Þeir gera þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim „kr. 42.000.00 með 8% ársvöxtum af kr. 23.000.00 frá 12. maí 1962 til greiðsludags, að frádregnum kr. 19.000.00“, og svo málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, gerðu gagnáfrýjendur á árinu 1962 fyrir aðaláfrýjanda líkan af fyrirhuguðu sjúkrahúsi í Vestmannaeyjum, og er í máli þessu deilt um endurgjald gagnáfrýjendum til handa fyrir verk þetta.

Fallast má á það með héraðsdómi, að eigi hafi, svo að sannað sé, verið samið um ákveðið verkkaup fyrir smíði líkansins.

Gagnáfrýjendur hafa lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir smíði líkansins að fjárhæð kr. 45.017.00,
sem þeir hafa lækkað í ..... kr. 45.000.00.
Aðaláfrýjandi greiddi hinn
10. apríl 1962 upp í reikninginn kr. 3.000.00
og hinn 15. maí 1962 ..... — 19.000.00 — 22.000.00.

Mismunur kr. 23.000.00
sem gagnáfrýjendur krefjast af aðaláfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms, eða hinn 31. desember 1964, voru samkvæmt beiðni gagnáfrýjenda dómkvaddir þeir Gunnar R. Bjarnason leiktjaldamálari og Manfreð Vilhjálmsson arkitekt „til þess að meta hæfilegt endurgjald fyrir efni og smíði" líkansins.

Hinir dómkvöddu menn kváðu upp mat sitt hinn 29. apríl 1965. Er matsgerðin að meginefni svohljóðandi:

„Gerð líkansins er sem nú skal greina. Plata eða undirstaða er úr 22 mm gabon, álímd með pappa, 100×170 cm að stærð. Hæðarplötur eru 9, gerðar úr 10 mm þykku einangrunarplasti, álímdar með pappa. Bílastæði, akbrautir og gangstéttir eru skornar út úr pappa og límdar á plötuna. Líkanið er þrjú hús í mælikvarða 1 : 100, tvö þriggja hæða og eitt fjögurra með fjögurra hæða tengibyggingu. Stærð húsanna í líkani er 23.7×14.5×12 cm, 38.5×14.5 ×13 cm og 38.5×12.4×12 cm. Allir útveggir og þök eru gerð úr plexigleri. Innveggir og gólfplötur úr pappa. Gluggar eru gagnsæir, en pappír límdur á veggi og þök í tveimur til fjórum lögum, sem sýnir mismunandi veggþykktir bæði í múr- og timburveggjum. Þökin eru felld á milli veggja og tvö þeirra með tvenns konar halla og vatnsrennum.

Altön eru á öllum húsunum og tengibyggingunni, samtals 30, þar af fimm innbyggð. Útskot er á einu húsanna og lítil turnbygging á öðru. Aðalinngangur er með tröppum og skyggni, og fjórir smærri inngangar eru á líkaninu. Allir gluggapóstar eru rispaðir í plexiglerið. Innveggir eru allir með dyraopum. Sjálft húslíkanið er málað með plastmálningu í fjórum litum. Útveggir, sem tákna tré, eru þéttstrikaðir með málningu og sumir af múrveggjum strikaðir í reiti, sömuleiðis með málningu. Akbrautir eru málaðar með einum lit, en gangstéttir með öðrum og strikaðar í reiti með málningu. Gras er málað með tveimur tónum af grænu og lóðarmörk strikuð með hvítu.

Vinna, frágangur og efnisval er mjög gott og telst fyrstaflokks.

Matsmenn hafa kynnt sér eftir föngum verð og kostnað við smíði á hliðstæðum verkum. Útfærsla líkansins af Sjúkrahúsi Vestmannaeyja er að dómi matsmanna óvenju mikil, einkum að því er varðar innri gerð. Hæfilegt endurgjald fyrir vinnuna við það líkan telst vera kr. 45.000.00, miðað við verðlag á þeim tíma, þegar verkið var unnið. Efniskostnaður skal metinn hæfilegur kr. 3.000.00."

Þegar virt er matsgerð þessi, sem matsmenn hafa reifað nánar og staðfest fyrir dómi, þykir eigi hafa verið hnekkt kostnaðarreikningi gagnáfrýjenda. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða þeim eftirstöðvar reikningsfjárhæðarinnar, kr. 23.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 12. maí 1962 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjendum, Magnúsi Pálssyni og Diter Rot, kr. 23.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. maí 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hafa þeir Magnús Pálsson, Hverfi, Mosfellssveit, og Diter Rot, Ásvallagötu 7, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 7. ágúst 1962, gegn bæjarsjóði Vestmannaeyja til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 42.000.00 með 8% ársvöxtum af kr. 23.000.00 frá 12. maí 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins, allt að frádregnum kr. 19.000.00, sem stefndi greiddi hinn 15. maí 1962.

Hina umstefndu skuld kveða stefnendur vera eftirstöðvar af andvirði líkana af bæjarsjúkrahúsi Vestmannaeyja, upphaflega að fjárhæð kr. 45.000.00.

Stefnandinn Magnús Pálsson, sem virðist aðallega hafa komið fram fyrir hönd þeirra stefnendanna, hefur skýrt svo frá, að í febrúarmánuði 1962 hafi Guðmundur Þór Pálsson, arkitekt hjá húsameistara ríkisins, talað við sig og óskað eftir því, að gerð yrðu líkön af sundlaug og sjúkrahúsi í Vestmannaeyjum. Hafi Guðmundur sagzt vera að teikna sjúkrahúsið, en Bárður Ísleifsson arkitekt hafi verið að teikna sundlaugina.

Hann kveður arkitektana hafa sýnt sér skissur af byggingunum og hafi þegar getið þess, að líkönin yrðu að vera tilbúin hinn 1. maí 1962. Mundu teikningar af sundlauginni verða tilbúnar rétt eftir mánaðamót febrúar og marz, svo að hægt yrði að hefja verkið þá. Hinn 6. marz kveður Magnús Guðmund Þór hafa beðið sig um að koma í skrifstofu húsameistara til fundar við Þórhall Jónsson, bæjarverkfræðing Vestmannaeyja. Á þessum fundi kveður Magnús Þórhall hafa staðfest beiðnina um smíði líkananna og hafi hann jafnframt getið þess, að arkitektarnir mundu fylgjast með framkvæmdum á smíði þeirra og ætti að fara eftir fyrirsögn hvors um sig varðandi frágang líkananna, Guðmundar Þórs Pálssonar varðandi líkan af sjúkrahúsinu, en Bárðar Ísleifssonar varðandi líkanið af sundlauginni. Ekki kveður Magnús þarna hafa verið samið um neitt ákveðið verð fyrir líkönin, enda hafi ekki verið lokið teikningum af húsunum. Í samtali þessu kveður Magnús Þórhall hafa varpað fram þeirri spurningu, hvað hann áliti, að einföld, ógagnsæ líkön af sjúkrahúsinu og sundlauginni mundu kosta. Kveðst Magnús ekkert hafa getað sagt um það, þar eð hann yrði að athuga slíkt betur og leita álits samstarfsmanns síns, stefnandans Diter Rot, um það. Kveðst Magnús síðan hafa borið þetta undir meðstefnanda og hafi þeir álitið eftir lauslega áætlun miðað við skissur þær, sem þeir

hafi haft af sjúkrahúsinu, að einfalt líkan af því mundi kosta í kringum kr. 20.000.00. Magnús kveður það ekki hafa verið ákveðið, er líkönin voru pöntuð, hvort þau skyldu vera gagnsæ eða ekki, en það hafi þó ekki komið í veg fyrir, að smíðin gæti hafizt. Hann kveður þá stefnendurna venjulega ganga út frá því, að líkön, sem hjá þeim séu pöntuð, séu ógagnsæ, því að líkön séu venjulega smíðuð þannig.

Ekki kveður Magnús þá hafa haft neinar skissur af sundlauginni og hafi þeir því ekki getað áætlað neitt í sambandi við það líkan. Kveðst Magnús hafa getið þess nokkru síðar í símtali við Guðmund Þór Pálsson. Kveðst Magnús hafa áætlað verð fyrir einfalt líkan af sjúkrahúsinu á kr. 20.000.00 að frádregnum eða viðbættum 10%. Hinn 5. eða 6. apríl 1962 kveður Magnús Guðmund Þór hafa hringt til sín og sagt, að teikningarnar af sundlauginni væru tilbúnar. Kveðst hann síðan hafa sótt þær á skrifstofu húsameistara ríkisins og hafi hann samdægurs byrjað við smíði líkansins. Hinn 9. apríl kveður hann svo Guðmund Þór hafa komið í vinnustofu þeirra stefnenda með teikningar af sjúkrahúsinu og hafi stefnandinn Diter Rot byrjað smíði líkans af því næsta morgun.

Fljótlega eftir að vinna hófst við smíði líkansins af sundlauginni, kveður Magnús þá stefnendur hafa beðið Bárð Ísleifsson um að koma í vinnustofu þeirra og segja fyrir um gerð líkansins. Hafi Bárður orðið við beiðni þeirra og hafi þá eftir ósk hans verið settar innréttingar í allt húsið. Nokkru síðar kveður hann svo Guðmund Þór Pálsson hafa komið í vinnustofuna. Hafi hann þá séð líkanið af sundlauginni á byrjunarstigi og hafi hann þá lagt svo fyrir, að breytt skyldi frá þeirri áferð, sem byrjað hafði verið á við gerð líkansins af sjúkrahúsinu og skyldi sett á það önnur fínni áferð og dýrari. Kveður Magnús þetta hafa tvöfaldað vinnuna við það líkan. Magnús kveður Guðmund Þór oft hafa komið í vinnustofu þeirra stefnenda og fylgzt með gerð líkansins. Þegar það var komið nokkuð áleiðsis, kveður hann stefnandann Diter Rot hafa spurt hann, þ. e. Guðmund Þór, eitt sinn, hvort innrétta ætti það líkan á sama hátt og gert hafði verið við líkanið af sundlauginni. Hafi þá Guðmundur Þór lagt svo fyrir, að sjúkrahúslíkanið skyldi innréttað líka. Magnús kveður líkanið af sundlauginni hafa verið afhent í skrifstofu húsameistara hinn 27. apríl 1962 og líkanið af sjúkrahúsinu í byrjun maímánaðar sama ár. Magnús kveður þá stefnendur aldrei hafa unnið að smíði líkana í ákvæðisvinnu. Kveðst hann álíta,

að mjög erfitt sé að koma því við, þar eð oft þurfi t. d. að taka upp smíðina vegna ófullnægjandi útfærslu á teikningum.

Þórhallur Jónsson, bæjarverkfræðingur Vestmannaeyjakaupstaðar, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi nálægt 6. marz 1962 gert munnlegan samning við stefnendur í samráði við Guðmund Þór Pálsson arkitekt um smíði stefnenda á líkönum af fyrirhuguðum sjúkrahúss- og sundlaugarbyggingum í Vestmannaeyjum. Hafi samningur þessi verið þess efnis, að stefnendur skyldu taka að sér að gera líkan af sjúkrahúsinu og lóð þess í mælikvarða 1 : 100. Skyldu veggir vera úr plexglasi, þannig að inn um glugga þess sæist skipulag inni í byggingunni og innveggir. Um nánari frágang skyldi farið eftir fyrirsögn Guðmundar Þórs Pálssonar, sem fylgjast skyldi með framkvæmd verksins. Hafi stefnendur gefið upp áætlað kostnaðarverð líkansins kr. 20.000.00 og hafi þeir ábyrgzt, að endanlegt verð skyldi ekki vera hærra en sú fjárhæð að viðbættum eða frádregnum 10%, eða milli kr. 18.000.00 og 22.000.00. Samkvæmt þessum munnlega samningi kveður Þórhallur einnig hafa verið svo um samið, að stefnendur skyldu einnig gera líkan af sundlauginni og lóð hennar á sama hátt, og skyldi verð þess vera í hlutfalli við verð líkansins af sjúkrahúsinu miðað við stærð og kostnað þess. Þórhallur kveður stefnendur samkvæmt samningnum hafa lofað að ljúka verkinu og afhenda líkönin eigi síðar en 1. maí 1962. Þórhallur kveður ráð hafa verið fyrir því gert, að stefnendur fengju afhentar teikningar sem fyrst, en þar sem þeim hafi ekki verið lokið, hafi ekki verið tekið fram, hvenær þær skyldu afhentar. Þórhallur kveður Guðmund Þór Pálsson hafa annazt undirbúningsviðræður við stefnendur, en sjálfur kveðst hann hafa gert hinn munnlega samning fyrir hönd Vestmannaeyjakaupstaðar. Þórhallur kveður ástæðuna fyrir því, að skriflegur samningur hafi ekki verið gerður, hafi verið þá, að hann hafi kannazt við Magnús Pálsson og treyst orðum hans. Þórhallur kveðst ekki vera fullviss um, að stefnandinn Diter Rot hafi verið viðstaddur, er hinn munnlegi samningur var gerður. Þórhallur kveður ófullgerðar teikningar af sjúkrahúsinu og sundhöllinni hafa legið fyrir, er hinn munnlegi samningur var gerður, en hann kveðst ekki vita, hvort stefnendur hafi þá þegar kynnt sér þær, en telur þó svo vera. Hann kveður Guðmund Þór Pálsson hafa átt að fylgjast með og hafa umsjón með smíði beggja líkananna, en álítur, að Bárður Ísleifsson kunni að hafa átt að fylgjast með smíði líkansins af sundlauginni.

Vitnið Guðmundur Þór Pálsson hefur skýrt svo frá, að umræður um smíði umræddra líkana hafi farið fram að frumkvæði Þórhalls Jónssonar. Kveður hann Þórhall hafa haft samband við sig sem fulltrúa húsameistara ríkisins af því tilefni. Guðmundur Þór kveður sig og húsameistara ríkisins hafa þekkt til stefnenda í sambandi við smíði þeirra á líkani af Kennaraskóla Íslands. Þeim hafi líkað sú smíði vel og hafi þeir talið sjálfsagt, að stefnendur smíðuðu einnig umrædd líkön. Guðmundur Þór kveðst hafa verið viðstaddur, er gerður var munnlegur samningur í samræmi við það, sem Þórhallur Jónsson hefur skýrt frá. Kveður hann stefnendur báða hafa komið í skrifstofu húsameistara ríkisins og kynnt sér ófullgerðar byggingarnefndarteikningar, áður en samningurinn hafi verið gerður. Ekki kveðst Guðmundur Þór vera viss um, hvort einn eða tveir fundir hafi verið haldnir í sambandi við samningsgerðina eða hvar fundir þessir hafi verið haldnir, en álítur ekki ósennilegt, að stefnendur hafi þurft nokkurn frest til að áætla kostnaðarverðið. Hann kveður samningsgerðina hafa farið fram þannig, að Þórhallur hafi beðið stefnendur um að gera tilboð í verkið. Þeir hafi síðan gert tilboð og hafi Þórhallur síðan samþykkt það fyrir hönd Vestmannaeyjakaupstaðar. Ekki kveður Guðmundur Þór þó öruggt, að stefnandinn Diter Rot hafi verið viðstaddur samningsgerðina. Guðmundur Þór kveður, að þær einar breytingar hafi verið beðið um, eftir að vinna við líkanið af sjúkrahúsinu var hafin, að breytt yrði um lit á því og að rispað yrði í glerið, þar sem gluggapóstar áttu að vera, í stað þess, að þeir yrðu málaðir. Ekki kveður Guðmundur Þór hafa verið minnzt á kostnaðarauka í sambandi við þessar breytingar. Telur hann, að þær hafi heldur orðið til að minnka kostnaðinn heldur en auka hann. Hins vegar kveður Guðmundur Þór Dieter Rot á sínum tíma hafa bent á það, að þetta mundi kosta meiri vinnu.

Stefnandinn Diter Rot hefur skýrt svo frá, að hinn 9. apríl hafi Guðmundur Þór Pálsson komið með teikningar af sjúkrahúsinu í vinnustofu þeirra stefnendanna. Kveðst hann síðan næsta morgun hafa byrjað að vinna við smíði líkans af því. Fljótlega eftir að vinna við líkan af sundlauginni hófst, kveður hann þá stefnendurna hafa beðið Bárð Ísleifsson um að koma í vinnustofu þeirra og segja fyrir um gerð líkansins. Hafi Bárður gert það og hafi að hans ósk verið settar innréttingar í allt húsið. Nokkru síðar kveður hann svo Guðmund Þór Pálsson hafa komið í vinnustofuna og hafi hann þá séð líkanið af sundlauginni á

byrjunarstigi. Hafi hann þá lagt svo fyrir, að breytt skyldi til frá þeirri áferð, sem byrjað hafði verið á, og sett önnur fínni og dýrari áferð. Kveðst Diter Rot hafa tjáð Guðmundi Þór, að áferðarbreyting þessi mundi gera kostnaðinn við líkanið meiri. Diter Rot kveður Guðmund Þór hafa komið oft í vinnustofu þeirra stefnenda og fylgzt með gerð líkansins. Er það var komið nokkuð áleiðis, kveðst hann eitt sinn hafa spurt Guðmund Þór að því, hvort innrétta ætti líkanið á sama hátt og líkanið af sundlauginni og hafi Guðmundur Þór þá lagt svo fyrir, að það skyldi gert. Diter Rot kveður líkanið af sundlauginni hafa verið afhent í skrifstofu húsameistara ríkisins hinn 27. apríl 1962 og líkanið af sjúkrahúsinu í byrjun maímánaðar s. á. Hinn 7. maí 1962 kveðst Diter Rot svo hafa farið til Þórhalls Jónssonar, sem þá hafi verið staddur í Hafnarfirði, með reikning yfir smíði líkananna, en Þórhallur hafi ekki viljað samþykkja þá. Diter Rot kveður þá stefnendurna aldrei hafa unnið að smíði líkana í ákvæðisvinnu. Hann kveður það ekki hafa komið fram í viðræðum sínum við Guðmund Þór Pálsson, að smíði líkananna væri ákvæðisvinnuverk. Hann kveður þá stefnendurna taka kr. 100.00 á tímann í dagvinnu fyrir vinnu sína.

Stefnendur hafa lagt fram reikning fyrir smíði líkansins af sjúkrahúsinu. Er reikningurinn í samandreginni mynd svohljóðandi:

Efni, aðkeypt vélavinna og flutningur	kr.	4.167.00
Dagvinna, 344 tímar á kr. 100.00	—	34.400.00
Eftirvinna, 27 tímar á kr. 150.00	—	4.050.00
Næturvinna, 12 tímar á kr. 200.00	—	2.400.00
	Kr.	45.017.00

Stefnendur reistu kröfur sínar í málinu á því, að aldrei hafi verið samið um, að þeir framkvæmdu umrætt verk í ákvæðisvinnu fyrir ákveðið verð, heldur hafi hér verið um tímavinnu að ræða. Samkvæmt því hafi verð líkansins af sjúkrahúsinu verið kr. 45.000.00, vinna og efni, en upp í þá fjárhæð hafi stefndi greitt kr. 3.000.00 hinn 10. apríl og síðan kr. 19.000.00 hinn 15. maí 1962, eftir að leitað hafði verið aðstoðar lögfræðings til innheimtu kröfunnar.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að samkvæmt munnlegum samningi, sem gerður var um 6. marz 1962, áður en smíði

líkansins af sjúkrahúsinu var hafin, hafi áætlað kostnaðarverð líkansins verið kr. 20.000.00 og hafi stefnendur ábyrgzt, að endanlegt verð yrði milli kr. 18.000.00 og kr. 22.000.00.

Dómurinn hefur skoðað líkan það af sjúkrahúsi Vestmannaeyjakaupstaðar, sem mál þetta snýst um. Einnig hefur dómurinn skoðað líkanið af sundlaug Vestmannaeyjakaupstaðar, sem vikið er að í málinu.

Gegn eindregnum andmælum stefnenda verður að telja ósannað, að svo hafi verið um samið, að stefnendur tækju að sér smíði líkansins af sjúkrahúsinu fyrir ákveðið verð eða að þeir hafi ábyrgzt, að endanlegt verð þess yrði innan ákveðinnar hámarksfjárhæðar. Samkvæmt skýrslum stefnenda, sem ekki hefur verið andmælt sérstaklega, að því er það varðar, er ljóst, að vinna við líkanið af sundlauginni hófst hinn 5. eða 6. apríl, og það var afhent hinn 27. apríl. Vinna við líkanið af sjúkrahúsinu hófst samkvæmt þessu hinn 10. apríl, og var líkanið afhent í byrjun maímánaðar. Hinn 7. maí fór stefnandinn Diter Rot með reikning fyrir verkið til Þórhalls Jónssonar, og verður að ætla, að því hafi þá verið lokið. Er ljóst, að stefnendur hafa að nokkru á sama tíma unnið við bæði líkönin. Það er ágreiningslaust, að áður en smíði líkananna lauk, hafi stefndi verið búinn að greiða kr. 21.500.00 upp í verð þeirra beggja. Einnig er ágreiningslaust, að stefndi hafi viðurkennt hið umkrafða verð fyrir líkanið af sundlauginni, kr. 18.500.00, og stóðu þá eftir kr. 3.000.00 af hinni fyrri greiðslu. Þá kemur og fram, að hinn 15. maí 1962 hafi af hálfu stefnda verið greiddar kr. 19.000.00 inn á reikning stefnenda fyrir líkanið af sjúkrahúsinu og að af hálfu stefnenda hafi verið tekið við þeirri greiðslu með fyrirvara. Höfðu stefnendur þá leitað aðstoðar lögfræðings.

Það hefur að vísu komið fram hjá Guðmundi Þór Pálssyni og Þórhalli Jónssyni, að verðið fyrir líkanið af sundlauginni skyldi ákveðið í hlutfalli við verð líkansins af sjúkrahúsinu. Ekki þykir þó verða byggt á þessu atriði út af fyrir sig varðandi endurgjald fyrir líkanið af sjúkrahúsinu, þótt endanlega hafi verið greiddar kr. 18.500.00 fyrir líkanið af sundlauginni, eins og stefnendur kröfðust, enda hafa bæði Guðmundur Þór og Þórhallur miðað við ákveðið hámarksverð fyrir líkanið af sjúkrahúsinu.

Það verður að telja, að endurgjald það, sem stefnendur krefja fyrir líkanið af sjúkrahúsinu, sé of hátt. Stefndi hefur ekki farið þá leið að fá dómkvadda matsmenn til að meta hæfilegt endurgjald fyrir smíði líkansins. Þegar öll atriði eru höfð í huga,

þykir sanngjarnt endurgjald fyrir smíði líkansins af sjúkrahúsinu hæfilega ákveðið kr. 25.000.00, og er þá með talið efni og flutningur.

Samkvæmt því verður stefnda gert að greiða stefnendum kr. 25.000.00 að frádregnum kr 22.000.00 (3.000.00 + 19.000.00), þ. e. kr. 3.000.00. Þá verður stefnda og gert að greiða vexti, sem ákveðast 8% af kr. 22.000.00 frá 12. maí 1962 til 15. s. m. og af kr. 3.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefnda og gert að greiða stefnendum málskostnað, sem eftir öllum atvikum ákveðst kr. 4.500.00, og er þá haft í huga, að greiðsla sú, kr. 19.000.00, sem fram fór hinn 15. maí 1962, var innt af hendi fyrir atbeina lögmanns stefnenda.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Axel Helgasyni módelsmið og Kjartani Sigurðssyni arkitekt.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Vestmannaeyja, greiði stefnendum, Magnúsi Pálssyni og Diter Rot, kr. 3.000.00 með 8% ársvöxtum af kr. 22.000.00 frá 12. maí 1962 til 15. s. m. og af kr. 3.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1966.

Nr. 173/1965. **Ásar h/f**
gegn
Sigurði Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásar h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1966.

Nr. 142/1966. **Ásmundur Ásgeirsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásmundur Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1966.

Nr. 140/1965. **Friðrik Þorsteinsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigurgeir Svanbergssyni
og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 5.750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæsta-

rétti. Þá krefst aðaláfrýjandi staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 20. september 1965 og krafizt sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Friðrik Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurgeir Svanbergssyni, kr. 7.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 10. f. m., hefur Friðrik Þorsteinsson, húsgagnasmíðameistari hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 31. marz 1964, á hendur Sigurgeir Svanbergssyni til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 5.750.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var vaxtakröfu stefnanda breytt, og er nú frá 1. janúar 1965 krafizt 7% ársvaxta.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að er fyrirtæki stefnanda hafi smíðað innréttingar fyrir stefnda á árinu 1963, hafi stefnandi gert teikningar, tillögur og sagt fyrir um smíði á skápum, borði, skilrúmi og gluggalistum (sic), sem engar teikningar hafi verið til af. Krafa stefnanda, sem sé meðlimur í Félagi húsgagnaarkitekta, sé endurgjald fyrir þessa þjónustu hans.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram reikningur, sem að meginmáli er svohljóðandi:

„Þóknun samkvæmt gjaldskrá Félags húsgagnaarkitekta fyrir teikningar, tillögur og fyrirsagnir vegna smíði á skápum, borði, skilrúmi og gluggakistum og öðru, sem engar teikningar lágu fyrir af frá öðrum, í sambandi við innréttingar í húsið Safamýri 93, 17% af áætlaðri upphæð, kr. 25.000.00 ..... kr. 4.250.00
sagt fyrir um breytingar á viftu yfir bakarofn .. — 1.500.00

kr. 5.750.00“

Gegn eindregnum andmælum af hálfu stefnda, hefur stefnandi ekki fært sönnur að því, að hann, sem var fyrirsvarsmaður Húsgagnavinnustofu Friðriks Þorsteinssonar h/f við framkvæmd verksins, hafi í sambandi við það látið í té teikningar eða aðra slíka þjónustu umfram það, sem venja er, sem veitti honum rétt til að krefjast sérstaks gjalds fyrir það samkvæmt gjaldskrá Félags húsgagnaarkitekta.

Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Átelja verður ummælin: „Stefnanda gengur aðeins til hefndarhugur...“ í greinargerð lögmanns stefnda, og ber að ómerkja ummælin.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jónasi Sólmundssyni og Sigurði Úlfarssyni húsgagnasmíðameisturum.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Sigurgeir Svanbergsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Friðriks Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1966.

Nr. 141/1965. **Húsgagnavinnustofa Friðriks Þorsteinssonar h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigurgeir Svanbergssyni og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 34.174.96 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur aðaláfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 20. september 1965. Hefur hann krafizt sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum í gagnsök kr. 2.165.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur gagnáfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í gagnsök og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Snemma árs 1963 tók aðaláfrýjandi að sér smíði innbúnaðar í íbúð gagnáfrýjanda að Safamýri 93 hér í borg. Verkinu virðist hafa verið lokið í byrjun júlímánaðar 1963.

Meðan á verkinu stóð, greiddi gagnáfrýjandi samtals kr. 200.000.00 til aðaláfrýjanda vegna viðskiptanna. Í júlímánuði 1963 krafði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda um greiðslu fyrir smíðina. Samkvæmt reikningi aðaláfrýjanda nam heildarkostnaðurinn kr. 234.882.75, og eru vinnustundir starfsmanna aðaláfrýjanda við smíðina þar taldar 2.167.

Er aðaláfrýjandi krafði með málssókn eftirstöðvar kostnaðarins, taldi hann, að heildarkostnaður við smíðina hefði numið kr. 238.889.75, og stafaði munurinn af því, að vanreiknaðar hefðu verið í hinum fyrri reikningi 100 vinnustundir starfsmanna hans við verkið. Enn hefur aðaláfrýjandi leiðrétt vinnustundareikning sinn og talið, að vinnustundir séu vantaldar um 2.15, en oftaldar um 18.50. Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi talið vinnustundirnar alls 2.150.25 og sækir gagnáfrýjandi til greiðslu á kr. 34.174.96 (234.882.75 — 707.79 — 200.000.00).

Hinn 2. og 4. október 1963 fékk gagnáfrýjandi dómkvadda tvo sérfróða menn til „að meta til peningaverðs allar þær innréttingar, sem Friðrik Þorsteinsson innti af hendi bæði um efni og vinnu".

Hinir dómkvöddu menn, Einar B. Kristjánsson húsasmíðameistari og Ólafur H. Guðmundsson húsgagnasmiður, telja í matsgerð sinni, sem dagsett er 5. nóvember 1963, að hæfilegt verð fyrir efni og vinnu þá, er hér um ræðir, væri kr. 197.835.00. Leggur gagnáfrýjandi matsfjárhæðina til grundvallar um rétt verð verksins, og á henni er byggð sýknukrafa hans í aðalsök og endurheimtukrafa hans í gagnsök.

Eigi er sannað, að aðiljar hafi samið um, hvernig endurgjald fyrir smíðina skyldi greiða. Samkvæmt meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922 ber aðaláfrýjanda því það gjald fyrir smíðina, sem sanngjarnt má telja. Hinir dómkvöddu menn hafa staðfest matsgerð sína fyrir dómi, skýrt hana og heitfest vætti sín. Matsgerðin er þó eigi svo sundurliðuð sem þörf hefði verið á. Aðaláfrýjandi varð eigi við áskorun, sem Hæstiréttur beindi til hans, um að fá dómkvadda yfirmatsmenn til að meta smíðina til verðs. Verður því að

leggja mat undirmatsmannanna til grundvallar, enda getur niðurstaða héraðsdóms, eins og málinu er háttað, eigi hnekkt því, þar sem hún er ósundurliðuð og órökstudd. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök.

Eigi eru efni til að dæma aðaláfrýjanda til endurgreiðslu á því fé, er gagnáfrýjandi hafði greitt án fyrirvara, og ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í gagnsök.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, er þykir hæfilegur kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Í aðalsök skal gagnáfrýjandi, Sigurgeir Svanbergsson, vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Húsgagnavinnustofu Friðriks Þorsteinssonar h/f.

Í gagnsök skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1965.

Mál þetta, sem var tekið til dóms hinn 10. f. m., hefur Húsgagnavinnustofa Friðriks Þorsteinssonar h/f hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 30. des. 1963, á hendur Sigurgeir Svanbergssyni, Safamýri 93, hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð 38.889.75 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins voru þær breytingar gerðar á kröfum aðalstefnanda, að höfuðstóll stefnukröfunnar var lækkaður í kr. 38.181.96, og frá 1. janúar 1965 er nú krafizt 7% ársvaxta.

Af hálfu aðalstefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum aðalstefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda að skaðlausu.

Í stefnu aðalsakar er málavöxtum lýst svo, að aðalstefnandi

hafi á fyrri hluta ársins 1963 tekið að sér að smíða og setja upp innréttingar í íbúð aðalstefnda að Safamýri 93 og hafi verkið verið unnið í tímavinnu skv. gjaldskrá. Aðalstefndi hafi fylgzt með framkvæmd verksins og hafi aldrei komið með umkvartanir eða haft uppi neinn ágreining um vinnuna eða framkvæmd verksins. Heildarreikningur aðalstefnanda fyrir verkið hafi numið kr. 238.889.75 og hafi aðalstefndi greitt upp í reikninginn kr. 200.000.00, en síðan hafi hann neitað að greiða meira.

Við munnlegan flutning málsins var reikningsfjárhæð aðalstefnanda lækkuð um kr. 707.79 vegna skekkju í vinnulistum.

Með stefnu, útgefinni hinn 20. maí 1964, höfðaði aðalstefndi gagnsókn í málinu til endurgreiðslu á kr. 2.165.00 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu aðalstefnanda eru þær dómkröfur gerðar í gagnsök, að hann verði sýknaður af kröfum aðalstefnda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnda að mati dómsins.

Í gagnstefnu er málavöxtum gagnsakar lýst svo, að aðalstefnandi hafi á árinu 1963 tekið að sér að smíða ýmsar innréttingar í hús aðalstefnda. Heildarreikningur fyrir verkið hafi numið kr. 238.889.75. Aðalstefndi hafi síðan greitt upp í reikninginn kr. 200.000.00 í fernu lagi. Þar eð reikningur aðalstefnanda hafi verið mun hærri en um var samið, hafi aðalstefndi fengið dómkvadda matsmenn til að meta verkið, bæði efni og vinnu. Niðurstöðufjárhæð matsins hafi orðið kr. 197.835.00 og sé stefnukrafan í gagnsök mismunur þeirrar fjárhæðar og fjárhæðar þeirrar, sem stefndi hafi í góðri trú greitt aðalstefnanda.

Friðrik Þorsteinsson húsgagnsmíðameistari, fyrirsvarsmaður aðalstefnanda, hefur skýrt svo frá, að aðalstefndi og eiginkona hans hafi komið til sín með teikningar og verklýsingu af innréttingum í íbúð þeirra og spurt sig að því, hvort hann vildi gera tilboð í framkvæmd verksins. Kveðst Friðrik hafa sagt þeim, að hann mundi ekki gera tilboð í framkvæmd verksins, þar sem hann hefði í mörg undanfarin ár að mestu tekið að sér verk eftir reikningi og hefði eigi orðið af ágreiningur. Einnig væri það, að svo algengt væri, að breytingar og frávik væru gerð frá teikningu og verklýsingu, að oft stæði lítið eftir af upphaflegu tilboði, auk þess sem það ylli töfum að semja um hverja breytingu, sem óskað væri eftir, meðan unnið væri að verkinu. Friðrik kveðst hins vegar hafa boðizt til að vinna verkið eftir

reikningi og hafi hjónin samþykkt það nokkrum dögum síðar. Ekki kveður Friðrik verkinu hafa verið sett nein tímamörk. Friðrik kveður mjög mikilvæg frávik hafa verið gerð að frumkvæði hjónanna frá verklýsingu þeirri, sem fyrir hafi legið. Hafi nú m. a. eldhúsinnrétting öll verið klædd innan með plasti og skápar að ofan og neðan, auk þess hafi svo verið unnin ýmis viðbótarsmíði. Ekki kveður Friðrik aðalstefnanda hafa orðað það við sig, að verkið yrði metið af dómkvöddum matsmönnum og kveður sér ekki hafa verið kunnugt um það, fyrr en daginn áður en skoðun fór fram. Kveðst hann hafa mótmælt því við skoðunargerð matsmannanna, að hægt væri að meta verkið, þar sem svo margt væri ekki hægt að sjá af því, sem gert hefði verið. Sem dæmi um slíkt nefnir Friðrik það, að að beiðni eiginkonu aðalstefnda hafi verið skipt um öll grip á eldhúsinnréttingu (rennihurðum), eftir að innréttingin hafi verið sett upp. Óskað hafi verið eftir því, að dyragati í húsbóndaherbergi væri lokað og hillur smíðaðar í dyragatið, breiðari en veggþykkt, felldar út á vegginn með bogahornum. Þá hafi eiginkona aðalstefnda óskað eftir því, að hliðar væru settar í dyraopið, en við það hafi orðið að breyta öllum hillunum. Þá hafi hrærivélalyfta verið sett í einn skáp í eldhúsinu samkvæmt teikningu, en svo hafi komið í ljós, að skál, sem eiginkona aðalstefnda hafi komið með, hafi ekki komizt fyrir á vélinni. Þrátt fyrir það þótt eiginkonu aðalstefnda væri sagt, að þýðingarlaust væri að reyna að koma skálinni fyrir, hefði að hennar ósk verið gerðar breytingar í þessu skyni, en án árangurs. Þá kveður Friðrik það hafa tafið fyrir, að öll hæðarmál af eldavél, bakaraofni og viftu og teikningar af þeim á teikningunni hafi verið skökk. Einnig kveður hann viftuna hafa reynzt ónothæfa, þar sem engin loftrás hafi verið til að tengja loftop viftunnar við. Kveðst hann hafa óskað eftir, að aðalstefndi og arkitektinn fyndu lausn á þessu máli, en það hafi þeir ekki gert, því hafi orðið að smíða eldhúsinnréttinguna, án þess að lausn væri fundin á þessu og síðan að smíða skápinn við viftuna sér, eftir að henni hafði verið komið fyrir. Kveður Friðrik þetta hafa valdið miklum töfum. Friðrik kveður aðstöðu við uppsetningu hafa verið mjög erfiða, þar sem flutt hafi verið í íbúðina og hafi smiðir orðið að færa til húsgögn og eldhúsáhöld og hafi það valdið töfum á verkinu. Friðrik kveður hvorki aðalstefnda né eiginkonu hans hafa minnzt neitt á kostnað vegna breytinga þeirra og viðbóta, sem gerðar hafi verið frá því, sem gert hafi verið ráð fyrir í upphafi.

Aðalstefndi, Sigurgeir Svanbergsson, hefur skýrt svo frá, að er íbúð hans hafi verið það langt á veg komin, að hann gæti hafizt handa um smíði innréttingar, hafi hann fengið Halldór Hjálmarsson húsgagnaarkitekt til að teikna innréttingar og semja útboðs- og vinnulýsingu. Hafi hann síðan leitað tilboða í smíði innréttinga, er skyldu sundurliðuð þannig:

1. Baðherbergi, skápar og ljósarenna.
2. Eldhúsinnrétting:
   a) skápar og kringum ofn,
   b) veggklæðning.
3. Skápur í svefnherbergi og bóndaherbergi.
4. Fataskápur í skála.

Aðalstefndi kveður það hafa verið þýðingarmikið fyrir sig, að verkið tæki sem skemmstan tíma. Hann kveðst svo í febrúarmánuði 1963 hafa leitað tilboða hjá þremur aðiljum. Allir hafi þeir gert munnleg tilboð. Tveir þeirra hafi ætlað sér of langan tíma til verksins, en aðalstefnandi hafi gert tilboð, er hljóðaði upp á kr. 160.000.00 — —180.000.00, og skyldi verkinu lokið um mánaðamót apríl og maí. Kveður aðalstefndi það hafa verið undirstrikað rækilega af hálfu aðalstefnanda, að verkið færi ekki fram úr kr. 180.000.00. Aðalstefndi kveðst hafa tekið þessu tilboði, en látið sitja við munnlegan samning. Er liðið var á verkið, kveður aðalstefndi aðalstefnanda hafa verið fenginn til að smíða og leggja til efni í eftirtalda hluti:

1. Skáp og borðplötu í þvottahúsi.
2. Bókahillu í húsbóndaherbergi (felld í dyr).
3. Spón á sjö hurðir.
4. Þrjár gluggakistur.

Ekki kveðst aðalstefndi hafa gert sér ljóst, hvað þessi viðbót mundi kosta, en taldi, að kostnaður gæti ekki farið fram úr kr. 20.000.00. Hann kveðst nú dagana 4. og 14. marz, 10. maí og 1. júlí 1963 hafa greitt aðalstefnanda samtals kr. 200.000.00 og hafi greiðslur þessar verið inntar af hendi í góðri trú vegna óvissunnar um aukaframkvæmdirnar. Aðalstefndi kveður, að af hálfu aðalstefnanda hafi hvorki verið staðið við fjárhæð tilboðsins né tímatakmörk þau, sem ákveðin hafi verið, því að í júlí 1963 hafi af hálfu aðalstefnanda verið lagður fyrir hann

reikningur, er numið hafi kr. 234.822.75, en við höfðun máls þessa hafi fjárhæð reiknings aðalstefnanda verið hækkuð í kr. 238.889.75.

Samkvæmt beiðni stefnda dómkvaddi yfirborgardómarinn í Reykjavík tvo menn til þess að meta til peningaverðs innréttingar þær, sem aðalstefnandi hafði smíðað, og skyldi matið ná bæði til efnis og vinnu. Samkvæmt matsbeiðninni voru innréttingarnar þessar:

1. Skápar og ljósarenna í baðherbergi.
2. Öll eldhúsinnréttingin.
3. Skápar í svefnherbergi.
4. Skápar í bóndaherbergi.
5. Fataskápur í skála.
6. Þrjár gluggakistur.
7. Skápur og borðplata í þvottahúsi.
8. Bókahilla í bóndaherbergi.
9. Spónn á 7 hurðir (aðeins efni).

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Einars B. Kristjánssonar húsasmíðameistara og Ólafs H. Guðmundssonar húsgagnasmíðameistara, sem dagsett er hinn 5. nóv. 1963, segir m. a. svo:

„Jafnframt því að við undirritaðir framkvæmdum athuganir okkar á innréttingum þeim, er okkur var falið að meta, leituðum við upplýsinga hjá aðilum um aðstöðu við framkvæmd verksins, hvað verktaki hefði unnið og lagt til, sem ekki væru teikningar af eða ekki tekið fram í útboðslýsingu þeirri, sem fylgdi dómkvaðningunni, fylgiskjal 2, einnig hverju hefði verið breytt frá teikningum og útboðslýsingunni.

Útreikningar okkar byggjast á þeim athugunum, sem við framkvæmdum á staðnum, og þeim upplýsingum, er okkur voru látnar í té af málsaðilum.

Verðmætismat okkar tekur til allrar þeirra vinnu, efnis og annarra verðmæta, sem við teljum verktaka hafa lagt í verkið, eins og það var, þegar matið fór fram.

Sérstök áherzla er á það lögð í matsbeiðninni, að metið sé hvað fyrir sig, eins og nánar er tilgreint þar í töluliðum 1.–9., og fer mat okkar þannig sundurliðað hér á eftir:

1.	Skápar, ljósarenna og hillur í baðherbergi kr.	10.220.00
2.	Eldhúsinnrétting ..... —	113.080.00

3.–4.	Skápar í svefnherbergi og bóndaherbergi, þessir skápar koma sem veggur milli herbergjanna og verða því merktir saman ..	kr.	38.500.00
5.	Fataskápur í skála	—	13.650.00
6.	Þrjár gluggakistur (sólbekkir)	—	3.300.00
7.	Skápur og borðplata í þvottaherbergi ásamt skilvegg með ísettri rennihurð .... (hurðina lagði verkkaupi til)	—	11.660.00
8.	Bókahilla í bóndaherbergi ..... (byggð upp í dyr)	—	5.280.00
9.	Spónn á 7 hurðir og karma	—	2.145.00

Samkvæmt framanskráðu verður mat okkar á vinnu og efni samtals ..... kr. 197.835.00

Krónur: Eitt hundrað níutíu og sjö þúsund átta hundruð þrjátíu og fimm 00/100.

Söluskattur er innifalinn í útreikningum okkar.

Mat okkar er miðað við verðlag, eins og það var á þeim tíma, sem verkið var unnið.

Reykjavík, 5. nóv. 1963."

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Skýra matsmennirnir svo frá, að smíðin hafi verið vel unnin. Þeir kveða plastklæðningu vera nýja aðferð, sem sé erfiðari og dýrari vinna en vinna við spónlagðar innréttingar. Þeir kveðast hafa aflað sér upplýsinga hjá aðiljum um framkvæmd verksins við skoðun, en síðan hafi þeir aflað annarra upplýsinga, eftir því sem þeim hafi þótt þurfa. Það kemur fram, að annar matsmanna muni hafa haft undir höndum einhverja reikninga frá stefnanda, á meðan þeir matsmennirnir unnu að matsgerð sinni. Ekki hafa matsmenn getað gefið upplýsingar um það, hvort niðurstaða matsgerðarinnar byggist á því, að efniskostnaður sé þar talinn lægri en fram kemur í reikningum aðalstefnanda fyrir verkið. Ekki minnast matsmenn þess, að fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi við skoðun verksins óskað eftir því að fá síðar að koma að frekari upplýsingum um framkvæmd verksins. Við matið höfðu matsmennirnir undir höndum útboðs- og vinnulýsingu þá, sem aðalstefndi hafði látið gera. Það er skoðun matsmannanna, að hinir ýmsu hlutar verksins falli ýmist undir húsasmíði eða húsgagnasmíði.

Kröfur aðalstefnanda í aðalsök eru á því byggðar, að aðalstefnandi hafi tekið að sér framkvæmd umrædds verks í tímavinnu. Af hálfu aðalstefnda hafi ekki verið vefengt, að starfsmenn aðalstefnanda hafi unnið þær vinnustundir, sem fram komi í reikningum aðalstefnanda, og ekki sé heldur vefengt, að efnisreikningar séu réttir. Er matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna mótmælt sem rangri og þýðingarlausri og því jafnframt mótmælt, að báðir matsmenn hafi sérþekkingu á húsgagnaframleiðslu eða húsainnréttingum.

Af hálfu aðalstefnda er því að vísu haldið fram, að aðalstefnandi hafi tekið að sér framkvæmd umrædds verks fyrir kr. 160.000.00—180.000.00, en þar sem hann hafi ekki tök á að færa sönnur að þessu samkomulagi, hafi hann ekki átt annarra kosta völ en að fá dómkvadda matsmenn til að meta verkið, er ekki hafi náðst samkomulag með aðiljum. Eru kröfur aðalstefnda á því byggðar, að samkvæmt matsgerðinni sé ljóst, að hann hafi þegar greitt aðalstefnanda meira en nóg fyrir verkið.

Kröfur aðalstefnda í gagnsök eru byggðar á því, að samkvæmt niðurstöðu matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna hafi hann þegar greitt aðalstefnanda meira en honum hafi borið. Eigi hann því rétt á að krefja aðalstefnanda um mismun þeirrar fjárhæðar, sem hann hafi greitt, kr. 200.000.00, og niðurstöðufjárhæðar matsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna, kr. 197.835.00.

Sýknukrafa aðalstefnanda í gagnsök er byggð á sömu rökum og kröfur hans í aðalsök, þ. e., að hann hafi tekið að sér framkvæmd verksins í tímavinnu, aðalstefndi hafi hvorki vefengt reikninga fyrir efni né vinnu. Beri aðalstefnda því að greiða kostnað við verkið skv. endanlegum reikningi. Var því haldið fram við hinn munnlega flutning málsins, að með fyrirvaralausri greiðslu sinni á kr. 200.000.00 hefði aðalstefndi firrt sig öllum endurkröfurétti.

Gegn eindregnum andmælum af hálfu aðalstefnanda er ósannað, að hann hafi tekið að sér framkvæmd umrædds verks fyrir ákveðið verð. Það er fram komið, að aðalstefnandi hefur lagt fyrir aðalstefnda tvo reikninga fyrir verk þetta. Eru reikningar þessir þeir sömu að öðru leyti en því, að í síðari reikningnum, sem krafa aðalsakar er byggð á, er liður fyrir vanreiknaða fjárhæð vegna samlagningarskekkju, 100 st. á kr. 40.07 með söluskatti, eða kr. 4.007.00. Af hálfu aðalstefnanda hefur ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir því, í hverju samlagningarskekkja

þessi er fólgin. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að af hálfu aðalstefnanda er við útreikning vinnulauna í kröfu hans reiknað með jöfnunarverði miðað við 2 eftirvinnutíma á dag, þannig að dagvinnustundir og þessar eftirvinnustundir eru reiknaðar á sama verði.

Að öllu athuguðu, sem fram er komið í máli þessu, þykir dóminum rétt við úrlausn aðalsakar að ákvarða endurgjald fyrir verk það, sem aðalstefnandi framkvæmdi fyrir aðalstefnda. Þykir það hæfilega ákveðið kr. 220.000.00. Aðalstefndi hefur þegar greitt kr. 200.000.00 af fjárhæð þessari. Verða úrslit aðalsakar því þau, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda kr. 20.000.00 og vexti af þeirri fjárhæð, sem ákveðast 7% frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum aðalsakar verða úrslit gagnsakar þau, að aðalstefnandi verður sýknaður af kröfum aðalstefnda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Gumundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jónasi Sólmundssyni og Sigurði Úlfarssyni húsgagnasmíðameisturum.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Sigurgeir Svanbergsson, aðalstefnanda, Húsgagnavinnustofu Friðriks Þorsteinssonar h/f, kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal aðalstefnandi vera sýkn af kröfum aðalstefnda. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15. daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. nóvember 1966.

Nr. 203/1966. **Ríkisútvarpið** (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Félagi sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum og gagnsök (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögbannsmál. Fjarskipti. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1966 og gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði, að öðru en tekur til ómerkingar á ummælum, felldur úr gildi og „lagt verði fyrir fógeta að leggja lögbann við starfrækslu endurvarpsstöðvar fyrir útvarp (sjónvarp) á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum, sem þar fer fram á vegum stefnda." Aðaláfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu 21. október 1966. Hann krefst þess, að staðfest verði það ákvæði fógetadóms, að hin umbeðna lögbannsgerð skuli ekki fram fara, að felld verði úr gildi ómerking ummæla og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi lét í júlímánuði 1966, að því er ætla verður, setja upp á leigulóð póst- og símamálastjórnarinnar á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum búnað til að veita viðtöku sjónvarpsefni frá Bandarísku varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og endurvarpa því til manna í Vestmannaeyjum. Telur Ríkisútvarpið, sem ber undir menntamálaráðherra, að atferli þetta brjóti í bág við einkarétt þess til útvarpsrekstrar á Íslandi samkvæmt 1. gr. laga nr. 68/1934. En lög þessi geyma engin ákvæði, sem heimfæra megi sjónvarp varnarliðsins eða endurvarp frá því undir. Heimild til rekstrar þess og endurvarps frá því verður að sækja í 3. og 10. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti, sem eru yngri lög en lög

nr. 68/1934 og m. a. heimila póst- og símamálaráðherra að veita „einstökum mönnum, félögum eða stofnunum“ rétt til „að stofna og reka fjarskiptavirki“ hér á landi, sbr. og lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu Bandaríkjanna og eignir þess. Ríkisútvarpið á því eigi aðild máls þessa. Að þessu athuguðu ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ríkisútvarpið, greiði gagnáfrýjanda, Félagi sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, málskostnað í Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 6. september 1966.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. september s.l., kom fyrir fógetaréttinn 24. ágúst s.l.

Í málinu hefur gerðarbeiðandi, Ríkisútvarpið, gert þær réttarkröfur, að lagt verði lögbann við starfrækslu endurvarpsstöðvar fyrir útvarp (sjónvarp) í Vestmannaeyjum á Stóra Klifi á ábyrgð gerðarbeiðanda, en kostnað gerðarþola. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati fógeta.

Gerðarþoli, Félag sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, gerir þær réttarkröfur, að umbeðið lögbann nái ekki fram að ganga og að gerðarþola verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að fyrir um tveim mánuðum voru sett upp tæki að tilhlutan gerðarþola á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum til að veita móttöku sjónvarpsútsendingum Bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og endurvarpa þeim til manna í Vestmannaeyjum.

Tæki þau, er hér um ræðir, voru viðtökuloftnet og sendiloftnet ásamt fjórum mögnurum, sem tengdir eru í línu á milli loftnetanna. Fyrir uppsetningu tækjanna hafði nokkrum mönnum,

er búa sunnanvert á Heimaey, tekizt að ná sjónvarpsmyndum á tæki sín beint frá stöð varnarliðsins, en með uppsetningu tækjanna var mönnum í kaupstaðnum almennt gert kleift að ná útsendingunum á sjónvarpstæki sín.

Tæki þessi voru sett upp á leigulóð póst- og símamálastjórnarinnar á Stóra Klifi og lína til magnaranna tengd við rafmagnslínu Landssímans í húsi hans á Klifinu. Ekki var fengið leyfi til þessara framkvæmda hjá póst- og símamálastjórn né símstöðvarstjóranum í Vestmannaeyjum.

Póst- og símamálastjórn hefur í sérstöku máli krafizt þess, að tæki gerðarþola yrðu fjarlægð af leigulóð hennar með útburðargerð.

Þá var lokað fyrir rafmagn til tækjanna frá rafstreng Landssímans að kröfu gerðarbeiðanda.

Hinn 22. júlí gerði bæjarstjórn Vestmannaeyja ályktun þess efnis, að umráð rafstrengs þess, sem tæki gerðarþola fá rafmagn frá, en hér er um að ræða lágspennujarðstreng, vararafstreng, vegna stuttbylgjustöðvar á Klifinu, skyldu vera í höndum Rafmagnsveitu Vestmannaeyja skv. ákvæði í reglugerð rafveitunnar. Jafnframt heimilaði bæjarstjórn rafveitunni að selja gerðarþola rafmagn eftir þörfum.

Gerðarþoli fékk nú rafstraum til tækja sinna á ný úr þessum jarðstreng, og var tengt inn á strenginn nokkuð fyrir neðan fjallsbrún á Klifinu.

Póst- og símamálastjórnin mótmælti töku þessari á vararafstrengnum á Stóra Klifi sem ólöglegri í símskeyti til bæjarstjórnar Vestmannaeyja 5. ágúst s.l. og krafðist fyllstu afnota af rafstrengnum.

Með bréfi, dagsettu 20. júlí s.l., fór Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra þess á leit við Ríkisútvarpið, að það léti þegar í stað rannsaka, hvort einstaklingar hefðu komið á fót endurvarpsstöð til sjónvarpssendinga eða vísi að slíkri stöð í Vestmannaeyjum og notað í því skyni tæknibúnað Landssímans þar á staðnum og þannig brotið gegn einkaleyfi Ríkisútvarpsins til sjónvarpssendinga.

Í framhaldi af þessu gerði útvarpsráð á fundi sínum 26. júlí s.l. ályktun um málið, þar sem útvarpsráð minnir á að gefnu tilefni, að samkvæmt íslenzkum lögum hafi enginn aðili annar en Ríkisútvarpið í umboði ríkisstjórnarinnar og Alþingis heimild til að láta reisa endurvarpsstöðvar í landinu.

Hinn 28. júlí sendi Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri sím-

skeyti til Braga Björnssonar sem formanns Félags sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, þar sem ítrekað er, að endurvarpsstarfsemi sú á sjónvarpi, sem fram fari í Vestmannaeyjum, sé brot á 1. gr. laga um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68/1934 og lagt svo fyrir, að þessari starfsemi verði hætt þá þegar. Jafnframt kynnti útvarpsstjóri honum ályktun útvarpsráðs um málið.

Sama dag sendir Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri símskeyti til forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyja svipaðs efnis og fer þess á leit við bæjarstjórn Vestmannaeyja, að bæjarstjórnin geri viðeigandi ráðstafanir til að stöðva starfsemina, meðal annars með því að rjúfa rafstraum til tækjanna, sem til starfseminnar eru notuð.

Óvíst er, hvort bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi svarað tilmælum útvarpsstjóra, en Bragi Björnsson svaraði honum með símskeyti 29. júlí á þá leið, að engin starfsemi færi fram í Vestmannaeyjum á vegum Félags sjónvarpsáhugamanna, er færi í bág við tilvitnað lagaákvæði í skeyti útvarpsstjóra.

Næst er það, að 5. ágúst skorar póst- og símamálastjórnin á Sigurberg Hávarðsson, útvarpsvirkjameistara í Vestmannaeyjum, í símskeyti þann dag að nema þegar á brott þau tæki, sem hann hafi án leyfis sett upp á leigulóð póst- og símamálastjórnarinnar á Stóra Klifi og starfrækt þar.

Þar sem framangreindum tilmælum gerðarbeiðanda var eigi sinnt, leitaði hann til fógetaréttarins um lögbann við starfseminni.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að nefnd endurvarpsstarfsemi sé brot á einkarétti gerðarbeiðanda til útvarpsrekstrar og brot á 1. gr. laga nr. 68/1934 um útvarpsrekstur ríkisins, sbr. 10. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti, svo og ákvæði 1. gr. reglugerðar um útvarpsrekstur ríkisins nr. 28/1958. Lítur gerðarbeiðandi svo á, að hugtakið útvarp taki til flutnings tals, tóna og mynda, þannig að hugtökin hljóðvarp og sjónvarp felist hvort tveggja í því. Orðið útvarp sé þýðing á enska orðinu „broadcasting", sem nái til flutnings til almennings á hljóðvarpi og sjónvarpi („television") með rafstraumum og rafsveiflum samkvæmt alþjóðareglugerðum, sem settar eru samkvæmt alþjóðafjarskiptasamningnum frá 1959, sem Ísland er aðili að samkvæmt auglýsingu nr. 61/1960 um fullgildingu hans. Þá sé samkvæmt þessum samningi orðið „radio", þ. e. útvarp, skírgreint sem „a general terms applied to the use of radio waves". Samkvæmt þessu telur gerðarbeiðandi, að hugtakið sjónvarp falli

undir hugtakið útvarp í skilningi 1. gr. laga nr. 68/1934, enda hafi gerðarbeiðandi nú um alllangt skeið undirbúið að fyrirmælum menntamálaráðuneytisins sjónvarpsstarfsemi á grundvelli 1. gr. l. nr. 68/1934, án þesss að talin hafi verið þörf á sérstakri lagasetningu um sjónvarp annarri en fjárlagaákvæðum. Íslenzka sjónvarpið verði deild í Ríkisútvarpinu og yfirmaður sjónvarpsdeildar lúti yfirstjórn útvarpsstjóra. Telur gerðarbeiðandi, að með þessu hafi löggjafarvaldið látið í ljós sama skilning á þessu máli og gerðarbeiðandi.

Gerðarþoli reisir kröfur sínar á því, að skv. 16. gr. laga nr. 68/1934 skuli með brot á þeim lögum fara að hætti opinberra mála, en engin rannsókn fyrir sakadómi hafi farið fram og álits sérfræðinga ekki verið aflað á þeim tækjum, er gerðarþoli lét setja upp á Stóra Klifi.

Þá heldur hann því fram, að alþjóðafjarskiptasamningurinn, er gerður var í Genf 1959, sbr. auglýsingu nr. 61/1960 um fullgildingu Íslands á honum, hafi ekki lagagildi hér á landi, þar sem hann hafi ekki verið birtur á íslenzku, sbr. 27. gr stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 7. gr. laga nr. 64/1943.

Þá telur gerðarþoli, að Ríkisútvarpið sé ekki réttur aðili að máli þessu, þar sem lög nr. 68/1934 séu eingöngu um Ríkisútvarpið, Útvarp Reykjavík, og starfsemi þess og fyrirkomulag og endurvarpsstöðvar, sem minnzt er á í lögunum, eigi eingöngu við Ríkisútvarpið.

Telur gerðarþoli, að lög, sem samin eru 1934, þegar Ríkisútvarpið var stofnað, geti ekki átt við sjónvarpsstarfsemi, sem rekin sé af Bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli 1966, þar sem sjónvarp muni hafa verið óþekkt fyrirbæri 1934.

Samkvæmt þessu telur gerðarþoli skilyrði til lögbanns ekki vera fyrir hendi, sbr. 26. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, þar sem athöfn sú, er banna á, verði að fela í sér réttarbrot gagnvart lögbannsbeiðanda, sbr. orðin „er raskar eða raska myndi með ólöglegum hætti rétti gerðarbeiðanda".

Lítur gerðarþoli svo á, að starfsemi gerðarþola á Stóra Klifi sé gerðarbeiðanda óviðkomandi, þar sem brot á fjarskiptalögum heyri undir símamálastjórn, en ekki útvarpsstjóra eða menntamálaráðuneytið.

Rétturinn lítur svo á, að ákvæði laga nr. 68/1934 og nr. 30/1941, um að með brot á þeim lögum skuli fara að hætti opinberra mála, séu því eigi til fyrirstöðu, að þeim, sem telja rétt

sinn samkvæmt þeim skertan, sé heimilt að leita til fógetaréttar með beiðni um lögbann, svo sem gerðarbeiðandi hefur gert í þessu tilviki. Auk þess telur rétturinn, að eðli þeirra tækja, er gerðarþoli hefur látið setja á Stóra Klifi, sé nægilega upplýst, til þess að rétturinn leggi úrskurð á málið.

Þá lítur rétturinn svo á, að spurningin um lagagildi alþjóðafjarskiptasamningsins frá 1959 komi ekki til með að ráða úrslitum máls þessa, og tekur rétturinn það atriði því ekki til úrskurðar sérstaklega.

Undanfarið hefur Ríkisútvarpið að fyrirlagi menntamálaráðuneytisins undirbúið íslenzka sjónvarpsstarfsemi, að því er virðist með þeim skilningi, að heimildir Ríkisútvarpsins samkvæmt 1. gr. laga nr. 68/1934 með tilliti til útvarpsrekstrar tækju sjálfkrafa til sjónvarpsrekstrar.

Vegna þessara framkvæmda hefur og verið stofnsett sérstök sjónvarpsdeild innan Ríkisútvarpsins og fé veitt til þess í fjárlögum 1964 og síðan.

Sýnist því Alþingi með þessu hafa lýst þeim skilningi sínum, að eigi væri þörf á sérstakri lagasetningu vegna stofnunnar íslenzks sjónvarps.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30/1941 eru fjarskipti hvers konar fjarflutningur tákna, merkja, skriftar, mynda og alls konar hljóða eftir vírum, rafgeislum (radio) eða með öðrum kerfum eða aðferðum, hvort sem eru rafmagns eða sjónmerkja (semafor), og fjarskiptavirki, hvers konar taugar, tæki, tækjahlutar, búnaður o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að að flytja aðkomin merki áfram.

Eftir þessu er tvímælalaust, að tæki þau og búnaður, er gerðarþoli hefur látið setja upp á Stóra Klifi, eru fjarskiptavirki og starfsemi þeirra fjarskipti í skilningi laga nr. 30/1941.

Með 2. gr. laganna um fjarskipti er ríkinu veittur einkaréttur á að stofna og reka á Íslandi og í íslenzkri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annarra slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt, og enn fremur til að setja upp hvers konar fjarskiptavirki. Nær einkaréttur ríkisins því jafnt til útvarps, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr 68/1934, þar sem ríkisstjórninni er veittur einkaréttur til að reka útvarp á Íslandi, og sjónvarps og endurvarps þess, og

skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort hugtakið sjónvarp rúmist í hugtakinu útvarp eða eigi.

Nú hefur póst- og símamálastjórninni verið með 10. gr. fjarskiptalaga verið falið að annast framkvæmd á einkarétti ríkisins á sviði fjarskipta, að undanskilinni framkvæmd þeirra mála, sem Ríkisútvarpinu, vitamálastjórninni og skipaskoðun ríkisins er falin með sérstökum lögum.

Með lögum nr. 68/1934 um útvarpsrekstur ríkisins er sett á stofn sérstök ríkisstofnun, sem nefnist Ríkisútvarpið, með afmörkuðu valdsviði. Undir þessa stofnun heyrir útvarpsstöð í Reykjavík og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu, sem ríkisstjórnin lætur reisa og starfrækja skv. 1. gr. laganna.

Með lögum þessum er Ríkisútvarpinu ekki falinn annar þáttur af framkvæmd einkaréttar ríkisstjórnarinnar á að reka útvarp á Íslandi en starfræksla Reykjavíkurstöðvarinnar og endurvarpsstöðva vegna hennar.

Framkvæmd einkaréttar ríkisins er því í höndum póst- og símamálastjórnar í umboði þess, enda hefur verið svo í framkvæmd um þau tilvik, þar sem á þetta hefur reynt.

Póst- og símamálastjórnin gaf út á sínum tíma tæknileg leyfisbréf til rekstrar útvarpsstöðvar og síðar sjónvarpsstöðvar Bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem lögformlegur framkvæmdaraðili á þessu sviði. Kemur þetta m. a. fram í ræðu utanríkisráðherra á Alþingi 28. febrúar 1962 um tillögu til þingsályktunar um afturköllun sjónvarpsleyfis o. fl.

Í flutningi máls þessa var upplýst, að leyfisbréf þessi hefðu verið gefin út að fengnu leyfi Ríkisútvarpsins og póst- og símamálastjórnarinnar á sviði útvarpsmála. Hér er að áliti réttarins aðeins um starfsreglu að ræða, sem hefur ekki áhrif á, að póst- og símamálastjórn er formlegur handhafi einkaréttar ríkisins.

Þó svo að menntamálaráðuneytið hafi falið Ríkisútvarpinu að koma á fót íslenzku sjónvarpi og stofnuð hafi verið í því skyni sérstök sjónvarpsdeild innan Ríkisútvarpsins og fé veitt í fjárlögum til framkvæmdanna og þótt Alþingi hafi ályktað, að eigi væri þörf á sérstakri lagasetningu vegna sjónvarpsins, þá lítur rétturinn svo á, að þessi atriði breyti ekki skýrum ákvæðum 10. gr. fjarskiptalaga um, að meðferð einkaréttar á sviði fjarskipta sé í höndum póst- og símamálastjórnarinnar, nema hún sé öðrum falin með sérstökum lögum, settum með stjórnskipulegum hætti.

Með skírskotun til þess, er áður segir um valdsvið Ríkisútvarpsins, þá telur rétturinn, að gerðarþoli hafi með uppsetningu

og starfrækslu umræddra tækja á Stóra Klifi í Vestmannaeyjum í engu raskað rétti eða hagsmunum gerðarbeiðanda, þannig að skilyrði til lögbanns skv. lögum nr. 18/1949 séu fyrir hendi.

Umbeðin lögbannsgerð skal því ekki ná fram að ganga.

Í munnlegum flutningi málsins gerði lögmaður gerðarbeiðanda kröfu til, að tiltekin ummæli um útvarpsstjóra í greinargerð Braga Björnssonar, lögmanns gerðarþola, yrðu ómerkt. Ummælin voru viðhöfð um símskeyti útvarpsstjóra til forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyja, sem rætt er um hér að framan, og eru þessi: „Þetta mun vera eitthvert furðulegasta plagg, sem embættismaður hefur sent frá sér“ og „Lýsir þetta taumlausri frekju og yfirgangi embættismanns, sem telur valdsvið sitt nærri ótakmarkað“.

Lögmaður gerðarþola andmælti því ekki, að ummælin yrðu ómerkt.

Ummæli þessi þykja óréttlætt og meiðandi fyrir útvarpsstjóra, og ber því að ómerkja þau.

Hæfilegt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 4.000.00 í málskostnað.

Jón Óskarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurðinn.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögbannsgerð skal ekki fara fram.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Gerðarbeiðandi, Ríkisútvarpið, greiði gerðarþola, Félagi sjónvarpsáhugamanna í Vestmannaeyjum, kr. 4.000.00 í málskostnað.

Föstudagin 4. nóvember 1966.

Nr. 145/1965. **Gísli Pálsson, eigandi Hofs,**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Benedikt Blöndal og Kristjáni Sigurðssyni, eigendum Brúsastaða, og gagnsök
(Sigurður Ólason hrl.).

Landamerkjamál.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Jón Ísberg sýslumaður og samdómsmennirnir Ólafur Magnússon hreppstjóri og Torfi Jónsson bóndi.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1965. Honum hefur hinn 3. júní 1966 verið veitt gjafsókn í málinu. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þannig að landamerkjum Brúsastaða og Hofs ráði bein lína, sýnd á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings sem „markalína samkvæmt héraðsdómi", hæstaréttarskjal nr. Ö 56, en frá þessari línu ráði Vatnsdalsá suður á móts við Grjótá. Þá krefst og aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 18. september 1965. Þeir hafa hinn 21. s. m. fengið gjafsókn í málinu. Dómkröfur þeirra eru, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og landamerki jarðanna Brúsastaða og Hofs verði ákveðin eftir núverandi (vestari) farvegi Vatnsdalsár frá Kötlustaðahólma (Grjótá) og niður á móts við merkjaskurð milli Brúsastaða og Snæringsstaða, en lína þessi er sýnd á framangreindum uppdrætti Ragnars Árnasonar. Við munnlegan málflutning breyttu gagnáfrýjendur kröfum sínum „þannig, að á kaflanum gegnt téðri eyri" (Stekkjareyri)

„og vestan Bæjareyrar ráði bein lína eftir sjónhendingu frá syðsta odda Kríuhólma á uppdrætti“ Ragnars Árnasonar „og í íbúðarhúsið á Hofi, þar til línan sker í báða enda hina upphaflegu kröfulínu“. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið lagður fram mikill fjöldi skjala og mörg vitni yfirheyrð.

Hinn 14. nóvember 1963 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjendum bréf. Kveðst aðaláfrýjandi hafa í huga „að breyta farvegi Vatnsdalsár“ til þess að afstýra frekari landspjöllum en hún þegar hefur valdið á túninu á Hofi. Þurfi þess vegna „að gera sér grein fyrir þeim farvegi Vatnsdalsár, sem er gildandi landamerki jarðanna Brúsastaða og Hofs“. Skoraði aðaláfrýjandi á gagnáfrýjendur að ræða leiðir til þess að ráða þessu til lykta. Eigi sést, að neitt hafi síðan gerzt í málinu, fyrr en aðaláfrýjandi ritaði sýslumanninum í Húnavatnssýslu bréf hinn 1. maí 1964 og fór þess á leit, að landamerkjadómur tæki málið til meðferðar. Var málið þingfest í landamerkjadómi Húnavatnssýslu hinn 19. júní 1964 og samdómendur skipaðir að fram farinni dómsruðningu. Landamerkjadómur kvað upp dóm sinn hinn 22. ágúst 1965.

Landamerkjaskrá Brúsastaða er frá 15. apríl 1884 og hljóðar svo:

„Að norðanverðu ræður Bræðratópt, sem er á milli bæjanna Brúsastaða og Snæringsstaða og einkennd er með steini, frá henni beina stefnu í grjótvörðu, sem er austur undir Vatnsdalsá, og frá Bræðratópt til vesturs í vörðu, sem er á næstu brún á hálsinum, og frá henni eftir þessari stefnulínu vestur í Kornsárkvísl. Að sunnanverðu ræður grjótvarða á svonefndu Langholti og austur frá henni til grjótvörðu á Skeiðmel og annarrar á há Ljótunnarmel, þaðan beint austur til Vatnsdalsár. Frá Langholtsvörðunni til vesturs í grjótvörðu á Miðmundarhæð og svo beint

eftir þessari stefnulínu vestur í Kornsárkvísl. Að vestan ræður Kornsárkvísl og að austan Vatnsdalsá.

Hvammi 15. apríl 1884.
G. B. Blöndal,
umboðsmaður Þingeyrarklaustursjarða.

Hinsvegar skráðum landamerkjum fyrir þjóðjörðinni Brúsastöðum erum vér undirritaðir samþykkir: Jónas Guðmundsson, Guðmundur Jónasson, Halldór B. Þorláksson, eigendur að jörðinni Ási í Vatnsdal. Hjörl. Einarsson, prestur að Undirfelli. Lesið upp fyrir manntalsþingrétti Húnavatnssýslu að Ási 31. maí 1884 og innritað í landamerkjabók sýslunnar nr. 6. bl. 4.

Vottar: Lárus Blöndal."

Benedikt Gísli Blöndal undirritaði framanritaða landamerkjaskrá sem umráðandi Brúsastaða, sem var ein af Þingeyrarklaustursjörðum. Hann byggði hinn 25. apríl 1894 jörðina ekkjunni Gróu Blöndal, og er framangreind landamerkjaskrá tekin upp í byggingarbréfið.

Landamerkjaskrá fyrir Hof frá 25. júlí 1890 hljóðar svo:

„Að sunnan ræður Grjótá allt frá Vatnsdalsá upp í svokölluð Þrengsli milli Svartafells og Sandfells, beint til austurs, eins og vötn að draga. Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg, eins og hún nú rennur. Að norðan merkin bein lína úr snidduhlaðinni vörðu á hólmanum fyrir vestan Kristínarbakka í markstein þann, sem settur er á bakka þennan og merktur er stöfunum LM. Þaðan ræður merkjum sjónhending í neðanverða Geitagjá, sem er efst í fjallsbrúninni. Að austan ræður merkjum eins og vötn að draga.

Kornsá og Undirfelli 25. júlí 1890.
Lárus Blöndal, Hjörl. Einarsson, umráðamenn kristfjárjarðanna Hofs og Kötlustaða.

Magnús Steindórsson, eigandi að ½ Sauðadal.
Jónas Guðmundsson, eigandi að Bakka.

Lesið upp á manntalsþingi að Ási hinn 28. maí 1891 og

innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu nr. 245, fol. 128. Vottar: Jóh. Jóhannesson
— settur — “

Aðiljar máls þessa deila um eignarrétt mikils hluta landspildu, sem liggur milli vatnsrennslis Vatnsdalsár að austan og farvegar með pollum í að vestan, en samkvæmt vætti vitna rennur vatn úr Vatnsdalsá í farveg þennan í vatnavöxtum. Nefnir aðaláfrýjandi farveg þennan „vestasta farveg“ og telur hann vera þá vestustu kvísl, sem getur í landamerkjabréfinu frá 1890 og þar er talin landamerki milli jarðanna. Reisir hann kröfur sínar á bréfi þessu. Gagnáfrýjendur nefna farveg þennan hins vegar Brúsastaðasíki. Sjálft þrætulandið nefnir aðaláfrýjandi Hofseyrar, en gagnáfrýjendur Brúsastaðahólma. Sum vitni nefna það Hofshólma, önnur Syðri Kríuhólma.

Gagnáfrýjendur reisa kröfur á því, að rennsli Vatnsdalsár, eins og það er nú, eigi að ráða að mestu merkjum milli jarðanna, enda sé ósannað, að áin hafi breytt farvegi sínum síðan 1884, er Brúsastaðabréfið var samþykkt, sbr. 3. gr. laga nr. 15/1923. Til vara telja þeir sannað, að svo til engin breyting hafi orðið á rennsli árinar eftir 1934, sbr. 3. tl. 8. gr fyrrgreindra laga.

Í landamerkjaskránni frá 15. apríl 1884, sem séra Hjörleifur Einarsson undirritaði fyrir kristfjárjörðina Hof og Benedikt Gísli Blöndal fyrir Brúsastaði, er Vatnsdalsá talin landamerki jarða þessara. Í landamerkjaskránni frá 25. júlí 1890, sem séra Hjörleifur undirritaði fyrir Hof, en eigi er undirrituð af umboðsmanni Brúsastaða, segir: „Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg, eins og hún er nú.“ Leitt er í ljós, að Benedikt Gísli Blöndal var þingvottur, þá er landamerkjaskrá þessi var þinglesin.

Í Jónsbók, landsleigubálk 56, sem var gildandi lög á þeim tíma, er hér skiptir máli, segir:

„Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefir verit, nema með lögum sé frá komit. Vötn öll skulu svá renna sem at fornu hafa runnit; veiti þat engi maðr af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálft.

En ef þat er veitt, þá skal veita aptr ok gjalda jarðarspell eiganda ok landnám ofan á. Nú ef á rennr millum bæja manna eða bekkr, ok eru fiskar í, þá eigu hálfa hvárir, ef þeir eigu svá jörð til tveim megin; en ef á eða bekkr rennr rétt ok brýtr á hvárskis land, þá geri svá hvárr veiðivél af sínu landi sem gert hafði at fornu fari. Nú ef á brýtr af annars þeirra jörð, þá á sá á er jörð átti þá sem hon braut, en hinn granda eða eyri eptir þangat til sem hon var mið, meðan hon rann rétt at fornu. En ef hon brýtr meirr, þá á sá er jörð átti bæði á ok granda þangat til er hon var mið þá hon rann rétt. Engi skal fyrir öðrum veiði spilla eða banna þá sem hann hefir haft at fornu fari. Hvervitna er menn eigu fiskiá saman, þá á hvárr at veiða sem vill, meðan úskipt er ánni, ok draga váðir at hváru landi er þeir vilja, en eigi skal hann öðrum veita".

Ákvæði þessi voru endurnýjuð með vatnalögum nr. 15/1923. Í 3. gr. þeirra laga segir: „1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. 2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist." Hér eru með öðrum orðum hinar gömlu reglur látnar haldast. Samkvæmt 8. gr. sömu laga er manni, er mein verður af því, að á breytir farvegi sínum, rétt að fella hana aftur í hinn forna farveg, að fullnægðum vissum skilyrðum um bætur o. fl. Slíka breytingu má eigi framkvæma, þá er sama ástand hefur haldizt 20 ár eða lengur. Ákvæði 8. gr. laganna haggar hins vegar eigi við því ákvæði 2. gr., að merki breytast eigi, þótt farvegur breytist. Framangreint ákvæði Jónsbókar um veiði var tekið upp í 124. gr. laga nr. 15/1923 og síðar í lög um lax- og silungsveiði, sjá 6. gr laga nr. 61/1932, 6. gr. laga nr. 112/1941 og nú 6. gr. laga nr. 53/1957.

Það sést með öruggri vissu af landamerkjabréfinu frá 1890, að Vatnsdalsá hefur þá runnið í þremur kvíslum.

III.

Gagnáfrýjandinn Benedikt Blöndal hefur gefið aðiljaskýrslu í málinu, og aðiljar hafa leitt fjölda vitna og aflað

vottorða ýmissa manna, sem ekki hafa komið fyrir dóm. Verða nú aðiljaskýrsla, vætti og vottorð rakin.

Gagnáfrýjandi **Benedikt Bjarni Blöndal,** bóndi á Brúsastöðum, fæddur 1887, hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi hinn 21. september 1965. Er skýrslan svohljóðandi:

„Mætti segist hafa átt heima á Brúsastöðum, síðan hann var 7 ára, og búið þar sér síðan 1930.

Mætti telur og hefur alltaf talið, að Vatnsdalsá réði merkjum milli Hofs og Brúsastaða og landið að Vatnsdalsá hafi verið nytjað frá Brúsastöðum að öllu leyti. Aðspurður segir hann, að síki sé vestan við engjarnar, en austan við sé Brúsastaðasíkið.

Aðspurður segir hann, að Kríuhólminn sé beint norður af Brúsastaðahólmanum og þeir á Hofi hafi viljað telja sér hann. Hann telur, að sr. Hjörleifur hafi látið Böðvar Þorláksson hafa Kríuhólmann sem kúabeit, en séra Hjörleifur hafi ekki átt jörðina, heldur verið umboðsmaður hennar. Aðspurður segir mætti, að hann hafi aldrei gert kröfu til Kötlustaðahólma, af því hann telji, að áin eigi að ráða merkjum, þótt hún hafi brotið af landi hans þar á móti.

Aðspurður segir mætti, að Kríuhólminn nái suður að merkjum milli Snæringsstaða og Brúsastaða."

Hinn 5. október 1965 gaf Benedikt eftirfarandi yfirlýsingu:

„Það vottast hérmeð, að fjölda mörg ár hér undanfarandi höfum við bændur á Brúsastöðum látið girða á vorin vegna kúabeitar í Brúsastaðahólmum.

Girðing þessi hefur alltaf verið tekin upp á haustin vegna hættu á skemmdum yfir veturinn. Hefur hún verið staðsett þvert yfir hólmana austan Brúsastaðasíkis, eins og merkjalína milli Snæringsstaða og Brúsastaða segir til um."

Ágúst Böðvar Jónsson, fyrrverandi eigandi Hofs og bóndi þar, fæddur 1892, hefur hinn 14. júlí 1965 látið í té vottorð í málinu, svohljóðandi:

„1. Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Hof frá 1890 eru merki milli Brúsastaða og Hofs miðuð við vestustu kvísl

Vatnsdalsár, eins og hún rann þá og helzt síðan óbreytt í sama farvegi fram yfir 1920.

2. Svokallaðir „Kríuhólmar" eru óumdeilanlega eign Hofs, enda rann vestasta kvísl Vatnsdalsár vestan við þá, þar til áðurnefnd farvegsbreyting varð á Vatnsdalsá.

3. Kríuhólmarnir hafa um langt skeið verið nytjaðir frá Hofi, meðal annars leigðir upprekstrarfélagi Grímstunguheiðar til hagbeitar fyrir stóðhross í sambandi við hrossaréttir.

4. Ádráttarveiði fyrir lax og silung í Vatnsdalsá, norðan þeirrar farvegsbreytingar, er lýst er undir tölulið 1, hefur síðan verið nytjuð fá Hofi eftir landslögum, án þess að nokkru sinni væri borin fram krafa frá eigendum eða ábúendum Brúsastaða eða Snæringsstaða um landshlut sökum veiðiréttar í Vatnsdalsá á fyrrnefndu veiðisvæði. Þessar fyrrtöldu upplýsingar um farveg Vatnsdalsár og þær breytingar, sem á honum hafa orðið síðan 1890, eru mér vel kunnugar og minnisstæðar, þar sem ég hefi átt heima á Hofi síðan 1896 og verið þar bóndi og eigandi um áratugi og þá notfært mér landsréttindi jarðarinnar samkvæmt fyrrnefndri landamerkjaskrá.

Hafa eigendur og ábúendur Brúsastaða aldrei borið fram kröfur um veiðiarð eða tekjur vegna afnota landspildu þessarar eða veiði austan við hinn fyrrnefnda farveg Vatnsdalsár, sem skírskotað er til í landamerkjaskrá frá 1890."

Ágúst staðfesti á dómþingi 21. september 1965 vottorð þetta. Var þá til sýnis útdráttur úr skýrslu Ágústs, dags. 18. nóvember 1935, er hann hafði samið um mælingu á Vatnsdalsá. Þar segir m. a. svo:

„15. **Hof.** Meðfram Vatnsdalsá 2135 m. 2135 = 2,1.

Þar af 650 báðum megin og 600 m. ¾ hl. vatnsréttinda. Veiðifljót eru aðallega Stekkjarhylur og Réttarfljót, sem bæði eru góð. Sérstaklega Stekkjarfljót til stangveiði. Tilheyrir Hofi allt ... 26. **Brúsastaðir.** Land að Vatnsdalsá á 630 m. bili = 0,6.

Veiðimöguleikar í Ljótunnarmelsflj. og Kollóttumelsflj. móti Kötlust. Lítil veiði á móti Hofi.

Snæringsstaðir. Land að Vatnsdalsá á 453 m. bili að ¼ hl. árinnar = 0,45.

Eins og áin fellur nú, er um ca. ½ vatnsmagn hennar að jöfnu milli Hofs og Snæringsstaða, auk þess sem Hof á land báðum megin við austurkvíslina. Stangveiðimöguleikar dágóðir."

Á dómþinginu er síðan bókað: „Vitnið lýsir því yfir, að það hafi samið það skjal sem ábyrgur aðili fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár, en ekki sem eigandi Hofs.

Aðspurt segir vitnið, að Kríuhólmarnir hafi verið notaðir til kúabeitar frá Hofi s.l. 20—25 ár."

Í þinghaldi 1. nóvember 1965 á vettvangi bar Ágúst það, er nú segir: „Vitnið segir, að áin hafi runnið í beinu áframhaldi og þar um sem rafmagnsstaur er staðsettur og norður og vestur, og þar sló hún sér út, og þar var ágætt vað, um 100 m. sunnan við staðinn, þar sem bifreið vettvangsgöngumanna var staðsett, og skipti sér um það bil, þar sem bifreiðin er staðsett, og var vatnsmagn kvíslanna mjög svipað. Rann áin norður með Brúsastaðabakka og Snæringsstaðabakka, en hún rann norð-austur með Stekkjarmel. Þetta rennsli er miðað við fyrir 1920, en þá hafði áin breytt sér lítið um lengri tíma, eða eins og vitnið man, en 1920 kom stórflóð, og byrjaði þá breyting á farvegi árinnar.

Aðspurt segir vitnið, að aldrei hafi verið beðið um leyfi frá Brúsastöðum um að beita á eyrarnar, en Brúsastaðamenn hafi beðið um leyfi til þess að mega girða yfir Kríuhólmann frá merkjagirðingu milli Brúsastaða og Snæringsstaða og í Vatnsdalsá.

Aðspurt segir vitnið, að kúm frá Brúsastöðum hafi verið beitt á eyrarnar, sem sífellt hafi færzt austar, og að Hofskýr hafi farið yfirleitt sjálfviljugar yfir ána í Kríuhólmann og ekki þurft að reka þær."

Loks kom Ágúst fyrir dóm á vettvangi hinn 6. júní 1966. Var þá gerð svofelld bókun: „Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn á kortið hugsaða miðlínu árinnar, eins og vitnið man

hana fyrir 1920. Aðspurt segir vitnið, að aðalrennslisbreytingin hafi orðið um 1920 eftir mikil flóð, en það gerðist ekki allt á einu ári, en það ár varð úrslitabreytingin."

Anna Agnarsdóttir, fædd 1907, hefur hinn 6. júní 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég . . . , sem dvaldi á Hofi í Vatnsdal frá 1912—1925, man glöggt eftir, að Vatnsdalsá var stöðugt að breyta farvegi sínum og nálgaðist alltaf meir og meir túnið. Ég man líka, að fóstri minn, Jón Jónsson, sem bjó þá á Hofi, hafði af þessu áhyggjur, þó ekkert væri að gert. Landamerki jarðanna stóðu þó óbreytt og miðuðust við vestasta árfarveginn. Eitt er mér minnisstætt í sambandi við hólma í ánni, sem tilheyra Hofslandi. Þar var stóðhrossa gætt, sem rétta skyldi í Vatnsdalsrétt, og hafði ég mjög gaman af að horfa á hrossin í hólmanum. Þau sáust vel frá bænum Hofi."

Bjarni Guðmann Jónsson, bóndi á Eyjólfsstöðum, fæddur 1896, hefur hinn 20. september 1965 gefið svofellt vottorð:

„Fardagaárið 1922 var ég ábúandi á hálfri jörðinni Brúsastöðum í Áshreppi og notaði þar af leiðandi landsnytjar jarðarinnar að hálfu leyti. Meðal annars hafði ég afnot til slægna á svonefndum „Brúsastaðahólma". Engjastykki þetta takmarkaðist austan af farvegi Vatnsdalsár, en að vestan af síki, sem af sumum var nefnt „Brúsastaðasíki".

Á þessum árum rann fremur grunn kvísl af „Vatnsdalsá" norður með Brúsastaðahólma, og takmarkaðist hún að austan af mjög lítið gróinni mjórri malareyri, en austan við þá eyri féll svo aðalkvísl „Vatnsdalsár" norður með litlum hálfgrónum hólma, sem ég man ekki til, að ég heyrði nefndan neinu sérstöku nafni. Austan við þennan litla hólma var enn einn vatnsfarvegur, sem nefndur var í daglegu tali „Hofssíki". Mjög lítill hluti af vatnsmagni Vatnsdalsár féll þó um þetta síki, ef eðlilegt vatnsmagn var í ánni, en í vorleysingum og haustrigningum gat orðið mikið vatnsmagn í öllum þessum þremur kvíslum, enda fóru þá stundum eyrarnar alveg í kaf.

Að endingu skal það tekið fram, að á síðustu 40—50

árum hefur „Vatnsdalsá“ oft rótað mikið til farvegi sínum, og hefur hún því nokkrum sinnum breytt um aðalfarveg á svæðinu frá „Grjótárós“ og norður hjá Undirfellsrétt, t. d. er nú aðalfarvegur árinnar á parti, þar sem áður var nefnt „Hofssíki“. Þá hefur áin á síðari árum brotið af austurbökkum sínum allmikla landspildu, svonefnda „Stekkjareyri“, sem var norðan við Hofstúnið. Á eyri þessari var nokkurt slægjuland, og einnig var þar fjárrétt, sem notuð var fram undir 1940. Eyri þessi er nú að mestu horfin, og ekkert sést eftir af réttinni.“

Vottorð þetta staðfesti Bjarni fyrir dómi 21. september 1965. Er þá einnig bókað: „Aðspurt segir vitnið, að það hafi flutt í Vatnsdal 1905 sem unglingur og hafi átt þar heima síðan, að undanteknum 7 árum, sem það átti heima í næstu sveit.“

Í yfirlýsingu, sem Bjarni gaf 16. október 1965 í tilefni af athugasemdum málsaðiljans Benedikts Blöndal, segir m. a. svo: „Ég ... vann á Brúsastöðum mestan hluta ársins 1922—'23 — fardagaársins — þar á meðal hirti ég fé þeirra Brúsastaðabænda Benedikts og Kristjáns allan umræddan vetur ásamt mínum skepnum og hafði þá mjög góða aðstöðu til að kynnast örnefnum í landi jarðarinnar. Í öðru lagi skal á það bent, að ég hef átt heima hér í Áshreppi síðan haustið 1905, að undanskildum 7 árum, sem ég átti heima í næstu sveit, tel ég mig oft og tíðum hafa haft að mörgu leyti góða aðstöðu til að kynnast örnefnum hér í sveitinni bæði á Brúsastöðum og annars staðar.“

Vætti Bjarna fyrir dómi á vettvangi 1. nóvember 1965 hljóðar svo: „Vitnið segir, að það hafi haft góðan kunnugleika á ánni, m. a. haft með höndum umsjón með vegum hér í hreppi, en aðalheimflutningsleiðin að Hofi hafi verið frá Undirfellsrétt og um vað á Vatnsdalsá fyrir neðan Hof, þangað til vegasamband komst á að austanverðu um 1932. Vitnið segir, að rafmagnsstaur hér á eyrinni sé því sem næst, þar sem miðlína aðaláls árinnar var á þessum árum, þ. e. 1922 og 1923. Hafi áin svo runnið norður og skipt sér því sem næst, þar sem bifreiðin er staðsett nú, þó ef til

vill aðeins sunnar, en áður en hún skipti sér, breiddi hún mjög úr sér, og þar var ágætt vað. Hafi áin runnið í tveimur kvíslum til vesturs og til austurs. Hafi austari kvíslin runnið að Stekkjarmel, þó ekki alveg syðst að honum, og rann nokkuð frá Stekkjarmel, því að góðar fjárgötur lágu meðfram melnum. Kvíslin rann svo áfram með Setukonueyri og út. Vestari kvíslin rann að Snæringsstaðabakka, en vitnið tekur fram, að eins og það tók fram í vottorði sínu, hafi runnið eftir vestasta farvegi, sem það kallar svo, lítið vatn, en þó rennsli, og man vitnið, að það kom í vestari kvíslina á svipuðum stað og vegarskarð var í bakkanum frá Snæringsstöðum vegna vegar heim að Hofi. Þetta rennsli og rennsli úr merkjaskurði, sem þá var lækur, milli Brúsastaða og Snæringsstaða, olli hvarfmyndun í veginn yfir kvíslina, og lét vitnið gera við það a. m. k. tvisvar sinnum með því að setja í hvarfið grjót og möl. Vitnið segir, að áin renni með Kollóttamel og vatnið í vestasta farvegi, sem vitnið kallar svo, hafi síazt út með melnum, um leið og hún beygir austur. Aðspurt segir vitnið, að það viti ekki um nytjar þessara eyra, sunnan Kríuhólma, en þegar það var á Brúsastöðum og hafði nytjar þar, þá var ekkert nytjað af þessum eyrum, m. a. vegna þess, að það var ekkert að nytja, grónar eyrar voru ekki til sem neinu nam. Vitnið tekur fram, að allt sé miðað við eðlilegt vatnsmagn í ánni. Vitnið segir, að breytingar á farvegi árinnar hafi skeð smátt og smátt, en þó muni það eftir stórbreytingu árin 1920 og 1934, og þó líklega mestum breytingum árið 1934.“ Loks kom vitnið fyrir dóm 6. júní 1966. Er þá bókað: „Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn hugsaða miðlínu árinnar, eins og hún var frá 1918—'19 til 1923. Aðspurt segir vitnið, að áin hafi ekki fallið alveg að stekknum. Hafi verið nokkur spölur frá stekknum fram í á, eða Stekkjareyri, talinn 30 hesta slægja“.

Björn Kristjánsson, sem er sonur gagnáfrýjandans Kristjáns Sigurðssonar, hefur hinn 12. nóvember 1965 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég ..., sem er fæddur á Brúsastöðum í Vatnsdal árið 1916, ólst þar upp og átti þar heima allt til ársins 1940, komst ekki hjá að veita athygli rennsli Vatnsdalsár fyrir Brúsastaðalandi um nokkurt árabil.

Við athugun nú virðist mér nokkrar breytingar hafi orðið á ánni. Greinilegastar, þar sem hún hefur brotið niður bakka og færzt til hliðar, en það hefur hún gert báðum megin. Ógreinilegra er, þar sem hún hefur kannske hnikað til farvegi á eyrum, sem algengt mun vera um straumvötn.

Á því tímabili, sem ég átti heima á Brúsastöðum og man eftir, var land vestan Vatnsdalsár ekki nytjað frá Hofi, heldur eingöngu frá Brúsastöðum".

Daníel Davíðsson, fæddur 1872, hefur hinn 25. september 1965 gefið svofellt vottorð í málinu:

„Ég ... Daníel Davíðsson, fyrrv. bóndi á Syðri Ey í Vindhælishreppi, veiti hérmeð syni mínum, Magnúsi hreppstjóra í Vindhælishreppi, til heimilis á Syðri Ey, leyfi til að undirrita nafn mitt undir eftirfarandi yfirlýsingu um rennsli Vatnsdalsár um eyrarnar milli Hofs, Brúsastaða og Snæringsstaða árið 1886, en það ár var ég fermdur í Undirfellskirkju af sr. Hjörleifi Einarssyni prófasti.

Þar sem ég þurfti oft að ríða yfir Vatnsdalsá þetta ár og síðar, er ég átti heima á Hofi, man ég vel, að aðalrennsli Vatnsdalsár var norður fyrrnefndar eyrar vestarlega eftir þeim.

Þá var ekki neitt verulegt rennsli Vatnsdalsár í Hofssíki, sem þá var meðfram túninu á Hofi og notað sem vatnsból fyrir Hofskýr í færu veðri á vetrum. Aðeins í stórflóðum rann nokkuð af vatnsmagni Vatnsdalsár í þennan farveg, en aðalvatnsmagið í farveginn norður með Brúsastaðahólma að austan.

Ég heyrði alltaf talað um, að Brúsastaðahólmi væri landið vestan við aðalfarveg Vatnsdalsár".

Sigursteinn Guðmundsson héraðslæknir hefur hinn 25. september 1965 vottað, að Daníel „er enn, þrátt fyrir háan aldur, andlega heilbrigður".

Eggert Konráðsson, Kistu, fæddur 1920, hefur hinn 11. nóvember 1965 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég ..., sem átti heima í Vatnsdal á árunum 1940 til 1952, var þess vegna allkunnugur við Vatnsdalsá milli jarðanna Hofs og Brúsastaða og hef farið þarna um á hverju ári síðan. Það má vera, að áin hafi eitthvað brotið úr bökkum sínum á þessum svæðum og ef til vill breytt vatnsmagni í kvíslum sitt hvorum megin við Hofshólma, en að öðru leyti get ég ekki séð, að nokkrar verulegar breytingar hafi þar á orðið þann tíma, sem ég man eftir.

Þess skal sérstaklega getið, að Brúsastaðamenn hafa ávallt nytjað landið austur að ánni, en Hofsmenn hins vegar ekki, svo ég viti til".

Geir Kristjánsson Gígja náttúrufræðingur, fæddur 1898, hefur hinn 7. febrúar 1966 gefið vottorð. Honum virðist Vatnsdalsá á ljósmynd, sem tekin var 1937—'8, „renna að öllu verulegu leyti, eins og hún rann, þegar ég var í Vatnsdalnum, á Hofi og víðar, á árunum 1918—1923.

Ég hef auk þess athugað loftmynd af Vatnsdalsá og umhverfi hennar milli Hofs og Brúsastaða, og leiðir sú athugun til sömu niðurstöðu".

Geir kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur hinn 26. maí 1966. Er framburður hans m. a. svohljóðandi:

„Vitnið kveðst fætt í Vatnsdal og heimilisfast þar að miklu leyti fram til 1923. Vitnið kveður heimili sitt hafa verið að Marðarnúpi í Vatnsdal. Hafi það þó verið á fleiri bæjum þar í dalnum, þ. á. m. Hofi og Brúsastöðum.

Vitnið kveðst síðast sumarið 1923 hafa komið svo að Vatnsdalsá, að það gæti gert sér grein fyrir aðstæðum við ána". Lesið er upp fyrir vitninu nefnt vottorð, „og telur vitnið þetta sannleikanum samkvæmt, enda hafi það í æsku verið sérstaklega kunnugt aðstæðum þar við ána sökum náttúrufræðiáhuga síns. Vitnið kveðst hafa gengið þarna um eyrarnar og safnað jurtum og slíku. Vitnið lýsir staðháttum við ána, jafnframt því sem það skoðar myndirnar og kannast vel við þetta.

Hafi vitnið á yngri árum sinnt ýmsum störfum á þessum bæjum og nágrenni þeirra, sumar og vetur að Hofi, en vor og sumur að Brúsastöðum. Vitnið kveður ána hafa runnið þarna í boga og verið mjög straumharða, þ. e. boga þann, sem var í grennd við Stekkjarbrotið. Stekkjarbrot þetta telur vitnið hafa verið stutt frá ánni og minnist þess greinilega, að það hafi skorið sig úr sléttu umhverfinu.

Vitnið kveður gróður hafa verið nokkurn á eyrarflæmi því, sem sést á mynd á dskj. nr. 1, en ekkert nálægt slægju. Vitnið segir gróður sem þennan eigi geta komið á einu sumri, heldur þurfi lengri tíma til. Yfir eyrar þessar hafi áin flætt á vorin, eða a. m. k. mestan hluta þeirra, en ella ekki.

Vitnið fullyrðir, að á þeim tíma, er það man bezt, hafi áin alls ekki runnið á þeim stað, sem markað er fyrir sem kröfulínu aðaláfrýjanda á korti því, sem sýnt er í réttinum, eða yfir eyrina vestan árinnar. Vitnið kveðst álíta, að áin hafi fyrr farið aðra leið, þ. e. þar sem pollar séu vestur við Brúsastaðaengjar.“ Í yfirlýsingu, dags. 7. október 1966, kvaðst vitnið reisa þessa skoðun sína á því, „að landið er þar heldur lægra vestan við eyrina heldur en eyrin sjálf, þar sem markað er fyrir kröfulínu aðaláfrýjanda á korti því, sem sýnt var í réttinum.“

Grímur Gíslason oddviti, Saurbæ, fæddur 1912, hefur gefið 4 vottorð í málinu. Hann gaf upphaflega hinn 5. júlí 1964 útskrift úr gjörðabók Áshrepps um hagagjald til Ágústs B. Jónssonar á Hofi fyrir stóðrekstur nokkur ár. Staðfesti hann vottorð þetta einnig hinn 21. september 1965. Því næst gaf hann hinn 31. október 1965 tvö vottorð. Annað vottorðið hljóðar svo:

„Samkvæmt beiðni hef ég farið yfir gjörðabækur hreppsnefndar Áshrepps til þess að sjá, hverjum hefur verið greitt fyrir haga stóðhrossa vegna réttarskila. Öll árin 1927—1950 hefur Ágúst B. Jónsson, bóndi á Hofi, tekið við umræddri greiðslu, að árinu 1936 undanskildu, en það ár ber gjörðabókin ekki með sér, að greiðsla fyrir haga stóðhrossa hafi átt sér stað.

Fram skal tekið, að gjörðabækurnar bera ekki með sér, að öðrum en Ágúst hafi verið greitt fyrir haga stóðhrossa í umræddu sambandi framangreint tímabil".

Hitt vottorð Gríms er svohljóðandi:

„Á þeim árum, sem heiðastóð var vaktað í Kríuhólma, minnist ég þess, að er næturvökum var lokið, var stóðið látið dreifa sér suður um hólmana til beitar, allt suður á móti Hofsbænum. Þótti þá sem nú nauðsynlegt að láta hrossin bíta, áður en þau eru rekin í rétt".

Grímur kom fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965 og staðfesti þau tvö vottorð, sem hann gaf út 31. október 1965.

Loks hefur Grímur oddviti hinn 17. október 1965 gefið eftirfarandi yfirlýsingu í málinu:

„Samkvæmt beiðni lýsi ég því yfir, að eftir því sem ég man bezt, hefur ekki verið rennsli úr Vatnsdalsá vestur með Brúsastaðaengjum nú um alllangt árabil, en áður minnir mig, að örlítið rynni vestur yfir eyrina rétt sunnan við gamla vaðið, sem var sunnan og neðan við Hof.

Það skal fram tekið, að helzt átti ég leið þarna um að haustinu um réttaleytið, en nú er að mestu hætt að fara þá leið að og frá Undirfellsrétt".

Guðjón Hallgrímsson, fyrrverandi bóndi að Marðarnúpi, fæddur 1890, hefur hinn 16. marz 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég ... votta hér með, að frá því ég man fyrst eftir, hefur upprekstrarfélag Ás- og Svínavatnshreppa keypt haga handa stóði, er rekið hefur verið til Undirfellsréttar, af búendum Hofs, er hafa lánað svokallaðan Kríuhólma til geymslu á stóðinu nóttina fyrir síðari Undirfellsrétt. Kríuhólminn náði þá fram á móti Hofstúni norðanvert."

Guðjón kom fyrir dóm 21. september 1965 og staðfesti vottorðið.

„Aðspurt segir vitnið, að Snæringsstaðir hafi verið hjáleiga frá Undirfelli frá ómunatíð og þar til Undirfell var selt nokkru eftir 1920."

Guðmundur Jónasson bóndi, Ási, fæddur 1905, hefur ver-

ið formaður veiðifélags Vatnsdalsár undanfarin 18 ár. Lýsir hann því í vottorði 5. október 1965, að Brúsastaðabændur hafi hvað eftir annað kvartað undan því, að þeir hefðu of litlar veiðitekjur af ánni. Hann hefur einnig gefið vottorð í málinu 1. nóvember 1965. Segir þar m. a.: „Ég vil jafnframt að gefnu tilefni taka fram, að ég er að sjálfsögðu vel kunnugur á þeim slóðum, sem málið fjallar um, og hef oft (og þ. á. m. nýverið) átt þar leið um, og auk þess hef ég fyrir mér, nú er ég skrifa þetta, uppdrátt Ragnars Árnasonar verkfræðings („Hluti af Vatnsdal"), dags. sept. 1965, og tel mig því geta áttað mig á staðháttum og borið vitni sem á vettvangi væri. Vil ég samkvæmt þessu skýra frá eftirfarandi:

Hólmann frá Vatnsdalsá og vestur að gömlum farvegi austan Brúsastaðaengis hef ég alltaf heyrt nefndan Brúsastaðahólma, og skal til glöggvunar tekið fram, að dómslína héraðsdómsins samkvæmt uppdrættinum liggur langs eftir þessum hólma. Farveginn hef ég sömuleiðis alltaf heyrt kallaðan Brúsastaðasíki. Hefur Vatnsdalsá ekki runnið eftir farvegi þessum (Brúsastaðasíki), svo lengi sem ég man til, né heldur kvísl úr henni nema í stórflóðum og vatnavöxtum, enda flæðir hún þá meira og minna yfir hólmana og flatlendið í Vatnsdal yfirleitt. — Mér vitanlega hefur engin sérstök breyting orðið á rennsli árinnar, hvað þetta snertir, svo lengi sem ég man eftir, enda hef ég og ávallt heyrt talað um, að áin sjálf ráði merkjum milli hlutaðeigandi jarða, Hofs og Brúsastaða.

Ég er fæddur 3. júní 1905 og kom misserisgamall í Vatnsdal og hef átt þar heima síðan, ólst upp í Hvammi, en búið á Ási frá 1940. Þar í milli var ég á ýmsum stöðum í dalnum, þar á meðal bæði á Hofi og Brúsastöðum ..."

Guðmundur kom fyrir dóm á vettvangi 6. júní 1966. Staðfesti hann þá framangreint vottorð og bar eftirfarandi:

„Aðspurt af umboðsmanni eiganda Hofs, hvort það hafi séð kýr frá Hofi á beit á eyrum þeim, sem bifreiðin er nú á, segir vitnið, að það muni ekki eftir því að hafa séð þær í

hólma þeim, sem við nú erum í, Brúsastaðahólmanum, en hafi oft séð þær í Kríuhólmanum.

Spurning umboðsmanns eigenda Brúsastaða:

„Hvenær man vitnið fyrst eftir rennsli Vatnsdalsár hér á þessum slóðum? Svar: Ég man glöggt eftir því vorið og sumarið 1928. Bílslóðin var rétt vestan við, þar sem bíllinn er nú eða um það bil sem hann er og beina leið suður að brotinu og yfir brotið upp í Kötlustaðahólma og þaðan yfir síkið og að heimreiðinni að Hofi, og eftir því sem ég man bezt, var brotið eilítið ofar en nú, en þar sem brotið var, stefndi áin til norðausturs og rann í stefnu á Hofstún og rann svo vestan við Bæjareyri, ekki langt frá því sem vestari kvíslin er nú, síðan stefndi hún út og austur aftur norðan við Bæjareyrina og var þá byrjuð að brjóta dálítið um girðingu norðan við Hofstún, en sú girðing var skammt fyrir sunnan og austan við Hofsstekk, og síðan þetta var, hefur hún brotið Stekkjareyrina, en að öðru leyti man ég ekki eftir öðrum breytingum þangað út."

Vitnið segir, að mjög djúpt hafi verið rétt við Stekkjareyrina og þar hafi því tekizt að koma hesti á sund ásamt Hallgrími Kristjánssyni, nú að Kringlu.

Vitnið segir, að þegar það hafi verið smástrákur 12—13 ára, hafi það verið sent frá Hvammi og að Hofi og hafi það hjálpað til þess að reka inn og hafi þá verið smárönd frá stekknum að ánni.

Vitnið segir, að áður hafi áin runnið austar en nú á móts við Stekkjarmel og meira vatn verið í kvíslinni, sem rennur við Stekkjarmel.

Vitnið fór nú ásamt tilkvöddum mælingarmanni, Bárði Daníelssyni verkfræðingi, til þess að líta á ána og segja til um farveg hennar, og leggur verkfræðingurinn fram kort með innteiknuðum árfarvegi samkvæmt framburði vitnisins, og staðfestir vitnið, að þessi merking inn á kortið sé eftir því sem það bezt viti. „Man vitnið frá eldri tíma en 1928 eftir farvegi langs niður eftir eyrunum?" Spurning umboðsmanns eigenda Brúsastaða. „Ég man hvorki eftir neinum langs farvegi né eftir ánni fyrir 1928".

Hallgrímur Guðjónsson, bóndi í Hvammi, fæddur 1919, hefur ásamt Reyni Steingrímssyni, bónda í Hvammi, gefið hinn 20. október 1965 svohljóðandi vottorð:

„Við..., vottum hérmeð samkvæmt beiðni Gísla Pálssonar, bónda á Hofi, að Vatnsdalsá rennur nú í þremur kvíslum fyrir vestan túnið á Hofi.

Vestasta kvíslin rennur eftir gamla farveginum austan Brúsastaðaengja (hólma) og vestan við Kríuhólmana.

Það skal tekið fram, að votviðrasamt hefur verið að undanförnu og áin í nokkrum vexti."

Hallgrímur staðfesti vottorð þetta fyrir dómi á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Hann bar þá enn fremur svolátandi:

„Aðspurt, hvort eyrarnar, þar sem bifreiðin er staðsett, hafi verið notaðar til beitar frá Hofi, segir vitnið svo vera og það hafi alltaf heyrzt, að þær hafi verið í Hofslandi, enda viti það ekki til þess, að því hafi verið mótmælt. Lögmaður gagnáfrýjanda spyr vitnið, hvar kýrnar hafi verið reknar yfir, og svarar vitnið því, að það hafi ekki séð, hvort þær hafi verið reknar yfir."

Hallgrímur Sveinn Kristjánsson, bóndi í Kringlu, fæddur 1901, gaf hinn 14. júní 1964 svolátandi vottorð: „Að gefnu tilefni í sambandi við landamerki jarðanna Hofs annars vegar og Brúsastaða og Snæringsstaða hins vegar er mér ljúft að geta eftirfarandi:

1. Ég kom að Hofi árið 1901 og var þar heimilisfastur í full 30 ár.

2. Fyrst, þegar ég man eftir mér, rann aðalvatnsmagn Vatnsdalsár vestan við Eyrar, Syðri- og Ytri-Kríuhólma. Er það mjög nálægt því sem vestasti farvegur er nú. Síðan braut áin sér nýjan farveg austar.

3. Það var aldrei talinn efi á, að landamerki jarðanna væru um vestasta farveg, og eyrarnar og hólmarnir báðir tilheyrðu Hofi, enda nytjuð af Hofsbónda, eftir því sem föng voru á, m. a. lánaðir upprekstrarfél. haust hvert vegna vöktunar á stóði um hrossaréttir og tekin greiðsla fyrir.

4. Brúsastaðahólmar eru bakkarnir vestan Vatnsdalsár,

vestan vestustu kvíslar. Voru þeir notaðir nokkuð til slægna, og mun svo gert enn.“

Hallgrímur kom fyrir dóm hinn 21. september 1965 og staðfesti framangreint vottorð. Er þá bókaður svofelldur framburður vitnisins:

„Aðspurt, hvers vegna vitnið notaði orðið Brúsastaðahólmar, segir það vera vegna þess, að þar séu slakkar, sem maður gæti búizt við, að væru gamlir árfarvegir og því kallaðir hólmar.

Aðspurt, hvar Brúsastaðasíkið sé, telur vitnið það vera norðan til á engjunum og liggur út í gamla farveginn. Framburðurinn tekinn gildur sem staðfestur.“

Enn kom vitnið fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Vætti þess þá hljóðar svo: „Vitnið segir, að áin hafi runnið því sem næst um rafmagnsstaur og norður, þar sem nú eru eyrar, og skipt sér aðeins austar en bifreiðin er staðsett nú. Hafi önnur kvíslin runnið norður með Stekkjarmel, en hin vestari út og vestur að bakka, því sem næst í stefnu á Snæringsstaðabæ. Er þá miðað við bifreiðina, þ. e. frá henni séð.

Aðspurt segir vitnið, að eyrarnar austan við „farveg“ hafi ekki verið nytjaðar frá Brúsastöðum, svo það viti til, en hins vegar frá Hofi. Aðspurt segir vitnið, að það hafi alizt upp á Hofi í skjóli foreldra Ágústs á Hofi og hafi foreldrar hans verið þar lítið, en hann sé óskildur Hofsfólkinu.

Aðspurt segir vitnið, að það muni ekki annað en að áin hafi breytt sér smátt og smátt, en þó muni það eftir stórbreytingu eftir vetrarflóð, en man þó ekki nánar, hvenær það flóð var.“

Loks kom vitnið fyrir dóm á vettvangi 6. júní 1966. Var þá gerð eftirfarandi bókun: „Vitnið fer með mælingarmanninn, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar mælingarmaðurinn inn á kort. Vitnið lýsir því yfir, að inn á kortið sé teiknuð hugsuð miðlína árinnar, eins og það man hana fyrst án þess að tiltaka ártal. Vitnið man ekki, hvenær áin fór að brjóta af austurbakkanum.“

Hannes Pálsson, stjórnarráðsfulltrúi í Reykjavík, fæddur 1898, hefur hinn 4. október 1965 gefið eftirfarandi vottorð:

„Ég ... átti heima á Undirfelli í Vatnsdal frá 1924—1944 og reyndar nokkuð lengur öðrum þræði. Er ég þess vegna vel kunnugur við Vatnsdalsá á þeim svæðum, sem jarðirnar Hof og Brúsastaðir deila nú um landamerki, og get að gefnu tilefni vottað eftirfarandi:

Brúsastaðasíki var jafnan kallað rás eða farvegur vestan Brúsastaðahólma en austan Brúsastaðaengja. Land þetta eða hólmi austur að Vatnsdalsá (Brúsastaðahólmi) var nytjaður af Brúsastaðamönnum, en aldrei af Hofsmönnum, enda vissi ég ekki til annars en land þetta væri talið tilheyra Brúsastöðum. Aldrei hef ég heyrt því haldið fram, að Brúsastaðasíki væri landamerki milli þessara jarða. Að því er snertir vöktun heiðastóðs nóttina fyrir stóðréttina, skal sérstaklega tekið fram, að hún fór aldrei fram í Brúsastaðalandi, enda var þess gætt, að stóðið færi ekki suður í Brúsastaðahólma."

Hinn 6. október 1965 kom Hannes fyrir dóm í Reykjavík, staðfesti vottorðið og bar eftirfarandi viðbótarvætti:

„Hann kveður eftirfarandi vera Brúsastaðasíki: Beint áframhald af árfarveginum vestan Kríuhólma, suður og austur með graslendinu, sem nytjað var sem engi frá Brúsastöðum. Stundum mun graslendið vestan síkisins hafa verið kallað Hólmi, en í daglegu tali var svæðið á milli síkisins og Vatnsdalsár kallað Brúsastaðahólmi.

Aðspurt kveður vitnið, að í leysingum hafi kvíslar Vatnsdalsár stundum runnið eftir síkinu."

Enn hefur Hannes hinn 14. nóvember 1965 gefið eftirfarandi yfirlýsingu í málinu:

‚Ég ... vil hérmeð að gefnu tilefni taka fram, að í vitnaleiðslum í bæjarþinginu hér fyrir skömmu út af landamerkjamáli Hofs og Brúsastaða var til staðar stór uppdráttur („Hluti af Vatnsdal") af deilusvæðunum við Vatnsdalsá og sömleiðis loftmynd. Þegar ég mætti fyrir dómaranum, hafði ég gögn þessi fyrir mér og gat þess vegna áttað mig á staðháttum öllum og aðstæðum, enda kunnugur

á þessum slóðum, frá því ég átti heima í dalnum frá 1924—1944.

Ég vil enn fremur taka fram, að við nákvæma athugun loftmyndarinnar tel ég mig muna, að rennsli árinnar samkvæmt myndinni muni vera nokkurn veginn óbreytt frá því síðustu árin, er ég dvaldi í Vatnsdal, nema ef árrennslið sitt hvorum megin við hólmann niður af Hofstúni kann að hafa breytzt eitthvað, þannig að vatnsmagnið hafi flutzt nokkuð til."

Haraldur Jakobsson, Kornsá, fæddur 1898, gaf hinn 27. september 1965 svofellt vottorð:

„Ég ..., sem átt hefi heima í nágrenni Brúsastaða í fjölda mörg ár og var um eitt skeið heimilismaður þar, vil hér með votta, að dragið neðan við Börðin er aðeins ómerkileg lægð, botninn víðast grasi gróinn og sleginn að sumrinu. Þar er aðeins forarpollur á stöku stað nema í úrfellatíð haust og vor. Hið raunverulega Brúsastaðasíki er austan engjanna. Í því er töluvert vatn allt árið. Þó er það ekki tengt ánni, nema þegar hún er í vexti. Viðvíkjandi hólmunum austan Brúsastaðasíkisins, þá hef ég aldrei heyrt annað en að þeir tilheyrðu Brúsastöðum, enda alla tíð notaðir eingöngu þaðan."

Þá hefur Haraldur einnig hinn 9. nóvember 1965 vottað þannig:

„Ég undirritaður, sem var heimilismaður á Ási og Brúsastöðum á árunum 1940—'43 og þar af leiðandi gagnkunnugur Vatnsdalsá og rennsli hennar austan Brúsastaðahólma gegnt Hofi, hef nú eftir beiðni athugað rennsli árinnar og get ekki séð, að um neina verulega breytingu sé að ræða, nema ef vera kynni, að sé meiri vatnsþungi austan Hofshólma en áður var. Þess má og geta, að Brúsastaðahólmar hafa aldrei verið beittir nema frá Brúsastöðum."

Hjalti Þorvarðsson verlunarmaður, fæddur 1916, hefur hinn 2. október 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég ..., sem dvaldist sem vinnumaður á Hofi á árunum 1936—1946 leyfi mér að taka eftirfarandi fram:

1. Öll þau ár, er ég var á Hofi, léði húsbóndi minn, Ágúst

B. Jónsson, Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa land gegn gjaldi fyrir stóðhross, frá því þau komu til réttar, þar til þau voru rekin inn daginn eftir.

Land það, sem hér um ræðir, voru Kríuhólmar Ytri og Syðri.

Að kvöldinu voru hrossin látin dreifa sér í Ytri-Kríuhólma, og er mér minnisstætt sem gangnamanni, að við gættum þeirra þar til kl. 8 að kvöldi, er vökumenn tóku við.

Morguninn eftir með birtu voru hrossin látin fara suður í Syðri-Kríuhólma, eða fram á móti túninu á Hofi. Voru þau látin bíta þar, þar til farið var að skilja þau sundur.

2. Aldrei heyrði ég efast um eignarrétt Hofs yfir Kríuhólmunum, enda mér vitanlega aldrei gerð nein athugasemd við þau landsnot, er að framan greinir, af hálfu Brúsastaðabænda."

Vitnið kom fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965 og staðfesti vottorð sitt. Þá bar það svofellt viðbótarvætti:

„Aðspurt, hver hafi samið vottorðið, segir vitnið, að Gísli Pálsson hafi skrifað þetta eftir sér.

Vitnið segir til frekari skýringar, að hrossin hafi dreift sér suður Kríuhólma syðri og suður eyrarnar fyrir neðan Hof. Að sínum skilningi segir vitnið, að Syðri-Kríuhólmi hafi náð því sem næst suður undir það, sem bifreiðin er staðsett nú, en hún hefur verið merkt inn á kortið af Einari Evensen byggingarfulltrúa, Blönduósi, og sú merking er samþykkt af umboðsmönnum aðilja, eða við ágizkun svona ca. 100 m. norðan við bifreiðina í stefnu eftir línu héraðsdómsins."

Hólmfríður Steinunn Jónsdóttir, húsfreyja á Undirfelli, fædd 1903, hefur hinn 20. október 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég ..., sem fluttist með foreldrum mínum að Undirfelli vorið 1907 og hef dvalizt þar síðan, að þremur vetrum undanskildum, votta eftirfarandi: Sem barn að aldri var ég kúasmali hjá foreldrum mínum, og gengu kýrnar mikið til beitar á hinum svokallaða Ytri-Kríuhólma, og

voru þær látnar óáreittar þar bæði af Hofsbændum og öðrum, en færu þær suður á svokallaðan Brúsastaðahólma, var talið, að þær væru komnar í Brúsastaðaland, og hef ég aldrei heyrt, að Hof eigi neitt land milli Brúsastaðasíkis og Vatnsdalsár.

Á undanförnum árum hafa Brúsastaðabændur nytjað einir, og eftir því sem ég bezt veit, átölulaust af Hofsbændum hinn fyrrnefnda Brúsastaðahólma og girt þvert yfir hann austur í Vatnsdalsá í beinu áframhaldi af merkjagirðingu milli Brúsastaða og Snæringsstaða, og það einnig átölulaust af Hofsbændum, eftir því sem ég bezt veit. Enn fremur get ég vottað, að aðalvatnsmagn Vatnsdalsár hefur runnið, síðan ég man fyrst eftir mér, vestan við litinn hólma, mig minnir svokallaða Bæjareyri, neðan við túnið á Hofi."

Hólmfríður staðfesti vottorðið á dómþingi á vettvangi 1. nóvember 1965 og bar þá jafnframt eftirfarandi viðbótarvætti:

„Vitnið segir þar um aðspurt, að það hafi gengið á vettvang, áður en það skrifaði vottorð sitt. Aðspurt um, hvað vitnið eigi við mörg ár, er það segir „undanförnum árum" um not Brúsastaðabænda af „Brúsastaðahólma", þá segir vitnið, að það eigi við nokkuð mörg ár, en getur ekki tiltekið neinn ákveðinn árafjölda.

Vitnið segir, að áin hafi brotið töluvert til austurs á móti Hofstúni og út og færzt öll til austurs, síðan það man fyrst eftir. Þó telur vitnið mjög litlar breytingar syðst."

Indriði Guðmundsson, fæddur 1885, hefur hinn 9. júlí 1964 gefið svohljóðandi vottorð:

„Það vottast hér með samkvæmt beiðni, að haust hvert á því tímabili, er undirritaður var oddviti Áshrepps, var samið við Ágúst B. Jónsson, bónda á Hofi, um haga fyrir stóðhross, frá því þau komu úr göngum, þar til þau voru réttuð daginn eftir. Fram til ársins 1950 a. m. k. var sá háttur hafður á, að hrossin voru vöktuð yfir nóttina í svokölluðum Kríuhólma, en að morgni látin dreifast suður hólmana fram á móti húsinu á Hofi. Það skal einnig tekið fram, að bændurnir á Brúsastöðum, Snæringsstöðum og

Undirfelli gerðu engar kröfur til hagagjalds. En það var hins vegar greitt til Ágústs á Hofi, eins og sjá má í gjörðabókum Áshrepps frá þessu tímabili.“

Ingólfur Konráðsson, Kistu, fæddur 1914, hefur hinn 11. nóvember 1965 gefið svofellt vottorð:

„Ég ..., sem á heima í Vöglum og bjó þar á árunum 1931—1957 og er þess vegna allkunnugur við Vatnsdalsá milli jarðann Hofs og Brúsastaða, hef nú samkvæmt beiðni athugað og rifjað upp, hvernig áin rann áður og hvort eða hvaða breytingar hafa þar á orðið.

Það má vera, að áin hafi brotið úr bökkum sínum á þessum svæðum og ef til vill breytt vatnsmagni í kvíslum sitt hvorum megin við Hofshólmann, en að öðru leyti get ég ekki séð, að nokkrar verulegar breytingar hafi þar á orðið þann tíma, sem ég man eftir.

Þess skal sérstaklega getið, að Brúsastaðamenn hafa ávallt nytjað landið austur að ánni, en Hofsmenn hins vegar ekki, svo að ég viti til.“

Ingvar Andrés Steingrímsson, bóndi á Eyjólfsstöðum, fæddur 1922, gaf hinn 3. október 1965 svohljóðandi vottorð:

„Þegar ég var 15 eða 16 ára, var ég lánaður af föður mínum til þess að slá einn dag fyrir Kristján Sigurðsson kennara, sem þá bjó á Brúsastöðum.

Hafði ég orð á því, að mér þættu slægjur rýrar.

Þá segir Margrét, kona Kristjáns, „já, þetta er ekki loðið, en mér finnst heyið alltaf drýgst af Hólmunum.“

Takmarkaðist þetta engjastykki af síkinu neðan við börðin og vestustu kvísl Vatnsdalsár, sem þá var vatnslítil.“

Ingvar kom fyrir vettvangsdóm hinn 1. nóvember 1965 og staðfesti vottorðið. Bar hann þá sem vitni til viðbótar eftirfarandi:

„Vitninu er sýndur uppdráttur á þingskjali nr. 29. Umræddur teigur var vestan við „farveg“, sem vitnið kallar kvísl, og gefur þá skýringu á því nafni, að þar sé oftast vatn, þótt ekki sé rennsli á því nema í vatnavöxtum.

Aðspurt af lögmanni aðaláfrýjanda, hvort eyrarnar, þar

sem bifreiðin er staðsett, og hólmarnir þar norður eftir hafi verið nytjaðir frá Hofi, þá segir vitnið, að það hafi verið gert til kúabeitar fram um 1960 og a. m. k. í búskapartíð Gísla Pálssonar.

Aðspurt af lögmanni gagnáfrýjenda, hvort kýrnar hafi rölt yfir ána eða verið reknar, þá segir vitnið, að um hvorugt geti það borið."

Jón Hannesson, verkstjóri á Blönduósi, fæddur 1927, kom fyrir dóm 21. september 1965. Hann kveðst hafa dvalizt á Undirfelli fram til 1950. Á nefndu dómþingi lagði umboðsmaður gagnáfrýjenda fyrir hann eftirfarrandi vitnaspurningar:

„1. Hvar var svokallað Brúsastaðasíki?
2. Hvar voru Brúsastaðahólmar?
3. Hvað nefndust síki vestan Brúsastaðaengja?
4. Hverjir nytjuðu (beittu) hólmann austur af Vatnsdalsá?"

Vitnið bar þannig:

„Svar við 1. Liggur áfram suður og austur úr vestari kvísl Vatnsdalsár, þar sem hún beygir austur við landamerki Snæringsstaða og Brúsastaða.

Svar við 2. Brúsastaðahólmar voru vestari hlutinn af engjum þeim, sem liggja milli Brúsastaðasíkis og Vatnsdalsár.

Svar við 3. Það hefur heyrt nefnda „kíla" þessi drög þar.

Svar við 4. Almenn beit var frá Brúsastöðum að langmestu leyti, og er vitninu ekki kunnugt um, hvort nokkuð hafi komið á móti eða hvort muni hafa verið beitt austast í þessum hólma samkvæmt leyfi frá Hofi.

Aðspurt segist vitnið hafa heyrt nefnda tvo Kríuhólma. Kríuhólma heyrði vitnið aldrei kallað annað, og liggur hann austur af Snæringsstaðalandi. Syðri-Kríuhólma heyrði vitnið nefnt austasta og nyrzta hluta hólma þeirra, er liggja

milli Brúsastaðasíkis og Vatnsdalsár. Í gegnum eyrarnar liggur gamall þurr árfarvegur, og er Syðri-Kríuhólminn austan þess farvegar.

Aðspurt hverjir töldust eiga Kríuhólmana, segir vitnið, að Hof, Undirfell og Snæringsstaðir eigi Kríuhólma. Syðri-Kríuhólmann heyrði vitnið talinn eign Hofs."

Kristinn Magnússon, verzlunarstjóri á Blönduósi, fæddur 1897, hefur hinn 24. júní 1964 gefið svofellt vottorð:

„Ég ..., sem var til heimilis að Brúsastöðum árin 1919—1922, minnist ekki annars en talið væri, að Vatnsdalsá réði landamerkjum milli Brúsastaða og Hofs.

Ég heyrði heldur aldrei talað um, að Hof ætti land eða ítök vestan Vatnsdalsár."

Kristinn kom fyrir dóm hinn 21. september 1965, og er framburður hans svohljóðandi:

„Vitninu er lesið vottorð þess. Segir það rétt vera og hafi það skrifað yfirlýsinguna, en ártölin þar séu ekki rétt, það hafi komið fyrr, en verið samtals 3 ár.

Aðspurt segist vitnið muna eftir, að niðurengið á Brúsastöðum hafi verið kallað hólmi og farvegur austan við hafi verið þurr að mestu að sumrinu, en með pollum í, en þorir ekki að fara með nafn á því. Aðspurt segir vitnið, að neðan við „Börðin" hafi verið drag, sem var lægra en landið austur af, en man ekki nafn á því. Landið austur að ánni var nytjað til beitar frá Brúsastöðum. Aðspurt segir vitnið, að ekkert hafi verið veitt frá Brúsastöðum í Vatnsdalsá í þeirri tíð og varð ekki heldur vart við veiði frá Hofi."

Þá mætti Kristinn enn fyrir dómi á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Var þá bókaður svofelldur framburður hans:

„Spurning frá umboðsmanni gagnáfrýjenda. Minnist vitnið þess, að Vatnsdalsá eða kvísl úr henni hafi runnið eftir farvegi, sem markaður er inn á kortið rétt vestan við landamerki, ákveðinn af héraðsdómi (hér eftir nefndur „farvegur") eða hvort slíkt rennsli hafi einungis átt sér stað í vatnavöxtum?

Svar: Að jafnaði var farvegurinn þurr, en í honum stóðu

smápollar, en geri ráð fyrir, að eftir honum hafi runnið í flóðum.

Vitnið segir, eftir að hafa gengið um vettvang, að það treysti sér ekki til að segja, hvar áin hafi runnið, en mikil breyting hafi orðið.

Vitnið upplýsir, að mest dýpi hafi verið í ánni við austurbakkann á vaði neðan við Grjótárós."

Magnús Sigurður Jónsson bókbindari, fæddur 1894, kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 19. október 1966. Er vætti hans m. a. svohljóðandi:

„Vitnið kveðst vera alið upp á Eyjólfsstöðum í Vatnsdal og hafa verið þar fram yfir fermingaraldur og síðan aftur seinna um tíma. Jafnframt kveðst vitnið hafa dvalið á eftirtöldum bæjum í Vatnsdal: Forsæludal, Hvammi og Kornsá.

Vitnið kveðst, þegar það virðir fyrir sér loftmyndina, sem sýnd er, að það átti sig svona nokkurn veginn á farvegi árinnar.

Vitnið segir, að kvíslin, sem var Hofs megin, hafi alltaf verið mun meiri en sú, sem rann nær Brúsastöðum. Sú kvísl hafi oft verið lítil, en alltaf hafi þó verið dálítið vatnsmagn í henni.

Vitnið kveðst oft hafa farið þarna um á haustin frá Undirfellsréttinni. Hafi verið riðið yfir Brúsastaðasíki og yfir í Kríuhólmann ... Vitnið skýrir svo frá, að vaðið þarna yfir ána hafi aldrei verið nákvæmt. Áin sé þarna auðveld yfirferðar og megi fara víða. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa farið yfir ána í vatnavöxtum.

Vitnið skýrir svo frá, að þar sem stekkur hafi verið í Hofslandi, en kippkorn ofan við hann, hafi verið tjörn, sem kölluð var Ponta, hafi brotið úr austurbakkanum.

Vitnið skýrir svo frá, að stekkur þessi hafi verið töluvert vestar og norðar en Hof ...

Vitnið segir, að vestasti farvegurinn hafi, að því að það minni, þ. e. a. s. neðri hlutinn, verið kallaður Brúsastaðasíki og skýrir svo frá, að sér hafi alltaf virzt meira vatnsmagn í þeirri kvísl norðan til."

Pétur Ólafsson, fæddur 1902, kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 18. október 1966. Er framburður hans svohljóðandi:

„Vitnið kveðst vera fætt í Vatnsdal, en uppalið í Þinginu. 18 ára gamalt kveðst vitnið hafa komið aftur í Vatnsdal og dvalið á Kornsá og fleiri bæjum að vestanverðu, en 1928 eða 1929 hafi það flutzt að Kötlustöðum og síðar að Hofi, en flutzt þaðan alfarið úr dalnum árið 1942. Vitnið kveðst jafnframt á þessu tímabili hafa verið tvö ár á Guðrúnarstöðum...

Vitnið skýrir svo frá, að fyrst þegar það var í Vatnsdalnum á Kornsá, hafi það átt barn í fóstri á Kötlustöðum. Barnið álítur vitnið fætt árið 1920. Vitnið kveðst því oft hafa farið yfir Vatnsdalsá að heimsækja barnið og þá hafi alltaf runnið spræna með vesturbakkanum, en misjafnlega mikið. Síðar, þegar vitnið hafi komið að Kötlustöðum, hafi það haft það fyrir mið, hversu mikið var í þessari kvísl, hvað djúpt væri yfir á vaðinu, þegar það ætlaði yfir með kerru og hest.

Vitnið skýrir svo frá, að vaðið hafi verið yfir Grjótárós og í sveig fyrir suðurenda þessarar kvíslar. Vitnið skýrir svo frá, að eftir að það hafi farið yfir vaðið, hafi það farið eftir djúpum götum, sem lágu á bökkum þessarar kvíslar frá kollóttum mel norður Brúsastaðaengjar.

Aðspurt skýrir vitnið svo frá, að því hafi ætíð skilizt, að Kríuhólminn og einnig svæðið austan kvíslarinnar, sem áður er nefnt, tilheyrði Hofi. Þessar eyrar hafi verið að gróa upp, en heiðastóðið hafi á haustin verið vaktað í Kríuhólma frá Hofi. Vitnið kveðst þó ekki muna til þess, að það hafi heyrt á þetta minnzt, en skilningur sinn hafi ætíð verið þessi.

Vitnið skýrir svo frá, að það sé hvorki venzlað né skylt náið aðiljum málsins.

Dómarinn lagði svofellda spurningu fyrir vitnið: „Getur vitnið bent eftir kortinu á farveg árinnar?“

Vitnið skýrir svo frá, að aðalstraumur árinnar hafi runn-

ið nokkurn veginn í beina línu frá Grjótárósi og að Pontueyri, en á henni hafi verið stekkur, þ. e. á henni miðri. Áin hafi verið komin nokkuð nálægt stekknum, en nú sé stekkurinn horfinn, að því er það haldi.

Vitnið skýrir svo frá, að alltaf hafi heldur verið að aukast vatnsmagn í kvísl við endann á Stekkjarmelnum.

Vitnið skýrir svo frá, að aðeins smásíki hafi verið á milli túnsins á Hofi og smáeyri þar vestur af.

Vitnið segir, að ekki hafi verið um annað rennsli árinnar að ræða en það, sem það hafi þegar skýrt frá."

Sigurfinnur Jakobsson, fyrrverandi bóndi á Hurðarbaki, fæddur að Flögu í Vatnsdal 1891, hefur gefið eftirfarandi vottorð í málinu:

„1. Er til heimilis á Bakka í Áshreppi árin 1903—1908. Er vinnumaður á Eyjólfsstöðum árin 1909—1915 og síðar á sama stað árin 1919—1923.

2. Að gefnu tilefni snertandi breytingar á farvegi Vatnsdalsár á þessu tímabili, vil ég hér með gefa eftirfarandi upplýsingar þar að lútandi, um það hvernig áin rann norður eyrarnar vestan Hofstúns og Stekjareyrar norður að Syðri-Kríuhólmatá.

3. Að mér er þetta sérstaklega minnisstætt, liggur einkum í því, að ég átti heimili á nefndum bæjum, er næstir eru Hofi að norðan. Fjársamgöngur voru miklar frá þeim bæjum í Hofsland, og ég annaðist ætíð innrekstur á Hof haust og vor. Rekið var saman fé og það dregið sundur í Hofsstekk, sem var á Stekkjareyri, en svo hét stór graseyri sunnan Stekkjarmels. Stekkurinn er nú horfinn með öllu og Stekkjareyri að mestu leyti fyrir ágang Vatnsdalsár.

4. Á þessum árum fram til 1920—1922 rann Vatnsdalsá norðvestur malareyrar, þar sem nú er settur niður raflínustaur, og áfram í sömu stefnu, þar til hún skipti sér í tvær kvíslar við syðri Kríuhólmatá, sem er suðvestur frá því, sem hinn fyrrnefndi Hofsstekkur var. Féll önnur kvíslin norður með Stekkjarmel og áfram

austan Kríuhólmanna. Hin kvíslin, sú vestari, féll með Hólmabakkanum vestan Kríuhólmanna eftir þeim farvegi, sem nú er mjög vel skýr og lítið breyttur.

5. Þá er mér vel minnisstætt, að svonefnt Hofsvað yfir Vatnsdalsá var nokkru sunnar og austar (ca. 100 m) en áin skiptist, svo sem um getur undir tölulið 4. Vað þetta var talið óvenjugott yfirferðar, þótt Vatnsdalsá væri í miklum vexti, og fór ég undirritaður oft yfir ána á þessu vaði.
6. Þær miklu breytingar, er orðið hafa á rennsli Vatnsdalsár, síðan ég var á Bakka og Eyjólfsstöðum, svo sem fyrr er tekið fram, hafa orsakað það, að svonefnd Bæjareyri, sem var meðfram Hofstúni austan Vatnsdalsár, er að mestu horfin, og allt rennsli árinnar er nú meðfram Hofstúni og Stekkjarmel.
7. Fyrrnefnt land, bæði Bæjareyri, Stekkjareyri og eyrar þar á milli, var nytjað eftir föngum frá Hofi bæði til slægna og beitar svo og Kríuhólmar, sem einkum voru notaðir og leigðir upprekstrarfélaginu til stóðhrossabeitar haust hvert."

Vottorð þetta staðfesti Sigurfinnur fyrir dómi á vettvangi 1. nóvember 1965. Þá var eftirfarandi viðbótarvætti hans bókað: „Vitnið segir, að 1912 hafi áin runnið vestan við línuna, sem merkt er inn á kortið á þingskj. nr. 29, og norður undir, þar sem bifreiðin er merkt inn á kortið, og þar hafi hún verið mjög breið og skipt sér sunnan við Kríuhólma, og er bifreiðin nálægt því að vera á þeim stað, þar sem hún skipti sér."

Hinn 6. júní 1966 kom vitnið enn fyrir dóm á vettvangi. Gerð var þá eftirfarandi bókun: „Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn á kortið hugsaða miðlínu árinnar, miðað við árið 1912 ...

Vitnið segir, að áin hafi breytt sér í asahláku að vetri til 1915 eða 1916 og hafi farvegurinn færzt austar."

Snæbjörn Jónsson, afgreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 1897, hefur gefið svohljóðandi vottorð í málinu:

„Ég ... ólst upp á Undirfelli frá 10 ára aldri og fram til 28 ára aldurs, og síðan var ég bóndi á Snæringsstöðum frá 1928—1964, að fjórum árum frátöldum, er ég hætti búskap vegna mæðiveikinnar. Ég þekki því vel til við Vatnsdalsá fyrir landi jarðanna Hofs annars vegar og Snæringsstaða og Brúsastaða og get vottað eftirfarandi:

Svokallaður Kríuhólmi hefur á síðustu áratugum stækkað allmikið, og mun enn mega sjá fyrir hinum eldri farvegi niður eftir hólmanum. Ég hef litið svo á, að farvegur þessi væri hin réttu og eðlilegu mörk jarðanna. Hólmi þessi hefur öll sumrin verið notaður fyrir kúaland frá Snæringsstöðum og einnig Undirfelli og á haustin fyrir heimahross. Hins vegar hefur hólminn ekki verið nytjaður frá Hofi fyrr en á síðustu árum fyrir kúabeit. Áður fyrr var sú kvöð á Undirfelli eða venja, að skaffað væri land undir vöktun heiðastóðs kringum réttirnar og upp eftir bökkunum, þ. á. m. í Snæringsstaðaland, sem þá var óskipt úr heimajörðinni Undirfelli. Stundum vöktuðu gangnamenn stóðið sjálfir, en síðar fréttist það, að Ágúst á Hofi hefði fengið peningagreiðslur fyrir haga og vöktun hrossanna, en sá háttur var á hafður, að þegar stóðið kom af heiðunum, var það látið dreifa sér um Kríuhólmann, en um kvöldið rekið yfir ána í Hofslandi (Setukonueyri), þar sem það var vaktað yfir nóttina í skeifulöguðum melakrika, en látið dreifa sér um eyrina um morguninn, því næst rekið vestur yfir og réttað um eða upp úr kl. 10. Það skal sérstaklega tekið fram, að stóðið fór aldrei upp í Brúsastaðahólma og alltaf riðið fyrir það, ef það slapp í þá leiðina. Brúsastaðahólmi eða hólmar eru milli Vatnsdalsár og Brúsastaðasíkis og ávallt verið nytjaðir frá Brúsastöðum og engum öðrum, svo ég viti til.

Þess má geta, að veiði var lítið stunduð í Vatnsdalsá í þann tíð, en þó var stundum dregið fyrir silung, og þá frá báðum bökkum, og skipt jafnt, að fráskildum smávegis nethlut, en faðir minn átti fyrirdráttarnetið. Annars var veiði mjög lítil í ánni á þeim tíma.

Um merkin milli Hofs og Brúsastaða get ég ekkert fullyrt, en hvað notkun snertir, var Vatnsdalsá jafnan látin ráða.“

Hinn 4. október 1965 gaf Snæbjörn enn vottorð í málinu svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni votta ég undirritaður, að vor hvert í leysingum og þegar vöxtur er í ám, rennur kvísl af Vatnsdalsá eftir gömlum farvegi austan Brúsastaðaengja.“

Snæbjörn staðfesti þessi vottorð sín á bæjarþingi Reykjavíkur 6. október 1965 og bar þá enn fremur:

„Mætti er beðinn að skýra það nánar, hvað hann eigi við með setningunni í vottorði á dskj. nr. 5: „Brúsastaðahólmi eða hólmar eru á milli Vatnsdalsár og Brúsastaðasíkis.“ Segist hann eiga við landspildu vestan við hinn gamla farveg, sem getið er um í dskj. nr. 6, og vestur að Brúsastaðasíki, en mætti segir, að mikill hluti Brúsastaðaengja sé austan Brúsastaðasíkis, en kveðst ekki nánar geta lýst því, hvar síkið sé, en aðspurður segist hann vel geta bent á síkið, ef hann væri kominn á staðinn.

Aðspurður segir mætti, að ekki sé að efa það, að Brúsastaðasíki sé alveg samfellt, en sé þó víða grasi gróið í botni.

Aðspurt kveðst vitnið kannast við örnefnið „Syðri-Kríuhólmi“.

Þá er vitnið spurt: Man vitnið ekki eftir því, að heiðarstóðið var vaktað á litlu svæði í Kríuhólma og síðan látið dreifa sér að morgni suður eyrarnar? Kveðst það muna eftir því, að minnsta kosti einu sinni.“

Loks gaf Snæbjörn hinn 18. nóvember 1965 svofellt framhaldsvottorð:

„Vil ég að gefnu tilefni taka fram, að í réttinum var til staðar stór uppdráttur af deilusvæðunum við Vatnsdalsá og einnig loftmynd af sömu svæðum. Þegar ég svaraði spurningum dómarans, hafði ég gögn þessi fyrir mér og gat þess vegna áttað mig á öllum staðháttum og aðstæðum, enda kunnugur á þessum slóðum, frá því ég átti heima í Vatnsdal, Undirfelli og Snæringsstöðum.

Að gefnu tilefni skal enn fremur tekið fram, að breytingar á ánni og rennsli hennar hafa ekki verið miklar ca. 30 síðustu árin.“

Steingrímur Guðjónsson, fæddur 1917, hefur hinn 4. október 1965 undirritað svohljóðandi vottorð í málinu:

„Að gefnu tilefni vottum við undirritaðir, að vor hvert í leysingum og stundum endranær rennur kvísl af Vatnsdalsá eftir gömlum farvegi austan Brúsastaðaengja, er af sumum hefur verið kallaður Brúsastaðasíki.“

Sveinn Ívar Nielsson bóndi, Flögu, fæddur 1912, hefur hinn 14. júlí 1965 vottað eftirfarandi:

„Ég ... var búsettur í nágrenni við Brúsastaði, nánar tiltekið á Undirfelli og Nautabúi, á árunum 1951—1962 og var vel kunnugur staðháttum í Brúsastaðalandi og hef aldrei heyrt síkið austan við Brúsastaðaengjarnar kallað annað en Brúsastaðasíki.“

Vitnið kom fyrir dóm hinn 21. september 1965 og staðfesti vottorðið. „Aðspurt kannast vitnið við síki vestan Brúsastaðaengja, þ. e. nær Brúsastöðum, en veit ekki til, að það hafi verið nefnt neinu nafni.“ Enn kom vitnið fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965. Umboðsmaður gagnáfrýjenda lagði þá eftirfarandi spurningu fyrir vitnið:

„Minnist vitnið þess, að Vatnsdalsá eða kvísl úr henni hafi runnið eftir farvegi, sem markaður er inn á kortið rétt vestan við landamerki, ákveðin af héraðsdómi (hér eftir nefndur „farvegur“), eða hvort slíkt rennsli hafi einungis átt sér stað í vatnavöxtum?“

Vitnið svaraði spurningunni á þessa leið:

„Ég minnist þess ekki að hafa séð það nema í vatnavöxtum, en vitnið kom hér í nágrennið ekki fyrr en 1951, en átti að vísu heima hér í dalnum frá 1921, en man ekki um þetta fyrir árið 1951.“

Sveinn Ragnar Jónsson, verkamaður á Blönduósi, fæddur 1912, gaf hinn 19. september 1965 svohljóðandi vottorð:

„Ég var heimilisfastur á Brúsastöðum og Kötlustöðum í Vatnsdal á árunum 1923 og 1924. Minnist ég þess, að hólmi

sá, sem er á milli svokallaðs Brúsastaðasíkis og austur að Vatnsdalsá, var alltaf kallaður Brúsastaðahólmi og aldrei annað, svo ég vissi til.

Í hólma þennan var nautgripum beitt frá Brúsastöðum þau ár, sem ég var þar í dalnum."

Vitnið staðfesti vottorðið fyrir dómi hinn 21. september 1965.

Sverrir Meyvantsson bifreiðarstjóri, fæddur 1919, hefur hinn 16. október 1966 gefið svofellt vottorð:

„Á árunum 1947 til 1949 vann ég á verkstæði á Blönduósi. Þá hafði ég bifreið til umráða, og ók ég oft á sunnudögum inn Vatnsdalinn að vestanverðu og niður að Vatnsdalsá hjá Undirfellsrétt og síðan heimleiðina, sem þá var að Hofi, en ég lagði bílnum alltaf á eyrunum vestan við Hof, rétt norðan Grjótáróss. Leiðin frá réttinni lá fyrst suður Snæringsstaðabakka og síðan yfir vestari kvísl árinnar, rétt norðan við merkjagirðingu Brúsastaða og Snæringsstaða. Síðan var farið suður hólmann og síðan eyrarnar þar suður af, en ég staðnæmdi bílnum, sem fyrr segir, á vesturbakka aðalkvíslarinnar syðst á eyrunum. Þá man ég glöggt, að lítil kvísl árinnar rann ætíð vestan við eyrarnar, norður með Brúsastaðaengjum. Kvíslin myndaðist fyrst gegnt Grjótárósi og rann síðan norður með allháum bökkum, en ég fór yfir hana, eins og áður segir, rétt norðan við landamerki Brúsastaða."

Þorbjörn Kristján Jónsson, fæddur 1905, mágur aðiljans Benedikts Blöndals, gaf hinn 14. júní 1964 svofellt vottorð, er hann hefur staðfest fyrir dómi 21. september 1965:

„Ég ... votta hér með, að eyrarnar vestan Vatnsdalsár undan Brúsastaðaengjum hafa, svo lengi sem ég man, verið kallaðar Brúsastaðahólmar og síkið þar vestan við Brúsastaðasíki."

Vitnið kom aftur fyrir dóm á vettvangi hinn 1. nóvember 1965 og bar þá þannig:

„Aðspurt segir vitnið, að það þekki rennsli árinnar frá 1923. Vitnið segir, að rennsli árinnar hafi verið í beinu áframhaldi af ánni, eins og kortið sýnir, og norður um raf-

magnsstaur og norður austan við merkjalínuna norður undir Stekkjareyrina, sem nú má heita horfin, og sló sér þar aðeins vestur og skiptist á móts við Stekkjarmel, og rann önnur kvíslin út með melnum, og hin rann vestur á við, og telur vitnið, að hún hafi runnið í svipuðum farvegi og aðaláin rennur nú.

Aðspurt segir vitnið, að það muni ekki eftir því, að skepnum frá Hofi hafi verið beitt vestur yfir ána, a. m. k. sunnan Kríuhólma á árunum 1923—1930. Aðspurt segir vitnið, að beitt hafi verið á eyrarnar frá Brúsastöðum og ekki amazt við því af Hofsverjum.“

Enn kom vitnið fyrir dóm á vettvangi hinn 6. júní 1966. Var þá gerð svohljóðandi bókun:

„Vitnið fer með mælingarmanninum, og samkvæmt fyrirsögn vitnisins teiknar hann inn á kort hugsaða miðlínu árinnar, eins og hún rann 1922, er vitnið kom hingað í dalinn.“

Þorleifur Reynir Steingrímsson bóndi, Hvammi, fæddur 1925. Hann staðfesti fyrir vettvangsdómi hinn 25. nóvember 1965 vottorð, sem hann gaf ásamt Hallgrími Guðjónssyni hinn 20. október 1965 og rakið er undir nafni Hallgríms að framan. Til viðbótar bar hann svohljóðandi vætti:

„Spurning frá lögmanni aðaláfrýjanda: „Veit vitnið til þess, að land það, sem nú stöndum vér á, hafi verið nytjað frá Hofi?“

Svar: „Já, fyrir kúabeit, og eins hafa verið pössuð hross hér úti í hólmanum. Nánar tiltekið í Kríuhólmanum og suður á móts við Stekkjarmel.“

Lögmaður gagnáfrýjenda spyr vitnið, hvort eða hvar kýrnar hafi verið reknar yfir frá Hofi, og segir vitnið: „Ég man ekki eftir að hafa séð það.“ Lögmaður gagnáfrýjenda spyr vitnið, hvort það viti til þess, að land það, er vér nú stöndum á, hafi verið nytjað frá Brúsastöðum, og svarar vitnið, að það hafi verið gert, en með leyfi Hofsbóndans, að því er það hafi heyrt. Spurning: „Hvar hefur vitnið heyrt þetta?“ Svarar vitnið, að það muni það ekki. Lögmaður aðaláfrýjanda spyr, hvort þessar nytjar hafi náð

til hrossabeitar. Þá svarar vitnið: „Ég hef ekki heyrt minnzt á það, en hef bara heyrt talað um þetta með kýrnar, að beðið hafi verið um leyfi“.“

Þorvaldur Jónsson Egilsson, Reykjavík, fæddur 1897, hefur hinn 22. apríl 1965 gefið svofellt vottorð:


„Ég..., sem var á Brúsastöðum í Vatnsdal á árunum 1904—1906, að báðum meðtöldum, sem léttadrengur, votta það, að ég var daglega látinn reka kýrnar til beitar í Brúsastaðahólma, sem er austan við Brúsastaðasíkið, og vissi ég aldrei til þess, að bóndinn á Hofi amaðist við því. Enda heyrði ég aldrei talað um annað en að þeir væru Brúsastaðaland og tilheyrðu þeim (Brúsastöðum).

Einnig var á þessum árum dregið fyrir silung í ánni á milli Brúsastaða og Hofs og þá ævinlega með jöfnum hlut á milli bæjanna.“

Þá hefur Þorvaldur hinn 17. nóvember 1965 enn vottað svo:

„Ég... átti heima að Brúsastöðum í Vatnsdal árin 1904, 1905 og 1906 og oft dvalið þar síðan um tíma og tíma og á Kötlustöðum vikutíma árið 1921. Ég var t. d. í Undirfellsréttum 1959, 1960, 1961 og 1962, og síðast var ég í stóðréttinni í haust. Árið 1962 smalaði ég ásamt fleirum Brúsastaðaland milli bæjar og Vatnsdalsár. Ég er þess vegna vel kunnugur í Vatnsdalnum, þar á meðal á þeim slóðum, sem jarðirnar Hof og Brúsastaðir deila nú um landamerki. Nú hefur Sigurður Ólason lögfræðingur sýnt mér loftmynd af Vatnsdal og tel mig því geta rifjað upp og áttað mig á staðháttum og aðstöðu á deilusvæðunum, en sjálfur hef ég af heilsufarsástæðum ekki tök á að fara norður og mæta fyrir dómi þar á vettvangi, þótt fram á það yrði farið.

Ég vil að gefnu tilefni taka fram, að „Brúsastaðasíki“ var nefndur gamall farvegur eða rás austan Brúsastaðaengja, en „Brúsastaðahólmi“ frá síkinu og austur að Vatnsdalsá. Var hólminn grasi gróinn allt austur að á nema einhver möl rétt við ána. Var kúm beitt frá Brúsastöðum í hólmann, og fyrir kom, að hann væri sleginn sums staðar. Aldrei vissi ég til, að kýr væru reknar yfir frá Hofi eða



Hluti af Vatnsdal

Teiknað eftir stækkaðri loftljósmynd frá 1960
vegna hæstaréttarmálsins nr. 145/1965

Mælikvarði nálægt 1:3700

sept. 1965
Ragnar Ármann
verkfr.

Hæstaréttardómsskjal LK.

hólminn nytjaður þaðan á nokkurn hátt, enda héldu Hofskýr sig mest úti á Setukonueyrum. Ef hestar komu í hólmann, létu Brúsastaðamenn reka þá í burtu. Alveg sérstaklega er mér minnisstætt, að þegar dregið var fyrir (í Hofshyl, norður af túnfætinum á Hofi), var Brúsastaðamönnum gert aðvart, og var veiðinni skipt að jöfnu milli jarðanna. Annars var sú veiði óveruleg. Út af fyrirspurn Sigurðar Ólasonar um, hvort breytingar hafi orðið á rennsli árinnar síðastliðin 20—30 ár og hvað ég muni um rennsli (farvegi) árinnar fyrir þann tíma, vil ég upplýsa, eftir nákvæma athugun á loftmyndinni og miðað við það, sem mér virtist, er ég fór þarna um fyrir 3 árum, að töluvert muni hafa brotið af bakkanum að vestanverðu milli svokallaðs Litlamels og Ljótunnarmels (Vaðhvammi) og enn fremur af austurbakkanum við Hofshylinn. Aðrar breytingar tel ég ekki sjáanlegar. Um rennsli eða vatnsmagn í kvíslunum undan Hofstúni get ég ekki fullyrt, og má vera, að það hafi eitthvað flutzt til milli kvísla. Að áin hafi runnið langs eftir niður Brúsastaðahólma, get ég alls ekki munað, enda hefði ég hlotið að verða þess var. T. d. fór ég ríðandi frá Kötlustöðum niður að Brúsastöðum árið 1921 og síðan aftur um þær slóðir árið 1952, og man ég greinilega, að staðhættir við ána og vaðið voru þá óbreyttir frá því áður var. Hins vegar flæddi áin stundum yfir hólmann, þegar hún var í vexti, og fór þá stundum vestur fyrir Kríuhólmann, enda má greinilega sjá deili þess á loftmyndinni."

Á dómþingi bæjarþings Reykjavíkur hinn 30. september 1966 staðfesti Þorvaldur síðara vottorðið.

„Vitninu er nú sýnd ljósmynd nr. 2 í dómsskjali nr. 5, og kveðst það kannast vel við staðhætti á myndinni.

Lögmaður vitnastefnda (þ. e. aðaláfrýjanda) óskar vitnið spurt:

„Eftir að vitninu hefur verið sýndur uppdráttur Ragnars Árnasonar eftir loftljósmynd, gerður í september 1965, telur vitnið sig geta með nokkuð öruggri vissu bent á það samkvæmt þessu korti, hvar meginvatn Vatnsdalsár rann á hinu umdeilda svæði á árunum 1904—1906?"

Vitninu er sýnd loftmynd sú, er lögmaður vitnastefnda (þ. e. aðaláfrýjanda) vitnar til í spurningu sinni.

Spurningin er lögð fyrir vitnið, og svarar það henni svo, að áin hafi runnið meðfram Hofstúni austan við Brúsastaðahólmann, en man ekki eftir, að áin hafi runnið yfir hólmann.

Ekki man vitnið eftir því, að áin hafi runnið um Brúsastaðasíki.

Lögmaður vitnastefnanda (þ. e. gagnáfrýjanda) óskar vitnið spurt sömu spurningar og áður er bókuð, nema hvað miða skal við árið 1921, er vitnið var að Kötlustöðum.

Svarar vitnið spurningunni svo, að það geti það, þar sem það telji, að engin veruleg breyting hafi orðið á rennsli árinnar frá 1906 til 1921. Vera megi, að lítils háttar hafi brotið af landinu Hofs megin, en telur sig ekki hafa orðið vart landaukningar að vestan (í Brúsastaðahólmann).

Vitnið er nú spurt að því, hvort það minnist stekkjar, og kveðst það minnast hans í Stekkjarmelnum svonefnda. Ekki man vitnið fyrir víst, hve langt var frá stekknum að ánni, en segir, að stekkurinn hafi ekki staðið alveg á bakkanum."

IV.

Samkvæmt framlögðum gögnum var uppi á árunum 1686 til 1705 deila milli Sigríðar Þorvarðsdóttur, eiganda Hofs, og Lauritz Christiansson Gottrups, sýslumanns í Húnavatnsþingi og Þingeyrarklausturs forvaltara, „um það landspláss eður Hólma kallaðan, sem liggur til kong.majst. og Þingeyrarklaustursjörðu Brúsastaði í Vatnsdal." Hinn 2. febrúar 1686 gekkst séra Ólafur Þorvarðsson, bróðir Sigríðar, undir það, að „áðurnefnt land eður hólmi" skuli „fylgja fyrrskrifuðum Brúsastöðum og þar með af ábúendum þeirrar jarðar brúkast líka sem hingað til verið hefur eftir hans og hans formanna bygging, inn til so lengi þar upp á lögmanns áreið og dómur genginn skeð er, hvað þó á öngvan máta hindra skal eður afdrátt gjöra, ef Sigríður Þorvarðsdóttir kann hafa eður öðlast önnur lögleg skjöl

fyrir fyrrnefndu landi eður hólma hennar jörðu Hofi til eignar fyrir utan áður áminnzta vitnisburði.“ Í kvörtunarbréfi til Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dags. 15. marz 1703, lýsir Sigríður deilulandinu þannig: „Liggur landspartur þessi fyrir vestan það, sem nú rennur Vatnsdalsá, so að af Brúsastaða- (sem er Þingeyrarklausturs jörð) landi má nú ganga þurrum fótum á þennan landspart, sem ég ekki betur veit en um langvarandi tíma kallaður hafi verið Hofshólmi og þeirrar jarðar Hofs eign haldin verið, og máske enn nú af nokkrum so kallaður og haldinn. Meinaði enginn, so mér sé vitanlegt, ábúendum á Hofi hald og brúkun á þessum hólma fyrr en Lauritz Christiansson Gottrup, lögmaður núverandi, en þá sýslumaður í Húnavatnsþingi, hafði tekið við Þingeyrarklaustri og þegar anno 1686 (ég minnist ekki betur) lét með stefnu tiltala mér um þetta.“ Telur Sigríður sig hafa verið ólögum beitta, er Gottrup sýslumaður tók landið undir Brúsastaði. Samkvæmt fyrirmælum Christians Müllers amtmanns var mál þetta tekið fyrir á manntalsþingi að Ási 2. maí 1705, en leiddi eigi til neinnar niðurstöðu.

Um Brúsastaði segir svo m. a. í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: „Silungsveiðivon lítil í Vatnsdalsá. Deiluefni er um land það, sem nú er kallað Brúsastaðahólmi undir 20 ár, en það eignar sér ekkjan Sigríður Þorvarðsdóttir að Hofi, og kallar hún Hofshólma, hvört hér hafi ekkjan eður klaustrið réttara, er ekki reynt að lögum, en stendur þó til greina, því ekkjan klagar.“

Um Hof segir m. a. svo í jarðabókinni: „Lax og silungsveiðivon í Vatnsdalsá, iðkast lítt og hefur í margt ár að öngvu gagni verið... Beitarland fyrir vestan Vatnsdalsá eignar ekkjan jörðinni og kallar það Hofs hólma, nú halda því Brúsastaðamenn.“

I Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island, útgefið 1879—1882, II, bls. 37, segir P. E. Kristian Kålund m. a. um Hof: „I en lille, men forholdsvis bred, jævn dalflade ved foden af lien og til dels skrånende ned fra denne ligger Hov omgiven af to store, steile, fra lien fremlöbende

melholt, med den grönne, aldeles jævne dalgrund (tunet) foran, der forsætter sig helt ned til åen."

V.

Í málinu hafa verið lagðir fram eftirfarandi uppdrættir:

1. Herforingjaráðskort frá 1914, sem Landmælingar Íslands hafa stækkað að beiðni aðaláfrýjanda á svæði því, sem mál þetta fjallar um. Um nákvæmni uppdráttarins er skírskotað til vottorðs Ágústs Böðvarssonar landmælingarmanns, dags. 5. október 1966, en þar segir m. a. svo: „Við athugun á kortinu virðist mælingarmaðurinn hafa lagt sig eftir að teikna kortið nákvæmt á þessum stað, þar sem hann hefur afmarkað smáatriði í námunda við túnið, svo sem vað á ánni og tópt á árbakkanum. Samkvæmt því tel ég mjög líklegt, að áin hafi á þessum tíma legið að túninu", þ. e. á Hofi. Vottorð þetta hefur Ágúst Böðvarsson staðfest fyrir dómi 19. október 1966.

2. Uppdráttur af Vatnsdalsá, sem Ásgeir L. Jónsson vatnsvirkjafræðingur gerði í september 1940, en á uppdrætti þessum er sýnt vatnsrennsli um allan „vestasta farveg". Ásgeir kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur 18. október 1966. Hann bar þá m. a., að kortið hafi „verið gert til þess að athuga, hvað gera mætti í áveituframkvæmdum og þurrkun á Flóðinu."

   „Vitnið segir aðspurt, að það geti ekki fullyrt, hvort vatnsmagn árinnar hafi verið venjulegt, þegar mælingin fór fram, það er, eins og áin er sýnd á kortinu, en segist álíta, að það geti ekki hafa skeikað miklu. Vitnið segir, að um þetta leyti hafi verið umhleypingasöm tíð og því sé minnisstætt, að síðasta daginn, sem það hafi verið við mælingarnar, hafi verið nístingskuldi."

3. Amerískt herkort eftir ljósmyndum frá 1945 og 1946. Lagði aðaláfrýjandi kort þetta fram. Telur hann kort

þetta sýna, að áin gangi nú meira á Hofsland en þegar kortið var gert.

VI.

Hæstiréttur taldi rétt, áður en dómur gengi í málinu:

1. Að tveir jarðfræðingar könnuðu og létu í té álit um, hver hefur verið frá fornu fari farvegur Vatnsdalsár milli jarðanna Hofs og Brúsastaða í Vatnsdal og hvort ætla megi, að áin eða hluti árinnar hafi runnið í venjulegu rennsli um farveg þann, sem aðiljar málsins kalla „vestasta farveg", og ef þessu er til að dreifa, þá var beiðzt álits jarðfræðinga um, hvenær trúlegast er, að slíkt rennsli um framangreindan farveg hafi síðast átt sér stað.

2. Og enn fremur, að jarðfræðingarnir létu í té aðra þá fræðslu um farveg Vatnsdalsár á nefndu svæði, er vitneskju kynni að gefa um rennsli hennar og máli skiptir.

Hinn 17. október 1966 skiluðu jarðfræðingarnir Guðmundur Kjartansson og Þorleifur Einarsson svofelldri álitsgerð um farveg Vatnsdalsár milli Hofs og Brúsastaða:

„Að beiðni þeirra Páls S. Pálssonar og Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanna skruppum við hinn 15. október 1966 norður í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu til að athuga farveg Vatnsdalsár milli bæjanna Hofs og Brúsastaða, ef vera kynni, að slík athugun leiddi í ljós vísbendingu um breytingar á farvegi árinnar undanfarna áratugi.

Vatnsdalsá má heita dæmiger dragá. Eitt helzta einkenni slíkra vatnsfalla er miklar sveiflur í rennsli. Í frostum geta þær nær þorrið, en í vatnavöxtum margfaldast rennsli þeirra, og aurburður verður feikilegur. Á hinum lygnari köflum hlaða þær aurnum undir sig, en þar sem straumurinn mæðir fastast á, grafa þær sig niður eða brjóta bakka. Á þeim eyrum og fitjum, sem vatnar yfir í flóðunum, liggur nokkuð eftir af smágerðasta hluta aursins, binzt þar af jurtarótum og verður jarðvegur.

Meðalrennsli Vatnsdalsár hjá Forsæludal er samkv. mælingum Vatnamælingadeildar Raforkumálastjóra 9,3 m^3/sek., en mesta rennsli, sem þar hefur mælzt, 210 m^3/sek. Ætla má, að þegar kemur niður á milli Hofs og Brúsastaða, sé rennsli árinnar um tvöfalt meira.

Farvegur Vatnsdalsár er mjög breytilegur, ef miðað er við langan tíma, aldir eða árþúsund. Allt flatlendið milli túns á Hofi og svonefndra Barða niður undan Brúsastöðum (sbr. Uppdrátt Ragnars Árnasonar 1965), ofan frá Kollóttamel og niður að Stekkjarmel, er myndað af framburði árinnar. Um allt það svæði hefur hún flæmzt í breytilegum álum, einum eða fleirum hverju sinni, a. m. k. átta síðustu aldir. Öskulagið, sem féll í Heklugosi um 1100 e. K. (sennilega 1104) er auðfundið í jarðvegi utan þessa flatlendis, en innan þess tókst okkur ekki að finna það.

Um gang breytinganna á árfarveginum eftir 1100 veita jarðfræðilegar athuganir aðeins vísbendingar, en engar sannanir. Til dæmis: Jarðvegsþykkt er að vísu háð tímalengd, en einnig ýmsum atvikum, sem erfitt er að henda reiður á. Slakkar (þurrar rásir og síki), sem árvatnið hefur grafið á flatlendinu, gefa í skyn, að kvíslar Vatnsdalsár, eða jafnvel megináll hennar, hafi runnið um þá í eina tíð. En í þessum slökkum er engan vitnisburð um það að finna í jarðveginum, hversu mikið eða stöðugt rennsli var um þá né heldur hvenær það átti sér stað. Þó var það samkvæmt framansögðu vafalítið, eftir að land byggðist.

Greina má nokkrar leiðir öðrum fremur, þar sem líkur eru til, að Vatnsdalsá eða verulegur hluti hennar hafi runnið á seinni öldum.

Fornlegust þeirra er vestra síkið, vestur undir svonefndum Börðum. Milli þess og eystra síkisins er jarðvegsþykkt mun meiri en annars staðar á flatlendinu, og aðeins þar er þúfnamyndun komin nokkuð áleiðis. Bendir þetta til, að alllangt, sennilega nokkrar aldir, sé síðan nokkur hluti árinnar hefur runnið í vestra síkinu.

Austan eystra síkisins er jarðvegur sýnu þynnri og sums staðar enginn, heldur ber malareyri. Síkið sjálft ber með

sér, að í vatnavöxtum er þar enn verulegt rennsli. Eftir útliti síkisins er það engan veginn óhugsandi, að þar hafi verulegt vatn eða jafnvel meginhluti árinnar haft framrás árum saman seint á nítjándu öld. Út frá jarðfræði athugunum verður vart kveðið nánar á um magn eða tímasetningu rennslisins í eystra síkinu.

Á austustu spildu flatlendisins, þeirri sem liggur milli eystra síkisins og megináls Vatnsdalsár, er myndun jarðvegs yfirleitt skemmst á veg komin. Á það sérstaklega við um belti, sem liggur í stefnu milli austurkinnar Kollóttamels og vesturbrekku Stekkjarmels, og eru vesturmörk þess beltis nálægt línu, sem hugsast dregin milli þessara staða. Á þessu belti liggur víða ármöl á yfirborði, óhulin af jarðvegi. Í framhaldi þessa malarbeltis til norðurs er grunn og breið rás, að vísu með nokkrum jarðvegi og gróin. Álar eða jafnvel meginvatn Vatnsdalsár kynni að hafa runnið þarna fram um nokkurt skeið á síðustu áratugum, en þó eru framangreind ummerki engan vegin sönnun fyrir því.

Þess má geta að lokum, að botn í inntaki áveituskurðar, sem grafinn var á árunum 1912—1916, austan undir Kollóttamel, er nú um 35 cm hærri en venjulegt vatnsborð árinnar. Af því má ráða, að áin hefur á þessum kafla grafið sig nokkuð niður, síðan þetta mannvirki var gert. En naumast verða af því dregnar nokkrar ályktanir um færslu árinnar til hliðar."

Það athugast, að það, sem jarðfræðingarnir nefna eystra síki, er það sama og oftast er nefnt „vestasti farvegur" í málinu. Svo sem sjá má á álitinu, er það niðurstaða jarðfræðinganna, að farvegur Vatnsdalsár hafi að fornu verið „milli túns á Hofi og svonefndra Barða niður undir Brúsastöðum."

VII.

Flest vitna þeirra, sem leidd hafa verið í máli þessu, bera um rennsli Vatnsdalsár á þessari öld og þá einkum um rennslið á árunum fyrir 1920 og fram til vorra daga. Greinir vitnin mjög á. Sum þeirra telja rennslið eigi hafa breytzt að ráði

á því tímabili, er þau þekktu til. Má hér nefna t. d. Geir Gíju, Guðmund Jónasson, Snæbjörn Jónsson og Þorvald Jónsson Egilsson og svo vottorðsgjafann Eggert Konráðsson. Önnur vitni telja aðalvatn árinnar hafa runnið norður eftir þrætulandinu þveru á nefdum tíma. Má þessu til stuðnings nefna vitnin Bjarna Guðmann Jónasson, Sigurfinn Jakobsson og Þorbjörn Kristján Jónsson. Vitnið Hallgrímur Sveinn Kristjánsson, fæddur 1901 og uppalinn á Hofi, kveður aðalvatnsmagn Vatnsdalsár, þá er hann man fyrst eftir sér, hafa runnið utan við eyrar, Syðri og Ytri Kríuhólma.

Vottorðsgefandinn Daníel Davíðsson hefur sérstöðu. Hann er fæddur 1872 og var fermdur í Undirfellskirkju 1886, þ. e. tveimur árum eftir að landamerkjaskrá Brúsastaða var gerð og samþykkt. Hann þurfti oft að fara yfir Vatnsdalsá á hinu umdeilda svæði og kveðst muna vel, að „aðalrennsli Vatnsdalsár var norður“ um eyrarnar milli Hofs, Brúsastaða og Snæringsstaða 1886, „vestarlega eftir þeim“.

Ráða má af vottorði Daníels Davíðssonar og vætti þeirra Bjarna Guðmanns Jónassonar, Hólmfríðar Steinunnar Jónsdóttur og Sigurfinns Jakobssonar og svo af öðrum gögnum, að Vatnsdalsá hafi gengið nokkuð á Hofsland á seinni árum.

Með tilvísun til álits jarðfræðinganna og annarra gagna málsins verður, eins og sönnunaraðstöðu í málinu er háttað, að ætla, að farvegur Vatnsdalsár hafi „at fornu“ tekið yfir þrætusvæðið í máli þessu og vestur fyrir síki það, sem í máli þessu er nefnt „vestasti farvegur“, og allt vestur undir Börð, þó svo, að áin hefur gengið eitthvað á land Hofs á seinni árum.

Samkvæmt Jónsbók, landsleigubálk 56, og nú 3. og 8. gr. vatnalaga nr. 15/1923 á markalínan milli Brúsastaða og Hofs að vera sem næst miðju hins forna farvegar, enda breytast eigi merki, þótt farvegur breytist. Getur þetta vel samrýmst ákvæðum áðurgreindra landamerkjabréfa, en í því sambandi er á það að líta, að ólíklegt er, að umboðsmenn jarðanna, sem bréfin hafa undirritað, hafi viljað breyta hinum fornu merkjum, enda voru þeir eigi til þess

bærir. Enn er þess að geta, að eigendur Brúsastaða hafa helgað sér fullkomlega land vestan „vestasta farvegar", en kröfugerð aðaláfrýjanda hér fyrir dómi tekur eigi til alls landsins vestur að „vestasta farvegi". Er þá athugaefni, hvort breyting hafi orðið á þessu fyrir hefð, að því er varðar þrætusvæðið. Aðaláfrýjandi og vitni, svo sem Hallgrímur Guðjónsson, Hallgrímur Sveinn Kristjánsson, Ingvar Andrés Steingrímsson, Snæbjörn Jónsson og Þorleifur Reynir Steingrímsson, telja, að kúm frá Hofi hafi verið beitt á þrætulandið, en önnur vitni kannast eigi við það. Telja má í ljós leitt, að kúm frá Brúsastöðum hafi verið beitt á þrætulandið.

Samkvæmt vætti Gríms Gíslasonar oddvita, Saurbæ, hefur Ágúst B. Jónsson, bóndi á Hofi, tekið átölulaust, að því er séð verður, við greiðslu fyrir vörzlu stóðhrossa, sem rekin voru af fjalli til rétta árin 1927—1950, að árinu 1936 undanskildu, en stóðhrossanna lét Ágúst m. a. gæta á þrætueyrunum. Styðst þetta og við vottorð Önnu Agnarsdóttur og við vætti Guðjóns Hallgrímssonar, Hallgríms Sveins Kristjánssonar, Hjalta Þorvarðssonar, Indriða Guðmundssonar, Péturs Ólafssonar, Sigurfinns Jakobssonar, Snæbjörns Jónssonar og Þorleifs Reynis Steingrímssonar. Samkvæmt því, sem nú var sagt, er eigi um það að tefla, að eigendur Brúsastaða hafi unnið eignarhefð á þrætulandinu.

Með tilvísun til þess, sem að framan hefur verið rakið, ákveðast merkin milli Brúsastaða og Hofs frá miðlínu Vatnsdalsár, sem merkt er punktinum A á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings, hæstaréttardómsskjali LK, eftir línu, sem dregin er frá vörðu vestarlega á Kötlustaðamel um raflínustaur í punkt B á nefndum uppdrætti og þaðan að punktinum C framan undir landamerkjaskurði milli Brúsastaða og Snæringsstaða. Frá punkti A ræður merkjum miðlína Vatnsdalsár að Grjótá.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda og talsmanns gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Mál þetta var dæmt í héraði, án þess að gagna væri aflað í því að nokkru ráði. Þá lét héraðsdómari undir höfuð leggjast að heitfesta meðdómendur, fyrr en að gengnum héraðsdómi. Verður eigi hjá því komizt að finna að þessari málsmeðferð.

Dómsorð:

Landamerki milli Brúsastaða og Hofs skulu vera frá miðlínu Vatnsdalsár, sem merkt er punktinum A á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings, hæstaréttardómsskjali LK, eftir línu, sem dregin er frá vörðu vestarlega á Kötlustaðamel um raflínustaur í punkt B á nefndum uppdrætti og þaðan að punktinum C fram undan landamerkjaskurði milli Brúsastaða og Snæringsstaða. Frá punkti A ræður merkjum miðlína Vatnsdalsár að Grjótá.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns gagnáfrýjenda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 22. ágúst 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júlí 1965, var þingfest 19. júní 1964 skv. kröfu Gísla Pálssonar bónda, Hofi, dags. 1. maí 1964. Landamerkjadóminn skipuðu auk hins reglulega dómara, að loknum ruðningi, þeir Torfi Jónsson oddviti, Torfalæk, og Ólafur Magnússon hreppstjóri, Sveinsstöðum. Þessari landamerkjadeilu hefur valdið meint ósamræmi í landamerkjabréfum Hofs og Brúsastaða, en í landamerkjabréfi fyrir Brúsastaði, dags. 15. apríl 1884, er sagt, að landamerkin séu Vatnsdalsá, eða orðrétt, „að austan Vatnsdalsá“, en í landamerkjabréfi fyrir

Hof, dags. 25. júní 1890, segir: „Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg, eins og hún nú rennur".

Eigandi Hofs gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að landamerki Hofs og Brúsastaða verði vestasti árfarvegur Vatnsdalsár, sem nú finnst og eins og hann var 1890.

Eigandi Brúastaða gerir þá dómkröfu aðallega, að landamerkin verði við Vatnsdalsá, að vestasta farvegi frátöldum, en til vara, að merkin liggi um miðja Vatnsdalsá, að vestasta farvegi meðtöldum. Ef unnt er að upplýsa, hvernig áin rann fyrir síðustu aldamót, skal við það miðað, en annars kostar eftir því sem áin nú rennur. Reynd var sátt með aðiljum, en án árangurs.

Vatnsdalsá rennur þarna í kvíslum. Milli Hofs og Snæringsstaða er Kríuhólminn, og mun hann viðurkenndur eign Hofs. Hólmi sá, er tekur við suður af Kríuhólma, er hið umdeilda land, og eru menn ekki á eitt sáttir um nafn hans. Á þingskj. nr. 9 er talað um eyrar, Syðri- og Ytri-Kríuhólma. Í greinargerð talar eigandi Hofs um Hofseyrar, og fyrri eigandi Hofs talar um „svokallaða Kríuhólma". Í örnefnaskrá fyrir Brúsastaði, skráðri af Daða Davíðssyni eftir Kristjáni Sigurðssyni, eiganda að hálfum Brúsastöðum, en dómurinn hefur hana undir höndum, segir svo:

„19. Börð, neðan við Mýrina, móa og flagaspilda, er liggur í boga sunnan og ofan við engið, niður að Melnum".

„23. Síki liggur fyrir neðan Börðin, þar út og svo beint fram í gegnum bakkann, forarsíki."

„24. Hólmi, allt engið neðan við Síki, nær niður að Vatnsdalsá og suður að Börðum. Skiptast (sic.) í Norður-, Mið- og Suður-Hólma."

Eftir að hafa athugað vettvang og loftmyndir af hinu umdeilda svæði, komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að örnefnaskráin væri það glögg, að Síki, Brúsastaðasíki, Hólmi og Brúsastaðahólmi væru greinilega fyrir vestan farveg þann, sem eigandi Hofs kallaði „vestasta farveg" Vatnsdalsár, og væri því sennilega um misminni að ræða á þingskj. nr. 18, en í vottorðunum á þingskjölum nr. 15. og 21 eru allar líkur til, að um nafnabrengl sé að ræða, þ. e. Síkisnafnið yfirfært á þennan „vestasta farveg", þar sem hann er nú að mestu þurr, en málvenja mun vera í Vatnsdal að kalla gamla og að nokkru leyti þurra farvegi síki.

Dómurinn lítur því svo á, að þessi umdeildi hólmi geti því ekki heitið Brúsastaðahólmi að fornu máli, þótt ef til vill hann

sé kallaður það nú. Þegar bornar eru saman landamerkjaskrárnar á dómsskjali 2 og 3, sést, að báðar eru undirritaðar af sr. Hjörleifi Einarssyni, Undirfelli, en Snæringsstaðir höfðu landamerki sameiginleg með Undirfelli, en skipt síðar úr landi Undirfells. Skrárnar eru samdar á þeim tíma, þegar gerð var gangskör að því að koma landamerkjaskrám í lag og láta þinglýsa þeim. Þeir, sem sömdu þessar skrár, hafa því vitað fullkomlega, hvað þeir voru að gera. Þess vegna er hæpið að líta svo á, að um mistök hafi verið að ræða, þegar í öðru bréfinu er sagt „Vatnsdalsá", en í hinu „að vestasta farveg". Hvort tveggja getur staðizt. Af gögnum málsins og ljósmyndum sést, að Vatnsdalsá hefur brotizt allmikið til austurs, t. d. sést þetta vel við samanburð á ljósmynd í Vatnsdælu, bls. 42, (útg. Fornritafél., Reykjavík 1929) og loftmyndinni á dómsskjali nr. 22.

„Vestasta kvíslin" hlýtur að hafa verið til á þessum tíma, annars hefði hún ekki verið nefnd, og a. m. k. 2 aðrar kvíslar fyrir neðan Hof, annars hefði það heitið „vestari kvíslin". Myndin á bls. 42 í Vatnsdælu er tekin fyrir um það bil 30 árum og Hofsbréfið þá gert fyrir sem næst 45 árum. Miðað við þá breytingu, sem orðið hefur s.l. 30 ár, er ekki óeðlilegt að telja, að þó nokkuð vatnsmagn hafi þá, þ. e. þegar Hofsbréfið var samið, getað runnið eftir „vestasta farveg". Hafi þá runnið nokkurt vatnsmagn eftir „vestasta farveg", er ekkert óeðlilegt og alveg í samræmi við málvenju að telja land Brúsastaða ná að Vatnsdalsá. Enn er það jafneðlilegt og í samræmi við daglegt mál að telja, að land Hofs nái að vestustu kvíslinni, ef hólmar þeir, sem í ánni eru, tilheyri Hofi. Þess vegna verður að ályktа, að orðalag bréfanna geti vel samrýmzt og það styrki þessa ályktun, að umráðamaður Hofs og Kötlustaða og Snæringsstaða (Undirfells) undirritar bæði bréfin. Rétt er að geta þess hér, að landamerkjamáli eiganda Hofs gegn eiganda Snæringsstaða var frestað, þar til dómur hefur gengið í framangreindu máli, en skv. munnlegri yfirlýsingu við málflutning og raunar í málsskjölum er eignarréttur Hofs á Kríuhólma (ytri) gegnt Snæringsstöðum ekki vefengdur.

Umboðsmaður eigenda Brúsastaða hefur haldið því fram, að orðalag Hofsbréfanna á dómsskj. nr. 2, „að vestasta farveg", gefi til kynna, að „vestasti farvegur" tilheyri eingöngu Brúsastöðum, þar sem Vatnsdalsá ræður merkjum að honum. Hafi sá farvegur átt að ráða merkjum, eins og venja er um fallvötn, þá hefði

átt að standa „að vestan ræður vestasti farvegur Vatnsdalsár, eins og hún nú rennur."

Dómurinn lítur svo á, að á þessu sé ekki svo mikill munur. Ætlunin hafi verið, að vestasti farvegur Vatnsdalsár, eins og hún rann, þegar bréfið var gert, hafi átt að ráða löndum Brúsastaða og Hofs. Þetta orðalag hafi nánast verið til þess að tryggja Brúsastaði gegn kröfum frá eigendum Hofs, ef áin félli vestar en hún gerði þá, t. d. félli aftur í Brúsastaðasíkið, enda ekki ósennilegt, að annar farvegur, þurr og vestari, hafi verið til, sbr. síðar í dóminum.

Dómurinn lítur svo á, að farvegur sá, sem greinilega sézt fyrir á loftmynd á dómsskj. nr. 22 og merkt er inn á kortið á dómsskj. nr. 12, hafi verið hinn umræddi „vestasti farvegur", sem landamerkin eru miðuð við. Þessi farvegur er skýr og greinilegur neðan til, en ógleggri syðst. Þar sem líkur eru fyrir því, að áin hafi þegar fært sig nokkuð austur, er Hofsbréfið, dómsskj. nr. 2, var gert, þá hefur eigandi Hofs fært inn á dómsskj. nr. 12 línu þá, sem hann telur, að hafi verið því sem næst „vestasti farvegur" árinnar 1890. M. ö. o. hann viðurkennir, að eyrar þær, sem hann nefnir Hofshólma, hafi ekki allar tilheyrt Hofi. Getur þetta einnig skýrt að nokkru orðalag Hofsbréfsins á dómsskj. nr. 2, „að vestasta farveg" o. s. frv., þ. e., að greinilegur farvegur, en þurr, hafi verið til og Brúsastaðir átt hann og yfir hann til Vatnsdalsár, eða frá sjónarmiði Hofsbænda þá hafi Hof átt að vestasta farvegi, eins og áin rann þá.

Dómurinn tekur ekki afstöðu til veiðiréttar framanskráðra jarða í Vatnsdalsá, þar sem þess hefur ekki verið krafizt. Þar af leiðandi tekur hann ekki afstöðu til dómsskj. nr. 20, enda eru þær upplýsingar, sem þar koma fram, mjög ófullkomnar, hvað snertir eignarrétt að árbökkum Vatnsdalsár.

Með tilvísun til framanskráðra forsenda ákveður dómurinn, að merkin milli Brúsastaða og Hofs skuli vera:

Frá vörðu, hlaðinni vestarlega á Kötlustaðamel, bein sjónhending um háspennu-raflínustaur á eyrunum gegnt íbúðarhúsinu á Hofi, um mynni skurðarins milli Brúsastaða og Snæringsstaða, um Klettabelti, Klettahögg, í fjallshlíðinni norður og niður af Krossdalskúlu í smáhól í Víðidalsfelli í lægðinni sunnan við Skessusæti. (Örnefni í Víðidalsfelli eru tekin eftir Árbók Ferðafélags Íslands 1964, sjá bls. 156). Frá þessari línu ræður Vatnsdalsá að Grjótá, sem er merki milli Hofs og Kötlustaða,

en það er um 50 — fimmtíu — metra vegalengd, og er þá miðað við straumlínu aðalkvíslar árinnar, en hún rennur nú í einum farvegi milli Kötlustaða og Brúsastaða.

Dómsorð:

Merki milli Brúsastaða og Hofs skulu vera frá vörðu, hlaðinni vestarlega á Kötlustaðamel, bein sjónhending um háspennu-raflínustaur á eyrunum gegnt íbúðarhúsinu á Hofi, um mynni skurðarins milli Brúsastaða og Snæringsstaða, um Klettabelti, Klettahögg, í fjallshlíðinni norður og niður af Krossdalskúlu í smáhól í Víðidalsfelli í lægðinni sunnan við Skessusæti. Frá þessari línu ræður Vatnsdalsá að Grjótá, sem er merki milli Hofs og Kötlustaða, en þar er um 50 — fimmtíu — metra vegalengd, og er þá miðað við straumlínu aðalkvíslar árinnar, en hún rennur nú í einum farvegi milli Kötlustaða og Brúsastaða.

Mánudaginn 7. nóvember 1966.

Nr. 75/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Rafni Kjartanssyni
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni þau, er þar getur, staðfest vætti sín.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens „fundust" í blóði ákærða, sem honum var tekið kl. 0430 aðfaranótt 8. marz 1965, „reducerandi efni, er samsvara 1.44‰ af alkóhóli".

Þykir í ljós leitt samkvæmt gögnum málsins, að ákærði

hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er sakaður um í ákæruskjali. Varðar brot hans við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 47. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 svo og við 1. mgr. 24 gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast samtals kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Kjartansson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1966.

Ár 1966, laugardaginn 26. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 102/1966: Ákæruvaldið gegn Rafni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 11. maí 1965, höfðað á hendur Rafni Kjartanssyni bifreiðarstjóra, Mávahlíð 34 í Reykjavík, fæddum 27. september 1935 í Reykjavík, fyrir að aka mánudagsnóttina 8. marz 1965 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 1210 heim til sín frá bifreiðastæði við Landsbókasafnshúsið við Hverfisgötu, en við Mávahlíð 36 rakst bifreiðin vegna ógætni ákærða á bifreiðina R 1620, sem stóð þar mannlaus, og urðu nokkrar skemmdir á báðum bifreiðunum.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudagsins 8. marz 1965 klukkan tæplega 0400 urðu tveir menn sjónarvottar að því, að ákærði ók bifreiðinni R 1210 á mannlausa bifreið, R 1620, á móts við hús nr. 36 við Mávahlíð hér í borg. Lítillegar skemmdir urðu á bifreiðunum. Sjónarvottum virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis. Annar þeirra var sjálfur ölvaður, og veitti hann ákærða áfengi, eftir að áreksturinn var orðinn, en jafnframt kærðu þeir til lögreglu vegna aksturs ákærða. Lögreglan kom á staðinn og handtók ákærða.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa greint sinn undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 1210 um götur Reykjavíkur. Þegar ákærði var að leggja bifreiðinni við heimili sitt, kvað hann hana hafa rekizt á kyrrstæða og mannlausa bifreið, R 1620. Ákærði kvaðst hafa neytt nokkurs áfengis, eftir að akstri lauk.

Tekið var sýnishorn af blóði ákærða, og fundust í blóðsýninu reducerandi efni, sem samsvara 1.44‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem rakin er í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða, að því undanskildu, að ekki þykir sannað, að ákærði hafi brotið gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, enda hefur hann fullyrt, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, og sú frásögn er staðfest af öðrum kærenda, sem kvaðst hafa veitt honum vín.

Ákærði hefur hlotið refsingar, svo sem hér segir:

1954 30/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

— 12/7 – — Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

— 17/9 – — Áminning fyrir brot á 30. gr lögreglusamþykktar.

1956 28/1 – — Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1956	4/10	í Reykjavík:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958	26/4	— —	Áminning fyrir brot á 1. nr. 73/1952.
—	23/4	— —	Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1960	8/2	— —	Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 31. gr. lögreglusamþykktar.
1961	18/2	— —	Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964	5/2	— —	Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
—	27/10	— —	Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
—	3/12	— —	Sátt, 600 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 3.000.00, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu af ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Kjartansson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvember 1966.

Nr. 82/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Gunnarssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Martin Tómasson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 11. febrúar 1966 og markað á sjóuppdrætti staði varðskipsins og v/b Eyjabergs, VE 130, eftir þeim mælingum. Í álitsgerð skólastjórans, dagsettri 4. júlí 1966, segir m. a. svo:

„**A** = staður varðskipsins klukkan 1133 h. 11/2 '66. Þá mælist báturinn á stað **a** um 4.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.

B = staður varðskipsins kl. 1139. Þá mælist báturinn á stað **b** um 4.2 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1146. Þá mælist báturinn á stað **c** um 4.15 sml. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1203. Þá mælist báturinn á stað **d** um 3.8 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Samkvæmt þessum útsetningum reiknast mér, að báturinn hafi færzt milli mælistaða **a** og **b** með 6.0 sml. hraða, milli **b** og **c** með um 2.5 sml. hraða og milli **c** og **d** með um 2.3 sml. hraða. Er þá miðað við beina og jafna siglingu milli mælistaða.

Samkvæmt mælingum varðskipsmanna hefur báturinn færzt vestur með landinu á þessu tímabili.

Í annað sjókort nr. 30a hef ég sett út staðaráákvarðanir

varðskipsins, ef reiknað er með 2% fjarlægðarskekkju og 0°65 miðunarskekkju bátnum í hag. Er þar miðað við þá ónákvæmni í fjarlægð og miðun, sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna.

Samkvæmt því mælast staðir bátsins þannig:

a_1 kl. 1133 um 4.0 sml. innan fiskveiðimarkanna.
b_1 — 1139 — 3.85 — — ——
c_1 — 1146 — 3.9 — — ——
d_1 — 1203 — 3.7 — — —— "

Ákærði svo og skipverjar hans, sem eigi vildu staðfesta vætti sín með eiði eða drengskaparheiti, bera, að bátnum hafi verið siglt í austurátt, en samkvæmt álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra fær þessi framburður þeirra ekki staðizt, því að í henni segir, að eftir mælingum varðskipsmanna, sem ákærði hefur ekki mótmælt, hafi báturinn færzt vestur með landinu með um 6.0 sml. hraða milli staða a og b, 2.5 sml. hraða milli staða b og c og 2.3 sml. hraða milli staða c og d.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og eins og gögnum málsins að öðru leyti er háttað, verður með skírskotun til forsendna héraðsdóms að telja sannað, að bátur ákærða, Eyjaberg, VE 130, hafi verið að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um.

Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru greinir. Ákveðst refsing hans samkvæmt málavöxtum og með hliðsjón af því, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 seðlakrónum, kr. 25.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá skal andvirði afla v/b Eyjabergs, VE 130, kr. 34.946.30, vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, fórst v/b Eyjaberg, VE 130, með öllum veiðarfærum hinn 7. marz 1966. Verða veiðarfæri því eigi gerð upptæk, enda hefur verið fallið frá þeirri kröfu af hálfu ákæruvalds.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Gunnarsson, greiði kr. 25.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Andvirði afla v/b Eyjabergs, VE 130, kr. 34.946.30, skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 29. apríl 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. þ. m., er höfðað fyrir sakadómi Vestmannaeyja með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 23. febr. 1966, á hendur skipstjóranum á Eyjabergi, VE 130, Sigurði Gunnarssyni, Brimhólabraut 33 í Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87, 1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70, 1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 3, 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44, 1948 og lög nr. 33, 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5, 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6, 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á vélbátnum Eyjabergi, VE 130, um hádegi föstudaginn 11. febrúar 1966 út af Alviðruhömrum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin

í 1. gr. reglugerðar nr. 70, 1958, sbr. 3. gr. reglugerðar nr 3, 1961.

Ákærist því nefndur Sigurður Gunnarsson til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87, 1958, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 70, 1958, sbr. nú 7. gr. reglugerðar nr. 3, 1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44, 1948 og 1. gr. laga nr. 81, 1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5, 1920 og 1. gr. laga nr. 5, 1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds vélbáts og til greiðslu alls kostnaðar."

Ákærði, Sigurður Gunnarsson, er fæddur á Flatey á Skjálfanda 27. sept. 1928 og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1964 29/10 í Vestm.: Dómur: 20.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Eyjabergs, VE 130, gerð upptæk. Hinn 14. apríl 1965 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dóminn uppkv. 29. 10. 1964.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherranum á v/s Óðni, dags. 11. febr. s.l., segir á þessa leið:

„Föstudaginn 11. febrúar 1966, þegar varðskipið var á V-leið út af Meðallandsfjörum og Alviðruhömrum, tók það m/b Eyjaberg, VE 130, skipstjóri Sigurður Gunnarsson, f. 27/9 1928, til heimilis Vestmannaeyjum, fyrir meint fiskveiðibrot út af Alviðruhömrum. Nánari atvik voru sem hér segir:

Föstudaginn 11. febrúar kl. 1133 sást bátur í ratsjá varðskipsins, og var þá eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

1. Bátur r/v 250°, fjarl. 8.5 sml.
Alviðruhamraviti — 9.2 —
Skarðsfjöruviti — 3.2 — (J. J. og H. H.)

Gefur það stað bátsins um 4.0 sml. innan 6 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1139 var gerð eftirfarndi staðarákvörðun:

2. Bátur í r/v 253°, fjarl. 7.1 sml.
Alviðruhamraviti — 7.5 —
Skarðsfjöruviti — 4.4 — (J. J. H. H.)

og gefur það stað bátsins um 4.0 sml. innan 6 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1146 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

3. Bátur í r/v 257°, fjarl. 5.6 sml.
Alviðruhamraviti, fjarl. 6.0 sml.
Skarðsfjöruviti, fjarl. 5.9 sml. (H. H., G. P. og F. O.)

Gefur það stað bátsins um 3.6 sml. innan 6 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1200 sjást hlerar í gálgum og menn vera að taka inn netið á stb.síðunni, og snýr báturinn þá upp að landinu.

Kl. 1203 setur báturinn á ferð, beygir í bb. og heldur til hafs. (J. J., H. H. og G. P. og F. O.)

Kl. 1200 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

4. Bátur í r/v 258°,	fjarl.	1.0	sml.
Alviðruhamraviti	—	3.1	—
Arnardrangur	—	12.5	—

Gefur það stað bátsins um 3.6 sml. innan 6 sml. fiskveiðimarkanna.

Kl. 1206 var haft talstöðvarsamband við bátinn og honum sagt að stöðva, sem og hann gerði.

Kl. 1330 var skipstjóri bátsins tekinn um borð í varðskipið til viðræðna.

Aðspurður sagðist hann neita að hafa verið að toga á þessum slóðum, en viðurkenna að hafa verið með hlerana úti og netið á síðunni. Segist hann síðast hafa hift inn vörpuna kl. 1000 og verið þá staddur út af Víkinni og eftir það hafa keyrt stanzlaust A-með landi, með um 8 sml. ferð, þar til varðskipið kom að honum. Viðurkennir hann að hafa snúið stb.-hlið bátsins að varðskipinu, en snúið síðan til bb., þegar varðskipið nálgaðist.

Kl. 1344 voru stýrimaður og vélstjóri bátsins teknir um borð í varðskipið til viðræðna.

Stýrimaðurinn, Sigurður Viktorsson, til heimilis Aðalbóli, Vestmannaeyjum, sagði, að þeir hefðu ekki verið að toga á þessum slóðum og að þeir hefðu síðast hift inn vörpuna á Víkinni, en ekki vita, hvað klukkan var þá. Fullyrti hann, að síðan hafi verið keyrt stanzlaust í A-átt. Var hann spurður

að, hvort þeir hefðu stöðvað, og sagði hann þá, að aðeins hefði verið slegið af. Aðspurður segir stýrimaðurinn, að enginn fiskur hafi verið í síðasta hali.

Vélstjórinn, Vignir Sigurðsson, Miðstræti, Vestmannaeyjum, segir, að þeir hafi ekki verið að veiðum á þessum slóðum, en hift upp síðast á Víkinni um kl. 1000 og farið þá að keyra hingað austur og stoppað þar. Aðspurður segir vélstjórinn, að lítill fiskur hafi verið í síðasta hali, ca. slatti í kassa. Að lokum bætir vélstjórinn því við, að hann geti ekkert fullyrt, hvað klukkan hafi verið, þegar þeir hífðu upp né hvar þeir voru þá, því hann þekki ekkert til miða.

Var skipstjóranum tikynnt, að hann skyldi halda beint til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar.

Veður: Hægviðri, sjór breytilegur 3 og hálfskýjað".

Skipherrann á varðskipinu Óðni, Jón Jónsson, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri hún sönn og rétt. Hann tók fram, að um tólfleytið umrætt sinn hefði hann séð í kíki, að net var á stjórnborðssíðu bátsins, og sá hann, að menn voru að taka það inn, en ekki kvaðst hann geta sagt um, hve margir þeir voru né hvernig þeir voru klæddir. Á að gizka voru þá 2 sjómílur milli bátsins og varðskipsins. Hann sá skipverja ekki taka inn hlerana, en tók fram, að þeir hefðu getað tekið þá inn, um leið og þeir sneru út um og beygðu í bakborða. Skipherrann staðfesti framburð sinn með eiði.

Fyrsti stýrimaður varðskipsins, Helgi Hallvarðsson, mætti einnig fyrir sakadómi. Hann kvað skýrsluna rétta, eftir því sem hann bezt vissi. Hann sagði, að sér hefði virzt kl. 1200, að netið lægi utan á síðu bátsins, þannig að pokinn væri kominn inn. Hann sá, að einhverjir voru staddir við borðstokkinn stjórnborðsmegin og voru að innbyrða netið. Hann sá ekki, að hift væri upp í reisn á skipinu. Stýrimaðurinn vann eið að framburði sínum.

Annar stýrimaður, Peter Guðjón Petersen, mætti einnig fyrir sakadómi og kvað skýrsluna rétta. Hann sagði, að fyrsti stýrimaður hefði bent honum á, að netið væri á síðunni, og kvaðst hann þá hafa brugðið sjónaukanum á og taldi sig einnig hafa séð netið á síðunni. Ekki veitti hann því athygil, að hift væri upp í reisn. Ekki veitti hann því athygli, hvort menn væru að vinna við netið, því að athygli hans beindist eingöngu að netinu

sjálfu. Hann kvaðst hafa farið um borð í bátinn um kl. 1330. Enginn fiskur, sem heitið geti, var á þilfari, aðeins eitthvað af flatfiski í stíu fyrir framan brúna. Hann athugaði hlerana, og voru þeir fægðir að neðan, en þó var aðeins byrjað að koma ryðslikja á þá. Hann athugaði pokann og sá þar ánetjaða loðnu og eina ýsu. Hann sá engan lifandi fisk um borð. Vírar voru fægðir frá tromlum að gálga. Gálgarúllan var ekki fægð, en þó var ekkert ryð á henni. Stýrimaðurinn vann eið að framburði sínum.

Fyrir sakadómi var framburður ákærða á sömu lund og þegar hann mætti fyrir varðskipsmönnum. Hann kvaðst ekki hafa verið að toga, er varðskipið nálgaðist. Síðast hefði hann togað á Víkinni og híft einhvern tíma á tíunda tímanum, að hann hélt. Síðan keyrði hann austur á bóginn og var með hlera á síðu og netið á síðunni. Er þeir sáu varðskipið nálgast, fóru þeir að innbyrða hlerana til þess að reyna að sleppa við hlerasekt og hreyfðu þá bátinn á þá leið, sem í skýrslu varðskipsins segir. Staðarákvörðunum varðskipsmanna kvaðst hann ekki mótmæla.

Sigurður Viktorsson, stýrimaður á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður um eftirmiðdaginn á miðvikudag. Héldu þeir austur og köstuðu á Víkinni. Þar voru þeir allan fimmtudaginn og köstuðu þar nokkrum sinnum, en fiskuðu lítið. Þeir voru að aðfaranótt föstudagsins á sömu slóðum. Á föstudagsmorgni, einhvern tíma milli 9 og 10 á að gizka, héldu þeir austur á bóginn. Sigldu þeir síðan stanzlaust austur undir Alviðru, og þar var ferðin minnkuð, en haldið síðan áfram austur á bóginn. Annars tók hann ekki vandlega eftir stefnunni, enda var hann að vinna á þilfari. Hlerar voru á síðunni, en netið var inni í bátnum. Allt í einu vakti einhver athygli þeirra á, að varðskip væri í nánd. Voru þeim þá gefin fyrirmæli um að taka inn hlerana. Var það gert. Síðan kom varðskipið að þeim. Hann sagði, að þeir hefðu ekki kastað á þessum slóðum, er varðskipið kom til þeirra, og höfðu þeir ekki kastað, eftir að þeir sigldu frá Víkinni. Hann sagði, að trollið hefði verið allt inni á þilfari, en lá úti í síðunni stjórnborðsmegin. Vitnið kvaðst alls ekki vinna eið að framburði sínum og ekki ynni það heldur drengskaparheit.

Guðmundur Vignir Sigurðsson, fyrsti vélstjóri á v/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag. Þeir fiskuðu á Víkinni allan fimmtudaginn og fengu lítið. Um kl. 1000 á föstudag fóru þeir þaðan og héldu austur á bóginn. Er varðskipið kom

að þeim, kvaðst hann hafa verið niðri í vélarrúmi og búinn að vera þar góða stund. Skömmu áður en varðskipið kom, stoppuðu þeir aðeins, en út af hverju vissi hann ekki. Þeir voru með hlera utanborðs á siglingunni austur, en hann hélt, að netið hefði verið fyrir innan, og við nánari íhugun kvað hann, að svo hefði verið. Hlerarnir voru teknir upp, rétt áður en varðskipið kom, og var hann þá viðstaddur. Han fullyrti, að þeir hefðu ekki kastað þarna austur frá í umrætt sinn. Þegar híft var upp síðast, voru þeir einhvers staðar á Víkinni. Hann kvaðst ekki staðfesta framburð sinn með eiði, en þó teldi hann framburðinn réttan.

Helgi Eigilsson, annar vélstjóri á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður eftir hádegi á miðvikudaginn og haldið austur. Þeir toguðu á Víkinni, en afli var tregur. Þaðan fóru þeir á föstudagsmorgni austur á bóginn. Þeir voru með hlera á síðu og trollið á þilfari, og hélt hann, að netið hefði ekki legið úti á síðunni. Þeir héldu áfram, þar til þeir voru stöðvaðir af varðskipi. Einhverjir bátar voru þar nærri, en ekki veitti hann þeim sérstaka athygli. Hann sagði, að þeir hefðu ekki kastað þarna austur frá. Hann vildi ekki vinna eið að framburði sínum.

Ragnar Jóhannesson, matsveinn á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag og togað á Víkinni, en fengið lítið. Þaðan fóru þeir um 10 leytið á föstudagsmorgni og héldu austur. Hann kvaðst hafa verið niðri í lúkar að matreiða fyrir hádegið. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að kastað væri, eftir að þeir sigldu frá Víkinni. En þar sem hann var niðri, kvaðst hann sama og ekkert vita um, hvað gerðist á þilfari fyrir hádegið. Hann kvaðst ekki vita gerla, hvernig gengið var frá veiðarfærum á siglingunni austur. Hann kvaðst ekki vilja vinna eið að framburði sínum.

Hreinn Jónsson, háseti á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag og togað á Víkinni. Þaðan fóru þeir um 10 leytið á föstudagsmorgni og héldu austur á bóginn. Um hádegið hægðu þeir hjá bátum, sem voru ekki langt undan landi. Ekki aðgætti hann, hvað bátar þessir voru að gera. Hlerar voru á síðu á siglingunni austur, en trollið var inni. Þegar hægt var á, var þeim sagt að taka hlerana inn, og var það gert. Ekki vissi hann, hvers vegna þeim var sagt að gera þetta. Síðan kom varðskipið að þeim. Aldrei var kastað, eftir að þeir fóru frá Víkinni. Hann kvaðst ekki vilja vinna eið að framburði sínum.

Sæmundur Árnason, háseti á m/b Eyjabergi, sagði, að þeir hefðu farið í róður á miðvikudag, togað á Víkinni og fiskað illa. Um 10 leytið á föstudagsmorgni fóru þeir þaðan og héldu austur. Fór hann þá í koju og sofnaði. Hann var í koju, er varðskipið kom að þeim. Hann varð þess ekki var, að kastað væri þarna austur frá. Þegar hann fór í koju, voru hlerar á síðu, en trollið á þilfari.

Eins og framanritað ber með sér, kveðast varðskipsmenn hafa séð net á síðu bátsins, er þeir sigldu í áttina til hans. Tveir þeirra, skipherrann og fyrsti stýrimaður, sáu einnig, að verið var að taka netið inn fyrir. Hafa þeir staðfest þennan framburð með eiði. Gagnstæðar staðhæfingar ákærða og framburðir skipverja hans, sem ekki vildu staðfesta framburði sína með eiði, hnekkja þessu ekki, og verða því framburðir varðskipsmanna lagðir til grundvallar. Af því leiðir, að gengið verður út frá, að veiðarfæri hafi verið látin í sjó á umræddum slóðum og í því augnamiði að hefja togveiðar, en þar með var fiskveiðibrot fullframið. Þykir því bera að líta svo á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við öll þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru og unnið til refsingar samkv. þeim.

M/b Eyjaberg, VE 130, strandaði á Faxaskeri 7. marz 1966 og fórst þar með öllum veiðarfærum. Báturinn var að stærð 103.53 rúmlestir brúttó.

Samkv. síðustu opinberum skýrslum um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 1.951.09 seðlakrónum.

Samkv. þessu og með tilvísun til tilvitnaðra lagaákvæða þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 20.000.00 í sekt til Landheglissjóðs Íslands, sem ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli um borð í m/b Eyjabergi, VE 130, er gerður upptækur, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 3.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Gunnarsson, greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli um borð í m/b Eyjabergi, VE 130, er gerður upptækur, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 33/1965. **Ragnar Þórðarson & Co. h/f**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Skattalög. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 5. apríl 1965 og áfrýjað málinu með stefnu 26. s. m. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak til tryggingar sköttum aðaláfrýjanda frá árinu 1960, kr. 68.087.00, ásamt 12% ársvöxtum frá 1. marz 1961 til greiðsludags, eftirstöðvum af sköttum aðaláfrýjanda frá árinu 1961, kr. 25.249.00, ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og kostnaði við lögtak og uppboð, ef til þess

kemur. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjanda.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Aðaláfrýjandi taldi ekki fram til skatts og skilaði engum skattframtölum fyrir skattárin 1959 og 1960, svo sem boðið er í 33. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, er þá giltu. Hins vegar er fram komið, að aðaláfrýjandi lét skattstofu Reykjavíkur í té óundirritaða og óstaðfesta reikninga ásamt nokkrum öðrum plöggum, er tjáðust varða eignir og atvinnurekstur aðaláfrýjanda nefnd skattár, og lögðu skattyfirvöld þau til grundvallar skattálagningu með tilteknum breytingum, sem í úrskurði fógeta greinir og um er deilt í máli þessu. En þessi ófullkomnu reikningsgögn máttu eigi koma í stað lögboðinna heitfestra skattskýrslna, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 46/1954, og átti því samkvæmt 2. mgr. 35. gr. sbr. 46. gr. sömu laga að áætla heildartekjur og heildareign aðaláfrýjanda til skatts, „svo ríflega“ sem mælt er í 2. mgr. nefndrar 35. gr. Var óheimilt að víkja frá ákvæðum laga um þetta efni, og er því þýðingarlaus málflutningsyfirlýsing sú af hendi gagnáfrýjanda, sem getið er í úrskurði fógeta og hér að lýtur. Að svo vöxnu eru ómerkar skattákvarðanir þær, sem um er að tefla, og er skattstjórnvöldum rétt að ákveða af nýju skatta aðaláfrýjanda að lögum fyrir skattárin 1959 og 1960.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður hinn áfrýjaði úrskurður úr gildi felldur, að því er varðar famkvæmd lögtaks.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, að því er framkvæmd lögtaks varðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 13. nóvember 1964.

Gerðarþoli, Ragnar Þórðarson & Co. h/f hér í borg, hefur skv. skattreikningi nr. 31980 (rskj. nr. 2) verið talinn skulda hér skatta fyrir ár 1960 að eftirstöðvum kr. 68.097.00 og skv. skattreikningi nr. 32970 (rskj. 3) fyrir ár 1961 að eftirstöðvum kr. 25.249.00.

Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða skattkröfur þessar, hefur gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, krafizt þess *aðallega,* að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindum kröfum, kr 68.087.00, ásamt 12% dráttarvöxtum p. a. af þeirri fjárhæð frá 1. marz 1961, og kr. 25.249.00, ásamt 12% dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð p. a. frá 1. janúar 1961, en til *vara,* að lögtak verði gert fyrir skattkröfunni fyrir ár 1960 að fjárhæð kr. 12.656.00 að viðbættum skattaeftirstöðvum fyrir ár 1961 eins og í aðalkröfunni að fjárhæð kr. 25.249.00 ásamt 12% dráttarvöxtum p. a. af samtalsupphæðinni, kr. 37.905.00, frá 1. janúar 1962, kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, svo og málskostnaði að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 29) gert nánari grein fyrir framangreindum kröfum. Segir þar um *skattkröfuna fyrir ár 1960,* að gerðarþoli hafi eigi skilað formlegri skattskýrslu fyrir það ár, eins og honum hafi borið skylda til skv. 33. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt. Hins vegar hafi frá gerðarþola borizt:

1. Samlagningarmiði um rekstrarkostnað til mannahalds 1959 að upphæð kr. 904.105.00 (rskj. nr. 4).
2. Miði um það, að hlutafjáreign gerðarþola 31/12 1959 í h/f Gullfossi hafi numið kr. 40.000.00, að hlutafjárarður greiddur á árinu hafi numið kr. 4.000.00 og að arður ársins 1958 komi til útborgunar á árinu 1959 (rskj. nr. 5).
3. Miði um það, að engum arði úr félaginu hafi verið úthlutað á árinu 1958 og að hlutafé sé kr. 1.500.000.00 (rskj. nr. 6).
4. Rekstrar- og efnahagsreikningar gerðarþola pr. 31. des. 1959 ásamt sundurliðun kostnaðarreiknings, skrá viðskiptamanna, hluthafa og skuldabréfalán 8% (rskj. nr. 7).
5. Afrit af bréfi til skattstjórans á Akureyri, dags. 17. maí 1960, ásamt rekstrar- og efnahagsreikningi pr. 30. sept. 1959 fyrir Markaðinn á Akureyri (rskj. nr. 8).

Kveður umboðsmaður gerðarbeiðanda, að samkvæmt þessum gögnum hafi skattstofan áætlað gerðarþola tekjur (sbr. rskj. 9 og nr. 10). Gerðarþoli hafi kært áætlunina til skattstofunnar (rskj. nr. 11) og þar haldið því fram, að taka bæri tillit til tapsins á rekstri Markaðsins, útibús gerðarþola á Akureyri. Úrskurður skattstofunnar hafi orðið á þá leið, að tekjuskattur skyldi óbreyttur (rskj. nr. 12). Gerðarþoli hafi þá kært til yfirskattanefndar (rskj. nr. 13) og þar enn vísað til rekstrarhallans á útibúinu á Akureyri, en yfirskattanefnd hafi úrskurðað, að skattur skyldi óbreyttur (rskj. nr. 14). Loks hafi gerðarþoli kært til ríkisskattanefndar (rskj. nr. 15) og þá enn vísað til rekstrarhallans á Akureyri. Ríkisskattanefnd hafi vísað kærunni frá, þar eð hún hafi komið of seint til nefndarinnar (rskj. nr. 16).

Um skattana fyrir ár 1961 segir umboðsmaður gerðarbeiðanda í fyrrgreindri greinargerð, að gerðarþoli hafi engri skattskýrslu skilað, en hins vegar hafi frá honum borizt:

1. Samlagningarmiði um rekstrarkostnað til mannahalds að upphæð kr. 883.526.00 (rskj. nr. 17).
2. Rekstrar- og efnahagsreikningur gerðarþola 1960 ásamt sundurliðun kostnaðar og skrá yfir hluthafa, skuldabréfalán 8%, framlagsfé v/Híbýladeildar, yfir skuldunauta og yfir lánardrottna (rskj. nr. 18).

Þá hafi skattstofunni borizt:

1. Frá h/f Klúbbnum tilkynning um greiðslu til Markaðsins, Híbýladeildar, kr. 330.110.82, efni, vinna og teikningar v/húsb. (rskj. nr. 19).
2. Frá sama tilkynning um greiðslu til Markaðsins, Híbýladeildar, kr. 84.258.00, ýmis fyrirgreiðsla v/húsb. (rskj. nr. 20).

Eftir þessum gögnum kveður umboðsmaður gerðarbeiðanda, að skattstofan hafi áætlað gerðarþola tekjur (sbr. rskj. nr. 21 og nr. 22). Þá hafi gerðarþola verið send áskorun 14. des. 1961 (rskj. nr. 23), þar sem hann sé beðinn um nákvæma sundurliðun á heildarveltu Híbýladeildar. Svar gerðarþola hafi eigi verið fullnægjandi og því hafi tekjuáætlunin verið hækkuð um kr. 200.000.00 og gerðarþola verið tilkynnt þessi hækkun 30. des. 1961 (rskj. nr. 24). Gerðarþoli hafi kært skatthækkunina til skattstofunnar 15. janúar 1962 (rskj. nr. 25) og vísað til greinargerðar síðar. Skattstjóri hafi úrskurðað, að skattur skyldi

óbreyttur (rskj. nr. 26). Hafi gerðarþoli þó kært til yfirskattanefndar (rskj. nr. 27) og hafi yfirskattanefnd lækkað áætlun skattstjóra um kr. 100.000.00 (rskj. nr. 28). Til ríkisskattanefndar hafi eigi verið kært.

Í sókn sinni og framhaldssókn (rskj. nr. 44 og nr. 46) hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda gert nánari grein fyrir umræddum skattkröfum. Hefur hann þar sem í greinargerðinni rskj. nr. 29 bent á, að gerðarþoli hafi eigi skilað formlegri skattskýrslu fyrir ár 1960, en hins vegar skilað rekstrar- og efnahagsreikningi pr. 31. des. 1959 (rskj. nr. 7 og nr. 31) og eftir þessum reikningum hafi svo skattstofan gert skýrsluna á rskj. nr. 9 og nr. 31 — og byggt á þeim skattákvörðun sína. Eins og skýrslan beri með sér, hafi skuldir verið meiri en eignir og því hafi eigi verið um neinn eignarskatt að ræða. Hins vegar hafi komið fram skattskyldur gróði, kr. 264.550.00, er sundurliðist þannig:

1.	Útsvar skv. rekstrarreikningi á rskj. nr. 7 og nr. 31	kr. 121.800.00
2.	Ófrádráttarbær þinggjöld:	
	a. Tekjuskattur, sbr. rskj. 42.	— 47.179.00
	b. Kirkjugarðsgj. — — —	— 1.522.00
3.	Oftalin félagsgjöld	— 402.00
4.	Oftalið tap á rekstri útibúsins á Akureyri, sbr. rskj. nr. 9 og nr. 31	— 208.549.00
		Samtals kr. 379.452.00
	Frá dregst bókfært tap, sbr. rskj. nr. 7 og nr. 31	— 114.862.00
		Mismunur kr. 264.590.00

eða kr. 264.550.00, eins og tekjur eru jafnaðar við skattlagningu og tekjuskattur af þessari fjárhæð kr. 66.798.00. — Hin framangreindu þrjú ófrádráttarbæru skattgjöld: tekjuskatturinn, útsvarið og kirkjugarðsgjaldið komi inn í skattstofninn skv. viðurkenndum skattlagningar- og bókhaldsreglum og lögum samkvæmt. Gjöld þessi séu tekin eftir framlögðum reikningi gerðarþola, en hækkunin, kr. 402.00, vegna oftalinna félagsgjalda verði þannig til:

Fyrrgreint útsvar	kr.	121.800.00
Fyrrgreindur tekjuskattur	—	47.179.00
Fyrrgreint kirkjugarðsgjald	—	1.522.00
Tekjur	kr.	170.501.00
Frá dregst fyrrgreint bókfært tap á árinu	—	114.862.00
Mismunur	kr.	55.639.00
Þar við bætast hin bókfærðu félagsgjöld	—	3.350.00
Tekjur	kr.	58.989.00

og 5% af því (sbr. c-lið 10. gr. l. nr. 46/1954) kr. 2.949.00, sem dragast frá bókfærðu félagsgjöldunum, kr. 3.350.00, er gerir kr. 401.00 (ekki kr. 402.00).

Um synjunina á frádrætti vegna tapsins á Akureyri hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til rskj. nr. 36, sem sé opinbert skjal, er beri með sér, að hvorki hafi verið talið fram fyrir útibúið á Akureyri fyrir skattárið 1959, rekstrarárið 1958, né skilað rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir það rekstrarár, enda sé vanrækslan augljós í máli þessu, þegar á það sé litið, að nú fyrst, eða með rskj. nr. 40, í réttarhaldi 23. janúar 1964, þ. e. a. s. mörgum árum eftir skattlagninguna, sé lagður fram rekstrarreikningur fyrir útibúið á Akureyri fyrir ár 1958. Hins vegar hafi slíkum gögnum verið skilað til skattstjórans á Akureyri fyrir skattárið 1958, rekstrarárið 1957 (rskj. nr. 37), einnig fyrir skattár 1960, rekstrarár 1959. Þá beri rskj. nr. 8 og nr. 31 það með sér, að framtalsgögnum gerðarþola fyrir skattárið 1960 hafi fylgt rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir útibúið á Akureyri og rekstrartapið hafi verið tilgreint á rekstrarreikningi fyrirtækisins og efnahagsreikningi. Ekkert af þessu hafi hins vegar átt sér stað fyrir skattárið 1959, rekstrarár 1958. Þá beri og rskj. nr. 35, sem sé opinbert skjal, það með sér, að bæði skattárin 1957 og 1956, rekstrarárin 1956 og 1955, hafi rekstrar- og efnahagsreikningar útibúsins á Akureyri fylgt framtalsgögnum gerðarþola fyrir þessi skatt- og rekstrarár og hagnaður útibúsins verið tekinn á framtal aðalfyrirtækisins í Reykjavík og verið skattlagður þar. En ekkert af þessu hafi verið gert skattárið 1959. Það sé því augjóst, að engar upplýsingar hafi legið fyrir um rekstur útibúsins á Akureyri árið 1958. Skattayfirvöldin hafi því eigi getað sannreynt reikningana pr. 30. sept. 1959, rskj. nr. 8,

sem tilgreini tapið, með samanburði á birgðum um áramót né borið saman aðrar færslur milli ára. Synjunin á frádrættinum hafi því verið réttmæt að lögum, sbr. D-lið 87. gr. reglugerðar nr. 147/1955 um tekjuskatt, en þar segir svo: „Skattanefnd ber að rannsaka vandlega framtöl atvinnurekenda og rekstrar- og efnahagsreikninga þeirra ... Ef rekstur framteljandans er margþættur, þurfa að fylgja aðalrekstursreikningi sérrekstursreikningar fyrir hvern þátt rekstursins ... Rekstrarreikningur verzlunar þarf að sýna, auk vörusölu og vörukaupa á árinu, vörubirgðir í ársbyrjun og í árslok, eða vörureikningar, sem sýna þessi atriði, þurfa að fylgja aðalrekstursreikningi ...“ Gerðarþoli geti eigi afsakað sig með því, að honum hafi eigi verið kunnugt um synjunina á frádrættinum vegna tapsins á Akureyri, því að eins og kærurnar á rskj. nr. 11, 13 og 15 út af skattinum 1960 beri með sér, hafi fyrst og fremst og einungis verið kært yfir því, að við skattlagninguna hafi eigi verið tekið tillit til tapsins á Akureyri. Áskorunarskyldan í 35. gr. l. nr. 46/1954 eigi hér ekki við, þar eð alls ekki hafi verið talið fram fyrir útibúið á Akureyri, eins og gert hefði verið áður og síðar, né skilað nokkru framtalsgagni varðandi það umrætt ár, hvorki á Akureyri né í Reykjavík. Hér hafi því eigi verið um neina áskorunarskyldu að ræða, enda hvergi gert ráð fyrir því, að skorað sé á aðilja að telja fram eða skila framtalsskýrslu eftir framtalsfrest.

Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda, enda þótt hann telji, að réttilega hafi verið synjað um tapið á Akureyri sem frádráttarlið, gert eftirfarandi grein fyrir varakröfu sinni varðandi skattinn 1960:

Tekjur, sbr. rskj. nr. 9 og nr. 31	kr.	379.452.00
Tapið á Akureyri dregið frá	—	208.549.00
Mismunur	kr.	170.903.00
Þar frá dregst bókfært tap	—	114.862.00
Skattgjaldstekjur	kr.	56.041.00
Tekjuskattur af því:		
a. 25% skv. d-lið 2. gr. l. nr. 36/1958 um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt ..	—	14.000.00
b. 1% álag skv. tölulið 4a í 3. gr. l. nr. 42/1957 um húsnæðismálastjórn, byggingarsjóð ríkisins o. fl.	—	140.00
	kr.	14.140.00

Við þennan tekjuskatt bætist svo skv. rskj. nr. 2:

a. Kirkjugarðsgjald	—	1.289.00
b. Slysatryggingargjöld	—	14.513.00
Samtals kr.		29.942.00
Greitt upp í þetta 28/3 1962	—	17.286.00
Eftir kr.		12.656.00

sem er varakrafan.

Um skattinn fyrir ár 1961 segir umboðsmaður gerðarbeiðanda í sókn sinni, rskj. nr. 44, að gerðarþoli hafi eigi skilað formlegri skattskýrslu fyrir það skattár, en hins vegar skilað sams konar gögnum og hið fyrra skipti, þ. e. rekstrar- og efnahagsreikningi pr. 31. des. 1960 (rskj. nr. 18 og nr. 32). Eftir þessum reikningum hafi svo skattstofan gert skýrsluna á rskj. nr. 21 og í rskj. nr. 32. Eins og skýrslan beri með sér, hafi skuldir verið meiri en eignir og því eigi verið um eignarskatt að ræða. — Hins vegar hafi komið fram við fyrstu athugun skattstofunnar skattgjaldstekjur, kr. 59.050.00, sem hér segir:

1. Útsvar skv. rekstrarreikningi á rskj. nr. 18		kr.	128.900.00
2. Ófrádráttarbær þinggjöld á sama rskj. ..		—	67.698.00
3. Áætlun vegna óuppgefinna launa í eftirgreindum liðum á kostnaði á rskj. nr. 18:			
a. Viðhald og viðgerðir	kr. 48.195.18		
b. Útstillingar og skreytingar	— 29.874.72		
c. Bréfaskriftir og þýðingar	— 13.875.00	—	20.000.00
Samtals kr.			216.598.00
Frá þessu dregst bókfært tap á rekstrar- og efnahagsreikning, rskj. nr. 18, sbr. og rskj. nr. 21 og nr. 32		—	157.077.00
Mismunur kr.			59.521.00

sem eru skattgjaldstekjur gerðarþola umrætt ár og tekjuskattur af þeim kr. 14.910.00, og er það sú upphæð, sem tilgreind er bæði á rskj. nr. 3 og rskj. nr. 22. — Framangreinda tekjuáætlun

skv. 3. lið hér að ofan telur umboðsmaður gerðarbeiðanda tvímælalausa, þar eð engin grein hafi verið fyrir því gerð, hverjum greidd hafi verið laun eða þóknun fyrir viðhaldið, viðgerðirnar og önnur hin tilgreindu verk eða í hverju viðhaldið og viðgerðirnar hafi verið fólgnar.

Þá kveður umboðsmaður gerðarbeiðanda, að við nánari athugun á framtalsgögnum gerðarþola hafi komið í ljós, að ekki hafi verið gerð grein fyrir veltu svokallaðrar Híbýladeildar í fyrirtæki gerðarþola. Hefðu þó borizt tveir greiðslumiðar frá fyrirtækinu varðandi þessa deild (rskj. nr. 19 og nr. 20), annar að fjárhæð kr. 330.110.82, en hinn að fjárhæð kr. 84.258.00. Hins vegar hafi engar upplýsingar verið í framtalsgögnum gerðarþola um það, hvað og hverjum hafi verið greitt fyrir vinnu, efni, teikningar o. fl. Skattstofan hafi því með bréfi, dags. 14. des. 1961 (rskj. nr. 23), lagt fyrir gerðarþola að skila nákvæmri sundurliðun á heildarveltu Híbýladeildar. Svar gerðarþola (rskj. nr. 38) hafi aðeins tekið til umboðslauna, en hvorki komi þar fram upplýsingar um það, hvað og hverjum hafi verið greitt fyrir vinnu, efni, teikningar o. fl., né upplýsingar um aðra veltu en umboðslaun, jafnvel ekki um brúttó-tekjur í einni ósundurliðaðri upphæð. Svar þetta hafi skattstofan talið algerlega ófullnægjandi og skv. því hafi hún gert gerðarþola skattauka að fjárhæð kr. 50.499.00. Gerðarþoli hafi kært skattauka þennan til skattstofunnar (rskj. nr. 25), en hún eigi tekið kæruna til greina, enda engin greinargerð fylgt kærunni. Gerðarþoli hafi þá kært til yfirskattanefndar (rskj. nr. 27) og hafi nefndin tekið kæruna til greina að því leyti, að hún hafi lækkað tekjuáætlun skattstjóra um kr. 100.000.00 og þannig tekið til greina bæði 75 þúsund króna færsluna varðandi heildverzlun Ragnars Þórðarsonar & Co. h/f og vextina, sem um getur í kærunni (sbr. og greinargerð gerðarþola, rskj. nr. 30 og vitnaleiðslur).

Bæði þessi atriði hafi því verið lagfærð með úrskurði yfirskattanefndar, en með úrskurðinum hafi tekjuskatturinn orðið kr. 40.159.00 og með þeirri fjárhæð sé reiknað í skattkröfunni fyrir ár 1961. — Með tilvísun til framangreindrar málsútlistunar hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda eindregið haldið því fram, að umkrafðir skattar hafi réttilega verið á gerðarþola lagðir og af því beri að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni og vörnum (rskj. nr. 30, 45 og 48) mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarbeiðanda. Að því er varðar skattkröfuna fyrir

ár 1960 hefur hann haldið því fram, að enda þótt gerðarþoli hafi eigi skilað formlegri skattskýrslu fyrir umrætt skattár, en sent efnahags- og rekstrarreikning, þá hafi skattstofan gert framtalið fyrir gerðarþola eftir þeim gögnum skv. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt og þannig hafi þetta jafnan verið framkvæmt og aldrei sætt neinum athugasemdum eða aðfinnslum fyrr, heldur alltaf verið tekið gilt. Skattstofan hafi og aldrei borið fram við gerðarþola þá kröfu, að hann legði fram bækur sínar. Hér sé því ekki því til að dreifa, að skattstofan hafi getað beitt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. framangreindra laga um áætlun tekna, heldur hafi framtalsgögn gerðarþola verið tekin gild og þau verið lögð til grundvallar álagningunni óbreytt sem svo kallað „oftalið tap á rekstri útibúsins á Akureyri", kr. 208.549.00, eða 4. töluliður í sókninni, rskj. nr 44, bls. 2. Hins vegar sé um tölulið 1—3 í sama réttarskjali enginn ágreiningur í máli þessu. Nánari grein fyrir þessum 4. lið í sókninni á rskj. nr. 44 hefur umboðsmaður gerðarþola gert í greinargerð sinni, rskj. nr. 30, og í vörnum sínum, rskj. nr. 45 og nr. 48, á þessa leið:

„Þann 30. sept. 1959 var rekstrartap á útibúi umbjóðanda míns, Markaðnum á Akureyri, orðið kr. 208.549.19. Var þá útibúið lagt niður og tapið fært á aðalskrifstofu umbjóðanda míns hér í borg. Þann 17. maí 1960 ritaði umbjóðandi minn skattstjóranum á Akureyri um þetta, dskj. 8. Framtal umbjóðanda míns í heild er á dskj. 31.

Samkvæmt lögum nr. 46/1954, 10. gr. b-lið, hefur umbjóðandi minn rétt til að draga tap á atvinnurekstri sínum frá skattskyldum tekjum. Ekki virðist skipta máli, þótt kæra til ríkisskattanefndar hafi borizt of seint, sbr. dskj. 16, en um framtal er það að segja, að umbjóðandi minn heldur því fram, að hann hafi fengið frest ..." (Rskj. nr. 30).

„Um 4. lið heldur háttvirtur sækjandi því enn fram, að hvorki hafi verið talið fram fyrir útibúið á Akureyrri fyrir skattárið 1959, rekstrarár 1958, né skilað rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir það rekstrarár.

Umbjóðandi minn heldur því fram, að þetta geti ekki verið rétt. Aldrei er tekin kvittun fyrir afhendingu framtala eða framtalsgagna... Aldrei var umbjóðandi minn látinn vita, hvorki bréflega né í viðtölum við starfsmenn skattstofunnar, að þetta framtalsgagn vantaði, og ekki er neinn úrskurður skattstofunnar á því byggður. Ekki minntist háttvirtur sækj-

andi á það í rekstri þessa máls, að þetta framtalsgagn vantaði, fyrr en utan réttar á dómþinginu, þegar forstjóri umbjóðanda míns, Ragnar Þórðarson, gaf aðiljaskýrslu í dec. 1963. Brá hann þá þegar við og afhenti mér dskj. nr. 40, er lagt var fram 23. jan. 1964. Umbjóðandi minn hefur því að fullu fullnægt upplýsingaskyldu sinni, og er því fráleitt og heimildarlaust að refsa honum fyrir vanrækslu að þessu leyti, enda ekki heldur hér um áætlun að ræða, heldur það, að tapliður er felldur niður án ástæðu og án heimildar ...

Háttvirtur sækjandi segir, að skattayfirvöld hafi ekki getað sannreynt reikningana pr. 30. sept. 1959, dskj. 8, *„sem tilgreini tapið“*, með samanburði á birgðum um áramót né borið saman aðrar færslur milli ára. En hverjum er það að kenna?

Í fyrsta lagi staðhæfir umbjóðandi minn, að rekstrarreikningur útibúsins á Akureyri hafi fylgt öðrum framtalsgögnum.

En í annan stað, ef svo var ekki, hvers vegna lét skattstofan umbjóðanda minn ekkert af því vita, að þetta framtalsgagn vantaði? Samkvæmt reglugerð nr. 147/1955, 87. gr. D-lið, sem tilfærður er af háttvirtum sækjanda, *bar skattanefnd að rannsaka vandlega framtal umbjóðanda míns og rekstrar- og efnahagsreikning hans.* Því fremur þá, ef þetta framtalsgagn vantaði með öllu“. (Rskj. nr. 45).

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola látið þess getið, að gerðarþola hafi að vísu verið kunnugt um synjunina á frádrætti vegna tapsins á Akureyri, en hins vegar hafi hann aldrei fengið að vita, að ástæðan til þessarar synjunar væri sú, að umrætt framtalsgagn vantaði, en skattstofunni hefði borið skylda til að benda gerðarþola á það. Enn fremur hafi umboðsmaður gerðarbeiðanda fyrir fógetaréttinum, bæði munnlega og skriflega, lýst yfir því, sbr. rskj. nr. 39, að hann ætlaði ekki að byggja kröfur gerðarbeiðanda á því, að gerðarþoli hafi ekki skilað framtölum fyrir árin 1960 og 1961 og að þau hafi ekki komið í tæka tíð. Við þessa yfirlýsingu sé gerðarbeiðandi bundinn, sbr. lög nr. 61/1942, 4. gr., 2. mgr. 12. málsl., og lög nr. 85/1936, 123. gr., 1. mgr. En óheimilt sé að undanþiggja þessari málflutningsyfirlýsingu part af gögnum gerðarþola, þ. e. a. s. tapið á útibúinu á Akureyri.

Um skattkröfuna frá 1961, reikningsárið 1960, hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að skattstofan hafi talið fram fyrir gerðarþola skv. 1. nr. 46/1954, 33. gr., 3. mgr. Hefur hann og tekið fram, að ágreiningur sé enginn í máli þessu um

töluliðina 1, 2 og 3 í sundurliðuninni í sókn umboðsmanns gerðarbeiðanda, rskj. nr. 44. Hins vegar sé ágreiningsefnið hin upprunalega tekjuhækkun skattayfirvaldanna, kr. 200.000.00, og þá fyrst og fremst kr. 100.000.00 tvísköttun og í annan stað kr. 100.000.00 áætlun út af meintu undanskoti verktakalauna, sbr. rskj. nr. 19 og nr. 38, 3. liður. Tvísköttunin af kr. 100.000.00 hafi verið niður felld. Ágreiningurinn sé því um kr. 100.000.00, ætluð vantalin verktakalaun. Hefur umboðsmaður gerðarþola í þessu efni vísað til bréfs gerðarþola til yfirskattanefndar, dags. 6. febrúar 1962, rskj. nr. 27, 2. tölul. Tilgangur Híbýladeildar, fyrirtækis gerðarþola, hafi upphaflega verið sá að útvega ýmsum aðiljum verktaka. Framkvæmdin hafi orðið sú, að aðeins einu fyrirtæki, Klúbbnum h/f, hafi verið útvegaðir verktakar, sbr. rskj. nr. 19, og að laun þeirra hafi numið kr. 330.110.82. Hitt sé misskilningur í færslu hjá þessu fyrirtæki, að þessi verktakalaun, kr. 330.110.82, hafi verið greidd til gerðarþola. Þau hafi aldrei verið honum greidd. Verktakarnir hafi sent reikninga sína beint til Klúbbsins h/f og fengið þá greidda þar. Þessi tala, kr. 330.110.82, komi því bókhaldi gerðarþola ekkert við og sú fjárhæð hafi aldrei gengið gegnum sjóð gerðarþola. Hins vegar hafi gerðarþoli fengið umboðslaun sín, 10% af fjárhæðinni, eða kr. 33.059.90, fyrir að útvega þessa menn og þau hafi verktakarnir sjálfir greitt, sbr. rskj. nr. 38. Telur umboðsmaður gerðarþola, að hann (gþ.) hafi þannig gefið fullnægjandi svar á rskj. nr. 38 við áskoruninni á rskj. nr. 23, sbr. rskj. nr. 18 og nr. 38, en á báðum stöðum sé talan kr. 277.462.48 og sundurliðuð á rskj. nr. 38. Skattaukinn hafi því eigi við rök að styðjast.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt framangreindum varnarástæðum umboðsmanns gerðarþola og lagt áherzlu á, að skattstofan hafi eigi gert framtöl fyrir gerðarþola skv. 3. mgr. 33. gr. skattalaganna frá 1954, enda hafi eigi legið fyrir nein beiðni frá gerðarþola í þá átt. Skattstofan hafi aðeins gert óundirritað álagningaryfirlit um skattskylda og skattfrjálsa liði á framlögðum rekstrar- og efnahagsreikningi gerðarþola. Álagningaryfirlit þetta hafi sækjandi lagt fram í málinu til skýringar sem rskj. nr. 9 og það hafi verjandi einnig gert á rskj. nr. 31.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Sem að framan greinir, er í máli þessu aðeins ágreiningur um þessi tvö atriði: Hvort skattayfirvöldunum hafi verið heimilt að hækka skatta gerðarþola fyrir ár 1960 með því að taka eigi tillit til taps á rekstri útibús hans á Akureyri rekstrarárið 1959

— og hvort skattayfirvöldunum hafi verið heimilt að hækka skatta gerðarþola fyrir ár 1961, rekstrarár 1960, skv. 35. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt vegna ófullnægjandi upplýsinga gerðarþola.

Eins og rskj. nr. 7 og nr. 8 bera með sér, er á þeim skjölum tilfært tap gerðarþola á útibúi hans á Akureyri rekstrarárið 1959 að fjárhæð kr. 208.589.19. Er fjárhæð þessi færð á rekstrarreikning gerðarþola (rskj. nr. 7) undir skuldir og á rekstrarreikning Markaðsins á Akureyri (rskj. nr. 8) undir tekjur („Reksturstap fært aðalskrifst."), sbr. bréf til skattstjórans á Akureyri, dags. 17. maí 1960, er fylgir rskj. nr. 8 — Af þessu er að áliti réttarins ljóst, að skattayfirvöldunum var kunnugt um þennan taplið á rekstri Markaðsins, sem færður hafði verið á aðalfyrirtæki gerðarþola hér í borg, er þau ákvörðuðu skatt gerðarþola fyrir ár 1960. Og þar eð skattayfirvöldin lögðu að öðru leyti rekstrar- og efnahagsreikning gerðarþola fyrir rekstrarárið 1959 til grundvallar álagningunni, þá lítur rétturinn svo á, að þar eð skattayfirvöldin töldu skorta greinargerð frá gerðarþola fyrir þessum taplið, þá hafi þeim borið skv. 35. gr. l. nr. 46/1954 að skora á gerðarþola að gefa nánari skýringu á þessum lið, áður en þau ákvörðuðu skatt gerðarþola, enda segir svo í framangreindri lagagrein: "... Nú er framtalsskýrsla, eða einstakir liðir hennar, ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eða nefndin telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hún þá skora á framteljanda að láta í té skýringar þær og sannanir, er hún telur vanta, innan ákveðins tíma..." Þessa ákvæðis hafa skattayfirvöldin eigi gætt við ákvörðun hins umkrafða skatts fyrir ár 1960. Verður rétturinn því að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarþola, að eigi hafi verið heimilt að fella niður til frádráttar umrætt tap á rekstri Markaðsins á Akureyri, kr. 208.589.19. Breytir engu í þessu efni að áliti réttarins, að gerðarþoli hafði eigi skilað formlega framtali, heldur aðeins rekstrar- og efnahagsreikningi, enda hefur það komið fram í málinu og því eigi verið mótmælt, að sá háttur hafi jafnan verið hafður á áður varðandi gerðarþola og að skattstofan hafi tekið slík framtalsgögn gild. Þykir því verða að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, að því er varðar aðalkröfu gerðarbeiðanda um skattinn fyrir ár 1960, kr. 68.087.00, en leyfa framgang gerðarinnar fyrir varakröfunni, kr. 12.656.00, á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Að því er varðar skattkröfuna fyrir ár 1961, rekstrarár 1960,

þá er það ljóst af gögnum málsins, að skattayfirvöldin skoruðu á gerðarþola með bréfi, dags. 14. 12. 1961 (rskj. nr. 23), að senda nákvæma sundurliðun á heildarveltu vegna Híbýladeildar gerðarþola, er skipti máli um ákvörðun skattsins fyrir ár 1961. Gerðarþoli svaraði þessari áskorun með því að senda aðeins sundurliðun umboðslauna (rskj. nr. 38). Skattayfirvöldin töldu þessar upplýsingar ófullnægjandi, og var því tekjuáætlun skattstjóra hækkuð um kr. 200.000.00, er yfirskattanefnd lækkaði við kæru í kr. 100.000.00. Með framangreindri áskorun til gerðarþola fullnægðu skattayfirvöldin að áliti réttarins áskorunarskyldunni í 35. gr. l. nr. 46/1954 og voru því innan löglegra marka, er þau áætluðu framangreinda tekjuhækkun og ákvörðuðu hina umkröfðu skattfjárhæð skv. því. — Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, að því er varðar skattkröfuna fyrir ár 1961 að fjárhæð kr. 25.249.00 á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður sé látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir umkröfðum gjöldum fyrir ár 1960 að fjárhæð kr. 12.656.00 og fyrir umkröfðum gjöldum fyrir ár 1961 að fjárhæð kr. 25.249.00 ásamt 12% dráttarvöxtum af samtalsupphæðinni, kr. 37.905.00, frá 1. janúar 1962 til greiðsludags, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 100/1965. **Ragnar Þórðarson f. h. Glaumbæjar**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Sigurði Sigurjónssyni
(Gunnar Jónsson hdl.)
og til réttargæzlu Sigurbirni Eiríkssyni
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Ábyrgð á skrásettu firma.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1965 og krefst þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjanda og úr hendi stefnda.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð borgarfógeta Reykjavíkur, dags. 24. apríl 1964, svohljóðandi: „Ragnar Þórðarson, Öldugötu 2 hér í borg, rekur veitingastarfsemi í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Glaumbær". Tilk. 20/9 1961, skráð 25/9 s. á. Prókúruhafi skráður Guðjón Einarsson, Bogahlíð 16, Reykjavík hinn 26/10 1961. Þetta vottast hérmeð skv. firmaskrá Reykjavíkur."

Áfrýjandi rak upphaflega veitingahúsið Glaumbæ. Samkvæmt tilboðum og gagntilboðum milli hans og réttargæzlustefnda í maí 1963 tók réttargæzlustefndi við rekstri veitingahússins og vörzlum innanstokksmuna þar. Brátt risu úfar með áfrýjanda og réttargæzlustefnda. Telur áfrýjandi, að réttargæzlustefndi hafi eigi efnt samning þeirra gagnvart sér. Hafi hann þess vegna eigi gefið út afsal til réttargæzlustefnda né skráningu í firmaskrá verið breytt. Hefur

áfrýjandi höfðað mál í riftunarskyni á hendur réttargæzlustefnda hinn 10. marz 1965.

Stefndi í máli þessu skýrir svo frá, að hann hafi unnið sem þjónn í Glaumbæ frá því í júní 1963 samfleytt til í júlí 1964 og síðan öðru hverju á árinu 1964. Hann kveðst hafa litið svo á, að réttargæzlustefndi „væri eigandi Glaumbæjar", þá er hann réðst þangað, en „níu mánuðum seinna hafi hann komizt að því, að Ragnar Þórðarson væri skrásettur eigandi Glaumbæjar og leigutaki hússins af Framsóknarflokknum, en Ragnar hafi síðan leigt Sigurbirni Glaumbæ."

Starfsemi sú, sem rekin var í Glaumbæ, er að vísu eigi ein þeirra, sem tilkynna skal til firmaskrár samkvæmt lögum nr. 42/1903 um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, sbr. 8., 16. og 35. gr. laganna, en þar sem áfrýjandi hefur fengið því áorkað, að hann var skrásettur sem fullábyrgur eigandi veitingahússins „Glaumbæjar" og lét þá skrásetningu haldast, þótt réttargæzlustefndi tæki við rekstrinum, þá verður áfrýjandi að bera ábyrgð á kröfum stefnda á hendur „Glaumbæ", enda eru kröfur þessar eigi vefengdar sem réttar út af fyrir sig, og stefndi hefur eigi misst þann rétt, sem yfirlýsing áfrýjanda til firmaskrárinnar veitti honum sem kaupunaut „Glaumbæjar", þótt hann teldi sig upphaflega semja við réttargæzlustefnda. Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Eigi eru efni til að taka kröfu réttargæzlustefnda um málskostnað til greina.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ragnar Þórðarson f. h. Glaumbæjar, greiði stefnda, Sigurði Sigurjónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Málskostnaður fellur niður, að því er varðar réttargæzlustefnda, Sigurbjörn Eiríksson.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 13. maí 1965 og dómtekið sama dag, er höfðað af Sigurði Sigurjónssyni, Sogavegi 176, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. maí 1965, gegn Ragnari Þórðarsyni, Öldugötu 2, Reykjavík, f. h. Glaumbæjar, Fríkirkjuvegi 7, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 15.213.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir taxta L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi til komna þannig:

1. Á gamlárskvöld 1963 var haldinn dansleikur í Glaumbæ. Í inngangseyrinum var innifalin brauðsneið, sem kallaðist „Gaumbæjarbrauð". Umsamið var, að þjónar í húsinu fengju greitt af húsinu kr. 10.66 fyrir hverja afhenta brauðsneið. Stefnandi, sem var þjónn á nefndu tímabili, afhenti 63 brauðsneiðar. Skuld stefnda við stefnanda samkvæmt þessum lið nam því kr. 671.58.

2. Um kvöldið 24. marz 1963, er veitingahúsinu var lokað, varð að samkomulagi milli stefnanda og forstöðumannsins, Sigurbjörns Eiríkssonar, að þeir gerðu ekki upp vörusöluna eftir bókum, heldur greiddi stefnandi inn kr. 1.500.00 og síðan yrði þetta gert upp til fullnustu. Stefnandi glataði um tíma kvittuninni fyrir upphæð þessari og hlaut því að greiða að fullu vöruúttektina þetta kvöld eftir bókum án frádráttar.

Skuld samkvæmt þessum lið nemur því kr. 1.500.00.

3. Næsta dag, 25. marz 1964, tók nefndur forstöðumaður við af stefnanda í peningum og ávísunum kr. 2.840.00, og skyldu skiptin gerast upp að fullu síðar. Stefnandi glataði kvittuninni fyrir fjárhæð þessari og fékk af þeim sökum ekki greiðslu á nefndri fjárhæð, er uppgjör fór fram.

4. Þann 26. júní 1964 gerði stefnandi upp við húsið keyptar vörur, en ofgreiddi kr. 627.50. Fékk stefnandi kvittun fyrir nefndri upphæð.

5. Þann 18. september s. á. hætti stefnandi störfum hjá Glaumbæ og skilaði við það tækifæri til baka vínföngum, sem hann hafði áður greitt. Nemur skuld stefnda við stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 1.176.25.

6. Stefnandi vann hjá Glaumbæ á árinu 1963 fyrir kr. 36.000.00

og á árinu 1964 fyrir samtals kr. 84.000.00, eða fyrir samtals kr. 120.000.00, en hafi hins vegar ekki fengið greitt orlof á þá upphæð. Stefnanda beri 7% orlof af kr. 120.000.00 og nemi því skuldin samkvæmt þessum lið 8.400.00.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. l. nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Orlof samkvæmt 6. lið hér að ofan ákveðst þó 6%, sbr. 3. gr. l. 8/1957 um breytingu á lögum nr. 16/1943, enda hefur stefnandi ekki lagt fram sannanir um það, að honum beri hærra orlof, en stefnandi hætti störfum 18. september 1964, svo sem í stefnu greinir.

Orlofskrafa stefnanda verður því tekin til greina með kr. 7.200.00.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.700.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Þórðarson f. h. Glaumbæjar, greiði stefnanda, Sigurði Sigurjónssyni, kr. 14.015.33 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og kr. 2.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 108/1965. **Bæjarstjóri Sauðárkrókskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Þorvaldur Ari Arason hrl.) gegn **Jóni Baldurssyni** (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1965. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt

að greiða kr. 5.900.00 með 10% ársvöxtum frá 15. nóvember 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og rakið er í héraðsdómi, gaf Hagstofa Íslands vottorð um, að samkvæmt gögnum Þjóðskrárinnar hafi stefndi flutzt til Sauðárkróks hinn 21. desember 1959 og þaðan til Reykjavíkur hinn 17. ágúst 1960. Vottorð þetta er dagsett 13. ágúst 1964. Eftir uppsögu héraðsdóms var Hagstofan, að tilhlutun áfrýjanda, beðin að gera nánari grein fyrir þessu, þar sem bráðabirgðaíbúaskráin, sem Hagstofan samdi í desember 1960, telur stefnda til heimilis á Sauðárkróki. Svarbréf Hagstofunnar er dagsett 4. júní 1965. Þar segir m. a. svo:

„1. Aðseturstilkynning um flutning Jóns Baldurssonar, f. 27/11 1941, frá Sauðárkróki til Reykjavíkur var gefin út í Reykjavík og dagsett 15/2 1961, og hún barst Hagstofunni frá Manntalsskrifstofu Reykjavíkur hinn 1/4 1961. Flutningstími samkvæmt tilkynningunni var talinn vera 17/8 1960.

2. Tilkynningin um flutning Jóns Baldurssonar frá Sauðárkróki til Reykjavíkur kom fyrst fram á íbúaskrá 1/12 1961. Tilkynningin um lögheimilisflutning hlutaðeiganda 17/8 1960 hefði þurft að berast Hagstofunni fyrir 11. desember 1960 til þess, að hún yrði tekin til greina við gerð íbúaskráa 1/12 1960, — eins og fyrr greinir var hún ekki gefin út fyrr en 15/2 1961 og kom ekki í hendur Hagstofunnar fyrr en 1/3 1961."

Tilkynning stefnda um lögheimilisflutning barst samkvæmt þessu Manntalsskrifstofu Reykjavíkurborgar og þjóðskránni, áður en útsvarsálagning fór fram fyrir skattárið 1960. Samkvæmt gögnum málsins starfaði stefnandi hjá fyrirtækinu Kr. Kristjánssyni h/f í Reykjavík frá 24. júlí til ársloka 1960. Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti..

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Sauðárkrókskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Jóni Baldurssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur bæjarsjóður Sauðárkróks höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 6. ágúst 1964, á hendur Jóni Baldurssyni, nú til heimilis að Selvogsgrunni 26 í Reykjavík, til greiðslu á útsvari að fjárhæð kr. 5.900.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 15. nóvember 1961 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómarans, en *til vara*, að vextir af fjárhæðinni verði einungis dæmdir frá 28. júlí 1964 og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Hin umstefnda fjárkrafa er útsvar, sem stefnandi lagði á stefnda til að greiða árið 1961 af tekjum ársins 1960, en stefnandi kveður innheimtutilraunir sínar hafa verið árangurslausar.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að útsvarsskylda stefnda sé ótvíræð. Samkvæmt manntalsupplýsingum hafi hann verið búsettur á Sauðárkróki um áramótin 1960/1961. Hann hafi að vísu ekki sent inn skattframtal, en tekjur hans árið 1960 hafi verið áætlaðar, enda hafi hann mestan hluta þeirra aflað á Sauðárkróki. Stefndi hafi ekki mótmælt hinu álagða útsvari með kærum né heldur mótmælt útsvarsskyldu sinni.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að er umrædd útsvarsálagning fór fram, hafi hann átt lögheimili hér í Reykjavík. Hann hafi flutzt frá Sauðárkróki til Reykjavíkur 17. ágúst 1960 og hafi hann tilkynnt hlutaðeigandi yfirvöldum um þann flutning sinn. Hann hafi því ekki verið heimilisfastur á Sauðárkróki hinn 1. desember 1960, svo sem segir í greinargerð stefn-

anda. Umrædd útsvarsálagning hafi því verið ólögmæt skv. ákvæðum þágildandi útsvarslaga nr. 66/1945, 8. gr.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að krafa sú, er hér um ræðir, hafi fyrst verið höfð uppi gagnvart honum með útgáfu stefnu máls þessa.

Í vottorði Hagstofu Íslands, dags. 13. ágúst 1964, segir, að samkvæmt gögnum þjóðskrárinnar hafi stefndi flutzt til Sauðárkróks 21. desember 1959 og verið þar til 17. ágúst 1960, að hann flytur þaðan til Reykjavíkur. Þá liggur og fyrir í málinu, að stefnandi starfaði hjá Kr. Kristjánssyni h/f hér í Reykjavík á tímabilinu 24. júlí til 31. desember 1960.

Að þessu athuguðu þykir í ljós leitt, að stefndi hafi ekki átt heimilisfang á Sauðárkróki á þeim tíma, er hér skiptir máli, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskosstnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Baldursson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarsjóðs Sauðárkróks, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 8/1965. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn
Eigendum m/b Baldurs, SH 106,
og til réttargæzlu Brunabótafélagi Íslands
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál. Framkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1965. Krefst hann þess, að stefndu, eigendur m/b Baldurs, SH 106, verði dæmt að greiða kr.

48.000.00 með 7% ársvöxtum frá 27. febrúar 1963 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá 1. janúar til 31. desember 1965 og með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hendi réttargæzlustefnda, Brunabótafélags Íslands, hafa engar kröfur verið gerðar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefndu, eigendum m/b Baldurs, SH 106, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 11. maí 1963, gegn Lárusi Guðmundssyni útgerðarstjóra, Stykkishólmi, fyrir hönd eigenda m/b Baldurs, SH 106, til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 48.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 27. febrúar 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Brunabótafélagi Íslands hefur verið stefnt til réttargæzlu. Engar sjálfstæðar kröfur hafa verið gerðar á hendur því félagi, og það hefur engar kröfur gert í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að hinn 18. nóvember 1959 var Erlingur Kristjánsson verkamaður að vinna um borð í m/b Baldri í Reykjavíkurhöfn ásamt fleiri mönnum. Var Erlingur í lest að taka á móti vörum og búlka þær. Var að mestu búið að fylla lestina að framan og aftan, en nokkurt rými þó aftur í. Spilmaður var Vilmar Þorsteinsson, en lúgumaður Hannes Pálsson.

Kapalrúlla var með bómu skipsins sett niður í lestina. Var stroffa gegnum gat á henni miðri og spýta eða járn í auga stroffunnar, þannig að rúllan kom niður í lestina á endann. Þannig var ekki hægt að koma henni fyrir, svo að lestarmennirnir settu kaðalstroffu utan um hana, svo að hægt væri að velta henni. Rúllunni var svo lyft á kaðalstroffunni, svo að hægt væri að snúa henni og láta í pláss fyrir aftan. Stroffan, sem fyrir var, var fjarlægð áður. Erlingur stóð bakborðsmegin í lestinni, en rúllan var í miðri lestinni. Er rúllunni var lyft, slengdist hún út í síðuna og á Erling, sem tók á móti henni með höndunum, og meiddist hann við það á litla fingri vinstri handar. Var hann lengi frá vinnu vegna slyssins, og er varanleg örorka hans metin 3%. Engin rannsókn var framkvæmd út af slysinu fyrr en allöngu síðar. Erlingur gerði kröfu um bætur á hendur stefnanda, og eftir samkomulag um þær greiddi stefnandi honum kr. 48.000.00 sem fullnaðar- og lokagreiðslu vegna slyssins.

Stefnandi annast afgreiðslu m/b Baldurs hér í Reykjavík. Tekur á móti vörum, sem með skipinu eiga að fara, og tekur við vörum úr því og afgreiðir þær úr pakkhúsi sínu til viðtakanda. Einnig sér stefnandi um útvegun á mönnum til að vinna við út- og uppskipun og hefur á hendi verkstjórn við það. Stefnandi greiðir kaup til verkamanna, sem þessi störf framkvæma. Stefnda er hins vegar fært til gjalda á sérstökum viðskiptamannareikningi kaup starfsmanna, og greiðir stefndi það við árlegt uppgjör. Þóknun stefnanda fyrir þessi afgreiðslustörf greiðir stefndi árlega við uppgjör með hundraðshluta greiðslu miðað við flutning.

Í rannsókn út af slysinu, sem fram fór 26. júlí 1960, voru teknar skýrslur af stefnanda, lúgumanninum Hannesi og spilmanninum Vilmari. Stefnandi gat enga grein gert sér fyrir því, af hvaða ástæðum rúllan slengdist út í síðu bátsins. Lúgumaðurinn kvaðst hafa gefið spilmanninum merki og um leið kallað til mannanna í lestinni að vera viðbúna. Þegar rúllunni var lyft, þá hafi báturinn hreyfzt til. Hann kvaðst ekki sjá, að þetta hafi verið neinum sérstökum að kenna, þetta sé eitt af því ófyrirsjáanlega og engri ógætni um að kenna. Spilmaðurinn Vilmar kvaðst ekki hafa séð niður í lestina vegna staðsetningar spilsins. Hann kvað gerta hafa verið í bómunni, annar hafi verið fastur í útsíðu bátsins, en uppi á bryggjunni hafi maður verið við hinn gertann. Er rúllan hafi verið sett í fyrra skiptið, hefur maðurinn sleppt gertanum og haldið, að allt væri í lagi. Þetta hafi þeir Hannes ekki athugað og þegar rúllunni var lyft í síðara skiptið,

hafi bóman verið laus og rúllan því slegizt út í síðuna, þar sem slagsíða hafi verið á bátnum. Hann kvað Hannes, strax og hann hafi séð, að gertinn var laus, hafa rokið upp og skammað manninn við gertann fyrir að hafa ekki haldið í hann.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysi þessu. Stefnandi útvegar menn þá, sem að upp- og útskipuninni starfa, á kostnað og ábyrgð stefnda, enda er og slysatryggingargjald vegna þessara manna greitt af stefnda við ársuppgjörið. 121. gr. og 141. gr. siglingalaga nr. 56/1914 kveði svo á, að farmflytjandi annist og kosti búlkun og affermingu góss. Bendir stefnandi á það, að hann taki enga þóknun sérstaklega vegna vinnu manna þessara, heldur sé stefndi skuldfærður fyrir launum þeirra án sérstakrar álagningar á þau. Hér umræddir menn séu því starfsmenn stefnda. Af skýrslum þeim um slysið, sem fyrir liggja, verður eigi séð, að um vítaverða vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu starfsmannanna né heldur að þeim eða öðrum verði á nokkurn hátt um slysið kennt.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að slysið hafi orðið fyrir mistök þeirra manna, sem að verkinu unnu. Stefnandi rekur skipaafgreiðslu hér í Reykjavík. Í þjónustu hans eru því menn, sem hann ræður til þeirra starfa. Í tilviki því, sem hér um ræðir, hefur stefnandi tekið að sér afgreiðslu fyrir stefnda. Hann ræður menn til þeirra starfa, hefur verkstjórn á hendi og greiðir þeim laun. Stefndi kemur þar hvergi nærri. Menn þessir séu því að öllu leyti á ábyrgð stefnanda. Eftir hér umrætt slys tilkynnti stefnandi hvorki stefnda né rannsóknarlögreglu um slysið eða hlutaðist til á annan hátt um það, að rannsókn færi fram. Af rannsókn þeirri, sem síðar fór fram, verði eigi annað séð en að slysið hafi orðið fyrir mistök af hálfu starfsmanna stefnanda. Maður sá, er stjórnaði gertanum, hafi ekki verið á sínum stað og fyrir þau mistök megi rekja orsök slyssins. Hvergi komi fram, að orsök slyssins eigi rætur að rekja til bilunar í tækjum bátsins.

Af rannsókn þeirri, sem fyrir liggur og hér að framan er rakin, verður eigi fullkomlega ráðið, hver orsök var að slysinu. Verður það þó helzt ráðið, að slysið eigi rætur að rekja til mistaka af hálfu strfsmanna eða þá fyrir óhappatilvik. Ekkert bendir til þess, að bilun í tækjum bátsins hafi þar átt þátt. Eins og fyrr segir, annast stefnandi afgreiðslu bátsins og hefur á hendi starfsmannahald og verkstjórn án nokkurra afskipta stefnda. Þegar það er virt, hvernig viðskiptum aðilja er háttað, og eigi

hefur verið í ljós leitt af hálfu stefnanda, að stefndi hafi tekið á sig ábyrgð á skaðaverkum starfsmannanna, þykir stefnandi eigi eiga rétt til endurgreiðslu úr hendi stefnda á fébótum þeim, sem málið tekur til. Verður og eigi séð, að lög eða lagareglur veiti stefnanda rétt til endurgreiðslu þeirrar. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, eigendur m/b Baldurs, SH 106, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Skipaútgerðar ríkisins, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1966.

Nr. 22/1966. **Glettingur h/f** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum
f. h. bæjarsjóðs (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Skattar. Aðstöðugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Ófeigur Eiríksson, bæjarfógeti í Neskaupstað, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1966 og haft uppi þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi er heimilisfastur í Neskaupstað og gerði þaðan út v/s Dalaröst, NK 25. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, var afli bátsins lagður á land í Vestmannaeyjum á vetrarvertíðinni 1964 og seldur þar fiskkaupanda einum. Fiskkaupandinn lagði áfrýjanda til verbúð án sérstaks endurgjalds. Í verbúðinni var lína beitt, meðan báturinn var á línuveiðum, og þar voru veiðarfæri geymd, er báturinn var á netjaveiðum.

Krafa stefnda um aðstöðugjald úr hendi áfrýjanda er á því byggð, að áfrýjandi hafi haft heimilisfasta atvinnustofnun í Vestmannaeyjum á fyrrgreindum tíma samkvæmt 12. gr. laga nr. 69/1962, sbr. nú 12. gr. laga nr. 51/1964.

Rekstraraðstaða sú, sem áfrýjandi hafði í Vestmannaeyjum og að framan hefur verið lýst, var eigi slík, að áfrýjandi verði talinn hafa haft þar heimilisfasta atvinnustofnun í merkingu 12. gr. laga nr. 69/1962, og er honum því eigi skylt að greiða aðstöðugjald til stefnda. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksgerðarinnar.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, er þykir hæfilegur samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Stefndi, bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Glettingi h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Neskaupstaðar 21. janúar 1966.

Með bréfi, dags. 15. ágúst 1965, hefur bæjarsjóður Vestmannaeyja krafizt lögtaks í eignum h/f Glettings, Neskaupstað, til tryggingar aðstöðugjaldi á lögðu 1964 að upphæð kr. 8.000.00, dráttarvöxtum og kostnaði öllum við lögtakið, þar á meðal málskostnaði.

Lögtaksúrskurður fyrir gjaldi þessu er talinn kveðinn upp 27. ágúst 1964 og birtur á löglegan hátt.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt aðstöðugjaldi þessu og gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Málavextir eru þessir:

Á vetrarvertíð 1963 var v/s Dalaröst, NK 25, eign gerðarþola, gerð út frá Vestmannaeyjum fyrri hluta vertíðar að veiðum með línu, en síðari hluta vertíðar með netjum. Allur afli bátsins var lagður upp hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, Vestmannaeyjum. Á þessari vertíð hafði gerðarþoli afnot af húsnæði hjá fiskkaupandanum í svonefndu Suðurhúsi, sem liggur milli Víðisvegar og Strandvegar í Vestmannaeyjum. Þar var lína bátsins beitt, meðan báturinn var á línuveiðum, auk þess sem húsnæðið var notað sem geymsla fyrir veiðarfæri og áhöld. Menn þeir, er beittu línu bátsins, en þeir voru starfsmenn gerðarþola, höfðu íbúðarhúsnæði í Vestmannaeyjum. Samkvæmt gögnum málsins greiddi gerðarþoli enga leigu fyrir afnot fasteigna þessara.

Hinn 24. apríl 1964 tilkynnti skattstjórinn í Vestmannaeyjum gerðarþola, að fyrirhugað væri að leggja aðstöðugjald á rekstur v/s Dalarastar, NK 25, í Vestmannaeyjum á árinu 1963 og krafði gerðarþola um rekstrarkostnað útgerðarinnar á vetrarvertíðinni á árinu 1963. Gerðarþoli neitaði að láta þessar upplýsingar í té. Skattstjórinn mun og hafa snúið sér til skattstjórans á Austurlandi um þessar upplýsingar, en ekki fengið þær, enda hefur gerðarþoli upplýst, að rekstrarkostnaður á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum hafi ekki verið sérgreindur á framtali hans til skattstjórans á Austurlandi. Áætlaði skattstjórinn rekstrarkostnaðinn kr. 1.600.000.00 og aðstöðugjaldið kr. 8.000.00 (5‰). Ekki hefur komið fram, hvort áætlun þessi er nálægt lagi eða ekki og umboðsmaður gerðarþola lýst yfir, að hann muni ekki leggja fram nein framtöl.

Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarþola tekið fram, að hann hafi ekki og telji sér ekki skylt að veita skattstjóranum í Vestmannaeyjum upplýsingar um þetta atriði og skattstjórinn á Austurlandi hafi ekki beðið um þessar upplýsingar og hann því ekki fengið þær. Telji hann álagningu gjaldsins ólöglega m. a. af þessum sökum.

Framangreindri áætlun skattstjórans í Vestmannaeyjum mótmælti gerðarþoli með kæru. Skattstjórinn tók kæru þessa ekki

til greina, og skaut gerðarþoli málinu þá til ríkisskattanefndar. Úrslit málsins urðu þar á þann veg, að gjaldið var talið löglega á lagt og skyldi standa óbreytt.

Gerðarbeiðandi segir m. a. svo í sinni greinargerð:

„... Eins og háttað er útgerð austfirzkra fiskibáta frá Vestmannaeyjum á vetrarvertíð, ... verður að telja, að gerðarþoli sé þar ótvírætt gjaldskyldur, þar eð hann með þessu hafi haft í Vestmannaeyjum afnot af fasteignum þennan tíma vegna reksturs síns þar og rekið þannig sjálfstæða atvinnu frá heimilisfastri atvinnustöð, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Slíkum rekstri, sem hér um ræðir, ætti einnig að mega jafna til útibús, sbr. ákvæði laganna, þar eð slíkir bátar sem Dalaröst, NK 25, voru á þessum tíma aðeins gerðir út á tvær vertíðir, þ. e. vetrarvertíð í Vestmannaeyjum og sumarsíldveiðar. Vetrarvertíðin í Vestmannaeyjum ætti því að jafngilda a. m. k. helmingi heildarreksturs ársins."

Mótmæli sín gegn aðstöðugjaldinu og framgangi gerðarinnar styður umboðsmaður gerðarþola þessum rökum:

Að skattstjórinn á Austurlandi hafi lagt aðstöðugjald á allan rekstrarkostnað útgerðarinnar á árinu 1963 og hann þegar greitt það aðstöðugjald að fullu. Verði aðstöðugjaldið í Vestmannaeyjum talið löglega á lagt, sé tvílagt á sama gjaldstofn og sé það ekki lögum samkvæmt.

Að gerðarþoli hafi ekki haft heimilisfasta atvinnustofnun í Vestmannaeyjum í skilningi 12. gr. laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga. Hann hafi haft afnot af fasteign í Vestmannaeyjum, en afnotin hafi ekki verið slík, að þau valdi því, að hann sé aðstöðugjaldskyldur þar. Afnotin af fasteign í Vestmannaeyjum hafi verið með þeim hætti, er segi í ómótmæltu vottorði fiskkaupandans, Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyjar h/f, en þar segir m. a.:

„Lét Hraðfrystistöðin h/f útgerðinni í té húsnæði til að beita í og sem geymslu fyrir veiðarfæri, enn fremur húsnæði fyrir beitingalið. Hér var ekki um að ræða leiguhúsnæði, heldur þjónustu af okkar hálfu við útgerð skipsins. Að sjálfsögðu greiddi útgerðin ekkert fyrir þessa þjónustu."

Gerðarþoli telur sig því ekki hafa haft á leigu neitt húsnæði í Vestmannaeyjum.

Hann bendir á, að samkvæmt 12. gr. laga nr. 69/1962 sé tekið fram að leggja megi aðstöðugjald á gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn,

ef „hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú . . .“ Telur hann, að ef ætlun löggjafans hafi verið, að lagt yrði aðstöðugjald á vertíðarúthald þar, sem bátur leggur á land afla, hefði það verið tekið fram í þessari grein og bendir jafnframt á, að veltuútsvar hafi aldrei verið lagt á þennan rekstur utan heimilissveitar.

Þá bendir umboðsmaður gerðarþola á, að eigi að skilja orðin „heimilisföst atvinnustofnun“ í 12. gr. laganna svo, að gjaldandi teljist ávallt hafa heimilisfasta atvinnustofnun í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili, ef hann hefur afnot af fasteign þar, þá telji hann reglugerðarákvæði í þessa átt andstætt anda og bókstaf laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Þá bendir umboðsmaður gerðarþola á, eins og áður er tekið fram, að honum beri engin skylda til að gefa skattstjóranum í Vestmannaeyjum upplýsingar um rekstrarkostnað útgerðarinnar. Enn fremur, að á umræddri vetrarvertíð hafi uppgjör og bókhald útgerðarinnar ekki verið unnið í Vestmannaeyjum og að útgerðarstjórinn hafi ekki komið þar á vertíðinni.

Í III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 69/1962 er sveitarfélögum heimilað að innheimta aðstöðugjald hjá öllum þeim, er sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, ekki aðeins þeim, sem þar eiga lögheimili og eru þar með aðalatvinnurekstur sinn, heldur og þeim, sem þar hafa hluta atvinnurekstrar síns. Segir í 12. gr. laganna um þetta:

„Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef

a. hann rekur þar fiskikaup, fiskiverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.“

Eigi er nánar skýrt með lögum þessum, hvað sé heimilisföst atvinnustofnun.

Í 9. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er svo ákveðið, að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins. Hefur svo verið gert með reglugerð frá 21. júní 1962, og eru orðin „heimilisföst atvinnustofnun“ skýrð þar svo í 8. gr. 2. mgr.:

„Gjaldandi telst hafa heimilisfasta atvinnustofnun í öðru sveitarfélagi, ef hann hefur þar afnot af fasteign vegna starfsemi sinnar þar.“

Verður eigi fallizt á þá varnarástæðu gerðarþola, að reglugerðarákvæði þetta sé andstætt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Samkvæmt greinargerð, er fylgdi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er þau voru sett, er aðstöðugjald talið greiðsla fyrir verðmæti og þjónustu. Sveitarfélögin og hið opinbera hafi varið miklu fé til ýmissa félagslegra framkvæmda, sem íbúarnir séu ekki krafðir sérstaks endurgjalds fyrir. Allir njóti góðs af þeirri aðstöðu, sem hið opinbera skapar og við heldur, en aðstaða þessi sé beinlínis skilyrði fyrir öllum atvinnurekstri, og er gjald þetta greiðsla atvinnurekenda fyrir þessa þjónustu. Því er það að greiða á gjald þetta þar, sem atvinnurekstur fer fram og þjónustan er veitt og óháð því, hvar lögheimili gjaldandans er. Enn fremur, að allir þeir atvinnurekendur, sem hafa afnot fasteigna í einu sveitarfélagi vegna atvinnurekstrar síns, verða þessarar þjónustu aðnjótandi.

Eins og fram er komið hér að framan, var v/s Dalaröst, NK 25, gerð út frá Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 1963, og var allur vertíðarafli bátsins seldur þar. Sannað er, að á vertíðinni hafði gerðarþoli afnot af fasteignum í Vestmannaeyjum vegna atvinnurekstrar síns. Fyrri hluta vertíðar voru afnot þessi veruleg, en síðari hluta vertíðar virðast þau hafa verið minni, en þá segir umboðsmaður gerðarþola, að gerðarþoli hafi aðeins haft þar geymsluhúsnæði fyrir veiðarfæri og áhöld. Verður að telja, að gerðarþoli hafi þar með haft þar heimilisfasta atvinnustofnun samkvæmt 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 8. gr., 2. mgr., reglugerðar um aðstöðugjald frá 21. júní 1962. Eigi er hér tilefni að gera greinarmun á afnotum gerðarþola af fasteignum í Vestmannaeyjum eftir því, með hvaða veiðarfærum var veitt. Engu máli skiptir, þótt gerðarþoli hafi ekki greitt leigu fyrir afnot fasteignanna né heldur hvar bókhald vegna vertíðarúthaldsins var unnið eða dvalarstaður útgerðarstjóra á vertíðinni.

Gerðarþola bar skylda til samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 81/1962 að láta fylgja með framtali sínu greinargerð um rekstrarkostnað vegna vertíðarúthalds í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 1963, en það gerði hann ekki. Ekki hefur heldur upplýstst neitt um þetta atriði, hvorki í kærum til skattyfirvalda né fyrir fógetaréttinum.

Þar sem gjald það, sem hér er um að ræða, telst löglega á lagt, verður krafa um synjun framgangs gerðarinnar vegna tvísköttunar ekki tekin til greina.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að umkrafið aðstöðugjald sé réttilega á gerðarþola lagt. Þykir því verða að leyfa framgang lögtaksgerðar þessarar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að ákveða, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2.000.00 í málskostnað.

Nokkur dráttur hefur orðið á að kveða upp úrskurð í máli þessu, og stafar hann af önnum dómarans vegna áramótauppgjörs.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Glettingur h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjarsjóði Vestmannaeyja, kr. 2.000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 14. nóvember 1966.

Nr. 43/1965. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
gegn
Einari Braga Sigurðssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1965. Hann gerir „þær dómkröfur, **aðallega** að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en **til vara**, að hin átöldu orð í greinargerðinni 15. nóvember 1963 verði dæmd dauð og ómerk, **að** stefndum verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, **að** honum verði dæmt að greiða" sér „kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags og **að** honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð vætanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð. Hvernig sem málið fer, er kraf-

izt málskostnaðar úr hendi stefnds í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar".

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi af áfrýjanda.

Í héraðsstefnu í máli þessu segir m. a. svo:

„MAGNÚS THORLOCIUS
hæstaréttarlögmaður

gerir kunnugt: Að ég þarf að höfða mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Óðinsgötu 4 hér í borg.

Tildrög málsins eru þau, að 2. og 15. nóvember 1963 birtist í vikublaðinu Frjáls þjóð, 42. og 43. tbl. XII. árgangs, grein með fyrirsögninni „Leikmaður gegn lögmanni". Í grein þessari er endurtekið níð blaðsins um mig frá 7. sept. 1963.

Grein þessi er með mörgum undirfyrirsögnum og undirfyrirsögnum undirfyrirsagna. Ein þeirra er: „Dómur Hæstaréttar í máli frú Karólínu". Segist Einar þar vekja sérstaka athygli á dómi þessum. Segir síðan orðrétt:

„Í honum má lesa eftirfarandi: Fyrir stjórn lögmannafélagsins hafði heiðraður stefnandi, hr. Magnús Thorlacius, hrl., gert aðalkröfu um kr. 799.589.50 úr hendi frú Karólínu, en varakröfu um kr. 728.922.83. Úrskurður stjórnar lögmannafélagsins, sem Hæstiréttur síðar staðfesti með umræddum dómi, hljóðaði hins vegar upp á samtals kr. 502.087.00. Hið eina, sem ekki er alveg rétt með farið í þessum kafla átalinnar greinar, er því það, að Hæstiréttur lækkaði kröfu heiðraðs stefnanda ekki niður í 570 þúsund krónur, eins og í greininni segir, heldur alla leið niður í kr. 502.087.00. Stafar þessi skekkja annað hvort frá prentvillu í blaðinu eða misminni heimildarmanns. En hvort sem heldur er, hefur hlutur heiðraðs stefnanda síður en svo verið gerður verri en efni stóðu til, heldur einmitt talsvert miklu betri".

Þessi frásögn, er birtist 2. nóvember 1964, er svo hlutdræg og villandi, að úr verður bein fölsun ... ég tel þessa

frásögn ærumeiðandi aðdróttun, fram borna gegn betri vitund, þar sem höfundur greinarinnar hafði hæstaréttardóminn í höndum. Virðist mér þessi frásögn varða við 236. gr. almennra hegningarlaga eða a. m. k. 234.—235. gr.

Í síðara blaðinu, er birtist 15. nóvember 1964, er framhald greinarinnar „Leikmaður gegn lögmanni" með aðalundirfyrirsögn: „Málarekstur Magnúsar fyrir Ágúst Sigurðsson" auk margra auka- og undirfyrirsagna. Ein þeirra heitir: „Hin slæma útreið Ágústs í skaðabótamálinu, sem hann vann, rak hann í hendur fjárplógsmanna".

Segir þar m. a.: „Hér sýnist allt ljóst: Ágúst heyr skaðabótamál, vinnur það að fullu, fær tildæmdar samtals 61 þúsund krónur, en greiðir „vegna málarekstrarins" 64 þúsund krónur, tapar þannig 3000 krónum auk hins tildæmda fjár á því að fara í mál, þó að hann vinni málið að fullu. Er nokkur furða, þótt leikmanni blöskri þvílíkar málalyktir og verði hugsað: Hvar er íslenzkt réttarfar á vegi statt, ef sá, sem telur sig hafa orðið fyrir skaða af annarra völdum, getur ekki leitað réttar síns af ótta um að hljóta af málarekstrinum nýjan skaða ofan á hinn fyrri, þótt hann vinni skaðabótamálið fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar". „En hér við bætist, að hin slæma útreið, sem Ágúst hlaut í skaðabótamálinu, virðist eiga sinn þátt í því, að hann sér sig tilneyddan að taka lán með ofurkjörum til lagfæringar á íbúð sinni."

Allt er þetta ósatt og borið út opinberlega gegn betri vitund. Varðar þetta við 236. gr. almennra hegningarlaga eða a. m. k. við 234.—235. gr. Tel ég og, að ómerkja beri samkvæmt 241. gr. alm. hegnl. hin átöldu ummæli, er birtust 15. nóvember 1963.

Ég tel og, að Einari beri að greiða mér miskabætur samkvæmt 264. gr. alm. hegnl., er mér virðast hæfilega áætlaðar kr. 100.000.00.

Að endingu tel ég bera að dæma Einar til að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til mín samkvæmt lögum nr. 85/1936, 193. gr., 2. mgr. og lögum nr. 57/1956, 22. gr.

Á bæjarþinginu geri ég þær dómkröfur, að hin átöldu orð í greininni 15. nóvember 1963 verði dæmd dauð og ómerk, að Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, að honum verði dæmt að greiða mér kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags, að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til mín, og að honum verði dæmt að greiða mér málskostnað að skaðlausu".

Í greinargerð í héraði og munnlegum málflutningi á bæjarþingi voru kröfur áfrýjanda í samræmi við kröfugerð hans í stefnu.

Samkvæmt því, sem rakið var, taka greindar dómkröfur jöfnum höndum til ummæla í 42. tölublaði og 43. tölublaði XII. árgangs vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, að undanskilinni ómerkingarkröfunni, sem einungis lýtur að ummælum í 43. tölublaði. Héraðsdómari hefur ekki lagt dóm á kröfur áfrýjanda, að því er ummæli í 42. tölublaði varðar. Af því leiðir að taka ber aðalkröfu áfrýjanda hér fyrir dómi til greina. Verður hinn áfrýjaði dómur því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Rétt er, að málskostnaður hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. janúar 1965.

Mál þetta var tekið til dóms 3. desember s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 17. janúar 1964, af Magnúsi Thorlacius, hæstaréttarlögmanni í Reykjavík, gegn Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Bjarnarstíg 4.

Dómkröfur stefnanda eru þær,

— að tiltekin ummæli, sem birtust í blaðinu Frjálsri þjóð 15. nóvember 1963, verði dæmd dauð og ómerk,

— að stefnda verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, sem lög standa til,

— að honum verði dæmt að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags,

— að honum verði dæmt að birta í Frjálsri þjóð væntanlegan dóm í máli þessu, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda,

— að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi lagði fram greinargerð í málinu 11. febrúar s.l. og krafðizt þá sýknu og málskostnaðar. Mál þetta var munnlega flutt 2. október 1964. Þá og 3. desember s.l., er málið var tekið fyrir að nýju, gerði stefndi kröfur með þessum hætti:

„Ég geri þá aðaldómkröfu, *að* allur málatilbúnaður stefnanda verði ómerktur og mér dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Ég geri þær dómkröfur til vara, *að* ég verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, *að* eftirfarandi ummæli á dskj. 1 verði dæmd dauð og ómerk: „hlutdræg og villandi, að úr verði bein fölsun" (bls. 1), „hvergi á það minnzt, að það var frú Karolína Jósefsson, er höfðaði þetta mál gegn mér fyrir stjórn lögmannafélags Íslands" (bls. 1), „hefði ætlað að fléfletta frú Jósefsson" (bls. 2), „framborna gegn betri vitund, þar sem höfundur greinarinnar hafði hæstaréttardóminn í höndum" (bls. 2), „allt er þetta ósatt og borið út opinberlega gegn betri vitund" (bls. 3), *að* eftirfarandi ummæli á dskj. 3 verði dæmd dauð og ómerk: „samda af lögmanni, er ekki lýst á að koma fram opinberlega" (bls. 1), „grein stefnds" (bls. 1), „fleipur eitt, álygar og atvinnurógur" (bls. 2), „sannað, að brot stefnda í þessu máli er framið gegn beri vitund" (bls. 2), „hann hafði hæstaréttardóminn í höndum" (bls. 2), „bristi manndóm til að biðja afsökunar á níðskrifum Frjálsrar þjóðar" (bls. 2), *að* stefnanda verði dæmt að sæta fyrir hin tilvitnuðu ummæli þyngstu refsingu, sem lög leyfa og greiði mér miskabætur fyrir þau að mati dómsins, *að* stefnandi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir ósæmilega tilvitnunaraðferð, sem ég hef sannað á hann á dskj. 9 og honum dæmt að greiða mér bætur að mati hins virðulega dóms fyrir að hafa að yfirlögðu ráði hallað réttu máli í þeim tilgangi að baka mér tjón, *að* stefnandi verði víttur og sektaður fyrir að

hafa margsinnis í stefnu sem greinargerð viðhaft tilefnislaus gífuryrði, ólögmannslegan munnsöfnuð og vísvitandi ósannindi, *að* mér verði hvernig sem málið fer tildæmdur málskostnaður að skaðlausu."

Með úrskurði, sem upp var kveðinn 22. desember s.l., var aðalkröfu stefnanda um frávísun málsins hafnað. Liggur því fyrir að taka afstöðu til varakröfu hans.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. september 1963 birtist í blaðinu Frjálsri þjóð grein, sem nefndist *„Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?"* Greinarhöfundur var nefndur *Otur*. Í grein þessari er rætt um spillingu meðal lögfræðinga. Í framhaldi af því er sérstaklega vikið að viðskiptum stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl., og tveggja skjólstæðinga hans, Ágústs Sigurðssonar og frú Karólínu Guðlaugsdóttur. Vegna greinar þessarar höfðaði stefnandi meiðyrðamál gegn stefnda, sem um þessar mundir var ábyrgðarmaður blaðsins Frjálsrar þjóðar (bæjarþingsmál nr. 1950/1963).

Stefndi flutti mál sitt sjálfur og lagði fram greinargerð 29. október 1963. Greinargerðin var síðan prentuð í Frjálsri þjóð. Birtist hún í blaðinu í tvennu lagi, fyrri hlutinn 2. nóvember 1963, en síðari hlutinn 15. nóvember. Við greinargerðina var bætt aðalfyrirsögn („Leikmaður gegn lögmanni") og ýmsum millifyrirsögnum. Mál það, sem hér er til dóms, hefur stefnandi höfðað vegna ummæla í greinargerðinni. Bæði í stefnu og greinargerð átelur hann viss ummæli um viðskipti þeirra frú Karólínu Guðlaugsdóttur, sem birtust í blaðinu 2. nóvember, en hann hefur hins vegar ekki gert kröfur þeirra vegna, eins og ráða má af því, sem áður segir um kröfugerðina. Verða þessi ummæli því ekki tekin hér upp. Þau ummæli, sem birtust í Frjálsri þjóð 15. nóvember 1963 og stefnandi hefur átalið, eru um það, sem sagt hafði verið í blaðinu 7. september um viðskipti þeirra stefnanda og Ágústs Sigurðssonar. Málsgrein sú, sem hin átöldu ummæli eru í, verður tekin hér upp í heild. Hún er leturbreytingalaus í blaðinu, en ummælin, sem eru tilefni krafna stefnanda, eru hér auðkennd með breyttu letri:

„Hér sýnist allt ljóst. Ágúst heyr skaðabótamál, vinnur það að fullu, fær tildæmdar samtals 61 þúsund krónur, en greiðir „vegna málarekstursins" 64 þúsund krónur, tapar þannig 3000 krónum auk hins tildæmda fjár á því að fara í mál, þó að hann vinni málið að fullu. Er nokkur furða, þótt leikmanni blöskri þvílíkar málalyktir og verði hugsað: hvar er íslenzkt réttarfar

á vegi statt, ef sá, sem telur sig hafa orðið fyrir skaða af annarra völdum, getur ekki leitað réttar síns án ótta um að hljóta af málarekstrinum nýjan skaða ofan á hinn fyrri, þótt hann vinni skaðabótamálið fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar? Mundi ekki hver sá blaðamaður, sem þegði um annað eins og þetta hljóta hvers manns ámæli fyrir ábyrgðarleysi og heigulshátt? Þannig hlaut höfundur átalinnar blaðagreinar að hugsa, þótt ekkert hefði komið til annað en hinn ýkjamikli kostnaður Ágústs vegna málarekstursins. *En hér við bætist, að hin slæma útreið, sem Ágúst hlaut í skaðabótamálinu, virðist eiga sinn þátt í því, að hann sér sig tilneyddan að taka lán með ofurkjörum til lagfæringar á íbúð sinni.* Hér verður því af málavöxtum, eins og þeir horfðu við í kærunni, ekki annað ráðið en verið væri að fremja á fátækum manni herfilegt ranglæti, sem hver ærlegur blaðamaður hlaut að átelja harðlega."

Þessi orð í greinargerð stefnda í hinu fyrra máli eru höfð vegna ummæla í Frjálsri þjóð 7. september um stefnanda. Er viðskiptum hans og Ágústs Sigurðssonar þar m. a. lýst þannig: „Hvernig má það ske, að lögfræðingur sá, sem rekur skaðabótamálið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk tildæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bæturnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að vinna málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á í lögum."

Meiðyrðamálið vegna greinarinnar, sem birtist 7. september, var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 23. desember 1964. Í dómnum segir, að ummælin í Frjálsri þjóð um viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar séu ekki rétt og að hlutur stefnanda sé gerður verri en rétt er.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þannig, að líklegt er, að hann hafi viljað gera dómkröfur vegna ummæla í greinargerð stefnda, sem birtust í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963. Sem fyrr segir, kemur þetta þó ekki fram í kröfugerð hans, og verða þessi atriði því ekki rakin nánar.

Stefnandi telur ummæli, sem birtust í Frjálsri þjóð 15. nóvember 1963 og hann byggir kröfur sínar á, ósönn og borin út opinberlega gegn betri vitund. Varði þetta við 236. gr. almennra hegningarlaga, eða a. m. k. við 234.—235. gr. laganna. Þá telur hann að ómerkja beri ummælin skv. 241. gr. laganna. Fébótakröfu sína byggir stefnandi á 264. gr. sömu laga. Kröfu sína um birtingu dómsins styður hann við 22. gr. laga um prentrétt nr.

57/1956 og 193. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í greinargerð þeirri, sem hann lagði fram 29. október 1963 í máli nr. 1950/1963 og birt var í Frjálsri þjóð, hafi ekki verið endurtekin ummæli þau um viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, sem birtust í Frjálsri þjóð 7. september 1963. Þvert á móti hafi stefndi ekki viljað taka afstöðu til þess að sinni, hvort heimildir höfundar þeirrar greinar væru að öllu réttar, en bent á nauðsyn þess að kanna málið. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi tekið þau ummæli, er hann byggir kröfur sínar á, úr réttu samhengi. Í greinargerðinni í máli nr. 1950/1963 sé gætt fyllstu hófsemi og á engan hátt brotið gegn lögum með birtingu hennar í blaði. Hins vegar sé með málsókn þessari „verið að freista þess að fá íslenzkan dómstól til að fremja það óhæfuverk að refsa sakborningi fyrir, að hann skuli dirfast að verja sig."

Þau ummæli stefnanda, sem stefndi krefst, að verði dæmd dauð og ómerk, telur stefndi röng. Í stefnu og greinargerð stefnanda telur hann felast refsiverðar aðdróttanir í sinn garð, sem baki stefnanda bótaskyldu.

Niðurstaða:

Eins og áður segir, koma ummæli þau, sem stefndi hefur í greinargerð sinni í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963 og birtust í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963, ekki til athugunar, þar sem þeirra er ekki getið í kröfugerð stefnanda.

Þau ummæli, sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á, varða viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar. Ummælin eru hluti af lengra máli um það, sem sagt var hér að lútandi í grein í Frjálsri þjóð 7. september 1963.

Þegar ummælin eru skoðuð í ljósi þessa, verður ekki talið, að í þeim felist slík móðgun eða ásökun í garð stefnanda, að kröfur hans verði teknar til greina.

Kröfur stefnda um ómerkingu, refsingu, fébætur og vítur voru, sem fyrr segir, gerðar, þegar málið var flutt munnlega 2. október 1964. Stefnandi er harðorður í stefnu og greinargerð, en mjög skortir einnig á, að stefndi hafi gætt hófs í orðum sínum í greinargerð og athugasemd, sem hann lagði fram skriflega um leið og greinargerðina og þá er málið var munnlega flutt. Með hliðsjón af meginreglunni í 239. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir ekki eiga að koma til viðurlaga

vegna ummæla, sem aðiljar hafa haft hvor um annan, meðan málið hefur verið rekið.

Þegar af þessari ástæðu verður stefnanda dæmd sýkna af gagnkröfum stefnda, og þykir ekki vera ástæða til að greina hér nánar ummæli aðilja.

Gagnkröfur stefnda voru, sem fyrr segir, gerðar, án þess að stefndi leitaði leiðbeininga dómara. Gagnkröfurnar verða að teljast dómtækar. Hafði stefndi í greinargerð sinni gerrt nánari grein fyrir fébótakröfum sínum.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppsaga dómsins hefur dregizt, þar sem úrskurður um frávísunarkröfu stefnda varð vegna anna ekki upp kveðinn fyrr en 22. desember. Þótti síðan rétt að bíða þess, að kærufrestur liði.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu.

Stefnandi skal vera sýkn af gagnkröfum stefnda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1966.

Nr. 236/1966. **Jón Karlsson**
gegn
Júlíusi Helgasyni
Sigurði Jónssyni
Zophóníasi Ásgeirssyni og
Sigurgeir Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. október 1966, sem Hæstarétti barst 7. nóvember

s. á. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur, synjað verði um hinn umbeðna frest og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Jón Karlsson, greiði varnaraðiljum, Júlíusi Helgasyni, Sigurði Jónssyni, Zophóníasi Ásgeirssyni og Sigurgeir Guðmundssyni, kærumálskostnað, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1966.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður vegna Jóns Karlssonar höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. september s.l., gegn Júlíusi Helgasyni, Sogavegi 172, Reykjavík, Sigurði Jónssyni, Langholtsvegi 41, Reykjavík, Zophóníasi Ásgeirssyni, Holtsgötu 13, Hafnarfirði, og Sigurgeir Guðmundssyni, Háukinn 3, Hafnarfirði, til þess að fá þá dæmda in solidum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar skv. mati réttarins.

Stefndu hafa tekið til varna í máli þessu og gert þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að stefndu hafi leigt bát hans yfir tímabilið 25. 5. til 30. 9. 1966. Þeir hafi greitt leiguna skilvíslega þar til þann 25. ágúst s.l., að þeir hafi átt að greiða síðustu greiðsluna, kr. 35.000.00. Þessa greiðslu hafi þeir ekki greitt. Auk þess hafi stefndu hlaupið frá leigu á bátnum. Samkvæmt

7. gr. leigusamningsins fyrir bátinn, sem lagður hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 4, megi innheimta leiguna skv. 17. kafla einkamálalaganna. Reikningur, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 3, sýni, hver skuld stefndu sé. Hér þurfi því ekki frekari rökfærslu.

Í greinargerð lögmanns stefndu á dskj. nr. 5 í málinu segir svo: „... Umbjóðendur mínir notuðu bátinn og greiddu leiguna skilvíslega. Hinn 11. ágúst 1966 var talstöð bátsins innsigluð af Landssíma Íslands vegna vanskila leigusala af gömlum gjöldum af stöðinni í bátnum, sbr. dskj. nr. 6. Þótt umbjóðendur mínir hefðu getað greitt þessa skuld við Landssímann, sem óvíst er, bar þeim engin skylda til þess. Þeir höfðu, er hér var komið sögu, greitt leigusala kr. 105.000.00, eða hér um bil kr. 16.000.00 fram yfir það, sem liðið var af leigutímanum, en það voru 76 dagar. Samkvæmt lögum nr. 50/1959, 31. gr. b., sbr. einnig reglur nr. 52 frá 12. marz 1965 um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, 5. fl., verður ekki annað séð, en að vélbát, eins og hér um ræðir, sé óheimilt að stunda fiskveiðar nema með talstöð í lagi. Fleiri atriði renna reyndar stoðum undir það, að lokun sú, sem hér um ræðir á talstöðinni og er sök leikusala, sé brot á leigusamningum og orsaki eðlilega riftingu á honum."

Við fyrirtöku máls þessa fimmtudaginn 20. október s.l. var lögð fram greinargerð af hálfu stefndu. Lögmaður stefndu fór síðan fram á frest til fimmtudags 8. desember n. k., en lögmaður stefnanda synjaði um frestinn. Ákvað þá dómarinn, að mál þetta skyldi tekið fyrir í dag og skyldi þá málið flutt munnlega um frestbeiðni lögmanns stefndu. Í morgun kl. 1000 fór síðan fram munnlegur málflutningur um frestbeiðnina.

Lögmaður stefndu tók fyrstur til máls og rökstuddi frestbeiðni sína með því, að umbj. hans væru á síldveiðum fyrir Austurlandi og kæmu ekki til borgarinnar fyrr en í desember n. k. Jafnframt kvaðst hann vilja reyna sáttaumleitanir í málinu. Einnig kvaðst lögmaðurinn ekki hafa fengið mál þetta fyrr en 19. september s.l., en það hafi verið þingfest 15. sept.

Lögmaður stefnanda kvaðst synja um frest á þeim forsendum, að stefndu hafi allir verið í borginni, þegar mál þetta hófst. Hafi þeir ekki svarað sáttaboði og samkvæmt ákvæðum leigusamnings þess, sem lagður sé fram í málinu, færi innheimta á umdeildri leigu eftir 17. kafla einkamálalaganna. Jafnframt óskaði hann bókað, að fyrir bæjarþinginu væri annað mál, þar sem stefnandi þessa máls kræfi stefndu um bætur vegna vanefnda á samningi

að upphæð kr. 37.120.90. Í því máli hafi verið veittir frestir eftir þörfum, en það hafi verið þingfest 22. september s.l.

Málið var síðan tekið til úrskurðar.

Í 17. kafla einkamálalaganna eru sérstök fyrirmæli um meðferð víxilmála, tékka og skuldabréfa, ef sá samningur hefur verið skráður í texta skuldabréfsins. Meðferð mála þessara víkur í veigamiklum atriðum frá almennri meðferð einkamála. Verður að telja, að þau mál, sem talin eru í 17. kafla laganna, séu tæmandi talin og um önnur mál sé ekki hægt að semja þannig, að um meðferð þeirra fyrir dómi fari eftir ákvæðum þessa kafla. Af þessu leiðir, að ákvæði skipsleigusamnings þess, sem lagður hefur verið fram í málinu, um það, að mál, sem rísa kunni út af honum, og innheimtur megi reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. 17. kafla einkamálalaganna kemur ekki í veg fyrir, að stefndu komi að vörnum í máli þessu.

Þegar rök stefnda fyrir umbeðnum fresti eru virt og jafnframt það haft í huga, að líklegt má telja, að aðilja- og vitnayfirheyrslur þurfi fram að fara í máli þessu, þá þykir rétt að veita hinn umbeðna frest.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hinn umbeðni frestur er veittur.

Þriðjudaginn 22. nóvember 1966.

Nr. 199/1965. **Anna Maggý Guðmundsdóttir vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráðra sona sinna, Guðmundar Steinþórs og Ásmundar Kristins Ásmundssona, og Jónína Andrésdóttir f. h. ófjárráðra barna sinna, Áslaugar og Ásdísar Herrí Ásmundsdætra og Andrésar Ásmundssonar** (Jónas Aðalsteinsson hdl.)

gegn

Olíuverzlun Íslands h/f og gagnsök og svo til réttargæzlu Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f (Arnljótur Björnsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1965. Fengu þeir gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 1. júlí 1966.

Aðalýfrýjandi Anna Maggý Guðmundsdóttir krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða bætur, eins og greinir hér á eftir, samtals að fjárhæð kr. 1.269.657.36 ásamt 8% ársvöxtum af hverri einstakri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til greiðsludags:

A. Bætur til hennar sjálfrar:
1. fyrir missi framfæranda ..... kr. 878.634.36
2. fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 80.000.00

Samtals kr. 958.634.36

B. Bætur til Guðmundar Steinþórs Ásmundssonar:
1. fyrir missi framfæranda ..... kr. 103.297.00
2. fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00

Samtals kr. 153.297.00

C. Bætur til Ásmundar Kristins Ásmundssonar:
1. fyrir missi framfæranda ..... kr. 107.726.00
2. fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00

Samtals kr. 157.726.00

Þá krefst aðaláfrýjandi Anna Maggý Guðmundsdóttir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Aðaláfrýjandi Jónína Andrésdóttir krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni bætur f. h. þriggja ófjárráðra barna hennar, eins og greinir hér á eftir, samtals að fjárhæð kr. 328.423.00 ásamt 8% ársvöxtum af hverri einstakri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til greiðsludags:

A. Bætur til Áslaugar Ásmundsdóttur:
1. fyrir missi framfæranda ..... kr. 39.667.00
2. fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00

Samtals kr. 89.667.00

B. Bætur til Ásdísar Herrí Ásmundsdóttur:
1. fyrir missi framfæranda ..... kr. 61.641.00
2. fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00

Samtals kr. 111.641.00

C. Bætur til Andrésar Ásmundssonar:
1. fyrir missi framfæranda ..... kr. 77.115.00
2. fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00

Samtals kr. 127.115.00

Þá krefst aðaláfrýjandi Jónína Andrésdóttir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 22. nóvember 1965. Hann krefst sýknu af öllum kröf-

um aðaláfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af gögnum málsins, en málavöxtum er rækilega lýst í héraðsdómi, þykir ljóst, að ökumaður olíuflutningabifreiðar gagnáfrýjanda, Grétar Haraldur Birgis Hólm, hafi eftir aðstæðum ekið of hratt og án nægrar aðgæzlu, er hann beygði á mótum Laugavegar og Nóatúns til suðurs þvert í veg fyrir bifhjólið, enda varð hann ekki lögreglumannsins á bifhjólinu var, fyrr en um leið eða rétt í því að slysið varð, þótt vitni það, Gunnar Símonarson, sem sat við hægri hlið bifreiðarstjórans, sæi til ferða lögreglumannsins, er hann átti eftir góðan spöl að gatnamótunum. Hins vegar verður ekki heldur annað ráðið en Ásmundur heitinn Sigurðsson hafi sýnt af sér gáleysi við akstur bifhjólsins. Hann ók mjög hratt að gatnamótunum, án þess að séð verði, að þess hafi verið þörf vegna löggæzlustarfa og gaf ekki hljóð- eða ljósmerki á bifhjólinu, eins og í héraðsdómi greinir. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til málsatvikalýsingar í héraðsdómi verður að telja, að ökumaður olíuflutningabifreiðar gagnáfrýjanda eigi meginsök á slysinu. Verður því að skipta sök í máli þessu, og telst hæfilegt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjendum tjón að $^3/_5$ hlutum.

K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur hefur enn samið nýjan tjónútreikning, dags. 12. þ. m., og hefur hann verið lagður fram í Hæstarétti. Segir svo m. a. í tjónútreikningi þessum:

„Auk vísitöluhækkana á launum opinberra starfsmanna hafa orðið tvær grunnkaupshækkanir á þeim frá því í júní 1965. Hin fyrri, 4%, varð 15. júlí 1965, en hin síðari, 7%, varð 1. janúar 1966. Barnalífeyrir hefur einnig hækkað bæði með vísitöluhækkunum og grunnhækkunum. Fyrri grunnhækkunin, 8.9%, varð 1. júlí 1965, en hin síðari, 5.2%, varð 1. júlí 1966 ...

Þar sem vextir hækkuðu aftur í byrjun þessa árs, hef ég talið rétt að byggja útreikningana að þessu sinni á 7% vöxtum p. a. Niðurstöður verða þannig miðað við slysdag:

Hlutir barnanna:

Áslaugar	kr.	39.636.00
Ásdísar Herríar	—	64.851.00
Andrésar	—	82.309.00
Guðmundar Steinþórs .	—	123.237.00
Ásmundar Kristins . .	—	127.938.00
Samtals fyrir börnin	kr.	437.971.00

Verðmæti hluta ekkjunnar af föstum launum kr. 578.092.00. Fyrir hvert 1%, sem bætt væri við vinnutekjuáætlunina fyrir aukavinnu, hækkar hlutur ekkjunnar um kr. 7.774.00 ...".

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykja bætur til aðaláfrýjanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur hæfilega ákveðnar fyrir missi fyrirvinnu kr. 290.000.00, og hafa þá verið virtar til frádráttar dánarbætur kr. 102.420.00, sem hún fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og kr. 13.934.64, þriggja mánaða laun Ásmundar heitins Sigurðssonar, er hún fékk greidd eftir lát hans.

Þá teljast bætur til aðaláfrýjanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur vegna röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Bætur til ófjárráða sona aðaláfrýjanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur, þeirra Guðmundar Steinþórs og Ásmundar Kristins Ásmundssona, fyrir missi framfæranda og vegna röskunar á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 52.000.00 til Guðmundar Steinþórs og kr. 55.000.00 til Ásmundar Kristins.

Alls verður gagnáfrýjanda því dæmt að greiða aðaláfrýjana Önnu Maggý Guðmundsdóttur bætur vegna hennar sjálfrar og f. h. ófjárráða sona hennar kr. 417.000.00 (290.000.00 + 40.000.00 + 52.000.00 + 55.000.00 að frádregnum kr. 20.000.00, er hún fékk greiddar frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands hinn 6. febrúar 1962) ásamt 7% ársvöxtum af kr. 437.000.00 frá 22. júlí 1961 til 6. febrúar 1962, 7% ársvöxtum af kr. 417.000.00 frá 6. febrúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi af síðastgreindu

fjárhæðinni til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Eins og fyrr getur, hefur aðaláfrýjandi Jónína Andrésdóttir, fyrri eiginkona Ásmundar heitins Sigurðssonar, f. h. þriggja ófjárráðra barna þeirra, krafizt bóta úr hendi gagnáfrýjanda fyrir missi framfæranda þeirra og vegna röskunar á stöðu og högum. Ekki liggur fyrir í máli þessu, að Ásmundur heitinn Sigurðsson hafi framfært þessi börn sín í ríkari mæli en skylt er að lögum, þ. e. greitt með hverju þeirra venjulegan barnalífeyri. Eftir lát hans hefur síðan verið greiddur framfærslueyrir með þeim frá Tryggingastofnun ríkisins. Þrátt fyrir þetta og þótt foreldrar þeirra hafi verið skilin að lögum, er Ásmundur heitinn Sigurðsson lézt, má þó ætla, að staða þeirra hafi orðið önnur og lakari við lát föður þeirra. Þykir því rétt að dæma börnum þessum nokkrar bætur, er teljast hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00 til Áslaugar og kr. 23.000.00 til Ásdísar Herrí Ásmundsdætra og svo kr. 26.000.00 til Andrésar Ásmundssonar. Einnig ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða 7% ársvexti af fjárhæðum þessum frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nú greinir:

a. Önnu Maggý Guðmundsdóttur sjálfri og f. h. ófjárráðra greindra sona hennar, samtals kr. 90.000.00, og renni af fjárhæð þessari kr. 45.000.00 til skipaðs talsmanns þeirra í héraði, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, og svo kr. 45.000.00 til skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Jónasar Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns.

b. Jónínu Andrésdóttur f. h. greindra þriggja ófjárráðra barna hennar, kr. 24.000.00, og renni af fjárhæð þessari kr. 12.000.00 til skipaðs talsmanns þeirra í héraði, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 12.000.00 til skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Jónasar Aðalsteinssonar héraðsdómslögmanns.

c. Kr. 15.293.00, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði aðaláfrýjanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur:

1) sjálfri kr. 310.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 330.000.00 frá 22. júlí 1961 til 6. febrúar 1962, 7% ársvöxtum af kr. 310.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum af síðargreindri fjárhæðinni frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

2) f. h. Guðmundar Steinþórs Ásmundssonar kr. 52.000.00 og f. h. Ásmundar Kristins Ásmundssonar kr. 55.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

3) sjálfri og f. h. ófjárráðra sona hennar, Guðmundar Steinþórs og Ásmundar Kristins Ásmundssona, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 90.000.00, og hljóti af fjárhæð þessari skipaður talsmaður þeirra í héraði, Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00 og skipaður talsmaður þeirra fyrir Hæstarétti, Jónas Aðalsteinsson héraðsdómslögmaður, kr. 45.000.00.

Gagnáfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði aðaláfrýjanda Jónínu Andrésdóttur f. h. Áslaugar Ásmundsdóttur kr. 20.000.00, f. h. Ásdísar Herrí Ásmundsdóttur kr. 23.000.000 og f. h. Andrésar Ásmundssonar kr. 26.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 24.000.00. Af þeim hljóti skipaður talsmaður þeirra í

héraði, Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, kr. 12.000.00 og skipaður talsmaður þeirra fyrir Hæstarétti, Jónas Aðalsteinsson héraðsdómslögmaður, kr. 12.000.00.

Gagnáfrýjandi greiði annan málskostnað, kr. 15.293.00, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. september 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Anna Maggý Guðmundsdóttir, Langholtsvegi 60, Reykjavík, höfðað persónulega og fyrir hönd sona sinna, Guðmundar Steinþórs og Ásmundar Kristins Ásmundssona, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 8. des. 1964, gegn Olíuverzlun Íslands h/f, B. P., Hafnarstræti 5, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta samtals að fjárhæð kr. 929.955.36 með 8% ársvöxtum frá 22. júlí 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra hinn 14. desember 1962.

Með meðalgöngustefnu, sem dagsett er 10. marz 1965, hefur Jónína Andrésdóttir, Suðurgötu 10, Hafnarfirði, gengið inn í málið og gert þær kröfur f. h. ófjárráða barna sinna, þeirra Áslaugar og Ásdísar Herrí Ásmundsdætra og Andrésar Ásmundssonar, að stefnda verði gert að greiða þeim samtals kr. 288.574.00 með 8% ársvöxtum frá 22. júlí 1961 til greiðsludags og málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en meðalgöngustefnandi fékk gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra hinn 11. febrúar 1963.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi Anna Maggý Guðmundsdóttir kröfur sínar upp í samtals kr. 1.269.657.36 og stefnandi Jónína Andrésdóttir sínar kröfur upp í kr. 328.423.00, en stefnendur héldu fast við kröfur sínar að öðru leyti.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda, en til vara lækkunar á kröfum stefnenda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Hinn 22. júlí 1961 var olíuflutningabifreiðinni R 3844 ekið frá

benzínafgreiðslustöðinni á Klöpp við Skúlagötu áleiðis að Úthlíð hér í borg, en bifreið þessi var eign stefnda og tryggð lögboðinni vátryggingu hjá réttargæzlustefnda. Var bifreiðinni fyrst ekið austur Skúlagötu, en síðan suður Höfðatún og beygt austur Laugaveg. Kveðst bifreiðarstjórinn þá hafa séð, að götuviti á mótum Laugavegar og Nóatúns sýndi grænt ljós. Kveðst bifreiðarstjórinn hafa ekið á hægri akrein nyrðri akbrautar, er hann nálgaðist umrædd gatnamót og síðan hafa gefið stefnumerki, áður en hann beygði til hægri, þ. e. suður Nóatún. Hafi grænt ljós verið á götuvitanum fyrir umferð eftir Laugavegi. Ökumaður R 3844 kveðst hafa ekið hiklaust í beygjuna, þar sem ekkert farartæki hafi verið sjáanlegt, er hann nálgaðist gatnamótin og beygði til hægri, en er hann hafi verið kominn yfir rúmlega mið gatnamótin og bifreiðin farin að stefna suður Nóatún, hafi hann hins vegar séð út um opinn glugga á vinstri hurð til lögreglumanns á bifhjóli, sem ók í þann mund vestur Laugaveg. Hafi lögreglumaðurinn þá átt mjög stutt í bifreiðina, eða ca. 2—3 metra, og þá stefnt á bifreiðina miðja, vinstra megin. Skipti nú engum togum, að árekstur varð milli umræddrar bifreiðar og bifhjólsins. Lenti bifhjólið á vinstri hlið og afturhjóli bifreiðarinnar, en lögreglumaðurinn, Ásmundur Sigurðsson, kastaðist af hjólinu og yfir á nyrðri götuhelming.

Framangreindur árekstur varð laust fyrir kl. 1700 fyrrgreindan dag. Var þá rigning, en bjart af degi. Umrædd gatnamót eru malbikuð, en færi var blautt. Skemmdir urðu miklar á bifhjólinu og það með öllu óökufært eftir áreksturinn. Segir í skýrslu Bifreiðaeftirlitsins, að m. a. hafi framgafflar og frambretti verið ónýtt og mótorhús og gírkassahús brotið. Var því ekki unnt að reyna bifhjólið í akstri eftir slysið, en athugun bifreiðaeftirlitsmanns leiddi í ljós, að hemlabúnaður virtist virka vel bæði á afturhjól og framhjól. Olíuflutningabifreiðin var enn fremur skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni. Segir í skýrslu hans m. a., að vinstri afturfelga hafi skekkzt og dældazt mikið. Enn fremur hafi hlífðarbretti meðfram olíugeymi rifnað og beyglazt ofan við afturhjól og afturstuðari brotnað af við afturgrindarhornið. Við skoðun bifreiðaeftirlitsmannsins kom í ljós, að hemlar olíuflutningabifreiðarinnar reyndust jafnir og hemlaför eftir fram- og afturhjól, er hemlar voru reyndir á 15 km. hraða. Varð að aka bifreiðinni mjög hægt vegna kasts á fyrrgreindri afturfelgu. Þá reyndust stefnuljós í lagi.

Sjúkrabifreið flutti Ásmund Sigurðsson á slysavarðstofuna og

þaðan á Landspítalann, en þar lézt hann af völdum meiðsla þeirra, er hann hlaut við áreksturinn. Ekkja hans, Anna Maggý Guðmundsdóttir, hefur höfðað mál þetta til heimtu bóta fyrir það tjón, er hún telur sig og börn þeirra Ásmundar hafa beðið við dauða hans. Meðalgöngustefnandi er fyrri kona Ásmundar og hefur höfðað málið fyrir hönd barna sinna og Ásmundar til heimtu bóta fyrir hönd barna sinna og Ásmundar fyrir það tjón, er hún telur þau hafa beðið við fráfall hans.

Lögreglan tók skýrslur af ökumanni olíuflutningabifreiðarinnar, farþega, sem í bifreiðinni var, svo og af nokkrum mönnum, er voru sjónarvottar að slysinu eða aðdraganda þess. Verður hér á eftir rakið það úr framburði þessara manna, er máli verður talið skipta.

Bifreiðarstjórinn á R 3844, Grétar Haraldur Birgis Hólm, skýrir auk þess, er að framan greinir, m. a. svo frá, að vél olíuflutningabifreiðarinnar hafi verið tengd í þriðja ganghraðastig á lága drifinu, er hann nálgaðist gatnamót Nóatúns og Laugavegar, og gizkar á, að hann hafi ekið á ca. 25—30 km. hraða, er hann kom á gatnamótin, en hraðamælir var bilaður. Kveðst hann hafa verið vanur að aka bifreið af þeirri gerð, sem hann ók í umrætt skipti. Hann kveðst ekki geta sagt um með vissu, hvar hann hafi verið staddur við umrædd gatnamót, er hann hafi gefið stefnumerkið, en það hafi hann samt örugglega gert, nokkru áður en hann beygði. Eigi kveðst Grétar geta sagt um, eftir hvorri akreininni bifhjólinu var ekið, og ekki kveðst hann hafa getað séð neitt ljós á bifhjólinu og ekki heyrt neitt hljóðmerki. Hann kveðst hafa aukið ferðina skyndilega, um leið og hann sá lögreglumanninn, enda þá verið ljóst, að hætta væri á ferðum. Bifreiðin hafi hins vegar verið þung og því tekið seint við sér. Enn fremur skýrir hann svo frá, að rétt eftir að hann hafi séð lögreglumanninn, hafi honum virzt hann beygja til hægri frá olíuflutningabifreiðinni. Þá kveðst hann, er hann hafði stöðvað bifreiðina, hafa farið út úr bifreiðinni og beðið menn, er þarna voru nálægt, að taka eftir, að stefnuljós loguðu enn á bifreiðinni, en þau kveður hann hafa verið þannig úr garði gerð, að þau hafi logað ákveðinn tíma, en hvorki verið í sambandi við stýrið né stefnu bifreiðarinnar og verið staðsett að framan á frambrettum, en að aftan á yfirbyggingunni. Þá skýrir Grétar svo frá, að þurrkur hafi verið í gangi á bifreiðinni, þar sem rigning hafi verið, og að hann hafi eigi heyrt nein hemlahljóð frá bifhjólinu. Hann kveðst hafa verið í alla staði eðlilega á sig kominn, en ekki geta gert sér neina grein

fyrir, af hverju hann hafi séð svo seint til ferða bifhjólsins og ökumanns þess.

Gunnar Símonarson, sem var farþegi í olíuflutningabifreiðinni og sat í framsæti við hægri hlið bílstjórans, skýrir m. a. svo frá, að stjórnandi R 3844 hafi ekið inn á hægri akreinina, er þeir nálguðust umrædd gatnamót, og örugglega gefið stefnumerki, nokkru áður en hann beygði til hægri. Hafi bifreiðinni verið ekið á jafnri ferð, að því er honum hafi fundizt, en að hann þori ekki að fullyrða um, hve hraðinn hafi verið mikill í km., en bifreiðinni hafi ekki verið ekið hratt og hann ekki orðið var við, að ferðin væri aukin, er þeir nálguðust gatnamótin. Hafi götuvitinn enn sýnt grænt ljós, er þeir voru rétt komnir að gatnamótunum. Vitni þetta skýrir enn fremur svo frá, að það hafi séð til ferða lögreglumanns á bifhjóli vestur Laugaveg á móti þeim, rétt áður en stjórnandi R 3844 ók inn á umrædd gatnamót. Hafi lögreglumaðurinn átt eftir góðan spöl að gatnamótunum, er það hafi séð hann fyrst, eða talsvert vestan benzínafgreiðslu B. P. við gatnamótin á móts við lágan steinvegg, er sé austan til á þvottaplani stöðvarinnar. Kveðst vitnið hafa talið, þótt það treysti sér ekki til að gizka á fjarlægðir, að bifhjólið væri það langt frá, að þeir mundu hafa það yfir gatnamótin, áður en bifhjólið bæri að, en er það hafi séð þetta, hafi þeir verið rétt að því komnir að beygja til hægri. Kveðst vitnið síðan hafa séð, er þeir voru í beygjunni, að bifhjólið nálgaðist mjög fljótt og að hætta var á árekstri. Hafi sér virzt lögreglumaðurinn í fyrstu aka á eðlilegum hraða, en síðan finnist sér sem hraðinn hafi aukizt á hjólinu, þar sem það hafi borið miklu hraðar að en það hafi reiknað með. Ekki kveðst vitni þetta hafa séð ljós á bifhjólinu og ekki heldur heyrt í sírenu. Eigi segir vitnið, að það hafi fundið, að nein breyting yrði á ökuhraða R 3844 í beygjunni og ekki hafi það varað bifreiðarstjórann við hættunni, þar sem sér hafi fundizt, að hann hlyti einnig að sjá til ferða bifhjólsins. Hafi þeir verið búnir að beygja yfir mið gatnamótin, er áreksturinn varð. Loks segir vitnið, að ekkert hafi truflað ökumann R 3844 í umrætt skipti og að þeir hafi ekki verið að tala saman. Tekur vitnið jafnframt fram, að það hafi ekki betur séð en að bifreiðarstjórinn væri í alla staði eðlilega á sig kominn.

Vitnið Ólafur Guðjónsson kveðst hafa verið statt á þvottaplani B. P., sem er rétt austan við benzínafgreiðslustöð B. P., austan við umrædd gatnamót, og hafa verið að skoða í glugga hjá bifreiðavöruverzluninni Smyrli. Kveðst vitnið hafa snúið baki

að Laugavegi, er það hafi heyrt til ferða bifhjóls á Laugavegi, og sér fundizt sem sér heyrðist, að bifhjólinu væri snögglega gefið benzín. Kveðst vitnið þá hafa litið austur fyrir sig og séð bifhjól lögreglunnar, sem ekið hafi verið vestur Laugaveg. Hafi það þá verið komið rétt vestur fyrir húsið Tungu. Kveðst vitnið þá hafa snúið sér alveg við og snúið að Laugavegi og þá séð bifhjólið aftur, en þá hafi það verið að koma að gangbrautinni austan við gatnamótin. Um leið og það hafi séð bifhjólið í seinna skiptið, kveðst vitnið hafa séð aftan til á vinstri hlið olíuflutningabifreiðarinnar R 3844, er þá hafi verið búið að beygja í veg fyrir bifhjólið. Kveðst vitnið aðeins hafa séð á hlið R 3844 og því ekki geta sagt um, hvort stefnuljós var á bifreiðinni eða ekki. Ekki segist vitnið hafa heyrt sírenuhljóð frá bifhjólinu og ekki geta sagt um, hvort ljós hafi verið á því eða ekki. Hafi nú engum togum skipt, að ákeyrsla hafi orðið, en sér hafi fundizt eins og það sæi og heyrði, að bifhjólinu væri hemlað, rétt áður en ákeyrslan varð, og það jafnframt séð, að ökumaður bifhjólsins beygði aðeins til hægri, en síðan hafi sér fundizt eins og hjólið rynni beint áfram. Hafi árekstur inn orðið með þeim hætti, að bifhjólið og sennilega vinstri hlið þess hafi lent á ytra vinstra afturhjóli R 3844. Vitnið kveðst hafa séð, að bifhjólinu var ekið hratt og hraðar en slíkum hjólum sé almennt ekið, en geti ekki sagt um, hver hafi verið hraði bifhjólsins í km. Ekki kveðst vitnið geta sagt um hraða R 3844, þar eð það hafi ekki séð bifreið þessa fyrr en í því, er slysið var að ske.

Vitnið Konráð Axelsson kveðst hafa verið nýkomið út úr strætisvagni, er slysið skeði. Kveður vitnið vagninn hafa stöðvað á biðstöð við Nóatún, norðan Laugavegar. Kveðst það síðan hafa gengið suður Nóatún að Laugavegi og ætlað suður Laugaveg. Er það hafi gengið þarna áleiðis að Laugavegi, hafi götuvitarnir sýnt rautt ljós á móti sér og þá verið grænt ljós fyrir umferð um Laugaveg. Segist vitni þetta hafa verið rétt að komast að gatnamótunum, er það hafi heyrt í bifhjóli því, er í slysinu lenti. Hafi það ekki verið neitt að líta í kringum sig, er það heyrði í bifhjólinu, en hávaðinn í hjólinu hafi vakið athygli sína. Bifhjólinu hafi verið ekið vestur Laugaveg og er það hafi séð lögreglumanninn, hafi hann verið nokkru fyrir austan gatnamótin, en ekki kveðst vitnið geta staðsett hann nákvæmlega, en hann hafi örugglega verið austan við þvottaplan B. P., er þarna sé. Kveðst vitnið hafa séð, að bifhjólinu var ekið á ofsaferð og á meiri hraða en það hafi áður séð bifhjóli ekið á, en kveðst ekki geta

sagt um, hver hraðinn hafi verið í km., en hann hafi verið mikill. Vitni þetta kveðst eingöngu hafa horft á bifhjólið, eftir að það sá það og því ekki séð til ferða oíufutningabifreiðarinnar fyrr en í því, er ögreglumaðurinn var að lenda á bifreiðinni, en þá hafi ökumaður hennar verið byrjaður að beygja til hægri að Nóatúni. Kveðst vitnið ekki hafa verið í þeirri aðstöðu til bifreiðarinnar, að það gæti séð, hvort stefnuljós loguðu á henni eða ekki og eigi heldur geta sagt um, á hvorri akreininni bifreiðinni var ekið. Segir vitnið enn fremur, að sér hafi virzt sem lögreglumaðurinn tæki ekki eftir olíubifreiðinni, fyrr en hann var rétt að koma að henni. Hafi sér þá fundizt sem hann beygði aðeins til hægri og það þá haldið, að hann slyppi við bifreiðina, en þá hafi hjólið eins og kastazt til og lent á vinstri hlið olíuflutningabifreiðarinnar aftarlega, eða um vinstri afturhjólin. Vitnið tekur fram, að það hafi séð ökumann bifreiðarinnar á slysstað og að því hafi virzt hann í alla staði eðlilega á sig kominn, nema auðséð hafi verið, að honum hafði orðið mikið um slysið.

Vitnið Gísli Gíslason kveðst hafa verið að vinna á slysdaginn við benzínafgreiðslu Shell við Suðurlandsbraut. Segist vitnið hafa verið statt úti við tankana og verið að dæla benzíni á bifreið, skömmu áður en slysið skeði. Vitnið kveðst þá hafa séð til ferða Ásmundar Sigurðssonar, sem það hafi kannazt við. Hafi Ásmundur komið á bifhjóli vestur Suðurlandsbraut og verið að aka á móts við eystri innkeyrsluna að benzínstöðinni, er það sá hann. Vitni þetta kveðst hafa séð, að bifhjólinu var ekið mjög hratt og tekið sérstaklega eftir, að rautt ljós var framan á bifhjólinu, en ekki heyrt, að hljóðmerki væri gefið frá því. Hafi sér fyrst dottið í hug, að Ásmundur væri að elta bifreið og því litið vestur Laugaveg, en ekkert farartæki séð á ferð á Laugavegi, er Ásmundur gæti verið að elta. Kveðst vitnið síðan hafa farið inn á afgreiðsluna og þá haft orð á því við samstarfsmenn sína, er einnig hafi þekkt Ásmund, að mikil ferð hefði verið á Ásmundi. Nokkru síðar hafi það séð, að lögreglumaðurinn lokaði umferð um Laugaveg vestan við gatnamót Laugarnesvegar. Hafi sér dottið í hug, að Ásmundur hefði verið að flýta sér til að sinna einhverju, er þarna hefði skeð. Skömmu síðar, eða eftir ca. hálfa klukkustund frá því að það sá Ásmund, hafi það frétt, að lögreglumaður á bifhjóli hefði lent í umferðarslysi við gatnamót Nóatúns og Laugavegar. Eigi kveðst vitnið geta sagt neitt um ökuhraða Ásmundar í km., en bifhjólinu hafi verið ekið mjög hratt og hraðar en það hafi séð slíku hjóli ekið áður, en vitnið kveðst hafa séð

slík hjól daglega, bæði í venjulegu eftirliti og eins er ökumenn hafi verið að elta uppi bifreiðar. Enn fremur skýrir vitni þetta svo frá, að það hafi ekki annað getað séð en að stjórnandi bifhjólsins sæti hjólið í alla staði eðlilega og hann virzt hafa fullt vald á hjólinu.

Vitnið Helgi Ottó Carlsen kveðst hafa verið við vinnu sína á benzínafgreiðslustöð B. P. við gatnamót Laugavegar og Nóatúns. Kveðst vitnið hafa setið uppi á afgreiðsluborði stöðvarinnar, er slysið skeði, og snúið þannig, að það sneri andlitinu að Laugavegi. Vitni þetta segist hafa séð til umræddS bifhjóls, nokkru áður en það var komið að gatnamótunum. Hafi hjólið verið komið vestur fyrir húsið Tungu, er það sá það og ökumann þess fyrst. Kveðst vitnið hafa fylgzt frekar með bifhjólinu, þar sem það hafi þekkt flesta þá lögreglumenn, er aka bifhjólum. Eigi kveður vitnið, að neitt farartæki hafi verið á undan bifhjólinu eða milli bifhjólsins og gatnamótanna, er það sá bifhjólið. Vitnið segir, að bifhjólinu hafi verið ekið hratt og kveðst í fyrstu hafa horft beint framan á hjólið og ekki séð, að neitt ljós væri framan á hjólinu og ekkert hljóðmerki hafa heyrt. Kveðst vitnið ekki hafa skilið í því, af hverju lögreglumaðurinn ók svo hratt, þar sem það hafi enga ástæða séð til þess. Vitni þetta kveðst síðan hafa fylgzt alveg með hjólinu, er því var ekið að gatnamótum Nóatúns, og séð, að ferðin var heldur aukin á hjólinu. Hafi lögreglumaðurinn ekið á miðakreininni, er hann nálgaðist gatnamótin. Kveðst vitnið hafa séð, að grænt ljós var á götuvitanum, er leyfði umferð austur og vestur yfir gatnamótin. Kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir olíubifreiðinni R 3844 fyrr en rétt í því, er ákeyrslan varð, og hafi ástæðan til þess verið sú, að það hafi alltaf fylgzt með bifhjólinu. Hafi það ekki séð olíuflutningabifreiðina, fyrr en ökumaður bifhjólsins hallaði sér til hægri á hjólinu, en þá hafi olíuflutningabifreiðin verið komin þvert í veg fyrir hjólið og þá í beygju til hægri að Nóatúni. Hafi engum togum skipt, að um leið og vitnið hafi séð lögreglumanninn halla sér á hjólinu og beygja aðeins til hægri, þá hafi vinstri hlið bifhjólsins lent á vinstri hlið olíuflutningabifreiðarinnar, þ. e. á vinstra afturhjól og á hlið bifreiðarinnar aftan við hjólið. Vitnið kveður ákeyrsluna hafa verið mjög harða. Eigi kveður vitnið sig geta sagt um, hvort stefnuljós hafi verið á olíuflutningabifreiðinni eða ekki, þar sem það hafi ekki séð bifreiðina fyrr en rétt í því, að slysið skeði, en það hafi engin ljós séð. Það kveður lögreglumanninn hafa setið bifhjólið í alla staði eðlilega, er það sá hann, og ekkert

virzt óeðlilegt við hann, nema hvað hann ók hratt. Vitnið treystir sér ekki til að fullyrða neitt um ökuhraðann í km., en ef það ætti að gizka algerlega á hraðann, þá hefði hann ekki verið undir 60 km. miðað við klst.

Vitnið Valdís Bjarnadóttir skýrir m. a. svo frá, að það hafi gengið niður Nóatún eftir eystri gangstétt og verið á leið í strætisvagn, sem vitnið ætlaði með niður í bæ. Kveðst vitnið síðan hafa staðið á eystri gangstétt við Nóatún rétt ofan við gatnamót Laugavegar og verið að fylgjast með því, hvort ekki kæmi strætisvagn, þar sem það hafi bæði getað tekið strætisvagn, er kæmi niður Laugaveg og norður Nóatún. Er vitnið stóð þarna, kveðst það allt í einu hafa séð til ferða lögreglumanns, er komið hafi vestur Laugaveg og ekið, að því er vitnið heldur, eftir miðakreininni. Vitnið kveður lögreglumanninn hafa átt eftir góðan spöl að umræddum gatnamótum, er það sá hann fyrst, og að því hafi ekki fundizt hann aka hratt. Vitnið segist síðan hafa litið af lögreglumanninum og suður Nóatún. Síðan hafi það litið aftur út á Laugaveg og þá séð lögreglumanninn aftur, sem þá hafi verið á mun meiri hraða en áður, og þá hafi verið búið að beygja olíuflutningabifreiðinni í veg fyrir lögreglumanninn. Vitnið kveðst síðan hafa séð, að bifhjólið lenti á bifreiðinni, en sér hafi orðið mikið um það og þá hafa gripið höndum fyrir andlitið og þess vegna ekki séð, hvað gerðist eftir það. Vitnið kveður olíuflutningabifreiðina hafa stöðvað á hlið við sig, þar sem það stóð, og er ökumaðurinn kom út, hafi hann sagt: „Takið eftir, ég er með stefnuljósin á.“ Vitni þetta kveðst hafa staðið rétt aftan við bifreiðina og hafa litið aftan á hana og þá engin ljós séð, en segist ekki geta sagt um, hvort það hafi litið á réttan stað, en það hafi litið á bifreiðina að aftan. Ekki segist vitnið hafa séð nein ljós á bifhjólinu og ekki heyrt, að gefin væru nein hljóðmerki. Vitnið segir loks, að það hafi ekki séð neina umferð um umrædd gatnamót um það leyti, er slysið skeði, og ekkert farartæki séð, hvorki á undan lögreglumanninum né á eftir olíuflutningabifreiðinni.

Vitnið Reynir Jóhannesson segist hafa verið statt á eystri gangstétt við Nóatún við biðstöð strætisvagna og verið að bíða eftir strætisvagni, er slysið skeði. Kveðst vitnið hafa séð til ferða lögreglumanns á bifhjóli vestur Laugaveg og hafi hann verið staddur rétt austan við gatnamótin. Hafi lögreglumaðurinn ekið eftir hægri akrein götunnar og ekið á töluverðri ferð, en eigi kveðst vitnið geta sagt um hraðann, þar sem það hafi ekki fylgzt með akstri hans. Eigi segist vitnið hafa séð ljós á bifhjólinu og ekki

heyrt í sírenu. Vitnið segist síðan hafa litið af lögreglumanninum og suður Nóatún og síðan að Laugavegi aftur og þá fyrst séð olíuflutningabifreiðina, sem hafi þá verið í beygju til hægri austur Nóatún og verið komin út í mið gatnamótin. Kveður vitnið engum togum hafa skipt, að um leið og það hafi séð olíuflutningabifreiðinni beygt þarna, þá hafi lögreglumaðurinn verið að skella á bifreiðinni og lent á vinstra afturhjóli bifreiðarinnar og hafi ákeyrslan verið hörð. Vitni þetta kveðst ekki hafa séð, að stefnuljós loguðu á olíuflutningabifreiðinni, er það sá bifreiðina rétt í því, er slysið skeði, en telur, að þau hafi getað verið á fyrir það, þar sem athygli þess hafi beinzt að lögreglumanninum, sem það sá, að var í hættu. Vitnið kveður enga aðra umferð hafa verið um gatnamótin um það leyti, er slysið skeði, og ekki hafa orðið vart við óeðlilegan akstur neins farartækis við umrædd gatnamót á þeim tíma, er það beið þarna á biðstöðinni, en það hafi verið ca. fimm mínútur, áður en slysið varð.

Stefnendur reisa fébótakröfur sínar á því, að bifreiðarstjórinn á olíuflutningabifreiðinni R 3844, eign stefnda, hafi átt alla sök á umræddum árekstri. Er því haldið fram í því sambandi af hálfu stefnenda, að bifreiðarstjórinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, er hann beygði af Laugavegi suður Nóatún. Hafi hann ekki gáð nægilega að umferð eftir Laugavegi, áður en hann beygði, svo sem honum hafi þó borið brýn skylda til eftir öllum aðstæðum, sérstaklega þó vegna þess, að umferðarljós hafi heimilað óhindraða umferð eftir Laugavegi. Hafi slík beygja, sem bifreiðarstjórinn tók, verið með öllu óleyfileg, eins og aðstæðum var háttað, nema því aðeins að eigi yrði til hindrunar greiðri umferð um Laugaveg, sbr. 46. grein umferðarlaga. Megi ljóst vera, að Ásmundur heitinn hafi orðið þess var, er hann kom að gatnamótunum, að ljósvitinn leyfði greiða umferð um gatnamótin og eigi búizt við, að í veg fyrir sig yrði ekið, en ætlað að halda óbreyttum hraða vestur Laugaveg.

Stefnendur telja líkur fyrir því, að bifhjólinu hafi verið ekið allhratt, en ósannað sé með öllu, að hraðinn hafi verið ólöglegur. Verði í því sambandi að gæta þess, að hraði bifhjóls virðist meiri en sami hraði bifreiðar, enda komi fram misræmi í framburðum vitna um hraða bifhjólsins. Telja stefnendur, að Ásmundur heitinn hafi ekki haft ráðrúm til að stöðva bifhjólið í tæka tíð, er bifreiðinni hafi verið beygt skyndilega og óvænt í veg fyrir bifhjólið.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að ökumaður bifhjóls-

ins, Ásmundur heitinn Sigurðsson, hafi átt alla sök á slysinu. Telur stefndi ljóst, að bifreiðinni R 3844 hafi verið ekið frekar hægt í umrætt skipti og nægilega sannað, að ökumaður hennar hafi gefið stefnumerki til hægri, er hann ók inn á gatnamótin. Hafi ökumanni bifreiðarinnar verið fyllilega heimilt að beygja, þar sem ekkert það farartæki hafi verið nærri, er hann hafi haft ástæðu til að ætla, að hann yrði í vegi fyrir. Enn fremur virðist ljóst, að bifhjólinu, sem hinn látni ók, hafi verið ekið óhæfilega hratt og á mjög miklum hraða, án þess að nokkur þörf hafi verið til slíks. Og ekki hafi ökumaður gefið hljóðmerki eða ljósmerki til að vara vegfarendur við ferð sinni. Megi enn fremur ráða af skemmdum á bifhjólinu og bifreiðinni, að verulegur hraði hafi verið á bifhjólinu, er áreksturinn varð. Hafi ökumaður bifhjólsins alls ekki gætt umferðar á gatnamótunum, svo sem honum hafi borið.

Varakröfu sína styður stefndi öðrum þræði þeim rökum að skipta beri sök á slysinu og hljóti þá að verða að leggja langmestan hluta sakarinnar á hinn látna, Ásmund K. Sigurðsson, en óverulegan hluta á ökumann R 3844.

Leggja verður til grundvallar skýrslu ökumanns bifreiðar stefnda um, að hann hafi gefið til kynna stefnubreytingu sína með stefnuljósum, áður en hann kom að gatnamótunum, en skýrsla þessi er studd vætti eins vitnis. Hins vegar verður ekki talið, eins og ástæðum var háttað, að ökumanni bifreiðar stefnda hefði sézt yfir ferðir Ásmundar heitins á bifhjólinu, ef hann hefði sýnt ýtrustu varkárni og hugað gaumgæfilega að umferð, er hann kom að umræddum gatnamótum, svo sem honum bar skylda til skv. c- og d-lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Má rekja slysið að nokkru til þessarar vangæzlu ökumanns bifreiðar stefnda, enda var honum óheimilt að beygja til hægri suður Nóatún, fyrr en öruggt var, að nálæg ökutæki, er á móti komu, hefðu farið framhjá, sbr. 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Af þessum sökum ber að leggja fébótaábyrgð á stefnda vegna umrædds slyss. Af framburði vitna og verksummerkjum þykir hins vegar ljóst vera, að Ásmundur heitinn Sigurðsson hafi í umrætt sinn ekið á óhóflegum og ólöglegum hraða, án þess að séð verði, að slíks hafi verið nokkur nauðsyn. Er og ósannað, að hann hafi gefið hljóð- eða ljósmerki til viðvörunar, er hann nálgaðist gatnamótin. Verður því að telja, að hann hafi sjálfur átt verulega sök á slysinu. Að því athuguðu, sem að framan hefur verið rakið, verður dómurinn að líta svo á, að ökumaður bifreiðar stefnda og ökumaður bif-

hjólsins, Ásmundur heitinn Sigurðsson, hafi átt jafna sök á slysinu.

Stefnendur sundurliða kröfur sínar þannig:

1. Bætur til Önnu M. Guðmundsdóttur:
   a) fyrir missi framfæranda ..... kr. 878.634.36
   b) fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 80.000.00
2. Bætur til Guðmundar Steinþórs Ásmundssonar:
   a) fyrir missi framfæranda ..... — 103.297.00
   b) fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00
3. Bætur til Ásmundar Kristins Ásmundssonar:
   a) fyrir missi framfæranda ..... — 107.726.00
   b) fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00
4. Bætur til Áslaugar Ásmundsdóttur:
   a) fyrir missi framfæranda ..... — 39.667.00
   b) fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00
5. Bætur til Ásdísar Herrí Ásmundsdóttur:
   a) fyrir missi framfæranda ..... — 61.641.00
   b) fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00
6. Bætur til Andrésar Ásmundssonar:
   a) fyrir missi framfæranda ..... — 77.115.00
   b) fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00

Um 1. a:

Ásmundur heitinn Sigurðsson var fæddur 21. september 1932 og var því 28 ára, þegar hann lézt. Hann var kvæntur stefnanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur, sem talin er fædd 6. nóvember 1938, og eru börn þeirra, svo sem fyrr greinir, Guðmundur Steinþór, fæddur 22. nóvember 1959, og Ásmundur Kristinn, fæddur 22. september 1961. Börn Ásmundar af fyrra hjónabandi eru þau Áslaug, fædd 23. nóvember 1950, Ásdís Herrí, fædd 7. desember 1952, og Andrés, fæddur 15. marz 1955. Árin 1958 og 1959 var Ásmundur heitinn starfsmaður Skeljungs h/f, og námu vinnutekjur hans árið 1958 kr. 69.718.00 og árið 1959 kr. 76.371.75. Hinn 15. nóvember 1960 hóf Ásmundur störf í lögreglunni.

Stefnandi Anna Maggý Guðmundsdóttir reisir bótakröfur sínar samkvæmt þessum lið á tjónútreikningum K. G. Guðmundssonar, cand. act., sem dags. eru 16. apríl 1963, 5. nóvember 1963 og 21. júní 1965. Í hinum fyrsta framangreindra útreikninga gerir tryggingafræðingurinn í fyrsta lagi áætlun um það, hvert hefði orðið fastakaup Ásmundar heitins, ef hann hefði lifað. Er þar stuðzt við upplýsingar lögreglustjórans í Reykjavík um mánaðarkaup

Ásmundar að meðtalinni áhættuþóknun. Í öðru lagi sýnir tryggingafræðingurinn í þessum tjónútreikningi sínum áætlun um greiðslur fyrir aukavaktir og næturálag. Er þar stuðzt við upplýsingar lögreglustjóra um það, hverjum fjárhæðum hafi numið árin 1961 og 1962 aukagreiðslur til tveggja nafngreindra lögreglumanna, er unnu sömu störf og Ásmundur heitinn gegndi. Er áætlunin síðan gerð með þeim hætti, að tekið er meðaltal af greiðslunum til þessara manna hvort árið um sig og fundið, hvað þau meðaltöl eru margir hundraðshlutar af fastakaupinu viðkomandi ár. Síðan er tekið meðaltal af hundraðshlutum fyrir bæði árin. Fyrir aukavaktirnar verður það meðaltal 19.4%, en 13.7% fyrir næturálagið, hvort tveggja reiknað af fastakaupinu. Í útreikningi sínum vekur tryggingafræðingurinn athygli á því, að ekki megi leggja meira upp úr áætluninni um aukatekjur en grundvöllur hennar gefi tilefni til. T. d. séu greiðslurnar 1962 miklu hærri en árið áður og stafi það af því, að vöntun muni hafa verið á lögreglumönnum síðara árið. Það ástand þurfi þó ekki að vera varanlegt. Tryggingafræðingnum reiknast síðan, að verðmæti hlutar stefnanda Önnu M. Guðmundsdóttur af föstu launanum nemi samtals kr. 336.907.00 miðað við slysdag. Fæst þessi hlutur ekkjunnar þannig fram, að henni er ætlaður helmingur af verðmæti fastra launa, eftir að barnalífeyrir hefur verið dreginn frá. Til grundvallar útreikningi sínum á framfærslueyri barna leggur tryggingafræðingurinn hið lögákveðna meðlag, er sé jafnt barnalífeyri almannatrygginga. Hins vegar er hér ekki gert ráð fyrir opinberum gjöldum. Loks tekur tryggingafræðingurinn fram, að rétt sé að reikna með hærri tekjum en föstu launanum og falli til ekkjunnar helmingur af viðbótinni. Tekur tryggingafræðingurinn fram í því sambandi, að miðað við slysdag nemi verðmæti helmings fyrrigreindra áætlaðra aukatekna samtals kr. 159.248.00. Er þar heldur ekki gerður frádráttur fyrir opinberum gjöldum. Enn fremur er þess getið í lok útreikningsins, að ekkjan hafi fengið greidd þriggja mánaða laun, samtals kr. 13.934.64, sem komi til frádráttar, og hafa beri í huga, að eftir fráfall mannsins njóti ekkjan og börn hennar ein arðsins af vinnu hennar, sem maðurinn hafi áður fengið sinn hluta af. Útreikningur þessi byggir á 7% ársvöxtum, dánarlíkum ísl. kvenna og karla eftir reynslu áranna 1941—1950 og líkum fyrir starfsorkumissi í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Í tjónútreikningi þeim, sem dagsettur er 5. nóvember 1963, er gerð ný áætlun um verðmæti fyrrgreinds hluta ekkjunnar af

föstum launum Ásmundar heitins vegna breytinga þeirra, er orðið höfðu á launakjörum opinberra starfsmanna. Er í hinum nýja útreikningi áætlað, að föstu launin fari eftir 12. launaflokki frá og með 1. júlí 1963. Fær tryggingafræðingurinn fram í þessum útreikningi sínum, að verðmæti fyrrgreinds áætlaðs hluta ekkjunnar nemi kr. 456.344.00 í stað kr. 336.907.00 áður. Að öðru leyti er reikningsgrundvöllurinn sá sami og í fyrri útreikningi.

Í tjónútreikningi, sem dags. er 21. júní 1965, er tekið tillit til þeirra breytinga á launum lögreglumanna og barnalífeyri, sem orðið höfðu, frá því að útreikningurinn frá 5. nóvember var gerður. Þá er reiknað með 6% ársvöxtum í stað 7% ársvaxta áður. Fæst þá fram, að fyrrgreindur hlutur ekkjunnar af föstum launum hækkar úr kr. 456.344.00 í kr. 625.706.00. Í lok þessa útreiknings er síðan tekið fram, að ekki verði sagt um það með neinni vissu, hversu hátt eigi að meta aukatekjur þær, sem lögreglumenn hafi haft umfram föstu launin, bæði fyrir aukavaktir og næturálag. Er þess getið í þessum útreikningi tryggingafræðingsins til leiðbeiningar, að fyrir hvert 1%, sem bættist við áætlunina um fastar tekjur, mundi útreiknaður hluti ekkjunnar hækka um 1.2885%.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Bendir stefndi í því sambandi sérstaklega á, að óheimilt sé að reikna með fyllstu aukavinnu, sem verið hafi á því skamma tímabili, er haft sé til viðmiðunar, vegna þess að þá hafi verið skortur á lögreglumönnum. Föst laun lögreglumanna hafi þá verið lág og því reynzt nauðsynlegt að afla þeim mikillar aukavinnu til að halda þeim í starfi. Hafi þetta nú mjög breytzt, þannig að aukavinna hafi stórminnkað. Beri þess vegna a. m. k. að fella niður greiðslur fyrir aukavaktir. Verði þannig að taka tillit til þess, að aukavinnan sé óviss og geti ekki staðið alla ævi. Enn fremur bendir stefndi á, að vinnuafl stefnanda hafi losnað við slysið og njóti hún nú arðs af því ein. Loks er á það bent af hálfu stefnda, að taka verði tillit til þess hagræðis, sem sé af því að fá bæturnar greiddar út í einu lagi, svo og þess, að bætur sem þessar séu tekjuskatt- og tekjuútsvarsfrjálsar.

Fallast verður á, að ekki sé unnt að reikna með jafnmiklum aukatekjum og stefnandi gerir í kröfum sínum undir þessum lið. Hins vegar ber við ákvörðun bóta að taka nokkurt tillit til þessara tekna. Einnig ber við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið að taka til greina aðrar þær lækkunarröksemdir stefnda, sem að framan hafa verið raktar. Samkvæmt vottorði frá Trygginga-

stofnun ríkisins hafa stefnanda Önnu M. Guðmundsdóttur verið greiddar dánarbætur að fjárhæð kr. 102.420.00. Enn fremur hefur hún fengið greidd þriggja mánaða laun Ásmundar eftir slysið, kr. 13.934.64. Þegar síðastgreindar greiðslur hafa verið virtar til frádráttar og síðan litið til fyrrgreindrar skiptingar á ábyrgð á slysinu og önnur þau atriði virt, sem hér skipta máli, þykja bætur til stefnanda Önnu M. Guðmundsdóttur fyrir missi fyrirvinnu hæfilega ákveðnar kr. 265.000.00.

Um 1 b:

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Þegar það er virt, sem fram er komið um hagi stefnanda, og jafnframt litið til fyrrgreindrar skiptingar á ábyrgð á slysinu, þykja bætur til stefnanda Önnu M. Guðmundsdóttur vegna röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00.

Um 2—3:

Stefnandi byggir kröfur sínar um framfærslubætur til handa þeim Guðmundi Steinþóri og Ásmundi Kristni Ásmundssonum á útreikningum fyrrgreinds tryggingafræðings. Leggur tryggingafræðingurinn þar til grundvallar barnalífeyri almannatrygginga. Í útreikningi þeim, sem dags. er 21. júní 1965, en þar er reiknað með 6% vöxtum, fær tryggingafræðingurinn fram, að hlutur Guðmundar Steinþórs nemi kr. 103.297.00 og Ásmundar Kristins kr. 107.726.00.

Stefndi telur, að ekki komi til greina að dæma neinar greiðslur sem bætur til drengjanna vegna missi framfæranda. Er í því sambandi tekið fram, að í hinum útreiknuðu fjárhæðum, sem stefnandi geri kröfu til, sé gert ráð fyrir, að hún framfæri börn sín að hálfu. Hins vegar fái hún greitt frá Tryggingastofnun ríkisins mánaðarlega fjárhæð, sem að verðmæti jafngildi þeirri heildarfjárhæð, sem krafið er bóta fyrir vegna missi framfæranda, að því er þessa drengi varði. Komi ekki til álita, að börnin eigi rétt til meðlagsgreiðslunnar frá Tryggingastofnun ríkisins, en sú greiðsla komi einmitt í stað framfærslulífeyris frá föður og svo einnig bóta í sama skyni frá stefnda. Þá mótmælir stefndi bótakröfu skv. þessum lið fyrir röskun á stöðu og högum sem of háum.

Telja verður, að þeir Guðmundur Steinþór og Ásmundur Kristinn eigi á hendur stefnda bótakröfu vegna missis framfæranda, er fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi, er miðast við barnalífeyri

almannatrygginga, þar sem reikna verður með, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem þeir hefðu hlotið frá föðurnum, ef hans hefði notið við, sé meira en þeirri upphæð nemur. Hins vegar ber að hafa í huga, þegar framfærslubætur samkvæmt þessum lið eru ákveðnar, að þeir hafa notið og munu njóta til fullnaðs 16 ára aldurs óendurkræfs barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins. Þegar litið er til áðurgreindrar skiptingar á ábyrgð á slysinu og önnur atriði virt, er hér skipta máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi fyrirvinnu og fyrir röskun á stöðu og högum kr. 43.000.00 til Guðmundar Steinþórs og kr. 45.000.00 til Ásmundar Kristins.

Um 4—6:

Undir þessum liðum er stefndi, eins og áður segir, krafinn um framfærslubætur og bætur fyrir röskun á stöðu og högum til handa þremur börnum Ásmundar heitins Sigurðssonar af fyrra hjónabandi. Til grundvallar kröfunni um bætur fyrir missi framfæranda er lagður tjónútreikningur áðurnefnds tryggingafræðings, sem byggir á barnalífeyri almannatrygginga. Reiknað er með 6% vöxtum. Fæst þá fram, að hlutur Áslaugar nemi kr. 39.667.00, hlutur Ásdísar Herrí kr. 61.641.00 og Andrésar kr. 77.115.00.

Stefndi mótmælir því, að umrædd börn geti átt nokkurn bótarétt vegna missis framfæranda. Er í því sambandi bent á af hálfu stefnda, að umrædd börn séu börn Ásmundar heitins og fyrri konu hans, Jónínu Andrésdóttur. Hafi börnin verið á vegum Jónínu, en Ásmundur heitinn aðeins greitt meðlag með þeim lögum samkvæmt. Eftir lát Ásmundar hafi þau síðan fengið greiddan framfærslueyri frá Tryggingastofnun ríkisins lögum samkvæmt. Hafi þau því einskis misst, að því er fjárhag varði. Þá mótmælir stefndi kröfu samkvæmt þessum liðum um bætur fyrir röskun á stöðu og högum sem allt of háum og telur jafnvel vafasamt, að um slíkar bætur geti verið að ræða, þegar litið sé til þess, hvernig högum barnanna hafi verið komið.

Ætla verður, að börn þau, sem hér um ræðir, hefðu haft nokkurn fjárhagslegan stuðning frá föður sínum umfram hið lögskipaða meðlag, ef hans hefði notið við, þrátt fyrir lögskilnað foreldranna. Þá þykir og sýnt, að börn þessi hafi við dauða föður síns orðið fyrir röskun á stöðu og högum, þrátt fyrir það að foreldrarnir væru skilin að lögum og þau aðallega undir forsjá móðurinnar. Hins vegar ber að hafa í huga, þegar framfærslubætur

skv. þessum lið eru ákveðnar, að börn þessi hafa notið og munu njóta til fullnaðs 16 ára aldurs óendurkræfs barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins. Að þessu athuguðu og þegar litið er til fyrrgreindrar skiptingar á ábyrgð á slysinu og jafnframt önnur atvik höfð í huga, er hér skipta máli, þykja bætur til barna þessara hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum, sem hér segir: til Áslaugar samtals kr. 12.000.00, til Ásdísar Herrí samtals kr. 18.000.00 og til Andrésar samtals kr. 23.000.00.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnenda sem of hárri. Dæma ber vexti af tildæmdum fjárhæðum, sem hér segir: 7% ársvexti frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur persónulega kr. 300.000.00 að frádregnum kr. 20.000.00, sem hún þegar hefur fengið greiddar frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f upp í tjón sitt, eða samtals kr. 280.000.00, henni f. h. Guðmundar Steinþórs Ásmundssonar samtals kr. 43.000.00 og henni f. h. Ásmundar Kristins Ásmundssonar samtals kr. 45.000.00 með 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda Jónínu Andrésdóttur f. h. Áslaugar Ásmundsdóttur samtals kr. 12.000.00, henni f. h. Ásdísar Herrí Ásmundsdóttur kr. 18.000.00 og henni f. h. Andrésar Ásmundssonar kr. 23.000.00 með 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur persónulega og fyrir hönd sona hennar tveggja, þeirra Guðmundar Steinþórs og Ásmundar Kristins Ásmundssona, samtals kr. 39.400.00 í málskostnað. Renni af þeirri fjárhæð kr. 37.000.00 til skipaðs talsmanns þeirra, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns. Enn fremur ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda Jónínu Andrésdóttur f. h. Áslaugar og Ásdísar Herrí Ásmundsdætra og Andrésar Ásmundssonar kr. 10.400.00 í málskostnað, og renni kr. 8.000.00 af þeirri fjárhæð til skipaðs talsmanns stefanda, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnanda Önnu Maggý Guðmundsdóttur persónulega kr. 280.000.00, henni f. h. Guðmundar Steinþórs Ásmundssonar kr. 43.000.00 og henni f. h. Ásmundar Kristins Ásmundssonar kr. 45.000.00 með 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 39.400.00 í málskostnað, og renni kr. 37.000.00 af þeirri fjárhæð til skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnanda Jónínu Andrésdóttur f. h. Áslaugar Ásmundsdóttur kr. 12.000.00, henni f. h. Ásdísar Herrí Ásmundsdóttur kr. 18.000.00 og henni f. h. Andrésar Ásmundssonar kr. 23.000.00 með 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 22. júlí 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.400.00 í málkostnað, og renni kr. 8.000.00 af þeirri fjárhæð til skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1966.

Nr. 41/1966. **Gunnar Reynir Magnússon**
f. h. **Hákonar Magnússonar**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Helga Kjartanssyni
Guðrúnu Kjartansdóttur og
Soffíu Kjartansdóttur
(Birgir Ísl. Gunnarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um beitarítak í eignarnumdu landi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1966. Krefst hann sýknu í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt lögum nr. 20 frá 1941 ákvað atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með bréfi 27. apríl 1944 að taka m. a. eignarnámi hluta Hvalsnestorfu í Miðneshreppi undir flugvöll, en þetta land var í óskiptri sameign jarðarinnar Moshúsa og fimm annarra tilgreindra jarða. Stærð lands þess, sem tekið var eignarnámi af torfu þessari, voru rúmir 605 ha. að flatarmáli. Í nefndu bréfi ráðuneytisins var svo kveðið á, að nokkur hluti landsins skyldi vera tekinn fullkomnu eignarnámi, en hinn hlutinn tekinn eignarnámi þannig, að beitarafnot skyldu vera eignarnámsþolendum heimil á tæplega 400 ha. landsvæði. Yfirmati á eignarnámsbótum lauk 12. janúar 1948. Veittu eignarnámsþolendur eignarnámsbótum viðtöku í september 1948 og gáfu út hinn 16. þess mánaðar afsal til handa ríkissjóði fyrir öllu hinu eignarnumda landi. Í afsalinu er ekki minnzt á beitarítakið.

Hinn 5. ágúst 1948, en á þeim tíma var eigi fullráðið, hversu víðtækt eignarnámið undir flugvöllinn skyldi vera, afsalaði Kjartan Helgason, þáverandi eigandi jarðarinnar Moshúsa og faðir stefndu í máli þessu, Sveinrúnu Bjarnadóttur nefndri eignarjörð sinni „með öllum húsum og öllum gögnum og gæðum, sem ég hefi eignazt hana með, að undanskildu landi því, er tekið var eignarnámi til Keflavíkurflugvallar.“ Afsal þetta var þingfest 22. september 1948. Nefnd Sveinrún Bjarnadóttir afsalaði síðan hinn 4. nóvember s. á. áfrýjanda jörðinni „með öllum gögnum og gæðum“, að undanskildu íbúðarhúsinu, sem mun hafa verið flutt burt af jörðinni.

Það samrýmist vel orðalagi áðurgreindra afsala, að hlutdeild Moshúsa í hinu sameiginlega beitarítaki á eignarnumda landinu felist í orðunum „öllum gögnum og gæðum“. Mátti áfrýjandi við það miða, að beitarítakið fylgdi jörðinni áfram við jarðakaupin, þar sem ekki hafði verið á annað minnzt, enda var óeðlilegt, að ítakið væri skilið frá jörðinni og væri áfram eign seljandans Kjartans Helgasonar, sem hætt hafði búskap og flutzt til Reykjavíkur. Áfrýjandi hagnýtti sér og

beitarafnotin til 1. ágúst 1951, er þau voru af tekin, án nokkurra mótmæla af hendi Kjartans eða kröfu um gjald fyrir afnotin. Verður því að telja, að áfrýjandi hafi orðið réttmætur eigandi beitarítaksins. Á hann því rétt til bóta þeirra, sem í hlut Moshúsa koma við lausn beitarítaksins. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gunnar Reynir Magnússon f. h. Hákonar Magnússonar, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Helga Kjartanssonar, Guðrúnar Kjartansdóttur og Soffíu Kjartansdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Aðalatriði máls þessa, sem liggja ljóst fyrir í dómsgögnum, eru sem hér segir:

1. Kjartan Helgason var eigandi Moshúsa, eins hluta úr Hvalsnestorfunni, þegar tekið var eignarnámi til handa ríkissjóði landsvæði það á Reykjanesi, sem um ræðir í málinu, með undirvirðingargerð 20. febrúar 1946 og yfirvirðingargerð 12. janúar 1948.

2. Samkvæmt ákvörðun ráðherra í bréfi 27. apríl 1944 voru beitarafnot á eignarnámslandinu, að því er hér skiptir máli, undanskilin eignarnáminu. Beitarafnotin, að því er Moshús varðaði, héldust því áfram í eigu Kjartans Helgasonar. Voru þetta verðmæt réttindi, eins og m. a. má sjá af því, að árlegt gjald eftir beitarafnot Hvalsnestorfunnar á eignarnámslandinu hefur verið metið kr. 22.500.00, en þar af telst hluti Moshúsa, sem um er deilt, nema 8.85%.

3. Með afsali 5. ágúst 1948 seldi Kjartan Helgason Sveinrúnu Bjarnadóttur jörðina Moshús. Í afsalinu er eignarnámslandið berum orðum undanskilið sölunni. Samkvæmt

því öðlaðist Sveinrún ekki neinn rétt til eignarnámslandsins né á því, hvorki beitarrétt né annað. Bætur, sem fyrr eða síðar kynnu að koma fyrir eignarnámslandið eða réttindi yfir því, áttu því ekki til hennar að falla. Afsalið til Sveinrúnar var fyrirfram innritað til þinglýsingar á manntalsþingi Miðneshrepps hinn 22. september 1948.

4. Með afsali 4. nóvember 1948 seldi Sveinrún Bjarnadóttir Hákoni Magnússyni, áfrýjanda máls þessa, jörðina Moshús með sömu réttindum, sem hún hafði eignazt hana, að íbúðarhúsi undanskildu. Samkvæmt því, sem áður var sagt um kaup Sveinrúnar á jörðinni, fylgdu beitarréttindi á eignarnámslandinu ekki með í sölunni til áfrýjanda, og með því að afsalinu til Sveinrúnar hafði verið þinglýst, áður en afsalið til áfrýjanda fór fram, gat hann ekki öðlazt rétt til beitarafnotanna fyrir traustnám.

5. Af hálfu áfrýjanda hefur ekki verið bent á aðrar heimildir honum til handa fyrir beitarréttindum á eignarnámssvæðinu en framangreint afsal frá Sveinrúnu Bjarnadóttur, en eins og getið hefur verið, fólst ekki nein slík heimild í afsalinu frá henni.

6. Þegar tekið var fyrir beitarafnot á eignarnámslandinu vegna framkvæmda varnarliðsins hinn 1. ágúst 1951, voru beitarréttindi þar, að því er Moshús varðaði, í eigu Kjartans Helgasonar. Átti hann því og síðar erfingjar hans, stefndu í máli þessu, rétt til bóta þeirra, sem um er að tefla.

Samkvæmt því, er nú var rakið, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað hér fyrir dómi, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Reynir Magnússon f. h. Hákonar Magnússonar, greiði stefndu, Helga Kjartanssyni, Guðrúnu Kjartansdóttur og Soffíu Kjartansdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagði aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 29. desember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hafa Helgi Kjartansson, Holtsgötu 22, Guðrún Kjartansdóttir, Laugavegi 98, og Soffía Kjartansdóttir, s. st., öll í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. apríl 1963, gegn Gunnari Reyni Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, Kópavogi, vegna Hákonar Magnússonar, Nýlendu, Miðneshreppi, til innheimtu skuldar að fjárhæð kr. 40.114.46 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 6. febrúar 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 6% frá 1. janúar 1965.

Af hálfu stefnda, Hákonar Magnússonar, eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í máli þessu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi þeirra.

Málið er rekið fyrir þessum dómi með samkomulagi aðilja. Það var fyrst munnlega flutt 18. maí s. l., en eftir dómtöku þess var kveðinn upp úrskurður um framhaldsrannsókn, og var málið endurflutt að henni lokinni hinn 29. þ. m.

Málavextir:

Hinn 3. maí 1944 dómkvaddi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu að beiðni atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins tvo virðingarmenn til þess að meta andvirði tilgreindra landsvæða á Reykjanesi, sem taka átti eignarnámi til flugvallargerðar samkvæmt lögum nr. 20 frá 1941. Enn fremur skyldu matsmenn kveða á um fébætur til handa eigendum og umráðamönnum landsvæða þessara vegna skerðingar á hagnýtingu landanna frá þeim tíma, er ameríska setuliðið tók þau til afnota. Hinir dómkvöddu matsmenn kváðu upp matsgerð sína 20. febrúar 1946. Hvorki matsbeiðandi né matsþolar vildu una undirmatinu og skutu því til yfirmats. Voru því yfirmatsmenn dómkvaddir hinn 19. marz 1946, og kváðu þeir upp yfirvirðingargerð hinn 12. janúar 1948.

Meðal hinna eignarnumdu landa var hluti Hvalsnestorfu í Miðneshreppi, en land þetta var í óskiptri sameign jarðanna Hvalsness, Nýlendu, Moshúsa, Nýjabæjar, Smiðshúsa og Gerðakots. Samkvæmt yfirvirðingargerð var stærð þess lands, sem tekið var eignarnámi af Hvalsnestorfunni, rúmir 605 ha. að flatarmáli. Nokkur hluti landsins var algert bannsvæði, en beitarafnot voru látin haldast á tæplega 400 ha. landsvæði.

Landeigendur héldu beitarafnotunum til 1. ágúst 1951, en þá

mun þeim hafa verið meinuð afnotin vegna framkvæmda varnarliðsins. Liðu nú nokkur ár, án þess að samkomulag næðist um bætur til handa landeigendum vegna afnáms beitarréttindanna, en með samningi 25. nóv. 1955 samdist svo um, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins tæki við beitarafnotum þessara jarða frá 1. ágúst 1951 að telja gegn árlegu gjaldi, sem yrði ákveðið af gerðardómi. Skyldi gjald það, er gerðardómurinn ákvæði, haldast til ársloka 1957 og síðan næstu 5 ár óbreytt, ef ekki væri óskað endurmats. Var gerðardómur síðan skipaður, og lauk hann upp gerð sinni hinn 26. maí 1957. Samkvæmt henni var árlegt gjald vegna beitarafnota Hvalsnestorfunnar ákveðið 22.500.00 krónur. Voru eigendum Hvalsneslands greiddar bæturnar í einu lagi, en síðan var þeim skipt eftir fornu skiptahlutfalli innbyrðis, þannig að hlutur Moshúsa var 8.85%. Veitti þáverandi eigandi Moshúsa, Hákon Magnússon, bótunum viðtöku, en fól þær bróður sínum, Gunnari R. Magnússyni, til varðveizlu, og lagði hann fé̋ð inn á sparisjóðsbók í Útvegsbanka Íslands.

Hinn 6. febrúar 1963 námu bæturnar með áföllnum vöxtum samkvæmt upplýsingum vörzlumanns fjárins kr. 40.114.46, og er krafa stefnenda, er gera tilkall til fjárins, við það miðuð.

Faðir stefnenda, Kjartan Helgason, var eigandi jarðarinnar Moshúsa í Hvalsnestorfu, unz hann seldi hana Sveinrúnu Bjarnadóttur með afsali, dags. 5. ágúst 1948. Í afsalsbréfinu segir m. a.: „Ég Kjartan Helgason, bóndi að Moshúsum í Miðneshreppi, Gullbringusýslu, sel hér með og afsala Sveinrúnu Bjarnadóttur í Ráðagerði í Leiru, Gerðahreppi, eignarjörð mína, Moshús í Miðneshreppi, 64 hundr. að fasteignamati, með öllum húsum og öllum gögnum og gæðum, sem ég hefi eignast hana með, að undanskildu landi því, er tekið var eignarnámi til Keflavíkurflugvallar, fyrir kr. 30.000.00 — þrjátíu þúsund krónur. — ...

Kaupandi greiðir skatta og skyldur af eigninni frá þessum tíma og tekur þegar við henni, kvaðalausri.

Eignin selst í því ástandi, sem hún nú er í, og hefir kaupandi kynnt sér það.“

Jörðin var síðan í eigu Sveinrúnar Bjarnadóttur til 4. nóv. 1948, en þá seldi hún stefnda, Hákoni Magnússyni, jörðina. Í afsalsbréfinu til stefnda segir m. a.: „Ég Sveinrún Bjarnadóttir, húsfrú, til heimilis að Moshúsum í Miðneshreppi, Gullbringusýslu, sel hér með og afsala Ólafi Hák. Magnússyni, Nýlendu í Miðneshreppi, eignarjörð mína, Moshús í Miðneshreppi, 23 hundruð að fasteignamati, með öllum húsum (að undanskyldu íbúðar-

húsi því, sem nú er á jörðinni) og öllum gögnum og gæðum, sem ég hefi eignast hana með, fyrir kr. 11.000.00 — ellefu þúsund krónur ...

Kaupandi tekur frá þessum degi við eigninni og greiðir frá sama tíma skatta og skyldur af henni og hirðir frá sama tíma arð hennar.

Eignin selst í því ástandi, sem hún er í, og hefir kaupandi kynnt sér það.

Eins og að ofan greinir, er íbúðarhúsið undanskilið sölunni og full lóðarréttindi, meðan húsið stendur á nefndri jörð."

Stefnendur reisa kröfur sínar í málinu á því, að samkvæmt fyrrgreindu afsali föður þeirra, Kjartans Helgasonar, hafi verið undanskilið í sölunni land það, er tekið var eignarnámi til Keflavíkurflugvallar. Af þessu sé ljóst, að faðir þeirra hafi ekki selt nein réttindi, er kynnu að fylgja hinu eignarnumda landsvæði, og hafi söluverðið, kr. 30.000.00, verið miðað við það, að svæði þetta með gögnum og gæðum væri algerlega undanþegið. Faðir stefnenda hafi verið eigandi hins umrædda lands, er það var tekið eignarnámi. Bætur vegna eignarnámsins hafi ekki verið að fullu greiddar og hinum nýju eigendum Moshúsa óviðkomandi. Við fráfall föður stefnenda hafi þeir orðið eigendur kröfu þeirrar, sem mál þetta er risið af.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að beitarafnotin, sem um ræðir í máli þessu, hafi fylgt jörðinni, er hann keypti hana. Hafi hann hagnýtt sér þessi beitarafnot óátalið af öllum, frá því að hann eignaðist jörðina, unz þau voru af honum tekin. Beitin, öflun heyja og rekinn hafi verið ákvörðunarástæða fyrir hann, er hann keypti jörðina, enda hafi stefnendur í upphafi ekki talið sig eiga neinn rétt á bótum vegna þess, að beitarrétturinn var af tekinn.

Það hafi eigi verið fyrr en löngu eftir að bæturnar höfðu verið greiddar, sem meðstefnandi Soffía Kjartansdóttir hafi talað við Gunnar R. Magnússon og spurzt fyrir um bæturnar og muni deila út af skiptingu bóta í Stafneslandi hafa vakið athygli stefnenda á þessu máli. Af hálfu seljenda Moshúsa og fyrri eigenda hafi aldrei verið á það minnzt, að annað en íbúðarhúsið og land það, sem búið var að taka eignarnámi, væri undanskilið í sölunni. Hins vegar kveður stefndi sér hafa verið vel um það kunnugt, að eigandi Moshúsa mátti beita hluta af hinu eignarnumda landi, en aldrei hafi verið minnzt á annað en að fyrri eigendur væru búnir að fá fullnaðargreiðslu fyrir það. Hafi aldrei hvarflað annað að

honum en hann fengi sem jarðeigandi allar bætur fyrir missi beitarréttarins, en svo hefði verið litið á, að fullar bætur hefðu þegar verið greiddar fyrir sjálft landið.

Tveir stefnenda, Helgi Kjartansson og Guðrún Kjartansdóttir, hafa komið fyrir dóm. Í skýrslum þeirra kemur fram, að þeim var ókunnugt um það, hvort föður þeirra var tilkynnt um það, þegar beitarrétturinn var afnuminn á sínum tíma, en hann hafi þá verið orðinn lasburða og kominn á elliheimili. Þau kváðu föður sinn hafa hætt búskap og flutzt til Reykjavíkur, eftir að hann seldi jörð sína 1948, og kvað Helgi hann hafa sagt sér, að hann væri búinn að selja allt landið nema beitarlandið. Stefnandi Guðrún ber einnig, að faðir hennar hafi sagt, að hann ætti sömu landsréttindi og aðrir landeigendur suður frá, sem land hefði verið tekið eignarnámi af. Þegar samkomulag varð um það að vísa ágreiningnum um bætur fyrir missi beitarafnotanna til gerðardóms, var faðir stefnenda látinn, en hann lézt 24. ágúst 1954.

Stefndi og umboðsmaður hans hafa einnig komið fyrir dóm. Kvaðst stefndi ekki minnast þess, að beitarréttindin hefðu borizt í tal, þegar Sveinrún Bjarnadóttir afsalaði honum jörðinni, en hins vegar hafi hann gengið út frá því, að beitarrétturinn á hinu eignarnumda landi fylgdi með í kaupunum. Gunnar R. Magnússon, bróðir stefnda, var viðstaddur, þegar bótafé var innt af hendi. Hann kvað það hafa verið að sínu ráði, sem bótafé var lagt inn á sérstaka sparisjóðsbók. Aðspurður um ástæðuna fyrir þessu kvað hann einhvern meiningamun hafa komið fram á fundinum með lögmanni þeim, sem innheimti bæturnar, um það, hvort þessi eða hinn aðilinn ætti að taka við bótunum.

Af gerðardóminum frá 26. maí 1957 um bætur fyrir missi beitarafnotanna er ljóst, að við ákvörðun bótanna er höfð hliðsjón af þeirri skerðingu, sem ætla mátti, að yrði á jörðunum til búrekstrar. Hafa gerðardómendur því sýnilega gengið út frá því, að beitarrétturinn fylgdi jörðunum.

Enda þótt leigugjald fyrir beitarrétt Moshúsa hafi þannig metið orðið hærra heldur en verið hefði, ef það hefði verið metið án tillits til búrekstrar á jörðinni, skiptir það ekki máli um eignarrétt að beitarréttindum þeim, sem mál þetta er risið af, heldur verða hér til að koma almennar skýringarreglur samninga með hliðsjón af atvikum málsins.

Svo sem áður greinir, var land það, sem tekið var eignarnámi til Keflavíkurflugvallar, berum orðum undanskilið á afsali Kjart-

ans Helgasonar til Sveinrúnar Bjarnadóttur, en beitarréttindi, sem fylgdu hluta af hinu eignarnumda landi, eru ekki nefnd á nafn. Stefndi leiðir rétt sinn af þessu afsali, sem var innritað til þinglestrar 22. sept. 1948. Í afsali Sveinrúnar Bjarnadóttur til stefnda, sem dagsett er 4. nóv. 1948, er ekki minnzt á eignarnámsspilduna, en jörðinni afsalað með þeim gögnum og gæðum, sem seljandi hafði eignazt hana með, að undanskildu íbúðarhúsi. Stefnda var hins vegar kunnugt um eignarnámið og vissi, að beitarréttur hafði verið látinn haldast á hluta hins eignarnumda lands, en kveðst hafa gengið út frá því, að þessi réttindi fylgdu jörðinni. Ekki minntist stefndi þess þó, að minnzt hefði verið á umrædd beitarréttindi, þegar afsalið fór fram.

Samkvæmt eðli málsins verður að telja líkur fyrir því, að með því að undanskilja eignarnámslandið við sölu Moshúsa hafi seljandi einnig ætlazt til þess, að þau afnotaréttindi, sem landinu fylgdu, væru undanskilin, enda þótt það væri ekki sérstaklega tekið fram. Sönnunarbyrðin fyrir því, að hin umdeildu beitarréttindi hafi fylgt jörðinni, er hún var seld, hvílir á stefnda. Af öllu því athuguðu, sem að framan greinir, er ósannað, að stefndi hafi með afsali eða á annan hátt eignazt umrædd beitarréttindi. Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að stefnendur eigi rétt til leigugjalds að sínum hluta fyrir beitarafnotin. Ágreiningur er ekki um fjárhæðir. Úrslit málsins verða því þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnendum, eins og krafizt er, kr. 40.114.46 með 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnar Reynir Magnússon f. h. Hákonar Magnússonar, greiði stefnendum, Helga Kjartanssyni, Guðrúnu Kjartansdóttur og Soffíu Kjartansdóttur, kr. 40.114.46 með 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. nóvember 1966.

Nr. 61/1965. **Sigurgeir Sigurdórsson** (Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Herði Einarssyni (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjald sjómanns í veikindaforföllum. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz 1965. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur stefndi gefið skýrslu fyrir dómi, Bjarni Bjarnason læknir hefur gefið viðbótarvottorð og hann og Guðmundur Eyjólfsson læknir gefið skýrslu fyrir dómi.

Í vætti sínu skýrir Guðmundur Eyjólfsson læknir svo frá, að hann hafi um margra ára skeið verið heimilislæknir stefnda. Verið geti, að stefndi hafi ekki komið til skoðunar til hans fyrr en 2. apríl 1961 og sé þá 30. marz sennilega dagurinn, sem hann hafi veikzt. Í umrætt sinn hafi hann skoðað stefnda lauslega, en vísað honum til Bjarna Bjarnasonar læknis, sérfræðings í meltingarsjúkdómum, til frekari rannsóknar. Bjarni Bjarnason læknir segir í vottorði, sem dagsett er 5. maí 1966, að stefndi hafi komið til hans vegna meltingarsjúkdóms 4. apríl 1961. Hafi hann rannsakað heilsu stefnda nákvæmlega og hafi rannsókn staðið til 24. apríl 1961, en þann dag hafi stefndi lagzt á sjúkrahús.

Með vísun til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en kröfufjárhæð hefur ekki verið sérstaklega mótmælt.

Þá þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurgeir Sigurdórsson, greiði stefnda, Herði Einarssyni, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. janúar 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. þ. m., hefur Hörður Einarsson, Ljósheimum 4 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 25. október 1961, gegn Sigurgeir Sigurdórssyni útgerðarmanni, Hrísateigi 14 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 20.000.00 auk 8% ársvaxta frá 30. apríl 1961 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins. Þá krefst stefnandi og viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Aldísi, RE 9, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Stefnandi var stýrimaður á m/b Aldísi, RE 9, á vetrarvertíð árið 1961, og var stefndi eigandi og útgerðarmaður bátsins. Var stefnandi skráður á bátinn hinn 24. febrúar og afskráður hinn 30. marz, er hann fór í land vegna veikinda og kom ekki aftur til starfa á bátnum, þar sem hann var frá vegna veikinda í tvo mánuði.

Byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að samkvæmt 9. gr. kjarasamnings Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna svo og 32. gr. sjómannalaga eigi hann rétt á veikindakaupi í einn mánuð. Samkvæmt 1. gr. greinds samnings hafi kaup hans átt að vera 1½ hásetahlutur, aflahlutur, ef því var að skipta, og að auki kr. 250.00 á mánuði. Samanlagt nemi þessar greiðslur um kr. 20.000.00 fyrir aprílmánuð, en ógerlegt hafi verið að reikna þetta nákvæmlega, þar sem stefndi hafi ekki orðið við áskorun um að láta í té reikningsuppgjör fyrir þetta tímabil og ekki liggi fyrir gögn um aflamagn bátsins og aflaverðmæti á þessum tíma.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að „hin svokölluðu veikindi“ stefnanda hafi ekki verið þess eðlis, að þau réttlæti réttmæti kröfu hans.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búinn að

vera á bátnum í 2—3 vikur, er hann hafi farið að finna til alvarlegrar hægðatregðu, sem svo hafi ágerzt næstu vikurnar. Er hann svo kom úr róðri aðfaranótt föstudagsins langa, kveður hann sér hafa verið farið að líða illa. Hann kveðst hafa farið á slysavarðstofuna um morguninn. Þar kveður hann sér hafa verið gefnar ráðleggingar, en ef þær dygðu ekki, hafi hann átt að leita læknis. Er ráðleggingar þessar dugðu ekki, kveðst stefnandi hafa farið til heimilislæknis síns, Guðmundar Eyjólfssonar, sem hann kveður svo hafa vísað sér til sérfræðings í magasjúkdómum. Stefnandi kveðst nú hafa farið til Bjarna Bjarnasonar læknis og verið hjá honum í rannsókn í nokkrar vikur, þar til hann hafi verið lagður á sjúkrahúsið Sólheima í „magakúr". Stefnandi kveðst fyrir nokkrum árum hafa haft of litlar magasýrur og þá leitað læknis og fengið lyf til að lagfæra það ástand. Síðan kveðst hann hafa verið sæmilega góður í maganum og alltaf stundað sjó, og kveðst hann stunda sjó enn eftir veikindi þau, sem hér er fjallað um. Stefnandi kveðst aldrei hafa verið frá vinnu vegna veikinda nema þetta eina sinn.

Stefndi kveður stefnanda hafa sýnt mjög lítinn áhuga og jafnvel skeytingarleysi þann tíma, sem hann var á bátnum. Hann kveður stefnanda hafa farið í land fyrirvaralaust fyrir páska. Þar sem erfitt hafi verið að ná í mann í stað hans, kveðst stefndi hafa marghringt í stefnanda, en svarið hafi alltaf verið hið sama, að hann þyrfti að ná tali af lækni, en það hefði ekki tekizt og á meðan treysti hann sér ekki á sjó.

Tómas Sæmundsson, skipstjóri á m/b Aldísi, kveðst í janúarmánuði 1961 hafa ráðið stefnanda sem stýrimann á væntanlega vetrarvertíð. Hann kveður byrjað hafa verið að róa síðast í febrúar. Til að byrja með hafi gæftir verið góðar og hafi verið róið daglega. Eftir um viku kveður hann stefnanda hafa þurft að fá frí til að vera við jarðarför vestur á Fjörðum. Eftir viku hafi svo stefnandi komið aftur. Eftir þetta kveður Tómas gæftir hafa farið að vera stopular og hafi þá ekki verið róið nema fáa daga í viku. Hann kveður stefnanda þrátt fyrir þetta hafa orðið af einum róðri. Tómas kveður það svo hafa verið síðustu róðrana fyrir páska, að stefnandi hafi farið að tala um, að hann hefði ekki eðlilegar hægðir og hafi hann þá sagzt hafa vanda til þess síðustu árin, sem hann hefði verið skipverji á minni bátum. Ekki kveður Tómas stefnanda hafa gert neinar ráðstafanir til að ráða bót á þessu í þetta sinn þrátt fyrir marga landlegudaga. Síðasta róðurinn fyrir páska hafi svo stefnandi sagzt þurfa að vera í

landi til að fá lagfæringu á þessu. Ekki kveður Tómas neitt hafa verið við þessu að segja, þótt einkennilega hafi það komið fyrir sjónir að fara fyrst að hugsa um að leita læknis yfir páskana. Tómas kveðst svo hafa haft samband við stefnanda strax eftir páska og hafi hann þá sagt, að ástand sitt væri óbreytt og að hann hefði ekki náð í lækni. Tómas kveðst þá hafa beðið hann að reyna að hraða þessu og gera eitthvað við þessu sem fyrst, en stefnandi hafi talið vandkvæði á, að af því gæti orðið, því að hann ætlaði að fara í meiriháttar rannsókn. Kveður Tómas helzt hafa verið á stefnanda að heyra, að ekki þyrfti að búast við honum til starfa aftur. Nokkrum dögum seinna kveðst Tómas hafa hringt til stefnanda og hafi hann þá sagt, að hann skyldi ekki hugsa um hann meira. Hafi hann sagzt ætla að fá sig fullkomlega góðan fyrir hvalveiðarnar, sem hann hafi ætlað að stunda um sumarið. Tómas kveður sér ekki hafa komið þetta á óvart, því að allan tímann, sem stefnandi hafi verið um borð, hafi mátt á honum heyra, að hann yrði ekki á bátnum út vertíðina.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö læknisvottorð Guðmundar Eyjólfssonar læknis, dags. 21. apríl 1961. Kemur þar fram, að við skoðun hinn 30. marz 1961 hafi stefnandi þjáðst af magabólgu, skeifugarnarbólgu og ristilbólgu og verið óvinnufær.

Þá liggur og fyrir í málinu vottorð Bjarna Bjarnasonar læknis þess efnis, að stefnandi hafi legið á sjúkrahúsinu Sólheimum vegna meltingarsjúkdóma frá 24. apríl til 18. maí 1961.

Það verður að telja ljóst af vottorðum Guðmundar Eyjólfssonar, að er hann skoðaði stefnanda hinn 30. marz 1961, hafi stefnandi verið óvinnufær af völdum sjúkdóma þeirra, sem áður greinir. Stefnandi var svo í framhaldi af þessari skoðun vistaður á sjúkrahús, eins og fram kemur í vottorði Bjarna Bjarnasonar læknis. Verður því að telja fram komið, að stefnandi hafi verið frá vinnu hjá stefnda vegna veikinda og að hann eigi rétt á greiðslum úr hendi stefnda sem útgerðarmanns m/b Aldísar í 30 daga í samræmi við 9. gr. fyrrgreinds samnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Eftir að munnlegur málflutningur hafði farið fram í málinu hinn 23. september s. l., var aðiljum veittur kostur á öflun eftirtalinna gagna:

1. Upplýsinga um aflamagn og aflaverðmæti m/b Aldísar, RE 9, tímabilið frá 30. marz til 30. apríl 1961.
2. Útreiknings á launum þeim, sem stefnanda hefði borið sam-

kvæmt kjarasamningi Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands fyrir greint tímabil, ef hann hefði áfram gegnt störfum sem stýrimaður.

Að gengnum þessum úrskurði hafa þær upplýsingar komið fram í málflutningsyfirlýsingu lögmanns stefnanda, að samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands hafi afli bátsins í aprílmánuði numið 176.596 kg. og hafi báturinn á þessum tíma eingöngu stundað netjaveiðar og aflinn eingöngu verið þorskur. Hafi útgerðarmaðurinn sjálfur keypt aflann og verkað hann í landi og hafi fiskurinn því allur verið settur á land óslægður með haus. Er útreikningur á kröfu stefnanda einnig á því byggður, að samkvæmt upplýsingum Landssambands íslenzkra útvegsmanna hafi verð á netjafiski verið kr. 2.41 hvert kg., ef fiskurinn var lifandi blóðgaður og landað var daglega, en ella kr. 2.10 hvert kg. Við útreikning á kröfu stefnanda er við það miðað, að ⅔ hlutar aflans í aprílmánuði hafi lent í hærri verðflokki, en ⅓ hluti hans í hinum lægri flokki. Samkvæmt því sé meðalverð kr. 2.31 hvert kg. og heildaraflaverðmæti kr. 407.946.00. Þá er einnig byggt á því við útreikning á kröfu stefnanda, að hlutur skipshafnar í aflaverðmæti hafi á þessum tíma verið 29.5% og séu þá aukahlutir ekki reiknaðir með. Þar sem 8 skipverjar hafi verið á bátnum, sé því hver hásetahlutur ⅛ úr 29.5% eða 3.68% af heildaraflaverðmætinu. Stýrimaður hafi átt að fá 1½ hlut, eða 5.52% af heildarverðmætinu, eða kr. 22.519.00. Auk þess hafi stýrimaður átt að fá kr. 250.00 í kaup á mánuði. Samkvæmt þessu er því haldið fram, að laun stýrimanns á bátnum hafi numið kr. 22.769.00 yfir aprílmánuð.

Af hálfu stefnda hafa engin gögn verið lögð fram og engar yfirlýsingar gefnar, er af verði ráðið, hver stýrimannslaun á bátnum hafi verið í aprílmánuði. Stefnda var þó í lófa lagið að veita fullnægjandi upplýsingar um þetta atriði. Þykir því verða að leggja upplýsingar og útreikning stefnanda til grundvallar við úrlausn málsins, enda hefur ekki verið bent á nein þau atriði, er geri útreikninginn rangan. Þar sem fjárkrafa stefnanda er lægri en niðurstaða útreiknings stefnanda, þá þykir mega taka kröfur hans til greina, þó þannig, að vextir reiknast 7% frá 30. apríl 1961 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Viðurkenndur er sjóveðréttur stefnanda til handa í m/b Aldísi, RE 9, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eiríki Kristóferssyni skipherra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurgeir Sigurdórsson, greiði stefnanda, Herði Einarssyni, kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Viðurkenndur er sjóveðréttur stefnanda til handa í m/b Aldísi, RE 9, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. nóvember 1966.

Nr. 101/1966. **Gústaf A. Sveinsson**
f. h. Tórfríður Abrahamsen
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey
(Árni Guðjónsson hrl.)
og svo gegn
Martha Simonsen, Sigurð Simonsen, Árna S. Simonsen og Sigurð S. Simonsen
(Benedikt Blöndal hrl.)
og
Fiskiveiðahlutafélagið Akurey
gegn
Tórfríður Abrahamsen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti og samdómendurnir Guðmundur E. Guðjónsson og Pálmi Sveinsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 21. júní 1966 og birtri 5. ágúst s. á., og krafizt þess, að gagnáfrýjandi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, og svo stefndu, Martha Simonsen, Sigurð Simonsen, Árni S. Simonsen og Sigurð S. Simonsen, verði dæmd til að greiða honum óskipt danskar krónur 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og vangoldið orlofsfé hans, danskar krónur 196.98, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst og, að staðfestur verði með dómi sjóveðréttur í b/v Akurey, AK 77, TFHC, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1966 og krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Íslenzkir dómstólar eiga lögsögu í máli aðaláfrýjanda á hendur stefndu, sbr. 43. gr. laga nr. 67/1963.

Staðfesta ber héraðsdóm í máli aðaláfrýjanda á hendur stefndu. Málskostnaður í máli þessara aðilja skal falla niður fyrir Hæstarétti.

Með samningi milli gagnáfrýjanda og stefndu máls þessa, dags. 14. apríl 1964, veitti gagnáfrýjandi, eigandi b/v Akureyjar, AK 77, stefndu heimild til að sigla skipi þessu „eina veiðiferð á venjulegar fiskislóðir Færeyinga, enda standi veiðiferðin ekki lengur en 3 almanaksmánuði". Aðaláfrýjandi var einn þeirra skipverja, sem hinn 12. maí 1964 voru lögskráðir á skipið til veiðiferðar á Grænlandsmið. Var hann afskráður af skipinu 5. september 1964. Er fjárhæð sú, sem hann krefur sér dæmda í máli þessu, eftirstöðvar af launum hans í fiskiferð þessari ásamt orlofsfé. Liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá „Umsitingardeild" í Færeyjabanka, staðfest af Sigurð Simonsen skipstjóra 10. apríl 1965, að eftirstöðvar kaupsins séu þær, sem að framan segir. Þá hefur J. Sund-

stein, löggiltur endurskoðandi, lýst því í bréfi 28. desember 1964, að hann hafi yfirfarið yfirlitsreikning nefnds banka um fiskiferð áminnzts botnvörpungs, borið reikninginn saman við bókhaldið og gengið úr skugga um, að rétt væri með farið.

Saltfiskafli b/v Akureyjar í nefndri fiskiför til Grænlands var settur á land í Esbjerg dagana 9. til 13. september 1964. B/v Akurey mun hafa komið til Færeyja frá Esbjerg 29. september 1964. Með því að hætta vofði yfir, að skipið yrði kyrrsett í Færeyjum vegna sjóveðkrafna skipverja, sendi Landsbanki Íslands hinn 3. nóvember 1964 Færeyjabanka svohljóðandi símskeyti: „Landsbanki Íslands ábyrgist greiðslu á kröfu föroyafiskimannafélagsins vegna b/v Akureyjar, ad fjarhaed alltað 100 thusund faereyskar kronur samkvaemt dómi eda úrskurði stop Simtilkynnið foeroya-fiskimannafélaginu". Var gagnáfrýjanda síðan skilað skipinu. Hann seldi það til Noregs hinn 6. september 1966.

Með stefnu 2. október 1965 höfðaði aðaláfrýjandi mál á hendur gagnáfrýjanda til greiðslu launaeftirstöðva sinna, orlofsfjár ásamt vöxtum og kostnaði. Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 átti aðaláfrýjandi sjóveðrétt í b/v Akurey fyrir launakröfum sínum. Eftir 1. mgr. 231. gr. siglingalaganna er kröfuhafi sjálfráður að höfða mál, hvort hann vill heldur á hendur útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á kröfu, sem sjóveð er fyrir í skipi. Útgerðarmaður táknar hér eiganda skips, svo sem sjá má af 2. mgr. 231. gr., þar sem gerður er greinarmunur á útgerðarmanni og öðrum manni, „sem gerir skipið út á sjálfs sín kostnað". Að svo vöxnu máli þykir mega skýra orðin dóm eða úrskurð í ábyrgðaryfirlýsingu Landsbanka Íslands þannig, að þau taki einnig til dóms eða úrskurðar á hendur gagnáfrýjanda, enda var bankaábyrgðin sett til þess að afstýra því, að gengið væri að b/v Akurey sem sjóveði í Færeyjum til fullnægingar á launakröfum skipverja. Hér er þess og að minnast, að í máli þessu gengur og dómur á hendur stefndu til greiðslu á kröfu aðaláfrýjanda.

Yfirlýsingu þá, sem Landsbanki Íslands setti hinn 3. nóv-

ember 1964, verður að skýra þannig, að hún tryggi greiðslu á þeim launakröfum, sem þá var sjóveð fyrir í b/v Akurey samkvæmt dómi, er síðar gengi. Hefur gagnáfrýjandi með setningu þessarar bankaábyrgðar undirgengizt að greiða kröfu aðaláfrýjanda, sem samkvæmt gögnum málsins hefur reynzt rétt.

Svo sem áður sagði, var síðasti söludagur afla b/v Akureyjar í Esbjerg hinn 13. september 1964. Færeyjabanki hefur í símskeyti 23. nóvember 1966 lýst því, að andvirði aflans hafi verið flutt til bankans hinn 22. september 1964, en bankanum hafi í fyrsta lagi hinn 5. október 1964 borizt skilagrein nafngreinds miðlara í Esbjerg, dags. 1. október 1964. Samkvæmt 6. tl. 232. gr. siglingalaga nr. 66/1963 helzt sjóveðréttur í skipi fyrir launakröfum skipverja allt að eitt ár, frá því að kröfur þessar falla í gjalddaga. Aðaláfrýjandi höfðaði mál þetta með stefnu 2. október 1965 og birtri sama dag. Telja verður, að gjalddagi kröfu aðaláfrýjanda hafi verið þá, er útgerðarmenn máttu í fyrsta lagi gera honum reikningsskil, en það var, er skilagrein miðlarans barst Færeyjabanka. Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að sjóveðkrafa aðaláfrýjanda hafi verið fyrnd, þá er stefna í málinu var birt gagnáfrýjanda, sbr. 11. gr. laga nr. 14/1905.

Hinn 6. september 1966 seldi gagnáfrýjandi Bjarne Bendiksen, Tromsö, Noregi, b/v Akurey, AK 77, fyrir n. kr. 275.000.00. Þar sem sjóveðréttarkrafa aðaláfrýjanda hvíldi á skipinu við söluna, varð gagnáfrýjandi sjálfskuldaraðili að henni samkvæmt 223. gr. siglingalaga nr. 66/1963, þótt sjóveðrétturinn haldist samkvæmt 2. mgr. 219. gr. sömu laga.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda óskipt með stefndu d. kr. 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og d. kr. 196.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags. Þá greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst ísl. kr. 19.000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður í máli aðaláfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar f. h. Tórfríður Abrahamsen, gegn stefndu, Martha Simonsen, Sigurð Simonsen, Árna S. Simonsen og Sigurð S. Simonsen, og fellur málskostnaður þeirra á milli niður fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, greiði aðaláfrýjanda óskipt með stefndu d. kr. 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og d. kr. 196.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags. Þá greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals ísl. kr. 19.000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akraness 22. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. marz s. l., er af stefnanda, Tórfríður Abrahamsen, Fuglafirði, Færeyjum, höfðað gegn Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey á Akranesi svo og í framhaldssök og aukamáli gegn þeim Árna S. Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, öllum í Fuglafirði í Færeyjum, með stefnu, útg. 2. okt. 1965 og birtri sama dag.

Aðalsök var þingfest 7. okt. 1965, en framhaldssökin og aukamálið voru þingfest hér hinn 27. jan. s. l. og stefnan í þeim útgefin 20. nóv. 1965.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að aukastefndu, Árni S. Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, verði ásamt aðalstefnda, Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey á Akranesi, dæmd in solidum til þess að greiða honum vangoldið kaup eða aflahlut að upphæð danskar krónur 2.024.62, orlofsfé danskar krónur 196.98 ásamt 6% ársvöxtum af fyrri upphæðinni frá 9. okt. 1964 til greiðsludags, en af síðari upphæðinni frá 1. maí 1965

til greiðsludags svo og málskostnað. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans fyrir áðurnefndum kröfum í botnvörpuskipinu Akurey, AK 77, TFHC, eign aðalstefnda.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var hinn 12. maí 1964 lögskráður skipverji á b/v Akurey, AK 77, í veiðiferð til Grænlandsmiða, en afskráður af sama skipi 5. sept. 1964. Hafa aukastefndu, sem voru leigutakar skipsins og útgerðarmenn, viðurkennt réttmæti kaupkröfu og orlofsfjár hans, en mótmælt málskostnaðarkröfum sem of háum.

Af hálfu stefnanda hefur hrl. Gústaf A. Sveinsson haldið því fram, að auk þess sem aðalstefndi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, hafi lofað að greiða hina umstefndu kaupkröfu og sett bankatryggingu fyrir henni, hafi stefnandi sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, til tryggingar öllum dómkröfum hans í þessu máli. Frumrit skipshafnarskrárinnar er lagt fram í málinu.

Af hálfu aðalstefnda, F.v. h/f Akurey, hefur hrl. Árni Guðjónsson haldið því fram, að mál þetta sé ólöglega höfðað, þar eð fyrst sé stefnt fyrir sjóveðkröfuna, en síðar gegn leigutökum skipsins með aukastefnu. Á þetta verður ekki fallizt. Ber því að dæma málið hér að efni til í einu lagi, aðalsök, framhaldssök og aukamál, en í því mætti við munnlegan flutning málsins hinn 15. marz s. l. hdl. Ragnar Aðalsteinsson af hálfu hinna fjögurra aukastefndu.

Sátta var leitað í öllum framangreindum málum, en án árangurs. Stefnandi og aðalstefndi hafa krafizt málskostnaðar. Af hálfu aðalstefnda, F.v. h/f Akurey, hefur því verið neitað, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig til greiðslu á hinum umstefndu kröfum stefnanda, þar sem skilyrði þau, sem sett voru af hans hálfu fyrir greiðslunni, hafi aldrei verið uppfyllt. Skilyrði þessi voru, að fengin væri aðfararhæf yfirlýsing hinna aukastefndu fyrir hinum vangoldnu kaupkröfum. Yfirlýsingar þessar komu ekki nema gallaðar, þ. e. ódagsettar, óvottfestar og engin loforð um greiðslur, heldur einungis að þau skuldi kaupkröfur þessar. Af skjölum málsins er þannig ekki að finna skilyrðislaust greiðsluloforð aðalstefnda á umstefndri kaupkröfu. Verður því að sýkna aðalstefnda af kröfu þessari.

Þá er að líta á kröfu stefnanda um sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, eign aðalstefnda, fyrir dómkröfum hans í þessu máli, sem viðurkenndar eru af hinum aukastefndu. Af hálfu aðalstefnda er

kröfunni um sjóveðrétt mótmælt sem fyrndri, þar sem mál þetta er ekki höfðað innan eins árs frá afskráningu stefnanda af skipinu, heldur 27 dögum síðar. Í núgildandi siglingalögum nr. 66 frá 1963 er í 232. gr., 6. tölulið, ákveðinn fyrningarfrestur sjóveðréttar fyrir kaupkröfum skipverja eitt ár frá gjalddaga. Í siglingalögum nr. 56/1914 var fyrningarfresturinn eitt ár, frá því starfstíma skipverja á skipinu lauk. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að fyrningarfrestur sjóveðs fyrir kaupi skipverja hafi breytzt með gildistöku áðurgreinds ákvæðis í 232. gr. laganna frá 1963 og að gjalddagi fari nú eftir frestum, er gefnir eru til loka reikningsuppgjörs í ráðningarsamningum skipverja. Í athugasemdum við frumvarpið að lögum frá 1963 er ekkert minnzt á orðalagsbreytingu þessa. Verður því að ætla, að svo þýðingarmikil breyting á fyrningarákvæðunum, sem af hálfu stefnanda er haldið fram, að hér hafi verið gerð, hafi annað hvort orðið óvart eða að löggjafinn hafi talið, að orðin „frá gjalddaga" skyldu merkja hið sama og orðin „frá því starfstíma lauk" í 252. gr. siglingalaganna frá 1914. Sjóveðréttur verður ekki fenginn nema með dómi. Um gjalddaga sjóveðkröfu verður að fara eftir lagastaf íslenzkrar löggjafar. Ákvæði um uppgjörsfresti teljast ekki lög í þessu sambandi, hvort sem erlendir eða íslenzkir eru þar samningsaðiljar, enda ekki þörf á uppgjörsfresti, ef gjalddagi er ekki kominn áður. Gjalddagi sjóveðkrafna skipverja telst því eftirleiðis, svo sem hingað til hefur verið talið, sá dagur, þegar starfstíma skipverjans lýkur á skipi. Kröfu stefnanda um sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, fyrir kröfum sínum ber því að hafna, með því að sjóveðréttur í skipinu fyrir kaupkröfu hans er fyrndur, þegar mál þetta er höfðað. Eftir þessum úrslitum telst hæfilegt, að stefnandi, G. A. Sveinsson fyrir Tórfríður Abrahamsen, greiði aðalstefnda, F.v. h/f Akurey, kr. 500.00 ísl. í málskostnað.

Í aukamáli stefnanda gegn sakaukastefndu liggur fyrir viðurkenning af hálfu leigutaka skipsins, þ. e. aukastefndu Árna S. Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, sem hér hafa látið mæta fyrir sig. Verður því að taka kröfu stefnanda um dóm á hendur þeim til greina að öðru leyti en því, að málskostnaðarkrafan á hendur þeim þykir hæfilega ákveðin 1.500.00 krónur ísl. til stefnanda.

Á uppkvaðningu dóms þessa hefur orðið nokkur dráttur, sem stafar af annríki dómsformanns og af því, hve málið er umfangsmikið.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Tórfríður Abrahamsen, í máli þessu. Kröfu hans um sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, er synjað.

Stefnandi greiði aðalstefnda, Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey, 500.00 krónur ísl. í málskostnað.

Sakaukastefndu, þau Árni Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, öll í Fuglafirði, Færeyjum, skulu greiða in solidum stefnanda, Tórfríður Abrahamsen, danskar krónur 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 og danskar krónur 196.98 í orlofsfé með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags og 1.500.00 krónur ísl. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1966.

Nr. 59/1966. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Hjörtur Torfason hdl.)
gegn
Guðjóni Hólm
Jóhannesi Johannessen
Verzlunarbanka Íslands h/f
Dánarbúi Halldórs Ólafssonar
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Hauki Jónssyni
Einari Viðar
Veðdeild Landsbanka Íslands og
(Bárður Jakobsson hdl.)
Guðna Þ. Theódórssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfrýjun. Nauðungaruppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1966 og krafizt þess, að húsið nr. 119 við

Ásgarð í Reykjavík verði á uppboði slegið borgarsjóði Reykjavíkur á kr. 484.098.00 og svo, að stefndu, að fráskildum Einari Viðar, Veðdeild Landsbanka Íslands og Guðna Þ. Theodórssyni, verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu, aðrir en Guðni Þ. Theodórsson, krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hendi stefnda Guðna Þ. Theodórssonar hefur því verið lýst í bréfum 30. apríl og 14. nóvember 1966, að hann muni eigi taka til varna í málinu.

Máli þessu var upphaflega áfrýjað með stefnu 26. október 1965, en því var vísað frá Hæstarétti með dómi, uppkveðnum 20. apríl 1966, þar sem eiganda hússins nr. 119 við Ásgarð, Guðna Þ. Theodórssyni, hafði eigi verið stefnt fyrir Hæstarétt. Auk stefndu í fyrra málinu hefur nú verið stefnt nefndum Guðna svo og Veðdeild Landsbanka Íslands vegna veðréttar og Einari Viðar vegna fjárnáms, er hann gerði í húseigninni 15. nóvember 1965.

Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar innan þess áfrýjunarfrests, sem ákveðinn er í 4. gr. laga nr. 57/1949 um uppboð. Þar sem málinu var vísað frá Hæstarétti hinn 20. apríl 1966 vegna mistaka um réttarfarsatriði, var enduráfrýjun málsins heimil samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 á þeim tíma, er hún var framkvæmd, þótt frestur samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1949 væri liðinn.

Svo sem í héraðsúrskurði greinir, veitir 5. gr. reglugerðar nr. 155/1957 sveitarsjóði einungis forkaupsrétt til íbúða þeirra, sem þar greinir, þá er frjáls sala á þeim fer fram. Gilda því um nauðungarsölu á þeim ákvæði 9. gr. laga nr. 57/1949, sem eigi veita forkaupsréttarhafa rétt til að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi. Verður krafa áfrýjanda í máli þessu því eigi til greina tekin, og ber að staðfesta úrskurð borgarfógeta.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu, öðrum en Guðna Þ. Theodórssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefndu Guðjóni Hólm, Jóhannesi Johannessen, Verzlunarbanka Íslands h/f, dánarbúi Halldórs Ólafssonar, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Hauki Jónssyni, Einari Viðar og Veðdeild Landsbanka Íslands málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Jónatans Hallvarðssonar.

Á uppboðsþingi Reykjavíkur 14. október 1965 var með úrskurði hrundið kröfu borgarstjóra Reykjavíkur um, að húseignin nr. 119 við Ásgarð í Reykjavík yrði „slegin borgarsjóði fyrir kr. 388.645.58".

Borgarstjóri skaut greindum úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1965. Með dómi Hæstaréttar 20. apríl 1966 var því áfrýjunarmáli, hæstaréttarmálinu nr. 185/1965, vísað frá Hæstarétti, þar sem eigi hafði verið stefnt fyrir Hæstarétt eiganda nefnds húss, Guðna Þ. Theodórssyni, sbr. 2. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Með stefnu, útgefinni 25. apríl 1966, áfrýjaði borgarstjóri Reykjavíkur úrskurði uppboðsþingsins af nýju, og er það áfrýjunarmál nú til úrlausnar. Auk stefndu í hæstaréttarmálinu nr. 185/1965 er í máli þessu stefnt fyrir Hæstarétt þremur aðiljum, þar á meðal Guðna Þ. Theodórssyni, eiganda Ásgarðs 119.

Almennur áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 57/1962, var liðinn, er áfrýjunarstefna í máli þessu var út gefin, og styður áfrýjandi málsskot sitt við ákvæði 36. gr. laga nr. 57/1962 um áfrýjun máls af nýju innan mánaðar frá uppsögu dóms um frávísun þess.

En lagaboð þetta þykir eiga að skýra þannig, að í því felist heimild, sé öðrum skilyrðum laga fullnægt, til enduráfrýjunar máls gegnt þeim, sem fyrra áfrýjunarmálið tók til, en hins vegar eigi jafnframt eða sjálfstætt til nýrrar áfrýjunar á hendur áður óstefndum aðilja. Af þessu leiðir, að vísa ber málinu í heild frá Hæstarétti.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og munum við því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 57/1962 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum atkvæðis meiri hluta dómenda um efni málsins, erum við samþykkir niðurstöðu þess.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 14. október 1965.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefur f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur gert þá réttarkröfu, að húseignin nr. 119 við Ásgarð verði slegin borgarsjóði fyrir kr. 388.645.58.

Af hálfu uppboðsbeiðenda er þessari kröfu borgarstjóra mótmælt.

Var mál þetta tekið til úrskurðar 8. þ. m.

Með bréfi, dags. 10. maí s. l., krafðist Guðjón Hólm héraðsdómslögmaður þess, að fram færi nauðungaruppboð á húseigninni Ásgarði 119 hér í borg, þinglesinni eign Guðna Þ. Theodórssonar, s. st., til lúkningar skuld skv. 2 víxlum, samtals að fjárhæð kr. 179.000.00, auk vaxta og kostnaðar og með heimild í 4. veðréttar tryggingarbréfi í fasteign þessari, útgefnu 22. október 1962 af uppboðsþola. Sjá rskj. 1—4.

Hinn 16. maí s. l. krafðist Jóhannes Johannessen lögfræðingur uppboðs á sömu eign til lúkningar fjárnámskröfu að upphæð kr. 25.000.00 auk vaxta og kostnaðar.

Hinn 29. maí s. l. var uppboðsþola tilkynnt á tíðkanlegan hátt um fram komna uppboðsbeiðni, og var auglýsing um nauðungaruppboð þetta, sem tekið skyldi fyrir á skrifstofu uppboðshaldara 9. ágúst s. l., send til birtingar í Lögbirtingarblaðinu hinn 19. júní s. l.

Þegar uppboðið samkvæmt þessu var tekið fyrir hinn 9. ágúst s. l., hafði borizt uppboðsbeiðni Sigurðar Sigurðssonar til lúkningar skuld skv. 3 víxlum, samtals að fjárhæð kr. 48.000.00, auk vaxta og kostnaðar og með heimild í tryggingarbréfi, útgefnu

af uppboðsþola til Verzlunarbanka Íslands hinn 4. september 1961. Enn fremur lá þá fyrir uppboðsbeiðni Páls S. Pálssonar f. h. tveggja fjárnámshafa í eigninni, samtals til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 362.666.66 auk vaxta og kostnaðar. Loks hafði Gjaldheimtan í Reykjavík krafizt uppboðs til lúkningar lögtakskröfu fyrir fasteignagjaldi, kr. 2.413.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Vísast um þessar kröfur allar til rskj. 1—12 og 15.

Uppboðinu var frestað með samkomulagi aðiljanna til 28. september, og var í því réttarhaldi ákveðið, að uppboðið yrði næst tekið fyrir á eigninni sjálfri mánudaginn 4. október kl. 3 e. hád. Er uppboðið var tekið fyrir þann dag, hafði borizt uppboðsbeiðni Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns til lúkningar fjárnámskröfu að upphæð kr. 25.250.00 auk vaxta og kostnaðar, sjá rskj. 18 og 19, og gekk hann inn í uppboðið.

Við uppboðið lá fyrir bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. s. d. og framlagt sem rskj. 20, þar sem þess er krafizt, að eignin yrði slegin borgarsjóði fyrir kr. 386.589.55, og var vísað til meðfylgjandi gagna, sjá síðar. Ef ekki yrði fallizt á þessa kröfu, var því jafnframt lýst yfir, að borgarsjóður mundi krefjast greiðslu á áhvílandi skuldum til borgarsjóðs og gjaldföllnum ársgreiðslum.

Mætt var við uppboðið af hálfu allra uppboðsbeiðenda, og að kröfu þeirra fór uppboðið fram. Varð hæstbjóðandi Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Ólafs Tryggvasonar og bauð kr. 550.000.00, en að kröfu eins þeirra var ákveðið, að annað og síðasta uppboð skyldi fara fram hinn 18. þ. mán.

Greinargerð hefur komið fram um ágreining þennan af hálfu borgarstjóra svo og af hálfu uppboðsbeiðenda.

Nú er þess krafizt af hálfu borgarstjóra, að eign þessi verði slegin borgarsjóði fyrir 388.645.58 kr., og er þá reiknað með vísitölu 248 stigum, sbr. rskj. 23. Er krafa þessi rökstudd á þessa leið:

Húsið Ásgarður 119 er byggt af borgarsjóði skv. lögum 42/1957 um húsnæðismálastofnun o. fl. og skv. reglugerð nr. 155/1957, sbr. reglugerð nr. 5/1956. Skv. 5. gr. reglugerðar nr. 155/1957 skal hlutaðeigandi sveitarfélag eiga forkaupsrétt að slíku húsi, ef eigendaskipti verða, og er söluverð reiknað út eftir ákveðnum reglum, en óháð því, hversu mikið kynni að mega fá fyrir húsnæðið á frjálsum markaði eða á annan hátt. Er vísað til útreiknings á fylgiskjölum með rskj. 20 og skv. því og vísitölu 248 stigum, og sú upphæð, sem boðin er fram, er þannig fundin. Borgarsjóður hefur alltaf keypt íbúðir, sem byggðar hafa verið sam-

kvæmt þessum lögum með þessum hætti, ef eigendur hafa óskað þess. Aðeins má selja þessar íbúðir þeim, er búa í heilsuspillandi húsnæði, og ber gaumgæfilega að líta á þann tilgang við úrskurð máls þessa og þótt umrætt ákvæði eigi við sveitarfélög þau, sem reisi íbúðir þessar, leiði af sjálfu sér, að það yrði gersamlega fánýtt, ef unnt væri að sniðganga innlausnarskyldu sveitarfélaga með því að selja íbúðirnar hæstbjóðanda á nauðungaruppboði. Enn ber á það að líta, að viðsemjendum uppboðsþola og kröfuhöfum hafi mátt vera ljós þessi annmarki, þar sem þinglýst hafði verið ákvæði um forkaupsrétt borgarsjóðs, og að auki er óeðlilegt, að fjárnámshafar geti fengið betri rétt við nauðungaruppboð en þeir, sem eiga þinglýstar veðskuldir í eign. Væri og sú niðurstaða óeðlileg, að forkaupsréttur borgarsjóðs félli niður við sölu á nauðungaruppboði, en ekki við frjálsa sölu, enda væri þar um að ræða mismun milli eigenda íbúða, sem um ræðir í þessum lögum og reglugerðum.

Uppboðsbeiðendur vísa til 9. greinar laga nr. 57 frá 1949 um nauðungaruppboð og samkvæmt þeirri grein veiti kaupréttur og forkaupsréttur ekki heimild til að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi, nema svo sé sérstaklega fyrir mælt í lögum, en því sé ekki til að dreifa. Borgarsjóður hafi svo að segja hindrunarlaust veitt veðleyfi í nefndri fasteign, áður en hún komst á nafn uppboðsþola, þar á meðal til uppboðsbeiðandans Guðjóns Hólm, og sé þar athugunarvert, að borgarstjóri hafi ekkert minnzt á þennan kauprétt borgarsjóðs og standi þó svo á í því tilfelli, að verð það, er borgarsjóður vilji nú fá eignina á, fullnægi ekki einu sinni greiðslu á þeirri kröfu.

Með tilliti til ákvæða 9. greinar laga nr. 57 frá 1949, sem ekki virðist hafa verið breytt af lögum nr. 42/1957 um húsnæðismálastofnun o. fl., verður ekki talið, að rétt sé að taka til greina kröfu borgarstjóra í máli þessu. Verður henni því vísað á bug.

Kristján Kristjánsson yfirborgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa borgarstjórans í Reykjavík í þessu máli er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 2. desember 1966.

Nr. 191/1965. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs.**
gegn
G. Þorsteinssyni & Johnson h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, G. Þorsteinssyni & Jonson h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1966.

Nr. 51/1966. **Arnór Sigurðsson**
gegn
Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni f. h. sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og gagnsök.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Arnór Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður f. h. sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, hefur sótt dómþing í

málinu, óskað niðurfellingar þess og krafizt ómaksbóta. Þykir rétt, að aðaláfrýjandi, Arnór Sigurðsson, greiði honum kr. 2.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1966.

Nr. 153/1966. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Árna Jónssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mállsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Árni Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 7. desember 1966.

Nr. 120/1965. **Almennar Tryggingar h/f**
(Matthías Á. Mathiesen hdl.)
gegn
Siggeir Ólafssyni (Bogi Ingimarsson hdl.)
og til réttargæzlu
Togaraafgreiðslunni h/f
og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Ágúst Fjeldsted hrl.)
og
Siggeir Ólafsson
gegn
Almennum Tryggingum h/f og Togaraafgreiðslunni h/f
og til réttargæzlu
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vátrygging. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1965. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. júlí 1965. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda og stefnda verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 69.144.27 með 8% ársvöxtum frá 3. október 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa nokkur vitni komið fyrir dóm og staðfest skýrslur, er rannsóknarlögreglan í Reykjavík hafði tekið af þeim. Fyrir dómi gera vitnin nokkru nánari grein fyrir atvikum, en eigi þykir ástæða til að rekja vitnisburði þeirra. Gagnáfrýjandi hefur einnig komið af nýju fyrir dóm. Skýrir hann svo frá, að grindverk það, sem mál þetta er risið af, hafi verið reist í ágúst eða septembermánuði 1962. Kveðst hann hafa haft samráð við Steingrím Arason verkfræðing um byggingu þess, en sjálfur haft verkstjórn á hendi. Telur hann alla stólpa hafa verið steypta niður. Áður en vátryggingaratburðurinn varð, höfðu nokkrir steyptir veggir, sem voru geymdir í grindinni, verið fluttir þaðan á brott. Var þeim lyft úr grindinni með lyftikrana. Þá hefur einnig komið fyrir dóm Steingrímur Arason verkfræðingur. Hann kveðst hafa gert blýantsriss af grindverkinu og „hafi þar verið gerð grein fyrir efnisstærðum og líklega aðalmálum". Var á teikningu þessari „gert ráð fyrir, að vinkiljárn yrðu fest á efri þverslár og að veggirnir yrðu síðan skorðaðir af með fleygum eða klossum. Hann kveðst ekki muna til þess að hafa gefið frekari ráðleggingar um gerð rekksins og byggingu hans en fram komi á umræddri teikningu og ekki hafi hann fylgzt með, er hann var reistur og ekki haft neina umsjón með því verki". Segir verkfræðingurinn, „að gert hafi verið ráð fyrir, að stólpar í rekknum yrðu steyptir niður, a. m. k. nokkrir þeirra, en sjálfir stólparnir hafi hins vegar átt að vera úr tré".

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu stefnda Togaraafgreiðslunnar h/f af kröfum gagnáfrýjanda, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli einnig niður hér fyrir dómi.

Með bréfi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda, dags. 2. október 1962, sem rakið er í héraðsdómi, tók aðaláfrýjandi á sig flutningsvátryggingu, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1954. Tók vátrygging þessi til þeirrar hættu, sem hinir vátryggðu munir, húshlutar úr steinsteypu, voru lagðir í við flutning þeirra. Í bréfi þessu var tekið fram, að munirnir yrðu fluttir með

dráttarvagni og krani notaður við verkið. Vátryggingaratburðurinn varð við tilraun til að lyfta steyptum vegg á dráttarvagn. Það verður því að telja, að vátryggingin hafi einnig tekið til þessarar áhættu, sem var órofa tengd flutningunum, sbr. 77. gr. greindra laga.

Að vísu má telja í ljós leitt, að grindverkið hafi eigi verið nægilega traust. Gagnáfrýjandi virðist og hafa látið hjá líða að skýra aðaláfrýjanda frá aðstæðum á fermingarstað, en eigi var þó háttsemi gagnáfrýjanda slík, að hún leysi aðaláfrýjanda undan vátryggingarskuldbindingu hans að nokkru eða öllu leyti, sbr. 7. og 18. gr. nefndra laga.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber einnig að staðfesta úrlausn hans um kröfu gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda, að öðru leyti en því, að vextir reiknast 7% frá 1. janúar 1966 til greiðsludags. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að aðaláfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði gagnáfrýjanda, Siggeir Ólafssyni, 7% ársvexti af dæmdri fjárhæð á tímabilinu frá 1. janúar 1966 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Siggeir Ólafsson byggingameistari, Skjólbraut 4 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 5. nóvember 1963, á hendur Almennum Tryggingum h/f og Togaraafgreiðslunni h/f, báðum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 69.144.27 með 8% árs-

vöxtum frá 3. október 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu, en engar kröfur gert á hendur félaginu. Hefur það og ekki gert kröfur í málinu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfu sinnar frá 1. janúar 1965 í 7 af hundraði.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til ýtrustu vara krefst hann lækkunar á stefnufjárhæðinni til mikilla muna og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að hinn 3. október 1962 var stefnandi að láta flytja steinsteypta veggi í húsin nr. 45 og 47 við Holtagerði í Kópavogi, er Steinhús h/f hafði framleitt. Veggir þessir voru misstórir, og voru sumir þeirra allt að 6 tonnum. Veggirnir voru geymdir í þar til gerðum rekk úr timbri, sem staðsettur var fyrir utan verksmiðjuhús Steinhúss h/f að Kársnesbraut 128 í Kópavogi. Til flutnings á veggjunum var notaður dráttarvagn, en við ásetningu veggjanna á hann var notaður lyftikrani, sem stefndi Togaraafgreiðslan h/f átti. Við verk þetta henti það slys, að rekkurinn féll á hliðina og eyðilögðust við það tólf veggjanna. Telur stefnandi tjón sitt nema kr. 69.144.27.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft á hendi að flytja veggina frá verksmiðjustað að áfangastað. Þar sem veggirnir hafi verið svo þungir, hafi þurft að nota lyftikrana til þess að taka þá úr rekknum og koma þeim fyrir á flutningavagninum. Kvaðst stefnandi hafa fengið leigða kranabifreið hjá stefnda Togaraafgreiðslunni h/f til þeirra nota. Hafi kranabifreiðinni fylgt tveir starfsmenn Togaraafgreiðslunnar h/f til að vinna við kranann. Hafi leigugjald fyrir kranabifreiðina verið miðað við ákveðið tímakaup, þar með innifalið kaup hinna tveggja stjórnenda hennar. Kvaðst stefnandi hafa verið þar á staðnum öðru hverju, en einnig hafi þrír starfsmenn hans unnið að verkinu. Hann kvað veggina hafa verið tekna á víð og dreif úr rekknum með tilliti til staðsetningar hvers um sig í húsum þeim, sem reisa átti. Hafi hann sjálfur eða starfsmenn hans ákveðið hverju sinni, hvern vegg skyldi taka. Er búið hafi verið að taka fast að helm-

ing veggjanna úr rekknum, hafi það óhapp skeð, að rekkurinn hafi farið að hallast og síðan fallið, en við það hafi eyðilagzt 12 veggjanna. Sjálfur kvaðst stefnandi ekki hafa verið við, er óhappið skeði, og því ekki getað borið um orsök þess. Stefnandi kvað umræddan rekk hafa verið gerðan úr timbri að fyrirlagi verkfræðings, er hafi og séð um umbúnað hans. Hafi hver veggur verið skorðaður sérstaklega í rekknum. Stefnandi kvaðst hafa keypt tryggingu hjá stefnda Almennum Tryggingum h/f fyrir tjóni, er gæti orðið á veggjunum vegna flutnings þeirra, fyrir allt að kr. 170.000.00.

Hreiðar Björnsson, starfsmaður stefnanda, kvað þá félaga hafa verið að lyfta einum veggjanna og hafi hann staðið uppi á rekknum. Búið hafi verið að koma fyrir átaksjafnara, en honum hafi verið fest í veggina og síðan króknum frá krananum komið þar fyrir. Hann kvaðst hafa verið einn uppi á rekknum og hafi kraninn verið búinn að lyfta upp veggnum um ca. 10 sentimetra frá jörðu. Hafi hann þá tekið eftir því, að rekkurinn allur hafi verið farinn að hallast til hægri frá honum séð, en hann hafi snúið baki að krananum. Strax og rekkurinn hafi farið að hallast, hafi hann séð, að hann mundi allur falla og hafi hann því forðað sér niður af rekknum. Það hafi ekki verið hægt, nema stökkva niður og það hafi hann gert. Hann kvaðst ekkert geta um það sagt, hvernig það atvikaðist, að rekkurinn féll, og taldi ekki hafa verið farið óvarlega að.

Hlöðver Jóhannsson, annar starfsmaður stefnanda, kvaðst hafa staðið á palli hjá stjórnanda kranans, en búið hafi verið að festa krók kranans á jafnarminum. Rétt í því að kraninn hafi farið að taka í vírinn, hafi hann lyfzt aðeins upp að aftan, en það skei alltaf, er kraninn byrji að lyfta. Er veggurinn hafi aðeins verið búinn að lyftast um 10 sentimetra frá jörðu, hafi hann séð, að slinkur hafi komið á bómu kranans til hægri. Við það hafi rekkurinn farið af stað og hafi hann allur fallið á hægri hlið. Hlöðver kvaðst ekki vita, hver gefið hafi stjórnanda kranans merki um að lyfta veggnum, en kvað sig ekki hafa gert það. Hann kvað ekkert óvarlega hafa verið að farið, en taldi ástæðuna fyrir óhappinu vera þá, að kranabóman hafi farið of mikið til hægri og við það hafi veggurinn rekizt í rekkinn.

Ólafur Guðmundsson, þriðji starfsmaður stefnanda, kvaðst hafa verið staddur við endann á flutningavagninum og því vel hafa séð, hvað skeði. Búið hafi verið að koma króknum fyrir í jafnarmastönginni og kraninn hafi verið byrjaður að lyfta veggn-

um. Hafi hann þá séð, að vírinn úr bómu kranans var ekki lóðréttur niður og því hafi kraninn dregið vegginn aðeins til hægri, um leið og hann lyfti. Við það hafi rekkurinn allur farið á hliðina til hægri.

Sigurjón Guðmundsson kranamaður kvaðst, er óhappið skeði, hafa verið tilsagnarmaður kranastjórans. Kraninn hafi staðið vestanvert við rekkinn, en hann hafi staðið að sunnanverðu. Í umrætt sinn hafi verið búið að setja krókinn í jafnvægisstöngina og hafi hann verið búinn að segja kranastjóranum að taka slaka („tott") af vírnum, en síðan að stoppa. Hann kvað þannig frá veggjunum gengið í rekknum, að þeir séu látnir falla í skúffu, en síðan sé fleygað á milli þeirra, svo að þeir hallist ekki. Hann kvaðst ekki hafa séð, að búið hafi verið að losa fleyga þessa, og ekki kvaðst hann hafa séð, hvort veggurinn hafi verið kominn á loft eða ekki, en taldi svo ekki hafa verið. Skyndilega hafi hann séð, að öll stæðan hafi verið farin að hallast í suðurátt og hafi hann átt fótum sínum fjör að launa að komast frá, áður en stæðan féll. Sigurjón kvað vera reynt, þegar lyft er með krananum, að hafa vírinn sem lóðréttastan. Sé svo ekki, þá sé bóma kranans í frígír, þannig að hún lagi sig eftir átakinu, en hann kvað vírinn í umrætt sinn hafa verið alveg lóðréttan.

Ólafur Magnússon Ólafsson kranastjóri kvaðst hafa verið búinn að taka slaka af vírnum og hafi Sigurjón Guðmundsson verið búinn að segja honum til um það, að vírinn væri lóðréttur. Hafi hann því staðið á hemlinum og beðið eftir því, að maðurinn uppi á rekknum tæki fleygana úr skúffunum. Hafi hann þá séð, að allur rekkurinn hafi verið farinn að hreyfast í suðurátt, eða til hægri frá honum séð. Hafi hann þá séð manninn uppi á rekknum henda sér af honum og hafi engum togum skipt, að rekkurinn hrundi. Ólafur kvaðst þess fullviss, að hann hafi ekki verið búinn að lyfta veggnum neitt frá jörðu, enda hafi það ekki verið hægt, meðan fleygarnir voru fastir. Hann kvaðst hafa staðið vel á hemlinum og kraninn hafi ekki verið í tengingu, en staðið alveg kyrr.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur Togaraafgreiðslunni h/f á því, að orsök óhappsins eigi rætur að rekja til mistaka af hálfu stjórnanda kranabifreiðarinnar, en á þeim mistökum beri Togaraafgreiðslan h/f fébótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Orsök óhappsins hafi verið sú, að kranastjórinn hafi ekki gætt þess, að vírinn úr bómu kranans væri lóðréttur,

er hann lyfti veggnum. Við það hafi komið slinkur á vegginn og valdið því, að stæðan hrundi.

Kröfur sínar á hendur Almennum Tryggingum h/f byggir stefnandi á því, að hann hafi hinn 2. október 1962 keypt tryggingu hjá félaginu gegn tjóni, sem orðið gæti á veggjunum við flutningana. Hafi félagið staðfest það með bréfi til hans, dagsettu sama dag, að það tæki að sér tryggginguna. Hafi gildistími tryggingarinnar verið tilgreindur frá þeim degi og til 30. október s. á. Tryggingin hafi verið fyrir allt að kr. 170.000.00 tjóni. Einnig hafi verið tilgreint, að veggirnir yrðu fluttir með dráttarvagni og krani notaður við verkið. Beri stefnda Almennum Tryggingum h/f því að greiða stefnanda tjón hans án tillits til þess, hvort stefndi Togaraafgreiðslan h/f beri einnig fébótaábyrgð á því eða eigi.

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum, að óhappið verði á engan hátt rakið til mistaka eða vangæzlu af hálfu stjórnenda kranans. Þeir hafi gengið að sínu verki á venjulegan hátt og með fyllstu aðgát. Þeir hafi ekki stjórnað verkinu, heldur hafi stefnandi gert það sjálfur eða starfsmenn hans í fjarveru stefnanda. Ósannað sé með öllu, að búið hafi verið að lyfta veggnum frá jörðu, enda geti slíkt naumast verið, þar sem fleygar höfðu eigi verið losaðir. Ástæðan fyrir því, að veggirnir hrundu, hafi einfaldlega verið sú, að rekkur sá, er veggjunum skyldi halda, hafi verið svo lélegur, að hann hafi ekki getað haldið veggjunum, er farið var að hreyfa við hinum einstöku þeirra. Útbúnaður rekksins hafi verið óforsvaranlegur, enda neglingar í hann mjög veikar og standist engan veginn þær kröfur, sem gera verður til slíkra hluta. Þá hafi það og aukið á veikleika rekksins að taka veggina úr honum á víð og dreif, en því réði stefnandi og starfsmenn hans. Stefndi Togaraafgreiðslan h/f mótmælir ekki fjárhæð tjónsins tölulega, en byggir varakröfu sína á því, að ef til kæmi að leggja á hann einhverja ábyrgð, þá geti sú ábyrgð aldrei verið nema lítill hluti af tjóninu.

Sýknukrafa stefnda Almennra Trygginga h/f er studd þeim rökum í fyrsta lagi, að enginn vátryggingarsamningur hafi stofnazt með félaginu og stefnanda. Ekkert vátryggingarskírteini hafi verið gefið út og ekkert iðgjald hafi verið greitt. Með bréfi sínu til stefnanda, dags. 2. október 1962, hafi félagið aðeins tilkynnt stefnanda, að trygging væri opnuð. Stefnanda hafi borið samkvæmt niðurlagi þess bréfs að láta félagið vita, þegar hann vissi

um flutningatæki það, er flytja átti með, svo og að tilgreina nákvæma tryggingarupphæð, svo að hægt væri að gefa út vátryggingarskírteini. Þessu hafi stefnandi ekki sinnt, heldur farið að flytja húshlutana án frekara sambands við félagið. Í annan stað er sýknukrafan studd þeim rökum, að í hér umræddu tilviki hafi aðeins verið um að ræða flutningstryggingu. Húshlutar í hífingu hafi ekki verið innifaldir í tryggingarstaðfestingunni. Þar sé berum orðum tekið fram, að tryggingin taki til flutnings húshlutanna með dráttarvagni, en að auki taki tryggingin til uppsetningar þeirra með notkun krana. Til annars og meira hafi tryggingin ekki tekið. Ábyrgð félagsins hafi því fyrst byrjað, er húshlutarnir hafi verið komnir á flutningatækið. Bendir stefndi á þessum rökum sínum til stuðnings, að samkvæmt 147. gr. þágildandi siglingalaga hefjist ábyrgð farmflytjanda eigi, fyrr en munum sé á skip komið. Megi hafa hliðsjón af ákvæði þessu í hér umræddu tilviki.

Rekkur sá, sem veggirnir voru hafðir í, var trégrindverk, tvær hliðar með rétt horn. Styttri hliðin var rúmir 6 metrar á lengd, hafði þrjár uppistöður með þverslá að ofan og neðan á milli þeirra. Hornslár voru á milli þverslánna, ein milli hverrar uppistöðu, og síðan voru skástífur úr uppistöðunum á jörð. Lengri hliðin var um 9 metrar á lengd með einni fleiri uppistöðu, en að öðru leyti fram gengin sem styttri hliðin. Veggjunum var raðað hlið við hlið með enda að styttri hliðinni, þar sem þeir voru skorðaðir hver um sig í þar til gerða skúffu á efri þverslá með um 20 cm. millibili, en stóðu frjálsir að öðru leyti. Lengri hliðin hafði hins vegar sömu stefnu og veggirnir, án þess að þeir væru við hana festir. Að beiðni stefnda Almennra Trygginga h/f og réttargæzlustefnda fóru Jón Bergsteinsson múrarameistari og Karl Guðmundsson verkfræðingur á vettvang til þess að gera athugun á umbúnaði grindverksins. Áliti þeirra, sem dags. er 6. marz 1964, fylgir uppdráttur af grindverkinu, sem eftir stóð, og segja þeir hann gerðan samkvæmt mælingu þeirra. Jafnframt er á uppdrætti þessum „ísómetrisk" mynd af öllu grindverkinu, áður en það hrundi, sem þeir gerðu samkvæmt upplýsingum manna, er störfuðu við verksmiðjuna. Uppdráttum þessum hefur eigi sérstaklega verið mótmælt. Í áliti framangreindra manna segir m. a., að þeir hafi eigi reiknað út styrkleika grindverksins, þar sem aðeins lítill hluti þess hafi verið uppistandandi og því vafasamar niðurstöður af slíku. Hins vegar telja þeir augljóst, að ekki muni hafa verið gengið tryggilega frá, þegar lítið högg

valdi hruni meiri hluta grindverksins. Taka þeir og fram, að neglingar þær, sem þeir sýna á uppdrættinum (5″ galv. naglar) séu mjög veikar og standist ekki kröfur um slíkar neglingar. Dómendur hafa ekki farið á vettvang, enda ekki lengur neitt þar til skoðunar um þetta efni. Hinir sérfróðu meðdómendur hafa hins vegar kannað þau gögn, sem fyrir liggja varðandi útbúnað grindverksins. Af þeirri athugun er það einróma álit þeirra, að mjög hafi skort á það, að grindverkið hafi haft þann styrkleika, sem nauðsyn bar til við svo mikil þyngsli, sem hér hafi verið um að ræða.

Svo sem að framan er rakið, hafði stefnandi á hendi flutning á veggjunum. Hann hafði fengið kranann leigðan til að lyfta þeim, og hann og menn hans höfðu á hendi stjórn verksins að því leyti, hvern vegg skyldi taka hverju sinni. Í framburðum þeirra Hreiðars, Hlöðves og Ólafs Guðmundssonar segir, að veggurinn hafi verið kominn á loft, er óhappið skeði, og þeir Hreiðar og Hlöðver kváðu ekkert óvarlega hafa verið að farið. Ólafur Ólafsson neitar því í framburði sínum að hafa verið farinn að lyfta veggnum, og Sigurjón Guðmundsson taldi vegginn heldur ekki hafa verið lausan frá jörðu.

Þegar þetta allt er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, þá þykja eigi vera fram komnar nægar sönnur að því, að orsök óhappsins verði rakin til saknæmra athafna kranamannanna, er leitt geti til fébótaábyrgðar vinnudrottins þeirra. Ber því að sýkna stefnda Togaraafgreiðsluna h/f í máli þessu. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Í bréfi stefnda Almennra Trygginga h/f til stefnanda, sem áður er getið og dagsett er 2. október 1962, segir: „Samkvæmt beiðni staðfestum vér hér með, að vér höfum tekið að oss tryggingu á húshlutum úr steinsteypu, tilbúnum undir tréverk (einangrað og leiðslur lagðar), í húsin Holtagerði 45 og 47, Kópavogi. Flutt með dráttarvagni og krani notaður við uppsetningu, fyrir allt að kr. 170.000.00. Eitt hundrað og sjötíu þúsund íslenzkar krónur, frá 2.10. 1962 til 30.10. 1962“. Bréf þetta er þannig samþykki á tilboði stefnanda um tryggginguna, og hefur með því stofnazt tryggingarsamningur með aðiljunum.

Stefnandi tók tryggginguna gagngert vegna flutninga á veggjunum, og var tryggingafélaginu um það kunnugt. Ásetning veggjanna á flutningatækið svo og afsetning þykir í tilviki því, sem hér um ræðir, vera í svo órjúfandi tengslum við sjálfan flutn-

inginn, að telja verður umrædda tryggingu taka til þess, enda verður eigi séð, að tryggingafélagið hafi undanskilið þann hluta flutningsins sérstaklega. Ber stefnda Almennum Tryggingum h/f því að bæta stefnanda tjón hans, er hann varð fyrir, samkvæmt tryggingarsamningnum. Fjárhæð tjóns stefnanda, kr. 69.144.27, hefur eigi verið mótmælt, og verður stefndi Almennar Tryggingar h/f dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra dæmist 7% frá 3. október 1962 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma sama stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ögmundi Jónssyni og Jóhannesi Zoëga verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Siggeirs Ólafssonar, í máli þessu, en málskostnaður, að því er hann varðar, fellur niður.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 69.144.27 með 7% ársvöxtum frá 3. október 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. desember 1966.

Nr. 83/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Helga Guðjóni Samúelssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Ákæra um brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið kvödd fyrir dóm og þau eiðfest. Lagðar hafa verið fram ljósmyndir, er lögreglumenn tóku á vettvangi eftir áreksturinn.

Málsatvikum er ítarlega lýst í héraðsdómi. Svo sem í héraðsdómi er rakið, taldi ákærði, að þegar bifreið hans var komin inn á gatnamótin, hafi hann séð bifreið hemla á hægri akrein vestari akbrautar Lönguhlíðar sunnan Miklubrautar og talið hana vera stöðvaða, þar sem gult ljós logaði á ljósvitanum. Þessi bifreið muni hafa skyggt á R 15519, er hafi verið ekið eftir vinstri akrein og á móti gulu ljósi á ljósvitanum. Ekki hefur af hendi ákæruvaldsins verið gerð tilraun til að afla nánari vitneskju um bifreið þessa.

Árni Sigurðsson leigubifreiðarstjóri, sem var á leið austur Miklubraut og hafði stöðvað bifreið sína vestan Lönguhlíðar „á vinstri akrein Miklubrautar", hefur skýrt svo frá fyrir dómi og eiðfest vætti sitt, að hann hafi tekið eftir því, að síðasta bifreið að norðan inn á gatnamótin hafi beygt til hægri og það sé sú bifreið, sem hafi lent í árekstrinum. Gula ljósið á ljósvitanum hafi kviknað um það leyti, sem bifreið þessi var að renna inn á gangbrautina norðan gatnamótanna og hafi henni verið ekið með eðlilegum hraða. Hann hafi ekki tekið eftir R 15519, fyrr en áreksturinn varð, en telur, miðað við ljósaskiptinguna á ljósvitanum þarna, alveg ör-

uggt, að R 15519 hafi „farið yfir gangbraut og inn á gatnamótin móti gulu ljósi og örugglega heldur á seinni hluta þess tíma, sem gula ljósið logaði, heldur en fyrri hluta hans, þar eð græna ljósið kviknaði, alveg um leið og árekstur varð ...“. Af ljósmyndum af bifreiðunum eftir áreksturinn sést, að framendi R 15519 hefur rekizt á vinstri framhjólhlíf og framhluta vinstri hurðar R 14956. Af þessu er ljóst, að R 14956 hefur í árekstraraugnablikinu stefnt til vesturs, og hægri beygjunni hefur verið lokið. Þegar til þessa alls er litið og þess gætt, að leið ákærða um gatnamótin að árekstrarstað er mun lengri en leið R 15519 frá stöðvunarlínu að árekstrarstað, þá eru líkur fyrir því, að R 15519 hafi verið ekið yfir stöðvunarlínuna, eftir að gult ljós hafði kviknað á ljósvitanum. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi með akstri sínum í umrætt sinn brotið gegn þeim ákvæðum umferðarlaga, sem í ákæruskjali greinir. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Samkvæmt þessu ber að leggja allan sakarkostnað í málinu á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Guðjón Samúelsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. september 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 23. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4723/1965: Ákæruvaldið gegn Helga Guðjóni Samúelssyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 13. nóvember 1964, höfðað gegn ákærða, Helga Guðjóni Samúelssyni verkfræðingi, Sporða-

grunni 19, Reykjavík, fyrir að hafa þriðjudagskvöldið 10. marz 1964 ekið bifreiðinni R 14956 án nægilegrar varkárni suður Lönguhlíð og til hægri inn á Miklubraut með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar R 15519, sem í sömu andrá var ekið norður Lönguhlíð yfir Miklubraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. i. f. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 17. febrúar 1937 að Hrafnabjörgum, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 10. marz 1964 klukkan 2053 var lögreglu tilkynnt, að umferðarslys hefði orðið á gatnamótum Lönguhlíðar og Miklubrautar hér í borg þá litlu fyrr. Lögreglan fór á staðinn. Samkvæmt skýrslu hennar hafði bifreiðinni R 15519 verið ekið norður Lönguhlíð, en bifreiðinni R 14946 suður sömu götu og sveigt til hægri í veg fyrir hina. Báðir kváðust ökumenn hafa ekið gegnt grænu umferðarljósi. Stjórnandi R 15519, Pétur Einarsson, tjáði lögreglu, að hann hefði búizt við, að hin bifreiðin yrði stöðvuð við gatnamótin til þess að víkja fyrir sinni bifreið, en þá er henni var beygt þvert á leið hans, hefði enginn tími verið til stefnu og honum því ekki tekizt að hemla bifreið sinni svo nokkru næmi. Ökumaður R 14956, ákærði í máli þessu, skýrði lögreglu svo frá, „að hann hefði ekið suður Lönguhlíð og hafa ætlað að aka vestur Miklubraut, en er hann kom að gatnamótum Miklubrautar, skiptu ljósin, og kvaðst hann hafa beygt til hægri, eða vestur Miklubraut. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina R 15519 og kvaðst hafa búizt við því, að hún yrði stöðvuð við gatnamótin, en er hann sá, að svo var ekki og henni ekið beint áfram, var hann orðinn of seinn til þess að forða slysi, og árekstur inn varð óumflýjanlegur.“ Báðar bifreiðarnar skemmdust mjög mikið, og þrír farþegar í þeim slösuðust nokkuð. Akbrautin var malbikuð, færi þurrt, myrkur var, en rafmagnslýsing góð.

Vitnið Pétur Einarsson skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði ekið bifreiðinni R 15519 norður Lönguhlíð á um 25 mílna hraða miðað við klukkustund. Kvaðst vitnið hafa ekið gegnt grænu ljósi inn á Miklubraut, en ljósin skipt yfir á gult, um leið og það ók yfir gangbrautina. Vitnið tók eftir bifreiðinni R 14956, sem

sveigt var til hægri, en taldi öruggt, að hún yrði stöðvuð fyrir bifreið þess, en vitnið var á leið beint norður götuna. Þar sem R 14956 var ekið viðstöðulaust áfram til hægri og í veg fyrir bifreið vitnisins, kvaðst það hafa stigið á fóthemil, en svo til um leið og hemlar fóru að virka, hafi árekstur orðið.

Vitnið Magnús Jónsson, sem sat í framsæti bifreiðarinnar R 15519, taldi, að henni hefði verið ekið á um 40 km. hraða miðað við klukkustund. Fullyrti vitni þetta ítrekað aðspurt, að grænt ljós hefði verið á götuvitanum gegnt bifreiðinni, er henni var ekið inn á gangbrautina, og kvaðst vitnið einmitt hafa verið að horfa á ljós götuvitans. Vitnið sagðist hafa orðið vart við bifreiðina, sem á móti kom og beygði í veg fyrir bifreið þá, sem vatnið sat í, en bilið milli bifreiðanna var mjög stutt, og svo til um leið varð árekstur inn, og voru báðar bifreiðarnar þá á ferð.

Vitnið Ástvaldur Snæfeld Eiríksson var að ganga yfir umrædd gatnamót. Ekki gat vitni þetta borið um ljósastillingu, þá er bifreiðunum var ekið inn á gatnamótin, en kvað báðar bifreiðarnar hafa verið á ferð, er árekstur varð.

Vitnið Árni Sigurðsson, sem statt var í bifreið á Miklubraut, skýrði rannsóknarlögreglu svo frá, að seinasta bifreiðin norðan Lönguhlíð hefði verið sú, sem sveigt var til hægri og í árekstrinum lenti. Virtist vitninu gula ljósið kvikna, um það leyti sem þessi bifreið var að renna á gangbraut norðan gatnamótanna. Ekki tók vitnið eftir, úr hvorri akrein Lönguhlíðar bifreiðin kom, en því virtist henni ekið eðlilega hratt. Vitnið kvaðst hafa séð, að ljósin skiptu á grænt gegnt því og alveg um leið heyrt högg af árekstrinum. Síðan er bókað svo eftir vitninu í skýrslu rannsóknarlögreglu: „Ég hafði ekki tekið eftir bíl þeim, sem kom sunnan Lönguhlíð og vissi ekkert af honum, fyrr en árekstur varð. Virtist honum hafa verið ekið all hratt, þar eð höggið af árekstrinum var mikið. Ekki sá ég nein hemlaför á götunni eftir bílana að árekstri loknum. Ég tel alveg öruggt, að bíll sá, sem kom sunnan Lönguhlíð, hafi farið yfir gangbraut og inn á gatnamótin móti gulu ljósi og örugglega heldur á seinni hluta þess tíma, sem gula ljósið logaði, heldur en fyrri hluta hans, þar eð græna ljósið kviknaði, alveg um leið og árekstur varð, eins og áður segir ...". Þegar leiða átti vitni þetta fyrir dóm, var það flutt úr borginni eitthvað austur í sveitir, og tókst boðunardeild dómsins ekki að hafa upp á því.

Vitnið Sigurður Jónsson, sem statt var í bifreið á Miklubraut, sagði, að báðar bifreiðar hefðu verið á ferð, er árekstur varð.

Kvaðst vitnið hafa litið á götuljós, um leið og bifreiðarnar höfðu stöðvazt eftir áreksturinn og hafi þá verið komið grænt ljós austur Miklubraut, en bifreiðar á Miklubraut ekki verið farnar af stað. Vitnið veitti bifreiðinni R 15519 ekki athygli fyrir árekstur, en sá til ferða R 14956 inn á gatnamótin og fannst ferð hennar „skikkanleg, ekkert óeðlileg".

Vitnið Bjarnfinnur Hjaltason sat í aftursæti bifreiðarinnar R 14956, sem ákærði ók suður vestari akrein Lönguhlíðar á eðlilegum hraða. Vitnið bar í fyrstu fyrir dómi, að götuljósin hefðu sýnt grænt ljós á móti bifreiðinni, er henni var ekið út í gatnamótin, en þá fljótlega skipt yfir á gult ljós. Eftir að vitninu var bent á, að það hefði í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu sagt, að það gæti ekkert borið um skiptingu eða stöðu umferðarljósanna, þar sem það hefði ekki veitt þeim neina athygli, sagði vitnið, að framburður þess hjá rannsóknarlögreglu mundi réttur. Gagnstæðan framburð sinn fyrir dómi skýrði vitnið svo, að það hefði heyrt talað um, að ljósin hefðu sýnt grænt og síðan skipt yfir á gult. Skylt er í þessu sambandi að taka fram, að rannsóknarlögregla tók skýrslu af vitninu hinn 19. marz 1964, en vætti þess fyrir dómi var gefið hinn 26. marz 1965.

Ákærði kvaðst hafa ekið suður Lönguhlíð eftir vestari akrein á um 35 km. hraða miðað við klukkustund. Er ákærði kom að gangbrautinni við Miklubraut, sagði hann, að grænt ljós hefði verið á götuvitanum gegnt honum, en skipt yfir á gult, um leið og hann ók út á gangbrautina. Ákærði kvaðst hafa tekið eftir bifreið, sem kom norður Lönguhlíð á austari akrein og stöðvaðist við gatnamót Miklubrautar, en sagðist ekki hafa tekið eftir bifreiðinni R 15519, sem ekið var norður vestari akrein Lönguhlíðar, fyrr en rétt áður en bifreiðarnar skullu saman og hefði honum því enginn tími gefizt til „að auka hraða til að sleppa fram hjá". Taldi ákærði ekki rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu varðandi atriði þetta.

Ákærði og verjandi hans hafa viljað halda því fram, að bifreiðinni R 15519 hafi verið ekið inn á gatnamótin gegnt gulu ljósi og akstur ákærða því verið vítalaus. Er álit þetta m. a. byggt á fjarlægð milli bifreiðanna og árekstrarstaðar sem og hraða þeirra.

Á þetta verður ekki fallizt þegar af þeirri ástæðu, að um hraðann eru einasta fyrir hendi ágizkanir, um raunverulegan ákomustað er ekki vitað, þar sem bifreiðarnar bárust til eftir árekstur, og loks verður ekki staðhæft með nákvæmni, hvernig ákærði ók beygjuna til hægri. Telja verður hins vegar, að ákærði hafi

ekki sýnt nægа aðgát í akstri með því að stöðva ekki fyrir bifreið, sem kom honum á hægri (sic) hönd. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og telst varða við 3. mgr. i. f. 46. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þykir þetta sérstaka ákvæði tæma sök ákærða, og verður hann því sýknaður af brotum gegn 1. mgr. 26. og 1. mgr. 37. gr. sömu laga.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Guðjón Samúelsson, greiði 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1966.

Nr. 81/1966. **Björn Halldórsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Jóel Sigurðssyni og gagnsök
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1966 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi af gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi

hefur fengið áfrýjunarleyfi 25. ágúst 1966 og áfrýjað málinu með stefnu sama dag. Hann krefst þess, að aðalýfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 86.033.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti vottorð Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis um gagnáfrýjanda, dags. 6. desember 1966, samkvæmt skoðun þann dag, og segir þar, að ástand hægri litla fingurs sé óbreytt, frá því að örorkumat fór fram hinn 16. nóvember 1964, aðgerð á fingrinum hafi ekki verið framkvæmd, gagnáfrýjandi telji óþægindi nokkru meiri en áður, einkum sæki þreyta í fingurinn og handarsvæðið ölnarmegin. Loks lýsir yfirlæknirinn því, að hann telji varanlega örorku vegna slyss gagnáfrýjanda 8. júní 1963 óbreytta og í samræmi við fyrra örorkumat, sem rakið er í héraðsdómi.

Þá hefur verið lögð fram skýrsla gagnáfrýjanda þess efnis, að hann hafi engar bætur fengið vegna slyssins, hvorki á vegum almannatrygginga né sjúkrasamlags.

Atvikum máls þessa er lýst skilmerkilega í héraðsdómi. Háttsemi aðaláfrýjanda í samkomuhúsinu Hlöðufelli hinn 8. júní 1963 var slík, að hún varðaði við 3. gr. sbr. 1. gr. og 1. mgr. 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Húsavíkurkaupstað nr. 222/1952 auk brots gegn áfengislögum, sem getið er í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi lét eigi af ólögmætu hátterni sínu né hlýddi gagnáfrýjanda, sem annaðist löggæzlu í samkomuhúsinu, er gagnáfrýjandi áminnti hann, sbr. 10. gr. nefndrar lögreglusamþykktar. Þess í stað veittist aðaláfrýjandi að gagnáfrýjanda og sýndi síðan mótþróa og neytti afls gegn gagnáfrýjanda, er hann færði aðaláfrýjanda út úr samkomuhúsinu, svo sem rétt var og skylt vegna hegðunar hans. Varðaði þessi tálmun löggæzlustarfs við 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á hinn bóginn er eigi í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi á nokkurn hátt orðið offari í löggæzlustarfa sínum gagnvart aðaláfrýjanda. Sam-

kvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Björn Halldórsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóel Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. marz 1966, hefur stefnandi, Jóel Sigurðsson lögregluþjónn, Garðsbraut 16, Húsavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 8. maí 1964, á hendur Birni Halldórssyni sjómanni, Rauðalæk 3, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 75.370.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1963 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. *Til vara* krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda, skiptingar sakar og niðurfellingar málskostnaðar.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína með samþykki stefnda upp í kr. 86.033.00, þannig að atvinnutap vegna örorku verður kr. 42.983.00 í stað kr. 33.520.00 og við bætist kostnaður vegna endurútreiknings á örorkumati, kr. 1.200.00. Þá krefst hann 7% ársvaxta frá 8. júní 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu, að á dansleik 8. júní 1963 í samkomuhúsinu Hlöðufelli á Húsavík hafi stefndi verið með óspektir og hafi stefnandi, sem starfaði þar að löggæzlu, orðið að láta hann út úr húsinu með valdi. Við þau átök slitnaði réttisin

hægri litla fingurs, svo að hann hlaut af varanleg meiðsli, og er örorka hans metin um 2%.

Stefnandi skýrir svo frá atvikum í skýrslu til bæjarfógetans á Húsavík, dags. 8. júní 1963:

Laugardaginn 8. júní 1963 kveðst hann hafa verið við löggæzlu á dansleik í samkomuhúsinu Hlöðufelli á Húsavík. Um kl. 2300 veitti hann því athygli, að maður stóð uppi á borði inni í danssalnum. Maður þessi hafði verið uppi í svokallaðri baðstofu og farið yfir handriðið og stigið niður á borð, sem var þar undir. Ekki var maður þessi áberandi ölvaður og prúðmannlegur að sjá. Stefnandi áminnti hann um að hegða sér vel, ef hann vildi vera áfram á dansleiknum. Litlu síðar var kvartað yfir því, að maður þessi, sem var stefndi í máli þessu, væri að ganga á stólum við borðin í danssalnum. Þegar stefnandi kom inn í danssalinn, sat maður þessi við eitt borðið og var rólegur. Skipti hann sér þá ekki af honum. Nokkru síðar var maður þessi kominn úr jakkanum, og fór þá umsjónarmaður hússins, Jón Jóhannesson, til hans og benti honum á, að ekki væri viðeigandi að vera á skyrtunni og bað hann að fara í jakkann.

Maðurinn kvað já við því, en bað umsjónarmanninn að færa sig í hann. Þegar umsjónarmaðurinn ætlaði að gera það, rétti maðurinn út stífa hægri höndina, svo að ekki var hægt að klæða hann í jakkann. Umsjónarmaðurinn bað þá stefnanda að fara og fá manninn til að fara í jakkann. Hann gekk þá til stefnda og bað hann að klæðast jakkanum. Það kvaðst hann gera, ef stefnandi hjálpaði honum til þess.

Þar sem stefnandi vildi komast hjá leiðindum, færði hann stefnda í jakkann. Var hann með smávegis þrjózku, og benti stefnandi honum á, að í raun og veru væri hann búinn að fyrirgera rétti sínum til að vera á skemmtuninni, en við það varð stefndi rólegur.

Þegar stefnandi gekk frá stefnda í þetta sinn, greip hann í axlir honum og sleit annan axlarskúfinn af. Stefnandi sneri þá við og ætlaði að færa stefnda með valdi út úr húsinu. Hann streittist á móti, og urðu talsverðar ryskingar, unz stefnandi gat komið stefnda út úr húsinu. Þegar hann var að setja stefnda út um útidyrnar, fann hann til sársauka í hægri hendi, og er hann var laus við stefnda, sá hann, að litli fingur hægri handar lá máttlaus niður. Við læknisrannsókn kom í ljós, að um tauga- og sinaslit var að ræða. Í lok skýrslunnar tekur stefnandi fram, að stefndi hafi ekki verið áberandi ölvaður, en þó hægt að greina á

honum áfengisáhrif. Þann 23. okt. sama ár kemur stefnandi fyrir sakadóm Húsavíkur og staðfestir skýrslu þessa.

Þann 3. des. 1964 kemur stefnandi fyrir dóm á bæjarþingi Reykjavíkur og lýsir atburðum nokkru nánar en að framan greinir.

Frásögn hans af aðdraganda átakanna er samhljóða fyrri framburði. Eftir að stefndi hafði þrifið í öxl hans, kveðst hann hafa snúið sér að honum og sagt, „að þetta væri ekki hægt lengur" og tekið um leið í hann. Stefndi veitti strax mótspyrnu, og urðu stympingar með þeim inni í danssalnum. Hann kveðst fyrst hafa lagt stefnda á gólfið, eftir að þeir höfðu tuskazt dálítið. Hann hafi búizt við, að stefndi yrði þá rólegri, en hann hljóp upp aftur, og tókust þeir þá á að nýju. Kveðst stefnandi síðan hafa fært stefnda út úr húsinu, fyrst út um dyrnar á danssalnum, síðan niður tvo stiga, annan fjórar til fimm tröppur og hinn sex til sjö tröppur, og síðan út um útidyrnar.

Stefnandi kveðst fyrst hafa fundið til þess, að hann var meiddur í hendi, er þeir fóru í gegnum dyrnar á danssalnum. Hann kveður hinn lögregluþjóninn ekki hafa hjálpað sér við að láta stefnda út, því að hann hafi reynt að bægja öðru fólki frá, sérstaklega skipverjum af sama báti og stefndi var á. Hann segir, að það hafi verið föst venja, að gestir fengju ekki að vera á skyrtunni í samkomuhúsinu, því að jafnan megi frekar búast við slagsmálum, ef menn fari úr jökkunum.

Stefnandi kveðst ekki hafa átt í átökum við aðra, áður en til átakanna kom við stefnda.

Lögreglumaður sá, sem var við löggæzlu ásamt stefnanda á umræddum dansleik, Sigurður Helgi Pálsson, hefur komið fyrir dóm á Húsavík 23. okt. 1963.

Vitnið kveðst hafa verið með stefnanda við löggæzlu á dansleik, sem haldinn var í samkomuhúsinu Hlöðufelli 8. júní 1963. Umsjónarmaður hússins, Jón Jóhannesson, kom þá til þeirra og bað þá að sjá um, að maður yrði látinn fara í jakka, en áður höfðu þeir orðið að hafa afskipti af manni þessum, vegna þess að hann gekk á borðum og stólum í samkomuhúsinu og hafði klifrað ofan af loftinu niður í danssalinn og stigið þá á borð og stóla. Maður þessi, segir vitnið, að heitið hafi Björn Halldórsson, stefndi í máli þessu.

Vitnið aðstoðaði stefnanda við að koma stefnda í jakkann, en hann sýndi mótþróa. Síðan sneru þeir frá. Er vitnið hafði gengið fjögur til fimm skref frá, varð það þess vart, að stefnandi var

ekki með því. Leit það þá við og sá stefnda grípa í öxl stefnanda og rífa af honum axlarsprotann.

Tók stefnandi þá manninn og bar hann fram í anddyrið, en vitnið hindraði, að fólk ryddist út úr danssalnum á eftir. Stefnandi setti stefnda síðan út úr húsinu. Strax eftir að stefnandi var búinn að láta stefnda út, sýndi hann vitninu, að hann hafði meiðzt í átökunum á litla fingri hægri handar. Sýndi hann vitninu fingurinn, sem lá máttlaus inn í lófann. Reyndi stefnandi að rétta fingurinn, en kenndi þá mjög til. Í þessu kom hjúkrunarkona af sjúkrahúsinu þarna að. Sýndi stefnandi henni fingurinn. Hélt hún, að hann væri annað hvort úr liði eða brotinn og ráðlagði stefnanda að leita læknis strax um nóttina. Hjúkrunarkona þessi hét Hjördís Jakobsdóttir.

Þegar stefnandi ætlaði að láta stefnda út úr danssalnum, greip stefndi í dyrakarminn til að koma í veg fyrir, að hann yrði látinn út. Urðu þar allmiklar stympingar, og hrasaði stefnandi þá á annað hnéð, en stefndi féll flatur á gólfið. Stefnandi hjálpaði honum svo á fætur og lét hann út.

Vitni þetta kom aftur fyrir dóm á Húsavík 31. marz 1965 og gaf þá ítarlegri lýsingu á atburðum. Vitnið endurtók þá fyrri frásögn sína af því, að það hefði séð stefnda grípa í axlarsprota stefnanda og kippa í, svo að stefnandi hálf snerist við. Axlarsprotinn rifnaði aðeins af í annan endann, þann endann, sem nær var hálsinum, að því er vitnið minnir. Við átökin, sem urðu milli stefnanda og stefnda, hafi stefnandi hrasað á hné, en stefndi lent á bakinu og olnboganum. Síðan tók stefnandi yfir háls stefnda og fram fyrir neðan brjóstkassann og bar hann þannig framan á sér fram að dyrunum. Þar spyrnti stefndi fótunum í dyrastafi, en við það hrasaði stefnandi aftur á bak, en vitnið, sem var rétt á eftir honum, tók af honum fallið.

Lét stefnandi þá stefnda niður og tók hann hreinu hálstaki og leiddi hann út, en í efri tröppunum hrösuðu þeir. Vitnið tekur fram, að þegar stefnandi var að klæða stefnda í jakkann, hafi hann haft orð á því, að það skipti ekki miklu máli, hvernig hann hagaði sér hér. Hér væri hann hvorki á Röðli né í öðru fínu samkomuhúsi í Reykjavík, heldur hundakofa norður á Húsavík. Stefnandi hafi þá sagt eitthvað á þá leið: „Þú vilt haga þér eftir því". Vitnið kveðst hafa séð framan úr forstofunni, er stefndi kom niður á borðið, þegar hann var að koma úr baðstofunni og hafði farið yfir grindverkið milli baðstofu og salar. Það sá hann stíga af borðinu niður á stól og þaðan ofan á gólfið.

Vitnið var sérstaklega að því spurt, hvort því hefði verið kunnugt um, að stefnandi hafi verið ómeiddur á hendi, er umrædd samkoma hófst. Svaraði vitnið því játandi og benti til stöðugrar samvinnu þeirra og kynna af líðan hvors annars. Stefnandi hafi líka strax eftir átökin við stefnda sagt sér frá meiðslunum og sýnt sér afllleysi fingursins. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Jón Jóhannesson, umsjónarmaður samkomuhússins Hlöðufells, hefur komið fyrir dóm á Húsavík þann 23. október 1963.

Vitnið kveðst muna eftir því, að í júníbyrjun s. l. hafi það komið fyrir á dansleik í samkomuhúsinu, að háseti af m/s Báru frá Keflavík var með ósæmilegt framferði í samkomuhúsinu. Meðal annars klæddi maðurinn sig úr jakkanum og gekk um á skyrtunni. Vitnið kveðst hafa beðið manninn að fara í jakkann, en maðurinn bað hann þá að hjálpa sér í hann. Vitnið hugðist gera það og klæddi hann í aðra ermina, en þá rétti maðurinn handlegginn beint út í loftið, svo að ekki var hægt að klæða hann alveg í jakkann. Fór vitnið þá til Jóels Sigurðssonar lögregluþjóns og skýrði honum frá framferði mannsins og bað hann um að reyna að fá manninn til að fara í jakkann, en að öðrum kosti að fjarlægja hann af samkomunni.

Fór lögregluþjónninn þá til mannsins og reyndi að fá hann til að fara í jakkann með góðu, en það kom fyrir ekki. Maðurinn vildi ekki fara í jakkann, og varð að beita valdi til að koma honum í hann. Endaði viðureignin með því, að lögregluþjónninn lét manninn út úr húsinu, og sýndi maðurinn mikinn mótþróa og veitti fullkomna mótspyrnu.

Nokkru seinna sagði lögregluþjónninn vitninu frá því, að hann hefði meiðzt í þessum átökum. Hefði bilað í litla fingri hægri handar.

Þann 31. marz 1965 kom vitni þetta aftur fyrir dóm. Vitnið tók fram, að það hefði reynt að fylgja því eftir, að gestir hússins væru vel klæddir og því talið sér skylt að leita aðstoðar stefnanda, er stefndi vildi ekki sinna tilmælum þess um að fara í jakkann. Vitninu virtist að beita þyrfti valdi til þess að koma stefnda í jakkann. Annars var vitnið frammi í afgreiðslunni, meðan stefnandi átti við stefnda, og fylgdist því ekki nákvæmlega með því, sem á milli þeirra fór. Vitnið getur ekkert um það sagt, hvort stefndi þreif í öxl stefnanda og sleit axlarsprotann. Því er ekki heldur kunnugt um það, hver afskipti vitnið Sigurður Helgi Pálsson hafði af þessu máli.

Vitnið tók fram, að ekki væri um neinn misskilning að ræða varðandi það, af hverjum stefnandi átti að skipta sér eftir beiðni vitnisins. Það hafi beðið stefnanda að fá stefnda til að fara í jakkann, en ekki beðið hann að skipta sér af Pétri Olgeirssyni að þessu sinni.

Þennan framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

Stefndi í máli þessu hefur komið fyrir dóm og borið eftirfarandi:

Hann kveður það rétt, að hann hafi rennt sér niður úr baðstofunni og niður á borð í danssalnum og þaðan niður á stól eða stóla til þess að komast niður á dansgólfið. Hann kveðst enn fremur minnast þess, að hann hafi eitt sinn staðið upp úr sæti sínu og stigið upp á stól eða stóla til þess að komast út á dansgólfið. Kveðst hann hafa gert það vegna þess, hve þröngt var við borðið. Þá kveður hann það rétt, að hann hafi verið á skyrtunni. Hann hafi verið það í ca. 10 mínútur eða kortér, en þá setið kyrr við borðið. Hann kveðst hafa farið úr jakkanum sökum þess, hve heitt var inni og jakkinn þröngur um axlirnar. Hann viðurkennir, að rétt sé, að umsjónarmaður hússins hafi beðið hann að fara í jakkann og ætlað að hjálpa honum við það, en hann hafi þá rétt út handlegginn. Umsjónarmaðurinn hafi þá horfið á brott, en stefnandi komið að borðinu.

Ekki kveðst stefndi muna, hvort nokkur orð fóru á milli hans og stefnanda né heldur muni hann, hvort þeir töluðust við síðar, en það geti þó vel verið. Hann segir, að stefnandi hafi hjálpað sér við að fara í jakkann og kveðst enga mótspyrnu hafa veitt gegn því og hvorki gert sig líklegan til að rétta út handlegginn né verið með neitt sprell, svo sem stefnandi heldur fram.

Þegar hann var kominn í jakkann, hafi stefnandi án nokkurs tilefnis af hans hálfu gripið hann hálstaki og fært hann í átt til dyranna. Hann neitar að hafa þrifið í öxl stefnanda og kveður sér hafa komið viðbrögð hans algerlega á óvart og þótt þau mjög ruddaleg. Hann kveðst hafa reiðzt þessum aðförum og einhverja mótspyrnu veitt, en litlu við komið. Ekki kveðst hann muna, hverjum brögðum stefnandi beitti hann á leiðinni út að öðru leyti en því, að hann hafi haft á honum hálstak, að minnsta kosti á leiðinni út dansgólfið, og minnist þess ekki, að stefnandi hafi lagt hann á gólfið. Þegar að útidyrunum kom, kveðst hann hafa streitzt á móti.

Ekki kveðst hann hafa orðið var við að stefnandi meiddist í átökunum og ekki heyrt minnzt á það fyrr en rúmri viku seinna.

Hann kveðst í umrætt skipti hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis. Ekki kveðst hann hafa veitt því eftirtekt, að aðrir hafi verið á skyrtunni eða jakkalausir á samkomunni.

Vitnið Jóhann Dalberg Sigurðsson hefur komið fyrir dóm. Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið skipsfélagi stefnda, er atvik það, sem mál þetta fjallar um, gerðist. Vitnið kveðst hafa setið við sama borð og stefndi í samkomuhúsinu og verið áhorfandi að því, er hann var færður út. Það skýrir svo frá, að stefndi hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Kveðst það hafa merkt það á framkomu hans. Hann hafi verið mjög kátur, en ella sé hann fremur fálátur. Þó sé ekki hægt að segja, að hann hafi verið drukkinn, t. d. hafi hann ekki slagað. Vitnið kveðst hafa séð stefnda stíga í eitt skipti upp á stóla við borðið. Muni hann hafa ætlað að stytta sér leið frá öðru borði að borði því, sem þeir sátu við. Vitnið segir stefnda hafa farið úr jakkanum við borðið, en það hafi hann ekki gert af neinum sérstökum ástæðum og engan veginn verið í neinum árásarhugleiðingum. Húsvörðurinn hafi þá komið til hans og beðið hann að fara í jakkann, en stefndi hafi þá skamma stund verið á skyrtunni. Húsvörðurinn hafi nú ætlað að færa stefnda í jakkann, en stefndi hafi þá, líklega í stríðnisskyni, rétt út aðra höndina stífa. Húsvörðurinn hafi þá horfið á brott, án þess að til neinna átaka kæmi milli hans og stefnda. Síðan hafi það gerzt, að stefnandi hafi komið að borðinu. Ekki kveðst vitnið hafa þekkt stefnanda þá í sjón, en kveðst hafa þekkt hann síðar og segist vera visst um, að lögregluþjónn sá, sem að borðinu kom, hafi verið stefnandi.

Vitnið segir, að stefnandi hafi nú beðið stefnda að fara í jakkann. Hafi stefnandi hjálpað stefnda að fara í jakkann og stefndi engan mótþróa sýnt, t. d. kveðst vitnið ekki hafa orðið vart við, að stefndi rétti út höndina. Ekki veitti vitnið því eftirtekt, hvort nokkur orð fóru milli stefnda og stefnanda í þetta skipti.

Þegar stefnandi hjálpaði stefnda í jakkann, sneri hann baki að honum. Næst segir vitnið, að það hafi gerzt, að stefnandi hafi lagt hendur á stefnda, að því er vitninu virtist algerlega að óvörum. Vitnið kveðst hafa orðið mjög undrandi á þessari framkomu stefnanda og virzt hún tilefnislaus. Þegar þessi atvik gerðust, kveðst vitnið hafa fylgzt vel með stefnanda og stefnda og telur, að athygli sín hafi ekki beinzt frá þeim, frá því að stefnandi hjálpaði stefnda í jakkann og þar til stefnandi lagði hendur á hann.

Stefnandi fór nú með stefnda út á dansgólfið og áleiðis til dyra. Ekki virtist vitninu hann streitast neitt á móti, en stefndi

hafi sagt sér, að hann hafi veitt mótspyrnu, er komið var að dyrum danssalarins. Eftir að stefnandi og stefndi voru komnir út á mitt dansgólfið, kveðst vitnið hafa misst sjónar af þeim og ekki fylgzt meira með viðureigninni. Ekki kveðst vitnið hafa veitt því athygli, hvort stefnandi meiddist í átökunum. Þegar þetta gerðist, kveðst vitnið telja sér óhætt að segja, að það hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Það segist halda, að það hafi verið búið að drekka eitt glas af léttblönduðu áfengi. Vitnið upplýsti, að það og stefndi hafi verið á sama báti, síðan þetta gerðist, þar til þeir fóru í land um mánaðamótin sept.—okt. 1964.

Ragnar Karlsson hefur komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið kveðst vera kunningi bæði stefnanda og stefnda í máli þessu. Það segist m. a. hafa verið með stefnanda í íþróttum, en verið skipsfélagi stefnda frá 2. júní 1963 til 14. sept. sama ár. Vitnið kveðst hafa verið á dansleik þeim, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er risið af. Þeir skipsfélagar hafi verið með þrjú borð í salnum, þar af tvö saman. Vitnið kveðst hafa verið að koma að borðunum, er það sá stefnanda grípa stefnda hálstaki. Hann hafi staðið fyrir aftan stefnda og brugðið vinstri handlegg fram fyrir háls honum og dregið hann þannig út úr salnum. Ekki kveðst vitnið geta borið um, hvað þeim stefnda og stefnanda fór á milli, áður en til átaka kom. Vitnið kveðst ekki hafa séð Sigurð Helga Pálsson lögregluþjón vera neins staðar nálægt þeim stefnanda og stefnda, er átökin byrjuðu, en síðar séð hann við útidyr, er hann aðstoðaði stefnanda við að koma stefnda út fyrir.

Vitnið segir, að umsjónarmaður hússins hafi staðið hjá stefnda og stefnanda, er átökin hófust, en telur, að umsjónarmaðurinn hafi síðar gengið lengra inn í salinn, líklega til að stilla þar mann að nafni Pétur Olgeirsson, sem hafi verið ölvaður og með óspektir allt kvöldið. Lögregluþjónarnir hafi fært mann þennan út og átt auðvelt með, því að hann hafi verið drukkinn og litla mótspyrnu getað veitt. Þá segir vitnið, að algengt hafi verið, að menn færu úr jökkunum á samkomunni.

Ekki segist vitnið hafa orðið vart við, að stefnandi kveinkaði sér í átökunum, en vitnið kveðst hafa fylgzt með ferðum þeirra allt að útidyrunum. Vitnið segir, að stefnandi hafi ekki sleppt hálstaki á stefnda fyrr en á tröppum milli útidyra og danssalar, en þar hafi fyrst orðið einhverjar stympingar milli þeirra, en hinn lögregluþjónninn hafi þá komið og aðstoðað stefnanda við að færa stefnda út úr húsinu.

Vitnið kveðst ekki hafa veitt stefnanda neina sérstaka eftir-

tekt, eftir að framangreindum átökum lauk, en þó hafi það séð hann hafa afskipti af fleiri átökum, sem urðu í húsinu síðar um kvöldið.

María Þorgeirsdóttir hefur mætt sem vitni í málinu og borið eftirfarandi:

Vitnið kveðst vera málkunnugt bæði stefnanda og stefnda. Það kveðst hafa verið á umræddum dansleik og staðið á dansgólfinu ásamt fleira fólki skammt frá borði því, sem stefndi sat við. Það kveðst hafa veitt því eftirtekt, að húsvörðurinn var að færa stefnda í jakkann. Er hann var kominn í jakkann öðrum megin, hafi hann rétt út handlegginn stífan og húsvörðurinn þá hætt við að færa stefnda í jakkann og snúið frá. Stefnandi hafi síðan komið að borðinu og reynt að klæða stefnda í jakkann. Ekki kveðst vitnið hafa heyrt, hvort þeim stefnda og stefnanda hafi farið nokkuð á milli, enda hávaði í salnum. Vitnið kveðst hafa fylgzt vel með, þar sem það og fleira fólk var að horfa á viðskipti stefnda og stefnanda.

Vitnið telur, að stefnandi hafi verið búinn að færa stefnda í jakkann, er hann greip stefnda einhverjum tökum og tók að færa hann til dyra. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að stefndi hafi þrifið til stefnanda, áður en þetta gerðist. Vitnið heldur, að stefnandi hafi ekki gengið neitt í átt frá stefnda, eftir að hann var búinn að færa hann í jakkann, heldur lagt hendur á hann í beinu framhaldi af því. Vitnið segir, að stefndi hafi eitthvað streitzt á móti, en kveðst hafa misst sjónar af þeim, er stefnandi tók að færa stefnda til dyra, enda þvaga verið í salnum.

Þá segir vitnið, að hinn lögregluþjónninn hafi ekki verið við borðið, er stefnandi var að klæða stefnda í jakkann, en líklega komið, eftir að átökin byrjuðu.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, er með viðurkenningu stefnda, sem studd er framburði vitna í málinu, upplýst, að hann var undir áhrifum áfengis í samkomuhúsinu og renndi sér niður úr svokallaðri baðstofu og niður á borð í danssalnum og þaðan niður á stól eða stóla til þess að komast niður á dansgólfið. Þá steig hann einnig upp á stól eða stóla til þess að komast frá sæti sínu fram á dansgólfið. Auk þess fór hann úr jakkanum og var á skyrtunni. Hann hafði að engu bann húsvarðarins við því að vera þannig klæddur og kom í veg fyrir, að húsvörðurinn klæddi hann í jakkann.

Stefnanda, sem gegndi löggæzlustörfum á danssamkomunni, var því bæði rétt og skylt að leggja fyrir stefnda að gæta velsæmis

og hegða sér eftir settum reglum. Stefndi neitaði að fara í jakkann, nema stefnandi hjálpaði honum til þess. Til þess að forðast leiðindi gerði stefnandi það, en benti stefnda jafnframt á, að hann væri búinn að fyrirgera rétti sínum til þess að vera á skemmtuninni. Báðir lögreglumennirnir eru sammála um, að stefndi hafi sýnt mótþróa við að fara í jakkann.

Um það, sem næst gerist, er frásögn vitna ósamhljóða. Stefnandi og lögregluþjónninn, sem með honum var, bera báðir, að er stefndi var kominn í jakkann og þeir snúnir frá honum, hafi hann gripið í öxl stefnanda og slitið annan axlarskúfinn af. Þessu hefur stefndi eindregið neitað, og vitni þau, sem leidd hafa verið, kveðast ekki hafa veitt þessu athygli.

Þegar þess er gætt, að lögreglumennirnir höfðu lokið afskiptum af stefnda og voru snúnir frá, verður að telja með miklum ólíkindum, að stefnandi hafi allt í einu og án gefins tilefnis lagt hendur á stefnda og tekið að færa hann út úr húsinu. Með framburði hans og eiðfestum framburði lögregluþjónsins, sem með honum var, verður að telja nægilega upplýst, að stefndi hafi þrifið í öxl stefnanda og þar með veitt tilefni til frekari afskipta.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykir framferði stefnda á dansleiknum hafa verið með þeim hætti, að stefnanda hafi verið bæði rétt og skylt að fjarlægja hann úr húsinu, enda hefur stefndi í sakadómi Reykjavíkur 17. febr. 1964 undirgengizt að greiða 500 króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga. Þá verður ekki séð af skjölum málsins, að stefnandi hafi beitt hann meira harðræði en þörf var til að yfirbuga mótstöðu hans.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi hlotið þau meiðsli, sem frá er greint í máli þessu, í átökum sínum við stefnda.

Eins og áður greinir frá, kveðst stefnandi fyrst hafa fundið til þess, að hann væri meiddur, er hann fór með stefnda gegnum dyrnar á danssalnum. Vitnið Sigurður Helgi Pálsson lögregluþjónn hefur borið, að stefnandi hafi, strax að átökunum loknum, sýnt sér, að hann hafi meiðzt á litla fingri hægri handar. Sá hann fingurinn, sem lá máttlaus inn í lófann. Jón Jóhannesson, umsjónarmaður hússins, hefur borið, að nokkru eftir að átökunum lauk, hafi stefnandi sagt sér frá, að hann hefði meiðzt í átökunum við stefnda.

Þá hefur verið lagt fram vottorð Hjördísar Jakobsdóttur hjúkrunarkonu. Staðfestir hún að hafa séð meiðsli stefnanda, strax að átökunum loknum, en man ekki, hvort fingurinn var brotinn eða úr liði.

Samkvæmt áliti hinna sérfróðu dómenda verða meiðsli, eins og hér um ræðir, með þeim hætti, að annað hvort slitni sinin sjálf rétt við festuna á fremstu kjúku eða beinlínis rifni af, þar sem sinin festist. Slík meiðsli hljótast af snöggu átaki, sem beygja mundi fingurinn, svo sem ef fingurinn rekst á eitthvað.

Nokkur sársauki fylgir meiðslum þeim, sem hér um ræðir, en þarf ekki að vera mikill. Rétting í fremsta lið verður strax lítt eða alls ekki möguleg. Höndin þarf ekki að vera ónýt til átaka, einkum ef um litla fingur er að ræða, en ekki verður hún jafn fullkomin í notkun sem heil væri. Algengt er, að sjúklingur með þess konar meiðsli leiti ekki læknis fyrr en einum eða fleiri dögum eftir áfallið. Ekki telja hinir sérfróðu dómendur líklegt, að æfingar við spjótkast hafi smám saman lamað viðkomandi sin, svo að lítið hafi þurft til að koma, að hún slitnaði, heldur hafi þvert á móti æfing íþrótta styrkt sinafestið frekar en hitt. Þá telja þeir mjög ólíklegt, að sinin hafi verið slitin, áður en til átakanna kom.

Um það atriði, hvort hugsanlegt sé, að aðrar orsakir en átök stefnanda við stefnda geti legið til meiðsla hans, taka hinir sérfróðu dómendur fram, að einkenni meiðsla þeirra, sem hér um ræðir, komi samstundis í ljós, svo að sjúklingur geti alltaf sagt til um, hvenær sinaslit af þessu tagi eigi sér stað. Aðrar orsakir á sama tíma og viðkomandi átök áttu sér stað komi ekki til greina.

Með hliðsjón af framburði vitna og með vísan til álits hinna sérfróðu meðdómenda þykir nægilega sannað, að stefnandi hafi hlotið meiðsli þau, sem mál þetta fjallar um, í átökum við stefnda, er hann var að fjarlægja hann ölvaðan út úr samkomuhúsinu. Með þessu framferði sínu hefur stefndi bakað sér fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	Atvinnutap vegna varanlegrar örorku	kr. 42.983.00
2.	Bætur fyrir sársauka, óþægindi, miska, óhagræði og röskun á stöðu	— 35.000.00
3.	Útlagt fyrir vottorð tryggingafræðings	— 1.250.00
4.	Útlagt fyrir vottorð sama (endurreiknað)	— 1.200.00
5.	Útlagt fyrir læknisvottorð	— 600.00
6.	Ferðakostnaður og læknishjálp	— 5.000.00
		Samtals kr. 86.033.00

Um lið 1:

Páll Sigurðsson tryggingalæknir hefur reiknað út örorku stefnanda. Þar segir svo:

„Ofannefndur maður kom til mín 12. nóv. 1963. Hann skýrði frá því, að hinn 8. júní s. l. hefði hann orðið fyrir meiðsli. Hann er starfandi lögregluþjónn á Húsavík og lenti þar í átökum þann dag. Við átökin þá slitnaði réttisin hægri litlafingurs. Hann var til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni og var í spelku í 3 mánuði, en sinin greri ekki. Þennan tíma, er hann var í umbúðum, gat hann aðeins stundað starf sitt að litlu leyti og var alveg frá starfi í 1½ mánuð.

Skoðun: Almennt ástand er eðlilegt. Hraustlegur. Hægri hönd: Hægri litlifingur stendur í 45° beygju í yzta lið. Beygist þaðan eðlilega inn í lófann, en getur ekki rétzt aktivt, og passivt vantar 10° upp á fulla réttingu. Nokkur þroti er um yzta liðinn dorsalt og eymsli yfir liðnum.

Ályktun: Hér er um að ræða lögregluþjón, sem slasast í átökum og slítur réttisin hægri litlafingurs. Reynt var að fá sinina til að gróa með umbúðum, en tókst ekki, og stendur fingurinn í beygju, og eru allmikil eymsli í liðnum og óþægindi við átök.

Ekki er um að ræða aðgerð til að fá fingurinn jafngóðan aftur, en manninum hefur verið ráðlagt að láta gera aðgerð og gera liðinn stífan í hæfilegri beygju og fá þannig sterkan, sársaukalítinn fingur með varanlegri stirðnun í liðnum.

Fullyrða má, að maðurinn verði aldrei jafngóður í fingrinum, og má gera ráð fyrir, að varanleg örorka hans vegna slyssins 8. júní 1963 verði um 2%."

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Þar segir svo:

„Jóel Sigurðsson varð fyrir því slysi 8. júní 1963, að réttisin hægri litla fingurs slitnaði í átökunum, er hann lenti í vegna starfs síns. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur í örorkumati, dagsettu 16. nóv. 1963, metið varanlegan örorkumissi Jóels vegna þessara meiðsla 2%.

Læknirinn hefur ekki metið tímabundinn orörkumissi.

Jóel er sagður fæddur 5. nóvember 1924 og hefur því verið 38 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum áranna 1962 og 1963 hafa vinnutekjur Jóels tvö síðustu heilu almanaksárin verið:

Árið 1961 ..... kr. 82.498.00
— 1962 ..... — 120.987.00

Ég hef umreiknað þessar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingu á kjörum lögregluþjóna.

Þannig áætlaðar framtíðarvinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þar sem gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið sé 2% af áætluðum vinnutekjum.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 142.056.00	kr. 2.841.00
Síðan árlega	— 144.324.00	— 2.886.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku reiknast mér nema á slysdegi *kr. 33.520.00.*

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1941—1950 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Við munnlegan málflutning lagði lögmaður stefnanda fram nýja útreikninga frá sama tryggingafræðingi. Þar segir, að frá 3. janúar 1964 hafi orðið miklar hækkanir í launum og auk þess hafi verið reiknaðar út nýjar dánarlíkur, byggðar á reynslu áranna 1951—1960. Með tilliti til þessa telst tryggingafræðingnum vinnutekjutap stefnanda á slysdegi vera kr. 42.983.00.

Það er álit hinna sérfróðu dómenda, sem skoðað hafa meiðsli stefnanda, að hann verði aldrei jafngóður í fingrinum.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og bent á, að stefnandi sé ríkisstarfsmaður og haldi óskertum launum. Auk þess hafi frádráttur vegna opinberra gjalda ekki verið gerður.

Með tilliti til þess, sem að ofan hefur verið sagt, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 34.387.00.

Um lið 2:

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi orðið fyrir margs háttar fjárhagslegu tjóni vegna meiðslanna. Hann hafi ekki getað unnið að húsbyggingu sinni á Húsavík í frístundum sínum, þar með töldu sumarfríi. Þá urðu meiðslin til þess, að hann gat ekki um tíma sinnt lögreglustörfum á Húsavík og hafði af því tekjumissi.

Þá geti hann ekki lengur sinnt eftirlætis íþrótt sinni, spjótkasti, en þar var hann methafi.

Ennþá sé fingurinn viðkvæmur og sérstaklega næmur fyrir kulda og auk þess þrútni hann upp við átök.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum. Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið sagt, má fallast á, að stefnandi hafi orðið fyrir allverulegri röskun á stöðu og högum, og þykja bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Liðum 3, 4 og 5 hefur ekki verið andmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina.

Um lið 6:

Stefndi hefur andmælt þessum lið sem órökstuddum, ósundurliðuðum og of háum.

Stefnandi hefur ekki lagt fram neina reikninga eða aðrar sannanir fyrir þessum lið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 34.387.00 + 25.000.00 + 1.250.00 + 1.200.00 + 600.00, eða kr. 62.437.00, auk 7% ársvaxta frá 8. júní 1963 til 1. jan. 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. jan. 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 10.900.00 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Hauki Kristjánssyni yfirlækni og Hannesi Finnbogasyni deildarlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Halldórsson, greiði stefnanda, Jóel Sigurðssyni, kr. 62.437.00 auk 7% ársvaxta frá 8. júní 1963 til 1. jan. 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. jan. 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 10.900.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1966.

Nr. 91/1966. **Loftleiðir h/f** (Barði Friðriksson hdl.)
gegn
Elíasi Hannessyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Flugfarmbréf. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1966. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Skilmálar flutningsskírteinisins eru raktir í héraðsdómi. Samkvæmt 9. lið þeirra bar áfrýjanda að afhenda vöruna þeim viðtakanda, sem skráður var framan á skírteinið, en það var Mr. Hurbeck, starfsmaður fyrirtækisins Clairol í New York. Tekið var skýrt fram í skírteininu, að vöruna mætti ekki afhenda viðtakanda nema gegn framvísun frumskírteinis nr. 2. Áfrýjandi fól fyrirtækinu Icelandic Airlines, Inc., í New York að sjá um afhendingu vörunnar. Hann bar eftir sem áður ábyrgð á efndum flutningssamningsins. Starfsmönnum þessa fyrirtækis urðu á þau mistök við afhendingu vörunnar að krefjast eigi frumskírteinis nr. 2. Þar sem um mistök starfsmanna, sem áfrýjandi bar ábyrgð á, var að tefla, gildir hér eigi sú takmörkun á bótaábyrgð, sem greind er í 22. gr., 2. a, fylgiskjals með lögum nr. 41/1949, sbr. XIII. gr. fylgiskjals með lögum nr. 46/1956. Varan, sem var óvefengt 101 ljósmynd, var afhent fyrirtækinu Clairol í New York hinn 22. desember 1962. Voru allar myndirnar í vörzlum fyrirtækisins, þar til áfrýjandi hófst handa um endurheimtu þeirra. Hinn 13. ágúst 1963 sendi áfrýjandi stefnda 56 myndanna, en stefndi neitaði að veita þeim viðtöku. Áfrýjandi lagði þær þá fram á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 19. desember 1963. Síðan lagði hann fram 44 myndanna á

bæjarþingi 10. nóvember 1964. Matsgerð sú, sem lögð hefur verið fram í málinu, er byggð á skoðun matsmanna á þessum 100 myndum. Ein mynd hefur ekki komið fram. Virðist hún enn vera í vörzlum fyrirtækisins Clairol í New York. Þykir því eigi verða fullyrt, að fyrirtæki þetta, sem hafði allar myndirnar í vörzlum sínum í marga mánuði, margar á annað ár og eina e. t. v. enn, hafi eigi hagnýtt sér þær að meira eða minna leyti, enda bar fyrirtækið aldrei fram kvörtun um gæði myndanna, sbr. 51., 52. og 54. gr. laga nr. 39/1922. Verðmæti myndanna var skráð á flutningsskírteinið kr. 50.000.00. Að svo vöxnu máli verður ekki talið, að áfrýjandi hafi fært sönnur á það, að stefndi hafi ekkert tjón beðið eða það verið minna en stefndi gerir kröfur til.

Samkvæmt því, er nú var rakið, þykir bera að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Loftleiðir h/f, greiði stefnda, Elíasi Hannessyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. þ. m., hefur Elías Hannesson, Flókagötu 45 hér í borg, höfðað með stefnu, útgefinni 16. september 1963, á hendur Loftleiðum h/f til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 42.950.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði stórlækkuð.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum hér fyrir dómi, að í nóvembermánuði 1962 hafi Sigurður nokkur Jónsson spurzt fyrir um það, hvort hann vildi taka að sér myndatöku á tízku-

sýningu, er fram átti að fara í veitingahúsinu Lido, fyrir Heildverzlun Árna Jónssonar vegna hárlitunarfyrirtækisins Clairol í New York. Var óskað eftir, að myndirnar væru litmyndir. Kveður stefnandi Sigurð hafa beðið sig um að hafa samband við starfsstúlku heildverzlunarinnar varðandi framhald málsins. Það kveðst stefnandi hafa gert og þá jafnframt staðfest, að hann gæti tekið að sér verkið. Er stefnandi kom í veitingahúsið Lido, kveðst hann fyrst hafa átt tal við ameríska mann að nafni Hurbeck, sem sér hafi verið vísað til. Kveðst stefnandi hafa spurt mann þennan um tilhögun myndatökunnar. Kveðst hann hafa tekið fram, að betra væri að taka myndirnar í kyrrstöðu en á hreyfingu, ef fram ætti að fá háralit sýningarstúlknanna. Kveður stefnandi Hurbeck hafa óskað eftir því, að hann tæki myndirnar á hreyfingu og eins mikið af þeim og hann gæti. Eftir að tízkusýning var um garð gengin, kveðst stefnandi hafa snúið sér til Hurbeck og spurzt fyrir um, hverja stærð af myndum hann vildi fá. Kveðst stefnandi hafa reiknað með um 60 myndum. Kveður hann Hurbeck hafa svarað: „Ég vil fá eina 18×24 af hverri". Stefnandi kveðst einnig hafa spurt Árna Jónsson, hvort hann vildi ekki eitt eintak af hverri mynd og hafi hann svarað því játandi. Ekki kveður stefnandi spurt hafa verið um verð, enda að sjálfsögðu reiknað með verði samkvæmt gjaldskrá ljósmyndara, en samkvæmt því sé verð á ljósmynd af stærðinni 18×24 cm. kr. 750.00 fyrir fyrstu mynd, en verð á eftirpöntun af fyrstu mynd kr. 550.00 og ef pantaðar séu þrjár myndir eða fleiri, sé verðið kr. 450.00. Stefnandi kveðst nú eftir nokkurn tíma hafa farið með 101 mynd af fyrstu mynd til Árna Jónssonar og hafi honum litizt vel á sumar þeirra, en aðrar hafi hann ekki talið eins góðar. Einnig kveður hann Árna hafa fundizt reikningurinn nokkuð hár. Kveður stefnandi Árna hafa sagt, að hann gæti ekki greitt þetta fyrr en nokkrum dögum seinna, en þrátt fyrir endurtekin loforð hafi Árni ekki staðið við það. Um miðjan desembermánuð kveðst stefnandi hafa farið á fund Árna til að krefja hann um greiðslu, en þá hafi Árni viljað taka út myndir, sem honum hafi ekki þótt nógu góðar, og hafi hann sagt, að þær ætti fyrirtækið Clairol að greiða. Stefnandi kveðst nú hafa sagt Árna, að hann mundi reyna að senda myndirnar í kröfu til fyrirtækisins Clairol, án þess þó að í þessu fælist, að hann undanþægi Árna greiðsluskyldu. Stefnandi sendi nú myndirnar með flugvél stefnda til fyrirtækisins Clairol í New York. Samkvæmt flugfarmbréfi, sem stefndi gaf út í þremur tölusettum eintökum í sambandi við flutninginn, tók

hann að sér að flytja sendinguna til New York, og er fyrirtækið Clairol þar skráð viðtakandi vörunnar. Er verðmæti sendingarinnar skráð kr. 50.000.00. Samkvæmt fyrirmælum, sem skráð eru á farmbréfið, skyldi sendingin aðeins afhent gegn framvísun þess eintaks farmbréfsins, sem tölusett var nr. 2. Það eintak farmbréfsins hafði stefnandi sent ásamt innheimtu kröfunnar til banka í New York fyrir milligöngu Landsbanka Íslands. Þrátt fyrir fyrirmæli farmbréfsins var sendingin afhent fyrirtækinu Clairol hinn 22. desember 1962 af afgreiðslu þess í New York, sem fengið hafði sendinguna til afgreiðslu, án þess að eintaki farmbréfsins, sem tölusett var nr. 2, væri framvísað. Samkvæmt upplýsingum banka þess í New York, sem fengið hafði kröfuna til innheimtu, neitaði fyrirtækið Clairol að greiða kröfuna á þeim grundvelli, að hún ætti að greiðast af Árna Jónssyni. Með bréfi, dags. 16. júlí 1963, var stefndi krafinn um verð myndanna, stefnufjárhæðina í máli þessu. Var kröfu þeirri synjað af stefnda. Með bréfi, dags. hinn 13. ágúst 1963, sem birt var stefnanda með stefnuvottum, sendi stefndi stefnanda 56 af myndum þeim, sem verið höfðu í sendingunni. Stefnandi neitaði að veita myndunum viðtöku. Hafa myndir þessar verið lagðar fram í málinu. Undir rekstri málsins hafa auk þess verið lagðar fram 44 af myndum þeim, sem í sendingunni voru.

Vitnið Árni Jónsson stórkaupmaður, umboðsmaður fyrirtækisins Clairol hér á landi, hefur skýrt svo frá, að maður frá fyrirtækinu, Hurbech að nafni, sem hér hafði verið staddur, hafi annazt ráðningu stefnanda til ljósmyndatökunnar, en starfsstúlka við heildsölu vitnisins, sem starfað hafi með manni þessum, hafi talað við stefnanda og beðið hann um að framkvæma myndatökuna. Kveður vitnið, að fyrirtækið Clairol hafi átt að greiða fyrir myndatökuna og myndirnar. Ekki kveðst vitnið minnast þess að hafa átt tal við stefnanda á tízkusýningunni. Eftir að greindur Hurbeck fór af landi, kveður vitnið stefnanda hafa komið til sín með myndirnar og reikning. Kveðst vitnið hafa talið, að allar myndirnar væru ekki eins og þær áttu að vera, þar sem þær hafi allar verið „slöraðar". Kveðst vitnið hafa borið þetta undir kunnáttumenn og hafi þeir staðfest þetta álit þess. Vitnið kveðst þá hafa viljað skjóta málinu undir álit Ljósmyndarafélag Íslands, en stefnandi hafi ekki viljað fallast á þá málsmeðferð. Vitnið kveður stefnanda þá hafa sagt sér, að hann ætlaði að snúa sér beint til fyrirtækisins Clairol með greiðslukröfu. Kveðst vitnið ekkert hafa haft við það að athuga. Vitnið kveðst

vita, að myndirnar hafi hvorki verið notaðar af fyrirtækinu Clairol né fyrirtæki þess, þ. e. vitnisins. Kveðst vitnið hafa fengið bréf frá Clairol, þegar starfsmenn þess höfðu séð myndirnar, og hafi þar komið fram, að fyrirtækið gæti ekki notað myndirnar.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram reikningur á hendur Heildverzlun Árna Jónssonar, og kemur þar fram verðlagning mynda þeirra, sem í sendingunni voru. Er 51 mynd verðlögð á kr. 22.950.00, eða kr. 450.00 hver mynd, og 50 myndir verðlagðar á kr. 20.000.00, eða kr. 400.00 hver mynd.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að er stefndi hafi tekið að sér flutning umræddra mynda, hafi hann gengizt undir þau fyrirmæli, sem skráð voru á farmbréfið, að sendingin skyldi aðeins afhent gegn framvísun þess eintaks farmbréfsins, sem tölusett hafi verið nr. 2. Það eintak hafi viðtakandi sendingarinnar fyrst getað fengið í hendur, er hann hafi verið búinn að greiða andvirði sendingarinnar í banka. Þessi fyrirmæli hafi stefndi rofið, þar sem sendingin hafi verið afhent viðtakanda, án þess að þetta eintak farmbréfsins væri afhent og án þess að krafan væri greidd. Er því haldið fram, að vegna þessara mistaka starfsmanna stefnda, sem viðurkennd séu af stefnda, beri hann ábyrgð á andvirði sendingarinnar gagnvart stefnanda. Er því haldið fram, að svo beri að líta á, að sendingin hafi glatazt alveg, því að fyrirtækið Clairol hafi haft myndirnar í sínum vörzlum í lengri tíma og getað hagnýtt sér þær án þess að greiða nokkuð fyrir, enda hafi myndirnar aðeins gildi fyrir fyrirtækið. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að framlagning myndanna í málinu breyti nokkru um ábyrgð stefnda.

Sýknunarkrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Hann hafi tekið að sér flutning umræddrar sendingar frá Reykjavík til New York, en er þangað hafi komið, hafi sendingin ásamt fylgiskjölum verið afhent amerísku afgreiðslufélagi þar á staðnum, Icelandic Airlines, Inc. Með þessu hafi stefndi innt af hendi skyldu sína gagnvart stefnanda, en hið ameríska afgreiðslufyrirtæki tekið við sendingunni til endanlegrar afgreiðslu og hafi það því frá því borið á henni alla ábyrgð. Er því haldið fram, að af þessum sökum beri stefndi enga ábyrgð á mistökum þeim, sem orðið hafi hjá hinu ameríska félagi með því að afhenda sendinguna, án þess að fullnægt væri fyrirmælum stefnanda. Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefndi beri ábyrgð á mistökum hins ameríska félags, þá sé með öllu ósannað, að stefnandi hafi af þessum sökum orðið fyrir

nokkru tjóni. Myndirnar séu fyrir hendi og hafi verið boðnar stefnanda, en hann hafi synjað viðtöku þeirra. Þá sé ósannað, að fyrirtækið Clairol hafi notað myndirnar, á meðan þær voru í vörzlum þess, enda er því haldið fram, að myndirnar séu svo stórgallaðar frá hendi stefnanda, að þær hafi verið óhæfar til notkunar í auglýsingaskyni. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, að krafa stefnanda sé allt of há og fari svo, að stefnda verði gert að greiða stefnanda bætur, þá beri að lækka kröfuna. Er bent á, að myndirnar beri það sjálfar með sér, að þær séu ekki fullgild vara og að þær séu alls ekki 50.000.00 króna virði, eins og gefið sé upp í farmbréfi. Er því haldið fram, að bætur geti aldrei orðið hærri en svo sem ákveðið er í 22. gr. Varsjársamningsins, sbr. lög nr. 41/1949.

Í 1. gr. hinna almennu skilmála flugfarmbréfs þess, sem stefndi gaf út, er hann tók umrædda sendingu til flutnings, segir svo:

„Í samningi þessum merkir orðið „flugfarmskírteini" skírteini þetta og samning, „sendandi" merkir mann þann eða persónu (þ. e. félag eða fyrirtæki), sem vörurnar afhendir til flutnings, og orðið „flugfélag" skal ná til flugfélags þess, er gefur flugfarmskírteini þetta út, svo og til allra flugfélaga, sem vörur flytja í samræmi við það eða inna af hendi önnur störf í sambandi við slíkan loftflutning. Að því er snertir ákvæði þau um undanþágu frá og takmörkun á bótaskyldu, sem sett eru eða vísað er til í samningi þessum, skal orðið „flugfélag" ná til umboðsmanna, þjóna eða fulltrúa allra slíkra flugfélaga. Annist mörg flugfélög flutning, hvert á fætur öðru, samkvæmt samningi þessum, skoðast slíkur flutningur einn og óskiptur."

Í flugfarmbréfinu sjálfu er tekið fram, að sendingin skuli aðeins afhent viðtakanda gegn framvísun eintaks þess, er tölusett var nr. 2. Það eintak hafði stefnandi sent með innheimtu á andvirði sendingarinnar til banka í New York, eins og áður er rakið. Var þetta ákvæði flugfarmbréfsins bindandi samningur um þetta efni milli aðilja málsins. Samkvæmt 12. gr., 2. tl., laga nr. 41/1949 bar starfsmönnum Icelandic Airlines, Inc., og stefnda að tilkynna stefnanda þegar í stað, ef ekki var hægt að framkvæma þessi fyrirmæli. Samkvæmt þessu verður að telja, að máli þessu sé réttilega beint gegn stefnda og að stefndi beri ábyrgð á þeim mistökum starfsmanna fyrirtækisins Icelandic Airlines, Inc., sem stefndi hafði afhent sendinguna til afgreiðslu í New York, og innti því af hendi störf í sambandi við flutninginn, er þeir rufu þessi fyrirmæli í flugfarmbréfinu. Þykja ákvæði flugfarmbréfsins eigi

verða skýrð svo, að stefndi hafi undanþegið sig þessari ábyrgð, enda þykir synjun viðtakanda um að greiða kröfu stefnanda eigi verða skýrð svo, að hún leysi stefnda undan ábyrgð þessari skv. ákvæði a liðs 4. gr. hinna almennu skilmála flugfarmbréfsins. Fyrirtækið Clairol tók sendinguna í sínar vörzlur, og var hún síðan í vörzlum þess, þar til er stefndi hófst handa um að endurheimta hana í tveimur áföngum, eins og fram er komið. Verður að líta svo á, að fyrirtækið hafi tileinkað sér myndirnar. Er ekki fram komið, að af hálfu fyrirtækisins hafi á þeim tíma verið kvartað við stefnanda yfir gæðum myndanna og ekki heldur út af því, að myndirnar hefðu ekki allar átt að fara til fyrirtækisins. Af þessum sökum þykir boð stefnanda um afhendingu hluta myndanna og framlagning hans á 100 myndum undir rekstri málsins og mat það, sem hann fékk dómkvadda matsmenn til að framkvæma, ekki geta leyst hann undan ábyrgð hans.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður stefnda gert að greiða stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir við það, að ekki var fylgt fyrirmælum flugfarmbréfsins. Telst tjón stefnanda nema verði myndanna, eins og stefnandi reiknar það, kr. 42.950.00. Þá verður stefnda gert að greiða vexti af þeirri fjárhæð, sem reiknast 7% ársvextir frá 22. desember 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum, Árna Árnasyni kaupmanni og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Loftleiðir h/f, greiði stefnanda, Elíasi Hannessyni, kr. 42.950.00 með 7% ársvöxtum frá 22. desember 1962 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1966.

Nr. 217/1965. **Héraðsrafmagnsveitur ríkisins**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Birni Halldórssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Frávísun. Áfrýjun. Aðild. Endurheimta. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna í aðalsök í héraði, en í gagnsök í héraði verði stefnda dæmt að greiða honum kr. 3.400.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. marz 1963 til greiðsludags. Enn krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðalsök í héraði.

Svo er mælt í 27. gr. raforkulaga nr. 12/1946, að heimta megi úr sýslusjóði þeim, sem í hlut á, framlag, óendurkræft og vaxtalaust, til héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sem nemi minnst ⅓ af framlagi ríkissjóðs til héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Enn segir í nefndri lagagrein, að setja megi í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, ákvæði um, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur til að standa undir nefndum greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Samkvæmt nefndri heimild í 27. gr. laga nr. 12/1946 var sett reglugerð nr. 192/1949 um rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu og breyting gerð á henni með reglugerð nr. 95/1954. Eru reglugerðir þessar báðar í gildi. Hinn 1.

janúar 1958 settu héraðsrafmagnsveitur ríkisins reglur um greiðslu heimtaugagjalda. Þessar síðastnefndu reglur verða eigi metnar gildar, þar sem þær voru settar af óbærum aðilja að lögum.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var rafmagn lagt frá áfrýjanda í gamalt íbúðarhús að Syðra-Brennihóli í Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, árið 1954. Virðist þáverandi eigandi nefndrar jarðar hafa greitt heimtaugagjald. Stefndi keypti jörðina 1958. Síðla árs 1960 sótti hann á eyðublaði, stíluðu til áfrýjanda, um heimtaug í nýtt hús, sem hann hafði reist á jörðinni. Starfsmaður áfrýjanda reiknaði, að stefnda bæri að greiða kr. 6.700.00 í heimtaugagjald og sendi sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu reikning samkvæmt því til innheimtu. Greiddi stefndi sýslumanni fyrst kr. 3.000.00 upp í gjaldið, en afganginn, kr. 3.700.00, með fyrirvara hinn 2. júní 1961. Skilaði sýslumaður gjaldinu í hendur áfrýjanda. Í aðalsök þessari sækir stefndi heimtaugagjaldið, kr. 6.700.00, aftur úr hendi áfrýjanda.

Stefnda var samkvæmt 27. gr. laga nr. 12/1946, 11. gr. reglugerðar nr. 65/1947 fyrir héraðsrafmagnsveitur ríkisins svo og nefndum reglugerðum nr. 192/1949 og 95/1954 skylt að greiða aukaheimtaugagjald vegna nýbyggingar sinnar á Syðra-Brennihóli til sýslusjóðs Eyjafjarðarsýslu, sem hins vegar átti að standa áfrýjanda skil á sínu framlagi.

Stefndi hefur samkvæmt því, sem rakið var, notið framlags og fyrirgreiðslu um innlagningu rafmagns í hið nýja hús sitt að Syðra-Brennihóli. Sýslumanni Eyjafjarðarsýslu bar að heimta úr hendi stefnda gagngjald hans samkvæmt lögum þeim og reglugerðum, sem um það gilda, en eigi samkvæmt hinum ógildu reglum frá 1. janúar 1958. Eigi liggja fyrir í málinu gögn um það, að sýslumaður hafi heimt meira úr hendi stefnda en sem nam gagngjaldi því, er stefnda bar að greiða. En sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu er sá aðili, sem stefndi verður að halda sér að, áður en til mála kemur, að hann geri kröfur á hendur áfrýjanda. Að svo vöxnu máli verður krafa stefnda á hendur áfrýjanda eigi tekin til greina í máli þessu.

Gagnsök í héraði.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, á áfrýjandi eigi aðild að heimtu heimtaugagjalds úr hendi stefnda. Efnisdómur verður samt eigi kveðinn upp um gagnsökina í héraði. Svo er mál með vexti, að fjárhæð gagnsakar í héraði til sjálfstæðs dóms nam eigi kr. 5.000.00, sem skilyrði er áfrýjunar samkvæmt 13. gr. laga nr. 57/1962, og áfrýjandi hefur áfrýjað málinu án þess að afla áfrýjunarleyfis samkvæmt 16. gr. nefndra laga. Verður því að vísa gagnsök í héraði frá Hæstarétti.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, héraðsrafmagnsveitur ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Björns Halldórssonar, í aðalsök í héraði.

Gagnsök máls þessa í héraði er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1965.

Mál þetta var tekið til dóms 25. október. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 11. febrúar 1963, og þingfest næsta dag. Stefnandi er Björn Halldórsson, bóndi og héraðsdómslögmaður á Syðra-Brennihóli, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. Með fyrrnefndri stefnu stefndi hann raforkumálastjóra f. h. héraðsrafmagnsveitna ríkisins og krafðist greiðslu á kr. 6.700.00 ásamt 9% vöxtum p. a. frá 2. júní 1961. Þá krafðist hann og málskostnaðar. Af hálfu héraðsrafmagnsveitna ríkisins er krafizt sýknu af kröfum þessum, og jafnframt er gerð krafa um málskostnað.

Með gagnstefnu, sem birt var 19. marz 1963 og þingfest sama dag, krefst rafmagnsveitustjóri f. h. héraðsrafmagnsveitna ríkisins úr hendi Björns Halldórssonar greiðslu að fjárhæð kr. 3.400.00 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 18. marz 1963 til greiðsludags og málskostnaðar. Í gagnsökinni krefst Björn sýknu og málskostnaðar. Gagnsök hefur verið sameinuð aðalsök. Raforkumálastjóri er nú í fyrirsvari fyrir héraðsrafmagnsveitur ríkisins í málinu.

Málavextir:

Hinn 18. febrúar 1954 sótti þáverandi eigandi og ábúandi jarðarinnar Syðra-Brennihóls, María Jóhannesdóttir, um það til héraðsrafmagnsveitna ríkisins, að heimtaug yrði lögð í íbúðarhúsið á jörðinni. Umsóknin var rituð á eyðublað frá héraðsrafmagnsveitunum, og sagði í meginmáli hins prentaða texta m. a.: „... skuldbind ég mig til að greiða heimtaugargjöld þau, sem reglugerð rafveitusjóðs sýslunnar og reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins ákveða. Ennfremur skuldbind ég mig til að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem héraðsrafmagnsveitur ríkisins setja rafmagnsnotendum sínum." Ekki er annað að sjá, en heimtaugin hafi verið lögð og frú María hafi greitt heimtaugagjald eftir þeim reglum, sem þá var farið eftir við innheimtu þeirra. Þess er að geta, að rafveitusjóður Eyjafjarðarsýslu mun enginn vera til og aldrei hafa verið stofnaður, en heimtaugagjaldið mun hafa verið innheimt af héraðsrafmagnsveitum ríkisins.

Aðalstefnandi í máli þessu, Björn Halldórsson, keypti Syðra-Brennihól á árinu 1958 og hóf skömmu síðar að reisa þar nýtt íbúðarhús. Í málinu hefur verið lögð fram umsókn, undirrituð af honum, rituð á eyðublað frá rafmagnsveitum ríkisins. Nokkur atriði úr umsókninni skulu hér tekin upp orðrétt:

„RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS. UMSÓKN UM HEIMTAUG.

Ég undirritaður eigandi Syðra Brennihóls, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu, óska hér með eftir lagningu heimtaugar frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins eða rafmagnsveitum ríkisins. Ég skuldbind mig til að greiða heimtaugargjöld þau, sem reglugerðir og reglur héraðsrafmagnsveitna ríkisins og rafmagnsveitna ríkisins ákveða (sjá bakhlið), og greiða áætlaðan helming heimtaugargjaldsins áður en lagning veitunnar hefst og eftirstöðvarnar nokkru áður en verkinu er lokið ... Ennfremur skuldbind ég mig til að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem héraðsrafmagnsveitur ríkisins og rafmagnsveitur ríkisins setja rafmagnsnotendum sínum ...

Athugasemdir umsækjanda: Árið 1954 var lagt í gamalt og lélegt (sic), sem aðeins var notað til vors 1958. Nú óskast heimtaug vegna nýbyggingar. Vonast til að heimtaugargj. í eldra húsið megi reiknast uppí heimtaugargjald þess nýja.

Ábúandi er: sjálfur.

Akureyri 13/11 1960. Björn Halldórsson."

Neðan við þessa umsókn eru ritaðar athugasemdir af starfsmanni raforkumálaskrifstofu, en aftan á eyðublaðinu er prent-

aður texti, sem þykir eiga heima í málavaxtalýsingu, og er þannig:

„REGLUR
héraðsrafmagnsveitna ríkisins um greiðslu heimtaugargjalda.

1. gr.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins taka við framlagi úr héraði, samkvæmt ákvæðum c-liðar 26. gr. og 27. gr. raforkulaga, sem heimtaugargjöldum, sem þeir, er fá heimtaug tengda, greiði héraðsrafmagnsveitum ríkisins, samkvæmt ákvæðum þessara reglna, enda skuldbindi þeir sig skriflega áður en verkið er hafið við veitu þá, er leggja þarf til þeirra, til að greiða heimtaugargjaldið samkvæmt þessum reglum.

2. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 3. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjaldið (sbr. 1. gr.) til héraðsrafmagnsveitna ríkisins áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 3. gr., nema heimtaugargjalda í kauptúnum, sem eru hreppur út af fyrir sig eða hafa helming eða meira af íbúatölu hreppsins. Þau greiðast til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir.

3. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 1.000.00 krónur af hverju íbúðarhúsi og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og 2.000.00 krónur af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar og til viðbótar við grunngjald skal greiða 45 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 20.000 króna matsverði, 10 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 20.000 krónur allt að 100.000 krónum, 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé saman-

lögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3.000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur raforkumálastjóri áætlað matsverðið með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjaldið í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda liggi fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefir fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 45 þús. kr. Þó skal tekið tillit til þess ef býlið telst, að dómi landnámsstjóra, verulega frábrugðið meðal nýbýli að því er fasteignamat varðar.

Heimtaugargjöld sumarbústaða ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Verði fallizt á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

HÉRAÐSRAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
1. jan. 1958."

Starfsmaður héraðsrafmagnsveitna ríkisins reiknaði út, að aðalstefnanda bæri að greiða kr. 6.700.00 í heimtaugagjald og sendi sýslumanni Eyjafjarðarsýslu upplýsingar þar að lútandi 22. desember 1960. Skömmu síðar virðist aðalstefnandi hafa greitt kr. 3.000.00, en ekki er fram komin í málinu kvittun fyrir þeirri greiðslu. Hins vegar er ljóst, að aðalstefnandi hefur spurzt fyrir um, hvernig gjaldið hafi verið reiknað, og af því tilefni var honum sent bréf, dagsett 19. maí 1961, undirritað af Jakob Gíslasyni raforkumálastjóra og Páli Hafstað fulltrúa.

Í bréfinu er skýrt, hvernig fjárhæð heimtaugagjaldsins var fundin. Með bréfi þessu fylgdu reglurnar, sem farið var eftir. Svo er að sjá, sem stefnanda hafi verið sendar reglur, útgefnar 1. janúar 1961, en þær voru eins og reglurnar frá 1. janúar 1958, að því er varðar það atriði. Þessu bréfi svarar aðalstefnandi 27.

maí 1961. Þar mótmælir hann heimild til að krefja sig um heimtaugagjald, og einnig telur hann, að gjaldið sé skakkt reiknað, þó að heimild til álagningar yrði talin vera fyrir hendi. Þá segir í bréfinu:

„Ég tel af framangreindum ástæðum mér vera óskylt að greiða nokkurt heimtaugargjald af nýja húsinu. En þar sem ég geri ráð fyrir, að ég fái ekki tengingu án þess að greiða, verð ég hérmeð að áskilja mér rétt til endurgreiðslu alls gjaldsins síðar meir og með aðstoð dómstóla, ef ekki drægi til sátta. Hins vegar er ég fús til að setja tryggingu fyrir gjaldinu, ef það reyndist löglegt, gegn því að greiðslan mætti bíða úrlausnar dómstólanna. Ég varð í vetur að borga kr. 3.000.00 uppí gjaldið til að fá vinnuljós og óska sérstaklega eftir, að mér verði endurgreidd sú upphæð, ef þið féllust á síðari leiðina (tryggingu)".

Bréfinu lýkur síðan með almennum athugasemdum aðalstefnanda um gjaldheimtu héraðsrafmagnsveitnanna.

Hinn 2. júní 1961 greiddi aðalstefnandi sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu kr. 3.700.00, og segir í kvittuninni, sem lögð hefur verið fram í málinu, að um sé að ræða síðari hluta heimtaugagjaldsins. Þá hefur viðtakandi gjaldsins skráð á kvittunina: „Gr. með fyrirvara skv. bréfi Bj. H. til raforkumálastjóra, dags. 27/5 '61".

Eftir þetta fól aðalstefnandi Ragnari Jónssyni, hæstaréttarlögmanni í Reykjavík, að krefjast endurgreiðslu á heimtaugagjaldinu. Hæstaréttarlögmaðurinn ritaði rafmagnsveitum ríkisins 23. marz 1962 þar að lútandi, og segir m. a. í bréfinu: „Um rök fyrir þessu vil ég vísa til erindis þess, er Björn hefir sent yður. Jafnframt leyfi ég mér að láta í ljósi þá skoðun, að gjaldheimtu þessa kunni að skorta stoð í gildandi raforkulögum, og ber ég það fram sem ástæðu fyrir endurgreiðslukröfunni."

Þegar reiknað var út heimtaugagjald það, sem aðalstefnandi var krafinn um seint á árinu 1960, var byggt á því, að fasteignamat það, sem leggja skyldi til grundvallar, yrði kr. 50.000.00. Matið mun hins vegar hafa orðið kr. 86.000.00, og er því haldið fram, að eftir reglum þeim, sem farið hefur verið eftir, ætti heimtaugagjaldið því að vera kr. 10.000.00, en ekki kr. 6.700.00.

Þess er að geta, að eftir upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu, voru „Reglur héraðsrafmagnsveitna ríkisins um greiðslu heimtaugargjalda" frá 1. janúar 1958 og 1. janúar 1961 undirritaðar af raforkumálastjóra. Þá hafa komið fram í málinu upplýsingar þess efnis, að ekki verði séð, að reglurnar hafi verið born-

ar undir raforkuráð. Þá segir á þessa leið í bréfi raforkumálastjóra frá 5. þ. m.: „Umræddar reglur munu ekki hafa verið formlega lagðar fyrir Atvinnumálaráðuneytið, en hins vegar var um þær rætt við ráðuneytisstjóra og ráðherra, sem ekkert höfðu við það að athuga, að reglur þessar yrðu settar."

Málsástæður og lagarök:

Krafa aðalstefnanda um endurgreiðslu heimtaugagjalds er í fyrsta lagi rökstudd með því, að gjald þetta sé í eðli sínu skattgjald, en til skattálagningar þurfi lagaheimild, sem hér sé engin fyrir hendi. Bent er á, að 26. gr. og 27. gr. raforkulaga nr. 12/1946 eru ákvæði um fjármögnun héraðsrafveitna ríkisins. Þar er m. a. mælt fyrir um framlag úr héraði. Í 27. gr. segir m. a.: „Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, setja um það ákvæði, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign." Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að heimtaugagjald, sem hann krefst endurgreiðslu á, hafi ekki verið á lagt eftir þessu lagaákvæði. Gjaldið hafi verið krafið af héraðsrafmagnsveitunum, en ekki af sýslusjóði, enda engin reglugerð til um tekjuöflun fyrir þann sjóð vegna greiðslna til héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Er því haldið fram, að hvergi sé í lögum nein heimild fyrir héraðsrafmagnsveiturnar til að setja reglur um greiðslu heimtaugagjalda. Séu reglurnar frá 1. janúar 1958 og 1961 því ógildar. Til skýringar á þeirri málsástæðu, að heimtaugagjaldið sé skattur, er á það bent, að það sé ákveðið án tillits til þess, hvað kostar að leggja hverja heimtaug og því ekki þóknun fyrir ákveðið verk. T. d. hafi heimtaugagjaldið, sem aðalstefnandi krefst endurgreiðslu á, verið tiltölulega mun hærra en aðrir þurfa að greiða fyrir framkvæmdir í sína þágu, þar sem heimtaug að Syðra-Brennihóli hafi verið lögð árið 1954 og því um tiltölulega lítinn tilkostnað að ræða vegna húsagerðar aðalstefnanda á bænum. Jafnframt er á það bent, að heimtaugagjöld, eins og þau eru krafin, eru ekki bundin við einstök héruð, svo sem ráð sé fyrir gert í raforkulögum, 27. gr.

Til vara er krafa aðalstefnanda um endurgreiðslu rökstudd með því, að reglur héraðsrafmagnsveitna ríkisins um greiðslu heimtaugagjalda frá 1958 og 1961 séu ógildar án tillits til þess, hvort gjaldið er talið skattur eða ekki. Í fyrsta lagi séu reglur

þessar settar af embættismanni, sem ekki hafi heimild til útgáfu slíkra almennra réttarreglna í neinu falli, þar sem atbeini ráðherra þurfi jafnan til að koma. Í öðru lagi brjóti ákvæði reglnanna í bág við 27. gr. raforkulaga. Í þriðja lagi hafi verið vanrækt að birta reglur þessar með lögboðnum hætti, þar sem þær sé hvergi að finna í Stjórnartíðindum og raunar ekki heldur í Lögbirtingablaði. Öllum þessum skilyrðum þurfi þó að fullnægja, ekki sízt þar sem hér sé um gjaldtöku að ræða.

Enn fremur er til vara krafa aðalstefnanda um endurgreiðslu rökstudd með því, að í 37. gr. raforkulaga sé bersýnilega aðeins heimilað að leggja á heimtaugagjald einu sinni vegna hverrar jarðar. Heimtaugagjald vegna Syðra-Brennihóls hafi verið greitt 1954 og því geti í engu falli verið heimilt að krefjast þess á ný.

Á þessum grundvelli er því haldið fram, að ólöglegt hafi verið að krefjast greiðslu á heimtaugagjaldi því að fjárhæð kr. 6.700.00, sem aðalstefnandi hefur greitt með þeim fyrirvara, sem fyrr greinir. Beri því að endurgreiða honum gjaldið skv. almennum reglum hér að lútandi.

Af hálfu héraðsrafmagnsveitna ríkisins er því haldið fram, að aðferð þeirra við heimtu heimtaugagjaldsins sé að öllu leyti lögleg og byggð á lagaheimildum. Bent er á, að raforkulög nr. 12/1946 séu heildarlög um vinnslu raforku hér á landi og dreifingu hennar, sem gildi jafnhliða ákvæðum vatnalaganna um vatnsaflsstöðvar. Ákvæði III. og IV. kafla raforkulaganna fjalli um héraðsrafmagnsveitur, síðari kaflinn sérstaklega um héraðsrafmagnsveitur ríkisins. Þar sé gert ráð fyrir, að ríkið eigi og reki sem sjálfstætt fyrirtæki stofnun, sem heitir héraðsrafmagnsveitur ríkisins. Um fjáröflun er vísað til 26. og 27. gr. raforkulaganna. Þá er á það bent, að um héraðsrafmagnsveitur ríkisins fjalli reglugerð nr. 65/1947. Í 11. gr. reglugerðarinnar er að finna ákvæði um umsóknir um heimtaug og hvernig með skuli fara, þegar breyta þarf eldri heimtaug. Í framhaldi af þessu er skýrt svo frá af hálfu héraðsrafmagnsveitnanna, að skömmu eftir setningu raforkulaganna hafi verið stofnaðir rafveitusjóðir í nokkrum sýslum (sbr. reglugerðir nr. 120/1947 og nr. 122/1947), en við framkvæmd laganna hafi þó brátt komið í ljós, að sýslusjóðir eða sérstakir rafveitusjóðir sýslna gátu ekki valdið því verkefni að greiða til héraðsrafmagnsveitna ríkisins með þeim hætti, sem segir í 26. og 27. gr. raforkulaga. Því hafi framkvæmdin orðið sú, að ríkið hafi lagt fé í raforkusjóð sinn, sem

síðan hafi greitt kostnað við héraðsrafmagnsveitur ríkisins. Hluta af tekjum raforkusjóðs ríkisins hafi verið aflað með heimtaugagjöldum. Fyrsta heildargjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins hafi verið sett 1951, staðfest af ráðherra og birt sem nr. 12/1951. Í tölulið III í þessari gajldskrá segir: „Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu". Nýjar gjaldskrár hafi nokkrum sinnum verið settar. Í gjaldskrá nr. 107/1955 segir í III. tölulið: „Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjald til héraðsrafmagnsveitna ríkisins." Þetta ákvæði er óbreytt í gjaldskrá nr. 34/1959 og nr. 28/1961, sem gekk í gildi 10. febrúar það ár. Í framhaldi af þessu er bent á ákvæði 4., 5. og 24. gr. raforkulaga um störf raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra ríkisins svo og ákvæði um sama efni í reglugerð nr. 65/1947, 4. og 5. gr.

Á grundvelli þess, sem nú hefur verið rakið, er því haldið fram, að gjaldskrá nr. 34/1959 hafi verið sett með heimild í raforkulögum og að ákvæðið í III. tölulið gjaldskrárinnar um heimtaugagjald sé löglegt. Reglur héraðsrafmagnsveitna ríkisins um greiðslu heimtaugagjalda, sem dagsettar eru 1. janúar 1958, hafi verið byggðar á þessu ákvæði gjaldskrárinnar, en upphaflega settar með heimild í samhljóða ákvæði gjaldskrár nr. 107/1955. Þessar reglur hafi verið settar af valdhafa, sem byggi vald sitt á áðurnefndum ákvæðum í raforkulögum og reglugerð nr. 65/1947, og síðan birtar með fullnægjandi hætti, þar sem aðalstefnanda hafi verið gerðar þær kunnar, um leið og hann sótti um lagningu heimtaugar að Syðra-Brennihóli. Því er mótmælt, að þurft hafi að gæta sérstakra atriða við setningu reglnanna vegna þess, að um skatt sé að ræða. Eru þau mótmæli byggð á því, að heimtaugagjaldið sé ekki skattur, heldur greiðsla fyrir þjónustu, sem reiknuð sé með sérstökum hætti, eins og algengt sé.

Af hálfu héraðsrafmagnsveitna ríkisins er því enn fremur haldið fram í málinu til vara, að reglurnar um greiðslu heimtaugagjalda hafi lengi verið í föstu sniði, þær gangi jafnt yfir alla, sem þær eigi við, og að þær séu í upphafi til komnar af brýnni þörf þjóðfélagsins, enda mikið í húfi, að þær séu haldnar. Þegar af þessari ástæðu beri að telja þær gildar og hafna endurgreiðslukröfu aðalstefnanda.

Loks er sýknukrafa héraðsrafmagnsveitna ríkisins studd þeim rökum, að aðalstefnandi hafi sjálfur með undirskrift sinni undir

umsókn um heimtaug gengizt undir að greiða heimtaugagjaldið. Verði hann því að greiða það eftir almennum reglum um samninga og geti síðari fyrirvarar engu breytt þar um.

Um heimild til að taka heimtaugagjald vegna breytinga á mannvirkjum er því haldið fram, að slík heimild sé bæði í 11. gr. reglugerðar nr. 65/1947 og í margnefndum reglum frá 1. janúar 1958, enda sé slíkt eðli máls samkvæmt, þar sem héraðsrafmagnsveiturnar þurfi að stofna til nýrra framkvæmda, þegar ný hús eru reist á jörðum.

Um gagnsökina er því fram haldið af hálfu gagnstefnanda (héraðsrafmagnsveitna ríkisins), að gagnstefnda (Birni Halldórssyni) hafi í upphafi verið gert að greiða heimtaugagjald á grundvelli áætlaðs matsverðs hins nýja íbúðarhúss, en honum beri að greiða eftir hinu endanlega matsverði, eftir að það liggur fyrir. Er ekki ágreiningur um það í málinu nú, að þá mundi heimtaugagjaldið vera kr. 10.100.00 eftir þeim reglum, sem farið hefur verið eftir. Af hálfu gagnstefnda er kröfu héraðsrafmagnsveitnanna í gagnsökinni mótmælt á þeim grundvelli, að ólöglegt sé að krefja hann um nokkurt heimtaugagjald, og er um rökstuðning fyrir þeirri málsástæðu vísað til raka fyrir kröfugerð í aðalsök.

Ágreiningslaust er í málinu, að aðalstefnandi hafi innt greiðslu þeirra 6.700.00 króna, er hann borgaði í heimtaugagjald, af hendi með fyrirvara.

Af hálfu aðalstefnda er því mótmælt, að til þess geti komið, að honum verði gert að greiða hærri vexti en 7% p. a.

Niðurstaða:

Raforkulög nr. 12/1946 eru heildarlög um raforkumál. Er þar m. a. að finna ákvæði þau, sem starfræksla rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins er byggð á. Þessar greinar í lögunum koma aðallega til skoðunar í málinu: 21., 23., 26., 27., 31., 50. og 53. gr. Reglugerð um héraðsrafmagnsveitur ríkisins er, sem fyrr segir, nr. 65/1947. Einkum koma 4. og 11. grein þessarar reglugerðar til athugunar. — Um þau ákvæði í gjaldskrám, sem til álita koma, er áður rætt. Þess má geta í því sambandi, að settar hafa verið sérstakar „gjaldskrár um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum", sbr. gjaldskrá nr. 216/1960. Gjaldskráin er sett af ráðherra.

Efni „Reglna héraðsrafmagnsveitna ríkisins um greiðslu heimtaugargjalda", sem raforkumálastjóri setti 1. janúar 1958 og eru grundvöllur þess, að aðalstefnanda var gert að greiða hið umdeilda gjald, er ekki í samræmi við raforkulög nr. 12/1946. Í 27. gr. er

sýslusjóðum heimilað að krefja um slíkt gjald eftir reglugerðarákvæðum, er ráðherra staðfestir. Hvergi er héraðsrafmagnsveitum ríkisins veitt heimild til að áskilja sér heimtaugagjald. Raforkulögin eru ítarleg heildarlög, og verður að telja, að í ákvæðum þeirra felist tæmandi upptalning á því, hvernig heimta megi gjöld vegna þeirra mála, er lögin fjalla um. Í 21. grein laganna segir um héraðsrafmagnsveitur, aðrar en héraðsrafmagnsveitur ríkisins, að ákveða megi heimtaugagjald í almennri gjaldskrá þeirra, en slíkar gjaldskrár skal ráðherra staðfesta. Samanburður 21., 27. og 31. greina laganna styrkir það álit, að í 27. grein sé tæmandi talið, hvaða aðili megi heimta heimtaugagjald vegna framkvæmda héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Af því, er nú hefur sagt verið, verður að draga þá ályktun, að ekki sé heimilt að ákveða í gjaldskrá, sem sett er skv. heimild í 31. gr. raforkulaga, að greiða skuli heimtaugagjald til héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Enn síður er heimilt að setja ákvæði um slíkt gjald í reglum, sem byggðar kunna að vera á slíkri gjaldskrá. Verður þegar af þessari ástæðu að hafna þeirri málsástæðu málflutningsumboðsmanns aðalstefnda, að reglurnar frá 1. janúar 1958 eigi sér lagastoð, þar sem eru lög nr. 12/1946.

Eins og fyrr greinir, er því til vara haldið fram, að reglurnar frá 1. janúar 1958 séu löglegar eðli máls samkvæmt. Ekki verður á þessa málsástæðu fallizt. Með setningu raforkulaga nr. 12/1946 var ákveðið, hvernig viðkomandi málum skyldi skipað, og bar því og ber eftir ákvæðum þeirra að fara, meðan þau eru óbreytt, um heimtaugagjald sem annað. Eru engin efni til að beita reglum, byggðum á öðrum réttarheimildum, um það atriði, er ágreiningur er um í máli þessu.

Það, sem nú hefur sagt verið, leiðir til þeirrar niðurstöðu, að *efni* reglna héraðsrafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1958 sé með þeim hætti, að reglurnar verði ekki lagðar til grundvallar dómi. Þess er og að geta, að reglurnar voru eigi settar með *formlega* réttum hætti. Þær voru ekki settar af ráðherra, svo sem vera þurfti eftir 32. grein raforkulaga. Ekki voru þær heldur bornar undir raforkuráð, svo sem skylt var skv. 53. grein sömu laga. Þetta eitt leiðir til þess, að þær verða ekki lagðar til grundvallar dómi.

Athuga verður sérstaklega, hvort aðalstefnanda hafi skylt verið að greiða hið umdeilda heimtaugagjald eftir reglum um samninga. Er áður rakið, hvaða yfirlýsingu hann undirritaði, er hann sótti um lagningu heimtaugar í hús sitt. Sem fyrr greinir

eru ítarleg heildarákvæði um raforkumál í lögum nr. 12/1946. Stjórnvöldum er eigi heimilt að gera samninga einkaréttarlegs eðlis, þegar svo stendur á sem hér, til að áskilja hinu opinbera meiri rétt en lög mæla fyrir um. Telja verður, að af þessu leiði, að aðalstefnandi hafi ekki orðið skuldbundinn eftir reglum samningaréttar til að greiða hið umdeilda gjald.

Svo sem fyrr greinir, er það ágreiningslaust í málinu, að aðalstefnandi greiddi með fyrirvara. Verður að telja, að aðiljar séu sammála um, að hann eigi rétt á endurgreiðslu, ef hin umdeilda gjaldheimta verður talin hafa verið ólögleg.

Vegna þess, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á þá kröfu aðalstefnanda, að héraðsrafmagnsveitum ríkisins beri að greiða honum kr. 6.700.00. Jafnframt ber að sýkna hann af kröfum héraðsrafmagnsveitnanna í gagnsök. Rétt er, að honum verði greiddir vextir af fyrrnefndri fjárhæð, 7% p. a. frá 2. júní 1961 til 1. janúar 1965, en 6% p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, héraðsrafmagnsveitur ríkisins, greiði aðalstefnanda, Birni Halldórssyni, kr. 6.700.00 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 2. júní 1961 til 1. janúar 1965, en 6% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi skal vera sýkn af gagnkröfum gagnstefnanda.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins greiði Birni Halldórssyni kr. 10.000.00 í málskostnað.

Ofangreindar fjárhæðir skulu greiddar innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. desember 1966.

Nr. 86/1966. **Þórunn Guðjónsdóttir** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Jóni S. Jakobssyni og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hann hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Krefst aðaláfrýjandi þess, að honum verði heimilaður aðgangur að rafmagnstöflu í íbúð gagnáfrýjanda til þess að láta draga þar í gegn dyrasíma upp í risíbúð hússins Kvisthaga 25. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 1. júní 1966. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur um synjun innsetningargerðar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er réttilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný skjöl, þar á meðal bréf lögmanns aðaláfrýjanda, dags. 10. þ. m., til bæjarsímans í Reykjavík, þar sem þess er farið á leit f. h. aðaláfrýjanda, að bæjarsíminn láti í té bréf eða skilríki fyrir því, að dyrasíminn verði leyfður og að bæjarsíminn muni láta leggja hann, strax og hentugleikar leyfa. Málaleitun þessari svaraði póst- og símamálastjórnin með bréfi, dags. 14. þ. m., m. a. á þann veg, að hún væri reiðubúin til að láta leggja umræddan dyrasíma eftir jólaannir, ef óskað væri, sbr. og 11. gr. og 13. gr. laga nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa.

Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður gagnáfrýjanda því yfir, að það væri ósk og vilji gagnáfrýjanda, að aðiljar máls þessa létu sameiginlega leggja dyra-

síma fyrir aðra hæð og rishæð í greindu húsi þeirra, Kvisthaga 25 hér í borg.

Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um innsetningargerð.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Sératkvæði
Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Búnaður sá (dyrasími), sem aðaláfrýjandi vill láta setja upp í húsinu nr. 25 við Kvisthaga hér í borg, er fjarskiptavirki í merkingu ákvæða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1941. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga hefur ríkið einkarétt á að setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra, og í 10. gr. er póst- og símamálastjórninni falin framkvæmd á þeim einkarétti.

Aðaláfrýjandi, sem eigi hefur fengið undanþágu frá þessum einkarétti, á því eigi rétt á að láta sjálfur setja upp dyrasímabúnað þann, sem um er fjallað í málinu. Hann á því eigi aðild að því úrskurðarefni, hvort heimilt sé að leggja dyrasímaþráð um rafmagnstöflu gagnáfrýjanda.

Með þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 2. desember 1965.

Gerðarbeiðandi, Þórunn Guðjónsdóttir, Kvisthaga 25, hefur krafizt þess, að sér verði með innsetningargerð heimilaður aðgangur að rafmagnstöflu í íbúð gerðarþola, Jóns S. Jakobssonar, á 2. hæð hússins Kvisthaga 25 til þess að láta draga þar í gegn

tengingu til rishæðar vegna lagningar dyrasíma. Hún krefst þess, að gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða henni málskostnað.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að innsetningargerð þessi nái fram að ganga. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 25. nóv. s. l.

Samkvæmt endurriti úr afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur, sem lagt hefur verið fram í málinu sem rskj. 3, er gerðarbeiðandi, Þórunn Guðjónsdóttir, eigandi rishæðar hússins nr. 25 við Kvisthaga, en gerðarþoli, Jón S. Jakobsson, er eigandi íbúðar á 2. hæð sama húss.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að fyrir nokkru hafi hún ætlað að láta setja upp dyrasíma af tíðkanlegri gerð til íbúðar sinnar. Hún segir sér vera heilsufarslega nauðsyn á dyrasíma, sbr. læknisvottorð á rskj. 6. Rafvirki sá, er verkið skyldi vinna, hafi athugað, að leiðslupípa fyrir símalögn þessa var til staðar í vegg hússins, en svo að unnt væri að fara þá leið, sem sé hina einu eðlilegu, þurfi að fara með leiðsluna gegnum rafmagnstöflu í íbúðinni á 2. hæð, en þar fari engin tenging fram. Nú hafi eigandi þessarar hæðar, Jón S. Jakobsson, þverneitað um leyfi til þess að þetta megi framkvæma og ekki skipazt við bréf, sem honum hafi verið sent, sjá rskj. 2, en þar hafi hann verið beðinn að tiltaka tíma til verksins. Telur gerðarbeiðandi gerðarþola með þessari afstöðu beita sig hinum mesta óréttí og öldungis að þarflausu. Telja beri almennt, að raflagnir í húsi séu sameign eigenda, en ef lögn sé aðeins í þágu vissrar íbúðar, verði að telja hana séreign þeirrar íbúðar. Eðli málsins samkvæmt verði að líta svo á, að fyrst nauðsyn beri til að fara með leiðslu þessa um rafmagnstöflu gerðarþola, sé hún að því leyti í sameign. Hljóti gerðarþoli að verða að láta sér lynda svo smávægilegan umgang, sem af þessu leiði, og það í eitt skipti fyrir öll, enda sé það ekki svo, að tengja skuli leiðslu þessa við rafmagnstöflu hans. Á það beri og að líta, að gerðarþola sjálfum stafi hagræði og ónæðissparnaður af dyrasíma þessum, ef upp verði settur.

Gerðarþoli vefengir, að eðli málsins eða landslög skyldi hann til að leyfa gerðarbeiðanda athöfn þá, sem farið er fram á. Hann heldur því fram, að alveg sé ósannað, að nauðsyn beri til að fara þá leið og liggi raunar í augum uppi, að gerðarbeiðandi geti látið leggja leiðslu þessa eftir öðrum leiðum. Gerðarþoli telur, að fógetaréttur geti ekki fjallað um rétt þann, er gerðarbeiðandi telur

sér, og ætti gerðarbeiðandi að bera þessa kröfu fyrir hinn almenna héraðsdómstól.

Friðrik Lindberg símvirki, Háaleitisbraut 40, hefur mætt óstefndur sem vitni í máli þessu. Hann skýrir svo frá, að gerðarbeiðandi hafi beðið sig að sjá um uppsetningu dyrasíma til risíbúðarinnar að Kvisthafa 25. Kveðst hann hafa athugað staðhætti svo og samþykkta teikningu af rafkerfi hússins, sbr. framlagðan uppdrátt á rskj. 9. Dyrasími sá, sem fyrirhugað hafi verið að setja upp, sé drifinn af eigin rafvökvun og án sambands við rafkerfi hússins. Við athugun kveðst Friðrik hafa komizt að því, að bjöllulögn til risíbúðar liggi upp með viðkomu í rafmagnstöflum 1. og 2. hæðar og þaðan í bjölludós í rishæð og til þess að fara þessa leið með lögnina þurfi að opna nefnda töflukassa, draga tilheyrandi þræði í gegn og loka kössunum að svo búnu, en tenging fari þar ekki fram. Alsiða sé, að fara þurfi inn í íbúðir annarra til þess að framkvæma verk sem þessi og ætti verk þetta ekki að taka nema svo sem eins og hálftíma. En hitt sé annað mál, að leggja megi þessa leiðslu upp um stigagang eða jafnvel utan á húsinu, en þarna séu bjöllurör til staðar.

Ekki verður komizt hjá því að líta svo á, að rafmagnstafla þessi sé persónuleg eign gerðarþola, og er hún að auki staðsett í íbúð hans. Verður ekki séð, að lög og eðli málsins standi til þess, að hann skuli gegn vilja sínum þola aðgang gerðarbeiðanda að töflunni.

Þegar af þessari ástæðu er synjað um hina umbeðnu fógetagerð, en málskostnaður verður látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. desember 1966.

Nr. 61/1966. **Jarðvinnslan s/f og Almennar Tryggingar h/f**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Sveini Ólafi Tryggvasyni og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1966 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og að honum verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. maí 1966 og krafizt þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að bera óskipt fulla ábyrgð á tjóni hans vegna árekstrar, sem varð á Reykjavegi í Reykjavík hinn 31. desember 1964 milli bifreiðar hans, R 6478, og jarðýtunnar T. D. 14, nr. 1, eign Jarðvinnslunnar s/f. Hann krefst einnig, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stjórnandi jarðýtunnar var, þá er áreksturinn varð, að ryðja snjó af Reykjavegi. Hann ók til suðurs með hraða gangandi manns fram hjá tveimur kyrrstæðum bílum, sem stóðu á austurbrún vegarins. Hann hafði hvorki leiftrandi ljós á jarðýtunni, sbr. 4. mgr., 1. tl., 31. gr. reglugerðar nr. 51/1964, né viðvörunarmerkið A 10. Eins og ljósabúnaði jarðýtunnar var háttað, hefði verið varlegra af honum að nema staðar, jafnskjótt sem hann sá gagnáfrýjanda koma á móti sér.

Gagnáfrýjandi ók norður Reykjaveg. Hann átti að sjá hina kyrrstæðu bíla á austurbrún vegarins. Mátti hann draga af stöðu þeirra þá ályktun, að umferðin að norðan færi fram hjá þeim yfir á vestari helming vegarins. Hann átti og að verða jarðýtunnar var í tæka tíð, ef hann hefði viðhaft þá

gát, sem honum bar að sýna. Á hann því meginsök á árekstrinum.

Að öllum atvikum athuguðum þykir rétt að skipta sök á árekstrinum þannig, að ökumaður jarðýtunnar beri hana að einum fjórða, en gagnáfrýjandi að þremur fjórðu. Samkvæmt þessu verður skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda lögð að einum fjórða á aðaláfrýjendur.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Jarðvinnslan s/f og Almennar Tryggingar h/f, skulu bera óskipt að einum fjórða skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda, Sveins Ólafs Tryggvasonar, sem hann hlaut við árekstur bifreiðar hans, R 6478, og jarðýtu Jarðvinnslunnar s/f hinn 31. desember 1964.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Sveinn Ólafur Tryggvason, Háagerði 27 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 13. maí 1965, á hendur Jarðvinnslunni s/f og Almennum Tryggingum h/f, báðum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 30.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af dómkröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans, en til vara er þess krafizt, að fjárhæð stefnukröfunnar verði lækkuð stórlega.

Samkvæmt samkomulagi lögmanna aðilja hefur málinu verið skipt í samræmi við ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að nú er aðeins fjallað um fébótaábyrgð stefndu á tjóni stefnanda, sem fjallað er um í málinu.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að viðurkennd verði óskipt fébótaábyrgð stefndu á tjóni því, er varð á bifreið hans, R 6478, hinn 31. desember 1964. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að um kl. 0800 fimmtudaginn hinn 31. desember 1964 varð árekstur á milli bifreiðarinnar R 6478, eign stefnanda, og jarðýtu, af gerðinni T. D. 14, eign stefnda Jarðvinnslunnar s/f, á Reykjavegi hér í borg milli Hofteigs og Kirkjuteigs. Unnið var með jarðýtunni við að ryðja snjó af veginum, og var stjórnandi jarðýtunnar að færa hana til suðurs eftir veginum, en til þess þurfti hann að aka fram hjá tveimur kyrrstæðum bifreiðum, sem stóðu við eystri vegarbrún með nokkru bili á milli. Bifreið stefnanda var ekið norður Reykjaveg. Löggæzlumenn þeir, sem kvaddir voru á vettvang, gerðu uppdrátt af staðháttum, og er þar mörkuð afstaða bifreiðar stefnanda og hinna tveggja kyrrstæðu bifreiða við eystri vegarbrún, en hins vegar verður ekki séð, að löggæzlumennirnir hafi markað stöðu jarðýtunnar á uppdráttinn, enda mun hafa verið búið að færa hana úr stað, er þeir komu á vettvang. Á uppdráttinn hefur verið markað með blýanti það, sem talið er eiga að vera staða jarðýtunnar, er áreksturinn varð, en upplýst er, að það mun ekki gert af löggæzlumönnunum, heldur af einhverjum þeim, sem síðar hafa farið höndum um málið. Samkvæmt uppdrættinum eru hemlaför eftir R 6478 um 13–14 m. Myrkur var á og skýjað, er áreksturinn varð, og snjór var á veginum. Ekki voru vitni að atburðinum, og nýtur því ekki frásagnar annarra af honum en stefnanda og stjórnanda jarðýtunnar. Samkvæmt skýrslu löggæzlumannanna urðu skemmdir á bifreið stefnanda þær, að hægri aurhlíf, kælishlíf og vélarhúslok dældúðust, og ljósker brotnaði.

Stefnandi, sem ók bifreið sinni í umrætt skipti, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi hemlað, strax og hann varð ýtunnar var eða um það bil. Kveðst hann ekki hafa orðið var við ljósin á ýtunni, er hann hemlaði, heldur ýtuna sjálfa. Hann kveðst hafa ekið á eðlilegum hraða og alls ekki ekið hratt. Stefnandi kveður sér hafa virzt jarðýtan vera á fullri ferð áfram, er áreksturinn varð, en þá hafi bifreiðin verið að því komin að nema staðar. Ekki kveðst stefnandi hafa getað sveigt meira til

vinstri en hann gerði vegna snjóruðnings, sem verið hafi vinstra megin við bifreið hans. Stefnandi kveður, að jarðýtan muni hafa verið að snúa til vinstri, er áreksturinn varð, og kveður hornið á tönninni hafa komið við hægra framhorn bifreiðarinnar og lent á miðju ökuljósi hennar. Kveður hann skemmdir hafa orðið allhátt á húsi bifreiðarinnar og kveður bifreiðina mikið skemmda eftir áreksturinn. Stefnandi kveðst hafa tekið eftir því, að tönn ýtunnar hafi verið lyft allhátt, er hún var í akstri, og telur, að það hafi getað orsakað það, að stjórnandi hennar hafi ekki séð eins vel út og annars og einnig það, að tönnin hafi skyggt á ökuljós ýtunnar. Stefnandi kveður snjókeðjur hafa verið á báðum afturhjólum bifreiðar sinnar og einnig á öðru framhjólinu.

Aflað hefur verið umsagnar Bifreiðaeftirlits ríkisins um ljósaútbúnað jarðýtunnar. Segir þar svo:

„Þær kröfur, sem gerðar eru um framljósabúnað vinnuvéla, eru tvö ljósker að framan, sem skulu vera sjáanleg í a. m. k. 150 metra fjarlægð og mega ekki valda þeim, er á móti koma, glýju.

Á jarðýtu þessari er ljósaskiptir (mótstöðurofi), er virkar þannig, að þegar skipt er, dofna ljósin og verða týrur.

Hvað viðkemur því, hvort hugsanlegt sé, að tönn jarðýtunnar geti byrgt ljósin að einhverju eða öllu leyti, teljum við útilokað, að svo hafi getað verið, því að við athugun með tönnina í fullri hæð voru bæði ljósin, öll, sjáanleg úr 3.5 m. fjarlægð framan við tönnina úr 1 metra hæð frá jörðu."

Stjórnandi jarðýtunnar, Kristján Lýður Biström Jóhannsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að ýta snjó með vinstri vegjaðri, þ. e. eystri vegjaðri, en hann hafi þurft að fara frá vegjaðrinum til að komast fram hjá tveimur kyrrstæðum bifreiðum við vegjaðarinn. Hann kveður bil hafa verið milli bifreiðanna, en þó ekki það mikið, að þar mætti leggja bifreið eða jarðýtu. Ekki kvaðst Kristján hafa orðið var við, að bifreið kæmi á móti, er hann hóf að aka fram hjá hinum kyrrstæðu bifreiðum. Er hann var kominn fram undir aftari pallhorn bifreiðarinnar, sem framar var, kveðst hann hafa séð vörubifreið koma á móti sér. Kveðst hann fyrst hafa orðið bifreiðarinnar var, er hún var á mótum Reykjavegar og Sigtúns, eins og göturnar voru þá. Kristján kveðst hafa lyft tönn jarðýtunnar, á meðan á akstri hennar stóð. Hann kveður þó ekki hægt að lyfta henni svo hátt, að hún byrgi útsýn fyrir stjórnanda ýtunnar, og ekki kveður hann heldur hægt að lyfta tönninni svo hátt, að hún byrgi öku-

ljós ýtunnar, en þau kveður hann einnig vera vinnuljós hennar. Kristján kveðst strax hafa blikkað með ljósum ýtunnar, er hann sá til ferða bifreiðarinnar, og kveður ökumann hennar þá einnig hafa blikkað með ljósum hennar. Kveðst Kristján þá hafa lækkað ljósin á ýtunni, til þess að þau blinduðu ekki ökumann bifreiðarinnar, þar sem þau séu svo sterk. Kristján kveðst nú hafa séð fram á, að bifreiðin yrði ekki stöðvuð og kveðst því hafa sveigt jarðýtunni að hinum kyrrstæðu bifreiðum, eins og hann hafi getað. Hafi hann síðan stöðvað ýtuna, þannig að tönn hennar hafi verið á móts við framenda fremri bifreiðarinnar. Kristján kveður tönn jarðýtunnar hafa verið beitt skáhalt frá henni, þannig að hægra horn hennar hafi náð aðeins lengra fram en hið vinstra. Kristján telur, að tvær bifreiðalengdir hafi verið á milli farartækjanna, þegar hann stöðvaði ýtuna. Hann kveður áreksturinn hafa orðið með þeim hætti, að hægra horn bifreiðarinnar hafi lent á hægra horni tannarinnar og hafi bifreiðin skemmzt, eins og fram komi í lögregluskýrslunni.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar, að árekstur inn verði eingöngu rakinn til gálauslegs aksturs stjórnanda jarðýtunnar. Hann hafi ekið eftir röngum vegarhelmingi og lokað algerlega götunni fyrir stefnanda. Þá hafi stjórnandi jarðýtunnar ekið með tönn jarðýtunnar í þeirri stöðu, að hann hafi séð illa eða ekki fram fyrir sig og auk þess byrgt með því ljós jarðýtunnar fyrir stefnanda, eða að minnsta kosti mjög skyggt á þau. Er því haldið fram, að af framangreindum ástæðum beri stjórnandi jarðýtunnar alla sök á árekstrinum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stjórnandi jarðýtunnar eigi enga sök á árekstrinum. Hann hafi sýnt fyllstu aðgæzlu og gert allt, sem hann gat, til að koma í veg fyrir áreksturinn. Áreksturinn verði eingöngu rakinn til gáleysis stefnanda sjálfs, enda hafi stefnandi ekið á jarðýtuna. Til vara er því haldið fram, að áreksturinn hafi orsakazt af óhappatilviki, en af því leiði, að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda.

Er umræddur atburður varð, var stjórnandi jarðýtunnar að sinna nauðsynlegum störfum við að ryðja snjó af Reykjavegi. Við það starf sitt þurfti hann að aka fram hjá tveimur kyrrstæðum bifreiðum, eins og áður er lýst. Á meðan hann gerði það, lokaðist gatan fyrir umferð, sem á móti kom. Bar stjórnanda jarðýtunnar því að sýna fyllstu aðgæzlu við þennan akstur. Stjórnandi jarðýtunnar varð var við bifreið stefnanda, er hann var kominn fram undir aftara pallhorn fremri bifreiðarinnar. Bar honum þá að

hinkra við og aka ekki áfram, fyrr en öruggt var, að stefnandi hefði orðið hans var. Eins og atvikum var háttað, verður að álíta, að stjórnandi jarðýtunnar hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu að þessu leyti og hafi hann ekið áfram, án þess að öruggt væri, að stefnandi hefði veitt jarðýtunni athygli. Verður því að telja, að stjórnandi jarðýtunnar eigi nokkra sök á, hvernig fór.

Er umræddur árekstur varð, var myrkur og snjór á jörðu. Bar stefnanda að sýna fyllstu aðgæzlu og haga akstri sínum eftir aðstæðum öllum, sbr. ákvæði 49. gr. umferðarlaga. Verður að telja, að stefnandi hefði þá átt að sjá nægilega snemma til ferða jarðýtunnar og geta stöðvað bifreið sína í tæka tíð. Þykir stefnandi því hafa sýnt af sér nokkurt gáleysi og eigi hann því einnig nokkra sök á, hvernig fór.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta ábyrgð á árekstrinum svo, að ökumaður jarðýtunnar beri helming sakar, en stefnandi verði sjálfur að bera helming tjóns þess, sem hann varð fyrir. Samkvæmt þessu verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda lögð að hálfu á stefndu in solidum, sbr. ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda in solidum málskostnað í þessum þætti málsins, sem ákveðst kr. 1.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jarðvinnslan s/f og Almennar Tryggingar h/f, skulu in solidum bera helming fébótaábyrgðar á tjóni stefnanda, Sveins Ólafs Tryggvasonar, sem hann varð fyrir við árekstur bifreiðar hans, R 6478, og jarðýtu stefnda Jarðvinnslunnar s/f hinn 31. desember 1964.

Stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.